Alþingi sett og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Ár 1891 hinn 1. dag júlímánaðar var hið 10. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust alþingismenn þeir er til þings vóru komnir saman ásamt landshöfðingjanum yfir Íslandi, Magnúsi Stephensen, í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. Jens prestur Pálsson prjedikaði og lagði út af Matth. 5. 14.—16.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur í alþingishúsið og inn í þingsal neðri deildar. Landshöfðingi gekk því næst til forsetasætis og skýrði frá, að sér hefði með konungsbrjefi 15. maí þ. á. allramildilegast verið falið að setja hið reglulega alþingi, er samkvæmt stjórnarskránni hefði verið stefnt saman þennan dag. — Konungsbrjefið var á þessa leið:

Kristján hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vor sérlega hylli!

Vér veitum allramildilegast þér sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman miðvikudaginn 1. júlímánaðar næstkomanda.

Þetta er vilji Vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 15. maí 1891.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

I Kongens Navn

Frederik

Kronprinds.

(L. S.)

J. Nellemann.

Til Vors elskulega
herra Magnúsar Stephensens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Islandi.

Mælti landshöfðingi þá, að samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsti hann því yfir í nafni hans hátignar konungsins, að

alþingi Islendinga væri sett.

Stóð þá upp 2. þingm. Eyfirðinga Benedikt Sveinsson og mælti:

„Lengi lifi konungur, vor Kristján hinn Níundi!“, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir þingmenn voru mættir:

A. *Konungkjörnir.*

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
E. Th. Jónassen, 2. kgk. þm.
L. E. Sveinbjörnsson, 3. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
Arnljótur Ólafsson, 5. kgk. þm.
Jón A. Hjaltalín, 6. kgk. þm.

B. *Þjóðkjörnir.*

Árni Jónsson, þingm. Mýramanna.
Benedikt Kristjánsson, þm. S.-Þingeyinga.
Benedikt Sveinsson, 2. þm. Eyfirðinga.
Eiríkur Briem, 1. þm. Húnvetninga.
Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðinga.
Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
Gunnar Halldórsson, 2. þm. Ísfirðinga.
Indriði Einarsson, þm. Vestmanneyinga.
Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
Jón Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
Jón Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga.
Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósars.
Jónas Jónassen, þm. Reykvíkinga.
Lárus Halldórsson, 2. þm. Suður-Múlas.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Rangvellinga.

Páll Briem, þm. Snæfellinga.
Páll Ólafsson, þm. Strandamanna.
Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múlasýslu.
Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
Skúli Thoroddsen, 1. þm. Eyfirðinga.
Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesinga.
Sveinn Eiríksson, þm. Austur-Skaptfellinga.
Þórarinn Böðvarss., 1. þm. Gbr.- og Kjósars.
Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.
Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.
Þorvarður Kjerúlf, 2. þm. N.-Múlasýslu.

Ókominn var:
Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga.

Eptir áskorun landshöfðingja settist þá elzti þingmaðurinn, Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga, í forsetasæti, þangað til kosinn væri forseti hins sameinaða alþingis, og kvaddi sér til aðstoðar, sem skrifara, Sigurð Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga, og Pál Briem, þm. Snæfellinga.

Því næst skiptust þingmenn í 3 deildir, til þess að rannsaka kjörbrjef hinna nýju þingmanna, er voru þessir:

Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múlas.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Rangvellinga,
Indriði Einarsson, þm. Vestmanneyinga,
Jens Pálsson, þm. Dalamanna,
Skúli Thoroddsen, 1. þm. Eyfirðinga,

og voru kosningar allra þessara þingmanna teknar gildar og samþyktar í einu hljóði.

Eptir að hinir nýkosnu þingm. þessu næst höfðu undirskrifað hinn fyrirskipaða eið, var kosinn forseti hins sameinaða alþingis, og hlaut kosningu:

Eiríkur Briem með 19 atkv.

Eptir að forseti hins sameinaða alþingis hafði tekið sæti í forsetastólnum, kvaddi hann þingmenn til að kjósa varaforseta hins sameinaða alþingis, og hlaut þá kosningu E. Th. Jónassen við aðra kosningu með 17 atkv., með því enginn fékk nægilega mörg atkv. við fyrri kosninguna.

Skrifarar hins sameinaða alþingis voru kosnir:

Sigurður Stefánsson með 16 atkv. og
Þorleifur Jónsson — 13 —

Þá var gengið til kosningar á 2 þjóðkjörnum þingmönnum til efri deildar, og hlutu kosningu:

Þorleifur Jónsson með 18 atkv.
Grímur Thomsen — 16 —

Fyrsti fundur í efri deild, miðvikudag 1. júlí. — Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna, 1., 2. og 3. gr., tók efri deild alþingis sjer sæti í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

A. Konungkjörnir.

1. Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
2. E. Th. Jónassen, 2. kgk. þm.
3. L. E. Sveinbjörnsson, 3. kgk. þm.
4. Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
5. Arnljótur Ólafsson, 5. kgk. þm.
6. Jón A. Hjaltalín, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir.

1. Benedikt Kristjánss., þm. S.-Þingeyinga.
2. Friðrik Stefánsson, 2. þm. Skagfirðinga.
3. Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga.
4. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
5. Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Árnesinga.
6. Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.

Landshöfðingi kvaddi Grím Thomsen, þingmann Borgfirðinga, til þess að stýra forsetakosningu sem elzti þingmaður deildarinnar. Var þá gengið til forsetakosningar, og var kosinn forseti:

Benedikt Kristjánsson með 6 atkvæðum.

Því næst stýrði Benedikt Kristjánsson kosningu varaforseta, og var kosinn varaforseti:

Arnljótur Ólafsson með 6 atkvæðum.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar.

Jón A. Hjaltalín með 10 atkvæðum, Þorleifur Jónsson með 9.

Annar fundur í efri d., fimmtudag 2. júlí.
Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til innanþingsskrifara í deildinni væri teknir Halldór Jónsson bankagjaldkeri og cand. theol. Hannes Þorsteinsson.

Landshöfðingi lagði fram í deildinni þessi lagafrumvörp:

1. Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.
2. — — — — líkskoðun.
3. — — — — iðnaðarnám.
4. — — — — skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um málskostnað í sumum opinberum málum.
5. — — — — þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum sakamálum.
6. — — — — breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.
7. — — — — lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.
8. — — — — nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál.
9. — — — — að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku.
10. — — — — bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða.

Þriðji fundur, föstudag 3. júlí kl. 1 e. h.
Allir á fundi.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 94); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg stend að eins upp til að stinga upp á, að sett sje 3 manna nefnd í þessu máli. Að vísu sje jeg fyrir mitt leyti eigi neitt verulega athugavert við frv. þetta, en aðrir kunna að hafa eitthvað við það að athuga; og með því að mál þetta er mikilsvert, er nauðsynlegt að það verði vel íhugað.

Nefnd samþ. með 10 atkv. og kosnir:
Arnl. Ólafsson með 8 atkv
Júl. Havsteen — 8 —
Sighv. Árnason — 4 —

Frv. til laga um líkskoðun (C. 110); 1. umr.

Sighvatur Árnason vakti athygli á því, viðvíkjandi nefndarkosningu í málum, að reynsla undanfarinna þinga hefði sýnt, að það hefði tafið fyrir málunum, að kjósa nefnd í þau við fyrstu umr. og láta þau síðan koma aptur til fyrstu umr., þá er þau kæmu úr nefndunum. Hann vakti athygli á því, hvort það mundi samkvæmt þingsköpum eigi láta sig gjöra, að 1. umr. væri lokið við það að nefnd væri sett. *(Margir:* Nei!). Hann kvað sjer þó finnast, eptir 9. gr. þingskapanna, að svo mætti þó vera.

Forseti kvaðst verða að skilja svo 9. gr. þingskapanna, að jafnskjótt sem nefnd væri sett í einhverju máli, yrði að fresta þeirri umr. og yrði því það sama mál að koma aptur til þeirrar hinnar sömu umr., þá er nefndin kæmi fram með álit sitt.

Grímur Thomsen kvað þeirri reglu hafa verið fylgt í Nd., að mál þau, sem nefnd hafi verið sett í, hafi síðan, er nefndin kom með álit sitt, komið aptur til framhalds hinnar sönnu umr. sem það var til, þá er nefnd var kosin. Þetta sje og í fullu samræmi við 9. gr. þingskapanna, því að þar standi: „Á hverju stigi, sem málið er til umr., má setja nefnd. Verði

þetta gjört, þá er umr. þegar eru byrjaðar, skal síðan *fresta* þeim". Í þessum orðum lægi bersýnilega, að umræðunni væri ekki *lokið*, heldur *frestað*, svo að málið yrði aptur að koma til þeirrar sönnu umr. eptir að nefndin hefði sagt sitt álit, sem það var til, þá er nefndin var kosin.

Forseti lýsti yfir því, að hann áliti þennan skilning rjettan á þessari gr. þingskapanna, enda væri það samkvæmt þeirri reglu, sem fylgt hefði verið í þessari deild.

Landshöfðingi benti á viðvíkj. því, er þm. Rang. (S. Á.) hefði sagt, að því að eins væri hægt að setja nefnd í máli, að það mál væri fyrir til umræðu, en ef búið væri að vísa málinu t. a. m. til 2. umr., væri það eigi lengur fyrir og því eigi þá hægt að setja nefnd í því.

Auk þess kvaðst hann eigi álíta það neitt skaðlega töf á málunum, þótt þau kæmu aptur til framh. 1. umr., þá er nefndin kæmi með álit sitt, bæði vegna þess, að málin væru sjaldan svo ýtarlega rædd við 1. umr., þá er nefndin væri kosin, og eins hefðu deildarmenn betri tíma til að íhuga nefndarálitið, er það kæmi með frv. aptur til 1. umr. og betra tækifæri að gjöra þær breytingartillögur, er þeir æsktu, milli 1. og 2. umr.

Hann kvað og þessa deild geta vel staðið sig við tímans vegna, að hafa 4 umr. um mál þau, er væru svo vaxin, að nefnd þyrfti að setja í þau.

Sighvatur Árnason kvaðst ekki vilja gjöra mál þetta að kappsmáli, en kvaðst álíta, að skilja mætti 9. gr. þingskapanna á þann hátt, sem hann hefði bent á; að sjálfsögðu mundi hann beygja sig fyrir lögfræðingum deildarinnar.

E. Th. Jónassen: Jeg sting upp á að kosin verði 3 manna nefnd í þessu máli.

Nefnd samþ. í e. hl. og kosnir:

E. Th. Jónassen með 8 atkv.
Fr. Stefánsson — 6 —
Gr. Thomsen — 4 —

Frumv. til laga um iðnaðarnám (C. 102); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Eg leyfi mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje sett í þetta mál.

Nefnd samþ. með 6 atkv. og kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 9 atkv.
Þorleifur Jónsson — 7 —
Árni Thorsteinsson — 6 —

Frumv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi o. s. frv. (C. 85); 1. umr.

Landshöfðingi: Með því að frv. þetta, ef það yrði að lögum, mun hafa talsverð útgjöld fyrir landssjóð í för með sjer, vil eg skjóta því til h. deildar, hvort henni virðist ekki ástæða til, að málið sje íhugað rækilega í nefnd, og mætti þá vísa næsta máli á dagskrá til þeirrar nefndar. Bæði þessi mál eru eins mikið fjárhagsmál sem lagamál. Eg vil því ítreka tillögu mína um nefndarkosninguna.

Júlíus Havsteen: Eg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd, og skal um leið geta þess, að mjer hafði dottið hið sama í hug sem hæstv. ldsh. tók fram, hvað mál þessi snertir.

Nefnd samþ. í e. hlj. og kosnir:

L. E. Sveinbjörnsson með 8 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 6 —
Júlíus Havsteen — 5 —

Frumv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum (C. 81); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Eg leyfi mjer að stinga upp á því, að máli þessu verði vísað til nefndarinnar í næsta máli á undan.

Samþ. með 10 atkv., að vísa málinu til þeirrar nefndar.

Fjórði fundur, mánudag 6. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um breytingu á lög-

um 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 75); 1. umr.

Landshöfðingi: Eg skal geta þess, að eg hefi í höndum ýms skjöl, er gætu orðið máli þessu til mikillar skýringar, og verði nefnd sett til að íhuga frumv. þetta, skal eg láta henni í tje skjöl þessi. Málefni þetta er yfir höfuð þýðingarmikið og þess vegna vil eg ráða h. deild til að kjósa nefnd, svo að það geti orðið íhugað sem bezt.

E. Th. Jónassen: Eg leyfi mjer að stinga upp á, að þriggja manna nefnd verði sett til að íhuga þetta mál, sem mjer er kunnugt, og sem eg veit að margt er að athuga við.

Nefnd samþ. í e. hlj. og kosnir:
E. Th. Jónassen með 7 atkv.
Skúli Þorvarðsson — 6 —
Árni Thorsteinsson — 5 —

Frumv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 78); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frumv. þessu sje vísað til nefndar þeirrar, er þegar hefur verið sett til að íhuga frumv. um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, þar eð mál þessi eru hvort öðru skyld.

Samþ. með 8 atkv. að vísa málinu til þessarar nefndar.

Frv. til laga um nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál (C. 90); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg fyrir mitt leyti álít gott og rjett, að nefnd sje kosin til að íhuga þetta mál.

Menn skyldu ætla, eptir að hafa lesið ástæðurnar eða athugasemdir þær, sem prentaðar eru aptan við það frv., að meiningin með því væri nú að kveða að eins á um brot gegn löggiltum lögreglusamþykktum; en þá er menn lesa sjálfan texta frv., kemur það í ljós, að frv. á að ná til allra laga, þar sem svo er fyrir mælt, að mál útaf brotum gegn þeim verði meðhöndluð sem opinber lögreglumál, og vil jeg nefna sem dæmi siglingalög, verzlunarlög, fiskiveiðalög og tolllög, auk margra annara; en það virðist mjer ekki mega eiga sjer stað, að þeir menn, sem brjóta gegn slíkum lögum, sleppi með tóma áminningu eða með lægri sektir en þess konar lög sjálf ákveða sem hinar minnstu. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði sett til að íhuga þetta mál.

Nefnd samþ. í e. hljóði og kosnir:
Júlíus Havsteen með 9 atkv.
L. E. Sveinbjörnsson — 8 —
Arnljótur Ólafsson — 4 —;
hinn síðastnefndi með hlutkesti milli Á. Thorsteinssons, E. Th. Jónassens og hans, er allir höfðu fengið jöfn atkvæði til nefndarinnar.

Frv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku (C. 73); 1. umr.

Grímur Thomsen: Af því að frv. þetta er svo einfalt, hygg eg að varla þurfi að kjósa nefnd til að íhuga það. En jeg skal þó geta þess, að frv. mun þurfa umbóta við, en sem hægt mun vera að gjöra með breytingaratkvæði við 2. eða 3. umr. þess. Jeg skal ekki fara út í einstakar greinar þess, en að eins benda á, að breytingin er viðvíkjandi þýðing hins íslenzka texta, sem getið er um í 2. gr.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 80); 1. umr.

Málinu umræðulaust vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Fimti fundur, miðvikud 8. júlí kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku (C. 73, 119); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Það sem mjer gekk til að koma fram með breyt. till. við frv. þetta (C. 119), var það, að mjer sýndist 2. gr. þess svo varið, að ástand hinna ísl. lagatexta yrði enn lakara en nú, ef fyrirkomulag það, sem frv. fer fram á, kæmist á. Nú er gefinn út texti með undirskript konungs, en eg fæ ekki skilið að þessi danski texti sje lög, því að hann vantar samverkun alþingis með konungi. Í 2. gr. frv. þessa er farið fram á, að alþingi selji stjórnarráðinu í hendur þann rjett eða þá samverkun, sem það á heimtingu á að hafa í öllum þeim lögum, sem gefin eru út fyrir Ísland sjerstaklega. En þegar alþ. er svipt þessum rjetti, leiðir auðvitað þar af, að það getur ekki haft neina hönd í bagga með því, hvernig þýðing laganna er af hendi leyst, eða með öðrum orðum, að alþ. getur ekki haft neitt eptirlit með því, hvort danska þýðingin er rjett eða röng, og þá hygg eg að rjettarástandið verði yfir höfuð lakara en það er nú. Það var þetta, sem knúði mig til að koma fram með breyt. till. við frumvarpið.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mjer að benda h. uppástm. breyt. till. á ástæðurnar fyrir lagafrv. þessu. Þar stendur efst á 2. bls., að það verði að vera hreint og beint skilyrði fyrir frv. þessu, að dönsk þýðing laganna komi í stað hins núverandi danska lagatexta o. s. frv. Eg verð því beinlínis að taka það fram, að verði 2. gr. frv. felld, sje það sama, sem að fella allt frv., og sje það vilji hins h. uppástm. breyt. till., hefur hann óneitanlega valið hinn beinasta veg, en hvort hann er jafnframt hinn laglegasti, vil eg láta ósagt. Eg fyrir mitt leyti sje ekki neitt ískyggilegt við 2. gr. frv., því að hún ber ljóslega með sjer, að þar er ekki átt við, að hin danska þýðing sje „authentisk", þ. e. að ekki megi sanna eða sýna fram á, að hún sje röng, ef hún er það. En að því slepptu, þá treysti jeg því, að málspartar, eða þeir, sem hlut eiga að málum, muni benda á galla þýðingarinnar, annaðhvort fyrir undir- eða yfirrjetti, þegar þeir geta ímyndað sjer, að málið gangi til hæstarjettar. Eg vil ennfremur geta þess, að danska þýðingin er gjörð á skrifstofu ldsh. og þaðan send stjórnarráðinu, sem þá lagfærir hana, ef þurfa þykir. Að endingu leyfi eg mjer að vekja athygli hinna h. þingdm. á því, samkvæmt því, sem eg tók áður fram, að verði 2. gr. frv. felld, er frv. einnig í heild sinni fellt.

Grímur Thomsen: Frv. þetta er auðsjáanl. sprottið af velvilja hjá stjórninni; það er nokkurskonar ívilnun til þjóðarinnar samkv. samhljóða óskum hennar á fyrirfarandi þingum, en auðvitað liggur stjórninni í ljettu rúmi, hvort þingið samþykkir frv. eða ekki. Eg fyrir mitt leyti hef þá skoðun, að 2. gr. frv. mætti gjarnan falla burtu, eða rjettara sagt, hún ætti að falla burtu, eins og hinn h. 6. kgk. þm. hefur stungið upp á í breyt. till. sinni, en samt sem áður vildi eg alls ekki, að frv. í heild sinni yrði fellt hennar vegna, enda þótt mjer þyki hún ekki sem heppilegast orðuð. Eg vil taka það fram, að eg álít mjög varhugavert að breyta nokkru í frv. þessu, því að eg er hræddur um, að þá gæti svo farið, að stjórnin segði: eg hef lagt þetta frv. fyrir alþ. samkv. ítrekuðum óskum þess, eg hef gjört yður gott tilboð, en þjer hafið hafnað því og neitað að samþykkja það. Það væri nokkuð hart fyrir oss fulltrúa þjóðarinnar, að verða fyrir slíkum ákúrum af stjórninni. Eg verð að vera þakklátur hinum hæstv. ldsh. fyrir það, að hann hefur í ástæðunum, sem prentaðar eru aptan við frv., látið í ljósi það álit sitt, að hin danska þýð. verði ekki talin fullkomlega gild sem frumtexti. En samt sem áður finnst mjer þó vanta næga trygg-

ingu eða næg ákvæði fyrir því, í sjálfum lögunum, að þýðingin eigi jafnan að lúta í lægra haldi en frumtextinn. Eg vil beina þeirri spurningu að hæstv. ldsh., hvort orðið „má“ o. s. frv. í síðustu línu 2. gr. á ekki að skiljast svo, að danskir dómstólar og stjórnarvöld *hafi leyfi* til að fara eptir þýðingu þessari, en sjeu ekki skyldir til þess; því annars mundi hafa staðið *skal*, en ekki *má*. Svo framarlega sem hæstv. ldsh. vill lýsa yfir því, að 2. gr. laganna feli í sjer þann skilning, að danska þýðingin sé ekki fullgild við frumtextann, þá leyfi eg mjer að lýsa yfir því, að eg greiði þá atkv. með frumv.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, skal jeg taka það fram, að fyrst og fremst bendir orðið „þýðing“ á, að þeir, sem þurfa að fara eptir hinum danska texta, hafa fullt leyfi til, að rannsaka og sýna fram á, ef þeir geta, að hann sje ekki rjettur eða ekki samkvæmur hinum íslenzka texta, og í öðru lagi að 2. málsgr. 2. gr. verður ekki skilin öðruvísi en svo, að dönskum dómstólum og stjórnarvöldum er að eins gefin heimild til að fara eptir þýðingu þessari, ef þeir þurfa að beita lögunum. Þess vegna stendur í setningunni orðið „má“ en ekki „skal“, eins og h. þm. Borgf. (G. Th.) tók rjettilega fram. Í ástæðunum fyrir frumv. er og tekið fram, að þar sem fallið var frá því, sem upphaflega átti að standa, að þessi löggilta þýðing hefði fullkomið sönnunargildi samhliða íslenzka textanum, þá mátti ekki minna gildi gefa þýðingunni, en að hægt væri fyrir dönsk stjórnarvöld að fara eptir henni; en að því leyti sem það er að eins þýðing, liggur það jafnan undir rannsóknum og athugunum um, hvort hún er rjett eða eigi.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins leyfa mjer að nefna tilfelli, þá er ísl. mál er fyrir hæstarjetti. Jeg kannast vel við það, að ef málfærslumaðurinn annarhvor bendir hæstarjettardómendunum á það, að danska þýðing hins ísl. lagaboðs sje ekki rjett eða nákvæm, þá verða dómendurnir að sannfæra sig um með rannsókn, hvort svo er. En hvernig fer, ef hvorugur málfærslumaðurinn bendir dómendunum á þetta, og danska þýðingin er þó, eptir því sem oss Íslendingum kann að finnast, ekki alveg í samræmi við íslenzka textann?

En samt sem áður, af því að jeg óska, að þetta frumv. nái staðfestingu, og jafnvel þótt allir þm. muni hafa orðið þess varir, að íslenzka stjórnardeildin er ekki heppin í þýðingum sínum frá dönsku á íslenzku, ætla jeg samt að greiða atkvæði móti breyt.till. þessari (C. 119), bæði af því að jeg trúi hinni íslenzku stjórnardeild betur til að snúa íslenzku á dönsku, og þó fremur af hinu, að jeg hygg yfirlýsing hæstv. landsh. um, hvernig skoða beri þessa þýðingu, nægilega tryggjandi.

Landshöfðingi: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) spurði, hvernig færi, ef hvorugur málfærslumaðurinn fyrir hæstarjetti í einhverju ísl. máli bendi dómendunum á, að danska þýðingin væri ónákvæm.

Jeg skal til svars upp á þetta benda h. þm. (Gr.Th.) á, að öll þau íslenzk mál, sem koma fyrir hæstarjett, jafnt privatmál sem opinber mál, hafa áður verið bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti, og fyrir því má fyllilega ganga að því sem vísu, að þeir sem málin færa fyrir þessum lægri rjettum munu benda á það, ef hin danska þýðing laga þeirra, sem málið á að dæmast eptir, skyldi vera röng eða ónákvæm.

Jeg hygg og, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) muni ekki vera ókunnugt um, að hæstirjettur hefur þegar áður til stuðnings þeirri niðurstöðu, sem hann hefur komizt að í sumum ísl. málum, tekið fram, að hin ísl. orð textans sjeu svo eða svo, og þar með gefið í skyn, að danski textinn

hafi ekki verið fullkomlega samkvæmur ísl. textanum, — en dæmt þá eptir íslenzka textanum.

L. E. Sveinbjörnsson: Mjer fyrir mitt leyti líkar alls ekki 2. gr. frumv. og af því að fleiri h. þingdm. virðast hafa sömu skoðun, að minnsta kosti uppástm. breyt.-till. (C. 119), leyfi jeg mjer að stinga upp á að 3 manna nefnd verði sett til að íhuga frv. þetta.

Nefnd samþ. með 8 : 3 atkv. og kosnir:
L. E. Sveinbjörnsson með 9 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 6 —
Júlíus Havsteen — 5 —

Frumv. til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 80); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg hef ekki fundið annað athugavert við frumv. þetta en það, að prentvilla er í 2. línu þess, „en" fyrir „er". Jeg hygg að nægja megi að breyta þessu í texta þeim, sem kemur frá alþingi, en ekki þurfi sjerstaklega breyt.-till. til þess.

Að öðru leyti óska jeg að frv. þetta fái framgang.

Grímur Thomsen: Þetta er auðsjáanlega prentvilla.

ATKVÆÐAGR.: Frv. og fyrirsögn þess samþ. hvort um sig í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Sjötti fundur, fimmtudag 9. júlí, kl. 1 e. hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um skaðabœtur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gœzluvarðhaldi o. s. frv. (C. 85, 124); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og h. deild sjer af nefndaráliti (C. 124), er þegar hefur verið úthlutað meðal h. þingdm., höfum vjer ráðið deildinni til að fallast á frumv. þetta. Vjer höfum að eins gjört nokkrar orðabreytingar við það á stöku stað, sem vjer ætlumst til að sjeu að eins lögun á málina eða orðavalinu, og finn jeg því að svo stöddu enga ástæðu til að tala meira um þessar breytingar.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um þóknun handa þeim, er bera vitni í opinberum málum (C. 81, 124); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg stend að eins upp til málamynda. Það stendur eins á með þetta frumv. eins og hið næsta á undan, að breytingarnar, sem við nefndarm. höfum gjört við það, eru að eins orðabreytingar.

Fumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 116); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og h. þingdm. mun kunnugt, var mál þetta, sem hjer er um að ræða, til meðferðar á síðasta þingi hjer í deildinni, var þá kosin nefnd í það og athugaði hún það rækilega frá mörgum hliðum og gjörði nokkrar breytingar við það, og því næst var það samþykkt hjer í deildinni; en svo fellt í Nd. Frumv. þetta, sem jeg nú ber fram, er alveg eins og Ed. skildi við það 1889, og jeg vonast til, að það fái eins góðan byr hjer í deildinni í þetta sinn eins og það fjekk síðast. Það sem knúði mig til að leggja frumv. þetta að nýju fyrir h. alþingi, var það, að samkv. hinum eldri kosningarlögum eiga kjósendur mjög erfitt með að neyta rjettar síns, eða rjettara sagt, að þeim er það næstum ómögulegt. Það getur varla verið meining löggjafarvaldsins, að taka burt með annari hendinni það sem það hefur gefið með hinni, en jeg ímynda mjer að h. þingdm. gefi mjer rjett í því, að með einum kjörstað í hverju kjördæmi er kjósendunum gjört nær ómögulegt að neyta rjettar síns,

því að það kostar þá 4—6 daga að fara til kjörstaðarins og frá honum aptur, að minnsta kosti í öllum víðlendari kjördæmum landsins, og það er sannarlega ofmikið að leggja slíkar tálmanir fyrir menn í því að nota rjett sinn. Afleiðingarnar af þessu fyrirkomulagi hafa orðið þær, að við engar kosningar hefur meir en $^1/_3$ hluti kjósenda í öllu landinu greitt atkvæði eða tekið þátt í kosningunni, og þetta ætla jeg að sje ekki neinar ýkjur þegar litið er til landsins í heild sinni.

Grímur Thomsen: Ef mjer skjátlast ekki, þá held jeg, að frumv. þetta sje gamall kunningi frá því í hitt eð fyrra. Jeg hef reyndar ekki borið þetta frumv. saman við hitt og getur því verið, að einhverjar breytingar hafi verið gjörðar við það. *(Framsögum.:* Engar breytingar). Jeg ætla ekki að fara út í einstakar greinir frumv., en að eins geta þess, að það er ein grein, eitt ákvæði, sem jeg vildi að hefði staðið í þessu frumv., og það er, að þingmannaefnunum væri gefinn kostur á að geta verið viðstöddum á kjörfundinum. H. flutningsm. (J. A. H.) lagði einkum áherzlu á það, hve kjörfundir væru illa sóttir, og hefur því ætlað að ráða bót á því með því að setja jafnmarga kjörstaði og hreppar eru í hverju kjördæmi, svo að þingmenn yrðu kosnir í hverjum hrepp. Á þennan hátt hefur hann ímyndað sjer, að fleiri kjósendur mundu kjósa, eða menn ættu hægra með að neyta kosningarrjettar sins. Jeg þarf ekki að minna h. flutningsm. frumv. á, að í öllum kosningarlögum er fylgt þeirri grundvallarreglu, að þeir, sem í kjöri eru, geti sjálfir persónulega verið staddir á kjörfundinum, ef þeir vilja, og vil jeg þessu til sönnunar benda h. flutningsm. (J. A. H.) á land, sem hann þekkir vel, land, sem er talið fyrirmynd annara í góðu fyrirkomulagi, bæði hvað frelsi og almenn mannrjettindi snertir. En í þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, vantar það ákvæði, að þingmannaefni geti verið við á kjörfundum, því að samkvæmt því verður þeim það ómögulegt. Þeir geta að eins verið á einum einasta kjörfundi í einhverjum einum hrepp kjördæmisins. Það er þessi agnúi á frumv., sem gjörir það svo óaðgengilegt í mínum augum, og jeg verð að lýsa því yfir, að með þessu fyrirkomulagi er ekki ráðin sú bót á kosningarlögum vorum, sem jeg hefði óskað, og að jeg ekki get greitt atkvæði með því í þessari mynd. Það er mjög áríðandi, að þingmannsefni geti verið við á kjörfundi, til þess að hann geti látið kjósendurna heyra skoðanir sinar, kynnt sjer, hverjar skoðanir þeir hafa, og svo varið sínar eigin skoðanir, ef þeim er andæpt o. s. frv. Samkvæmt núgildandi lögum er auðvitað, að brýna nauðsyn ber ekki til, að sá, sem í kjöri er, sje staddur á kjörfundinum, enda er það opt miklum erfiðleikum bundið fyrir hlutaðeiganda, sje hann búsettur utanhjeraðs og einkum eigi hann ekki heimili hjer á landi, heldur t. d. í Kaupmannahöfn eða annarstaðar. En yfir höfuð hefur reynslan ávallt sýnt og sannað, að þingmannaefni hafa verið stödd á kjörfundunum, hafi þeim verið það mögulegt. Jeg skal fúslega játa, að þetta er óþarft, þegar einhver nafnkenndur maður er í kjöri, sem kjósendurnir þekkja vel og vita hverjar skoðanir hann hefur, eða að minnsta kosti gjörir það minna til, þótt slíkur maður sje ekki staddur á kjörfundi; en aptur á móti þegar einhver nýr, kjósendum lítt kunnur eða ókunnur maður er í kjöri, þá verð jeg að halda því fast fram, að kjósendunum sje gefinn kostur á að geta kynnt sjer skoðanir hans persónulega á kjörfundinum. Þá verð jeg að álíta, að hin gamla regla sje góð og að það sje varhugavert að víkja frá henni. Sjerstaklega á þetta sjer stað, þegar fleiri en einn er í kjöri, sem mjög opt kemur fyr-

ir, því að þegar svo stendur á, er það sjálfum þingmannaefnunum í hag, að geta varið skoðanir sínar gagnvart hinum, og svo geta að nokkru leyti þingmannskostir þeirra komið þá í ljós við þessar andlegu burtreiðir þeirra í áheyrn kjósendanna.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en bíð eptir athugasemdum h. flutningsm.

Júlíus Havsteen: Það getur verið, að það sem jeg ætla að minnast á, eigi ekki alls kostar vel við, þar eð það snertir að eins eitt einstakt atriði frumv., en af því h. flutningsm. (J. A. H.) tók það fram í ræðu sinni, að frumv. gjörði öllum kjósendum svo hægt fyrir að neyta kosningarrjettar síns, sem unnt væri, þá get jeg ekki verið samdóma honum í því, þar eð að minnsta kosti einn hluti landsins, sem að vísu eigi er stór, getur naumast notið þessa hagræðis. Jeg á hjer við Grímsey, sem verður fyrirmunað að njóta þessa rjettar samkvæmt frv. *(Flutningsm.:* Nei), en hans geta Grímseyingar þó notið nú eptir hinum eldri lögum. Það getur vel verið að ráða megi bót á þessum annmarka við frumv. með einhverju móti.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Það er alveg rjett, sem h. þm. Borfg. (Gr. Th.) sagði í ræðu sinni, að það væri mjög gott, að þingmannaefnin væru stödd á kjörfundunum, já það væri sannarlega gott, að vjer gætum, eins og Írlendingur nokkur komst að orði, verið á fleirum en einum stað í senn, eins og fuglinn fljúgandi, því að það væri auðvitað heppilegt, að þeir, sem í kjöri eru, gætu verið á öllum kjörfundunum; því neita jeg ekki. Þar sem h. þm. (Gr. Th.) í ræðu sinni skýrskotaði til Englands sem fyrirmyndar í þessu efni, þá skal jeg leyfa mjer að skýra honum frá, að þingmannaefnin eru þar ekki viðstödd á öllum kjörfundum. Í hverri borg eru margir kjörstaðir, og kjósendur þurfa þar ekki að fara meir en 1 mílu enska til kjörstaðar. Þeir sem í kjör eru, koma optastnær ekki á kjörfundina, en aptur á móti eru þeir viðstaddir þar, sem atkvæðin eru talin upp. En svo ber að gæta þess, að þeir hafa þá venju að ferðast um kjördæmið og halda fundi með kjósendunum annaðhvort nokkru fyrir kjörfund eða þó einna helzt rjett á undan kjörfundardeginum. Þessari góðu reglu hefur því miður ekki ávallt verið fylgt hjer á landi, og ef frumv. gæti stutt að því, að þingmannaefni hefðu meiri mök við kjósendur sína, en hingað til hefur tíðkazt, þá álít jeg, að það vinni stórmikið gagn, og verði því annars framgengt, þá mun það að minnsta kosti hafa þann árangur, að þingmenn munu optar en áður halda þingmálafundi með kjósendum sínum og ekki láta það hjálíða árum saman. Það er þetta, sem frumv. einmitt styður að; en hitt get jeg ekki talið beinlínis nauðsynlegt, að þingmannaefnin sjeu við á kjörfundunum. Ef þeir að eins ferðast um kjördæmið og kynna sjer álit manna og skoðanir nokkru áður en kosning á fram að fara, þá held jeg að það nægi.

Sighvatur Árnason: Jeg hef litið svo til, enda þótt jeg ekki hafi gætt að því nákvæmlega, að frv. þetta muni, eins og líka h. flutningsm. þess (J. A. H.) hefur tekið fram, mikið til óbreytt hið sama sem það frv. um sama efni, er var fyrir þessari deild til meðferðar á síðasta þingi. Það frv. hafði þá eigi góðan byr á þinginu; þó að það væri að sönnu samþ. í þessari deild, þá var öðru máli að gegna í h. neðri deild. Því verður heldur eigi neitað, að þeir sem mælt hafa á móti frv. þessu hafa nokkuð mikið fyrir sjer; en að sumu leyti mætti ef til vill lagfæra smámisfellur þess með breyt.tillögum. En jeg verð þó að taka undir með h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í því, að jeg álít hentugt fyrir þingmannaefni, að geta verið til staðar á kjörþingunum; en slíkt getur að sjálfsögðu ekki orðið þar, sem svo hagar

til, sem ekki mun vera í svo fáum sýslum, að 8—12 hreppar sjeu í einni sýslu og þá 8—12 kjörstaðir; og þegar nú kjörþing á fram að fara í öllum kjörstöðunum sama dag, liggur í augum uppi, að þingmannsefninu er ómögulegt að vera sjálfur viðstaddur á öllum þessum stöðum.

Það er auðskilið á frv. þessu og ástæðum þeim, sem flutningsm. (J. A. H.) þess hefur fært fyrir því, að það er fram komið í beztu meiningu, sem sje þeirri, að gjöra mönnum hægra fyrir að nota þann kosningarrjett, sem gildandi lög heimila, og líklega hefur aðalástæða flutningsmanns fyrir því að koma fram með frv. verið sú, hve mikið vantar á að kjörþingin sjeu vel sótt eptir hinum núgildandi kosningarlögum.

En jeg finn eina ástæðu á móti því, að breyta nú þegar, eptir þeim kringumstæðum sem eru fyrir hendi, hinum gildandi kosningarlögum á þann hátt, sem frv. þetta gjörir; — auk þeirra agnúa sem teknir hafa verið fram, að eru á frv. og án þess að taka tillit til að frv. mundi að líkindum ekki fremur nú heldur en í hitt eð fyrra fá góðan byr í Nd. Þessi ástæða sem jeg finn á móti frv. er sem sje sú, að jeg álít það ekki vel tímabært, þegar litið er til þessara mörgu kjörstjórna, sem gjört er ráð fyrir í frumv. Jeg hygg að menn geti tæplega búizt við að hver og einn hreppur eða hjerað sje svo vel mönnum skipað, að hægt sje að fá fullkomlega færa menn í allar þessar ráðgerðu kjörstjórnir. Þrátt fyrir hina góðu meiningu frv. hefði jeg því heldur óskað, að það hefði ekki komið fram að þessu sinni, með því að lítil von er til þess, að það fái framgang á þinginu, og er heldur ekki svo úr garði gjört, að menn geti fellt sig vel við það. Í þriðja lagi virðist mjer það ekki tímabært nú; en eptir stefnu tímans að dæma má búast við, að því lengur sem dregst því hægra muni verða að fá alla þessar kjörstjórnir skipaðar hæfum mönnum.

Jeg vil því beina þeirri spurningu til h. flutningsm., hvort hann vill ekki taka frv. aptur, með því að vansjeð er eptir horfunum nú, að það muni ganga fram á þessu þingi.

Grímur Thomsen: Það gladdi mig, að mjer virtist jeg geta dregið þá ályktun út af orðum h. flutningsm. (J. A. H.), að hann teldi eins og jeg æskilegt, að þingmannaefnin gætu verið viðstödd á kjörþingunum. En þá vil jeg benda honum á, að í sumum sýslum, svo sem t. d. að taka Árnessýslu og Rangárvallasýslu, eru 10—14 hreppar, og hvernig getur þá þingmannsefnið mætt á öllum kjörstöðunum, eða á hve mörgum þeirra sama daginn? Vjer verðum að gjöra ráð fyrir, að kjörþingið geti staðið frá kl. 12—6, því að ef þingmannsefnið mætir, þarf hann að svara þeim spurningum, sem kjósendur kunna að leggja fyrir hann, og yfir höfuð gjöra grein fyrir skoðunum sínum.

Jeg vil því skora á h. flutningsm., ef hann ætlast til að frv. fái fram að ganga, að taka til yfirvegunar, hvort hann getur ekki hreytt frv. þannig, að þessi meginregla, að þingmannaefnin geti mætt á öllum eða sem flestum kjörþingum, geti komizt inn í það.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er að mestu leyti á sama máli og h. flutningsm. (J. A. H.) frv. þessa. Mjer finnst það ekki þýða mikið, að gefa mönnum einhvern rjett á pappírnum, þegar nær því er ómögulegt fyrir fjölda manns að nota þann rjett, eins og á sjer stað í stórum kjördæmum og einn einasti kjörstaður er. Jeg get því eigi annað en verið samdóma þeirri meiningu frv., að gjöra mönnum auðveldara fyrir að nota þennan rjett sinn.

Þar sem það hefur verið haft sem mótbára gegn frv., að þingmannaefnunum gæfist ekki kostur á að láta skoðanir sínar í ljósi á kjörþingunum, þá álít jeg þá mótbáru ekki mikilsverða; því að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi af því einmitt

leiða það, að þingmannaefnin mundu ekki spara að láta kjósendurna í tækan tíma fá að vita skoðanir sínar, svo að þeir þyrftu ekki að renna blint í sjóinn að því leyti.

Þar sem h. þm. Borgf. Gr. Th. skildi h. flutningsm. (J. A. H.) svo, sem hann ætlaðist til að þingmannaefnin gætu mætt á mörgum kjörþingnm sama daginn, þá held jeg að það hafi ekki verið rjett heyrt hjá honum eða rjett tekið eptir. Í öðru lagi hefur því verið hreyft gegn þessu frv., að örðugt mundi veita að fá kjörstjórnirnar skipaðar hæfum mönnum. Jeg vil ekki geta þess til að kjörstjórnirnar þurfi að verða svo aumlega skipaðar, að vandræði verði að; þeirra starf er ekki svo mikið vandaverk. Jeg vil ekki játa það upp á mína sveit, að slíkt gæti komið þar fyrir. Það er þó að jafnaði prestur í hverri sveit, og úr því að hreppsbúar mega velja annan af kjörstjórninni, mun opt hægur nærri að velja prestinn, ef ekki virðist hæfilegt öðrum á að skipa. Þrátt fyrir þá agnúa, sem sumir þykjast hafa fundið á frv., verð jeg samt að mæla með því, að frv. verði látið ganga til 2. umr. eða þá að nefnd verði sett til að íhuga það, ef einhver skyldi stinga upp á því, sem jeg álít að sumu leyti heppilegra.

Flutningsmaður (J. A. Hjaltalín): H. þm. Rangv. (S. Á.) virðist bæði vera með og móti frv. þessu. *(S. Á:* Kringumstæðurnar!). Hann telur sig þó víst í flokki frelsismanna og framfaravina, sem jeg ætla mjer ekki að efast um að hann megi gjöra. En hvað er það sem menn berjast fyrir, þá er þeir vilja fá þingfrelsi? Er það ekki einmitt það, að rýmka rjett kjósendanna? og er það ekki aptur hjer um bil hið sama sem að greiða og ljetta mönnum aðgang til kosninga? Jeg get því ekki skilið það, að þeir menn sem vilja styðja að þingfrelsinu, skuli ekki vilja stuðla að því, að sem flestir geti komið á kjörþing og notað kosningarrjett þann sem lög heimila.

Jeg skal enn fremur svara h. þm. Rangv. (S. Á.) því, að jeg skal taka aptur frv. þetta með því eina skilyrði, að hann kannist við að hann vilji eigi láta kalla sig frelsismann og framfaramann fyr en frv. er orðið að lögum. Jeg er ekki fús á að taka frv. aptur, enda býst jeg ekki við að hann sje fús á að afneita því nafni.

Sighvatur Árnason: H. flutningsm. (J. A. H.) er auðvitað sjálfráður um það, hvort hann vill taka frv. þetta aptur eða ekki, en svo getur farið með afdrif frumv. þessa, að hann hefði ekki sjeð eptir því, að gjöra það.

Viðvíkjandi því að jeg vilji sýnast framfaramaður, skal jeg ekki miklu svara; jeg ætla ekkert að dæma um það sjálfur en læt hvern, sem vill, hafa sína meiningu um það. Jeg hef játað og játa það enn, að frv. er vel meint; en menn verða að gá að kringumstæðunum, gá að því, hvort heppilegt muni vera að halda málinu til streitu í þetta sinn.

Það hefur verið bent á ýmsa annmarka á frv ; en þrátt fyrir það hefur flutningsm. ekki stungið upp á að setja nefnd í því, og skal jeg þá heldur ekki gjöra það; en ef meiningin er að knýja það áfram sinn veg, án þess að nefnd sje kosin í því, hygg jeg ekki muni vera álitlegt með framgang þess.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal taka fram í fyrsta lagi, að frv. þetta, eins og það er nú, var samþykkt á síðasta þingi af þessari h. deild. Mjer virðist því óviðkunnanlegt að fella það nú hjer við 1. umr. þess. Mjer finnst vera mótsögn í því fyrir h. deild, og er jeg hræddur um, að slíkt kunni að verða kennt þeim hinum nýju h. þm., er komnir eru hjer inn til vor síðan; en þann kost kýs jeg eigi þeim til handa.

Í öðru lagi virðist mjer eigi auðið,

að skoða frv. þetta öðruvísi en sem rjettarbót, með því að það gefur kjósendum betra og hentugra færi á að nota kosningarrjett þann, er þeir hafa.

Ef svo er mikið í rjett þennan varið, að vjer jafnvel erum að berjast við að afla hans fyrir konur, þá verðum við að gæta þess, að svipta eigi þá kjósendur, sem nú hafa hann, kosningarrjettinum, með því að gjöra þeim nær ómögulegt að nota hann.

Jeg get eigi sjeð að svo sjerlega mikið sje varið í þá mótbáru, að þingmannaefnin geti eigi verið stödd á öllum kjörþingunum. Þingmannaefnin geta haft og hafa sína meðmælendur í hverjum hreppi, og takist eigi meðmælendunum í einum hreppnum að fá kjósendur á sitt mál, eru eigi öllu meiri líkur fyrir því, að þingmannsefninu sjálfu yrði meira ágengt, þótt hann væri sjálfur viðstaddur.

Vjer vitum það, að það er eigi að jafnaði þingmannsefnið sjálft, sem mest áhrif hefur á kosningarnar, heldur meðmælendur þeir, er hann hefur fengið í kjördæminu.

Ef vjer lítum á 1. gr. frv., á þær reglur, sem þar eru settar fyrir kjördæmum, þarf eigi kosning jafnan fram að fara í hverjum hreppi.

Jeg vil því mæla með frv., að það fái að ganga til 2. umr. Jeg hygg að óþarft sje að setja nefnd í það. Frv. er ein heild og mun nefnd eigi geta bætt það, sízt að ráði.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Ástæður mínar fyrir því, að jeg hef eigi stungið upp á nefnd, eru þær, að frv. þetta var svo rækilega íhugað og rætt á síðasta þingi hjer í deildinni og frv. þetta er óbreytt eins og það var samþ. hjer í deildinni þá við 3. umr. Það er þó eigi svo að skilja, að jeg sje mótfallinn nefndarkosning, ef h. þingdm. virðist öðruvísi en mjer; en jeg get eigi sjeð, að hennar sje þörf.

Skúli Þorvarðarson: Jeg held því eigi föstu að nauðsyn beri til, að setja nefnd til að íhuga frv. þetta, með því að frv. var svo ýtarlega rætt á síðasta þingi og þetta er óbreytt hið sama frv. Jeg gjöri því ekki það að minni uppástungu, að nefnd sje sett.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 3 atkv.

Sjöundi fundur, föstudag 10. júlí, kl. 1 e. hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða (C. 80); 3 umr.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 49, 125); frh. 1 umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): H. þingd. sjer, að nefndin hefur ráðið til að breyta frv. þessu í nokkuð verulegum atriðum þess, en þá með talsverðri varúð. Frv. hljóðar um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, og er aðalbreytingarnar fólgnar í því, að láta þennan almannafrið ná frá morgni til miðaptans, í stað þess að frumv. hefur friðunartakmarkið frá 9 til 4.

Fyrir því leggur nefndin til (C. 126), að breyta 1. 2. 3. 4. og 5. gr. eptir þessari stefnu. Á þessu stigi málsins skal jeg eigi fara út í hinar einstöku greinir frv., að eins benda á þessa almenna friðunarreglu og nær hún yfir þessar 5 gr.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um líkskoðun (C. 110, 135); frh. 1. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen:) Eins og h. deild er kunnugt af nefndarálitinu (C. 135), hefur nefndin eigi fundið ástæðu til að gjöra margar breyt.till. við frumv. þetta. Það hefur inni að halda gagnlega rjettarbót, sem oss hefur áður vantað í löggjöf vora. Breyt.till. nefndar-

innar eru einkum við 1. gr. frv., en með því að nú er fyrsta umr. málsins, finn jeg eigi ástæðu til að fara fleirum orðum um það.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (C. 126); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín); Þó að frumv. þetta sje komið hjer fram, vona jeg að h. þingdm. taki það eigi svo, sem að það sje af flutningsmanna hálfu sprottið af grunsemd um að nokkur þingm. þeirra, er nú eru á þingi, vanbrúki það leyfi sem þeir hafa nú til að reikna sjer ferðakostnaðarpeninga. En ástæða flutningsm. fyrir því, að koma fram með frumv. er sú, að þeim þótti viðkunnanlegra, að úr því að dagpeningar þm. eru fast ákveðnir með lögum, skuli og ferðakostnaðarpeningarnir vera það; og það því fremur, sem allir vita, að ymsir h. þm. hafa orðið fyrir öldungis óverðskulduðu álasi fyrir það, að hafa sett ferðakostnaðarreikninga sína of hátt. Hið eina ráð til að komast hjá svona álasi er það, að hafa ferðakostnaðinn fastákveðinn eins og dagpeningana. Auk þess hafa ymsir þingmálafundir farið fram á það að þetta verði gjört. Uppástm. halda þess vegna því föstu, að þingfararkaupið verði fastákveðið, en hinu, hve hátt það verður sett og hvernig því verður komið fyrir, því eru þeir alls eigi tregir að breyta frá því sem ákveðið er nú í frv. þessu, í samráði við h. þingdm.

Júlíus Havsteen: Einn af flytjendum þessa frv., hinn h. 6. kgk. þm. (J. A. H.), tók það fram í ræðu sinni, að önnur aðalástæðan fyrir því, að hann kæmi fram með þetta frv., sem var fellt hjer á þinginu 1887, væri hin megna óánægja hjá alþýðu manna yfir ferðakostnaðarreikningum alþm. Þetta finnst mjer satt að segja mjög lítilvæg ástæða. Það væri sannarlega undarlegt, ef þingið ætti að fara eptir því, þótt ýmsir kynnu að vera óánægðir með þessa reikninga. Slík óánægja mun lengi verða ríkjandi hjá allmörgum hjer á landi, og verður ekki við því gjört. Ef alþing samþykkti annað eins frv. og það, sem hjer liggur fyrir, þá lýsti þingið þarmeð yfir, að það treysti sjer eigi til að kjósa hæfa menn úr sínum flokki til þess að rannsaka og úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna. Jeg hef sjálfur setið í einni svo nefndri reikninganefnd, og samkvæmt embættisstöðu minni hef jeg úrskurðað ótal reikninga embættismanna og sýslunarmanna, og hef eigi getað sjeð nokkra viðleitni til þess, að menn vildu vísvitandi reikna sjer hærra endurgjald en þeim ber. Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að sumir æðri embættismenn hafa eptir gildandi lögum leyfi til að hafa til embættisferða sinna marga hesta, og þar af leiðandi vald til að hafa fleiri fylgdarmenn en einn, en þessir embættismenn hafa ekki notað þessa heimild í seinni tíð, nema einn, að því mjer frekast er kunnugt, án þess „Ísafold", sem er svo rösk til þess að endurskoða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna og gefa þeim reglur um það, hvernig þeir mætti reikna ferðakostnað sinn, hafi að því fundið.

Hvað frv. þetta sjálft snertir, þá held jeg, að menn verði alveg eins óánægðir með það fyrirkomulag, sem það gjörir ráð fyrir, eins og það nú er, enda er jeg í rauninni sannfærður um, að frumv. verður ekki að lögum í þeirri mynd, sem það nú er í; og hvers vegna? Af því einkanlega, að það er ekkert tillit tekið til þess, á hvern hátt menn ferðast til alþingis, þ. e. að segja, hvort þeir fara heldur sjóveg eða landveg. Það er þó talsverður munur á því. Ef menn t. t. fara með gufuskipi frá Akureyri og hingað til Reykjavíkur, kostar ferðin um 70 kr. fram og aptur, að meðtöldu gjaldi til þjóna á gufuskipunum, en í frv. þessu er þingmönnum úr Eyjafjarðarsýslu eða frá Akureyri ætlaðar 416 kr., eða með öðrum orðum; þeir

stinga þá undir það 350 kr. í sinn vasa fyrir ekki neitt, ef þeir nota strandferðir gufuskipanna. Það er þó dálaglegur skildingur. Svo þegar gufuskipin fjölga og „Faxi“ og önnur innlend gufuskip eru farin að ganga kringum landið, betri en þau skip, sem nú eru, þá er svo sem auðvit að, að alþingismenn hætti að fara landveg.

Jeg vil leyfa mjer að gjöra enn eina dálitla athugasemd. Það er eins og h. flutningsm., sem jeg áður nefndi, sje meinilla við 37. gr. kosningarlaganna, því að í kosningarlagafrumv. því, er hann hefur borið fram hjer í deildinni í gær, var greinin afnumin, og svo er hún aptur afnumin hjer í þessu frumv. Þetta bendir til, að h. flutningsm. (J. A. H.) gjörði rjettast í því að slengja þessu frumv. saman við kosningarlagafrumv. sitt.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Viðvíkjandi hinni síðustu athugasemd h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) skal jeg geta þess, að ekki lítur út fyrir að þessi h. þm. hafi enn þá lesið kosningarlagafrumv. það. sem er hjer fyrir h. deild nú, því að einmitt 37. kosningarlaganna er tekin orðrjett upp í þetta nýja kosningarlagafrumv. En hugsun mín var sú, að ef þetta frv. um þingfararkaupið fengi fram að ganga, að fella þá burtu 18. gr. úr kosningarlagafrumv. mínu.

Til svars upp á aðrar athugasemdir h. sama þm. skal jeg taka fram, að jeg hef nú fyrir mjer alþ.tíð. frá 1887 og bera ræður þessa h. þm. þá með sjer, að hann hafði þá á móti því þingfararkaupsfrv., sem var fyrir þinginu, það, að það hefði svo margar undantekningar frá meginreglunni, og gaf í skyn, að ef þessar undantekningar væru ekki, mundi hann vera með því.

Þorleifur Jónsson: Jeg er samþykkur þessu frv. að sumu leyti, en að sumu leyti ekki. Jeg er samþykkur því vegna þess, að það ákveður fast þingfararkaup.

Eins og kunnugt er, hefur hingað til átt sjer talsverður mismunur eða ójöfnuður stað í ferðakostnaði þingmanna. Þannig hafa t. d. tveir þm. úr sama kjördæmi stundum haft talsvert mismunandi ferðakostnað og það hefur jafnvel komið fyrir, að einn þm., sem styttra átti að ferðast heldur en annar, hefur fengið hærra þingferðakaup heldur en hinn; — jeg segi ekki, að þetta komi til af því, að þingmenn hafi reiknað sjer ferðakostnaðinn hærri en hann í raun og veru hefur verið, heldur hefur því getað valdið ýms atvik, og mismunandi ríkmannleg ferð. En allt þetta vekur megna óánægju meðal þjóðarinnar og jafnvel grunsemd, er sjerhver þingm. ætti og mætti verða feginn að losast við; og þótt mönnum kunni að finnast eitthvað á móti því að sumu leyti, að ákveða fast þingfararkaup, þá er það samt eina ráðið til þess að losast við þrætur þær og stell, er fyrirkomulag það, sem nú er, hefur haft í för með sjer. Það er og sjálfsagt, að setja þingfararkaupið svo hátt, að hæfilegt sje, en ranglátt getur mjer ekki fundizt að fastákveða það, því að sá sem býður sig fram fyrir þingmann eins kjördæmis, veit þá, að hverju hann á að ganga, hvað háan ferðakostnað hann fær, og getur þá hagað ferð sinni eptir því.

En það sem jeg finn að þessu frv. er það, að mjer virðist bæði þingfararkaupið sett of hátt sumstaðar að minnsta kosti og heldur ekki hlutfallslega rjett. Jeg hef því hugsað mjer að koma fram með br.till. við 2. umr. og þætti mjer gott, ef jeg gæti komið mjer saman við h. flutningsm. (J. A. H.) um það. Jeg skal einnig benda á eitt, og sem h. 1. kgk. (Júl. H.) tók fram líka. það sem sje, að það er eigi alveg rjett, að sama þingfararkaup sje látið gilda hvort sem þingmaðurinn fer land-

veg eða sjóveg. Þannig getur t. a. m. þingmaður komizt úr Snæfellsnessýslu á 12 kl.stundum sjóveg hingað, og til þeirrar ferðar eru honum ætlaðar 200 kr. eptir frumv.

Jeg álít rjettast, að tvenns konar þingfararkaup sje ákveðið, annað fyrir landvegsferð, en hitt fyrir sjóveginn, að hið fyrnefnda sje miðað við alla ferðina, og hið síðarnefnda sje miðað við, að þingmaðurinn fari alla, eða því nær alla, leiðina sjóveg.

ATKVÆÐAGR. Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 1.

Áttundi fundur, laugardag 11. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi o. s. frv. (C. 85,124); 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Það er að eins tvennt í breyt.till. (C. 124) h. nefndar við þetta frv., sem jeg ætla að minnast á. Annað er breytingin við fyrirsögn frv., sem mjer finnst ekki vel viðkunnanleg, einkanl. orðin: „í sakamálum þegar svo á stendur“, og hefði mjer þótt bezt og einfaldast að hafa í þess stað: „í sumum sakamálum“. Hitt atriðið í breytingum nefndarinnar, sem jeg vil leyfa mjer að minnast á, er það, að orðið „ollandi“ í breytingunum við 2. gr. frv. er ekki rjett myndað, því að það er af sögninni að „valda“, en ekki af að „olla“, sem er málleysa. Þetta ætti því að vera „valdandi“ og þyrfti að leiðrjetta það við 3. umr. Það getur vel verið, að þetta sje að eins prentvilla *(L. E. Sveinbjörnsson:* Það er ekki prentvilla); en þótt svo væri, ætti eins að leiðrjetta hana fyrir það.

Framsögum. (*J. A. Hjaltalín*): Að því er snertir fyrri athugas. h. þm. Húnv. (Þ. J.), þá skal jeg geta þess, að vjer nefndarmenn hugsuðum um þetta atriði, er vjer gjörðum breytingarnar, og komumst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að orða þetta eins og það stendur í nefndarálitinu. Það sem vjer vildum láta koma greinilega í ljós með þessari orðabreytingu var það, að málskostnaður væri ekki greiddur í sumum sakamálum, heldur að eins í „vissum tilfellum“, en að orða það þannig þótti oss ekki góð íslenzka, og þessvegna settum vjer í þess stað „þegar svo á stendur“, og er það alveg samkvæmt danska textanum. Hvað orðið „ollandi“ snertir, þá skal eg ekki hafa neitt á móti, að því sje breytt. Orðið er mesta vandræðaorð, og margir eru alls ekki vissir um, hvernig þessi sögn „að valda“ beygist. „Ollandi“ er almennt eða að minnsta kosti almennara í daglegu tali en „valdandi“. Yfir höfuð legg eg ekki mikla áherzlu á þessa breytingu.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur h. nefnd fyrir það, hve vel hún hefur tekið í þetta mál. Breytingarnar, sem hún hefur gjört á frv., eru mjög litlar, og í raun inni ekki neinar efnisbreytingar, heldur að eins orðabreytingar eða breytingar á „forminu“, sem eg skal játa að eru til talsverðra bóta. Eg er alveg samdóma h. framsögum. (J. A. H.) að því, er snertir breytinguna á fyrirsögn frv., því að einmitt við hana verður fyrirsögnin samkvæmari dönskunni, og rjettara orðuð, en í stj.frv., því að eptir því, sem þar stendur, nl. „málskostnað í sumum opinberum málum“, mætti skilja fyrirsögnina svo, sem frv. að eins ætti við vissa tegund, vissan flokk sakamála, í stað þess að það á við um hvert sakamál sem er, þegar svo stendur á, og var þessvegna alveg rjett af nefndinni, að gjöra þessa breytingu. Þar eð h. nefnd hefur samhuga ráðið deildinni til að fallast á frv., þá vona eg að það fái góðan byr, og eg fyrir mitt leyti vil leyfa mjer að mæla með öllum breyt.till nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. nefndarinnar við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2.—3. br. við 1.

gr. samþ. án atkv.gr.; 1. gr. með áorðn. breytingum samþ. í e. hlj.; 4. br. n. við 2. gr. samþ. með 8:3 atkv., og 5. með 10 atkv.; 2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.; 6. br. n., við 3. gr., samþ. án atkvgr.; 3. gr. þannig samþ. í e. hlj.; 4.—7. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.; 7. br. n., við 8. gr., samþ. með 9 atkv.; 8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 8. br. n., við 9. gr., samþ. í e. hlj.; 9. br. n., við sömu gr., samþ. án atkv.gr.; 9. gr. þannig breytt samþ í e. hlj.; 10. br. n., við fyrirsögn frv., samþ. með 9 atkv. Fyrirsögnin þannig breytt samþ. með 9 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum (C. 81, 124); 2. umr.

Landshöfðingi: Eg get sagt hið sama um nefndina í þessu máli, sem í málinu næst á undan, að jeg er henni þakklátur fyrir það, að hún hefur ekki breytt frv. til muna. Breytingar hennar (C. 124) eru eigi að mínu áliti neinar efnisbreytingar, því að eg skil svo, að breytingin við 1. gr. frv. eigi ekki að vera efnisbreyting. Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefur nefndin stungið upp á, að orðunum „fram og aptur" verði sleppt úr stj.frv. Meiningin með þessum orðum í frv. er auðvitað sú, að sje t. d. bústaður vitnisins í 2 mílna fjarlægð frá dómstaðnum, þá skuli það fá 50 aura fyrir hvora míluna til dómstaðarins og svo einnig 50 aura fyrir hvora míluna aptur heim til sín, þ. e. að segja, 4×50 aura, eða 2 kr. fyrir alla ferðina, sje vegalengdin til dómstaðarins 2 mílur. Jeg ímynda mjer einnig, að nefndarmennirnir hafi skilið orð frv. á líkan hátt, þannig, að vitnið eigi að fá 50 aura fyrir hverja mílu, hvenær sem það fer hana, hvort heldur heiman að til dómstaðarins eða heim til sín frá honum. Þessum ákvæðum frv. ímynda jeg mjer að nefndin hafi ekki ætl að sjer að breyta, þótt hún hafi ráðið til að sleppa orðunum „fram og aptur" úr því. En það er mjög áríðandi, að enginn vafi sje um skilning þessa atriðis, og að það sje fullljóst, hver meiningin sje. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að það eru til önnur eldri ákvæði, svipuð þessu, sem skilin hafa verið á mismunandi hátt, og það er 3. gr. í lögum 13. janúar 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk. Í þessari gr. er talað um borgun til stefnuvotta, og sagt, að hvorum þeirra skuli greiða 50 aura fyrir hverja mílu á landi, eða hverja hálfa mílu á sjá. Í því stj.frv. voru höfð orðin „fram og aptur", og eins er í lögunum sjálfum; en jeg hef haft tækifæri til að sjá, að þessi ákvæði hafa verið misjafnlega skilin, því að í mörgum reikningum frá sýslumönnum, er eg hef úrskurðað, hefur stefnuvottunum verið reiknuð 1 kr. fyrir 2 mílur, en sumir sýslumenn hafa reiknað þeim 2 kr. fyrir sömu vegalengd. Af þessu sjest, að það getur valdið ruglingi, ef ákvæðin eru ekki nógu skýr og ljós. Það er alveg nauðsynlegt, að koma í veg fyrir allan vafa um það efni í þessu frv., er hjer liggur fyrir, nl. að vitnið eigi að fá 50 aura fyrir míluna hvora leið, eða alls 1 kr., en ekki t. d. 25 aura, eða alls 50 aura fyrir ferðina til dómstaðarins og heim til sín aptur. Að hinn rjetti skilningur komi í ljós í umræðunum um þetta mál er mjög áríðandi, og eg vildi því mælast til þess, að h. framsögum. kæmi með skýlausa yfirlýsingu um það, hvort það hafi ekki verið tilætlun nefndarinnar, að vitnin ættu að fá 50 aura fyrir míluna, í hvert skipti sem þeir færu hana, eins og orð stjórnarfrv. auðsjáanlega benda á. Þessa yfirlýsingu verð jeg að telja nauðsynlega til að koma í veg fyrir allan misskilning í þessu efni framvegis.

Framsögum. (J. A. Hjaltalín): Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, fyrir mína hönd og meðnefndarmanna minna, að vjer lögðum sömu meiningu í orðin „fram og apt-

ur“ í frv., eins og hæstv. ldsh., og að það var einmitt tilgangur vor með breytingunni, að gjöra þetta ákvæði frv. ótvíræðara. Það er auðvitað, að þegar talað er um, að maður ferðist eina mílu, þá er átt við að hann fari þessa leið einu sinni, en ekki tvisvar. Meiningin er því þetta: Vitnið fær 50 aura fyrir hverja mílu, hvenær eða í hvert skipti sem hann fer hana, hvort heldur fram eða aptur, þ. e. að segja 50 aura fyrir míluna til dómstaðarins, og aðra 50 aura fyrir sömu leið aptur heim til sín.

Árni Thorsteinsson: Út af umræðum þeim, sem orðið hafa, skal jeg leyfa mjer að taka fram, að það er öldungis nauðsynlegt, að það sje skýrt ákveðið í lögunum hvort meiningin er sú, að vitnið fái 50 a. borgun fyrir hverja mílu vegar, sem það ferðast, hvort heldur eða jafnt hvort talið er að heiman og til dómstaðinn eða frá dómstaðnum og heim; eða þá hitt er meiningin, að vitnið fái að eins 50 a. fyrir ferðina á hverri mílu fram og til baka, ef það á að ferðast eina mílu, og þannig ekki nema 25 a. míluna fyrir hvora leiðina fyrir sig. Þetta er því nauðsynlegra að hafa skýrt ákveðið í lögunum, þar sem erfitt er að hafa eptirlit með því, hvort dómarinn hefur skilið rjett ákvæði laganna í þessu efni, með því að kvittunin fyrir borguninni til vitnisins er að eins innfærsla upphæðarinnar í þingbókina, svo að einungis æðri dómstóli gefst kostur á að dæma um, hvort undirdómarinn hefur haft hinn rjetta skilning laganna í þessu efni, en jeg efast um, að æðri dómstólar veiti þessu atriði sjerleg afskipti.

Í annan stað skal jeg geta þess, að hve mikla freisting sem jeg hef til að samþykkja þetta frv., get jeg þó eigi gjört það án vissra efasemda. Menn geta byggt á mismunandi grundvelli skoðanir sínar um það, hvort vitni beri borgun fyrir ómak sitt, og er að vísu sú bót í máli, að slík lög eru komin á í Danmörku. En þess ber vel að gæta, að þar hagar talsvert á annan hátt til heldur en hjer á landi; þar geta menn ekki sjer að skaðlausu misst af tíma sínum, en hjer er svo háttað, að á ýmsum tímum ársins er tíminn mönnum ekki svo dýrmætur, að nauðsyn beri til að borga vitni fyrir nokkurra klukkutíma dvöl. Það er og ósamkvæmni í því, að ákveða borgun til vitna í sakamálum, en ekki í málum einstakra manna. Sama reglan ætti að gilda fyrir öll mál.

Jeg álít fyrir mitt leyti mjög vafasamt, hvort breyting sú, er frv. þetta gjörir, sje í sjálfu sjer rjett og eðlileg; vitnaskyldan hefur verið almenn í lögum vorum, hvort sem vjer lítum til fornaldarinnar eður hins yngri tíma, og fyrir því er jeg í nokkrum vafa með atkv. mitt. Í öllu falli verð jeg að álíta nauðsynlegt, að ákvæði frv. um upphæð borgunarinnar sje gjörð glögg og skýr.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg skal ekki svara hinum almennu athugasemdum h. 4. kgk. (A. Th.), heldur að eins benda honum á, að breyting nefndarinnar við niðurlag 1. gr. eru gjörðar til að fyrirbyggja allan misskilning, enda hygg eg, að orðin sjeu svo ljós, að ómögulegt sje að misskilja þau. Meiningin er sú, að vitnið fái 50 a. borgun fyrir hverja mílu, sem það fer, hvort heldur í norður eða suður, austur eða vestur, að heiman eða heim. Eptir því, hvernig þessi sama hugsun er orðuð í stj.frv. eru víðar dyr opnar fyrir misskilning, en eptir því sem nefndin vill orða þetta, er allur misskilningur útilokaður.

Árni Thorsteinsson: Ef meiningin á að vera sú, að vitnið fái 50 a. fyrir hverja leið, ef það þarf að ferðast 1 mílu vegar, og aðra 50 a. aptur fyrir að ferðast heim til sín og þannig 1 kr. fyrir míluna fram og aptur, virðist mjer auðsætt, að sú borgun er of há.

Friðrik Stefánsson: Jeg álít góða rjettarbót í þessu frumv., því þó það væri skylda í fornum lögum, að bera vitni í mál-

um endurgjaldslaust, þá er vitnum var til þess stefnt, hygg jeg það vel við eiga, eptir því sem nú hagar til, að menn fái þóknun fyrir ómak sitt.

En samt sem áður vil jeg taka eitt atriði fram, sem er í þessu frv., sem sje það, þar sem 1. gr. kveður svo að orði: „og dómara þykir eptir öllum efnahag hans ástæða til. að honum sje bætt tjón þetta“, o. s. frv. Jeg vildi spyrja: Er meiningin sú, að vitnið fái að eins þóknun, ef dómaranum þykir ástæða til að greiða því borgunina fyrir fátæktar sakir þess? *(L. E. Sveinbj.:* Já, það er meiningin). Þá verð jeg að segja, að það er talsverð vöntun, að gjöra upp á milli manna í þessu efni og láta eigi eitt yfir alla ganga, þar sem um almenn lög er að ræða. Slíkt ætti að vera almennur rjettur, því að flestir munu vilja að þeir sjeu látnir í friði og ekki þreyttir á því að fara máske langar leiðir til að bera vitni í málum borgunarlaust. Jeg mun samt gefa frv. atkvæði mitt, því það er þó nokkur bót frá því sem nú er. En eins og jeg hef áður tekið fram álít jeg það ósanngjarnt. að þessi þóknun skuli eigi vera almenn rjettindi eins fyrir þá sem eru efnaðir, og hina, sem eru miður efnum búnir.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. n. samþ. með 9 atkv.; 1. gr. þannig samþ. með 10 atkv.; 2. br. n. samþ. með 10 atkv.; 2. gr. þannig samþ. í e. hlj.; fyrirspurnin samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 75, 141); frh. 1. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Nefndin, sem kosin var í þessu máli, hefur lagt til. eins og nefndarálitið sýnir, að frv. þetta sje samþ. óbreytt. Ástæðurnar fyrir frv. eru prentaðar með því og þær eru svo ýtarlegar, að jeg hygg að öllum sje mál þetta ljóst af þeim. Jeg hef því eigi neinu við að bæta frekara.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Níundi fundur, mánudaginn 13. júlí kl 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C 94.125); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, að nefndin, sem valin var til að íhuga þetta frv. stjórnarinnar, hefur verið samþykk því í öllum verulegum atriðum. Meginregla nefndarinnar hefur auðsjáanlega verið sú, að breyta sem minnst efni og aðalhugsun frv., og það er það, sem mestu varðar. Breytingarnar (C. 126) snerta að mestu leyti einstök ákvæði, og eru ekki að mínu áliti neitt verulegar, svo að þrátt fyrir þær hygg jeg, að frv. verði ekki óaðgengilegt fyrir stjórnina. Jeg verð ennfremur að telja úrslit þau, sem nefndin hefur komizt að, því þýðingarmeiri, sem að í hennar er einn andlegrar stjettar maður (h. 5. kgk. þm.), og þarað hann hefur fjallað um þetta mál, má búast við, að það fái góðan byr hjá prestastjettinni í neðri deild, en það hefur mikla þýðingu, þarað þessi stjett hefur svo mikið að segja nú á þingi. Yfir höfuð er jeg ekki mótmæltur breytingum nefndarinnar, því að þótt jeg ekki áliti, að þær sjeu beinlínis til bóta alstaðar, hygg jeg samt, að þær sjeu ekki til skaða fyrir málið eða frv. þetta í heild sinni.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það gleður mig sannarlega, að heyra svo góðar undirtektir frá hæstv. landsh.; en þó skyldi það gleðja mig enn meira, ef sá spádómur hans rættist, að neðri deild tæki eins vel í þetta mál, eins og jeg vona að gjört verði hjer í deildinni. Nefndin setti sjer það takmark, að breyta í engu aðalstefnu frv.; hún vildi að eins laga 1. gr. þess eptir helgidagalöggjöfinni 28. marz

1855, sem menn yfirleitt hafa kunnað vel við, enda er þetta frv. að öðru leyti mjög skylt henni. Aðalbreytingin frá löggjöf inni 1855 er sú, að hjer er ekki bönnuð ónauðsynleg vinna, heldur er, samkvæmt ástæðunum eða athugasemdunum við 1. gr., leyfð ýms utanbæjarvinna, meðal annars allskonar heyannir, svo sem sláttur, þurkun, hirðing á heyi o. s. frv. og önnur vinna, sem ekki hefur neinn skarkala í för með sjer eða truflar á annan hátt kirkjurækni manna. Að vísu er þesskonar vinna leyfð í tilsk. 28. marz 1855, en þó því, að eins að brýna nauðsyn beri til. Þetta frv. gengur því lengra, hvað helgidagavinnu snertir, en tilskipunin 1855. Nefndin fann samt sem áður ekki næga ástæðu til að ráða deildinni til að hafna frv. sakir þeirra breytinga, sem þar eru gjörðar frá hinni eldri helgidagalöggjöf vorri. Að vísu getur verið, að húsbændur telji sjer nú leyfilegt að skipa vinnuhjúum sínum alla þá vinnu, sem leyfð er á helgidögum samkv. þessu frv., t. d. hey verk, sjóróðra o. s. frv.; en að það verði almennt get jeg ekki skilið, og að húsbændur skipi hjúum sínum nokkra ónauðsynlega vinnu, þá er þau vilja fara til kirkju á helgidögum, hygg jeg að komi sjaldan fyrir. Í vinnuhjúalögunum frá 1866 er sagt, að húsbændur megi skipa hjúum sínum alla forsvaranlega vinnu, og er þar ekki undanskilin slík vinna á helgidögum. En þó svo væri, að húsbændur vildu nú, ef frv. verður að lögum, þröngva fólki sínu til vinnu á helgum dögum, og hefðu ef til vill rjett til þess samkv. þessu frv., þá verður að líta á það, að eins og nú stendur á hjer á landi eru húsbændurnir hjú og hjúin húsbændur. Það er afleiðing hinnar miklu vinnufólkseklu. Húsbændurnir geta því ekki beitt húsbóndavaldi sínu í þessum efnum; þeir verða þá sjálfir að sitja heima og slá á helgum dögum, ef þeim þóknast, þótt vinnuhjúin fari til kirkju.

Jeg held þessvegna, að þótt frv. þetta yrði að lögum, þá breyttist ekki helgidagavinna hjer á landi að neinum mun fyrir það, frá því sem nú er. Jeg ætla ekki að nefna opið brjef 26. sept. 1860; því hefur aldrei verið fylgt hjer stranglega, og það er heldur varla þess vert.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra dálitla grein fyrir breyt.-till. minni (C. 144) við þetta frumv., þ. e. að segja, viðaukatill. um flutning hins almenna bænadags. Þessi helgidagur er nú einmitt á þeim tíma, er menn hafa mest annríki, að minnsta kosti í öllum sjóplássum. Á vetrarvertíðinni, þegar allar taflir eru svo tilfinnanlegar fyrir fjölda manna, er lifa af sjávarútvegi, er opt margra tuga þúsunda skaði, að þessi helgidagur er á miðri vertíð, í samför með svo mörgum öðrum helgidögum á þessum tíma. Jeg veit að því muni verða svarað, að breyting nefndarinnar miði einmitt til þess, að þessar slæmu afleiðingar hverfi að mestu, þar sem hún hefur lagt það til, að hinn almenni bænadagur verði ekki helgari eða hafi ekki neitt annað gildi, en hver annar almennur sunnudagur. En að þessu leyti get jeg ekki verið samdóma h. nefnd. Jeg efast um, að h. framsögum. (A. Ó) sje í rauninni samþykkur því, að þessi dagur geti orðið sem almennur helgidagur. Hann minntist á það í ræðu sinni, að húsbændur hjer á landi væru á stundum hjú og hjúin húsbændur o. s. frv.; en sje svo, þá eru þau ákvæði þýðingarlaus, að húsbóndinn geti skipað hjúum sínum vissa vinnu eða formaður hásetum sínum að róa, og þá verður auðvitað ekkert úr því í framkvæmdinni, þegar svona stendur á, og allir sitja í landi fyrir undanfærslu einstakra háseta, ef um sjósókn er að ræða. Jeg fyrir mitt leyti held ekki fast við hinn almenna bænadag, en jeg held, að hann sje orðinn nokkuð rótgróinn í almenningsálitinu. Það getur vel verið, að þessi skoðun mín víki nokkuð frá hinni almennu; en sje það ekki almennur vilji

manna að afnema bænadaginn, þá vil jeg það heldur ekki og mun verða hinn síðasti til að minnka helgi hans eða gjöra hann jafnan öðrum sunnudögum. Þrátt fyrir mínar eigin skoðanir vil jeg eigi ganga neinum of nærri. en virða skoðanir og trúrækni annara. Jeg leyfi mjer því samkv. viðaukatill. minni að stinga upp á. að bænadagurinn verði fluttur á allraheilagramessu 1. nóvember. sem áður var mikill helgidagur fram að 1770. að hann var afnuminn ásamt fleiri helgidögum; en texti þessa dags var þá fluttur á sunnudaginn næstan eptir. Jeg get ekki betur sjeð en að þessi dagur, allraheilagramessa, sje vel fallinn til að verða hinn almenni bænadagur. Þá fer veturinn í hönd þessi gestur, sem opt er svo úfinn og harður og gjörir oss svo mikinn skaða. svo að það væri alls ekki ófyrirsynju. þótt beðizt væri fyrir við byrjun hans. Að öðru leyti gef jeg fúslega atkvæði hverjum degi, sem h. þingdeild kann að telja heppilegri, að áliðnu sumri eða frá slætti til vetrarbyrjunar, því að skoðun mín í þessu efni er ekki svo einstrengingsleg, að eg vilji ekkert hliðra til. Aðalatriðið er þetta, að jeg tel hinn almenna bænadag vera á mjög óhentugum tíma eins og nú, og vil þessvegna fá hann fluttan, þareð jeg vil ekki láta hann koma í bága við hinn helzta atvinnuveg landsins. Annars skal jeg lýsa yfir því, að jeg gef atkvæði mitt fyrir því, að hann verði haldinn jafnhelgur, eins og tíðkazt hefur, en ekki fyrir því. að hann sje gjörður að almennum helgidegi.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Mjer gleymdist áðan í ræðu minni, að geta um breyt.till. h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), og eg mundi ekki eptir henni fyr en hann minntist nú á hana í ræðu sinni. En eg verð að segja h. uppástm. breyt.till., að mjer finnst mjög óviðkunnanlegt, að slengja bænadeginum saman við allraheilagramessu. Hann veit eflaust, að allraheilagramessa var haldin heilög í minningu um sælu útvaldra á himnum, en bænadagurinn er iðrunar- og yfirbótardagur, þá er menn sitja skyldu í sekk og ösku, hnipnir í huga sakir synda sinna. Það á því ekki vel við, að gleðjast yfir sælu útvaldra á þeim degi. Jeg verð að segja, að jeg get ekki verið meðmæltur þessari breyt.till. Jeg kann og heldur ekki vel við, að í frv. um almannafrið á helgidögum sje verið að færa til messudagana, því að það er nokkuð ólíkt efni og á ekki heima þar sem um friðun er að ræða. Menn gætu sagt, að færsla hins almenna bænadags frá vetrarvertíðinni til haustsins væri friðun á fiskiveiðum; en friðun á helgidegi er það eigi. Jeg get að öðru leyti ekki betur sjeð, en að breyt.uppást. nefndarinnar sjeu í samræmi við aðalhugsun h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þ. e.. að hinn almenni bænadagur sje ekki helgari en svo, að mönnum sje leyfilegt að leita sjer bjargar í brýnni nauðsyn sinni.

Sighvatur Árnason: Jeg ímynda mjer þingdm. andmæli ekki til muna breyt. uppást. nefndarinnar í þessu máli. H. framsögum. n. (A. Ó.) hefur nú fært ástæður fyrir breytingunum og eg ætla því ekki að tala um þær. En það var að eins breyt.till. h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), sem jeg ætlaði að minnast lítið eitt á. Eg er í rauninni alveg samdóma honum um, að hinn almenni bænadagur sje á óhentugum tíma og þyrfti að flytjast til; en eg er aptur ósamdóma honum um það. að þessi ákvörðun verði tekin inn í þetta frv., með því að eg er, hvað þetta snertir, á skoðun h. framsögum., hins 5. kgk. þm. (A. Ó.), að hún eigi þar ekki heima. Jeg held, að betra væri, að þessi færsla væri fyrirskipuð í sjerstökum lögum. Að þessi dagur er á þeim tíma, sem hann er, leiðir af sjer aflatjón, eins og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók fram, og þess vegna vil eg gjarnan færa hann á einhvern hentugri tíma, og væri það vilji deildarmanna, að taka breyt. till. þessa inn í frv., þá þætti mjer betur

eiga við. að valinn væri einhver annar dagur en allraheilagramessa, t. d. ákveðinn vikudagur, en ekki viss mánaðardagur, því að hann bæri þá stundum upp á sunnudag og væri þá óviðkunnanlegt, að tveir helgidagar fjellu þannig saman. Eg er samþykkur h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) að tímabilið kringum eða á undan 1. nóv. sje heutugt, en í staðinn fyrir allraheilagramessu vildi jeg leyfa mjer að stinga upp á, hvort ekki væri vel til fallið að hinn almenni bænadagur yrði helgur haldinn á föstudaginn síðastan í sumri, þá er slátt ur er fyrir löngu úti og hanstyrkjur að miklu leyti, en vetur fer í hönd. Eg sje ekki neitt því til fyrirstöðu, að bænadag urinn verði færður til, því að hann getur haft gildi sem almennur bænad gur eptir sem áður. Eg er því að þessu leyti, hvað færsluna snertir, samþykkur h uppástm. breyt.till (Á. Th.)

Þorleifur Jónsson: Eins og h. þingdm. er ljóst hafa komið fram mótmæli frá utanþingsmönnum gegn þessu frv., að því er snertir leyfi það sem veitingamönnum er heimilað til að selja vínföng á helgi dögum. Eg á við yfirlýsinguna frá klerkafundinum (synodus). Mjer finnst, að menn ættu ekki alveg að leiða þessa yfirlýsingu hjá sjer þannig, að nefna hana ekki. Mjer finnst rjettast, að álit manna um þetta atriði kæmi fram við umræðurnar hjer í deildinni. Eg fyrir mitt leyti álít engu meiri hættu fólgna í því, að veitingamenn megi selja áfenga drykki á helgum dög um, en rúmhelgum Eg gef þessa yfirlýsinga að eins frá mínu sjónarmiði. Annað atriði, sem kynni að verða haft á móti frv., er það, að eptir 1. gr. má vinna öll þau störf, er ekki hafa skarkala í för með sjer, því að þetta gæti — segðu menn — leitt til þess, að almennt yrði þess konar vinna unnin á sunnudögum, t. d. að verkmenn ynnu eins þá daga sem aðra o. s. frv., og lögin yrðu þannig til að íþyngja verkmönnum. Eg er ekki hræddur um, að þetta verði gjört að neinum mun fremur en áður hefur tíðkazt, og eg er enda sannfærður um, að sunnudagurinn verður hvíldardagur eptir sem áður. En ef það sýndi sig, að sunnudagurinn yrði eigi hafður fyrir hvíldardag, mætti seinna með nýjum lögum tryggja verkmönnum hvíld þann dag, eins og nú er sumstaðar gjört í útlöndum.

Jeg skal í sambandi við þetta minnast á sambandið milli 5. gr. og 7. gr. frv. Í 5. gr. eru bannaðar allar almennar skemmtanir eða athafnir, sem hávaði er að, til miðaptans, en í 7. gr. er aptur á móti leyft að halda almenna fundi, eptir að guðsþjónusta er afstaðin, þótt fyrir miðaptan sje. Þessi ákvæði í 7. gr. um almenna fundi skil jeg að eigi við alls konar fundi, og því megi halda t. d. alþingi, kosningarfundi, þingmálafundi o. s. frv., og þeir geta orðið hávaðasamir í meira lagi og verður þá að minu áliti 7. gr. nokkurs konar takmörkun á 5. gr. Eg álít rjettast, að það kæmi fram í umræðunum, hvernig skilja eigi sambandið milli þessara greina. Eg er yfir höfuð samþykkur breyt.till. nefndarinnar, og greiði atkv. mitt með þeim. En hvað snertir breyt. till. hins h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þá er eg mótfallinn því, að færa bænadaginn. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að hann yrði afnuminn; en verði honum haldið, vil jeg láta hann vera á sama tíma, sem hann nú er. Uppást. um afnám hans ætti annaðhvort að koma fram sem breyt.till. við þetta frv. eða þá í sjerstöku frv.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla ekki að vera langorður að þessu sinni. Jeg sje, að breyt.till. mín um færslu hins almenna bænadags á erfitt uppdráttar hjer í deildinni, og mjer kemur því ei óvart, þótt hún verði felld. Það hefur ekki verið vani minn, og eg held, að það verði varla sagt um mig með rjettu, að eg hafi ónáðað h. deild með mörgum óþörfum breyt.till. Eg hef stungið upp á föstum degi, fyrir hinn almenna bænadag; en þótt hann beri þá

stundum upp á sunnudag, hygg eg, að það verði ekki til mikils skaða eða háskalegra en þó hátíðisdag beri upp á sunnudag. Að öðru leyti held jeg ekki fastlega fram neinum vissum ákveðnum degi, eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni. Mjer hafði dottið hið sama í hug og h. þm. Rangv. (S. Á.), að tiltaka einhvern föstudag, talinn eptir vikum frá þrenningarhátíð, og eg er á sömu skoðun og hann um það, að föstudagurinn síðastur í sumri eða hinn fyrsti í vetri gæti verið tiltækilegur fyrir almennan bænadag. Eg sje ekki neitt því til fyrirstöðu, að þessi tillaga sje tekin inn í þetta frv. Flutningurinn á bænadeginum á sjerlega vel við í þessu frv. Jeg tjölyrði svo ekki frekar um þetta efni. Jeg veit að breyt.till. mín mætir mótmælum, en jeg hefði ekki ónáðað h. þingd. með henni, ef jeg vissi ekki, hve nauðsynlegt er að nota vortímann sem bezt, og láta eigi verkfall verða á honum um skör fram.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að minnast með örfáum orðum á færslu bænadagsins. Jeg hef áður stungið upp á föstudeginum síðasta í sumri, sem hinum heppilegasta degi, og eg get ekki álitið annað en að hann sje mjög hentugur sem almennur bænadagur. Um þann tíma árs eru altarisgöngur að haustinu til mest tíðkaðar, og síðan prestaköllum var slengt saman, eru opt strjálar messugjörðir á landi voru, svo að jeg álít gott og gagnlegt, að dálitið yrði bætt úr því, með því að bæta einum helgidegi inn á milli sunnudaganna á nefndu tímabili.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. við 1. gr. a. samþ. með 9 : 2, breyt. við 1. gr. b. samþ. án atkvg., breyt. við 1. gr. c. samþ. með 10 atkv.; 1. gr. þannig samþ. í e. hlj; breyt. við 2. gr. samþ. með 9 : 2; 2. gr. þannig samþ. með 9 atkv.; 3. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. við 4. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. gr. þannig samþ. í e. hlj.; breyt. við 5. gr. samþ. í e. hlj.; 5. gr. þannig samþ. í e. hlj.; breyt. við 6. gr. samþ. án atkvgr.; 6. gr. þannig samþ. í e. hlj.; breyt. við 7. gr. samþ. án atkvgr.; 7. gr. þannig samþ. í e. hlj.; breyt. við 8. gr. a. samþ. með 10 : 1, breyt. við 8. gr. b. samþ. án atkvgr.; breyt. till. Á. Th. (C. 144) felld með 6 : 4; 8. gr. samþ. með 10 atkv.; 9.—10. gr. samþ. í e. hlj. hvor; breyt. við 11. gr. samþ. án atkvgr.; 11. gr. samþ. með 10 : 1; 12. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um líkskoðun (C. 110, 135); 2. umr.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Nefndarálitið (C. 135) sýnir, að nefndin, sem kosin var til að íhuga frv. þetta, hefur ekki fundið ástæðu til, að stinga upp á að gjörðar verði margar nje miklar breytingar við það.

Breytingarnar eru eiginlega tvær. Hin fyrri er fólgin í því, að bætt sje inn í 1. gr. orðunum „nema um sjórekin lík sje að ræða“, með því að fyrir er skipað í 4. gr., að líkskoðun megi eigi fara fram fyrri en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu. Þetta þótti nefndinni óþarflega langt tímatakmark, þegar um sjórekin lík er að ræða. Hin önnur breyting nefndarinnar er fólgin í því, að breyta í 2. og 8. gr. $^1/_2$ mílu í 1 mílu, með öðrum orðum: setja inn, að læknir skuli fremja líkskoðanina, sje hann búsettur 1 mílu eða skemmra frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara á. Nefndinni þótti þetta í meira samræmi við meginreglu laganna.

Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við frv. Jeg tók það fram við 1. umr., að frv. inniheldur gagnlega og góða rjettarbót, og óska jeg að h. þingd. samþ. frv. með þessum breytingum, er nefndin hefur stungið upp á.

Júlíus Havsteen: Jeg kann ekki vel við breyt.till. þá, er h. nefnd hefur gjört við 2. og 8. gr. frv. um það, að setja inn á-

kvæði um, að læknir skuli fremja líkskoðunina, ef hann er búsettur allt að 1 mílu frá þeim stað, er líkskoðunin skal fram fara, — í stað þess að $^1/_2$ mílu takmark er sett í frv. stjórnarinnar. Jeg hygg að öllum muni vera það kunnugt, eins h. nefndarmönnum, að læknarnir hjer á landi hafa nóg að gjöra og nóg að ferðast í þarfir hinna lifenda, þótt ekki sje stækkað svæði það, er þeir eiga samkv. stj.frv. að ferðast yfir til að skoða hina dauðu. Úr því að líkskoðunarmenn eru settir á annað borð, virðist og öldungis eins mega trúa þeim til að fremja líkskoðunina í meira en $^1/_2$ mílu fjarlægð frá læknunum, eins og þar sem lengst er burtu frá þeim. Mjer heyrðist og vera eitthvert hik á h. framsögum. (E. Th. J.), þá er hann minntist á þessa breyt.till. Jeg vil því skjóta því til h. nefndar, hvort hún vill eigi falla frá þessari breyt.till.; h. nefnd mun vera kunnugt, að læknarnir hjá oss hafa nóg að gera og nóg að ferðast, þótt ekki sje að þarflausu aukið við það.

Framsögumaður (E. Th. Jónasen): Jeg get ekki orðið við þeim tilmælum h. 1. kgk. (J. H.), að taka aptur þessa breytingar uppást. Það vakti fyrir nefndinni, að æskilegast væri, að læknar gjörðu sem optast líkskoðunina, en af því að svo hagar til hjá oss, að slíkt getur ekki átt sjer stað nema innan vissra takmarka, þá má til að hafa aðra líkskoðunarmenn þar, sem líkskoðun þarf fram að fara langt í burtu frá bústað læknisins. Læknarnir hafa svo mikil ferðalög, að nefndin gat ekki álitið, að þeir mundu telja þetta eptir sjer, því að 1 míla er svo lítill vegur, hvort sem er á sjó eða landi.

Auðvitað gjörir nefndin þetta ekki að neinu kappsmáli, svo það er á valdi h. deildar, hvort takmarkið hún vill samþ., en nefndin verður að álíta, að betur eigi við, eptir meginreglu frv., að takmarkið sje 1 míla.

Júlíus Havsteen: Jeg vil leyfa mjer að spyrja h. framsögum. (E. Th. J.), vegna hvers þau lík, sem eru nálægt lækni, eigi að hafa meiri rjett til að læknir skoði þau, heldur en hin, sem eru lengra í burtu frá bústað þeirra. Jeg get ekki sjeð hina minnstu ástæðu til þess að auka læknunum erfiðleika og ferðalög, úr því að þessi Institution, „líkskoðunarmennirnir", er sett. Mjer virðist læknunum vera gerð óþarfleg fyrirhöfn með þessu og sem getur komið sjer illa, ef sóttnæmir sjúkdómar ganga og læknirinn hefur mörgum að gegna. Jeg skal taka til dæmis: Ef 2 menn koma á sama tíma til að sækja lækni, annar til að skoða lík en hinn til þess að vitja sjúklings, — með hverjum þeirra á þá læknirinn fara?

Landshöfðingi: Viðvíkjandi breyt. h. nefndar við 1. gr. um það, ef flytja megi lík burtu, þótt skilyrðanna um líkskoðun sje ekki gætt, get jeg eigi álitið að ákvæði 4. gr. gefi tilefni til þeirrar breyt., með því að optast munu ótvíræð merki til rotnunar og dauða sjást á þeim líkum, sem sjórekin eru. En jeg er hins vegar ekkert á móti breytingunni, og álít hana enda eiga vel við, með því að ef langt er til bæja, þaðan sem lík rekur af sjó, eins og á sér stað t. a. m. sumstaðar í Skaptafellssýslu, er mjög óhentugt að mega ekki flytja líkið heim til bæja, nema hin fyrirskipaða líkskoðun hafi áður fram farið.

En viðvíkj. breyt. nefndarinnar við 2. gr. og 8. gr. skal jeg taka fram, að það vakti fyrir stjórninni, að bezt væri að löggiltir læknar fremdu ætíð líkskoðunina og gæfu dánarvottorðin; en með því að slíkt yrði ómögulegt til framkvæmda, eptir því sem hagar til hjer á landi, varð að taka til vissa fjærlægð, sem læknirinn ætti að ferðast lengst í þessum tilgangi. Það sem sjerstaklega vakti fyrir stjórninni, þá er takmarkið var ákveðið $^1/_2$ míla, var það, að löggiltur læknir, sem ætti heima í kaupstað eða verzlunarstað eða fjölbyggðu þorpi, skyldi sjálfur hafa líkskoðun á hendi í

hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni, með því að þar býr tiltölulega fleira fólk heldur en á jafnstóru svæði annarsstaðar á landinu. Og þar sem þessum tilgangi er náð með $^1/_2$ mílu takmarkinu, veit jeg eigi, hvort fullkomin ástæða er til, að stækka það svæði, sem læknirinn á að ferðast um til líkskoðunar, frá því sem frv. tekur til. Annars getur það verið álitsmál.

Í dæmi því, sem h. 1. kgk. (Júl. H.) tók, ef 2 sæktu í einu lækninn, annar til að skoða lík, en hinn til sjúklings, getenginn vafi verið á, með hvorum þeirra læknirinn á að fylgjast: sjálfsagt vitja sjúklingsins. Jeg hygg að enginn læknir mundi vera í vanda staddur að ráða úr því.

En það er eitt atriði, sem jeg vil vekja máls á, og sem jeg hef veitt eptirtekt seinna. Það eru ákvæðin í 2. málsgr. 6. gr. um, að í ýmsum tilfellum megi eiga grafa lík, fyrri en lögreglustjóri hefur skoðað það. Það væri ef til vill ástæða til að breyta þessu á þann hátt, að ekki mætti grafa líkið fyrri en búið væri að skoða það af lögreglustjóra hálfu, því að ef langt væri að ferðast fyrir lögreglustjórann, þá veittist honum heimild til, að láta hreppstjórann skoða líkið. Reyndar er kveðið svo á síðar í greininni, að í sumum tilfellum grafa megi líkið án skoðunar lögreglustjóra, en það er þá bundið því skilyrði, að veðrátta banni eða aðrar orsakir náttúrunnar, svo að, þá er þess konar hindranir eru ekki til, verður lögreglustjórinn að takast ferð á hendur til að framkvæma skoðunina. Þetta er máska nokkuð hart, ef mjög langt er að fara, og væri því ef til vill ástæða til að setja inn ákvæði um, að lögreglustjóri geti falið hreppstjóra að skoða líkið í þessum tilfellum.

Jeg vil skjóta því til h. nefndar, hvort hún vill ekki taka þetta til yfirvegunar til 3. umr.

Grímur Thomsen: Viðvíkjandi mótbárum h. 1. kgk. þm. (J. H.), þar sem hann álítur að nægilegt sje, að settir líkskoðunarmenn fremji skoðunina, skal jeg henda honum á, að samkvæmt anda frv. þessa er það æskilegast, að það sjeu löggiltir læknar, sem líkin skoða. En sökum þess, hvernig hagar til hjer á landi, er eigi hægt að fylgja ætíð þessari megin reglu, og fyrir því þarf að skipa líkskoðunarmenn til þess að sjá um líkskoðunina þar sem læknir ekki nær til. Þessi breyting nefndarinnar er því fullkomlega í anda frv., að trúa betur löggiltum lækni heldur en settum líkskoðunarmönnum. Þetta er hugsunarrjett eptir frv.

H. sami þm. (J. H.) tók það dæmi, að 2 menn kæmu að sækja sama lækninn, annar til að skoða lík, en hinn til að vitja sjúklings, og sagði að hinn dauði hefði þá sama rjett til læhnisins sem hinn lifandi. *(Júl. H.:* Jeg sagði það ekki). En jeg skal benda h. þm. á, að þetta sama dæmi gildir jafnt, hvort sem ferðatakmark læknisins er ákveðið $^1/_2$ míla, eins og frv. stj. gjörir, eða 1 míla, eins og nefndin leggur til.

Jeg verð að álíta, að það hafi hjer lítið að þýða, hvort takmarkið er sett $^1/_2$ eða 1 míla, en mjer finnst það vera meira í anda frv., að hafa það takmark, sem nefndin hefur sett.

Júlíus Havsteen: Það er einungis stutt leiðrjetting, sem jeg vildi fá að gjöra. Jeg var aldrei að bera saman rjett hinna dauðu til læknisins við rjett hinna lifendu, heldur sagði jeg hitt, að það væri undarlegt, að gera upp á milli þeirra líka, sem væru langt í burtu frá bústað læknisins, og hinna, sem væru að eins í mílu fjarlægð frá honum, og úr því líkskoðunarmenn væru settir á annað borð, væri ekki ástæða til að auka að nauðsynjalausu ferðir læknanna, með því að gjöra þeim líkum hærra undir höfði, er væru innan einnar mílu í burtu frá lækninum, heldur en hinum, sem lengra væri í burtu frá honum.

Arnljótur Ólafsson: Úr því að h. nefnd

hefur gjört eina undantekning frá því, að líkskoðun þurfi að gjöra áður lík er flutt langan veg, sem sje: þá er um sjórekin lík er að ræða — vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hennar, hvort hún finnur eigi ástæðu til að gjöra einnig undantekning, þá er menn hafa orðið úti fjarri mannabyggðum, t. a. m. á Sprengisandi. Jeg veit að einn h. háttv. nefndarmanna er kunnugur þeim vegi. Hvort ætlast eigi h. nefnd til, að flytja mætti hann t. a. m. ofan í eitthvert „gil", ef hann yrði þar úti, án þess líkskoðun fari áður fram? því að, ef líkið er frosið, tel jeg vafasamt, að ótvíræð rotnunarmerki sjáist. Jeg álít yfir höfuð nauðsynlegt, að undanskilja og lík þeirra manna, er verða úti langt frá bæjum.

Framsögumaður (E. Th. Jónassen): Jeg hygg að h. 6. kgk. (A. Ó.) hafi verið fremur spaug en alvara með þessari ræðu sinni. Annars mun að jafnaði lík þeirra manna, sem úti verða á heiðum uppi, eigi finnast fyrri en ótvíræð dauðamerki eru komin á þau. Svo munu og fáir fara Sprengisand að vetrarlagi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. n. við 1. gr. samþ., fyrra atriðið með 8 atkv., hið síðara í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; br. n. við 2. gr. samþ. með 8 : 3 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 4.—7. gr. samþ. í e. hlj.; br. n. við 8. gr. samþ. með 8 : 2; 8. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 9. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 116, 144); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg hef komið með breyt.till. (C. 144) um það, að nema burt 18. gr. frv. Sú grein er orðrjett tekin upp úr hinum núgildandi kosningarlögum, en má eigi standa í þessu frv., ef frv. það, sem komið er fram um þingfararkaup alþingismanna, nær fram að ganga.

Á hinu sama þgskj. nr. 65 (C. 144) vil jeg biðja h. þingdm. að veita því eptirtekt, að prentvilla hefur slæðzt inn, nfl. á að vera 38. gr., en eigi 37. gr.

Bæði meðmælendur og mótmælendur frumv. þessa hafa verið á einu máli um það, að hjer væri að ræða um erfiðleika eða jafnvel ómögulegleika fyrir kjósendur að neyta kosningarrjettar síns, og tilgangur þessa frumv. er sá, að ráða bót á þessum erfiðleikum. Jeg hef engan andmælanda frumv. heyrt hafa þá skoðun, að frv. sje óhentugt og óhagkvæmt fyrir kjósendurna, heldur einmitt gagnlegt.

Nefnd sú, er sett var til að íhuga frumv. þetta í h. neðri deild á síðasta þingi, og sem komst að þeirri niðurstöðu, að ráða til að samþ. eigi frumv., kannaðist við það, að æskilegt væri að fjölga kjörstöðunum; það væri samkvæmt stefnu tímans og dæmi annara þjóða, til þess að kjósendur geti notað rjett sinn.

Aðalmótbára nefndar þeirrar var sú, að það mundi ókleyft fyrir þingmannaefnin af afla sjer skriflega meðmæli frá 2 mönnum úr meiri hluta hrepps hvers kjördæmis.

Önnur ástæða nefndarinnar var sú, að henni þykir varhugavert, að hægt skuli vera að þingmenn skuli kosnir með einföldum meiri hluta.

En — þessum ástæðum hefur eigi verið hreyft hjer í þessari h. deild á móti frumv., enda eru þær fremur ljettvægar. Það er ekki hægt að kalla það erfitt, ef 5 hreppar eru í kjördæmi, þótt þingmannsefni þurfi að útvega sjer 2 meðmælendur í 3 þeirra; eigi getur það heldur talizt veruleg mótbára, þótt kjósa megi þingmann með einföldum meiri hluta, með því að það er svo almennt við ýmsar kosningar og atkvæðagreiðslu, að einfaldur meiri hluti er nægilegur og er látinn ráða.

Jeg veit því eigi, satt að segja, hvar finna skal verulegar mótbárur móti frv. þessu. Eða ætli nokkur af andmælendum vilji segja, að það geti haft ill áhrif á landsmál, að kjósendur þurfa að ferðast stutt, til þess að geta notað atkvæðisrjett sinn? Eða ætli mönnum þyki það heppilegra fyrir úrslit þeirra, að einungis $^1/_3$ partur kjósenda mæti og kjósi menn til setu á alþingi?

Jeg býst við, að allir muni kveða nei við hinni fyrri spurningu, og jeg býst einnig við, að menn muni kveða nei við hinni síðari, að minnsta kosti allir þeir, er bera vilja þjóðarviljann fyrir sig, því að nú sem stendur, eptir hinum gildandi kosningarlögum, kemur vilji þjóðarinnar þannig fram, að af 6000 kjósendum láta að eins 2000 vilja sinn í ljósi, hinir 4000 láta engan vilja í ljósi, sitja heima þá er til kosninga kemur, og það af annari eða báðum þeim ástæðum: 1., örðugleika að sækja kjörþing, 2., hirðuleysi og hugsunarleysi um landsmál, og er hvorug ástæðan góð.

Jeg get ekki skilið að þingmönnum muni þykja það gott, að svona margir eru atkvæðalausir og áhugalausir um landsmál, og þetta frumv. miðar einmitt til þess, að bæta úr báðum þessum göllum: ljettir mönnum að koma til kjörþingsins og uppörfar menn með því til að taka meiri þátt í umhugsun og afskiptum af landsmálum.

En — jeg sje einn flokk manna, sem ástæðu hefur til, að amast við frv. þessu. Það er: þjóðkjörnir þingmenn og þingmannaefni. Þeim er með frumv. þessu gjört erfiðara fyrir, því að nauðsynlegt er fyrir þá að hafa tal af sem flestum kjósendum. Frumv. þetta knýr þá til þess. En — þá er og líklegt að þeir fái borgaða þá erfiðleika sína og fyrirhöfn. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók það fram við 1. umr., að þingmannaefni og kjósendur mættust augliti til auglitis. Það játa jeg fyllilega, og einmitt þetta frumv. miðar til, að svo verði, en jeg get ekki sjeð að nauðsyn beri til, að mót þeirra verði á kjörþinginu.

Jeg sje því eigi betur en að þetta frv. hljóti að auka áhuga almennings á landsmálum, með því að gefa sem allra flestum tækifæri til að koma á fundi og mæta á kjörstöðum. Enn fremur fá þingmannaefnin gott tækifæri til að sýna það í verkinu, að þeim er annara um hægð kjósenda sinna heldur en sína eigin hægð. Þetta gefst þeim ekki svo opt tækifæri til að sýna. Enn fremur gefst þeim tækifæri til að sýna það, að þeim er umhugað um, að vilji kjósenda sinna komi í ljós í sem fyllstum mæli.

Grímur Thomsen: Jeg hygg að svo vilji verða hjer sem optar, þá er breyta skal einhverju, að þótt breytingin sje af beztu rótum runnin, þá hættir mönnum of mjög við að einblína á aðra hlið málsins, en hin önnur hlið þess verður ekki nægilega íhuguð. Jeg sýndi fram á það við 1. umr. þessa frv., að líklegt er að fleiri kjósendur muni nota kosningarrjett sinn eptir frv. þessu heldur en nú á sjer stað; en í annan stað hefur h. flutningsm. (J. A. Hj.) sýnt mjer nú í ræðu sinni, að frv. er ekki í hag fyrir þingmannaefnin. (J. A. Hj.: Rjett!). Þingmannaefnin geta í fyrsta lagi ekki — sem að jeg þó verð að álíta alveg nauðsynlegt — borið sig saman við kjósendur sína nema að eins í einum hreppi, og þó gjörir 2. málsgr. 13. gr. ráð fyrir að á öllum kjörþingum kjördæmisins skuli menn mæla með og móti þingmannaefnunum. Við þessar umræður geta þingmannaefnin þannig eigi verið viðstaddir; hversu þungar sakir, sem kunna að verða bornar á þá, er þeim ómögulegt að bera hönd fyrir höfuð sjer. Hafi þingmannsefnið unnið eitthvert verk, geta menn fært það út á verri veg, — orð þau sem hann hefur talað geta menn snúið út úr og ranghermt, ósannar og uppspunnar sakir geta menn borið á

hann, — en hann er sjálfur hvergi nærri til þess að standa fyrir máli sínu og hrinda af sjer ámæli. Þetta hygg jeg að jafnvel h. flutningsm. (J. A. Hj.) sjálfur sjái, að er nokkuð hart aðgöngu fyrir þingmannaefnin. Í öðru lagi verður þingmannsefnið að ferðast úr einum hrepp í annan til þess að halda fundi með mönnum og reyna að útvega sjer sem flesta atkvæði, og og í þriðja lagi verður hann að hafa skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra, sem í kjördæminu eru, eins og stendur í 5. gr. Í Ísafjarðarsýslu t. a. m., í Árnessýslu, í Þingeyjarsýslu, í Rangárvallasýslu þarf þingmannsefnið þannig að útvega sjer 16—18 meðmælendur úr 8—9 hreppum. Þetta hygg jeg að allir sjái að muni verða erfitt fyrir þingmannsefnið, einkum fyrir ný þingmannaefni, sem menn þekkja ekki.

Jeg skal geta þess líka, að betra hefði verið að h. flutningsm. (J. A. Hj.) hefði borið sig saman við þá háttv. þm. í Nd. sem koma munu fram með ný kosningarlög, því að í stj.skrárfrv. því, er sú þingd. hefur til meðferðar, er í 21. gr. gjört ráð fyrir 12 þjóðkjörnum mönnum í Ed., ekki kosnum í kjördæmum, heldur um land allt eptir nýjum kosningarlögum. Jeg gjöri ráð fyrir að það frv. nái fram að ganga og þá kemur þetta frv. í bága við það.

Jeg hygg því að frv. þetta hafi litla von að fá framgang í h. háttv. Nd. nema h. háttv. flutningsm. þess (J. A. Hj.) beri sig saman við þá deild um nauðsynlegar breytingar á því.

Það eru og ýmsir annmarkar á hinum sjerstöku greinum þessa frv.; þannig undanskilur 4. gr. að eins Reykjavík ákvæðum frv. um yfirkjörstjórn, en 16. gr. undanskilur bæði Reykjavík og Vestmanneyjar sömu ákvæðum. Þetta er vangá sem þyrfti að laga.

Í 6. gr. er heimtað að koma fram með mótmæli gegn kjörgengi þingmannaefna og leyfðar umr. um það, en — árangur eiga þessi mótmæli og þessar umræður engan að hafa og kjörstjórn verður jafnt eptir sem áður að taka á móti atkv. til kosningar þeirra. Jeg vil því spyrja: Til hvers á þá að hafa slíkar umr., úr því að þær eru alveg þýðingarlausar?

Loks er einn höfuðgalli á þessu frv., og hann er sá, að þingmannaefnin þurfa ekki að fá einu sinni helming atkv. til þess að ná kosningu. Ef þingmannaefni eru mörg og kjörfundir linlega sóttir, geta þannig þingmenn verið kosnir með mjög fáum atkvæðum. Þetta vona jeg að h. háttv. flutningsm. verði að játa, að er stór galli. Það er meiri trygging í hinum eldri kosningarlögum, þar sem þingmenn þurfa að fá meira en $^1/_2$ atkvæða þeirra, sem greidd eru. Það er lítil trygging fyrir, að vilji kjósenda komi fram við kosningu, þar sem 3—4 þingmannaefni fá 7—8 atkv. hver, en sá sem kosinn er að eins einu atkv. fleira en hinir.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg skal ekki svara miklu upp á ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.); hún var ekkert annað frá upphafi til enda heldur en málfærslumanns vörn af hendi þingmannaefnanna. Það er um að gera að þeir hafi enga fyrirhöfn, gjöri ekkert, hugsi ekkert, nenni engu, til þess að afla sjer kosningar, heldur að erfiðleikarnir sjeu allir fyrir kjósendurna. Þetta er mergurinn í ræðu h. þm. og ekkert annað.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 6:4 atkv.; 2.—4. gr. samþ. með 6 atkv.; 5. gr. samþ. með 5 : 3 atkv.; 6. gr. samþ. með 6 : 5 atkv.; 7.—17. gr. samþ. með 6 atkv., br. við 18. gr. (C. 144) samþ. 6 : 1 atkv.; 19.—20. gr. samþ. með 6 atkv.; br. n. við 21. gr. samþ. 6 atkv.; 21. gr. samþ. með með 6 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Frumv. til laga um skaðabœtur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gœzluvarðhaldi o. s. frv. (C. 85); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um þóknun handa þeim, er bera vitni í opinberum málum (C. 81, 124); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. umræðulaust með 10 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 75, 141); 2. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin ráðið h. deild til að fallast á frv. Með frv. fylgja ýtarlegar ástæður fyrir því, og þess vegna þykist jeg ekki þurfa að taka neitt meira fram, hvað þetta mál snertir.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. samþ. m. 10 atkv.; 4. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tíundi fundur, þriðjudag 14. júlí, kl. 1 e. hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál (C. 139); frh. 1. umr.

Landshöfðingi: H. nefnd, sem sett var í þetta frv. í þessari h. deild, hefur yfir höfuð að tala tekið frv. þessu vel og lagt það til, að frv. verði samþykkt. Að eins hefur hún gjört eina verulega breyting á því, sem er í því fólgin, að takmarka nokkuð verksvið þessa lagafrv. Í stað þess að frumv. stjórnarinnar nær til allra almennra lögreglumála, leggur nefndin til, að frumv. nái að eins til mála, er höfðuð eru fyrir brot gegn löggiltum lögreglusamþykktum. Það er öldungis rjett hjá h. nefnd, að það eru hinar löggiltu lögreglusamþykktir, er gefið hafa tilefni til þess, að frumv. þetta er lagt fyrir þingið, og í ástæðunum fyrir frumv. er bent á nauðsynina til þess, að geta forðast málalengingar og vandkvæði önnur í meðferð nefndra mála, með því að líka má búast við, að þess konar mál verði tíð, en flest út af smáyfirsjónum. Ætti því ekki vel við, að gjörður sje út úr slíkum málum mikill rekstur; því að það yrði t. a. m. mikill rekstur og töf, ef lögreglustjóri á Ísafirði þyrfti að leyta samþykkis amtmanns suður í Reykjavík áður en hann gæti leitt þess konar smámál til lykta.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er ekki á móti því, að verksvið frv. sje takmarkað við brot gegn þess konar samþykktum, eins og h. nefnd hefur gjört. Jeg skal fúslega játa það, að það getur verið óskyggilegt, að láta ákvæði 1. gr. frv. ná einnig til brota gegn tolllögum, verzlunar- og siglingalögum, sóttvarnarlögum, fiskiveiðalögum o. fl., eins og nefndin tekur fram í áliti sínu. Það er máske borið nokkuð mikið traust til lögreglustjóranna, ef lögin eru látin vera svo víðtæk, og væri því ástæða til að fara ekki svo langt, með því að aðaltilgangurinn með frumv. næst fyrir því.

Jeg skal því eigi hafa neitt á móti breytingum h. nefndar, heldur miklu fremur mæla með því, að breyt.till. hennar fái fram að ganga.

Hinar aðrar breytingar h. nefndar eru að eins afleiðing af þessari aðalbreytingu.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Jeg gleðst mjög yfir því, að hæstv. ldsh. hefur tekið svo vel breytingum nefndarinnar við frumv. þetta. Jeg hef því hinar beztu vonir um að máli þessu sje borgið, sem nefndin óskar einnig að verði.

Hæstv. ldsh. hefur tekið fram, í hverju aðalbreyting nefndarinnar er fólgin og af

hverju sú breyt. stafar. Nefndinni þótti bæði undarlegt og óviðkunnanlegt, að breyta með þessu lagaboði ákvæðum margra eldri laga um refsingar fyrir brot, svo sem eru sektir frá lægsta takmarki til hins hæsta, og jafnvel eptir tolllögum að greiða þrefaldan toll auk sekta. Það væri því mjög varhugavert að gefa lögreglustjóra undir fótinn með að heimilt væri að láta hlutaðeiganda sleppa með eintóma aðvörun fyrir brot gegn slíkum lögum. Eins og kunnugt er, er auk annars mælt svo fyrir í 8. gr. laga 15. apr. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, að skip, sem koma hingað til landsins frá útlöndum, skuli hafa heilbrigðisskírteini útgefin af yfirvaldi þess staðar, er skipið fór síðast frá, og áritað af hlutaðeiganda verzlunarfulltrúa, ef nokkur er á staðnum, svo og farmskrá með árituðu vottorði verzlunarfulltrúa, og eru lagðar sektir við, ef út af er brugðið. Nú hefur það komið fyrir, að skipstjórar hafa vanrækt að hlýðnast þessu og hefur þeim reiknazt svo til, að þeir slyppu betur með því móti að borga sektina heldur en að hlýðnast fyrirmælum laganna, því sektarupphæðin væri lægri en gjald það, sem þeir hefðu þurft að greiða fyrir að fá heilbrigðisskírteini og áritun á farmskrá, einkum ef skipið er stórt. Þetta mundi nú að sjálfsögðu borga sig enn betur fyrir slíka skipstjóra, ef þeir gætu sloppið án sekta, að eins með áminningu. En til þess nú að slá loku fyrir þetta, kom brjef frá stjórnarráðinu fyrir nokkrum árum um, að hafa sektirnar svo háar, að það gæti ekki lengur borgað sig fyrir skipstjórana að svíkjast undan fyrirmælum laga þessara. Þá hafði stjórnarráðið þá skoðun, að beita bæri hærri sektum en hinum lægstu, sem ákveðin væri, en nú vill stjórnarráðið jafnvel láta menn sleppa með áminningar fyrir slík lagabrot.

En hitt er annað mál, að svona lagað frumv. á einmitt vel við um brot gegn hinum löggiltu lögreglusamþykktum. Þar er að jafnaði um mörg smábrot að ræða, og þótt lögreglusamþykktir sjeu enn þá til á fáum stöðum, má búast við að þeim fjölgi, t. a. m. að þær verði settar fyrir fjölmenn sjóarpláss. Svo gætu og lög þessi náð til fleiri laga, þar sem slíkt væri tekið fram í lögunum sjálfum, svo sem á sjer stað um helgidagafrv. það, er nú liggur fyrir þinginu.

Þetta er, eins og hæstv. landsh. hefur tekið fram, aðalbreytingin, sem nefndin hefur gjört á frumv. Það er mjög hægt að koma henni að, án þess að frumv. beri með sjer, að miklar breytingar hafi við verið gjörðar.

Jeg vil að lokum leggja með því, að frumv. þetta fái að ganga til 2. umr.

Fumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Frumv. til laga um kirkjugjald af húsum (C. 143); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 78, 141); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 143); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (C. 126, 144, 146); 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Þegar frumv. þetta var hjer fyrir til 1. umr., gat jeg þess, að jeg væri samþykkur þeim megintilgangi þess, að ákveða fast þingfararkaup, en að mjer virtust sumar upphæðir þess tilteknar of háar, og eins hitt, að þær væru á

sumum stöðum ekki í rjettu hlutfalli innbyrðis; fyrir því höfum við 2 þingmenn komið hjer fram með breyt.till. á þingskj. 72 (C. 146), til þess að bæta úr þessum tveimur göllum.

Þá er við sömdum breyt.till. þessar, gjörðum við áætlun um, hve marga daga hver þingmaður þyrfti til ferðar úr hverju einstöku kjördæmi. Þannig áætluðum við fyrir þingmann úr Strandasýslu 4 daga til hvorrar ferðar og að auki einn dag til að bíða fyrir þing og annan eptir þing, og þannig samtals 4+4+2 daga eða samtals 10 daga. Sama tíma ætlum við þingmönnum úr Húnavatnssýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu. Úr Skagafjarðarsýslu ætlum við alls að heiman og heim 12 daga, úr Eyjafjarðarsýslu 15, úr Suður-Þingeyjarsýslu 18, úr Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaptafellssýslu 21, úr Múlasýslunum 25 daga, o. s. frv.

Eptir að við höfðum gjört áætlun um þetta, lítum við á, hve marga hesta þingmaður úr hverju kjördæmi fyrir sig þyrfti; úr hinum fjarlægustu kjördæmum settum við borgunina fyrir hestinn 30 kr., 5 kr. fyrir gæzlu hvers hests hjer, o. s. frv.

Jeg hygg að við höfum alstaðar sett ferðakaupið fullhátt og svo sómasamlega mikið, að ferðin geti eigi orðið dýrari en þetta, þótt þingmaður ferðist með þeirri rausn, er honum sæmir, og megi því þess vegna vel una.

Jeg skal taka dæmi úr einhverju kjördæmi, t. a. m. Eyjafjarðarsýslu.

Ferðin fram og til baka auk hinna tveggja umgetnu biðdaga eru

15 dagar; 6 kr. á dag, eru . .	90 kr.
5 hestar, hver á 30 kr. . . .	150 —
Hestapössun 5×5 kr.	25 —
Fylgdarmaður í 13 daga, á 3 kr.	39 —
Alls	304 kr.

Við höfum því sett þingfararkaupið úr þeirri sýslu 300 kr.

Jeg skal geta þess til samanburðar, að það hefur áður komið uppástunga um, að borga þingmanni 20 kr. á dag fyrir hvern dag, sem hann er á ferð, að heiman og heim, og við höfum veitt því eptirtekt, að það kemur mjög líkt út eptir þeim reikningi því, sem við höfum fengið við það að reikna eptir þessari aðferð, sem við höfum brúkað.

Yfir höfuð er jeg sannfærður um, að æðstu embættismenn landsins ferðast varla dýrara heldur en hjer er gert ráð fyrir. Jeg skal svo ekki orðlengja meira um áætlanir okkar um landvegsferðirnar.

Okkur þótti það mjög ísjárvert, að ákveðin væri hin sama ferðakostnaðarupphæð, ef þingmaðurinn færi sjóveg. Jeg skal taka til dæmis úr Snæfellsnessýslu; þaðan er, eins og menn vita, að eins 12 kl.tíma ferð með skipi, en til landvegsferðar þaðan eru áætlaðar 200 kr. Þetta stingur strax í augun. Það er því okkar uppástunga, að hafa mismunandi þingfararkaup eptir því, hvort þingmaðurinn ferðast á sjó eða landi. Fargjaldið frá Stykkishólmi er eptir taxta hins danska gufuskipafjelags 6 kr., en 208 kr. eru áætlaðar þaðan eptir frumv. Þetta stingur svo í augun, að okkur fannst rjettast að hafa 2 dálka, annan fyrir ferðakostnaðinn landveg, hinn sjóveg. En alstaðar höfum við áætlað kostnaðinn langtum hærri heldur en eptir taxtanum, með tilliti til ferðarinnar til skips og frá því. Auk þess getur staðið svo á ferðum skipsins, að þingmaður þurfi að dvelja hjer í Reykjavík heila viku áður þing byrjar og ef til vill annað eins eptir þing, til að bíða skipsferðar. Sökum þessa höfum við sett fararkostnaðinn talsvert hærri heldur en hann er í raun og veru.

Við höfum svo stungið upp á því, að aptan við 3. gr. bætist, að þingfararkaupið ávísist af forsetum þingdeildanna. Þetta liggur nú máske í augum uppi, en betra fannst okkur þó að taka það fram í frumv.

með tilliti til þess, að ef þingmaður fer aðra leiðina sjóveg en hina landveg, ber honum hálft þingfararkaup eptir ákvæðunum um landvegsferð, en hálft eptir sjóvegsferð, og þá skera forsetarnir úr, hve mikið hann skuli fá, er þeir ávísa þingfararkaupinu.

Að lokum höfum við í 4 gr. ákveðið um það, ef alþingismenn eiga heima í útlöndum. Eins og menn sjá, er ekkert fastákveðið þingfararkaup í frv., þegar svo stendur á, og hygg jeg því að enginn geti haft á móti þeirri grein.

Að endingu skal jeg geta þess, að við prentunina hefur fallið úr krónumerki fyrir ofan dálkana; þar átti að standa:

Landveg.	Sjóveg.
kr.	kr.

Jeg treysti því, að h. deild taki þessum breytingartill. okkar vel.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki vera langorður í þetta sinn.

Jeg hef borið saman töluupphæðirnar eptir frv. því sem hér liggur fyrir og breyt.till. tveggja h. þm. og þótzt finna það, að töluvert væri að athuga við þessar breyt.till., — já, svo mikið að athuga, að jeg er hræddur um, að þingmenn úr sumum kjördæmum mundu ekki verða vel úti eptir ferðakostnaðarupphæðum þeim, sem ákveðnar eru í frv., sem eru nákvæmlega miðaðar við það sem landferðirnar kosta. Það getur þó ekki verið meiningin, að fjefletta þingmenn.

En vegna þess hve þeim ber mikið á milli uppástungumönnum frv. þessa og hinum 2 háttv. þingmönnum, er breyt.till. hafa gjört, álít jeg rjettast að falið væri nefnd að fjalla um þetta mál. En sökum þess að eigi er gerandi að hindra umræðurnar, þar sem málið er nú fyrir til 2. umr. og ýmsir hafa beðið um orðið, hygg jeg að mjög gott sje að komi fram till. manna í þessu efni, svo að nefnd geti haft stuðning í þeim tillögum, ef svo færi að hún yrði kosin. — Jeg ætla því eigi að stinga nú þegar upp á nefnd, en hef hugsað mjer að gjöra það áður en þessari 2. umr. er lokið.

E. Th. Jónassen: Frv. þetta er svo úr garði gjört, að jeg get ekki gefið því atkv. mitt. Jeg skal að sönnu játa það, að breyt.till. tveggja háttv. þingm. á þgskj. 72 bæta stórum frv., með því að þær gjöra þá aðgreining á sjóvegsferð og landvegsferð, sem er öldungis nauðsynleg. En eins og jeg var á móti því á síðasta þingi, að ákveða fast þingfararkaup, eins er jeg á móti því nú; jeg hef ekki getað breytt skoðun minni í því efni. Jeg hygg að rjettast sje og sanngjarnast, að halda því fyrirkomulagi, sem nú er, að nefndm anna kosin, af alþingi sjálfu, úrskurði reikningana; það fyrirkomulag álít jeg fulltryggilegt. Þess ber og að gæta, að ekki geta allir þingmenn ferðast jafn ódýrt. Það er t. a. m. ekki við því að búast, að amtmaður eða sýslumaður geti ferðast eins ódýrt eins og bóndi. Það verður að taka nokkurt tillit til stöðu alþingismannsins. Það er líka ósanngjarnt, að fastákveða þingfararkaup, vegna þess, að á ferðunum geta fyrir komið mörg ófyrirsjeð atvik, sem auka kostnað alþingismanninum, og sem sanngjarnt væri að borgaðist með ferðakostnaðinum. En sje ferðakostnaðurinn fastákveðinn, yrði þetta tap fyrir hlutaðeigandi þingmann.

Ennfremur virðist mjer það lýsa vantrausti til þingsins, að þurfa að setja fast þingfararkaup, því að það er í engu erfiðara að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna heldur en ýmislegt annað, sem þingið gjörir. H. Nd. felldi og þetta mál þegar það var síðast fyrir þinginu, — henni þótti ekki rjett að fastákveða þingfararkaupið.

Það er og ósamkvæmni í breyt.till á þingskj. 72, að því leyti sem hún gjörir ráð fyrir, að eptir sem áður þurfi að kjósa reikninganefnd, sem sje þá er einhver þm. er búsettur erlendis. Þetta er ósamkvæmni

að sumir þm. eiga að hafa fastákveðið þingfararkaup, en aðrir fái ferðakostnað borgaðan eptir úrskurðuðum reikningi.

Það ætti eitt yfir alla að ganga.

Það er færð ástæða fyrir frv. þessu óánægja alþýðu yfir því, að ferðakostnaður ýmsra þingmanna sje othár. En við þessu ætti einmitt reikninganefnd, kosin af þinginu, að geta gjört, þ. e. færa reikningana niður, ef þeir eru settir vitanlega of háir. Það er enginn annar vandinn, enda mun og komið hafa fyrir, að það hefur verið gjört.

Skúli Þorvarðarson: H. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) hefur fært svo góð og gild rök fyrir breyt. og viðaukatill. þeim, sem við höfum komið fram með, að jeg hef ekki neinu verulegu þar við að bæta. En þar sem h. þm. Rangv. (S. Á.) áleit, að þessar breyt.till. væru ekki sanngjarnari en frv. það, er hann ásamt tveimur h. þingdm. hefur gjörzt flutningsm. að, þá getur vel verið að svo sje; „sínum augum lítur hver á silfrið“ og svo er með þetta. Jeg ætla ekki að syngja sjálfum mjer neina lofdýrð fyrir þessa breyt.till., því að „sætt er lof í sjálfs munni“, segir orðtakið; en eitt dirfist jeg þó að segja tillögunni til hróss, og það er, að þær upphæðir, sem áætlaðar eru þar, fara miklu nær upphæðunum í reikningum þingmanna að undanförnu heldur en í frv., að því leyti, að tillögur okkar eru víða lægri, en hvergi hærri en fyrir farandi þingfararreikningar sýna. En í frv. eru áætlaðar eða settar næstum alstaðar hærri tölur en áður og það svo stórvægilega, — sumstaðar, án þess að rökstyðja það á neinn hátt. En aðalástæðan fyrir því, að jeg og hinn h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) gjörðum þessa breyt.till, var sú, að við felldum okkur betur við að fastákveða þingfararkaupið, heldur en hafa það eins og það er nú, sakir hinnar miklu óánægju manna yfir ferðakostnaðarreikningum þingmanna, eins og hinn h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) tók fram í ræðu sinni. Jeg get heldur ekki sjeð, að breyt.till. okkar gefi neitt tilefni til, að menn þurfi að verða óánægðari með hana, heldur en fyrirkomulag það, er verið hefur, heldur einmitt þvert á móti miklu ánægðari. En auðvitað má aptur á móti segja, að erfitt sje að ákveða fast þingfararkaup, svo að það verði fullkomlega sanngjarnt fyrir alla þm., og það skal jeg gjarnan játa; en jafnframt vil jeg þá leyfa mjer að geta þess, að bæði jeg og h. meðuppástm. minn (2. þm. Húnv., Þ. J.) höfum alls ekki flanað að þessu, eða byggt áætlanirnar í breyt.till. vorri í lausu lopti; en af ræðu h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) verður ekki sjeð, á hverjum ástæðum hann og meðflytjendur hans hafi byggt sínar tölur í þeirra frv. Aptur á móti hefur h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) tekið skýrt fram í ræðu sinni, á hverju við höfum byggt okkar tölur, svo að jeg sje ekki þörf á að tala frekar um það atriði. Jeg skal samt að eins leyfa mjer að geta þess, að við gjörðum ferðakostnaðinn úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu alveg jafnan, af því að við töldum vegalengdina til þings úr hvorri sýslunni miðri hjer um bil jafna. Að vísu er leiðin úr Suðurmúlasýslu, sje farið sunnanmegin, nokkru styttri en leiðin norðanmegin úr Norðurmúlasýslu, en hún er líka talsvert lakari yfirferðar sakir vatna og sanda. Úr Austur-Skaptafellssýslu ætluðum við þingmanninum 22 daga heiman frá sjer til þings og heim til sín aptur af þingi, og þar að auki 2 daga til undirbúnings fyrir og eptir þing. Fylgdarmanni ætluðum við 2 daga skemur. *(Júlíus Havstein:* Á hann að vera fljótari?). Já, hann þarf ekki að hafa neinn undirbúning til þings eða af þingi. Sex hestar reiknuðum við að mundu kosta 30 kr. hver og fyrir 8 vikna geymslu á þeim hjer um þingtímann reiknuðum við 8 aura um sólarhringinn fyrir hvern, og mun það láta nærri, eptir því, sem viðgengizt hefur hjer. Úr Vestur-Skaptafellssýslu

töldum við þingmanninum 10 daga og 2 daga til undirbúnings, 5 hesta með fylgdarmanni o. s. frv.

Ferðakostnaðinn úr Snæfellsness — Dala — Stranda — og Húnavatnssýslum gjörðum við jafnan, o. s. frv. Það mundi tefja um of tímann, ef jeg færi að gjöra grein fyrir áætlun okkar um land allt, enda er það óþarft, þar eð h. meðuppástm. minn (2. þm. Húnv.) hefur þegar tekið fram hið helzta í þessu efni. Eptir því sem okkur hefur reiknazt verður kostnaðurinn við þingförina víðast hvar minni, en breyt.till fer fram á, svo að þingmenn mundu alls ekki hafa neinn skaða af, þótt þessi breyt.till okkar næði fram að ganga. En hvort okkur hefur alstaðar tekizt að halda rjettu hlutfalli milli hinna einstöku kjördæma í því, að ákveða rjett vegalengdina, skal jeg ekki segja um, en við höfum haft allan vilja á því, að gjöra þetta svo samvizkusamlega, sem okkur framast var unnt. Það er mest undir því komið, hvernig h. deild tekur í þetta mál, hvort hún vill hafa fast þingfararkaup, eða ekki. Þetta er á valdi deildarinnar, og jeg skal ekki orðlengja meir um það.

Grímur Thomsen: Hvort heldur, sem jeg virði fyrir mjer frv. eða breyt.till., þykir mjer það hvorutveggja hafa allmikla annmarka. Jeg fyrir mitt leyti er mótfallinn allri breytingu í þessu efni, og vil helzt að allt standi við hið gamla, hvað þingfararkaupið snertir. Mjer finnst það satt að segja ganga nokkuð nærri sóma þingsins, að trúa hvorki þingmönnum til að semja rjetta reikninga, nje heldur nefnd inni, sem valin er til að endurskoða þá, til að lagfæra þá, sjeu þeir skakkir, og lýsa með því vantrausti til nefndarinnar um, að hún úrskurði þá með sanngirni. Mjer er alveg sama, þótt einhver óánægja yfir þessum reikningum hafi komið í ljós á sumum þingmálafundum eða í blöðum. Er nokkurt samband milli þingsins og þeirra? og ætti það ekki að meta meir sóma sinn, en þessar óánægjuraddir? Eða erum vjer skyldir til að beygja oss fyrir þessum löggjöfum? Það væri þó harla undarlegt, ef betur væri trúað dómum manna, er standa fyrir utan og eru málefninu því alls ókunnugir, heldur en nefnd, sem er kosin af alþingi sjálfu, og ef úrskurður þessarar nefndar ætti að gilda minna en órökstuddar raddir utan þings, hvort heldur sem þær koma fram í blöðunum, á þingmálafundum eða annarsstaðar.

Beri maður nú frv. saman við breyt. till., þá sjest bezt, hversu ráð manna er á reiki í þessu efni. Í frv. er þingmanninum úr Norður-Múlasýslu ætlaðar 728 kr. í ferðakostnað og fæðispeninga, en í breyt. till. eru honum ætlaðar 450 kr., eða nálega 300 kr. minna, og svona er víðar. Þetta er óskiljanlegur mismunur á skoðunum um sama efni. Hjer er ekkert tillit tekið til hins gamla ákvæðis um fæðispeninga handa þingmanninum (6 kr. um hvern dag á ferðinni til þings og af þingi), heldur er ferðakostnaði og fæðispeningum slengt saman í frv. og breyt.till., svona rjett út í bláinn, án þess nokkurt ráð sje gjört fyrir ófyrirsjeðum hindrunum, er fyrir þingmanninn kunna að koma á leiðinni. Jeg vil taka til dæmis, ef hann leggst veikur, eins og þm. V-Sk. fyrir skemmstu og liggur viku eða meira, þá fær hann samkv. þessu frv. enga ívilnun eða endurgjald fyrir það. *(J. A. Hjaltalín:* Misskilningur! *Júlíus Havsteen*: Nei. Alveg rjett!). Jeg skal taka annað dæmi. Einn þingmaður ætlar að fara sjóveg að norðan, en einhverjar tálmanir koma fyrir skipið, annaðhvort ís eða annað, svo að hann verður að fara landveg suður heiðar. Annar verður landsettur t. d. á Ísafirði eða Akureyri, og verður að fara landveg frá þessum stöðvum. Hvað þá? Eptir hverjum mælikvarða verður hans ferð þá reiknuð? Það er gott og fagurt að spara, en það verður að gæta hófs og skynsemi, í hverju sem er. Jeg finn enga ástæðu til að bregða nú út af hinni gömlu reglu, að

5 menn valdir af sameinuðu þingi endurskoði reikninga þingmanna og leiðrjetti þá, þegar þurfa þykir. Jeg hef sjálfur verið í þessari nefnd ásamt Einari Ásmundssyni í Nesi, og eg man það, að við færðum þá niður marga reikninga, ekki af því, að þingmenn hefðu *viljandi* reiknað sér ofmikið, heldur af því, að þeim var illa fyrir komið. Eg vil ennfremur benda á, hvort það sje ekki nokkuð ólögulegt og eigi fremur illa við, að afnema eina grein laga fyrir suma, en ekki fyrir suma. Í breyt. till. við frv. er nl. farið fram á, að eigi alþingismenn heima í útlöndum og fari þaðan til þings eða frá þingi, þá gildi um þá 37. gr. í kosningarlögunum 14. sept. 1877. En að öðru leyti er sagt, að grein þessi sje úr lögum numin, þótt auðvitað sje alveg eins hægt að reikna ferðakostnað þingmanna frá útlöndum eins og hér innanlands. Í útlöndum mundi verða hlegið að oss fyrir það að afnema lög fyrir einstaka menn, en halda þeim fyrir aðra. *(Margir:* Heyr!). Að síðustu tek jeg það upp, sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) minntist á, og leyfi mjer að stinga upp á að nefnd verði sett til að íhuga þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 6 : 3 atkv.

Sighvatur Árnason: Af því að jeg er einn í þeirra tölu, sem hafa borið fram þetta frv. um fast þingfararkaup, þá vildi jeg minnast dálítið á ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann sagði, að þingið setti blett á sóma sinn með því að staðfesta slík lög. Á þessa skoðun h. þm. get jeg alls ekki fallizt. Það á ekki betur við að fastákveða með lögum fæðispeninga þm. heldur en ferðakostnað þeirra. En einmitt vegna venjunnar má nú ekki hreifa því, að fastákveða ferðakostnaðinn. H. ræðumaður (þm. Borgf.) talaði mikið um þessa gömlu venju, sem ferðakostnaður þm. hefði að styðjast við, og það er satt, að hún er nokkuð gömul; en eg vil þá benda honum á enn eldri venju, og það eru lög forfeðra vorra. Þeir höfðu þingfararkaupið fastákveðið, og það ætti ekki að vera meiri vanvirða fyrir oss að hafa það svo, heldur en fyrir þá.

Hvað annmarka þá snertir, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) þótti vera á frv. og breyt. till., þá er það satt, að ýmislegt getur komið fyrir þingmanninn, sem hann hafi mikinn óhagnað að, verði þetta frv. að lögum. Fyrir þess konar sker verður aldrei siglt. Þessi vandkvæði, sem kynnu að spretta af því, ef þingfararkaupið yrði fastákveðið, eru líka þannig löguð, að þau gjöra í rauninni ekkert til, því hver og einn, sem annars hefur hug á að bjóða sig fram til þingmennsku, gengur þá að þingfararkaupinu vísu, hvernig sem ferðalagið gengur.

Ef farinn væri nú nokkurs konar miðlunarvegur milli þessara talna í frv. sjálfu og breyt.till., þá gæti að minni ætlun samkomulag fengizt í þessu efni. Jeg skal játa, að tölurnar í frv. eru sumstaðar heldur háar, en í breyt.till. munu þær aptur á móti vera heldur lágar. Ef menn kæmu sjer saman um að sjóða þetta tvennt saman, þá gæti komið fram sanngjörn tillaga um tvær upphæðir, sem þingmenn ættu að hafa í kaup, því að með því að slá þingfararkaupinu föstu, eiga menn að vísu að ganga, og þá er ekki lengur neitt um það að tala, hvorki utan þings né innan. Vilji svo til, að þm. verði fyrir einhverjum hnekki í þingför sinni, þá skal jeg taka það fram, að þingmenn fá yfir höfuð svo sómasamlega borgun fyrir þingför sína og þingsetu, að það munu varla vera dæmi til þess, að neinn hafi beðið svo mikinn hnekki, að hann ekki hafi orðið skaðlaus af þingför sinni. Einn þm. mig minnir h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) minntist á ferðakostnað þm. frá útlöndum, og að ekki væri gjört ráð fyrir honum í frv. Þetta er rjett; það er ekki tekið fram í frv. sjálfu, en í breyt.- eða viðaukatill. við það er vísað til 37. gr. kosningarlaganna 14. sept. 1877, og að hún eigi að

gilda, þegar um ferðakostnað þm. frá útlöndum er að ræða. Þessu atriði mætti líka slá föstu, svo greinin gæti fallið úr sögunni. Jeg vil mikillega mælast til, að h. þingdm. leitist við af fremsta megni að komast að einhverri niðurstöðu í þessu efni, og að þeir, sem vilja fá lög um þetta, komi sjer saman um ágreiningsatriðin, og ætti það að geta orðið við 3. umr. Eg skal ennfremur taka það fram, sem jeg minntist á í ræðu minni áðan, að jeg vildi gjarnan, að nefnd yrði sett í þetta mál. Jeg sje ekki annað en að það væri mjög heppilegt fyrir málið, eins og nú stendur á, þegar það er komið í þessa tvíbendu, sem það óneitanlega er í. En án nefndar má búast við að það fari í mola. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vil að lokum mælast til, að við, sem hlut eigum að máli að fylgja þessu fram, reynum að koma oss saman á einhvern hátt, til þess að fremur geti orðið von um, að málið fái heppileg úrslit.

Þorleifur Jónsson: Jeg greiddi atkv. móti því, að nefnd yrði sett í mál þetta, af því að jeg vildi láta ræða málið dálítið áður, en mín tilætlun var, að nefnd yrði sett síðar á fundinum, og sje jeg ekki neitt á móti því, að hún verði þá samþykkt.

Mótmæli þau, sem komið hafa fram hjer í deildinni, hafa að mestu leyti verið gegn því, að fastákveða þingfararkaupið, en ekki svo mjög gegn breyt.till. minni og 2. þm. Árn. (Sk. Þ.). H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gat þess jafnvel í ræðu sinni, að mig minnir, að breyt.till. væru til bóta við frv., og sama heyrðist mjer koma fram í ræðu hins h. þm. Borgf., sem sjerstaklega mælti móti frv. vegna þess, að það lýsti svo miklu vantrausti til þingmanna: þeim væri ekki trúað fyrir búa til rjetta ferðakostnaðarreikninga, svo að það væri ógjörningur og meira að segja óhæfa að fara fram á það, að slíkt frv. yrði að lögum. En hvað skal segja, þegar t. d. 200 króna munur er á reikningum tveggja þingmanna úr sama kjördæminu, og að sá sem á lengri leið að fara tekur miklu minni upphæð, en sá, sem skemmri veg þarf að fara, og þar fram eptir götunum? Er þetta ekki næg orsök til óánægju manna á meðal? Jeg *segi* ekki, að þingmenn hafi reiknað sjer meira en þeir hafa til kostað, þótt svo kunni að vera og þótt margt bendi á það stundum, en það er ekki nema eðlilegt, þótt alþýða manna vantreysti alþingi, þegar mörg dæmi lík því, sem jeg áðan nefndi, eru deginum ljósari. Jeg get varla skilið annað, en að hverjum þingmanni ætti að vera ljúft að losast við allar getsakir, stell og þras, er af þessu getur leitt, en við það losnaði hann, ef fastákveðið þingfararkaup kæmist á, því að þá hefur enginn neitt að kæra hann fyrir. Jeg verð einungis að taka það fram viðvíkjandi þessu vantrausti, að þingmenn eru menn, sem aðrir, og það getur verið freisting fyrir þá að setja reikninga sína nokkuð háa, þegar sú raun hefur orðið á, að þeir eru sjaldnast settir niður, heldur látnir haldast óbreyttir. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) gat þess reyndar, að hann hefði sett niður suma ferðakostnaðarreikninga þingmanna, og getur vel verið, að hann segi það satt. En ef sá og sá þingmaður, sem fært var niður hjá, hefði sjálfur verið í ferðakostnaðarnefndinni, mundi reikningurinn varla hafa verið færður niður, og einkum ef mikilsverður þm. hefði átt í hlut. Sami h. þm. (Gr. Th.) gat þess einnig í ræðu sinni, að á ferðinni gætu komið ýms atvik fyrir, er sanngjarnt væri að hlutaðeigandi þm. fengi borgun fyrir. Þessi atvik geta eins komið fyrir, meðan þingmaðurinn situr á þingi, og dettur þó engum í hug að láta hann fá meira fyrir það en hinar fastákveðnu 6 kr. Þingm. getur veikzt og þurft læknishjálpar meðan hann situr á þingi, en hann fær þó ekki meira en sínar 6 kr. um daginn. Ef þingsetukaupið, 6 kr. um daginn, er fastákveðið um þingtímann, þá get jeg ekki betur

sjeð, en að sama megi gilda um þingfararkaupið, að það sje einnig fastákveðið. Jeg skal taka það fram, að úr því að þingfararkaupið er einu sinni orðið fastákveðið, þá veit þm., að hverju hann gengur, og hann getur þá ekki talið það ranglæti, þótt hann fái ekki ýmisleg ófyrirsjáanleg atvik á þingför sinni borguð. Enn skal jeg jafnframt geta þess, að við, sem sömdum breyt.till. við frv., gjörðum einmitt ráð fyrir þessum atvikum, og höfðum því áætlunina sakir þess hærri en ella. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist ennfremur á, að það gæti komið fyrir, að þingm. yrði að ganga af skipi og fara svo landveg það sem eptir væri leiðarinnar, en breyt.till. er líka einmitt sett svo hátt um sjóvegsferð með tilliti til þess, að þetta komi fyrir, þannig, að við höfum ætlað þingmanni, er fer sjóveg, hjer um bil helmingi meira en hún í raun og veru hefur kostað, og sumstaðar enn hærra. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gat þess, að þessi regla um fastákveðið þingfararkaup yrði að gilda jafnt fyrir alla, og þá einnig um þingmenn, sem heima ættu í útlöndum, því að naumast er auðið að fastákveða þingfararkaupið frá útlöndum; með þingmenn frá útlöndum verður því að gjöra undantekningu frá þessu. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á, að það væri ólögulegt og meira að segja hlægilegt, að afnema lög fyrir suma, en láta þau gilda fyrir suma; en mjer er sama um, hverja skoðun hann hefur á því. Sje það „praktiskt“, er það gott og sjálfsagt, og hvað þetta snertir blandast mjer ekki hugur um, að svo sje, og þess vegna held jeg því fram.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal játa, að mjer fellur miklu betur við breyt.till. (þingskj. 72) en uppást. nefndarinnar eða frv. á þingskjali 43. Jeg hefi yfirfarið breyt.till. og borið ferðakostnaðinn, eins og hann er reiknaður þar, saman við kostnaðinn eins og hann er nú, og hefi komizt að raun um, að sá reikningur fari mjög nærri meðaltali, og að ferðakostnaður þm. mundi í raun og veru verða mjög svipaður því, sem þar er gjört ráð fyrir. Það er að segja upp og ofan. En ef eg svo ber saman breyt.till. við frv., verð jeg að játa, að jeg skil ekki þann mun, sem þar er á milli. Jeg skal taka t. d. 1. tölul., þingfararkaupið úr Norðurmúlasýslu. Í frv. er þingmönnum þaðan ætlaðar 728 kr. hvorum, en í breyt.till. 450 kr. landveg og 300 kr. sjóveg. Ef maður leggur nú þessar upphæðir í breyt.till. saman, verða það 750 kr., eða einungis 22 kr. meira en talið er í frv. Hjer er svo mikill munur á breyt.till. og frv., að þingmaðurinn getur samkvæmt breyt.till. farið bæði landveg og sjóveg nálega fyrir sama verð, sem hann fer að eins eina ferð eptir frv. Nú leyfi jeg mjer að spyrja: Af hverju stafar þessi mikli munur? Hvernig stendur á þessum mikla mismun á skoðunarhætti deildarmanna? Þegar sumir telja kostnaðinn við að fara sömu vegalengd næstum helmingi meiri en aðrir. Jeg get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hér sannist fyllilega orðtakið: „Sínum augum lítur hver á silfrið“, og að ómögulegt sé að koma með neinn *meðalmælikvarða*, sem átt geti við alstaðar, hvernig sem á stendur. Lögin eru ein föst regla; þau eru meðalmælikvarði bæði hins almenna og einstaklega; en engin ein fastákveðin regla, jafn sanngjörn fyrir alla, verður sett hvað ferðakostnað snertir, einmitt af því, að hann er svo mismunandi, allt eptir atvikum. Jeg skal taka til dæmis, að það er næsta mikill munur á, hvort þingmaðurinn er búsettur fjarst alþingi úr sínu kjördæmi, eða hann er búsettur næst því. Þetta getur munað miklu úr hinu sama kjördæmi, en hvorki frv. nje breyt.till. hefur getað tekið neitt tillit til þessa. Það lítur einnig svo út, sem mönnum sje ekki kunnugt, að það er opt mikill munur á því að fara sama veginn, eptir því hvernig viðrar, hver gróður er kominn, o. s. frv.

Þegar jeg fór til þings 1885 var ekki unnt að halda áfram lengur en 8 klukkustundir í sólarhring, því að gróður var þá svo lítill og færð víða hin versta. Svo er annað, sem einnig ætti að taka til greina og sem opt kemur fyrir, og það er, að þingmaður verði að ferðast langa leið til skips frá heimili sínu, ef hann ætlar sér að fara sjóveg. Jeg skal taka til dæmis, að heiman frá mjer (frá Sauðanesi) varð jeg nú að fara landveg til Akureyrar, af því ekkert skip kom á Vopnafjörð, sem er næstur heimili mínu af viðkomustöðum skipsins. Jeg fór því þriðjung leiðarinnar til þings landveg (frá Sauðanesi til Akureyrar), en hina tvo þriðjunga sjóveg, og yrði jeg þess vegna að reikna mjer eptir báðum tölunum í breyt.till.; en hvernig ætti jeg að fara að því? Þar vantar öll ákvæði um þetta. Einnig geta menn beðið stundum lengur stundum skemur eptir skipi, en ekkert tillit er tekið til þess, eða með öðrum orðum: þessi lagaregla í frv. og breyt.till. er, og hlýtur að vera, eins fyrir alla, hvernig sem á stendur, hvort þeir eru heldur ungir eða gamlir, hvort þeir ganga á trjeskóm til alþingis, eða þeir eru ekki færir um að ganga eina bæjarleið hjálparlaust. Það væri sannarlega gott og haganlegt, að hafa samjafnan mælikvarða fyrir alla, eins í daglegu lífi sem á þingi, ef það gæti gengið.

Jeg hef sjálfur sjeð einhvern hinn hæsta ferðakostnaðarreikning, og jeg vissi vel um, að þingmaðurinn hafði ekki einn eyri afgangs fram yfir kostnaðinn. En annar þm. úr sama kjördæmi, sem hafði talsvert lægri reikning, vissi jeg að varð vel skaðlaus. H. þm. Húnv. (Þorl. J.) gat þess, að menn væru óánægðir sakir þessara háu ferðakostnaðarreikninga eða þess mismunar, sem opt væri á reikningum tveggja þingmanna úr sama kjördæmi. En má jeg nú spyrja: Á að meta meira umkvartanir þeirra manna, sem ekkert þekkja, á hverju reikningarnir eru byggðir, heldur en úrskurð þeirra manna, sem hafa haft öll tildrög og ástæður reikninganna fyrir sjer, það er: úrskurð ferðakostnaðarnefndarinnar? Í fám orðum sagt: Ef menn ætlast ekki til þess, að kjósendur kjósi alla þingmenn í miðju kjördæmi, alla með sömu heilsu, á sama aldri og með sömu gerð, og í annan stað, að jafnan sé sama veðrátta, sama færð, sömu og jöfnu farartálmar, svo að allir kosti jafnt upp á sig, þá verður engin föst regla sett í þessu efni. Að síðustu verð jeg að geta þess, að mjer þykir undarlegt, að þjóðin skuli treysta þingmönnum fyrir öllum sínum málum, en hún treysti því ekki, að þeir sjeu svo óeigingjarnir, að þeir semji rjetta reikninga. Þetta kemur ekki vel heim. Jeg vil taka t. d. kjósendur, sem treysta þingmann sínum í öllu, treysta honum til að bera föðurlega fram allar þeirra óskir, jafnt talaðar og skrifaðar sem ótalaðar og óskrifaðar, en svo segja þeir: „En það er einn stórgalli á honum; hann er svo eigingjarn, að jeg trúi honum alls ekki til að reikna ferðakostnaðinn sinn rétt, og meira að segja, jeg trúi ekki alþ. heldur til að kjósa 5 manna nefnd, til að ábyrgjast að hann sje rjettur. Jeg elska þig, þingmaður góður“, segja þeir ennfremur hver um sig, „og jeg trúi þjer fyrir því, að sjá til þess, að alþingi leggi ekki neina tolla á eða neinar byrðir nje skatta; en jeg veit eigi nema þú reiknir þjer 2—3 kr. um of í ferðakostnað; þess vegna verðurðu að búa til lög um kostnaðinn; ella máttu vara þig“.

Jeg vona svo góðs til hins alkunna skarpleika h. þm. Húnv. (Þorl. J.), að hann sjái glöggt, að hér sé svo mikill mismunur á skoðunum sjálfra þingmanna á ferðakostnaði, og eins hitt, að kostnaðurinn hljóti að verða næsta ýmislegur eptir atvikum, svo að eigi sje auðið að ákveða með rjetti og sanngirni eina fasta reglu eður einn meðalmælikvarða.

Grímur Thomsen: Jeg hef tvennt að

athuga við ræðu h. þm. Rangv. (S. Á.) Hann minnti mig á, að þingfararkaup hefði verið ákveðið hjá forfeðrum vorum, en þess er að gæta, að þeir höfðu ekki þá aðferð að trúa mönnum fyrst fyrir að ákveða þingfararkaup sjálfir, en breyta því síðan, og skapa fast þingfararkaup. Annað er það, að þegar einn þingmaður er nú kosinn, þá er hann skyldur að koma á þing, en í fornöld var það yfir höfuð undir mönnum sjálfum komið, hvort þeir riðu til alþingis eður ei. Hitt er víst, að þeim datt ekki í hug að breyta ákvörðunum þeim, sem upphaflega höfðu gerðar verið í þessu skyni, meðan alþingi stóð við Öxará.

H. þm. Rangv. (S. Á.) og þm. Húnv. (Þ. J.) sögðu, að þó þingfararkaupið væri sett of lágt, þá vissu menn að hverju þeir gengju, er þeir byðu sig fram, að minnsta kosti ef engar óvæntar tálmanir kæmu fyrir á för þeirra til þings; en ef það er rjett, að setja lög svipuð þessum, þá er líka rjettast að afnema alla þingpeninga. Þá mætti eins segja, að þingmenn, vissu að hverju þeir gengu.

Ef þingm. væri ekki trúandi fyrir að gefa rjetta reikninga, þá mætti eins vel búast við því, að þingmenn úr næstu kjördæmum mundi koma gangandi til þings, til þess að geta stungið í vasa sinn þessari ríflegu þóknun, sem þeim er ákveðin; en það þætti mjer ekki þingmannlega gert.

Jeg álít, að allir þingmenn hafi viðlíka rjett til að ferðast sómasamlega, í hvaða stöðu, sem þeir eru, hvort sem þeir eru amtmenn eða bændur, og jeg vil ekki gefa tilefni til að þeir gerist húskar.

Jeg skal enn leyfa mjer að gera litla athugasemd við breyt.till. Mig furðar á, að víða er gert ráð fyrir ferðakostnaði sjóveg, en þó ekki alstaðar, þar sem ástæða gæti verið til þess.

Hví er ekki gert ráð fyrir ferðakostnaði sjóveg úr Gullbringu- og Kjósarsýslu? Jeg set svo, að þm. G.-K. búi á Útskálum, þá gæti hann hæglega farið til þings með „Faxa“. *(Þorl. Jónss.:* Það mundi muna litlu). Jeg get frætt h. þm. um, að fargjald með „Faxa“ er ekki nema 5 kr.

Eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, er munurinn á tölunum í viðaukatill. og frv. svo mikill, að það sýnir, að ekki er hægt að ákveða þingfararkaup fyrirfram rjettlátlega. Sjerstaklega sýnist mjer varhugavert að afnema dagpeningana. Þeir eru þó allt af nokkur uppbót fyrir þingmanninn, ef tálmanir koma fyrir og hann getur ekki haldið áfram ferð sinni.

Júlíus Havsteen: Það hefur verið lögð svo mikil áherzla á almenningsálitið, rjett eins og það væri hinn eini mælikvarði til að fara eptir. Þetta álit hefur komið út í blöðunum, og einn af vorum miklu þjóðmálagörpum hefur sagt, að þar væri tunga þjóðarinnar. Jeg hef tvisvar orðið fyrir því láni, að verða umtalsefni blaðanna út úr þingfararkaupi. 1887 var talað um mig í „Austra“. Þá fór jeg sjóveg heim, en hinir 2 samhjeraðsmenn mínir landveg. Af því leiddi, að þingfararkaup mitt var lægra en hinna. Þá var jeg lofaður, en þeir lastaðir; en hins alls ekki getið, hvernig vjer ferðuðumst. Í annað skipti var jeg tekinn fyrir í öðru blaði, 1889, en á annan hátt; þá hafði jeg hæstan ferðareikning, og þá varð jeg fyrir hnútukasti. Hvað hafði jeg unnið til saka? Jeg hafði með mjer fylgdarmann og 5 hesta, og auk þess varð jeg að senda flutning með strandferðaskipinu. Jeg veit það, að sumir þingmenn ferðuðust fylgdarlaust, sem varla voru færir um það, og naumast hefðu komizt ferða sinna, ef þeir hefðu ekki notið annara að.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að tala mikið um frv. Jeg hef áður talað móti því. Breyt.till. miðar til þess að innleiða óhæfilega „censur“, sem er gagnstæð þeim grundvallarreglum, sem eiga að ríkja í frjálsu landi.

Að endingu er þess og að gæta, að 6

kr. eru ekki eins mikils virði nú, eins og þegar þingpeningarnir voru ákveðnir. Jeg vona, að ef þetta frv. kemst hjeðan úr deild, að það fái ekki betri útreið í h. N-d. en sams konar frumvarp 1887.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín:) Það var sannarlega gaman að hlusta á þessar umræður og hita manna yfir fast ákveðnu þingfararkaupi; en jeg skil ekki í því, að þar sem menn eru svo æstir, að segja, að það sje gengið nærri sóma þingsins með því að ákveða fast þingfararkaup, þá skuli enginn hafa haft móti því að dagpeningar sjeu fast ákveðnir. Vita hinir h. mótmælendur ekki, hvað menn þurfa misjafnt að borða? Sumir þurfa lítið, aðrir geta ekki komizt af, nema með mikið. Vita þeir ekki, að sumir eru kræsingamenn, en aðrir gera sig ánægða með mjög einfaldan kost? Auk þess eru dagpeningarnir endurgjald til þingm. fyrir það, að þeir verða að vera burt frá heimili sínu, en mikill munur er á, hvað það kostar einn og hvað það kostar annan. Sama sanngirni eða ósanngirnin kemur því fram í dagpeningum og þingfararkaupi. *(Arnlj. Ól.:* Því minna, því betra). Þeir hefðu því heldur átt að koma með þá breyt.till., að engir dagpeningar væru ákveðnir, og hver þingmaður gæfi reikning fyrir þeim kostnaði, er öll þingferð hans hefði í för með sjer fyrir hann, er lagður væri fyrir nefnd til íhugunar.

Mjer hefur verið sagt, að það hafi komið fyrir, áður en jeg kom á þing, að nefnd sú, sem fjallaði um þingfararkaupsreikningana, hafi sent reikninga sumra þingmanna til þeirra aptur, af því að þeir hafi verið of lágir í samanburði við aðra. Sögumennirnir verða að ábyrgjast, hvort þetta er satt, en vantraust hlýtur að vekjast á þeirri nefnd, sem þess konar sögur berast út af. Jeg sje ekkert óttalegt við það, að þingfararkaup sje goldið eptir sömu reglum sem dagpeningarnir. Mjer finnst frv. gera betra samræmi en verið hefur, eða því hafa menn á móti því? Þykja þeim tölurnar of lágar? Sje svo, því koma þeir þá ekki með breyt.till. til að hækka þær? Sjeu þær of háar, þá má lækka. Að sómi þingsins sje í veði, skil jeg með engu móti. Svo að menn orðlengi þetta ekki framar, þá nota jeg mjer leyfi þingskapanna og sting upp á nefnd í málinu.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. með 6 atkv. og kosnir:

Jón A. Hjaltalín með 6 atkv.
Sighv. Árnason — 5 — og
Friðrik Stefánsson — 4 —

(eptir hlutkesti). 2. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept 1877 (C. 145); 1. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg vil fyrst geta þess, að dálítil ritvilla er í 4. gr. frv. Þar stendur milli sviga 9. gr., en á að vera 1. gr. Ennfremur skal jeg geta þess, að ef frv. fær framgang, þá hef jeg í huga að skýra dálítið betur við 2. umr. það sem stendur milli sviga í 1. gr.

Það er alkunnugt, að eptir núgildandi fyrirkomulagi ná kjörskrárnar gildi 1. júlí, og það er líka kunnugt, að opt þarf að kjósa menn til þings á vorin, og að þær kosningar hljóta venjulega að fara fram í júní. Þá vantar að eins 10—20 daga til þess, að nýju kjörskrárnar nái gildi, og verður því að nota gömlu kjörskrárnar, sem þá eru orðnar ársgamlar, eða öllu heldur $1^1/_3$ árs.

Þá er það eðlilegt, er slík kosning fer fram á vorin, í stað þingm., er andazt hafa eða sagt af sjer þingmennsku, eða til aukaþings, eins og átti sjer stað 1886, að kjörskrárnar verði ekki í sem beztu lagi eða á eptir tímanum. Á þeim standa dauðir menn og burtviknir, en í þessa stað ýmsir menn komið í sveitina og búið þar 1 ár, en geta þó ekki notað kosningarrjett sinn, af því kjörskráin, sem kosið er eptir,

er svo langt á undan tímanum. Til að bæta úr þessum galla á kosningarlögunum hef jeg komið fram með frv. þetta.

Eins og h. deild sjer, er breytingin ekki stór, en tekur þó til fjögra gr. í kosningarlögunum. Hjer er hinn ákveðni tími í kosningarlögunum til undirbúnings og endurskoðunar kjörskránna færður frá marzmánuði til loka til febrúarmánaðar, til þess að tíminn verði hjerumbil jafnlangur og áður til undirbúnings kjörskránna; þó að kjörskrárnar komizt í gildi í fardögum (6. júní), þá getur kosning fram farið í tækan tíma eptir hinum nýjustu kjörskrám, nefnilega í fyrri hluta júnímánaðar. Mun jeg svo ekki fara fleirum orðum um frumv. á þessu stigi málsins.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Ellefti fundur, miðvikudag 15. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi nema 2. og 4. kgk. þm. (E. Th. J. og Á. Th.), er höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 94, 125, 144); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Af því máli þessu byrjaði svo vel hjer við 1. og 2. umræðu hjer í deildinni, sje jeg ekki ástæðu fyrir mig til að tala meira fyrir því nú; það talar fyrir sjer sjálft.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hl. og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til laga um líkskoðun (C. 157, 164); 3. umr.

Grímur Thomsen: Jeg skal geta þess, að framsögum. þessa máls, h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), hefur beðið mig, sín vegna, að taka að mjer framsögu málsins.

Að öðru leyti hef jeg ekki neitt frekara að taka fram í þessu máli, en skal einungis geta þess, að breyt.till. nefndarinnar er komin fram af þeirri ástæðu, að það hæglega getur komið fyrir, að lögreglustjóri sje hindraður frá að gjöra líkskoðunina, og sje því alveg nauðsynlegt að fela hreppstjóranum þennan starfa. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að hjer gæti verið spurning um önnur lík, en sjórekin, sem sje lík manna, er orðið hefðu úti; en hjer er engin breyt.till. komin fram, og því óþarft að fara lengra út í það. (*Arnlj Ól.:* Jeg ætlaðist til, að breyt.till. kæmi frá nefndinni).

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 164) samþ. í e. hlj., frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept 1877 (C. 159); 3. umr.

Friðrik Stefánsson: Þó jeg hafi fúslega greitt atkvæði mitt með frv. þessu, hef jeg samt eigi áður gjört grein fyrir skoðun minni á því, en vil nú gjöra það með fáum orðum. Jeg hef opt og á mörgum stöðum heyrt menn taka það fram, að þó við hefðum allfrjálsleg kosningarlög, þó gætu þau þá eigi náð tilgangi sínum vegna þess, hvað langt væri til kjörstaðarins. En það er kunnugt, að á sumum stöðum ganga 3—4 dagar til þess, og þaðan af lengri tími, enda hefur afleiðingin orðið sú við síðustu kosningar, að af fullum 6000 kjósendum á landinu hefur kosið tæplega $^1/_3$ hluti. En gangi þetta frv. fram, þá bætir það mikið úr; komist það gegn um þingið og fái staðfesting konungs, þá er jeg viss um, að landsmenn mega þakka bæði þingi og stjórn fyrir þessi kosningarlög. Mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn þessu frv., virðast mjer yfir höfuð hafa lítið að styðjast við. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) áleit, að þingmannaefnunum væri gjört of erfitt fyrir eptir þessu frv.; en þetta get jeg ekki sjeð, því

þingmannaefnin hljóta að halda undirbúningsfund við kjósendurna fyrir kjörþingið, og á þeim fundi geta þeir fengið tvo menn úr hverjum hrepp í sýslunni, eða úr flestum hreppum hennar, en geti þeir það eigi, sjá þeir þegar fyrir forlög Kartagóborgar. Enn fremur tók sami h. þm. það fram, að þingmannaefnin gætu eigi verið við kosningar nema á einum kjörstað, og gætu því eigi borið af sjer ámæli og áburð mótstöðumanna sinna; þessu vil jeg svara því: „verum ekki ordsjúkir“, enda verða meðmælendur þingmannsefnisins eða þingmannaefnanna tveir til staðar á hverju kjörþingi, og skyldu menn ætla að það væru færir drengir til að bera af þingmannsefninu áburð mótstöðumanna hans. Líka tók sami h. þm. það fram, að ske mætti, að ekkert af þingmannaefnunum fengi yfir helming atkvæða; þetta get jeg ekki skilið, en þó svo væri, verða þeir þó að öllum líkindum kosnir með fleiri atkvæðum en hingaðtil hefur átt sjer stað; það lítur annars svo út, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) vilji láta þingmannaefnin ná kosningu „með skyndiráðum og skjótum atburðum“. Að lyktum vil jeg taka það fram aptur, að jeg álít, að allir hljóti að viðurkenna, að yrði þetta að lögum, þá sje það sanngjarnara og rjettlátara, að gjöra 6000 kjósendum á landinu hægra fyrir en verið hefur, þó 30 þjóðkjörnir alþingismenn hefðu máske nokkru meira fyrir en nú á sjer stað.

Grímur Thomsen: Þetta mál hefur verið talsvert rætt hjer í deildinni; en jeg ætla þó að gjöra nokkrar athugasemdir við það. Flutningsm. þessa máls, h. 6. kgk. þm. (J. A. H.), lagði smiðshöggið á við umræðu málsins, þar sem hann ætlaði mjer þá hugsun, að þingmannaefnin ættu ekkert að hafa fyrir því að ná kosningu, ættu engu að nenna, og ekkert að gjöra, en þó þetta ekki væri meining mín, skal jeg þó taka það fram, að það situr ekki á kgk. þingmanni, sem fyrirhafnar- og kostnaðarlaust nær kosningu, að lá þjóðkjörnum þingmannaefnum það, þó þeir óski að ná kosningu á þing með sem minnstum kostnaði.

Út af því, sem h. þm. Skagf. (Fr. St.) tók fram, skal jeg leyfa mjer að benda á tvær sýslur. Það er Ísafjarðarýsla og Skaptafellssýsla. Í Ísafjarðarsýslu þurfa þingmannaefnin sumstaðar að ferðast sjóveg, sumstaðar landveg, til þess að komast um hreppa sýslunnar; fyrir skipið þarf sumstaðar að gefa 12 kr., og yfir höfuð verður kostnaðurinn til að ná kosningu fyrir þingmannsefnið að minnsta kosti 50 — 100 kr.

Þá er Vestur-Skaptafellssýsla, sem nær frá Jökulsá á Sólheimasandi til Jökulsár á Breiðamerkursandi; þar eru mörg og stór vatnsföll, Hólsá, Sandvatnið, Eldvötnin tvö, Skeiðará, Núpsvötnin o. fl., sem þingmannaefnin þurfa yfir að fara, og útheimtir það ekki alllítinn kostnað, og það, sem verra er, þá eru þau mjög hættuleg yfirferðar. Jeg, sem er orðinn gamall, þó mig langaði til að ná kosningu, þá vildi jeg ekki leggja það á mig. H. þm. Skagf. (Fr. St.) gat þess og, að kosningarfundir mundu verða betur sóttir; en það er engan veginn víst, að svo verði, enda er meðmælendum þingmannaefnanna hvergi í frv. gjört að skyldu, að mæta á kjörfundunum; það gæti vel komið fyrir, að kjörfundirnir t. d. um heyskapartímann á góðum þerridegi, eða í sjávarplássum, þegar góðar eru gæftir, yrðu þunnskipaðir, og kátlegt væri það, ef það kæmi fyrir, að kjörstjórnin ein kæmi á kjörfund. Jeg játa það, að frv. vill stuðla að því, að áhuginn á kosningunni verði meiri eptir en áður; en með lögum er ómögulegt, að útvega meiri áhuga á kosningunni; áhuginn á kosningum verður að komast inn í meðvitund þjóðarinnar. Jeg sakna þess í frv., að þingmannaefnunum ekki er gefinn kostur á að gefa yfirlýsingu um skoðanir sínar, eða að verja hendur sínar. Jeg veit

að bæði á Englandi og víðar er kosið á mörgum stöðum; en þar koma öll þingmannaefnin fram á einum aðalkjörfundi og gefa yfirlýsingar á skoðunum sínum, og það, sem þingmanannefnin hafa talað, sjest þar á ofan sama dags kveld þar á prenti, svo fjarverandi kjósendur geta kynnt sjer skoðanir þingmanns síns. Jeg er líka hræddur um, að frv. efli hreppapólitík. Sem dæmi upp á það, skal jeg taka fram: Kjördæmið hefur fleiri hreppa, suma stóra, með mörgum atkvæðum, aðra litla, með fáum atkvæðum; þingmannsefnið reynir til að fá atkv. í þeim hrepp, sem hefur flest atkv., tekst það, og getur þannig náð kosningu, þó hinir hrepparnir ekkert atkv. gefi honum. Jeg óska þess, að nærgætni sú, og sú góða hugsun h. flutningsm. fyrir hag kjósendanna, næði einnig til þingmannaefnanna, því það hlýtur þó að vera ósk hans, að sem flestir nýtir menn bjóði sig fram til þingmennsku; en því miður munu erfiðleikarnir við að bjóða sig fram til þingmennsku eptir þessu frv. verða því til fyrirstöðu, að aðrir bjóði sig fram, en ungir menn og hraustir.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg hef ekki mörgu að svara h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Þau mörgu dæmi, sem hann hefur komið með, til að reyna að fella frv. um koll, sýna, að hann einungis lítur á aðra hlið málsins. Hann hefur rjett til þess, og honum verður það ekki bannað; en hvað spár hans snertir, þá er það hulið, hvernig þær munu rætast. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að nái þetta frv. fram að ganga og verða að lögum, þá muni þeir verða fleiri, sem hjer eptir munu kjósa en hingaðtil hafa kosið. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) var hræddur um, að fjölmennustu hrepparnir mundu ráða þingmannakosningum, en jeg get sagt honum það, að það optlega hefur komið fyrir, að það hafa verið næstu hrepparnir við kosningarstaðinn, sem gjört hafa úrslitin við kosningarnar, og jeg man enda dæmi til þess, að þingmaður hefur verið kosinn með 6 atkv. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

Sighvatur Árnason: Það er búið að ræða mikið um þetta mál, bæði með og móti, og skal jeg einungis geta þess, að þó jeg engan veginn sje ánægður með frv., þá ætla jeg samt að gefa því atkvæði mitt. Jeg álít það rjett, að málið komist til h. Nd., svo henni gefist kostur á að meðhöndla það eptir vild sinni, með því líka að hjer er nú þokkalegt og þrifalegt í þessari h. deild, svo að jeg vil ekki blóðga gólfið að svo stöddu.

Grímur Thomsen: Það er að eins ein lítil athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra við ræðu h. flutningsm. (6. kgk. þm., J. A. H.). Hann sagði, að kjósendur úr næstu hreppum við þingstaðinn kysu vanalega þingmanninn, en fjarlægari hreppar tækju litlan eða nær engan þátt í kosningunum. Jeg get sýnt h. þm. dæmi upp á hið gagnstæða. Þegar jeg bauð mig seinast fram í Borgarfirði, þá bauð einnig einhver hinn helzti bóndi sýslunnar, Þórður á Leirá, sig fram, og hann hafði með sjer alla kjósendur í Mela- og Leirársveit, þeirri sveit, sem kjörstaðurinn (Leirá) var í. En hvernig fór? Jeg var kosinn þingmaður og fjekk einmitt flest atkvæði úr Hálsasveit og Reykholtsdal, þ. e. jeg var kosinn af þeim, sem áttu heima lengst í burtu frá þingstaðnum. Þetta sýnir, að sú regla, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. H.) sagði að tíðkaðist við kosningar hjer, er ekki undantekningarlaus. *(J. A. Hj.:* Það er hún auðvitað ekki).

Skúli Þorvarðarson: Jeg lít á þetta mál nú eins og jeg gjörði við 1. umr. þess. Jeg vil meta meira hagræði það, sem frv. þetta skapar kjósendunum, heldur en örðugleika þá, sem þingmannaefnin hafa við það, að geta náð kosningu í kjördæmunum.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) lagði alla áherzluna á dýrleika þann og erfiðleika,

sem frumv. bakaði þingmannaefnum á vissum stöðum, ef þeir ætluðu að ferðast um allt kjördæmið og koma sjálfir í hvern hrepp. Það er eins og ómögulegt sje fyrir þingmannaefni og kjósendur, að talast orð við á pappírnum. Jeg hygg þó, að ekki sje ótítt, að þingmannaefnin skrifist á við kjósendur sína og undirbúi kosninguna á þann hátt. Þennan undirbúning geta þingmannaefni haft eins eptir þessu frumv. eins og nú er tíðkað, og jeg vil jafnvel segja, að slíkur undirbúningur getur haft meiri þýðingu heldur en það, þótt þingmannaefnin mæti á sjálfum kjörfundinum, með því að kjörfundirnir eru opt svo fámennir.

Viðvíkjandi hinni síðustu athugasemd h. sama þm. (Gr. Th.) um, að ekki væri það ætíð hinir næstu hreppar við kjörstaðinn, sem mestu rjeðu um kosningarnar til alþingis, eptir þeim lögum sem nú gilda, skal jeg leyfa mjer að taka fram, að þótt svo hafi farið í Borgarfjarðarsýslu, sem h. þm. skýrði frá, þá mun hitt þó vera aðalvenjan, að hinir næstu hreppar við kjörstaðinn ráði mestu um kosninguna, eins og líka gefur að skilja.

Sem sagt, jeg greiði óhikað atkv. með frumv. þessu, því að bæði er það, að þingmannaefnunum er ekki ómögulegt að lýsa skoðunum sínum á þingmálum fyrir kjósendunum, þótt þeir geti ekki verið sjálfir viðstaddir á kjörstöðunum alstaðar, og eins er hitt, að jeg verð að meta það mest, að með frv. þessu er kjósendum gefinn svo greiður og hægur aðgangur til að nota kosningarrjett sinn. Það er því full ástæða til að vænta þess, að afleiðingin af því, að gjöra kjósendum hentugri kosningarnar með því að fjölga kjörstöðunum, verði sá, að kjósendur fjölmenni meir en nú gjörist til kosninga, og að fleiri atkvæði verði til þingmannakosningar heldur en nú er tíðast.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk 4 nafngreindra þingmanna, og sögðu:

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Grímur Thomsen,
Þorleifur Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Arnljótur Ólafsson,	L. E. Sveinbjörnsson.
Friðrik Stefánsson,	
Sighvatur Árnason,	
Skúli Þorvarðarson.	

Frumv. síðan afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 75, 141); 3. umr.

Skúli Þorvarðarson: Af því að meðnefndarmenn mínir eru ekki á fundi, þá stend jeg að eins upp til að hafa orð fyrir frumv. á síðasta stigi málsins. Jeg vil vona, að það fái góðar undirtektir hjá deildinni, og legg til, að það verði samþykkt eins og það kom frá stjórninni. Eins og sjá má af nefndarálitinu (C. 141), höfum vjer einnig ráðið deildinni til að fallast á það óbreytt, því að vjer fundum ekki neina ástæðu til að breyta því.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og síðan afgreitt til Nd.

Tólfti fundur, fimmtudag 16. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku (73, 119, 153, 178); frh. 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Eins og h. deild sjer á nefndarálitinu (C. 153) hefur nefnd sú, er kosin var í þessu máli, klofnað, og ástæður meiri hlutans eru teknar fram í nefndarálitinu nógu greinilega til þess, að h. deild sjer, hverjar ástæður hafa valdið því, að nefndin hefur ráðið til að breyta 2. gr. frv. Annars sje jeg á öllum lotum, bæði þegar jeg lít á breyt.till. frá 2 þingmönnum, og svo til-

lögu minnihlutans, og jafnvel ýmsu öðru, að breyt.till. okkar meiri hlutans í nefndinni muni ekki eiga upp á pallborðið í þessari h. deild.

Jeg skal því að svo stöddu ekki fara fleirum orðum um þær.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að það væri varhugavert fyrir alþingi — og þá eins þessa h. deild, — að hreyfa mikið við þessu frv., ef það væri meining þingsins að fá því framgengt, því að stjórninni er það ekkert kappsmál, að það verði að lögum. Þeir, sem það er kappsmál, að frv. fái framgang, ættu því að varast að leggja tálmanir fyrir það.

Breyting meiri hluta nefndar þeirrar, sem kosin var í þessu máli, á 2. gr. frv., er þannig, að það er sannfæring mín, að ef hún verður samþykkt, fær frv. þetta aldrei staðfestingu.

Jeg skal annars játa það, að jeg skil ekki samkvæmnina í ástæðum h. meiri hluta og breyt.till. hans. H. meiri hluti talar um að útleggingin sem ræðir um í 2. gr. frv., gæti orðið „*sífeldum breytingum undirorpin*“, ef farið væri eptir ákvæðum 2. gr. En hvernig bætir svo h. meiri hluti úr þessu? Á þann hátt, að lögskipa breytingar á þýðingunni. Fyrst á nfl. landshöfðingi að þýða lögin, svo á sú þýðing að birtast í Stjórnartíðindunum, en svo á eptir tvö á að semja nýja þýðing, og birta þá þýðing í Stjórnartíðindunum. Það má verða einstaklega þægilegt fyrir þegnana, að fá þannig tvær mismunandi þýðingar á sömu lögunum.

Svo er annað, sem jeg vildi biðja h. meiri hluta að gefa mjer upplýsingu um: í hvaða formi á að ræða þessa dönsku þýðing laganna á alþingi? Eptir hvaða gr. þingskapanna hefur h. meiri hluti hugsað sjer að það yrði gjört? Á að ræða hana sem lagafrv. á dönsku, eða sem þingsályktun á dönsku? Jeg verð að játa, að jeg get ekki skilið, hvernig h. meiri hluti hefur hugsað sjer þetta. H. framsögum. (L. E. Sv.) bjóst heldur ekki við, að breyt.-till. mundi fá góðan byr í þingd., og hygg jeg væri því hollast fyrir hann að taka hana aptur.

Hjer er og fram komin önnur breyt.-till. frá 2 þm. (C. 178), sem fer fram á það, að landshöfðinginn annist um þýðing íslenzka textans, og að landshöfðinginn komi í staðinn fyrir stjórnarráðið eptir stj.frv.

Jeg skal benda h. uppástm. á það, að það á öldungis ekki við, að landshöfðingi annist um og löggildi þýðing þá á textanum, sem birta á í konungsríkinu og ekki er eingöngu fyrir Ísland.

Jeg skal svo að síðustu taka það upp aptur, að allir þeir, sem annt er um að frv. fái fram að ganga, ættu að greiða atkv. móti öllum þeim breyt.till., sem fram eru komnar við frv.

Júlíus Havsteen: Jeg hef tekið það fram í ágreiningsatkv. mínu, að jeg mundi síðar útlista nákvæmar mótmæli mín gegn till. h. meiri hluta. En nú hefur hæstv. ldsh. tekið það ómak af mjer að mestu leyti. Jeg skal að eins bæta því við, að þar sem h. meiri hluti talar um „rjettaróvissu“, sem leiddi af því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, þá getur ekki stafað af því fyrirkomulagi meiri rjettaróvissa heldur en á sjer stað með hver önnur lög, sem opt verða skilin með ýmsu móti. Jeg vil taka t. d. fátækralöggjöfina; hún hefur í ýmsum atriðum verið skilin á mismunandi hátt, og þannig er með mörg önnur lög, og geta menn ekki kallað það neina „rjettaróvissu“.

Eins og hæstv. ldsh. tók fram, hefur h. meiri hluti heldur ekki bent neitt á, hvernig á að meðhöndla þessa dönsku þýðing á alþingi. Á að skoða hana sem lög? Um það stendur ekkert. Eða á að meðhöndla hana sem umboðslega framkvæmd? Ef á að meðhöndla þýðing þessa sem lagalega framkvæmd, þá kemur það í bága

við stjórnarskrána, að annar liður löggjafarvaldsins leggi smiðshöggið á slíkt.

Ennfremur stendur í áliti meiri hlutans, að alþingi með þessu frv. „afsali sjer þeim afskiptum og þeirri meðverkun, sem það að lögum hefur heimting á í hverju því verki, sem á að gilda sem lög fyrir Ísland“. Er það, má jeg spyrja, öldungis óheyrt, að alþingi afsali sjer slíkum rjetti? En þá fiskiveiðasamþykktirnar? Með lögunum um þær afsalar einmitt alþingi sjer öllum rjetti, sem hjer er spursmál um, í hendur hjeraðsbúa, sýslunefnda og amtmanna.

Jeg þarf ekki að útlista neitt frekar till. mína; ástæðurnar fyrir frv. stj. eru nógu glöggar að öðru leyti.

Jeg er samdóma hæstv. ldsh. um breyt.-till. 2 h. meðnefndarm. minna, og hygg jeg að sú breyt.till. sje fremur til þess að spilla fyrir málinu, heldur en að hún sje því til gagns.

Þorleifur Jónsson: Frv. þetta er framkomið frá stjórninni til þess að verða við óskum alþingis, og jeg skal fúslega lýsa yfir því, að jeg met það mikils og álít það virðingarvert, að frv. þetta skuli vera fram komið. Jeg vil því eigi að neinn taki breyt.till. þá, sem fram er komin með mínu nafni á, svo, að jeg vilji að hún verði máli þessu til falls. Það er alls ekki meining okkar nje tilgangur.

Þess er getið í ástæðunum fyrir frv. þessu, að skilyrðið fyrir því, að lög alþingis komi að eins út á íslenzku, sje það, að til sje dönsk þýðing laganna handa hinum dönsku dómstólum og stjórnarvöldum. Þetta má til svo að vera, meðan hæstirjettur í Danmörku er æðsti dómstóll í íslenzkum málum, enda ekki frágangssök, þar sem þýðingin á engan veginn að koma í stað laga, heldur vera að eins til stuðnings, þannig, að það má vefengja hana og koma fram með mótmæli gegn henni. En nú eru það útlendir málfærslumenn, sem mótmælin og vefengingin kæmi frá, og útlendir dómendur, sem skera eiga úr, hvort mótmælin eru á rökum byggð, með öðrum orðum menn, sem ekki skilja íslenzku, og geta naumast dæmt um þetta svo vel sem skyldi. Fyrir því er mjög nauðsynlegt, að þýðingin sje svo rjett og nákvæm sem kostur er á, en fyrir þessu er ekki nógsamleg trygging sett í frv., þar sem stjórnarráðið á að annast um hana, en eins og menn vita er ráðgjafi Íslands danskur maður, sem ekkert skilur í íslenzku, og ekki er við að búast fyrir það fyrsta að vjer fáum íslenzkan mann í þann sess. Okkur uppástungum. breyt. till. fannst því nauðsynlegt, að þýðing íslenzka textans væri falin manni, sem skilur íslenzku, og okkur datt þá enginn í hug betur fallinn til þess heldur en landshöfðinginn. Það þótti okkur viðunandi trygging.

Hæstv. ldsh. talaði á móti þessari breyt.-till. okkar, og sagði, að stjórnin mundi aldrei veita máli þessu framgang, ef sú breyt. kæmist að. En ástæður stjórnarinnar virðast ekkert vera þessu til fyrirstöðu; í ástæðunum stendur það að eins sem skilyrði, að dönsk þýðing sje til af hinum íslenzka texta; hitt er ekki sett sem skilyrði, að stjórnarráð Íslands þurfi endilega að hafa samið þýðinguna og enginn annar. Mjer virðist því að hæstv. ldsh. geti ekki fullyrt það, fremur en hver af oss, að þessi breyt. verði frv. til falls. *(Landsh.: Svo?).* Nei, ekki nema hann hafi fengið sjerstaklega tilkynnigu um það. Af ástæðum frv. eingöngu getur hann ekki sjeð það.

Í 2. breyt.till. okkar er prentvilla, „þau“ fyrir „þar“. Sú breyt.till. fer fram á það, að nema burtu ákvæðið um birtingu þýðingarinnar „í konungsríkinu“, því að okkur fannst ekki eiga við, að alþingi færi að setja reglur fyrir því, hvernig birta bæri þýðinguna í konungsríkinu; þess konar væri fyrir utan verkahring alþingis. En við viljum að þýðingin sje birt

hjer á landi, til þess að menn fái að sjá hana, og þeir, sem skjóta málum til hæstarjettar, geti, ef á þarf að halda, bent málfærslumönnum við hæstarjett á, ef gallar fyndust á henni.

Að því er snertir breyt.till. meiri hluta nefndarinnar, þá er jeg á sama máli um þær, sem hæstv. ldsh., og skal bæta því við það, sem hann sagði, að lík uppástunga og meiri hluti nefndarinnar fer fram á kom fram á alþingi 1875, þegar frv. til laga um þingsköp handa alþingi var til umræðu. Í 20. gr. stjórnarfrv. um það mál var ákveðið, að landshöfðingi og forsetar beggja deildanna skyldi sjá um, að danski textinn sje saminn af lagafrv. alþingis; ef þeim kæmi ekki saman, skyldi leggja dönsku þýðinguna fyrir samein. alþingi og það skera úr ágreiningnum. Þetta er svipað því, sem h. meiri hluti fer nú fram á. Þessi 20. gr. var þá samþ. í Ed. og við 1. og 2. umr. í Nd., en við 3. umr. komu fram mótmæli gegn því. Jeg vil með leyfi h. forseta lofa mönnum að heyra, hvernig þá var litið á þetta mál. Þá komu fram mótmæli gegn þessu frá einum hinum mesta og bezta þingmanni, sem á alþingi hefur setið, Einari Ásmundssyni; hann sagði, „að sú grein væri bæði óþörf og ótilhlýðileg. Alþingi semdi lögin á íslenzku, og þau hlytu að vera á íslenzku, og þótt landshöfðingi og forsetar sneru þeim á dönsku, þá yrði þó sjálfsagt frumtextinn að vera á íslenzku. Alþingi ætti eigi að semja lög nema á íslenzku". Annar þingmaður sagði við sama tækifæri: „þá þætti mjer nú skörin fara upp í bekkinn, ef jeg og aðrir þingmenn eiga að skera úr því, hvort íslenzka textanum er rjett snúið á dönsku. Það yrði þá að vera eitt af skilyrðum fyrir að geta orðið þingmaður, að vera lögfræðingur, málfræðingur og vel að sjer í dönsku". Enn fremur sagði Ben. Sveinsson, að þessi 20. gr. væri „ópraktisk", og loks var hún felld með 20 samhljóða atkvæðum. Jeg ímynda mjer, að mönnum getist ekki betur að þessu nú en þá, og felli breyt.till. meiri hluta nefndarinnar.

Sigurður Árnason: Jeg skal að eins taka það fram, að það vakti fyrir okkur uppást.m. breyt.till., að ef landshöfðinginn annaðist um þýðing íslenzka textans á dönsku, væri meiri trygging fyrir því, að það væri rjett, heldur en ef stjórnarráðið gjörði það erlendis. Það hafa, eins og þingmönnum er kunnugt, gefizt þau dæmi, að þýðingin á frumv. þeim, sem komið hafa frá stjórninni til þingsins, hefur ekki þótt alls kostar góð. *(L. E. Svb.:* Það hefur ekki verið dönsk þýðing). Að sönnu ekki, en jeg hygg að komi að nokkru leyti í sama stað niður. Þýðinguna munu venjulega annast Íslendingar þeir, sem sitja í stjórnarráðinu í Kaupmannahöfn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að drepa á minn skilning á frumv. þessu, í samanburði við þau lög, sem nú eru.

Breytingin er fólgin í því, að frumv. fer því fram, að einungis hinn íslenzki texti verði lagður fyrir þingið og lögin verði á síðan birt að eins á íslenzku. Í sambandi við þetta stendur svo enn fremur, að stjórnarráðið fyrir Ísland skuli annast um þýðing íslenzka lagatextans á dönsku og að löggilda hana; birting hennar fer fram í konungsríkinu, en eigi hjer á landi; mega svo danskir dómstólar og stjórnarvöld, er eigi skilja íslenzku, fara eptir henni. Allt þetta er nú ljóst af frumv. En hvernig er þessu varið nú? í hverju er mismunurinn fólginn, og í hverju er það jafnt, sem nú er?

Nú mun aðferðin vera sú, að frumv. sjeu fyrst samin á dönsku, og síðan snúið á íslenzku í stjórnardeildinni íslenzku og lögð fyrir þingið. Síðan, þá er lagafrumv. hafa samþykkt verið af alþingi, semur landshöfðingi þýðing þeirra á dönsku og sendir stjórnarráði Íslands.

Mjer finnst því, að þessi aðferð sje að miklu leyti hin sama, sem sú er farið fram á í frumv. þessu; landshöfðingi mun eptir sem áður semja þýðing laganna og senda stjórnarráðinu; stjórnarráðið mun yfirlíta þýðing landshöfðingja og gefa hana svo út. Jeg get eigi gjört svo mikið úr því, hvort menn kalla þetta danska þýðing eða danskan lagatexta. Sami er maðurinn, þ. e. landshöfðinginn, er semur þýðinguna, sem nú danska lagatextann, sömu stjórnarvöld leggja hina síðustu hönd á hvorttveggja. Jeg fæ eigi sjeð, að hjer sje eiginlega neinn munur. En munurinn er sá, að framvegis fylgir eigi dönsk þýðing lagafrumv. þeim, er lögð verða fyrir alþingi, og þá er lög frá alþingi verða birt hjer, fylgir þeim eigi danskur texti eða dönsk þýðing.

Þetta er aðalmunurinn. En einkum finnum vjer muninn, þá er vjer lesum í 2. gr. frumv. orðið „má“, er þýðir: er heimilt, er leyfilegt, er rjett. Það er því heimilað, gefið leyfi til að dæma eptir þýðing þessari, en þó svo, að heimilt er jafnframt að vefengja þýðinguna, ef hún virðist röng, — en þó því að eins, að dómstóll sá, er hlut á að máli, hæstirjettur, fallist á, að þýðingin sje röng.

En jeg skal víkja aptur að höfuðismuninum, og þá vil jeg spyrja: Er það ábati eður skaði, að frumv. frá stjórninni fylgir eigi dönsk þýðing og heldur engin dönsk þýðing lögunum, þá er þau koma út? Jeg vil leyfa mjer að spyrja h. þingdeild: höfum vjer eigi optlega þurft að breyta frumv. eptir dönskunni? Íslenzkan hefur optlega eigi verið nákvæm — jeg tala eigi um málvillur og óíslenzkuleg orð og orðaskipun, heldur einungis um þýðingarvillur á hinu danska frumriti að íslenzku frumvörpunum. Núna nýlega var í einu frumv. svo orðað um skip, „að liggja fyrir akkerum í rúmsjó“, þar sem í dönskunni stendur: „til Ankers paa aaben Plads“. Vjer höfum á þennan hátt opt dönskuna á frumv. til að laga hið íslenzka lagafrv. eptir. Fyrir því er það fremur hagur, að danskan fylgi, heldur en óhagur.

En það er og opt hagur, að lögin komi út bæði á íslenzku og dönsku. Jeg hef eitt dæmi fyrir augum: Í prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 er í 5. gr. kveðið svo að orði, að gjald það, sem greiðast á frá einu brauði, „greiðist þá fyrst, *er nýr prestur kemur* í brauðið“. Þetta hafa sumir prestar og prófastar skilið svo, að gjaldið ætti þá fyrst að greiðast, er prestur kemur í brauðið líkamlega. En hinn danski texti er hjer öðruvísi; þar stendur, að árgjaldið skuli greiða þegar er brauðið verður laust. Íslenzkan er er þannig á stundum svo óglögg eða tvíræð, að gott er að hafa dönskuna til samanburðar, svo að auðið sje að sjá, hver þýðingin er, þá er íslenzkan er tvíræð eða torskilin. Jeg vil því helzt, að svo standi, sem nú er í þessu efni. Veit jeg það, að til eru menn, er eigi mega heyra danskt orð, þótt þeir hinir sömu menn hafi öll sín fræði úr dönskum bókum.

Jeg get eigi annað en virt þá viðleitni meiri hluta nefndarinnar, að halda yfirráðunum yfir hinni dönsku þýðingu. En jeg get eigi þó gefið breyt.till. hennar atkvæði mitt, eptir að jeg hef heyrt mótmæli hæstv. landshöfðingja.

Jeg skal að lokum geta þess, að jeg skoða svo sem kg.úrsk. 27. maí 1859 hafi aðra þýðing nú heldur en áður, meðan alþingi var að eins ráðgefandi; þá var konungur einvaldur löggjafi og hafði því fullt vald til að undirskrifa jafnt hinn danska sem hinn íslenzka lagatexta. En nú er því varið á annan hátt, þar sem konungur og alþingi í sameiningu hafa löggjafarvaldið, svo tjeður konungsúrskurður getur nú eigi haft sömu þýðingu í raun rjettri, sem hann hafði fyrir 1874.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Þar sem hæstv. ldsh. rjeð meiri hluta nefndarinnar til að taka breytingar sínar

á frumv. aptur, þá get jeg sagt honum það, að jeg fyrir mitt leyti miklu heldur kýs það ástand, sem nú er, en það, sem yrði eptir frumv., og gjörir það orðið „má“ í frumv., sem er til mikilla óbóta. Að það sje erfiðleikum bundið að leggja útlegginguna fyrir þingið, fæ jeg ekki sjeð; mjer skilst ekki betur en forseti geti lagt hana fyrir þingið, eins og líka að einhver þingmaður getur t. a. m. stungið upp á nefnd í málinu, og ef nefnd yrði kosin, þá er vonandi, að svo færir menn í dönsku sjeu á þingi, að þeir til hlítar geti rannsakað útlegginguna. Út af því að 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) gat þess, að meiri hlutinn væri með breytingum sínum á frumv. að semja lög fyrir konungsríkið, þá skal jeg einungis taka það fram, að hann hefur illa lesið nefndarálit meiri hlutans.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal geta þess. út af því, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) tók fram síðast í ræðu sinni, að hann hefur alveg misskilið mig. Jeg hafði á móti því, sem stendur í frumv. stjórnarinnar, að þar skuli ákveðið, að birta útlegginguna í konungsríkinu, því að slíkt álít jeg að komi alþingi ekkert við, heldur að eins birting hennar hjer á landi, en jeg nefndi ekki nefndarálitið með einu orði í þessu sambandi.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ldsh., hvort kostnaðurinn við þýðinguna falli á landssjóð eða ríkissjóð. Sumum þykir þetta, ef til vill, óþarfakostnaður.

Landshöfðingi: Það er beinlínis tekið fram í stöðulögunum, að allur sá kostnaður, er leiðir af hinni æðstu stjórn Íslands í Danmörku, eigi að greiðast af ríkissjóði, en þar af leiðir, að kostnaðurinn við að útvega útleggingar á dönsku af íslenzkum lögum, ef hann annars yrði nokkur, hlýtur að greiðast úr ríkissjóði, þegar það er stjórnarráðið fyrir Ísland, sem annast um útleggingarnar.

H. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) gjörði lítið úr því, í hvaða „formi“ útleggingin yrði lögð fyrir þingið. Með þingsköpin fyrir framan mig get jeg ómögulega sjeð, hverig hjer eigi að fara að, því þingsköpin ráðgjöra það ekki. Í hinu upprunalega frumv. frá stjórninni til þingskapa, sem lagt var fyrir alþingi árið 1877, var ákvörðun um, hvaða hlut alþingi ætti að eiga í tilbúningi hins danska texta, en þetta ákvæði var fellt; og því er ekki að finna í þingsköpunum neina leiðbeining um, hvernig þingið ætti að fara með þýðingar þær, sem nefndin vill láta það fjalla um. Þar sem þingið ekki hefur hingað til haft nein afskipti af hinum danska texta laganna, þá er það heldur ekki rjett orðað í nefndarálitinu: að afsala sjer afskiptum o. s. frv.; þingið getur ekki afsalað sjer því, sem það aldrei hefur viljað koma nærri.

Sighvatur Árnason: Út af orðum hæstv. ldsh. áðan vil jeg taka það fram, að eptir okkar breyt.till. á birtingin á útleggingunni að eins að ske eða fara fram hjer á landi, en eigi í konungsríkinu; danska stjórnin ákveður fyrir sig, hvernig hún þar vill haga þessu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 9 : 1 atkv.

Breyt.till. meiri hl. nefnd. (C. 153) felld með 7 : 2 atkv.

Breyt.till. J. A. Hj. (C. 119) felld með 8 : 3 atkv.

Breyt.till. 2 þm. 1. (C. 178) felld með 8 : 3 atkv.

Breyt.till. 2 þm. 2. (C. 178) felld með 7 : 3 atkv.

2. gr. frv. (C. 73) samþ. með 8 : 3 atkv.

3. gr. frv. samþ. með 9 : 2 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 9 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv. gegn 2.

Frumv. til laga um nokkrar ákvarðanir,

er snerta opinber lögreglumál (C. 90, 139); 2. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Við síðustu umræðu þessa máls hjer á þingi var jeg búinn að útlista ástæður nefndarinnar fyrir aðalbreytingu þeirri, er hún hefur gjört við frv., og þarf jeg því eigi að hafa framhalds-framsögu mína langa. Þær efnisbreytingar, sem standa í sambandi við þessa aðalbreyting, eru að finna í fyrirsögninni fyrir frv., í upphafi 2. gr. og framarlega í 2. gr. Svo eiga í 2. gr. „einfalt fangelsi í 8 daga, fangelsi við vatn og brauð í 5 daga" að falla burt, semsje vegna þess, að sekt er sú hæsta hegning, sem kemur fyrir brot fullorðinna manna gegn lögreglusamþykktum þeim, sem nú eru til, og mun eigi verða ákveðin. hærri í væntanlegum lögreglusamþykktum.

Sjerstaklega vil jeg svo minnast á þá efnisbreyting, að orðin í niðurlagi 1. gr. „og má eptir málavöxtum . . . hlutaðeigandi hreppstjórar" skuli falla burt; nefndin varð semsje að álíta það óviðkunnanlegt, að menn skyldu vera neyddir til að þola nærvist lögreglustjóra og hreppstjóra í húsum sínum í slíkum tilfellum, sem hjer er spursmál um, sbr. aptur á móti 30. gr. hegningarlaganna.

Hinar breytingarnar eru orðabreytingar.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt. nefnd. (C. 139) og frv.-greinarnar þannig breyttar samþ. hver fyrir sig í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um kirkjugjald af húsum (C. 143); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. hver um sig í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 78, 141); 2. umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson): Jeg get verið því fáorðari, sem það í rauninni er í mjög litlu, sem breyt. nefnd. munar frá frumv. Nefndin er frv. samdóma í því, að nauðsyn beri til, að linað sje á útgjöldum prestakallsins, hversu óþægilegt sem þetta að öðru leyti kann að vera. Allur greinarmunurinn milli frumv. og nefndarinnar liggur í því, að nefndin hyggur, að afleiðingarnar af öllum orsökum til hins bágborna ástands prestakallsins einungis væri um stundarsakir, eða verði eigi til langframa, og í trausti til þessa hefur hún gjört breyt. þær við frv., sem teknar eru fram í nefndarálitinu (C. 141).

Þorleifur Jónsson: Það er greinilega tekið fram í ástæðunum eða athugas. við frumv. þetta, hvað stjórninni hefur gengið til að leggja það fyrir þingið. Það er tekið fram, að tekjur Höskuldsstaðaprestakalls hafi rýrnað, bæði sökum hinna miklu mannflutninga til Vesturheims, sem átt hafa sjer stað síðari árin, og vegna grasbrests og manndrukknunar, að kirkjujarðir hafi eigi orðið seldar á leigu, kúgildin hafi fallið, álag jarðanna tapazt o. s. frv. Þetta hefur leitt til þess, að enginn prestur hefur fengizt til brauðsins, og það eru engar líkur til að hann fáist til þess framvegis, ef ekki verður ljett gjöldum af því. Nefndin hefur viðurkennt, að prestur mundi ekki fást til brauðsins, ef ekki yrði ljett á því að miklum mun kvöðum þeim, er á því hvíla, en mjer finnst hún hafa orðið nokkuð naum í tillögum sínum, þar sem hún fer fram á að losa brauðið við árgjald og eptirlaun uppgjafaprestsins að eins um 5 ár, en ekki fyrir fullt og allt, og hún byggir þessa tillögu sína á því, að tekjurnar muni smátt og smátt aukast svo, að ætla megi að brauðið þyrfti ekki þessarar eptirgjafar með, nema að eins um stund-

ar sakir eða um 5 ára tíma. En jeg verð þá að segja, að sumt af tekjum brauðs ins kemur ekki aptur, að minnsta kosti ekki á næstu 5 árum, t. d. fallin kúgildi og töpuð álög jarða, nema ef það yrði keypt handa brauðinu, en hver mundi gjalda þann kostnað? Ekki færi landssjóður að leggja peninga til þess. Enn fremur er því svo varið, að þegar einhver sveit er komin í basl og bágindi, vilja engir flytja þangað búferlum, og þeir, sem þar eru, vilja helzt flytja þaðan burtu, svo að þótt nokkuð batni í ári og hagur sveitarinnar rjetti nokkuð við, þá er varla líklegt, að tekjur prestakallsins aukist svo á næstu 5 árum, eða næsta áratug, eða á tveim hinum næstu, að prestur geti sómasamlega lifað af þeim, ef gjöldin eru ekki lækkuð. Það getur vel verið, að tekjurnar aukist nokkuð, enda er það með sjerstöku tilliti til þess, að í frv. er ekki farið fram á meira en það, að ljett verði þessum kvöðum af brauðinu, því að ef tekjurnar hækkuðu ekki, mundi samt sem áður, þótt þessu yrði ljett á brauðinu, ekki auðið að fá prest þangað, og þá lægi ekki annað fyrir en að leggja því úr landssjóði árlega uppbót. Þess ber og að gæta í þessu máli, að það er mjög mikilsvert, að útkjálkabrauð fái góðan prest, sem geti eflt menntun, framtakssemi og framfarir sóknarmanna sinna, og geti verið þeim til fyrirmyndar á ýmsan hátt. Þetta er meira vert, en margur hyggur, og jeg get ekki skilið annað en að það ætti að vera áhugamál þingsins, að gjöra sjer far um að stuðla að þessu, með því að það er svo ómetanlegur hagnaður, einkum fyrir sóknarbúa í afskekktum brauðum, að fá góðan prest og þarfan mann í sveitarfjelagið. En mjer sýnist af tillögum nefndarinnar í þessu máli, að henni sje þetta ekkert áhugamál, því að hefði henni verið það, mundi hún hafa lagt til að ljetta alveg þessum kvöðum af Höskuldsstaðaprestakalli fyrir fullt og allt, en ekki að eins um 5 ára tíma. Auðvitað er þessi tillaga nefndarinnar sprottin af eðlilegri umhyggju fyrir hag landssjóðs og í annan stað af ónógri þekkingu á hag þessa prestakalls. En íhugi nefndin nákvæmlega allar ástæður, vil jeg vona, að hún haldi ekki fast við tillögur sínar, heldur fallizt á frumv. stjórnarinnar.

E. Th. Jónassen: Af því í frv. þessu er farið fram á, að árgjaldið af Höskuldsstaðaprestakalli falli algjörlega niður, þá þótti oss ísjárvert að lækka tekjur landssjóðsins með því að aftaka þetta gjald umsvifalaust fyrir fullt og allt, því að vjer gjörðum ráð fyrir, að þá mundu fleiri slíkar bænir koma, og væri það því varúðarverð regla fyrir þingið að gefa tilefni til þess, að landssjóður yrði fyrir tekjuhalla í líkum tilfellum, nema bein nauðsyn krefði. Nefndin var því samhuga á því, að ljetta árgjaldinu af brauðinu *að eins* um næstu 5 ár og sjá svo, hvernig færi. Ástand brauðsins getur breytzt frá því, sem nú er, og ef ekki koma hörð ár, má búast við, að tekjurnar fari vaxandi. Mjer er einnig kunnugt um, að kirkjujarðirnar eru byggðar með þeim leigumála, að afgjald þeirra fer hækkandi. Oss fannst því ekki full ástæða til að losa brauðið við árgjaldsskylduna lengur en um 5 ár hin næstu. En að því er snertir 2. gr. frumv., vil jeg geta þess, að jeg var ekki alveg samdóma meðnefndarmönnum mínum um hana, því að jeg vildi láta greiða eptirlaun hins núverandi uppgjafaprests af landssjóði, en ekki af brauðinu. En til samkomulags, svo að nefndin klofnaði ekki, fjellst jeg á eptirgjöf um 5 ár, eins og með árgjaldið. Meiri hluti nefndarinnar færði þær ástæður fyrir þessu, að ef það sæist að 5 árum liðnum, að brauðið væri ekki þá fært um að greiða árgjald eða eptirlaun til uppgjafaprests, þá mætti breyta þessu ákvæði aptur. Eins og jeg gat um áður, að varlegt væri að afnema árgjald brauða með öllu, eins þótti meiri hluta

nefndarinnar varið með eptirlaun uppgjafapresta. Það gætu komið líkar beiðnir frá fleiri fátækum brauðum um, að þessi eptirlaun yrðu greidd úr landssjóði. Jeg fyrir mitt leyti held, að una megi við þá breytingu, sem nefndin hefur gjört á frv., að þessum fyrnefndu kvöðum, árgjaldinu og eptirlaunum til uppgjafaprests verði ljett á brauðinu um næstu 5 ár.

Að svo mæltu skal jeg ekki orðlengja meir um þetta mál.

Framsögumaður (Árni Thorsteinsson): H. 2. þm. Húnv. (Þorl. J.) á þakkir skilið fyrir hreinskilnina, fyrir það vesaldar- eða örbirgðarvottorð, sem hann hefur gefið íbúum Höskuldsstaðaprestakalls. Það er hentugt að fá það fram sem ástæðu, að ástandið getur eigi verið verra, en h. þm. hefur sagt. Nefndin hefur alls ekki vefengt þær skýrslur, sem gefnar hafa verið um ástand brauðsins, þótt ef til vill hefði verið ástæða til að efast um þær. Eg vil ekki beinlínis segja, að þær sjeu rangar, en þær eru sniðnar eptir öðru, sem svo opt kemur fram þegar svo stendur á; það veit jeg, þótt jeg sje þessu ekki eins kunnugur og h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.)

Þessu brauði, Höskuldsstöðum, er samkvæmt brauðamatinu 1854 goldnar, þegar vanalega lætur í ári, 590 álnir í landsskuldum og 32 fjórðungar í smjörleigum, fyrir utan 10 fjórðunga af Holtastaðakirkju. Það eru alls 42 fjórðungar smjörs, og þetta er ekki svo lítið gjald. Jeg veit reyndar að brauðið hefur ekki þessar tekjur nú til fulls, en þegar batnar í ári má gjöra ráð fyrir þeim. (*Þ. J.*: Ekki af jörðum, þar sem kúgildin eru fallin). H. 2. þm. Hún. (Þ. J.) má ekki skilja orð mín svo, að eg rengi skýrslu hans, hvað ástand brauðsins snertir, en jeg vil leyfa mjer að mótmæla sterklega þeim ástæðum, sem komnar eru fram í þessu máli, að ekki megi líta á það, að hagur prestakallsins batni síðar. Jeg hygg að það sje rjettara að hugsa sig dálítið um og flana ekki að þessu, og sjá hvernig ástandið verður eptir 5 ár, og hvort það verður þá ekki komið í betra horf en nú. Hvaða ástæða er nú til að fleygja peningum úr landssjóði, til að gjöra brauð þetta aðgengilegt, þar eð ganga má að því vísu, að hið bága ástand, sem hefur verið og er enn í prestakalli þessu, ef til vill haldist ekki til langframa, og brauðið síðar geti borið sig sjálft, eins og til var ætlazt? H. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að enginn prestur hefði hingað til fengizt til brauðsins. Jeg vil leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd, hvað þetta snertir. Þegar brauðinu var slegið upp sem lausu 8. apríl 1890, þá stóð í auglýsingunni, að greiða skyldi af því 325 kr. 75 au. í eptirlaun til uppgjafaprests. Jeg þekki ekki aðra skilmála en þessa, og það hefur aldrei verið auglýst, svo almenningur hafi það sje, með öðrum skilmálum. Það getur vel verið, að einhver kynni að sækja um það, ef hann vissi, að hann þyrfti ekki að greiða meiri eptirlaun uppgjafaprests en 148 kr. 63 au., svo brauðið er 177 kr. tekjumeira en auglýst er. En svo þegar nú hvorutveggja, árgjaldinu og eptirlaununum, er ljett á því um næstu 5 ár, þá mun varla þurfa að óttast, að enginn fáist til að sækja um það. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók það fram, að hann hefði viljað fallast á 2. gr. frv., nfl. að eptirlaunin lentu alveg á landssjóði. En við hinir 2 nefndarmennirnir vildum gjöra 1. og 2. gr. frv. jafnhátt undir höfði og láta 5 ára eptirgjöf gilda jafnt fyrir eptirlaunin sem árgjaldið. Jeg held, að það hafi vakað fyrir okkur meiri hlutanum, að það mundi draga slæman dilk eptir sjer, ef þingið færi í hvert skipti að sinna slíkum eptirgjafabænum; ef einhverjum veitti erfitt að greiða eptirlaun til uppgjafaprests, þá mundi þeirri byrði verða dembt á landssjóð svo opt, að of mikið mætti telja; það er í hið minnsta mín skoðun. Jeg vildi öllu fremur skoða eptirgjöfina á eptirlaununum, sem farið er fram á í

2. gr., sem uppbót til prestakallsins, heldur en útgjöld til eptirlauna. Jeg skal taka taka fram, að nefndinni er ekkert kappsmál með breytingar sínar, en hún áleit skyldu sína, að gjöra nokkra grein fyrir þeim og framfylgja þeim, og gefst hinni h. deild svo kostur á að greiða atkvæði um þær jafnhliða ákvörðunum frv.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er frá fornu fari nokkuð kunnugur á þessum stöðvum, þar sem jeg er fæddur og uppalinn í Holtastaðasókn, sem nú er lögð til Höskuldsstaðaprestakalls, og jeg get vottað, að Skagaströnd var talin mjög rýr sveit að efnahag bænda til, en nokkur hluti Skagastrandar og Norðurárdalur heyrir til Höskuldsstaðaprestakalli. Þegar jeg lít á skýrsluna um tekjur Höskuldsstaðasóknar í athugasemdunum við frv. þttta, sje jeg, að hún (án Holtastaðasóknar) á að gefa presti 300 kr. árlegar tekjur, þegar dregið er frá árgjaldið af brauðinu og eptirlaun til uppgjafaprests, og svo til prestsekkju. Þótt brauðið batnaði þrefalt, yrði það samt ekki nema 900 kr. Gjörum svo ráð fyrir, að Holtastaðasókn, sem nú eru reiknaðar 200 kr. tekjur af, batnaði svo, að tekjurnar af henni yrðu 300 kr., þá yrði það alls ekki nema 1200 kr. En jeg hygg raunar, að Holtastaðasókn taki ekki mjög miklum bótum, því að í þeirri sókn eru Laxárdalur og Refasveit, hvorttveggja illviðrasveitir og harðindapláss, hefur þar lengi að undanförnu mikil fátækt verið, og svo er víst enn. Þegar jeg virði fyrir mjer ástandið, eins og það var áður, og eins og það er nú, og þegar jeg sje á manntalsskýrslunum, að fólki í Húnavatnssýslu hefur fækkað um 1400 á síðustu 10 árum, mest vegna mannflutninga til Vesturheims, þá dylst mjer ekki, að slík fækkun hefur hlotið að koma mest niður á þeim sveitum, er þótt hafa óbyggilegastar sökum harðinda, og þá einna mest á Laxárdal, Refasveit, Norðurárdal o. s. frv. Það getur vel verið, að Höskuldsstaðir með tímanum nái 1000—1200 kr. tekjuupphæð, en að það verði innan 5 ára er mjer alveg óskiljanlegt, en þá er þessi stundareptirgjöf, sem nefndin hefur farið fram á, úr gildi fallin, og árgjald og eptirlaun til uppgjafaprests leggjast á brauðið aptur, og fara tekjur þess fyrir prestinn varla vaxandi úr því. Mjer finnst satt að segja nokkur ósamkvæmni milli nefndarinnar í þessu máli og samkynja nefndar, er valin var til að fjalla um svipað mál úr Mýrasýslu. *(E. Th. J.:* Það á ekki skylt við þetta mál). Jú, það á. Hjer er allmikill munur á tillögum þessara nefnda, eins og hinum h. þdm. er kunnugt. Ef gjöra á öllum jafnhátt undir höfði, eins og rjettast er í þessu efni, þá getur víst enginn sagt, að það sje sanngjarnt að gefa 5 ára uppgjöf á einum stað, en algjörða á hinum, þ. e. í Mýra- og Snæfellsnessýslu. Þar áttu umkvartanir presta og sóknarmanna að vera á rökum byggðar, hvað erfiðleika um prestsþjónustu snertir, og var jeg því samþykkur, þótt halli landssjóðs yrði þar miklu meiri en hjer er um að ræða. En jeg skal geta þess, að Laxá, sem rennur eptir Laxárdal og svo út í sjó, og sem Höskuldsstaðaprestur verður að fara yfir, er eins mikil stórá sem árnar í Mýrasýslu. Höskuldsstaðir með Holtastöðum er eitt með örðugustu brauðum, einkum ef presturinn situr á Höskuldsstöðum. Jeg ætla, að enginn prestur eða prestaskólakandídat muni vera svo skyni skroppinn, að hann láti ginnast af þessari 5 ára uppgjöf til að sækja um þetta brauð, þegar hann má búast við, að eptir þann tíma verði dembt á brauðið aptur 200 kr. árgjaldi til landssjóðs, auk eptirlauna til uppgjafaprests 148 kr. 63 au. Jeg er hræddur um, að kynni einhver samt sem áður að sækja um brauðið, mundi hann leitast við að komast þaðan burtu, áður 5 ár væru liðin, og 200+148 kr. áfallnar til útborgunar. Jeg held að það sje að gjöra reikning út í loptið, að hugsa sjer

að fá prest til brauðsins upp á þessa skilmála. Það er ekki heldur svo hægt að komast frá brauðum nú, þegar sóknarmenn ráða mestu í því efni. Þess vegna mundu fáir verða til að leggja það á hættu, að sækja um Höskuldsstaðaprestakall og komast svo ekki burtu þaðan aptur innan 5 ára, því að brauðið er alls ekki viðunandi. þótt það batnaði jafnvel fram yfir vonir, ef árgjald og eptirlaun falla á það eptir 5 ár. Mjer hefði þó fundizt nokkru nær, annaðhvort að samþykkja 1. gr frv. að leysa brauðið algjörlega frá árgjaldinu, eða þá 2. gr., þ. e. losa það við eptirlaunin til uppgjafaprests algjörlega. Jeg vildi því greiða atkv. með því, að á öðruhvoru væri veitt uppgjöf að eins fyrir 5 ár, en jeg get ekki verið samþykkur því, að hvorttveggja skuli falla á brauðið eptir 5 ár. Sú mun verða raunin á, að ef till. verða teknar til greina, mun enginn prestur með viti sækja um þetta brauð. (*J. H.*: Heyr!). Hver á þá að þjóna því, ef enginn prestur fæst? Prófastur Húnvetninga hefur neyðzt til að gjöra það hingað til sjálfur. Nágrannaprestarnir búa í fjarlægð, presturinn á Bergstöðum lengst upp í Svartárdal, og presturinn á Hofi langt í burtu fyrir utan kaupstað. Það er því nálega ómögulegt fyrir annanhvorn þessara presta að þjóna því, heldur verða þeir þá að skipta því á milli sín, og þá verða Bergstaðir fullkomlega 2 brauð, nfl. hið forna Bergstaðabrauð og Blöndudalshólabrauðið gamla (Blöndudalshóla- og Holtastaðasóknir). Menn gætu sagt, að það væri að stofna kirkjustjórninni í mesta vanda, að láta brauðið standa laust og enginn fengist til að þjóna því. Jeg vona að deildin fyrir 200 kr. sparnað vilji ekki hafa þennan ábyrgðarhluta á samvizkunni.

Landshöfðingi: Eins og sjá má af athugasemdunum aptan við frv. þetta, er það að nokkru leyti komið fram sakir umkvartana frá prófasti Húnvetninga yfir því, að nær ómögulegt væri að útvega brauðinu næga prestsþjónustu samkvæmt prestakallalögunum, og svo af óánægju manna í prestakallinu yfir þeirri prestsþjónustu, er þeir fengju. Hefur prófastur skýrt frá, að svo rammt kvæði að þessari óánægju, að í þessum 2 sóknum prestakallsins afræktu menn alveg að sækja kirkju, vildu ekki nota prestinn og neituðu að borga honum, þar eð þeir fengju ekki næga þjónustu. Eptir að leitað hafði verið nákvæmari upplýsinga um ástandið í sóknunum, reyndist skýrsla prófasts fullkomlega sönn og áreiðanleg. Voru þá gerðar beinlínis tilraunir til að fá menn til að sækja um brauðið. Þar á meðal var t. d. einn ungur kandídat, sem þaðan var upprunninn og langaði því til að ílengjast þar. En hann treystist ekki til að geta haldizt þar við, ekki svo mikið sem 1—2 ár, og vildi því ekki sækja um það. Jeg verð að játa, að jeg skil ekki mótspyrnu nefndarinnar gegn þessu frv. Það sem hún leggur til, að brauðið verði laust við árgjaldið og eptirlaun til uppgjafaprests að eins um 5 ár, er sama sem ekki neitt. Jeg er á sömu skoðun og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.), að enginn muni fást til að sækja um brauðið, ef hann veit, að eptir 5 ár verður dembt á hann 200 kr. árgjaldi og svo eptirlaunum til uppgjafaprests. Þessum unga manni, sem hafði hug á brauðinu, var fullkunnugt um, að eptirlaunin af brauðinu voru ekki 325 kr., heldur 148 kr. 63 aurar. Nefndin virðist ganga út frá því, að tekjur prestakallsins muni aukast. Það er vonandi að svo verði. Í athugas. við 2. gr. stj.frv. er einnig gjört ráð fyrir því, því að þar er tekið fram, að eptirlaun núverandi uppgjafaprests verði ljett af brauðinu, en ekki eptirlaunum þeirra uppgjafapresta, er síðar kunna að koma. Ef tekjur brauðsins batna, á nýr uppgjafaprestur að fá eptirlaun af því, ekki 148 kr. 63 a., heldur hér um bil að fullu. Jeg verð að álíta, að sje uppást. nefndarinnar samþykkt, sje það sama og að fella allt frv. Jeg held,

að tilgangi frv., að fá prest til brauðsins, verði ekki náð með þessari 5 ára eptirgjöf. Ef deildin vill taka tillit til skýrslna frá öllum þeim, er hlut eiga að máli og bezt þekkja til, þá efast jeg ekki um, að hún muni samþykkja frv. stjórnarinnar, en ekki till. nefndarinnar.

Þorleifur Jónsson: Hæstv. ldsh. og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hafa nú talað svo rækilega fyrir frv., að jeg þarf engu þar við að bæta. Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vil koma með, við það, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) talaði til mín áðan. Hann ætlaði að fara að verða fyndinn og talaði um „vesaldarvottorð", sem jeg hefði gefið þessu prestakalli, en jeg sagði eigi annað en það, sem stendur í ástæðum frv., og byggt er á sönnum og rjettum skýrslum. Til þess að reyna að vefengja þær bar hann það fram, að brauðið hefði 590 álnir í landskuldir. Af hverju skyldi það hafa goldizt? Af jörðum sem komnar eru í eyði!! Af eyðijörðum fá menn ekki miklar landskuldir, eins og þm. getur skilið. Sömuleiðis talaði hann um 42 fjórðunga smjörgjald, sem brauðið hefði, og á það líklega, eptir hugmynd höfundarins, að koma af föllnu kúgildunum!! H. þm. (Á. Th.) má sannarlega taka betur á, en hann hefur gert, ef honum á að takast að veikja í minnsta máta þær skýrslur og þau gögn, sem fram eru komin um hag brauðsins.

Skúli Þorvarðarson: Jeg gjöri eigi að kappsmáli till. nefndarinnar. Þótt mannflutningar til Vesturheims hafi verið miklir hin síðari árin, og jarðir lagzt í eyði, prestakalli þessu til mikils tekjutjóns, finnst mjer þetta eigi vera nægileg ástæða til að ákveða með lögum, að aldrei skuli neitt afgjald goldið af hinu sameinaða Höskuldsstaða- og Holtastaðabrauði, frá fardögum 1891, eins og frv. ákveður; og sjer í lagi vegna þess, að Höskuldsstaðabrauð út af fyrir sig hefir haft fram að 1867 á annað þúsund kr. tekjur, við það bætist frá Holtastaðasókn minnsta kosti nú sem talið er í skýrslu prófasts 200 kr. Nú eru farnar að byggjast aptur kirkjujarðirnar, svo með batnandi árferði er líklegt að tekjur brauðsins vaxi bráðlega. Af þessum ástæðum leyfði nefndin sjer að miða eptirgjöfina við 5 ár. Sá núverandi uppgjafaprestur getur lifað mörg á enn þá, og þannig bakað landssjóði mikil útgjöld, samkvæmt 2. gr. frv., þrátt fyrir það þó brauðið batni svo að tekjum, að ekki væri ástæða til að ljetta á því þeim hluta eptirlaunanna, sem að lögum ber að greiða af því til uppgjafaprestsins. Þetta, sem jeg hefi nú minnzt á, var sem nefndin vildi koma í veg fyrir með till. sinni, að miða við 5 ár þetta landssjóðstillag. Að öðru leyti skal jeg játa, að jeg er eigi nær því eins kunnugur kringumstæðum þeim, sem hjer að lúta, eins og hæstv. ldsh. og h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.), enda h. 5. kgk. þm. (A. Ól.). Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg er alls eigi óánægður, þótt till. nefndarinnar verði felldar, ef jeg sje það er á rökum byggt.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Þegar 2. þm. Húnv. (Þ. J.) var að segja, að þetta væri vesaldarvottorð, þá sárnaði mjer. Fyrir tveim árum var verið að tala um ástand Húnavatnssýslu, og var þá farið fram á að fá eptirgjöf á afborgun á hallærisláni, sakir hins bágborna efnahags sýslunnar; en eptir því sem h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) fórust orð, virtist hann eigi að sanna, að brauðið þyrfti eptirgjöf.

Landshöfðingi: Að hafa 200 kr. árlegt gjald af Höskuldsstaðaprestakalli, finnst mjer, hvernig sem á stendur, alveg órjettlátt; það hefur eigi, og hefur aldrei eptir þeim skýrslum, sem gefnar eru í ástæðunum fyrir þessu frv., haft svo miklar tekjur, að ástæða sje að rýra þær með ársafgjaldi. Það var regla hjá nefnd þeirri,

er hafði á hendi breytingar á fyrirkomulagi brauðanna, að leggja eigi árgjald á brauð, sem hefði minna en 1500 krónur í tekjur á ári, en að Höskuldsstaðaprestakall batni svo, að tekjurnar verði yfir 1500—1600 kr., get jeg varla ímyndað mjer.

ATKV.GR.: 1. br. nefnd. (C. 141) við 1. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 2. br. nefnd. þar með fallin; 1. gr. frv. (C. 78) óbreytt samþ. með 7 atkv; br. nefnd. við 2. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 2. gr. frv. óbreytt samþ. með 8 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 143); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 10 atkv.; 2.—4. gr. samþ. hvor um sig í e. hlj. Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept 1877 (C. 145, 176); 2. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg vil leyfa mjer að minnast á breyt.till. (C. 176) mína við frumv., þar er farið fram á að í staðinn fyrir „(2., 4. og 5. gr.)“ komi: „(sbr. 2., 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877)“; þetta er einungis til skýringar á tilvitnuninni til kosningarlaganna; og í 4. gr. komi: „(1. gr.)“ í staðinn fyrir „(9. gr.)“, er til að lagfæra ritvillu í frumv. Jeg tók fram við 1. umr. máls þessa, hvaða ástæður liggja til grundvallar fyrir frumv. þessu, og vil jeg því ekki nú taka þær upp aptur, því jeg veit, að h. þingdm. er ljós tilgangurinn, sem er sá, að þegar kosið er til alþingis á vorin er mjög leiðinlegt að kjósa eptir gamalli kjörskrá en ekki nýrri, en ef þetta frumv. fær framgang, þá má kjósa eptir nýrri kjörskrá, þótt kosningar færu fram í júnímán. um land allt, með nægilegum fyrirvara fyrir þá, sem hljóta kosningu, til þess að komast í tækan tíma til þings. Hjer í gegnum deildina hefur gengið frumv. til breytingar á kosningarlögunum 1877, en þetta frv. breytir alls eigi því frv., sem á við allt aðrar greinir í kosningarlögunum.

Árni Thorsteinsson: H. flutningsm. (S Á.) taldi það frv. sínu til ágætis, að það hefði eigi fengið nein mótmæli; jeg ætla því að lýsa því yfir, að meðan þetta form er á frv. vil jeg eigi gefa því atkvæði mitt. Hin eina breyting, sem nú er farið fram á, er á tímatakmörkum kjörskránna, og þá er rjettast að telja þau, en vísa að öðru leyti til kosningarlaganna sjálfra. Það er heppilegra en að nema greinarnar úr lögum, en jafnhliða taka þær í lög með svo lítilli breytingu. Það verður erfitt að átta sig á öllum þessum lagastúfum, en ef steypt er saman þessum kosningarfrv., sem fram eru komin, mun jeg gefa því, sem þetta frv. fer fram á, mitt atkvæði. Lögin eiga að vera einföld og hæg aðgöngu fyrir alla. Það hefur verið ráðizt svo á kosningarlögin, að ekkert stendur óbreytt í þeim nema 6 fyrstu greinarnar, en þær eru einmitt teknar upp úr stjórnarskránni, og svo eru eptir 2 greinar, mjög ómerkilegar; þess vegna ætti að steypa öllum frv. um breyting á kosningarlögunum saman í eitt.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal vera þakklátur h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) fyrir hverja þá bendingu, sem hann kemur fram með til umbóta á frv. Þó maður vilji nú ganga þá leiðina, eins og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók fram, og taka einungis til greina í frv. tímabreytinguna með undirbúning kjörskránna og gildi þeirra, þá yrðu lagagreinar þær, sem breytingin nær til, að sumu leyti í gildi, en að sumu leyti ekki. Mjer fannst því hreinna, að taka greinar þessar alfarið úr

lögum í frv. En vilji h. deild taka til greina tillögur h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þá er jeg ekki á móti því.

ATKV.GR.: Breyt. við 1. gr. (C. 176) samþ. með 8 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.; 2.—3. gr. (C. 145) samþ. með 8 atkv. hvor; br. við 4. gr. samþ. m. 8 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. m. 8 atkv.; 5 gr. samþ. m. 7 atkv.; 6. gr. samþ. m. 6 atkv. Fyrirsögnin samþ. m. 8 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 10 atkv.

Þrettándi fundur, föstudag 17. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 107, 165); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eins og nú stendur, eru engin sjerstök lög til um sambandið milli iðnaðarmanna og nemenda þeirra; þetta samband hefur því að mestu orðið að byggjast á venju, eins og hún hefur myndazt á hverjum stað fyrir sig, en venjan hefur misjafnlega tryggt rjett beggja málsaðila, lærimeistara á eina hliðina, og iðnaðarnemenda á hina. Til að bæta úr þessu, er þetta frv. komið fram, og er að áliti nefndarinnar yfir höfuð aðgengilegt að efninu til. Frv. er mannúðlegt, og miðar til að tryggja rjett bæði lærimeistaranna og nemendanna, og sjer í lagi inniheldur það ákvæði um, að vernda nemendurna gegn öllu gjörræði af hálfu lærimeistaranna. Nefndin hefur ekki komið fram með neinar efnisbreytingar, held ur eru það mest orðabreytingar, sem hún hefur gjört við frv. Það sem helzt hefði, ef til vill, þurft breytingar við, var það, að nemandinn, áður en hann fengi námsbrjefið, væri látinn sýna það í verkinu, að hann væri orðinn fullnuma í iðn sinni, t. a. m., ef hann væri smiður, að hann þá væri látinn smíða einhvern grip, eða ef það væri einhver önnur iðnaðargrein, er hann ætti að nema, að hann þá leysti próf af hendi. Þetta athugaði nefndin, og kannaðist við, að það gæti átt vel við. En hins vegar er í frv. nokkur trygging fyrir því, að nemandinn læri vel iðn sína, þar sem lærimeistarinn getur orðið fyrir skaðabótum, ef nemandinn ekki, að afloknu námi, getur fengið námsbrjef, og það er lærimeistaranum að kenna, auk þess sem refsing er lögð við því, ef lærimeistarinn gefur rangt vottorð. Nefndinni fannst það auk þess vandkvæðum bundið, að koma þessu prófsmíði eða prófi svo vel fyrir, að það veitti nægilega trygging, og vel mætti við það una, en hún álítur það æskilegt, að h. deildarm. láti álit sitt í ljósi í þessu tilliti, og mun hún fúslega taka til yfirvegunar þær bendingar, er í þessu efni kynnu fram að koma frá deildarm. Að öðru leyti óska jeg einungis, að h. deild taki frv. vel, og að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hl.

Frv. til laga um hafnsögu í Reykjavíkurkaupstað (C. 165); 1. umr.

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): Samkvæmt reglugjörð 1. febr. 1841 á amtmaðurinn í Suðuramtinu að skipa hafnsögumann í Reykjavík, eptir till. bæjarstjórnarinnar þar, og yfir höfuð hafa yfirumsjón með, að hafnsaga í Reykjavík fari fram í góðu lagi. Hin síðari árin hafa leitt það í ljós, að þeim skipum fækkar árlega, sem taka hafnsögumann til að vísa sjer leið, og hlýtur þetta að hafa mikil áhrif á kjör hafnsögumannsins. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefur því skorað á amtið, að hafnsögumaðurinn fengi betri kjör við að búa; auk þess er hafnsögumaðurinn hjer orðinn gamall, búinn að hafa þennan starfa á hendi um 30 ár, og vill því helzt losast við þessa stöðu sína. Bæjarfógetinn hefur reynt að fá duglegan

mann til að takast starfa þennan á hend ur, en menn hafa skorazt undan því, bæði vegna þess, hvað hafnsögumannsstaðan gefur lítið í aðra hönd, og svo vegna hins, hvaða kostnað hún hefur í för með sjer þar sem hafnsögumaðurinn þarf að hafa skip (sexæring) búið mönnum, og getur á hinn bóginn ekki að staðaldri gefið sig við öðrum atvinnuvegum. Þetta, sem jeg hjer hef tekið fram, er ástæðan til þess, að jeg hef leyft mjer að leggja þetta frv. fram fyrir h. deild; frv. gjörir tilteknum skipum af tiltekinni stærð að skyldu, að nota hafnsögumann; jeg veit að sumum kann að þykja þetta ekki vera frjálslegt, en í öðrum löndum t. a. m. í Danmörku eru lög um hafnsögu frá 13. júní 1879, sem heimila, þegar nauðsyn þykir, að skipa svo fyrir, að skip skulu skyldug að nota skipaðra hafnsögumanna leiðsögn.

Hjer í Reykjavík er það óhjákvæmilegt, að hafa hafnsögumann, og hann duglegan, því innsigling til Reykjavíkur getur verið hættuleg fyrir ókunnug skip, og um flóð hefur það að borið, að ókunnug skip hafa farið fyrir sunnan Akurey, og hafa ætlað þá leið inn á höfnina, þvert yfir grandana, sem þá eru í kafi; en til þess að fá duglegan mann í þessa stöðu, þarf hann að fá þennan starfa sinn sómasamlega launaðan. Jeg hef lagt fram á lestrarstofuna skjal, er sýnir, hve mörg skip hafa komið til Reykjavíkur árin 1886—1890, og hve mörg þeirra hafa notað hafnsögumann. Með leyfi h. forseta skal jeg lesa þessa tölu á skipunum upp fyrir h. deild:

1886	komu 150	skip, en	24	notuðu hafns.m.
1887	— 110	—, —	36	— ——
1888	— 193	—, —	35	— ——
1889	— 148	—, —	37	— ——
1890	— 137	—, —	34	— ——

Þetta sýnir að hvergi nærri öll skip nota hafnsögumann, og það hefur enda borið við, að þegar ókunnug skip hafa komið, og hafnsögumenn hafa ætlað að vísa þeim leið, þá hafa þeir ekki viljað þiggja það. Það vill nú svo vel til, að hjer í deildinni eru 2 h. þm., sem þekkja vel til þessa máls, þar sem þeir báðir hafa verið bæjarfógetar hjer í Reykjavík; jeg vona að þeir styðji þetta nauðsynjamál, eins og jeg yfir höfuð ber það traust til h. deildar, að hún taki málinu vel.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg get ekki sagt, að jeg sje meðmæltur þessu frv., og það af því, að mjer er illa við að leggja óþörf útgjöld á verzlun og siglingar, og því síður vil jeg bæta enn gjaldi á siglingar með því, að skylda skip til að greiða fje til hafnsögusjóðs, og það því síður, sem öll skip nema innlend fiskiskip og herskip gjalda hátt gjald til hafnarsjóðsins í Reykjavík. Að vísu mun ekki verða komizt hjá að hafa fastan, launaðan hafnsögumann í Reykjavík; en jeg vil þar fyrir ekki leggja þau laun, sem hann þarf að hafa, á skip, leggja nýjar álögur á siglingar og verzlun. Hafnarsjóður Reykjavíkur, er hefur mjög miklar tekjur af skipum, getur vel greitt þau litlu laun, er hafnsögumaður þyrfti að fá, auk tekna þeirra, er hann hefur af þeim skipum, er taka hafnsögumann; en að skylda hvert skip, sem er 40 tons og þaðan af meir, eins og frv. gjörir, að undanskildum herskipum o. s. frv., til að kaupa fylgd inn eða út af Reykjavíkurhöfn, það álít jeg ófært. Sem sagt, hafnarsjóðurinn þolir vel þó hann launi hafnsögumanni; útgjöld hans eru heldur ekki svo mikil, þar sem hann svo að segja einungis hefur árlegan kostnað af sjómerki, 1 hafnarbóli og ljóskeri, en á allmikið fje í sjóði eða útlánum. H. flutningsm. frv. (E. Th. J.) gat þess, að í Danmörku og Noregi væru skip með lagaákvæðum skylduð til að nota hafnsögumann, en jeg þekki ekki, eða veit ekki til, að svo sje, nema á stöku stað, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, út af því, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) gat

þess, að hafnarsjóðurinn fullkomlega væri fær um, að launa hafnsögumanninum, að mjer er ekki kunnugt um, að nokkur heimild sje til þess, að greiða borgun til hafnsögumanns úr þeim sjóði. Jeg hef að minnsta kosti farið þess á flot við stjórn hafnarsjóðsins, en hún hefur ekki álitið sig hafa neina heimild til þess, enda var tilgangur með stofnun þessa sjóðs sá, að safna fje til þess á sínum tíma, að geta bætt höfnina; svo hefur hann haft og hefur ýmsum útgjöldum að svara, svo sem þegar bæjarbryggjan var byggð; ennfremur hvílir á honum, að kosta ljósker og halda þeim við.

Þar sem sami h. þm. tók það fram, að það væri ótiltækilegt, að leggja slíkar kvaðir á menn, eins og frv. fer fram á, þá skal jeg einungis svara þar til, að við getum vel verið þekktir fyrir að gjöra það, þar sem við í þessu efni höfum fyrir oss dæmi fleiri stærri þjóða. Að lyktum skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að á kvörðunin í 3. gr. frv., um gufuskip, er gjört til þess, að greind skip verði fyrir sem minnstum kostnaði, en gjaldi þó altjend nokkuð til hafnsögumannanna.

Árni Thorsteinsson: Af því að þetta er 1. umr. málsins verð jeg að láta mjer nægja að tala dálítið um það í heild sinni. Jeg vil álíta það ákjósanlegt, að einhver endir verði gjörður á þessum vandræðum, hvað hafnsögu snertir, svo að allir hlutaðeigendur megi vel við una. En jeg hygg, að til þess sje annar vegur greiðari en sá, að skylda öll skip til að taka hafnsögumann, bæði þá er þau sigla út og inn. Í Danmörku og Noregi á engin hafnsöguþvingun sjer stað, að minnsta kosti þekki jeg það ekki, — nema þar sem svo á stendur, að brýna nauðsyn ber til þess, t. d. þar sem innsigling á hafnir er sjerlega hættuleg, og svo vandasöm, að eigi verði hjá því komizt, að gjöra það að skyldu að taka hafnsögumann. Mjer liggur við að segja, að það gangi of nærri frelsi manna og leggi of mikil bönd og kostnað að óþörfu á verzlun og siglingar, verði frv. þetta samþykkt, og að það gjöri yfir höfuð siglingamönnum svo mikinn ógreiða og óþægindi, að það sje alls ekki tilvinnandi í samanburði við þann hagnað, er af þessu kynni að geta leitt; því að þess ber að gæta, að hafnsögumenn hjer hafa aldrei og geta aldrei haft svo mikið að gjöra, að þeir eigi jafnframt stundi annan atvinnuveg. En úr því ráða þarf úr þessu vandræðamáli, get jeg ímyndað mjer, að það mætti gjöra á einhvern annan hátt, t. d. með aukaþóknun úr hafnarsjóði. Um það skal jeg samt ekki segja með vissu, því mjer er ekki vel ljóst, hvernig reglugjörðinni um hann er háttað; hún er, það jeg til veit, ekki auglýst á prenti. Það er fyrst nú er jeg heyri það, að hún sje hinu litla lagasafni handa alþýðu, að jeg fe að vita, hvar hana er að finna. En ef ekki væri heimild til að taka þessa aukaþóknun handa hafnsögumanni úr þessum sjóði, þá ímynda jeg mjer, að framkvæmdarvaldið gæti rýmkað um ákvæði reglugjörðarinnar, svo að það yrði leyfilegt, og ættu ekki að vera vandræði að koma því svo fyrir. Jeg man eptir að stiptamtmaður úrskurðaði einusinni, um 1860, hafnsögumanni þóknun úr þessum sjóði, en síðan veit jeg ekki, að það hafi verið gjört, enda munu mótmæli hafa risið gegn því. Öll skip eiga auðvitað heimtingu á að fá hafnsögumann, er þau þurfa, en að skylda öll skip, sem eru 40 smálestir eða þar yfir að stærð, til að nota hafnsögumann, er þau þurfa hans ekki við, það er að skylda menn til að gjalda, þegar svo ber við, fyrir ekki neitt, og það finnst mjer satt að segja nokkuð hart. Það er alveg eins og menn mættu ekki fara heim að bæ eða fá bæ, er menn þyrfti að koma á, nema maður borgaði fylgdarmanni hvort heldur hans þyrfti eða ekki, og hvort heldur fylgdin væri látin í tje eða eigi. Er nokkur meining í því? Á verzluninni liggja sannar-

lega nóg gjöld, þótt óþörfum álögum sje ekki bætt á hana. Jeg vil ítreka það, sem jeg sagði áður, að mjer er ekki kunnugt um, að hafnsöguþvingun, á stað, sem er eins hagkvæmur til innsiglingar og Reykjavík, eigi sjer stað neinstaðar í öðrum löndum. Af þessum ástæðum öllum, er jeg hef tilgreint, get jeg ekki verið samþykkur frv. í þeirri mynd, sem það nú er í.

Grímur Thomsen: Það er að eins ein lítil athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra. Jeg vil spyrja h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), hvort ekki væri betra að bæta inn í 1. gr. frv., á eptir: „öll skip, sem eru 40 smálestir að stærð", orðunum: „eða meira". Jeg skýt þessu til h. flutningsm., hvort hann vildi ekki taka þessa viðbót til greina, því að jeg hygg, að hún mundi gjöra þessa gr. frv. ljósari.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd um það, að aðrar þjóðir hafa hafnsögmenn á föstum launum, en um slíkt getur ekki verið að tala hjer, því að þess ber að gæta, að hafnsögumaður hjer getur stundað aðra atvinnu, þótt hann sje hafnsögumaður, og þarf ekki að missa mikils í fyrir það. Þar sem h. 4. kgk. þm. (*Á. Th.*) gat þess, að í Danmörku og Noregi ætti engin hafnsöguþvingun (Lodstvang) sjer stað, er það ekki alveg rjett. Hún á sjer stað á einstöku stöðum.

ATKVÆÐAGR.: Máli vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 175); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breytingu á konungsúrskurði 25. ág. 1853. viðvíkjandi Ásmund arstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 175); 1. umr.

ATKVÆÐAGR:: Vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frv. til laga um friðun á skógi o. fl. (C. 183); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að tala fáein orð. Það tíðkast nú hjer á þingi, að menn vilja búa til samþykktarlög og er jeg því fúslega hlynntur, að hjeraðsbúar fái að ráða sem mestu í eigin málum sínum. Jeg skal leyfa mjer að leiða athugun h. deildar að því, að mjer líkar eigi hvernig ætlazt er til, að atkvæðagreiðsla viðvíkjandi samþykktaratkv. í slíkum lögum fari fram. Í frv. er eigi tiltekið, hvenær sje lögmætur fundur; eptir frv. virðist nóg að 3 menn mæti á fundi, og geta þá 2 ráðið samþykktinni til lykta. (*E. Th. J.:* Sýslunefndin). Já, hún skrásetur samþykktina, en svo verður að kveðja til fundar hjeraðsbúa. Til þess, að samþ. geti náð staðfestingu amtmanns, þarf þetta; annars er hún eigi staðfest.

Jeg skal sömuleiðis geta þess, að jeg er óánægður með þá tilhögun, að ætlazt er til, að allur fjöldi hjeraðsbúa greiði atkv. um samþykktina. Jeg hygg, að ef h. deild samþykkir þetta frv., þá þurfi að slá einhverju föstu um lögmæti fundar, og mun þá helzt vera, að grípa til þess ráðs, er viðgengst og liggur fyrir samkvæmt öðru frv., nfl. að 1., að meir en helmingur hjeraðsbúa, á því svæði sem samþykktin á að ná yfir, mæti á fundi, og 2., að meir en helmingur fundarmanna greiði atkv. með; en með því móti kemur annað til skoðunar, sem eigi er betra, að ef samþ. nær yfir víðlent svæði, verður því nær ómögulegt, að koma samþ. á, hversu nauðsynlegt sem það annars væri. Mjer hefur dottið í hug, að úr því eigi þykir duga, að sýslun. ein semji og samþykki samþ., að kjörmenn verði kosnir, 1 til 2 í hverjum hreppi, og þeir ráði úrslitum á fundi. Jeg hef yfirvegað þetta ýtarlega, og álít það betur tilfallið en það, sem viðgengst

viðvíkjandi samþykktum. Jeg skal taka til dæmis, að einn hreppur getur farið svo óráðlega með skóg, hrís, viðir o. s. frv. að samþ. sje nauðsynleg, og hún þurfi að ná yfir fleiri hreppa, að eigi þarf annað til þess að samþ. sje felld, en að þessi hreppur fjölmenni á fundinn og greiði atkv. á móti henni, því menn þekkja að menn taka sjer eigi nærri að sækja eigi fundi eins og vera ber, og gæti því hinn eini skaðlegi hreppur brotið hina á bak aptur.

Ef mönnum sýnist takandi til greina það, sem jeg hefi nú tekið fram, þá legg jeg til, að nefnd verði kosin í málið, áður þessari umr. er lokið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg ætla eigi að tala um greinar frv., heldur um undirstöðuna. Er það rjett af löggjafarvaldinu að takmarka næstum undantekningarlaust eignarráð einstaklinganna? Eða er það rjett, að sýslunefndir hafi það vald yfir eignarrjettinum?

Eg er á því að löggjafarvaldið fari hjer í frv. út fyrir sín rjettu takmörk, þar sem það leggur höpt á eignarráð hvers einstaks manns sjálfs, án þess að hann skerði í nokkru eignarrjett annara með eignarfrelsi sínu. Frv. friðhelgar mosa gagnvart þeim, sem á hann. Það er þó gefið, að sá sem eyðir sínum eigin mosa, skaðar engan mann, heldur að eins erfingja sína. Fari maður svo langt, er eignarrjetturinn alveg brotinn á bak aptur.

Stuart Mill segir, að sje eitthvert mál einstaklingum mest viðkomandi, skuli stjórnin aldrei skipta sér af því.

Væri frv. þetta gjört að lögum, þá væri engu miður, heldur öllu fremur rjett af h. deild að gjöra það að lögum, að sýslunefnd gæfi mönnum reglur um, hvenær þeir skyldu hátta og sofa, hvenær þeir skyldu fara á fætur á morgnana, hve mikið eða lítið þeir skyldu eta og drekka, því að undir öllu þessu væri komin heilbrigði mannsins, að hann hafi eigi óhóf í mat og drykk, og heilbrigði er manni miklu nauðsynlegri heldur en lyng og mosi.

Það er eins og meðmælendur þessa frv. hafi þá hugmynd, að löggjafarvaldið megi allt, og engin upprunaleg mannrjettindi sjeu til, þau er löggjafinn má eigi skerða, og að enginn kunni sjálfur að stjórna eigum sínum, heldur verði löggjafarvaldið að gjöra það í smáu sem stóru. Jeg er alveg mótfallinn þessu frv.; það nær langt yfir þau takmörk fram, sem löggjafarvaldið hefur leyfi til að setja sjer.

Grímur Thomsen: Jeg hygg að segja megi um frv. þetta hið fornkveðna, að því verra ástand sem er í landi því fleiri sjeu lögin *(pessimæ rei publicæ plurimæ leges)*. Það kom fram í umr. í Nd. þá er lögin um fiskiveiðasamþykktirnar voru þar fyrir, að nauðsyn bæri til að gefa slík heimildarlög, þar sem um almenna eign var að ræða, og fyrir því getur það átt vel við um sjóinn og fiskiveiðar, sem kalla má almannaeign, en hjer er allt öðru máli að gegna með þetta frv. Hjer finnst mjer þess háttar samþykktarlög eiga einstaklega illa við.

Jeg skal benda á kátlegt dæmi. Hjer í frv. á nú að friða mosann. Jeg má því ekki eyða honum í túninu mínu t. a. m. með færikvíum eða með sljettunum! Hvernig lízt mönnum á?

Í reglugjörð fyrir hreppstjóra er þeim skipað í samráði við hreppsnefndina að hafa eptirlit með meðferð á skógi, kvisti, mótaki, lyngi og meltaki. Það virðist því ekki bera neina brýna nauðsyn til að setja nú lög um þetta.

Jeg skal enn fremur bæta einu við. Hvernig eiga þær sveitir að fara að, ef skógur er friðaður, sem engan eldivið hafa annan, — ekkert mótak? Jeg vil taka t. d. hinn fræga stað Þingvelli og Þingvallasveitina. Þar er ekkert mótak til, og sje þeim bannað að snerta skóginn, hafa þeir engan eldivið annan en sauðaskán,

en hingaðtil hefur verið álitinn betri bú hnykkur að brúka hana sem áburð heldur en sem eldivið.

Jeg skal svo ekki orðlengja um frv. þetta. Jeg vona, jeg *vona*, að það eigi ekki langa leið eptir ófarna.

Júlíus Havsteen: Jeg gæti vel fallið frá því að taka til máls, eptir að jeg hef heyrt hinar ágætu ræður h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um þetta mál. Það, sem mjer var forvitni á að fá að vita, var það, hver nauðsyn væri á því að slík lög sem þessi yrðu sett, en þetta atriði minntist h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) ekki á í ræðu sinni. Aptur á móti hafa hinir ræðumennirnir sýnt fram á það, að nauðsynin væri eigi fyrir hendi, og að frv. gengi allt of nærri eingarrjetti manna.

Svo er ákveðið í 4. gr. frv., að ef amtmanni sýnist ákvæði samþykkta þeirra, sem setja má eptir fyrirmælum frv., ganga of nærri rjetti manna og koma í bága við grundvallarreglur laga, þá skuli hann synja um staðfesting sína. Jeg fæ því ekki sjeð að slíkar samþykktir geti nokkurntíma náð fram að ganga, því þær hljóta einlægt að koma í bága við rjett manna, og geta ekki öðruvísi orðið.

Að því er þjóðjarðirnar snertir, er ábúendum bannað í byggingarbrjefinu að taka fjalldrapa, og svo mun vera með fleiri jarðeigendur, að þeir munu líta eptir, að eigi sje farið illa með jarðir þeirra, sem þeir byggja öðrum, í því tilliti, sem er verið að ræða um. Jeg veit eigi betur en þeir, sem skógana eiga í Fnjóskadal fyrir norðan, hafi alla viðleitni til þess, að fara vel með þá, og get jeg eigi sjeð að þessi friðunarlög mundu gjöra þar neitt gagn. Jeg fyrir mitt leyti hika því eigi við að greiða atkv. móti þessu frv. Við vikjandi athugasemdum h. þm. Rangv (S. Á.) um, að hann gæti ekki fellt sig við, hvernig kveðið er á í frv. um atkvæðagreiðslu og fyrirkomulagið með undirbúning samþykktanna, — þá skal jeg geta þess, að fyrirkomulag það, sem haft er í frv. þessu, er hið sama, sem á sjer stað með fiskiveiðasamþykktirnar, og hefur það gefizt vel. Ef hjeraðsbúar sækja ekki slíka fundi, mega þeir kenna sjálfum sjer um, ef öðruvísi fer með samþykkt, heldur en þeir hefðu óskað.

E. Th. Jónassen: Mig furðar mjög á því, að h. 5. kgk. (Á. Ó.) skuli hafa svo mikið á móti þessu frv. og álíta það ganga of nærri eignarrjetti manna. Hann talaði nú reyndar einkum um mosann. Jeg er þó alveg viss um, að hann hlýtur að vita það, að í flestum löndum eru menn alls ekki sjálfráðir um það, hvernig menn fara með skóga sína. *(Á. Ó.:* En mosann?). Hjer er líka um skóga að ræða í frv. og það er öldungis ekki einsdæmi, að settar sjeu einhverjar reglur fyrir meðferð þeirra. Það er hreinasti „vandalismus“, hvernig farið hefur verið með þá viða hjer á landi. Jeg þekki jörð, sem var mjög mikið skógi vaxin fyrir 10 árum síðan, en nú sjest þar varla hrísla lengur. Jeg hygg því að það sje einmitt mikið gott, að höfð sje hönd í bagga með, hvernig með skógana er farið. Það er tap fyrir almenning, að eyðileggja skógana. *(Á. Ó.:* Nei!). Jú, sjerhvert land hefur skaða af því, ef skógar eru eyðilagðir, og fyrir því varðar það alla þjóðina, að varðveita þá og verja þá eyðingu.

Það er og alkunnugt, að víða eru góð beitilönd meira og minna eyðilögð með því að rífa hrís og lyng, þótt nægilegur mór sje til; menn nenna ekki að taka upp móinn; þykir hitt hægra. Í frv. þessu stendur alls ekki, að friða *skuli* alla skóga; fyrir því er dæmi það, sem tekið var af Þingvallasveit, mjög óheppilegt. Það er mjög líklegt, enda sjálfsagt, að þeim sem þar búa mundi ekki með öllu verða bannað skógarhögg, en einungis haft eptirlit með og settar reglur fyrir, að eigi yrði höggvinn skógurinn til stórskaða.

Jeg hygg því, að það sje mjög gott og

æskilegt, að lög væru sett um þetta efni; því að það er sannarlega sorglegt til þess að vita, hvernig farið hefur verið hingað til opt og tíðum með ýmsar jarðir, og væri því velgjörningur, að stuðla til þess, að hægt væri að hjálpa þessu við. Það er seint að reyna að hjálpa, þegar allt er orðið að melum og flagi.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er samdóma h. 2. kgk. (E. Th. J.) í því, sem hann hefur sagt. Jeg get ekki lagt áherzlu á það, að frv. gangi of nærri eignarrjetti manna, þótt skógur sje friðaður — jeg fæst ekki um mosann, — því að menn vita það, að opt eru þau lög gefin, er setja takmörk fyrir því, hvernig menn megi fara með eign sína. Jeg vil einnig benda á það, að skógar hafa mikil áhrif á að bæta loptslagið. Þar sem sagt hefur verið hjer í þingd., að farið sje vel með skóginn í Fnjóskadal og Hallormsstaðaskóg, þá er slíkt hreinasti misskilningur að því hinn fyrnefnda snertir; því að menn neyðast til stundum að beita hann á vetrum og vorum, og allir ættu að vita, hver afleiðingin er af því. Jeg skal taka til dæmis Ásbyrgi; þar var einhver hinn fallegasti skógur hjer á landi; en nú er ekki helmingur eptir af honum.

En jeg er ekki meðmælendum frv. samdóma um þetta frv., því jeg álít það óhafandi, af því að það slengir saman ýmsu því, er alls ekki getur saman átt, og er þar að auki „ópraktiskt“. Það verður því alls ómögulegt, að lifa eptir því, ómögulegt að framfylgja því. Jeg mun þessvegna greiða atkvæði móti því.

Arnljótur Ólafsson: Menn mega eigi skilja orð mín svo, sem jeg hafi á móti skógunum í sjálfu sjer. En hitt hygg jeg að öllum sje kunnugt, að skógum hnignar í hverju landi sem er, og að þeir ganga af sjer; þau lönd, sem lengst eru komin á leið með að yrkja jörðina, þau höggva skóga til þess, að láta þær jurtir vaxa í þeirra stað, er meira gjöra gagn og meira gefa af sjer. Það er einkum í Noregi og Sviss, að skógar hafa verið höggnir svo mjög, að valdið hefur skaða; en þó eru þeir enn höggnir þann dag í dag.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram gagnvart h. 3. kgk. (L. E. S.), að skógar hjer á landi skemmast eigi mest af því, að þeir eru höggnir, einkum nú um stundir, heldur mest af völdum náttúrunnar; ef ísrigning kemur og klakahúð sezt á skógartrjen í gróandanum á vorin, þá deyr skógurinn alveg. Einmitt þetta hefur víða fellt skóga hjer á landi.

Skógarnir ganga úr sjer, þótt þeir sjeu friðaðir; eptir því sem grasrótin eyðist að frjó-efnum, fölna trjen, af því að þau vanta nóga næringu Og þá er skógarnir eyðast, vex gras í þeirra stað. Þessu veit jeg, að h. 3. kgk. (L. E. Sv.) hefur veitt eptirtekt í norðurlandi. Þetta vita allir, er hafa nokkuð kynnt sjer, hvernig gengur til í grasaríkinu, allt frá því, er gamli mosinn myndaðist, og þangað til komið er valllendi eður tún. — Þessi lög geta aldrei orðið praktisk á nokkurn hátt- En hvernig fer nú með þá samþykkt, er friðar mosa, lyng, skóga o. s. frv., ef byggingarbrjef leiguliða fyrir jörð heimilar honum öll afnot jarðarinnar? Jeg vil segja, sje þessi jarðarafnot eigi undanskilin í byggingarbrjefinu, hefur leiguliði fullan rjett til að nota sjer lyng og mosa jarðarinnar. Hann segir við sjálfan sig: Jeg get, ef jeg tek mjer lyng, selt hangikjöt til Reykjavíkur, og fengið peninga fyrir; hangikjötið er útgengileg vara, sje það reykt við lyng.

Jeg hygg og, að skógar sje hjer á landi fremur til gamans en til gagns. Þeir geta varla kallazt til prýðis. Jeg hygg að menn ættu meir að leggja rækt við tún sín, heldur en skógana, og að yfirvöldin ættu að sjá um, að prestssetur, er bætt hefur verið að húsum og túni, sje eigi næsta ár

á eptir byggt sveitarlimum. H. 2. kgk. (E. Th. J.) ætti að láta aðra vita, að hann skuli eigi láta slíkt kom fyrir.

Grímur Thomsen: Jeg er á sömu skoðun og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að það sje gott og gagnlegt að vernda skóga eða friða þá, en jeg sje ekki neina von til þess, að það verði gjört, þótt frv. þetta verði að lögum, því að jeg ímynda mjer að þessum friðunarlögum yrði lítið hlýtt, sem fleiri öðrum sams konar lögum. Væru ástæður vorar svo, að vjer gætum haft hjer skógarverði (Forstmænd), eins og tíðkast í öðrum löndum, væri allt öðru máli að gegna, og þá mundi jeg líklega greiða atkvæði með þessu frv., en eptir því sem hagar til hjá oss, get jeg ómögulega greitt atkvæði með því.

Þorleifur Jónsson: Það sem einkum hefur verið haft á móti þessu frv. hjer í deildinni, er, að það gangi of nærri eignarrjetti einstakra manna eða takmarki hann um of. Það var h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sem hreyfði þessum mótmælum. Jeg get ekki verið samþykkur honum í þessu. Mín skoðun er sú, að takmarka megi eignarrjettinn og frelsi einstaklinganna, þegar almenningsheill heimtar það, enda er það heimilað í 50. gr. stjórnarskárinnar *(Arnlj. Ólafsson:* og komi fullt verð fyrir). Jú, það er auðvitað, að fullt verð á fyrir að koma, ef t. d. tekið er af manni land til almenningsþarfa. Þessi skoðun um takmörkun á eignarrjettinum og frelsi einstakra manna, ef almenningsheill heimtar, er alveg samkvæm þeirri skoðun, sem allir þjóðmegunarfræðingar halda fram, nú orðið. Þeir segja, að takmarka megi eignarrjettinn þegar almenningsheill krefst þess. *(Arnlj. Ólafs:* Nei!). Jeg segi jú, og jeg skal sýna h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), að þessi stefna er einmitt nú orðin ríkjandi meðal þjóðmegunarfræðinganna. *(Arnlj. Ólafsson:* Bara á Þýzkalandi). Það er víðar, eða eru þá engir merkir þjóðmegunarfræðingar á Þýzkalandi? *(Arnlj. Ólafsson:* Nei!) Þessari skoðun eða kenningu er einnig fylgt í framkvæmdinni í hverju landi í svo mýmörgu. Má jeg spyrja: Eru ekki öll skyldugjöld takmörkun á eignarrjettinum, gjöld til landssjóðs, til prests og kirkju, til sveitar o. s. frv.? Það er meira en takmörkun, því að þar er einmitt tekið af eign manns. *(Arnlj. Ólafsson:* Ekki af mosa). Það er hið sama. Jeg var ekkert að tala um mosa. Það má nefna margt fleira en skyldugjöld manna, sem dæmi um takmörkun á eignarrjettinum, og ýmsar reglur settar um, hvernig menn skuli fara með eigur sínar. Ekki mega menn t. d. fara illa með skepnur; ef þeir gera það, er refsing við lögð. Þetta er einnig takmörkun. Svona mætti halda lengi áfram og sýna með mörgum dæmum, að sú skoðun, sem jeg held fram, er rjett. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á fiskiveiðasamþykktir í sambandi við þetta mál, og sagði, að þar væri allt öðru máli að gegna. En þær takmarka einnig að ýmsu leyti frelsi manna. Með þeim er mönnum bannað að nota sum veiðarfæri sín á vissum tímum og vissum miðum o. s. frv.; það getur verið bannaður niðurburður á hrognum o. s. frv. Það gildir því alveg sama um þetta mál, sem fiskiveiðasamþykktir, lögreglusamþykktir o. m. fl., sem jeg gæti verið heilan dag að telja upp. Það eru ennfremur ýmsar reglur settar um bygging á jörðum, og getur það skoðazt sem takmörkun á eignarrjetti jarðareiganda. Sú eina regla, sem fylgja á í þessu efni, þegar um takmörkun eignarrjettarins er að ræða, er það, að almenningsheill heimti það. Jeg ímynda mjer, að flestir h. þingdm. enda þótt þeir sjeu á móti þsssu frv. sjeu mjer samdóma í því, að nauðsyn beri til að friða skóga hjer á landi, og eg hygg, að þeir mundu því greiða atkv. með frv. til 2. umr., til þess að lagfæra megi það, sem þeir hafa helzt á móti því, og jeg efast ekki um, að t. d. h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem taldi nauðsyn á að friða skógana, gæti

ef hann vildi, lagað það. Jeg skal að lyktum taka það fram, að jeg treysti hjeraðsbúum vel til að semja lög fyrir sig um þetta efni, eins og t. d. fiskiveiðasamþykktir og fjallskilareglugjörðir; flestar sveitir eru svo vel skipaðar skynsömum mönnum, að þeim er fullvel trúandi fyrir að setja hagkvæm lög sín á meðal um þetta efni.

Sighvatur Árnason: Umræðurnar um þetta frv. hafa gengið langt í því að gjöra lítið úr því. H 6. kgk. (Á. Ó.) sagði, að bezt væri að rífa allt upp, bæði mosa og skóg. þá sprytti gras aptur, en hvenær? eptir máske heila öld. Á hinn bóginn álít jeg, að deildin gjöri oflítið úr frv. Nd., þar sem svo lítur út sem hún ætti að hlæja það í hel út af orðum einhverra deildarmanna. Jeg held að það sje ekki mikil hætta á að setja nefnd í málið til að yfirvega það og fella úr því, það sem menn hafa mest á móti, en halda því, sem mönnum kemur saman um, að sje nauðsynlegt. Jeg hygg rjettast að sýslunefndum og hlutaðeigandi hjeraðsbúum sje gefið vald til þess að semja gildandi reglur um það, sem hjer umræðir, því þeim er sjálfum bezt kunnugt um, hvað við á í því efni. Jeg veit dæmi þess, að menn hafa gengið mjög langt í skógarhöggi, svo að þar sem áður var blómlegur skógur er nú landauðn, og gjöra menn ekki sjálfum sjer og öðrum lítinn skaða með þessu ráðlagi. Jeg held, að það sje eigi hæpið að fela sýslunefndum og hjeraðsbúum að búa til hagkvæmar samþykktir um slíkt. En þegar menn ganga svo langt, að menn segja, að bannað sje í þessu frv. að snerta við einu hári á höfði á hverju sem er, og ekki meg einu sinni ræta upp óræktarmosa úr túnum, þá verð jeg að segja, að slíkt er talað fjarri öllum sanni, og það í þeim anda, sem jeg get ekki fellt mig við. Það er nefnilega auðsætt, að sumir þingmenn vilja alls ekki aðhyllast þá stefnu, sem kemur í ljós í frv., að hjeraðsbúar fái að ráða sínum eigin málum til lykta. En hverjum skyldi þó standa það nær en þeim? Skyldi alþingi ráða betur en beztu og skynsömustu mennirnir heima í hjeruðunum, sem auðvitað þekkja betur, hvað hentar hjeraði því, sem þeir eru búsettir í, heldur en alþingi? Jeg vil láta taka frv. til nákvæmrar yfirvegunar *(Arnlj. Ólafsson:* Svo?), og lagfæra það á stöku stað, sem jeg játa að þurfi, eins og h. þm. Húnv. (Þorl. J.) minntist á í ræðu sinni. Jeg vil að því leyti að frv. fái framgang og álít óvinsælt verk að fella það. Jeg vil því leyfa mjer, að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 6 atkv. gegn 4.

Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Fjórtándi fundur, laugardaginn 18. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis aðeins gefin út á íslenzku (C. 73); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. orðalaust með 8 : 3 atkv. og afgreitt síðan til Nd.

Frv. til laga um nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál (C. 186); 3. umr.

Framsögumaður (Júlíus Havsteen): Jeg vildi að eins gjöra lítilfjörlega athugasemd, nfl. þá, að það vantar „kommu“ í 2. gr. frv. fjórðu línu að ofan, á eptir orðinu „sekt“, en að öðru leyti ætla jeg eigi að gjöra neina rekistefnu út úr því.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að setja þessa „kommu“ í frv., ef enginn hefur neitt á móti því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um kirkjugald af húsum (C. 143); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. orðalaust í e. hlj. og afgr. til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi (C. 78); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. m. 9 samhljóða atkv. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um viðauka við lög 14. jan. 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (C. 143); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 186); 3. umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Frv. þetta hefur fengið svo góðan byr, að jeg álít óþarft að mæla meir með því en búið er; jeg vona því að það fái hinn sama byr við atkv.gr. þá. sem í hönd fer, svo að það komist til Nd.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fimmtándi fundur, mánudag 20. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 102, 165, 193); 2. umr.

Forseti: Samkvæmt ósk hæstv. ldsh., sem og sökum þess, að fleiri breyt.till. eru fram komnar við þetta frv., og þeim fyrst nú hefur verið útbýtt meðal deildarmanna verður mál þetta tekið að þessu sinni út af dagskrá.

Frv. til laga um hafnsögu í Reykjavíkurkaupstað (C. 165, 195); 2. umr.

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): Við 1. umr. þessa máls tók jeg það þegar fram, hvað mjer hefði gengið til, að leggja þetta frv. fram fyrir h. deild, eins og jeg líka við sama tækifæri útlistaði hin einstöku atriði þess; jeg hef því í rauninni litlu að bæta við það, er jeg þegar hef tekið fram í málinu. Hvað ákvörðunina í 3. gr. frv. snertir, um gufuskip, önnur en póstskipin, þá er það sjálfsagt, að hafnsögumennirnir eru skyldir að ganga að þeim samningum, er í þessu skyni er til ætlazt að komist á. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að brýna nauðsyn ber til, að bæði hafnsögumannareglugjörðin frá 1. desbr. 1841 og eins hafnsögu-taxtinn verði bráðlega endurskoðuð, því margt er orðið úrelt, einkanlega í taxtanum. Jeg vona að allir sjeu mjer samdóma um, að það sje nauðsynlegt, að hafnsagan hjer í Reykjavík sje í góðu lagi, þar sem leiðin hingað inn á höfnina engan veginn er hættulaus, en til þess að þessu geti orðið framgengt, þurfa menn að geta launað þeim, sem tekur að sjer hafnsögumannsstarfann, sómasamlega. Við 1. umr. benti jeg á, að skipum fleirum sinnum hefur hlekkzt á hjer á innsiglingu, og sömuleiðis tók jeg fram, að reynt hefði verið til að fá mann til að takast hafnsöguna á hendur, án þess þetta hefði tekizt, sakir þess, hve þessi starfi gæfi lítið í aðra hönd; en allir hljóta að sjá, að það hlýtur að vera til mikils óhagnaðar fyrir viðgang allrar verzlunar hjer, að hafnsagan fari í ólagi. Við 1. umr. var það tekið fram, að hafnsögugjaldið mætti greiða úr hafnarsjóði Reykjavíkur, en eins og jeg þá benti á, er engin heimild til þess; menn þyrftu þá fyrst að breyta reglugjörð þessa sjóðs, til þess að geta greitt hafnsögumannslaunin úr nefndum sjóði.

Árni Thorsteinsson: Þegar mál þetta er skoðað frá almennu sjónarmiði, þá virðist það mega liggja í ljettu rúmi, hvort öllum skipum sje boðið að taka hafnsögu-

mann, og greiða þetta gjald, sem er á innsiglingu, 1 króna fyrir fetið, er skipið nær í sjó niður, ef gjaldið eigi væri allt of þungbært, og ráðin yrði bót á hafnsöguvandræðunum; en skoði maður málið frá enn þá almennara sjónarmiði, þá er það mikið spursmál, sem þarf alvarlegrar íhugunar við, hvort hjer sje ástæða til að innleiða almenna „Lodstvang" eða hafnsöguþvingun, og í þessu efni vil jeg skírskota til þess, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Svbj.) tók fram við 1. umr. þessa máls, og álít jeg það, er hann segir, hafa mikla þýðingu, þar sem hann er máli þessu gagnkunnugur. Jeg efast ekki um, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sem yfirhafnsögusjóri vilji gjöra allt sitt til, að hafnsaga hjer í Reykjavík komist í gott lag, en jeg vil beina að honum spurningu þeirri til úrlausnar, hvort hann hafi og gjört það allt, er gjöra þurfti? Hann er yfirhafnsögustjóri, og að hann hefur þessa skoðun er alls eigi nóg. Þar eru honum æðri stjórnarvöld, sem hefðu átt að segja álit sitt eða gera uppástungu, ef þeim hefði verið hugleikið að innleiða hafnsöguþvinguu. Svo vil jeg spyrja hann, hvort honum ekki, við nánari yfirvegun, finnist það að nálgast hugmyndina kúgun. að innleiða hjer almenna hafnsöguþvingun (Lodstvang)? Jeg álít það vera mjög svo viðurhlutamikið fyrir oss efri deildarm., að afgjöra hjer, hvort þetta eigi að verða að lögum, því, að því hjer er kunnugt, er það einungis uppástunga flutningsmanns, sem liggur fyrir, en ekki frv. frá stjórninni. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að deildin í heild sinni vill veita h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sem yfirhafnsögustjóra, alla þá aðstoð, sem oss er unnt til þess, að koma hafnsögunni hjer í Reykjavk í gott og viðunanlegt lag; en jeg vil ekki vera með, og jeg ímynda mjer heldur ekki h. þingd., til þess, án nægilegs undirbúnings, að innleiða almenna hafnsöguþvingun (Lodstvang), og eiga svo, ef til vill, á hættu, að stjórnin sjálf ekkert vildi vita af slíkum lögum að segja. Jeg vil fremur hafa á móti frv., en gefa ástæðu til synjunar. Jeg ímynda mjer og, að það væru aðrir vegir til að koma hafnsögunni hjer í viðunanlegt horf, en einmitt með þessu lagaboði. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gat þess, að nauðsynlegt væri að endurskoða hafnsögureglugjörðina; jeg er og á því máli, að nauðsyn beri til þessa; en því má þá ekki um leið taka spurninguna um hafnsöguna og laun hafnsögumannanna til yfirvegunar? Af hverju taka skipin almennt ekki hafnsögumann? Einmitt af því, að hægt er að komast fylgdarlaust inn á höfnina, og innsiglingin engan veginn erfið eða hættuleg. Þá var það tekið fram, að ekki væri heimild til að greiða hafnsögumannslaunin úr hafnarsjóði, sakir þess, að það væri beint ofan í skipulags- eða stofnunarskrá sjóðsins. En jeg skil ekki í öðru, en að hjer væri unnt að koma breytingu fram, þar sem skipulagsskrá sjóðsins einungis er búin til af stjórninni, en ekkert löggjafarverk. Hvað ákvæðið í 4. gr. snertir, um gjaldið til hafnsögusjóðsins, þá hefði jeg fúslega gefið atkv. mitt fyrir því, að gjald þetta hefði lítið eitt verið hækkað, en með því engin breyt till. er framkomin í þá átt, ætla jeg mjer ekki að fara lengra út í það að þessu sinni. Annars, þó frv. þetta væri talið mjög glæsilegt, dregur það þó eptir sjer þann dilk, sem ekki er svo mjög þægilegur viðfangs, og sem er innifalinn í því, að yfirhafnsögustjórninni ber að sjá um, að hafnsagan hjer, yfir höfuð að tala, fari fram í góðu og viðunanlegu lagi; en þetta hygg jeg vera mjög svo vandasamt verk, og efast mikillega um, að hafnsagan yrði betri en hún áður var, eða áreiðanlegri. Eptir núgildandi lögum eiga hafnsögumenn að mæta skipunum $^1/_2$ mílu fyrir vestan Seltjarnarnes, til þess að fá fullt hafnsögugjald, er fellur niður um helming, nái hafnsögumaðurinn skipinu ekki fyr en milli Seltjarnarness og Akureyjar, og loks fellur

alveg burt, ef skipið er komið inn fyrir Akurey, þegar hafnsögumaður kemst út í það. Hafnsöguþvinganinni fylgir hinsvegar sú skylda, að hafnsögunni sje gegnt forsvaranlega í alla staði, svo eigi verði að fundið, og jeg efast um, að þeirri skyldu verði forsvaranlega gegnt.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að 1. gr. frv. sje ógreinilega orðuð, þar sem um póstskip er að ræða. Hvað eru póstskip? Jú, það eru þau skip, sem flytja póstinn fyrir ákveðna borgun; en það eru líka til skip, sem flytja póstinn fyrir litla aukaþóknun. Það hefur verið talað um, að erfitt væri að fá hafnsögumann; en hvernig mundi þetta þá verða, ef útvega skyldi 2 eða 3 hafnsögumenn, eins og reglugjörðin gjörir ráð fyrir, og eins ríkt verður gengið eptir því, að þeir gegni skyldu sinni, og þeir eptir borguninni? því eptir frv. hafa hafnsögumenn rjett til að heimta fullt hafnsögugjald. Eptir frv. geta gufuskip notið ívilnunar með samningi við hafnsögumennina. Líkindi til slíkra samninga eru lítil, því hafnsögumennirnir hafa allan rjettinn; en væri nú svo, að linun í gjaldi mætti ná með þessu móti, því fá þá ekki önnur skip, sem aptur og aptur koma hingað, og það optar en gufuskipin, rjett til samninga? Hversu hlynntur sem jeg að öðru leyti er þessu máli, þá get jeg ómögulega gefið frv. þessu atkv. mitt.

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) hefur farið hörðum orðum um frv., þar sem hann segir, að það fari fram á bæði ánauð og kúgun. En jeg get ekki skilið, hvers vegna hann brúkar þessi hörðu orð um frv., þar sem það ekki fer fram á annað en það sem tíðkast hjá öðrum þjóðum. Sami h. þm. tók það fram, að hjer væri bæði hæg og hættulítil innsigling fyrir skip á höfninu, og þyrfti því ekki á hafnsögumanni að halda. En jeg man þó vel, að árið 1867 kom skip, sem sigldi í góðu veðri fyrir sunnan Akurey og strandaði þar á skeri, sem þar er; annað skip strandaði skammt frá Grímsstöðum, og fyrir fáum árum strandaði stórt þrímastrað skip um hábjartan dag rjett við Effersey, á dálitlu skeri, sem þar varð fyrir því. Jeg er því sannfærður um, að mjög fair muni verða til þess, að vera h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) samdóma um það, að innsiglingin hjer á höfnina sje alveg hættulaus og hæg; jeg er búin að koma með of mörg dæmi upp á hið gagnstæða til þess, að menn geti verið á sama máli og hann um það.

Það er vitaskuld, að hvort sem frv. gengur í gegn eða ekki, þá er nauðsynlegt, að endurskoða hina núgildandi reglugjörð fyrir hafnsögumenn hjer, og taxtann, sem hafnsögumönnum á að gjalda eptir. Hann sagðist ekki skilja hvað, meint væri með „póstskipi“ í 1. gr. frv., en það er auðvitað, að þar með er átt við hin reglulegu póstskip, sem reglulegur samningur er við, um að flytja póstinn. Jeg skal að svo stöddu ekki orðlengja þetta, en geta þess einungis, að breyt.till. á þingskj. 131 er fram komin eptir bendingu frá h. þm. Borgf. (Gr. Th.); það er einungis orðabreyting til skýringar. Þá hneykslaðist h. 4. kgk. þm. (Á. Th). á því, að frv. nefnir fleiri en 1 hafnsögumann, og vil jeg út af því að eins geta þess, að reglugjörðin frá 1841, fyrir hafnsögu hjer, segir, að þeir skuli vera 2. Þar sem sami h. þm. segir, að hafnsögumenn eigi eptir reglugjörðinni að fara svo og svo langt, til þess að mæta skipunum, þá er það satt; en því hefur nú aldrei verið fylgt, og sú ákvörðun ein mun eigi fæla menn frá að gerast hafnsögumenn, ef góð borgun væri í aðra hönd.

Jeg skil annars ekki í þessari mótspyrnu, sem frv. fær hjá h. 4. kgk. þm. (Á. Th.). Jeg man þó þá tíð, að opt hafa komið hjer fyrir vandræði út af hafnsögumannsleysi; það var meir að segja einu sinni sent til mín, þegar jeg var hjer bæjarfógeti, til þess að útvega mann til að

leiðbeina skipi hjer inn á höfn, af því að hafnsögumaðurinn var þá í öðru skipi, og sýnir það að nauðsyn ber að hafa 2 hafnsögumenn, og jeg varð í þessu skyni í það skipti að kaupa mann til þessa starfa. Nú eru kaupmenn hættir að láta leiðbeina skipum sínum hjer inn á höfn, allt í þeim tilgangi, að spara kostnað. Hjer voru áður þrír „lóðsar", þá tóku nálega öll skip, er hingað komu hafnsögumann, en á síðari tímum eru mörg skip, til þess að að spara borgun til hafnsögumanna, farin að hætta að nota leiðsögu þeirra, og starfi þessi er því ekki lengur lífvænlegur.

Grímur Thomsen: Það er máske framhleypni af mjer að taka til máls í þessu máli, þar sem jeg ekki er Reykvíkingur. Jeg skil vel tilgang h. flutningsm. þessa máls (E. Th. J.); hann vill sem sje verja hafnarsjóð Reykjavíkur frá þeim gjöldum, er þurfa til að styrkja hafnsöguna hjer. Margir þeir, sem töluðu í þessu máli við 1. umr., þóttust ekki þekkja vel til ástands hafnarsjóðsins, eins og það væri. Jeg hef nú aflað mjer upplýsinga um ástand þessa sjóðs, og verð að játa það, að sjóðurinn þarf hlífðar við. Í árslok 1890 átti sjóðurinn rúm 35,000 kr., svo menn geta ekki með sanngirni sagt, að hann sje stór. En hvaða gjöld hvíla nú á hafnarsjóði Reykjavíkur? Sjóðurinn hefur í ýms horn að líta. Fyrst og fremst var nú þessi Hafnarbryggja, sem við þingmenn opt göngum ofan eptir, til þess að draga heilnæmt lopt. Hún kostaði um 14,000 kr., og nú stendur til, að lengja hana talsvert, og útheimtir þetta mikinn nýjan kostnað, þó lengingin kunni að verða nokkru ódýrari en upprunalega bryggjan. Í öðru lagi var kostnaðurinn til Gróttuvörðu um 700 kr.; í þriðja lagi bátur handa hafnarnefndinni, og í síðasta lagi önnur útgjöld til ljóskera o. s. frv., sem hjer um bil nema 670 kr. Menn sjá því, að það er full vorkunn, þó flutningsm. (E. Th. J.) vilji hlífa hafnarsjóðnum við gjöldum til hafnsögumanna hjer í Reyjavík. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) gat þess, að það væri gagnstætt frelsisanda þessara tíma, að skapa hjer hafnsögunauðung (Lodstvang); en hins vegar tók h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) það fram, að innsigling hingað á Reykjavíkurhöfn engan veginn væri óhult eða trygg, og tilfærði mörg og óræk dæmi upp á það. Jeg man líka svo langt, að það strandaði skip ekki langt frá okkur á Álptanesinu, og fengum við Álptnesingar við það tækifæri kol með góðu verði. Þar sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) talaði um, að frv. færi fram á að innleiða ófrelsi, þá vil jeg benda honum til laga fyrir Danmörku frá 13. júní 1879, 13. gr., sem veitir hlutaðeigandi ráðherra heimild til, þar sem svo stendur á og eptir atvikum að fyrirskipa hafnsögunauðung.

L. E. Sveinbjörnsson: Af því mjer virðist h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) vera eigi á einu máli um það, hvort innsigling hjer sje hættuleg eða eigi, vil jeg leyfa mjer að segja, að jeg held, að h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) þekki hjer betur til en h. 2. kgk. (E. Th. J). Jeg fyrir mitt leyti álít, að innsigling hjer sje mjög hættulítil; jeg þekki þetta mjög vel, þar sem jeg er uppalinn hjer, og hef alið aldur minn lengst af á Seltjarnarnesi og í Reykjavík. Það er að eins eitt rif út af frá Akurey, og á því er „boja". Sker það, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) talaði um, að skip hefði strandað á fyrir vestan Effersey, er vel þekkt og heitir Brúnkolla, og er örskammt frá landi; það er ekkert vit fyrir útlend skip, að sigla svo nærri landi. Það er rjett, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) segir, að innsigling hjer sje auðveld, en þar með er ei sagt, að eigi sje þörf á hafnsögum. Það var svo að heyra á h. flutningsm. (E. Th. J.), að eigi væri mjög mikil nauðsyn á hafnsögumanni; hann sagði, að þau skip væri að fækka, sem tækju hafnsögum.;

af hverju kemur það? Af því innsigling er svo auðveld.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) var að tala um gjöld, sem hvíldu á hafnarsjóði; hann hefur ei glögglega sett sig inn í útgjöld in, þótt hann segði svo; sjóðurinn þarf eigi að greiða þau gjöld næsta ár, sem hann þegar hefur greitt, svo sem til vörðuvita. Jeg neita því eigi, að nauðsynlegt sje að hafa hafnsögumenn, en það er ómögulegt að ætlast til að þeir fari hvernig sem viðrar á litlum bát hálfa mílu út fyrir Seltjarnarnes; þeir þyrftu þá að hafa bát eins og Norðmenn, sem gætu farið út á opið haf. Jeg ætla eigi að fara fleiri orðum um þetta; jeg álít nauðsynlegt að hafa hafnsögum., en jeg vil eigi að skip sjeu neydd til að taka þá.

Árni Thorsteinsson: H. flutningsm. (E. Th. J.) sagði, að jeg hefði átt að styðja mál þetta; jeg hefði gjört það, ef frv. hefði eigi verið þannig lagað, en í þessu tilfelli get jeg það eigi; það er eigi sama að styðja málið og frv. Hann nefndi skip, sem sigldi sig á grunn nálægt Akurey; en sá skipstjóri sigldi móti öllum sjómanna reglum, sem segja svo fyrir, að skip skuli sigla að minnsta kosti $^1/_4$ úr mílu frá landi. Skipstjóri sagðist einnig hafa haft uppi hafnsögumerki, en ekki fengið hafnsögum., en þó varð það eigi sannað. Jeg ætla eigi að fara langt út í þetta mál, að því er snertir einstök tilfelli; það má jafnvel geta þess, að skip sem hafa haft hafnsögum. hafa rekið sig á Engeyjargranda. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hrakti eigi það, sem jeg sagði, og þarf jeg því eigi að svara honum; en þar sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. flutningsm. (E. Th. J.) báru fyrir sig eitt atriði í dönskum lögum viðvíkjandi því, að hafnsöguþvingun sje almenn hjá öðrum þjóðum, þá verð jeg að neita því. Svara þeim því ennfremur, er þeir hafa borið fyrir sig 15. gr. í dönskum lögum frá 1879, þar sem segir, að þegar það sje nauðsynlegt, þá eigi ráðgjafinn að hafa vald til að skipa skipstjórum að taka hafnsögum., þá stendur í 12. gr. berum orðum: „Hafnsögunauðung, hvort sem hún er fólgin í því, að skylda skip til að taka hafnsögumann, eða borga hafnsögutoll, þegar hafnsögum. er eigi notaður, er afnumin á öllum þeim stöðum í konungsríkinu, sem hafa hafnsögumenn". Er eigi sitt hvað, að innleiða kúgun, sem alstaðar er hallmælt, og bera svo fyrir sig dönsk lög, þar sem ráðgjafinn einungis getur lagt þessa kúgun á, ef þörf gjörist og eigi verður hjá komizt?

Flutningsmaður (E. Th. Jónassen): Þessi lög, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) talar um, heimila í 15. gr., að innleiða hafnsögunauðung; jeg skal bæta því við, að í fyrra voru gefin út í Danmörku lög, sem skylda menn til að taka hafnsögum. Að öðru leyti skal jeg leyfa h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) að hafa síðasta orðið í þessa máli.

Grímur Thomsen: Eg er því kunnugri en h. 3. kgk. þm. (L. E. Svbj.), sem sagði, að hafnarsjóður væri eigi brúkaður til annars en að lána úr honum. Jeg hef bent á nokkur gjöld; t. d. varða var hlaðin í fyrra í Gróttu, sem hann sagði að ekki þyrfti að hlaða næsta ár, og þarf því hafnarsjóður eigi að gjalda það aptur; það hefur tvisvar verið gert við hana á síðustu 20 árum. Jeg sýndi fram á að innstæða sjóðsins var 35,000 kr., en ársgjöldin 670 kr. Vilji menn efla eða hlífa sjóðnum, svo að gjört verði það, sem gjöra þarf á Reykjavíkurhöfn, t. d. að lengja þá bryggju, sem er, eða byggja nýja bryggju, þá er nauðsynlegt að skerða eigi innstæðuna. Jeg læt hvern mann dæma um það, hvort innsigling hjer sje hættuleg eða eigi, en svo mikið er víst, að skipum getur hlekkzt á, þótt hafnsögum. sje með. Jeg álít eigi rjett að láta frelsishugmyndina ráða svo, að ekki verði hugsað um þá staði, þar sem sjerstakl. stendur á.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg hef aldrei

sagt að hafnarsjóður væri eingöngu notaður til að lána úr honum, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th) sagði að jeg hefði sagt, en að hann væri notaður til að borga „böjur“ og ljósker. Jeg þarf eigi að minnast nema á þetta tvennt til að sýna, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fer eigi með rjett í þessu tilliti.

ATKVÆÐAGR: Breyt.till. við 1. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt felld með 6 : 5 atkv. Frumv. þar með fallið.

Frv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 175); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv. hvor; 3. gr. samþ. með 9 : 2 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhljóða atkv.

Frv. til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 175); 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Þetta mun vera sama frv., sem kom fram á síðasta þingi. Menn muna, að það fjekk þá hvassar viðtökur hjer í þessari deild, og var fellt við 2. umr. Jeg vil leggja frv. liðsyrði mitt; sú ástæða, sem einn h. þm., sem var með oss þá, en hjer er eigi nú, hafði á móti því, var, að það væri allsendis óþarft og ætti ekki við núlifandi menn, heldur dauða menn eða drauga; svona hagaði hann orðum. En jeg lít allt öðruvísi á þetta frv.; jeg fæ ekki betur sjeð, en það sje á rökum byggt. Það eru fáir gjaldendur, sem gjört er að skyldu með konungsúrskurði 25. ágúst 1853 að greiða þetta gjald, sem er hærra en það gjald, sem aðrir meðlimir þjóðkirkjunnar eiga að greiða prestum sínum, en jeg sje eigi ástæðu til þess, að slíkt sje neitt rjettlæti eða sanngirni. Þetta er svo tilkomið, að þáverandi menn í Ásmundarstaðakirkjusókn í Presthólaprestakalli nutu að eins bænahúsþjónustu tvisvar á ári, þegar fólk var til altaris; en er farið var að leggja niður bænahús og byggja kirkjur, þá vildu menn í þessari sókn fá prestsþjónustu tiltölulega móts við aðrar útkirkjur, en gátu eigi fengið hana samkvæmt ósk sinni, vegna örðugleika við prestsþjónustuna, og neyddust því til að kaupa prestsþjónustu með 30 króna árlegu gjaldi fram yfir lögboðin prestsgjöld. Þetta gjald lagðist á eina 6 gjaldendur og varð því alltilfinnanlegt fyrir svo fáa menn. Ennfremur er þess að gæta, að brauð þetta hefur fengið uppbót úr landssjóði, svo að eigi er ólíklegt, að einhver prestur, er það losnar, muni sækja um það, og þótt prestur eigi fengist, álít jeg sanngjarnara að landssjóður greiði þessar umræddu 30 kr., sem frv. fer fram á að ljetta á sóknarbændum. Vona jeg því, að frv. fái betri viðtökur í þessari h. deild nú, en á síðasta þingi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um friðun á skógi o. fl. (C. 183); 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Frv. fjekk eigi góðar undirtektir við fyrstu umr., en jeg vil þó eigi láta hjá líða að láta í ljósi mína skoðun á því. Það er mjög hjáleitt fyrir þingið, að hafa tvær svo alveg mótsettar stefnur. Það er hvað á móti öðru, að veita fje til framfara landsins, en vilja ei leyfa að sýslunefndir geti búið til samþykktir til að vernda þær landsnytjar, sem hjer ræðir um. Menn segja, að þetta sje að ganga of nærri eignarrjettinum, en það get jeg eigi fallizt á, því allir hyggnir jarðeigendur verða með samþykktum í þá átt.

En þeir, sem eru svo óvitrir, að vilja sjálfir og leyfa öðrum að skemma og eyðileggja jarðir sínar með hóflausu skógarhöggi og hrísrifi, sje jeg ekki betur en að hefðu gott af því, að skynsamlegar samþykktir væru til að hindra jarðspell þau, sem þeir annars mundu gera. Það er einlægt verið að tala um, að þetta sje næstum ólög, að leyfa mönnum að búa til samþykktir, sem auðsjáanlega geta orðið til mikilla bóta. Jeg álít það illa farið, ef þetta frv. skyldi falla hjer í h. deild; betur sýnist eiga við, að breyta því til batnaðar. Jeg legg það til, að því verði breytt svo, að h. þingdm., sem eru því mest mótfallnir, geti gefið því atkvæði sitt.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að jeg væri hlynntur friðun á skógi o. s. frv. og að það væri ekki neitt brot á eignarrjettinum, þótt þessi friðun kæmist á. En á hitt er að líta, hvort það er ekki „ópraktiskt", eptir því, sem á stendur hjá oss nú, og skal jeg gjöra dálitla grein fyrir því, að svo sje. Þegar á að friða eitthvað, hvort heldur það er skógur, hrís, mosi eða hvað sem er, þá verður að setja fastar reglur fyrir þessari friðun, og svo verður að setja menn til að útvísa eigendunum, hvað þeim er leyfilegt að nota og hvað ekki. Þessir menn verða auðvitað að vera launaðir, og myndi slíkt fyrirkomulag því hafa mikinn kostnað í för með sjer fyrir landsjóð. Í öðrum löndum, að minnsta kosti er mjer kunnugt um það í Danmörku, er, þegar um skóga friðunarlög er að ræða, settar þannig lagaðar reglur, að eigandinn má ekki höggva eitt einasta trje nema honum sje það útvísað, og svo er það einnig skylda hans, að gróðursetja annað í staðinn fyrir það, sem höggið er. Jeg er annars hræddur um, að þótt frv. þetta yrði að lögum, mundi þeim lögum aldrei verða hlýtt. og að þau yrðu aldrei annað en pappírslög, og þannig löguðu frv. get jeg þess vegna ekki gefið mitt atkvæði.

E. Th. Jónassen: Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, eins og hinn h. 3. kgk. þm. *(L. E. Svb.)*, að jeg væri hlynntur þessu frv. og að það væri gott að fá ákvæði um friðun á skógum o. s. frv. En jeg get aptur á móti ekki verið á skoðun hins h. þm., að því er kostnaðinn snertir, því að jeg hygg, að launaða menn þyrfti ekki að hafa til að gæta þess, að lögunum yrði fylgt, heldur væri sýslunefndunum trúandi til að hafa hið nauðsynlega eptirlit í þessu efni, og get jeg ekki skilið, að það yrði ofætlun fyrir þær. Eins get jeg ekki verið samdóma h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), að lög þessi myndu verða gagnslaus og að þeim yrði alls ekki hlýtt, því að svo getur maður sagt um hver lög sem er, að þau séu erfið í framkvæmdinni, og þótt ekki yrði auðið að hafa fullkomið eptirlit með þessari friðun, hygg jeg þó að betra sje að hafa það nokkuð en ekkert, eins og nú, og að minnsta kosti mætti þá koma í veg fyrir það, að skógi yrði gjöreytt á 4—5 árum, ef þetta frv. yrði að lögum. Það þarf ekki skógarverði (Forstmænd) til að varna því, að skógar verði höggnir upp, því að það má hindra það á miklu kostnaðarminni hátt. Jeg veit dæmi til þess, að menn hafa keypt jarðir, þar sem mikill skógur hefur verið, og svo hafa þeir látið höggva hann óspart og selt hann ótakmarkað, svo að hann hefur verið gjöreyddur innan lítils tíma. Meðal annars skal jeg geta þess, að það er ekki langt síðan að amtinu barst klögun úr Skagafirði yfir illri meðferð á hrísi, sem jeg vona að hinum h. 2. þm. þess kjördæmis (Fr. St.) sje kunnugt um, og þess vegna gladdi það mig að heyra, að hann var fylgjandi þessu frv.; því að hann mun hafa sjeð, hver þörf er á því. Jeg álít ekki rjett að fella frv.; það er gott og gagnlegt í sjálfu sjer, þótt það að einhverju leyti kunni að standa til bóta. Ef menn finna að það verður óhagkvæmt í framkvæmdinni, þá má síðar laga það. Nú eru engar ákvarðanir til um þetta efni, hvað friðun skóga snertir, og jeg hygg

því, að þessi ákvæði, sem frv. fer fram á, yrðu til talsverðra bóta og miklu betri en ekki, og eins og jeg gat áður um, sje jeg ekki, að það væri neinn vandi fyrir sýslunefndir að sjá um, að skógum yrði ekki gjöreytt. Dæmið, sem jeg minntist á um jörðina, þar sem skógnum var gjöreytt með höggi og sölu á 4—5 árum, sýnir bezt, að það er engin vanþörf á, að eitthvert aðhald kæmi í þessu efni. Jeg vil lýsa því yfir, að jeg greiði atkvæði með þessu frumv.

Júlíus Havsteen: Jeg verð að játa það, að jeg er einn af þeim, sem eru mótfallnir þessu frv., einmitt af því, að það gefur enga reglu fyrir friðun á skógi, eða hvernig eigi að friða; en setti það fastar reglur um þetta, og ef það gengi út á það, hvernig ætti að fara að því, að friða skóg, það væri allt annað. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að ákvæði frv. þessu væru betra en ekki neitt, þrátt fyrir nokkra galla, sem hann játaði, að á því kynni að vera. En slíkt er ekki rjett, að segja, að hvert frv. sje betra en ekki neitt, og kannist maður við eða sjái einhverja galla á frumv., má ekki ganga frá þeim, heldur á þá að fella frv. þegar í stað, ef menn eigi vilja eða þykjast eigi geta bætt það. Þar sem hinn sami h. þm. (E. Th. J.) gat þess, að það mætti laga eptir á, sem reyndist óhagkvæmt í framkvæmdinni, þá skil jeg naumast, hvernig ætti að gjöra það. Í frv. er talað um friðun á skógi, hrísi, víði, og mosa, og hafa umræðurnar helzt snúizt um skóga og mosa; jeg ætla nú að leyfa mjer að nefna einnig sjerstaklega víði, og vil jeg geta þess, að á ýmsum jörðum í Norður-Þingeyjar- og Norðurmúla sýslum er víðir fjenaðarfóður bænda, og ef þeim væri bannað með samþykkt að hagnýta sjer hann að öllu eða nokkru leyti, væri fjárhagur þeirra á fallanda fæti, og mundu jarðirnar falla. Jeg er í engum vafa um að greiða atkvæði móti frv. og jeg vonast til, að fleiri hinna h. þdm. gjöri hið sama.

Jón A. Hjaltalín: Jeg skal játa það, að jeg er einn í tölu þeirra, sem ekki sje mikið gagn að frv. þessu, þótt það yrði að lögum. Þegar talað er um friðun, sem nokkurt gagn á að vera að, þá verður að girða hið friðaða svæði, svo að engar skepnur komist inn, því að ef fje kemst inn, gjörir það mikinn usla, jetur ungviðið og stýfir af hina smærri kvisti, svo að skógurinn visnar og hann kelur; er því ekki auðið, að nokkur skógur standist, ef fje kemst í hann. Þótt æskilegt væri að vjer gætum friðað skóga vora á einhvern hátt, sje jeg ekki að það verði gjört með sams konar samþykktum, sem þetta frv. gjörir ráð fyrir. Ef hjer væri trjáplöntunarstofnun og menn lærðu að gróðursetja trje, það hygg jeg miklu æskilegra og heppilegra, heldur en þessa friðun, sem frv. fer fram á. En fyrsta skilyrðið fyrir því, að friðun skóga geti komið að nokkrum notum, er það, sem jeg áður minntist á, að öruggar girðingar sjeu hlaðnar kringum hið friðaða svæði, svo að engar skepnur gætu komizt þangað inn, ekki einu sinni geitur.

Skúli Þorvarðarson: Jeg var einn af þeim fáu, sem ekki tók til máls við 1. umræðu, en nú ætla jeg að leyfa mjer að minnast dálítið á hin helztu mótmæli, er komið hafa fram hjer í deildinni gegn þessu frv. Sterkustu mótmælin, sem komið hafa fram, voru, að frv. þetta gengi nærri eignarrjettinum, en á móti því andmæli var tekið fram, að 50. gr. stjórnarskrárinnar heimilaði slíka takmörkun á eignarrjettinum, sem hjer er um að ræða. Að minnsta kosti fannst mjer sá skilningur liggja í orðum tveggja hinna beztu lögfræðinga hjer í deildinni, hins 2. og 3. kgk. þm. (E. Th. J. og L. E. Svb.). Jeg skal ekki segja um, hvort það er rjettur skilningur eða ekki; en fyrst þeir hafa skilið þessa grein svo, þá skal jeg ekki sýna þeim það vantraust að rengja lögskilning þeirra, og með allri virðingu fyrir þekkingu og lagafróðleik h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), þá verð jeg

að segja, að jeg trúi betur hinum tveim h. þm., sem jeg áður nefndi, heldur en honum í þessu máli. En ætti h. 5. kgk. þm. að útskýra guðspjöllin, mundi jeg trúa honum betur til þess. En það á nú víst ekki við frv. þetta, að tala hjer um guðspjallaskýringar. Annað sem mjer þótti undarlegt í ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) var það, að skógar væru meir til gamans en gagns, en síður til hollustu, sem þó er viðurkennt. Þetta skil jeg ekki, eða þekkir h. þm. ekki neitt gagn, sem skógar gjöri, eða nein búnot, sem hafa megi af brúkun þeirra? Jeg með minni fáfræði þekki marga nytsemi, er hafa má af skógum, víði, lyngi og hrísi. Það er t. d. töluvert fóðurmagn í öllum þessum kvisttegundum fyrir sauðfje og nautpening, ef brúkað er í rjettu hlutfalli við heygjöf eða annað auðmeltara fóður, og jeg er fullviss um, að í sjerhverri friðunarsamþykkt væri ekki fyrirskipað annað en það, sem væri til bóta, fyrir hið almenna gagn, sem álíta mætti að leiddi af friðun, eða takmörkun á yrking skóga, eða rifi og óskynsamlegri eyðing hinna áðurnefndu kvisttegunda. *(A. Ó.:* Það er mjög vafasamt). Mjer hefur verið gefið orðið af forseta og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) verður að þóknast að þegja, þangað til hann fær orðið. Hann tók það einnig fram, að sýslunefndir hefðu ótakmarkað vald eptir þessu frv. til að gjöra samþykktir eptir eiginni vild, en einstaklingarnir hefðu ekkert vald, og þótt þeir óskuðu, að eitthvað væri öðruvísi, rjeðu sýslunefndirnar öllu. Jeg skal benda á það, að eptir ákvæðum þessa frv. hafa sýslunefndirnar aðeins tillögurjett; þær mega semja frv. til samþykktar, því næst skulu þær kalla almennan fund í því plássi, sem samþykktin á við, og þar geta menn komið fram með breyt.till., ef fundarmenn svo vilja; bæði frv. og breytingar þurfa að samþykkjast með $^2/_3$ atkv. þeirra sem á fundi eru. Það er auðvitað nokkur takmörkun á atkvæðagreiðslum, eins og tekið er fram í frv., en það er ekki svo að undrast yfir því, því að það er opt minni atkvæðamunur, sem ræður úrslitum í ýmsum málum.

Mig minnir, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um mosann, og að hann vildi, að hann væri ekki nefndur í þessu frv. Jeg skildi ekki fullkomlega röksemdaleiðslu hans. Hann sagði, að ómögulegt væri að sljetta tún, af því að ekki mætti rífa upp mosann. En jeg held það sje allt annað, að rífa mosa, svo flag sje eptir, heldur en að skera ofan af þökur, sem lagðar eru aptur á yfirborð sljettunnar, þegar sljettað er óræktarmosatún. *(Gr. Th.:* þarf að orða nákvæmar). Jeg fyrir mitt leyti skal geta þess, að jeg legg enga áherzlu á mosann, að friða hann undantekningarlaust. Jeg hef sjálfur næstliðin 3 ár rifið upp 40—50 hesta af mosa, og gjört jörð minni gagn með því, en engan skaða. Þar sem hann t. d. verður tekinn af grjótklöppum, þar sem enginn grasrót er í sambandi við hann, þarf ekki að óttast að blástur myndist þar á eptir. Mosinn getur verið hentugur til til grasræktar, þegar honum er blandað saman við annan áburð, því að hann hefur ræktunarefni í sjer fólgin, og auk þess geymir hann hin beztu ræktunarefni, t. d. ef hann er borinn í fjós um sumartíma, og í hús, sem ær liggja í á sumrum, og blandast saman við mykju o. s. frv.

Jeg hef nú með fám orðum minnzt á mótmæli þau, er komið hafa fram gegn þessu frv., og hef látið í ljósi meiningu mína um þau. Jeg hallast að þeirri aðalmeiningu frv., að sýslufjelögunum verði veitt heimild til að setja reglur til gagns og góða fyrir sýslubúa.

E. Th. Jónassen: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra við ræðu h. 1. kgk. þm. (J. H.). Jeg held, að hann hafi ekki lesið vel 2. gr. frv. Jeg ímynda mjer að sýslunefndin í Þingeyjarsýslu færi ekki að banna bændum að nota víði handa fjenaði, þar sem þess gjörist þörf; því að hún mundi hvorki álíta það

nauðsynlegt eða hagfelt að banna þeim það, en samkvæmt 2. gr. hefur sýslu nefnd ekki leyfi til að gjöra samþykkt, nema henni virðist það hagfelt fyrir hjeraðsbúa. Þess vegna myndi sýslunefndin í Þingeyjarsýslu ekki fara að banna mönnum að brúka viði, eins og ekki mun verða bannað að rífa hrís, nema þar sem nógur annar eldiviður er.

Grímur Thomsen: Jeg benti á það við 1. umr., að mjer fyndist eiga illa við að koma með mörg ný frv., sem ekki væru nauðsynleg, og jeg tók þá t. d. þessi ákvæði um friðun, sem þetta frv. fer fram á, sem óþörf, sjer í lagi friðun á lyngi og mosa, en friðun á skógi er jeg aptur á móti ekki mótfallinn. Í hreppstjórareglugjörðinni frá 1880, 30. gr., eru ákvæði, sem taka mikið fram þessum ákvæðum. Þar er t. d. friðað meltak og mótak, og það verð jeg að álíta, að sje áríðandi, því að melgrasið varnar því, að jörðin blási upp. Hjer í deildinni munu vera allmjög deildar skoðanir um þetta frv. Mig furðar á því, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) skuli vera hlynntur því, þar eð hann hefur þó reynsluna fyrir sjer um aðrar sams konar samþykktir, t. d. fiskiveiðasamþykktir, hversu erfiðar viðfangs þær eru, og samt vill hann bæta á sig þessum samþykktum. *(E. Th. J.:* Til þess tekur maður ekki tillit, ef það er hagfellt). Jeg veit, að í deildinni sitja sumir, sem hafa verið eða eru hreppstjórar, og jeg vil leyfa mjer að skora á þá, að skýra frá því, hvað þeir hafi áunnið með friðunartilraunum þeim eða samþykktum, er þeir hafa gjört í sinni sveit, og ef þessir h. þingdm. geta sýnt mjer fram á, að þetta hafi leitt gott af sjer, segi þeir mjer, að eptirlitið hafi haft góð áhrif, þá er frv. óþarft, en hafi það engan árangur haft, er jeg á móti því. Eða hverja vissu hafa menn fyrir því, að sýslunefnd takist betur að semja friðunarsamþykktir á skógum, lyngi o. s. frv. og hafa eptirlit með þeim, heldur en duglegum, reyndum og vitrum hreppstjórum?

Sighvatur Árnason: Það er þegar búið að ræða svo mikið um þetta frv., að það mætti kalla að bera í bakkafullan lækinn, að lengja enn umræðurnar um það til muna. Jeg skal samt lýsa því yfir, að jeg er hlynntur frv. yfir höfuð, þótt mjer líki það ekki alls kostar vel, einkum 1. gr., og hefði jeg óskað, að hún hefði verið öðruvísi orðuð; en úr því verður varla bætt hjeðan af, nema ef svo væri, að einhverjir kynnu að vilja lagfæra frv. til 3. umr., og er ekki óhugsandi, að einhverjir taki sig saman til þess. Mjer finnst það undarlegt, ef menn vilja ekki af fremsta megni sporna við því, að skógarnir á landi voru eyðileggist meir en orðið er. Það er þó öllum ljóst, að jörðin skemmist mjög af of miklu skógarhöggi eða viðarrifi, og að slíkt getur valdið jarðareigendum afarmikils tjóns, þar eð eignin auðvitað hlýtur að falla mjög í verði sakir þessarar eyðileggingar. Jeg skal játa það, að í sumum hjeruðum hafa góðar tilraunir verið gjörðar, og ýmsar reglur settar, til að koma í veg fyrir jarðarspell að þessu leyti; en svo veit jeg einnig, að slíkar reglur eiga sjer ekki stað í öðrum hjeruðum, og hver fer sinna ferða. Út af orðum h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skal jeg geta þess, að það er ekki nóg, þó settar sjeu góðar reglur í sumum sveitum, þegar annarstaðar er regluleysi og hirðingarleysi. En þar sem því er haldið fram af andmælendum þessa frv., að sýslunefndirnar muni friða svo gjörsamlega alla skóga, hrís o. fl., að enginn megi taka neitt eða snerta neitt þess háttar til sinna nauðsynja, þá á ekki við, að leggja svo mikla þýðingu í þetta frv., eða skyldu menn geta ímyndað sjer, að nokkur sýslunefnd væri svo barnaleg, að friða ekki með takmörkunum, t. d. ef hún friðaði þar sem ekki þyrfti að friða, eða þar sem ekki mætti friða einhverra

orsaka vegna. Jeg verð að álíta, að sýslunefndir hafi vit á, hvar og hvenær hagfellt sje að friða, og hvar ekki, og að það ætti að vera þeirra skylda, að sjá um, að jörðin eyðileggist ekki af of miklu og óþörfu hrís- og skógarrifi. Mjer finnst, að mótmælendur frv. gjöri sýslunefndunum nokkuð lágt undir höfði, er þeir trúa þeim ekki fyrir að semja hagfelldar friðunarsamþykktir fyrir sýslubúa. Viðvíkjandi því, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Svbj.) tók fram, að hjer vantaði í frv. allar reglur fyrir friðuninni, eða hvernig henni ætti að vera háttað, þá skal jeg geta þess, að ætlazt er til, að samþykktirnar hafi þessar reglur í sjer fólgnar. Eða hverjum skyldi vera kunnugra um að setja þær, svo í góðu lagi sje, nema einmitt hjeraðsbúum sjálfum? Jeg fyrir mitt leyti held, að þeir sjeu færastir um það, og þeir þurfa að geta sett krapt í reglurnar, þ. er að segja, það þarf að gefa þeim lagakrapt, svo að dugi, enda mun það þá ganga, svo framarlega sem menn ekki vilja brjóta niður allar reglur. Það dugar ekki að vitna í hreppstjórareglugjörðina frá 1880, því bæði er það, að einn maður á erfitt með að afstýra óreglunni, og að hreppstjórann vantar vald til þess að beita hörðu, nema þá einungis til að kæra menn, sem er vanalega út í óvissu, hvort það er til nokkurs gagns, eða ekki. Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um þetta mál; það hefur verið rætt svo mikið um það. Jeg vil hjálpa frv. við, en ekki fella það, og jeg hygg, að það gæti verið gott, að sýslunefndin og hjeraðsbúar fengju þetta vald að mega búa til samþykktir, og að samþykktirnar gætu fengið reglulegt lagagildi, enda hygg jeg, að sýslunefndunum sje trúandi til að taka til greina þá hættu, er af þessum friðunarsamþykktum kynnu að geta leitt. Þegar maður nú ennfremur les milli línanna, er svo að sjá, sem sumir h. þm. vilji ekki leggja mikið vald undir hjeraðsbúa, er þeir vilja ekki einu sinni leyfa þeim að setja góðar reglur, sem gilda eiga meðal þeirra sjálfra innbyrðis.

Arnljótur Ólafsson: Mjer hefur heyrzt, að allir meðmælendur frv. þessa hafi viðurkennt þann aðalgalla á því, að þótt það yrði að lögum, mundi það gagn, er þau lög gerðu, verða ekki neitt, með því að allt eptirlit með þess konar samþykktum muni vanta. Þetta er, út af fyrir sig, nægileg ástæða til þess, að óska eigi eptir að frv. verði að lögum. Jeg hygg og, að mönnum sje kunnugt um það, af reynslunni, að framkvæmd ýmsra laga vorra, sem þó eru miklu ljettari og óbrotnari en þessi, hefir alls ekki orðið sú, er ætlazt var til með fyrsta. Jeg vil nefna sem dæmi hundahaldstilskipunina gömlu. Svo lítið kvað að framkvæmdum þeirra fyrirskipana, er hún hafði inni að halda, að eigi var búin til í sumum hreppum einu sinni hundahaldsbók. Eður, hvernig eru hin nýju þurrabúðarmannalög haldin? Jeg hygg að eigi þurfi langt að fara til þess að sannfærast um, að þeim er eigi hinn minnsti gaumur gefinn, og þó er langt um hægra að fylgja fyrirmælum beggja þessara laga heldur en samþykktum, er frv. þetta gjörir ráð fyrir.

H. þm. Árn. (Sk. Þorv.) sagði og það með fullum sanni, að jeg hafi lítið vit á, í hverju eignarrjetturinn sje fólginn, og að hann vildi því fremur fylgja skilningi lögfræðinganna í þeim efnum, heldur en mínum. Þetta er eðlilegt, og til þess hefur hann og hinn fyllsta rjett. En jeg vil þó leyfa mjer að spyrja hann, hvort honum finnist eigi þessar fyrirhuguðu samþykktir koma í bága við 51. gr. stjórnarskrár vorrar. Þar stendur: „Öll þau bönd, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lagaboði". H. þm. (Sk. Þ.) veit, að landbúnaðurinn er atvinnuvegur, og ef nú samþykktir eru settar fyrir einstaka bæi, er raska frelsi eigandans í þessum atvinnu-

vegi hans, landbúnaðinum, þá eru slíkar samþykktir beint á móti 51. gr. stjórnarskrárinnar. Það liggur og í augum uppi, að það er eigi jafnrjetti, ef einn búandi má eyða sínum skógi, hrísi sínu, víði, lyngi, og mosa, en annar búandi má eigi gjöra það. Jeg hygg og, að frv. þetta, eins og það er orðað, geti mjög óvíða á Norðurlandi gjert hið minnsta gagn, eður að samþykktir þær, er gjört er ráð fyrir, geti fengið staðfestingu af amtmanni vorum, sem nú er. Í hans augum er eignarrjettur og atvinnufrelsi helgara en svo. Í 4. gr. stendur sem sje, að amtmaður eigi að neita samþykkt um staðfesting sína, ef honum virðist hún á einhvern hátt koma í bága við lög eður grundvallarreglur laga. Þessar „grundvallarreglur laga“ álít jeg sje 51. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg fæ því eigi annað sjeð, en að frv. gangi of nærri hinum sannkallaða privat- eður eignarrjetti manna, þeim rjetti, er hver hefur til að nota þá jörð, er hann hefur keypt, hefur borgað eða hefur að erfðum tekið. Jeg vona, að þingm. vilji eigi segja með Proudhon: „Jarðeign öll er þjófnaður“; ef hann eigi vill það segja, get jeg eigi sjeð, hvernig hann fer að ætlast til, að sýslunefndir fari að blanda sjer í, hvernig óðalsbóndi situr jörð sína, að því er snertir lyng og mosa.

Jeg tek það upp aptur, er jeg sagði við 1. umr. frv. þessa, að skógar eru hjer á landi fremur til gamans en til gagns, og á stöku stað til prýðis, jeg skal gefa það eptir. En ef friða skal skóginn svo að gagni komi, verð jeg að taka undir með h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) í því, að þá sje eina ráðið, að girða af skógana til þess að skepnur nái eigi til að bíta þá, einkum á vorin. En garðurinn þarf að vera æðihár, svo að geitfje komist eigi yfir hann, því að geitur eru einmitt hinar skæðustu fyrir skógana. *(Sk. Þ.:* Það er lítið af geitum hjer á landi). Það er þó nokkuð af geitum á Norðurlandi, og flestar þar sem skógar eru mestir, því að skóglendið á við geiturnar. Auðvitað eru engar geitur í Árness- og Rangárvallasýslum, því að þar eru eigi skógar. En Norðlendingar verða þá að skera allar sínar geitur. En má jeg spyrja: Til hvers eru skógar hjer á landi, ef eigi má beita þá? Menn svara: Til prýðis. Eru þeir skógar þá til prýðis, er svo lágir eru, að þeir draga til stórskaða ull af fje? Jeg skal játa það, að á einstöku stað eru skógar hjer á landi til prýðis, helzt einstök trje, en til þess að þau geti verið til prýðis, þyrfti að afkvista þau, svo að úr þeim yrðu falleg trje.

Síðan hinir skozku ljáir komu, hefur kolagerð að mestu lagzt niður; skógur er því eigi höggvinn nú á tímum nema lítið eitt til eldiviðar og til fóðurs fjenaði, ef harðindi eru mikil, til að forða honum horfelli. Nú vil jeg spyrja: Er það gagnsamlegt, að friða skóg, hrís, víði, lyng og mosa, en láta sauðfje falla? Jeg beini helzt þessari spurning til h. þm. Árn. (Sk. Þ.) og h. þm. Rangv. (S. Á.), úr því þeir ætla, að sýslunefndir búi betur fyrir menn, heldur en þeir geti búið sjálfir.

Sigfvatur Árnason: Jeg skal ekki svara ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ól.), heldur að eins minnast á eitt atriði, er jeg gleymdi að minnast á í fyrri ræðu minni. Það var einhver h. þm., sem benti á, að það mundi hafa talsverðan kostnað í för með sjer, að hafa eptirlit með, að samþykktum þessum væri fylgt. Jeg skal að sönnu játa þetta, en skal þó geta þess, að þar sem settar hafa verið reglur fyrir um skógarhögg, þá hefur því verið komið svo fyrir, að skógurinn bæri kostnaðinn við eptirlitið. Jeg játa, að þessu væri nú að líkindum eigi hægt að koma við, viðvíkjandi öllu því, er frv. þetta hljóðar um.

Jeg leiði hjá mjer að svara spurningum h. 5. kgk. (A. Ól.), því að jeg álít þær fara út í hött. (*A. Ól.:* Hvernig þá?).

Skúli Þorvarðarson: H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hefur víst misskilið mig, þegar

jeg talaði um nauðsyn skóganna. Jeg álít skógarfriðun nauðsynlega, en jeg hef eigi látið í ljósi, að jeg óskaði eptir að skógar væru svo gjörsamlega friðaðir að engan hrislukvist mætti höggva, og að fje væri heldur látið falla úr hungri og hor, en af skógunum væri tekið til að forða því. Jeg get eigi fundið neina ástæðu til að gjöra sýslunefndum þær getsakir, að þær muni búa til svo fráleitar samþykktir, að þær með þeim stofni fjenaði manna í voða.

Þar sem h. sami þm. talaði um, að þetta væri skerðing á eignarrjetti manna yfir jörðum sínum, finnst mjer hið sama mega segja um selaveiðina, sem að margra skynsamra manna áliti ekki hefur rjettarhelgi til þess, að eigendur hennar megi reka þá atvinnu til skaða fyrir almenna laxveiði. Því að hún mun víðast vera svo samvaxin notagildi jarðanna, að hún teljist með henni jafnt sem gras og lyng, er á jörðinni vex.

Jón A. Hjaltalín: H. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um, að með því að tala á móti og greiða atkv. móti frv. þessu, væru menn og á móti því, að hjeröðin fengju að ráða sínum eigin málum. Þetta getur nú meir en verið. En ef litið er til þess, hvert gagn fiskiveiðasamþykktirnar hafa gert, þá er sú reynsla eigi svo glæsileg. Jeg veit til þess sumstaðar, þar sem fiskiveiðasamþykkt hefur verið sett, hefur hún eigi verið haldin einu sinni fyrstu vertíðina á eptir. Mikil dæmalaus hlunnindi eru að þess konar samþykktarlögum! Í mínu hjeraði var lengi verið að berjast við að koma á fiskiveiðasamþykkt, og loksins tókst það eptir 5—6 ára þrautir og þjáningar. Samþykktin var staðfest. En nú brýtur hana hver maður, og enginn segir eitt orð um það. Úr því að svo illa gengur með þessar fiskiveiðasamþykktir, þá vil jeg spyrja: Til hvers á þá að vera að fjölga þessum samþykktarlögum? Jeg hygg, að það sje eigi til neins gagns. Og að vera að búa til lög, sem að eins verða dauður bókstafur, er bara til ills eins; það veikir að eins virðingu þjóðarinnar fyrir öðrum lögum, sem gagnleg eru og nauðsynleg.

Friðrik Stefánsson: Jeg fæ eigi sjeð, að frv. þetta sje í minnsta máta á móti 51. gr. stjórnarskrárinnar; því að ákvæðin í síðara hluta hennar eru bundin við „almenningsheill“, og það er einmitt hin mesta almenningsheill, að landi sje forðað frá að fara í auðn, og sje fremur bætt og í öllu falli vel haldið við. H. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) sagði, að eigi væri til neins að fjölga samþykktarlögum, úr því að fiskiveiðasamþykktirnar hefðu ekki komið að þeim notum, enda væru þær ekki vel haldnar. Það kann nú vel að vera, að þær hafi ekki komið að fyllstu notum á öllum stöðum, en það mun þó viðurkennt, að þær hafi verið til töluverðra bóta. Enda verða þessar samþykktir, sem hjer ræðir um, naumast bornar saman við fiskisamþykktir; því vandaminna virðist að gera samþykktir á landi, um friðun á skógi, hrísi og lyngi, heldur en um fiskigöngur á mararbotni. *(J. A. Hj.:* Eru fiskiveiðasamþykktir gjörðar á mararbotni?). Fiskurinn gengur á mararbotni; það mun h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) vera fullkunnugt. Það hefur komið fram í umr., að helzt ætti að afgirða skógana þeim til friðunar. Jeg álít, að aðalhugsun frv. sje sú, að verja skóga sem mest fyrir því, að þeir sjeu eigi höggnir um of nje hrís rifið; til þess þarf eigi girðingar. Hið sama er og um það að segja, að jeg hygg að eigi þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að sýslunefndir muni semja þannig lagaðar samþykktir, að eigi megi beita sauðfje á skógana nje hrísland, þegar þörf gjörist. Enda mundi amtmaður neita slíkum samþykktum um staðfesting, ef til kæmi. Jeg óska að frv. þessu verði leyft að ganga til 3. umr. Þá mun jeg ásamt meðmælendum frv. reyna að laga þær misfellur á því, sem helzt er fundið að, og gæti það orðið

til þess, að frv. næði fram að ganga, sem jeg álít mikilsvert.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. felld með 6 : 5 atkv. Frv. þar með fallið.

Frv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum (C. 105); 1. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Hæstirjettur hefur mikið til síns ágætis. Hann hefur að maklegleikum mjög mikið álit í konungsríkinu, enda hafa sess í honum hinir ágætustu lagamenn ríkisins. Það er því eigi óliklegt, að þau íslenzk mál, sem dæmd eru í honum, njóti góðs af þessum miklu yfirburðum hans.

Hinir helztu agnúar á honum sem æðsta dómstóli í íslenzkum málum eru einkum þrír:

1. Kostnaður sá, sem því er samfara fyrir landssjóð, að skjóta sakamálum þangað.
2. Hinn langi stefnufrestur.
3. Hve lengi á því stendur, að fá dóm í einkamálum þar, með því að opt líða frá 3—4 ár, ef til vill stundum 5 ár, þangað til dómur er þar upp kveðinn í þeim málum.

Jeg skal að sinni ekki fara lengra út í þessar mótbárur.

En það sýnist nokkuð ísjárvert að neita þeim mönnum, sem í málum eiga, um þann mögulegleika, að koma málum sínum úr landi til þess að sá dómstóll, er hefur svo margt til síns ágætis, fái að dæma í þeim. Þetta er og einkum mikilsvert vegna þess, að hæstirjettur er ókunnugur báðum málspörtum. Það hefur komið fyrir, að hæstirjettur hefur í mikilsvarðandi einkamálum komizt að annari niðurstöðu heldur en yfirrjettur.

Jeg vil því eigi styðja þetta frv., enda líkar mjer það heldur ekki, að frv. þetta gerir ráð fyrir að stofna 2 ný embætti, er kosta landssjóð árlega 7000 kr. Jeg hygg að tryggingin fyrir dómum yfirdómsins vaxi ekki við það, því að þess ber að gæta, að kollegíaldómstólar eru ekki hafðir svo mannmargir einkum í þeim tilgangi, heldur vegna hins, að störf þeirra yrðu annars svo mikil, og dómendur eru hafðir svo og svo margir til þess, að eigi þurfi allir að vinna í einu, heldur geti verið til skiptis. En þessu er eigi svo varið við yfirrjettinn hjer.

Jeg hygg því varhugavert, að gefa þessu frv. atkv., og jeg mun eigi gjöra það nema jeg sannfærist af umræðum h. þingmanna, að hin gagnstæða skoðun sje á fullum rökum byggð.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil lýsa skoðun minni í þessu máli, enda þótt það sje eigi máske svo ljett fyrir mig að sannfæra h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.), sem mjer virðist hafa aðra skoðun á þessu máli heldur en jeg. Þetta mál er eitt af málum þeim, er kjósendur mínir fengu mjer og samþingismanni mínum til flutnings á þessu þingi, að framfylgja afnámi hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum lögum. Jeg held að allir verði að játa það, að það er eðlilegur og helgur rjettur hvers lands, að fá úrslit mála sinna í eigin landi sínu, enda vildu forfeður vorir engar utanstefnur hafa, og það var skilyrði hjá þeim í gamla sáttmála, þegar þeir gengu undir konung 1262—64. H. 3. kgk. (L. E. Sv.) tók fram, hver kostnaður því væri samfara fyrir landssjóð, að skjóta sakamálum til hæstarjettar, og hve langt liði á stundum, 4—5 ár, unz dómur fjelli þar í slíkum málum. Jeg skal benda á, að hið sama á sjer stað um mál einstakra manna, sem skjóta málum sínum til hæstarjettar, að þeir verða að kosta miklu fje til þess, og það tekur mjög langan tíma þar til menn geta fengið fullnaðaðardóm. *(A. Ó.:* Menn þurfa eigi fremur en þeir vilja, að skjóta málum sínum þangað). Reynslan er sú, að menn gjöra það samt;

menn sannfærast eigi fyr en öll sund eru lokin, þegar út í það er komið. Yfirjetturinn hjer hefur á sjer, að því mjer er kunnugt, almennt traust þjóðarinnar, enda mundi hún ekki hafa skorað á þingmenn sína á eins mörgum undirbúningsfundum undir alþingi, sem hún hefur gjört, að afnema dómsvald hæstarjettar, hefði hún ekki gott traust á yfirrjettinum, og við því má búast, að það komi þó enn þá betur í ljós, hve vel mönnum líkar við hann, þá er málum þeim, er hann dæmir, verður eigi skotið lengra. Það mun að sjálfsögðu hafa talsverð áhrif á dóma yfirrjettarins, þegar svo kemur fyrir, að hæstirjettur kemst að annari niðurstöðu í dómsmálum heldur en hann, svo að þá er þess konar mál koma aptur fyrir yfirrjett, sjer hann sjer naumast annað fært, en að dæma sem líkast því, sem hæstirjettur hefur áður dæmt í sams konar málum. Jeg er þess vegna samþykkur frv. þessu að öðru en því, að jeg álít óþarft að bæta tveimur nýjum dómendum í yfirrjett, þótt hann yrði æðsti dómstóll mála vorra. Jeg hygg, að það mundi eigi verða frv. þessu til foráttu hjá stjórninni, þótt í þeim dómi sætu eigi fleiri en 3 dómendur, enda álít jeg það nægja. Auk þess mætti hafa aukadómara í rjettinum, því hjer eru alla tíma lögfróðir menn til staðar, og þannig mætti spara mikið af þessum 7000 kr., sem frv. gjörir ráð fyrir, að þeir 2 dómarar hafi í laun, sem frv. fer fram á, að bætt sje í yfirrjettinn, því 2 aukadómarar hefðu ekki meira fyrir að vera meðdómsmenn í 50 málum en 1000 kr. hver þeirra. Jeg greiði því hiklaust atkv. með frv. þessu, með þessari breytingu, sem jeg hjer hefi tekið fram, og mætti til 2. umr. breyta frv. á þann hátt, ef aðrir h. þingdm. væru á þeirri skoðun, að þess væri þörf að bæta 2 aukadómurum við yfirrjettinn.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er samdóma h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) um það, að jeg hygg það ekki vera ráðlegt, að svo stöddu, að nema dómsvald hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum. Úr því að Dönum, sem hafa góða yfirrjetti, engu síður en vjer, þykir nauðsyn á að hafa þrjár dómstólatröppur eður „instanser", þá ætti oss, sem í þessu efni ekki erum betur farnir en þeir, með hjeraðsdóma vora og yfirdóm, einnig að þykja það ákjósanlegra, að hafa einnig hæstarjett, og meðan bænarskrárnar um þetta efni eru ekki almennari en komið er, álít jeg ekki hyggilegt, að fara þann veg, sem frv. Nd. ræður til. Að mínu áliti yrðum vjer ver farnir eptir en áður. Menn verða að gá að því, að það er að eins rjettur einstaklingsins, að geta áfrýað málum sínum til hæstarjettar, en alls ekki skylda hans. Ef h. þm. Skagf. (Fr. St.) kæmi til kjósenda sinna, sem fálu honum þetta mál á þingmálafundi, og segði þeim: „Hana nú, piltar mínir! Nú er búið að „aftaka" hæstarjett! Nú megið þjer ekki lengur áfrýa málum ykkar þangað, en í staðinn fyrir þenna rjettarmissi fáið þið að greiða ár hvert 7000 kr.; jeg vona nú eptir þakklæti frá yður, fyrir þennan haganlega kaupskap", — þá er ekki víst, hvernig öllum kjósendum hans mundi geðjast að þessum kaupmála. Hitt veit jeg, að eigi hefði Einari sáluga á Hraunum hafa þótt þetta gott kaup. Þá hefði hann aldrei unnið hvalmálið gegn Hólakirkju, þetta fræga mál, sem hefur haft svo mikil áhrif og svo mikla rjettarverkun. Jeg álít, að frv. Nd. svipti oss nytsömum og nauðsynlegum rjetti vorum, svo og jafnrjetti við aðra samþegna vora. Jeg veit vel, að mjer verður svarað: það sýnir meiri sjálfstjórn, að hafa sinn eigin æðsta dóm í sjálfu landinu. Jú vel; en meðan þingið er að flytja bænarskrár til stjórnar vorrar í Danmörku um að mældar sjeu hjer upp hafnir o. s. frv. og sýna þar með, að vjer sjeum þeir vesalingar, að vjer getum eigi svo mikið, það er, svo lítið sjálfir, þá virðist mjer að sjálfstjórnarhugurinn ætti eigi að reisa sig svona hátt,

heldur ætti hann að sýna sig í því, að við sjálfir gætum bæði mælt upp hafnir vorar og varið að einhverju leyti fiskiveiðar vorar fyrir yfirgangi útlendinga. Mjer finnst rjettara, að byrja sjálfstjórnina neðan frá en ofan frá, að byrja hana á sjálffærni í verki, en eigi á orðum tómum á pappír.

Jeg skal að lyktum bæta því við, að forfeður vorir undu jafnan hæsta dómi í Noregi, meðan landið var háð Noregi, og eins í Danmörku, síðan Noregur sameinaðist Danaveldi. Það er hreinn og beinn misskilningur á einni málsgrein í endurnýjun gamla sáttmála 1302, að forfeður vorir hafi verið mótfallnir þessum hæsta dómi ríkisráðsins, því að málsgreinin segir hið gagnstæða; hún hljóðar svo: „Utanstefnur viljum vjer engar hafa, utan þeir menn, er dæmdir verða af vorum mönnum á alþingi burt af landinu“. Forfeður vorir vildu ekki útboð hafa, og engar stefnur fram fyrir konung þeirra manna, er eigi voru dæmdir hjer á landi, og dómnum áfrýjað til ríkisráðsins, er þá hafði dómsvald það, er hæstirjettur er nú orðinn erfingi að síðan.

E. Th. Jónassen: Þegar setja á lög um það, hvort nema eigi dómsvald hæstarjettar úr lögum, sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að jafn mikilvægt mál þurfi að leggjast fram fyrir þingið betur undir búið en þetta frv. er að þessu sinni. Hjer liggur ekki fyrir nein almenn beiðni frá landsmönnum, eins og menn heldur ekki hafa orðið hjer varir við neina almenna óánægju með hæstarjett sem æðsta dómstól í íslenzkum málum, enda er þessi dómstóll skipaður hinum beztu og lærðustu lagamönnum í Danmörku. En nú er hjer á þinginu komið fram frv. til laga um að afnema þennan dómstól fyrir Ísland, og ein af aðalástæðunum fyrir því er kostnaðurinn við áfrýjun mála til þessa rjettar. Það er rjett, að í sakamálum verður kostnaðurinn talsvert meiri en ef slík mál hlytu hjer endileg úrslit, en menn mega ekki horfa í það; einnig er það rjett, að í einkamálum er stefnufrestur nú langur, en mönnum er innan handar að fá hann styttan, nær sem alþingi vill; lagafrumv. um það hafa verið áður felld í Nd.; en á hinn bóginn verða menn að gá að því, hve góð trygging það er, að geta skotið málum sínum til hæstarjettar, eins og mörg dæmi geta sýnt. Þess utan er það að einungis rjettur, en engin skylda fyrir einstaklinginn, að áfrýja málum sínum til nefnds rjettar; ennfremur skal þess getið, að dómsmálastjórnin danska hefur sýnt mikla mannúð í því, að veita gjafsókn í íslenzkum einkamálum, þegar ástæður hafa verið til þess, en kostnaðurinn við þá áfrýjun er eingöngu greiddur úr ríkissjóði, en eigi úr landssjóði. Ef nema á hæstarjett úr lögum sem dómstól í íslenzkum málum, þá finnst mjer sjálfsagt að auka hjer við tölu dómendanna í yfirrjettinum 2 mönnum, og þá eru laun þau, sem í frv. standa, 3500 kr. til hvors, ekki of há laun. En jeg sje enga þörf á þessari breytingu fyrir mitt leyti, og undarlegt hlýtur það að virðast, að danskir þegnar, sem ættu í málum við Íslendinga, gætu áfrýjað til hæstarjettar, en Íslendingurinn útilokaður frá því.

Jeg fyrir mitt leyti gef atkv. mitt móti þessu frv.

Sighvatur Árnason: Út af umræðum þeim, er orðið hafa um þetta mál, vil jeg geta þess, að það kom til umtals á þingmálafundi í mínu kjördæmi, og fjellu atkvæði svo, að skorað var á alþingi að framfylgja því, að dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum yrði úr lögum numið. Þessa sömu skoðun um afnám hæstarjettar hef jeg einnig, þrátt fyrir ástæður þær, sem nokkrir h. þingd.m. hafa fært móti þessu frv. Jeg skal gjarnan játa það, að hæstirjettur hefur opt haft gott orð á sjer, en landsyfirrjetturinn hefur heldur ekki

illt orð á sjer. En viðvíkjandi því, sem sumum hefur þótt mjög ískyggilegt við þetta frv., nfl. kostnaður sá fyrir landssjóð, er þessi fyrirhugaða breyting eða rjettara sagt aukning landsyfirrjettarins hefur í för með sjer, þá skal jeg að vísu játa, að það er kostnaðarauki út af fyrir sig, frá því sem nú er; en þrátt fyrir það get jeg ekki verið samdóma þeim, er fella vilja frv. fyrir þessa sök, því að það ber að gæta þess, að þessi viðbót um 2 dómendur gjörir dómnum mikið til, og hlýtur að styrkja hann og tryggja til rjettdæmis, þegar fleiri lögfræðingar fjalla um málin. Komist ennfremur þetta fyrirkomulag á, má búast við, að málunum fjölgi fyrir yfirrjetti, þegar hann er orðinn æðsti dómstóll. Það er margur fátækur maður, sem ekki hefur lagt út í að skjóta máli sínu til yfirrjettarins, af því að hann hefur ekki treyst sjer til, kostnaðar vegna, að halda því áfram til þess ýtrasta, þ. e. að láta það koma fyrir hinn æðsta dómstól, hæstarjett í Danmörku. En með þessu frv. er mönnum gjört miklu hægra fyrir að ná rjetti sínum. Það er mitt hugboð, að ekki muni líða á löngu, áður hæstirjettur verður afnuminn sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum, því að þetta er samkvæmt anda manna nú og almennum óskum, og það mun sannast, að alvara verður úr því, svo það er ekki til neins að fresta því, sem fram á að ganga með það. Það hefur verið, eins og jeg fyrr minntist á, talað um þennan aukna kostnað, 7000 kr.; en þegar maður reiknar þetta út, verður það hjer um bil 9 aurar á hvert mannsbarn á landinu; en trúi maður því á annað borð, sem er, að þessi tilhögun verði landsmönnum að verulegu gagni, get jeg ekki metið þennan kostnað mikils gagnvart því. Þess ber og að gæta, að þetta mundi ljetta talsverða byrði af landssjóði, þegar málum yrði ekki lengur skotið til hæstarjettar. Jeg veit að vísu, að eins og nú á stendur, eru einstaklingarnir ekki skyldugir til að skjóta málum sínum til hæstarjettar, en úr því menn einu sinni hafa lagt út í mál, þá er engin furða, þótt þeir, sem efni hafa á því, reyni að halda máli sínu til hins æðsta rjettar. Aðrir, sem ekki hafa treyst sjer til að leggja út í þann kostnað, er það hefur í för með sjer, hafa sárnauðugir hikað við það, eins og jeg áður gat um; en það hlýtur að teljast mjög óheppilegt, að fátækum mönnum er gjört svo mjög erfitt fyrir að leita hins ýtrasta rjettar síns, eins og nú er, meðan hæstirjettur er hinn æðsti dómstóll í íslenzkum málum.

Skúli Þorvarðarson: H. 2. og 3. kgk. þm. (E. Th. J. og L. E. Svbj.) minntust á það í ræðum sínum, að ekki lægi fyrir þinginu neinar bænarskrár frá landsmönnum, viðvíkjandi afnámi hæstarjettar, svo að það yrði ekki sjeð, að þetta væri neinn almennur vilji. *(L. E. Svbj.:* Jeg minntist ekki á neinar bænarskrár). Jæja, það getur verið. Að minnsta kosti talaði þó h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) um þær, það man jeg. Jeg vil nú ekki alveg sitja þegjandi hjá, þegar um þetta er að ræða, og skal jeg geta þess, að á þingmálafundi í Árnessýslu í vor ljetu menn í ljósi þá skoðun sína, að bezt væri að ákveða með lögum, að dómsvald hæstarjettar í íslenzkum málum yrði framvegis alveg afnumið. Ástæðan fyrir því, að þessi yfirlýsing kom þar fram, mun meðfram hafa verið sprottin af því, að nýlega var þá búið að dæma eitt mál fyrir hæstarjetti þaðan úr sýslunni. Það er líklega djarft til orða tekið, að menn hafi efazt um rjettdæmi hæstarjettar í því máli; en hitt er varlegra að segja, að almenningur undi þeim dómi illa, og gjörði sjer góða von um, að slík dómsúrslit hefði varla orðið fyrir íslenzkum dómstóli. Þótt jeg sje því ekki vel kunnugur, hvort þetta afnám hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum er almennur vilji landsmanna eða ekki, þá man jeg samt eptir því, að á Þingvallafundin-

um 1888 var það almenn meining manna að fá þessu framgengt. Það sem mjer þykir lakast, ef frv. þetta verður að lögum, er það, að jeg er hræddur um, að þessir 5 dómarar í yfirrjettinum hafi oflítið að gjöra, því að jeg býst ekki við, að miklu fleiri mál komi þá fyrir hann en nú fyrir landsyfirrjettinn, sem að minni meiningu hefur jafnaðarlega fremur lítið að gjöra, móts við aðra embættismenn landsins. *(S. Á.:* Jú). Samt sem áður, þegar jeg athuga allar ástæður, sem þetta frv. hefur að styðjast við, get jeg ekki annað en greitt atkvæði með því. Þar sem talað hefur verið um að Íslendingar slepptu rjetti sínum í samanburði við aðra þegna hins danska konungsríkis, ef hæstirjettur yrði afnuminn sem æðsti dómstóll í íslenzkum málum, þá fellur þessi ástæða sjálfkrafa burtu, við það, að svo fjarska margir Íslendingar geta alls ekki, kostnaðarins vegna, haldið málum sínum fram fyrir hæstarjett, þegar um privatmál er að ræða; því að auk þess sem það tekur langan tíma, er öll málfærsla fyrir hæstarjetti svo örðug og kostnaðarsöm, að flestum er ókleyft að leggja út í þann kostnað. Jeg verð að álíta, að meira beri að meta það gagn, sem frv. þetta gæti gjört landsmönnum, heldur en kostnað þann, er það hefur í för með sjer fyrir landssjóð, og þess vegna greiði jeg atkv. með því að frv. þetta verði að lögum.

ATKVÆÐAGR.: Málið felt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Sextándi fundur, þriðjudag 21. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (C. 126, 144, 146, 194); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Eins og h. deild sjer, hefur nefndin komið sjer saman við uppástungumennina (C. 194). Að því, er upphæðina snertir, þá er nefndinni eigi neitt kappsmál um hana, en það er hennar álit, að einhver föst upphæð verði sett, og að samræmi sje milli þeirra, og að eigi sje gjörður munur á ferðum á sjó og landi. Hún hefur komið fram með þá till., að hafa tiltölulega lægra þingfararkaup fyrir þá, sem venjulega fara sjóveg, en hærra fyrir þá, sem endrum og sinnum fara sjóveg. Við upphæðirnar sjálfar hef jeg ekkert að athuga, fyrr en einhver mótmælir þeim. Það er eigi fjárupphæðin, sem nefnd. leggur áherzlu á, heldur er það þægilegt fyrir oss að ganga að því vísu, sem vjer eigum að hafa. Það var sagt við 1. umr., að það væri sómi þingsins, ef þetta næði fram að ganga; jeg get eigi skilið það, en í því finnst mjer sómi þingsins liggja, að grunsemd nái eigi til þess. Það er og kostur við frv. að enginn getur þá álasað þingmönnum fyrir það, sem þeir fá, þegar þingfararkaupið er fastákveðið. Jeg sje ekkert á móti því, þar sem t. d. skrifstofukostnaður embættismanna er fastákveðinn, þá fá þeir eigi meira, þótt þeir þurfi, og skila heldur ekki aptur, þótt afgangur verði. Jeg skal eigi fara fleiri orðum um þetta sem stendur.

Þorleifur Jónsson: Þegar maður ber saman breyt.till. nefndarinnar og breyt.till. okkar þm. Árn. (C. 146), þá er munurinn sá, að nefndin hefur numið burt hið sjerstaka þingfararkaup, þegar farið er á sjó. Við byggðum mismuninn á því, að það stingur svo mjög í augun, ef maður þarf að eins einn dag til þess, að komast sjóveg, en marga daga landveg, eins og t. d. frá Stykkishólmi; þess vegna er það, að við lögðum til að setja annað þingfararkaup sjóveg en landveg. H. nefnd hefur fært niður frá því, er við þm. Árn. (Sk. Þ.) lögðum til, landvegs þingfararkaupið í þeim kjördæmum, sem mestu mundi muna á sjóvegs- og landvegsferðum, og mest í Snæfellsnessýslu. Einmitt vegna þess get

jeg gengið að því, að hafa það eina tölu, hvort sem það er landveg eða sjóveg. Úr Ísafjarðarsýslu er t. d. þingfararkaupið eptir till. nefndarinnar 220 kr. Ef farið er sjóveg, er það of hátt, en sje farið landveg er það of lágt. En fyrst það á að gilda bæði fyrir sjóvegs- og landvegsferðir, þá verður það að mínu áliti hæfilegt að öllu samanlögðu. Þingm. getur grætt eitt árið við að fara sjóveg, en tapar þá aptur við landvegsferð hitt árið, svo að allt jafnar sig.

Þetta er aðalmunurinn á till. nefndarinnar og breyt.till. okkar þm. Árn. Aðrar breyt.till. nefndarinnar eru mjög lítið mismunandi frá því, sem við förum fram á. Nefndin hefur fært tölurnar upp um 10—50 kr. á stöku stað, að jafnaði alls um 270 kr., en hún hefur einnig fært sumar niður, alls um 170 kr., svo að mismunurinn verður 100 kr. Úr því mismunurinn er eigi meiri en þetta, og það sjest þannig ljóslega, að nefndin hefur í öllum aðalatriðum tekið breyt.till. okkar til greina, fellst jeg alveg á álit nefndarinnar og tek aptur breyt.till. okkar.

Mál þetta fjekk allmikla mótstöðu hjer um daginn, en jeg vona, að mótstaðan verði minni nú, og það fái að komast í friði til h. neðri deildar.

Grímur Thomsen: Það er gamalt máltæki, að „sínum augum lítur hver á silfrið“, en það er sjaldgæft, að sjá sömu menn líta öðrum augum á sama hlutinn eptir viku tíma, en þeir litu viku áður. Flutningsm. eru hinir sömu, sem voru í nefnd inni; eptir viku tíma hafa þeir vandlega íhugað þingfararkaupið, og sett það niður þannig, að þar, sem þeim áður þótti mátulegt að hafa 728 kr., finnst þeim nú rjettara að hafa 450 kr. Þessi munur, sem á sjer stað fyrir. N. Múlasýslu, er hjer um bil 300 kr. Breytingin er í stuttu máli frá 100—200—300 kr. og á einum stað að eins 2 kr. H. flutningsmenn hafa annaðhvort í fyrstu sett þingfararkaupið of hátt, eða í síðara skipti of lágt. Til sönnunar því, að þingfararkaupið sje of lágt, skal jeg taka t. d. 2 sýslur. Eptir frv. er það í Árnessýslu fært niður í 80. kr.

Jeg hef gert nákvæman reikning, sem að slepptum dagpeningum mun fara mjög nærri því rjetta.

4 hestar í 3 daga á 2 kr. . . .	24 kr.
fylgdarmaður á 3 kr.	9 —
—— með hesta til baka í 2 d.	22 —
—— með 4 hesta hingað aptur	22 —
hvíldard. fyrir hesta og fylgdarm.	11 —
austurferð í 2 daga með fylgdarm.	22 —
greiði, ferjutollar, hestajárn o. fl.	10 —
Alls:	120 kr.

Jeg sje eigi, hvernig nokkur fer þetta á skemmri tíma en 3 dögum. Þetta er nú sett á 80 kr. Þingmaðurinn verður þá að leggja úr sínum eigin vasa 40 kr. Hjer er þó eigi gjört ráð fyrir farartálma, að hestur heltist eða uppgefist; þá verður bezt að fara gangandi; en gefist maður upp, sem vel kann að henda gamla menn, svo þeir komist eigi á þing, þá bætir 1. gr. úr.

Úr Ísafjarðarsýslu ætlar nefndin mönnum 220 kr. Flutningur yfir Djúpið kostar . . . . . 26 kr.
hestar . . . . . 100 —
fylgd . . . . . 36 —
ýmislegt . . . . . 8 —
Samtals hvora leið . . . . . 170 kr.
eða alls 340 kr.

Til þess að borga þetta, er mönnum ætlaðar 220 kr. Hjer við bætast nú
dagpeningar í 18 daga . . . . 108 —
upphæðin verður þá . . . . . 448 kr.
dragi maður þar frá . . . . . 220 —
þá borgar hann frá sjer . . . . 228 kr.

Jeg efast eigi um, að þetta verði vinsælt meðal alþýðu, en það er ósanngjarnt; og jeg verð að segja eitt, að þótt nefndarmenn treysti sjer til, að ferðast með þeim kostnaði, sem verið hefur, þá er eigi víst, að þeir þingmenn, sem á eptir koma, geti það sómasamlega; það er eigi sagt, að

prófastur eða gamall bóndi geti ferðast fylgdarmannslaust.

Þingmaðurinn, í hverri stöðu, sem hann er, verður að ferðast með hæfilegri sparsemi, en þó sómasamlega.

Mjer finnst nefndin og flutningsm. snúi sjer til þingmálafundanna og ritstjóranna og segja: „H. þingmálafundir og velvitru ritstjórar! þið hafið komið fyrir oss vitinu með það, að ferðir vorar væru of dýrar og við eigi nógu sparsamir; við biðjum yður auðmjúklega forláts og skulum aldrei gjöra það optar“. Nú er frv. okkar fært niður, og hafi fyrr verið ríflega reiknað, þá er það svo nú, að varla nokkrum er mögulegt að ferðast sjer að skaðlausu. Það er bót í máli að nefnd hefur íhugað málið vandlega og með fullum ásetningi orðað 1. gr. þannig: „Alþingismenn skulu hafa í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem alþingi stendur yfir, 6 kr., hvort sem þeir eru á þingi eða eigi“. Í 37. gr. kosningarlaganna, sem flutningsmenn og nefndin vilja nema úr lögum, er svo fyrir mælt, að þingmenn fái 6 kr. um daginn, meðan þeir *eru* á þingi. Þeir, sem hafa lögleg forföll, geta setið heima hjá sjer og fengið 6 kr. á dag. Það er mikil bót í máli. Hann getur fengið læknisvottorð um að losast frá þingi, skrifar forseta, að hann geti eigi komið á þing, og fær sínar 342 kr. Mjer er forvitni á að sjá, hvort h. nefnd greiðir atkvæði með þessari 1. gr.

Framsögumaðnr (J. A. Hjaltalín): Það var fróðleg ræða, sem h. þm. Borgf (Gr. Th.) hjelt; en hún var einkennileg, eins og vant er að vera hjá honum. Hann tók til austast úr Árnessýslu. Er þm. skyldur að búa austast í sýslunni? Nefndin miðar við miðja sýslana. Ef hann vildi renna augunum til vinstri handar, þá gæti hann gefið atkv. með hærri upphæðinni. Það hefur verið tekið fram, að það væri eigi upphæðin sjálf, sem væri kappsmál um. Hann sagði nýlega, að upphæðirnar væru of lágar fyrir landvegsferðirnar; eg skal kannast við, að svo sje, og var það sett svo af ásettu ráði fyrir þau kjördæmi, þar sem ætíð eða optast má ná til sjóvegsferðar eingöngu. Aptur er frá einstöku stöðum að eins einstaka sinnum farið sjóveg; þá er þingkaupið tiltölulega hærra.

Rúsínan í endanum getur vel verið rjett, þar sem hann talar um 1. gr. Það væri rjettara að breyta henni, því verið getur að megi misskilja hana. Ef menn líta á spursmálið frá báðum hliðum, þá skil jeg eigi, að ræða h. þm. Borgf. (Gr. Th). hafi raskað huga og atkvæðum manna.

Sighvatur Árnason: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) ljet sjer annt um að rífa niður með ræðu sinni, en byggði eigi upp aptur. Þar sem hann sagði í byrjun ræðu sinnar, að sjer þætti skrítið, eða að það væri sjaldgæft, að sömu menn eptir vikutíma litu öðruvísi á hlutinn en þeir höfðu gjört í byrjun, þá vil jeg segja, að það sje engu síður skrítið eða sjaldgæft, að þetta skuli heyrast úr munni nokkurs manns hjer á þingi, að hann skuli finna að því, þótt menn, þegar breyt.till. koma fram, hliðri til í skoðunum sínum við samdeildarmenn sína. Ef þingm. skyldu álíta það sitt rjetta mark og mið, að vilja ekki samrýma skoðanir sínar við skoðanir samþingismanna sinna, þá yrði það skrítin samvinna, og að líkindum árangurslítil. Jeg ber engan kinnroða fyrir það, að samrýma álit og skoðanir mínar við aðra samdeildarmenn mína. Það getur verið, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) finnist það rjettara, sem hann segir, en jeg álít það þó eigi, og gjöri lítið úr þessum ástæðum hans. H. 6. kgk. þm. (J. A. H.) tók greinilega fram ástæður nefndarinnar og hefur þar með að öðru leyti svarað ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Mjer finnst eðlilegt í þessu máli, að miða við miðbik kjördæmisins, og í öðru lagi að hafa tillit til sjóleiðarinnar, þar sem hún getur vel átt sjer stað, á þann hátt, að hafa þá hið ákveðna þingfararkaup nokkuð lægra en annars. Það

er eigi meiningin, að binda sig fast við þessar tölur, heldur hækka þær eða lækka eptir því, sem mönnum sýnist. Það er annað mál, að tala um tölurnar, og hitt að tala um grundvöll frv., nfl. að slá þingfararkaupinu föstu. Það er eigi þægilegt fyrir reikninganefndina, að úrskurða reikningana eptir því sem þeir koma fyrir. Þeir, sem hafa gefið háa reikninga, munu eigi hafa reiknað sjer of hátt þingfararkaup, eða sett það hærra en þeir hafa þurft að brúka, ef gætt er að því, hvað gengur til bæði hestakostnaðar, o. fl. Þeir, sem aptur á hinn bóginn lægra hafa reiknað sjer, hafa eigi reiknað til hlítar kostnaðinn. Hvað getur þá reikninganefndin gjört? Hún verður að samþykkja reikningana, þrátt fyrir það þó þeim beri ekki hlutfallslega saman eptir kringumstæðum. Jeg tek eigi svo verkahring hennar, að hún eigi að færa upp þá reikninga, sem eru of lágir. Sem sagt, þótt menn vildu leggja til, að tölunum yrði breytt á ný, eða færðar hlutfallslega upp á við, mun nefndin fallast á það; hún hefur fært þær niður til samkomulags við breytingatillöguna. Það er undarlegt, að menn skuli eigi sinna þessu máli, sem er áhugamál um land allt; það er að eins af misskilningi. Jeg get eigi sjeð, að það skaði þótt það sje gjört; það skerðir hvorki sóma þings nje þjóðar, og jeg óska af hug og hjarta, að þingið gerði sjer aldrei meiri ósóma en þann að gjöra þetta frv. að lögum. Það er mikilsvert að taka tillit til vilja landsmanna, þegar það er að minnsta kosti hættulaust, eins og hjer á sjer stað. Það er alls eigi gott fyrir þingið, að halda þeim reglum föstum, sem þjóðin hefur mikið á móti.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla mjer ekki að taka upp aptur mótmæli þau, er jeg við 1. umr. þessa máls kom fram með gegn þessu frv, en ætla einungis að skýra frá þeirri mótbáru gegn frv., sem jeg enn þá ekki hef tekið fram, en sem jeg hef heðið með að koma fram með, og sem hinum skarpskyggna flutningsm. og ritstjórum hefur yfirsjezt að taka tillit til. Þessir menn hafa ekki munað eptir 20. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur, „að samkomustaður alþingis sje jafnaðarlega í Reykjavík, en þegar sjerstaklega er ástatt, getur konungur skipað fyrir um, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi“. Hvernig geta þeir nú með lögum ákveðið þingfararkaupið, þegar menn ekki með vissu vita, á hvaða stað þingið kann að verða haldið? Jeg ætla ekki að tala frekara um þetta frv., en jeg álít það alveg ónýtt, og vona að það fái þá útreið hjer í h. deild, sem það á skilið.

Þorleifur Jónsson: Það gladdi mig að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) er hættur að koma fram með vantrausts-ástæðuna, sem hann við 1. umr. þessa máls lagði svo mikla áherzlu á; nú minnist hann ekkert á hana. En nú eru það tölurnar, sem honum þykja allt of lágar, eða með öðrum orðum, að þingfararkaup alþingismanna sje allt of lágt sett. Hann til tók 2 dæmi, eða kjördæmi; annað var Árnessýsla; þar sagði hann, að þingmaðurinn, þó hann við hefði allan sparnað, gæti ekki komizt af með minna en 120 kr. í ferðakostnað, ef hann ætti að ferðast til og frá þingi á sómasamlegan hátt, en eptir ferðakostnaðarreikningi alþingismanna 1889 tekur þó 2. þingmaður Árnesinga að eins 64 kr., svo eptir þessu verður þingfararkaup sama þm. ekki of lágt sett eptir breyt.till. nefndarinnar. Sama er að segja um dæmið, sem hann tók úr Ísafjarðarsýslu. Eptir ferðakostnaðarreikningunum 1889 tók 1. þm. Ísfirðinga að eins 102 kr., en nefndin lætur þingfararkaupið nema 220 kr., eða meira en helmingi hærra, og verður það fullhátt, þegar fæðispeningunum er við bætt, 6 kr. á dag meðan ferðin stendur yfir, fullhátt, segi jeg, í samanburði við það, sem þingmenn Ísfirðinga tóku í ferðakostnað á síðasta þingi. Sami h. þm. tók það enn-

fremur fram, að engum væri fært, að ferðast sjer skaðlaust, fyrir þær upphæðir, sem nefndarálitið tiltæki, en jeg get sagt honum það, að jeg treysti mjer vel til þess, og jeg tek það hjer fram, að jeg enda ímynda mjer, að æðstu embættismenn landsins ferðist ekki dýrara á embættisskoðunarferðum sínum.

H. 1. kgk. þm. (J. H.) kvaðst hafa geymt eina góða ástæðu móti þessu frv. þangað til núna. Þessi þrauta-ástæða hans var 20. gr. stjórnarskrárinnar, sem gerir ráð fyrir því, að alþingi kunni að verða haldið annarstaðar en í Reykjavík, og þá vantar ákvæði um þingfararkaupið. En til þessa svara jeg: að fyrst og fremst er mjög svo ólíklegt, að þetta komi fyrir; því hvar hefði maður hús til þess? Hvar á landinu skyldi vera hægt að prenta þingskjölin eins og hjer? En þó nú svo yrði, þá koma dagar og þá koma ráð, enda þyrfti og þetta ekki að verða málinu til fyrirstöðu, þar sem hægt væri við 3. umr. að gjöra breyt.till. í þessa átt, ef annars ætti að taka nokkurt tillit til þessarar mótbáru, sem jeg álít óþarft.

Grímur Thomsen: Það var að eins fátt eitt, sem jeg ætla að svara h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.); þótt jeg ekki nefndi „sómaástæðuna", þá get jeg samt fullvissað h. þm. um það, að svo framarlega sem frv. þetta verður að lögum, þá munu ýmsir af kjósendum út um landið segja: þarna sjáið þið, hvort þingmenn ekki hafa reiknað sjer þingfararkaupið of hátt fyrirfarandi; nú er búið að ákveða ferðakostnaðinn með lögum, svo eitthvað hefur líklega áður þótt bogið við reikningana; og heldur h. þm. Húnv. (Þ. J.), að þetta muni auka virðingu þings og þingmanna? Með þessu frv., ef það yrði að lögum, kæmum við að nokkru leyti til að ljóstra, en ljóstra ranglega, að jeg hygg, upp um þingmenn á fyrirfarandi þingum.

Hvað nú snertir reikning h. þm. Húnv. (Þ. J.), skal jeg geta þess, að þingfararkaup þingmanna eptir frumvarpinu mundi nema c. . . . . 5320 kr.
en ferðakostnaður þingmanna 1889 nam . . . . . 4596 kr.
að fráreiknuðum dagpeningum meðan á ferðinni stóð c. . . 1700 kr.
samtals 6296 kr.
Dragi maður nú ferðakostnaðinn 1889 . . . . . 5320 kr.
frá þingfararkaupinu, koma út 976 kr.

Þetta er nú allur sparnaðurinn, en sem mjer þó virðist mjög ósanngjarn, sökum þess, að dagpeningar á ferðum þingmanna eru látnir hverfa, en í staðinn kemur renging og tortryggni á hinum fyrri reikningum þingmanna.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal nú ekki tala um neinar þær ástæður, hvorki sómaástæðuna nje heldur mótsagnarástæðurnar, sem komið hafa áður fram gegn frv., og ekki ætla jeg heldur að tala um almenningsálitið, því að almenningsálit hefur aldrei komið fram í þessu máli; að eins hefur heyrzt einstaka rödd í skúmaskoti um ofháa ferðakostnaðarreikninga fáeinna þingmanna, sem hafa verið mótstöðumenn þessarar raddar, en aptur á móti hefur kostgæfilega verið dregin fjöður yfir reikninga vildarmanna þessarar raddar, þótt reikningar þeirra hafi verið öllu óálitlegri en hinna. Jeg skal leyfa mjer að taka eingöngu það upp, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að mjer virðist undarlegt, ef sá maður skyldi vera kosinn til þings, sem kjósendur hafa svo mikið vantraust á, að þeir trúa honum ekki fyrir að búa til rjettan og sanngjarnan ferðakostnaðarreikning, en trúa honum þó fyrir öllu landsfje. Jeg get heldur ekki skilið annað, en að nefnd, sem þingið sjálft velur, sje eins bær að dæma um þessa reikninga, eins og óviðkomandi menn, sem ekkert þekkja til þess, á hverjum kostnaði ferðareikningarnir eru byggðir. En þótt þessu

sje þannig varið, og mjer finnist allmargir agnúar vera á frv., skal jeg þó gjarnan játa, að tölurnar í breyt.till. á þingskj. 129 eru að því leyti, er jeg til þekki, og fæ um dæmt, mjög nærri sanni (*Þorl. J.*: Heyr!) og að jeg er því eigi fjarri því, að gefa þessari breyt.till. atkvæði mitt. Þegar jeg tek fyrir allt Norðurland frá Strandasýslu til Suðurmúlasýslu, þá virðist mjer, að ferðakostnaður þingmanna úr þessum 7 sýslum: Stranda, Húnavatns, Skagafjarðar, Eyjafjarðar, Þingeyjar, og báðum Múlasýslunum sje hæfilega metinn í breyt.till. á þingskj. 129 (C. 194.) eður að þingmenn þaðan geti ferðast sómasamlega fyrir þessar upphæðir, sem þeim þar eru ætlaðar, þó því að eins, að þeir geti *vanalega* farið sjóveg til og frá þingi, því að verði þeir að fara alla leið landveg, skal jeg játa, að þessar upphæðir sjeu oflitlar, að minnsta kosti í hágum árum, og einkum í hörðustu árum. Samkvæmt frumv. eiga þessar föstu upphæðir að gilda jafnt fyrir alla, hvort heldur þeir eru ungir eða gamlir, heilsuhraustir eða heilsulínir, og hvort sem þeir heldur búa í kjördæminu fjær eða nær alþingisstaðnum. En það leiðir af sjálfu sjer, að allt slíkt verður ekki tekið til greina, ef ákveða skal þingfararkaupið með lögum, fyrir því, að lagaboð er ein óbifanleg regla, og jafnframt sem áætluð meðalregla, er fylgja skal hvernig sem á stendur. Rjettlæti slíkrar reglu verður því bara miðlungsrjettlæti eða eins konar sljetthefilsrjettlæti, ef jeg mætti kalla það svo. En aptur á móti verð jeg að halda því fram, að ferðakostnaður þingmanna úr 3 sýslum suðuramtsins, þ. e. Árness, Rangárvalla, og Vestmanneyjasýslum, sje ekki rjett metinn í þessari breyt. till. nefndarinnar. Það er auðvitað hjer sem annarstaðar byggt á því, að þingmaðurinn eigi heima í miðju kjördæminu, en þegar jeg svo ber saman Árness og Rangárvallasýslu sje jeg, að þingmanni úr Árnessýslu eru ætlaðar 80 kr., en úr Rangárvallasýslu er þingmanninum ætlaðar 140 kr. í ferðakostnað, eða með öðrum orðum: það kostar þá 60 kr, að ferðast úr miðri Árnessýslu inn í miðja Rangárvallasýslu, og þó er það varla nema ein dagleið, og að eins eitt ferjuvatn (Þjórsá) á þeirri leið, svo að þetta getur ekki verið rjett. Þegar jeg gæti að Vestmanneyjum. er ferðakostnaðurinn þaðan áætlaður 150 kr., eða að eins 10 kr. meiri en úr Rangárvallasýslu. Nú stendur vanalega svo á póstskipsferðum, að þau koma ekki við á Vestmannaeyjum rjett á undan eða rjett á eptir þingi, heldur fara þau þá vestur og norður um land, nema 1886, þegar aukaþingið var, sem byrjaði þá 28. júlí. Af þessu leiðir, að þm. úr Vestmannaeyjum verður jafnan, og að minnsta kosti aðra leiðina, að fara úr eyjunum í land í Rangárvallasýslu og síðan landveg; en það er mikils til of lítið. að hann fái einar 10 kr. fyrir ferðina úr landi. Ef menn nú athuga, hvað landvegsferð úr Rangárvallasýslu hingað til þings hefur kostað, þá má sjá, að þingmenn þaðan hafa reiknað sjer ferðakostnað 1887 og 1889 annar 196 kr. en hinn 200 kr., en úr Vestmannaeyjum hefur þingmaðurinn reiknað sjer 1889 189 kr. og árið 1887 248 kr. Jeg verð að biðja menn að gæta þess, að þingfararkaup frv. finnst með því að draga frá samanlögðum ferðakostnaði og dagpeningum eður aðalupphæð þingkostnaðar hvers þingmanns í alþingistíðindunum dagpeninga þá, er þingmenn hafa meðan þeir sitja á þingi, eða 342 kr., og þá kemur þingfararkaupið út. Annar þingmaðurinn Árnessýslu, hann sem á þar heimili, og sem enginn efar að hafi reiknað rjett, hann hefur talið sjer árið 1889 100 kr., en árið 1887 106 kr. Þess vegna er ferðakostnaður úr Árnessýslu settur of lágt í breyt. till., úr Rangárvallasýslu of hátt, og úr Vestmannaeyjum talsvert of lágt. Það getur vel verið, að Vestmanneyingar kjósi sjaldan þingmann, sem er heimilisfastur

þar, en það ætti ekki að gjöra þeim erfitt fyrir, ef þeir vildu það.

Að lyktum vil jeg leyfa mjer að drepa á ferðakostnaðarreikninga nokkurra þingmanna, þeirra er ekki hefur verið að fundið. Einn þingmaður búsettur í Suður-Þingeyjarsýsslu taldi sjer árið 1889 507 kr., en samkvæmt frumv. eru honum ætlaðar 380 kr., og hin árin hefur þingfararkostnaðurinn úr þessari sýslu verið þetta 437 kr. og 412 kr., og árið 1887 462 kr., 448 kr., 455 kr. og minnst 378 kr. 60 a. Fjarri sje mjer að álíta reikninga þessa of háa, því síður að tortryggja reikninganefnd þingsins; en hitt finnst mjer ljóst, að röddin úr skúmaskotinu hefur eigi auglýst mismun á þessum reikningum, af því að þingmenn þeir áttu heima í meira hlutanum. Annað dæmi er það, að annar þingmaður úr Norður-Múlasýslu reiknaði sjer 1889 578 kr.; hann fór landveg, en hinn fór sjóveg og hann taldi sjer 414 kr. eða 36 kr. minna en honum er ætlað samkvæmt uppást. nefnd., og sýnir þetta dæmi, að hún hefur farið mjög svo nærri rjettu lagi. Tölur þingfararkaupsins úr norður- og austuramtinu munu vera mjög nærri rjettu lagi, þá er þingmenn geta farið sjóveg sem optast. Hvað tölurnar um ferðakostnað þingmanna úr vesturamtinu snertir, skal jeg játa, að jeg þekki ekki, hvort þær eru nær sanni eða ekki, og sleppi jeg þeim því alveg.

Verði frumv. þetta að lögum með þeim breytingum og umbótum, sem á því hafa orðið núna næstliðna viku, þá sparast óneitanlega landsfje, því þessa viku hefur þingfararkaupið minnkað um 24 hundruðustu, og það tel jeg vel veitt, einkum ef menn þá jafnframt verða ánægðari en áður. Þess vegna er jeg fremur á því að gefa tölunum á þingskj. 129 (C. 194) atkv. mitt, ef þær yrðu leiðrjettar.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg álít óþarft að lengja umræðurnar um þetta mál til muna hjeðan af, því að það hefur þegar verið rætt svo mikið, en hin eina rækilega ræða, sem haldin hefur verið í því, er ræða h. 5. kgk. (A. Ó.). Jeg skal geta þess, að jeg hef reiknað ferðakostnað t. d. úr Eyjafjarðarsýslu eptir meðaltali reikninganna þaðan fyrir lengri tíma eða síðan þingið varð löggjafarþing (1875), og þetta meðaltal er lægra en sú upphæð, sem frumv. tekur til, og jeg hygg, að eins sje því varið, hvað önnur kjördæmi snertir. Það sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) minntist á í niðurlagi ræðu sinnar, því var svoleiðis varið, að jeg get ekki eytt að því neinum orðum; það gildir einu, hvar það liggur. Hann hefur haft gaman af að tala um það, og það er fullnógur árangur af þeirri ræðu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. (C. 126) felld með 6 : 5 atkv. Með því atkvæðagreiðslan þótti óglögg, var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Árni Thorsteinsson,
Þorleifur Jónsson,	Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,	E. Th. Jónassen,
Sighvatur Árnason,	Grímur Thomsen,
Skúli Þorvarðarson.	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Breyt.till. á þingskj. 66 (C. 144) samþ. með 8 atkv.

Þá voru bornar undir atkv. breyt.till. við 2. gr. á þingskj. 129 (C. 194), og var hin 1. samþ. með 7 atkv., 2. samþ. með 7 : 1, 3. með 8, 4. með 7, 5.—7. felldar með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli um hina 7., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Árni Thorsteinsson,
Þorleifur Jónsson,	Arnljótur Ólafsson,
Friðrik Stefánsson,	E. Th. Jónassen,
Sighvatur Árnason,	Grímur Thomsen,
Skúli Þorvarðarson,	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Hinar (8.—21.) voru allar samþ., hin 8.

með 7 : 1 atkv., 9. m. 6, 10. m. 7, 11. m. 7 : 1, 12. m. 7, 13.—17. m. 7 : 1, 18. m. 7 : 2, 19.—21. með 7 atkv. 2. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 8 atkv.

22. breyt.till. á þingskj. 129, við 3. gr., var samþ. með 8 atkv. og 3. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.

4. gr. frv. var tekin aptur. Fyrirsögn frv. samþ. með 8 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 102, 165, 193, 199 202); 2. umr.

Landshöfðingi: Nefnd sú, er skipuð hefur verið í þetta mál hjer í þessari h. deild, hefur gjört allmargar breytingar við frumv. þetta; en þegar betur er aðgætt, eru flestar breytingar hennar að eins orðabreytingar, fæstar þeirra efnisbreytingar.

Á þingskj. 143 (C. 202) er þó ein efnisbreyting og skilst mjer svo sem sú breyting sje gjörð við 10. gr. á þann hátt, að þar sje bætt inn nýjum kafla. Jeg verð fyrir mitt leyti að lýsa yfir því, að jeg hef ekkert á móti þeirri breyt.till. Hún er eigi fólgin í öðru en því, að iðnaðarnemandi megi að afloknu námi leysa af hendi prófsmíði, ef ákveðið er svo í samningnum, eða ef annaðhvort iðnaðarnemandinn eða lærimeistarinn krefjast þess.

Þetta hefur áður við gengizt og get jeg eigi fundið neitt á móti því.

En svo eru á þingskj. 128 (C. 193) frá einum h. þm. (J. A. H.) ýmsar breytingar, og það talsverðar efnisbreytingar, sem jeg get ekki verið samþykkur. Jeg skal nefna flestar þeirra. 1. br. er við 1. gr. og stendur hún í nánu sambandi við br. við 5. gr. Þar er farið fram á, að eigi sje gjörður samningur milli lærimeistara og nemanda fyrri en reynslutíminn er á enda. Mjer finnst það vera eins nauðsynlegt, að lærimeistarinn sje eins skyldur til að gjöra samning við nemandann fyrir þá 3 mánuði, sem á reynslutímanum stendur, eins og hinn annan tíma af námstímanum; og einnig er það eðlilegt, ef þeir vilja eigi segja sig lausa hver frá öðrum, að reynslutíminn sje þá tekinn með. Jeg fæ því eigi betur sjeð, en að þessi breyt.till. fremur skaði frv. en bæti.

2. br. er við 2. gr., og er fólgin í því, að þeir lærimeistarar, sem eigi hafa leyst námsbrjef, skuli útilokaðir frá að geta tekið nemendur. Þetta er takmörkun á atvinnufrelsi, sem ekki er æskileg, og get jeg því heldur ekki lagt með þessari breyt.till. Jeg get eigi álitið að það sje nauðsynlegt eða æskilegt, að setja það skilyrði fyrir því, að mega taka sveina til náms, að iðnaðarmaðurinn hafi fengið námsbrjef það. er 10. gr. tiltekur.

Hin 3. br. er við 3. gr. og er lík br. þeim, sem stungið er upp á við 1. gr. og 5. gr.

4. br. er við 4. gr. og er hún í sjálfu sjer meinlaus.

Hið sama er segja um breyt.till. við 6. gr.; hún er eiginlega orðabreyting.

En breyt.till. við 10. gr. er jeg mjög mótfallinn. Jeg get eigi álitið neina ástæðu til að innleiða það, að prófsmíði skuli vera skilyrði fyrir því, að reka atvinnu sem iðnaðarmaður; svo er og kippt burt ákvæðum þeim, er tryggja nemandann gagnvart lærimeistaranum og veita honum rjett til skaðabóta frá meistaranum, ef meistarinn hefur vanrækt að kenna honum, en notað hann til annarar vinnu, svo sem sjóróðra eða kaupavinnu, eða á annan hátt valdið því, að nemandinn hefur eigi getað lokið námi sínu á hinum tiltekna tíma. Jeg get því ekki verið samþykkur þessari breyt.till.

Líkt er og að segja um um breyt. við 11. gr.; hún miðar einnig til þess að rýra rjett nemandans gagnvart lærimeistaranum. Hið sama er og að segja um breyt.till. við 13. gr.; hún miðar til hins sama. Báðar þær breytingar virðast mjer ástæðulausar og óþarfar.

Svo er breyt.till. við 18. gr. Hún er fólgin í því, að lögreglustjóri skuli eigi hafa sæti í gjörðardómnum, heldur skuli málsaðilar kjósa sinn mann hvor og oddamaður vera valinn annaðhvort eptir samkomulagi eða með hlutkesti. Jeg get eigi sjeð að nokkuð sje unnið við það fyrirkomulag, heldur miklu fremur að það spilli. Það er varla að gjöra ráð fyrir, að lögreglustjóri sje svo háður öðrum hvorum málsaðila, að hann sje eigi fær um að vera oddamaður; og komi málsaðilar sjer eigi saman, svo að hlutkesti þurfi að ráða oddamann, er dómurinn kominn undir teningskasti. Það finnst mjer ekki rjett. Jeg álít hættulaust að trúa megi lögreglustjóra fyrir því og engin ástæða til að efast um, að hann muni verða rjettlátur.

Jeg get þannig eigi fellt mig við þessar breyt.till. á þingskj. 128, nema 4. og 6. breyt.till., sem jeg álít meinlausar. Hinar aðrar eru fremur til að spilla heldur en bæta frumv.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eins og hæstv. landsh. tók fram, eru allmargar breyt.till. komnar fram við frumv. þetta. Frá nefndinni eru breyt.till. á þingskjali 98, 136 og 143 (C. 165, 199, 202), og skal jeg geta þess, að nefndin tekur aptur 1. br.till. á þingskj. 98 (C. 165) og kemur br.till. á þingskj. 136 (C. 199) í stað hennar. Svo skal jeg og taka fram, að í br.till. 21 á þingskj. 98 er prentvilla: „gefna“ í staðinn fyrir „gefnar“.

Eins og hæstv. landsh. tók fram, hefur nefndin eigi gjört aðra efnisbreytingu en við 10. gr., og með því að hæstv. ldsh. hefur eigi haft á móti þeirri breyt. og hitt annað eru orðabreytingar, finn jeg eigi ástæðu til að fara frekar út í þær. Jeg skal þó geta þess, að nefndin hefur alstað ar breytt orðinu „lærlingur“ í „nemandi“ og „meistari“ í „lærimeistari“. Það getur verið, að sumir geti fundið eitthvað betra, en nefndinni datt ekki annað betra í hug. Jeg skal og nefna það, að nefndin hefur breytt í 1. gr. orðinu „iðnaðarmenn“ í „atvinnurekendur“, með hliðsjón af danska textanum. Þar stendur: „Næringsdrivende“. Nefndin ætlaði, að það væri gott og gilt orð, því að menn segja almennt: „að reka atvinnu“. Það mætti ef til vill hafa það á móti því orði, að það sje of víðtækt og geti átt eins við þá, sem stunda t. a. m. landbúnað og sjávarútveg. En þess ber að gæta, að þýðing orðsins takmarkast í framkvæmdinni eptir ákvæðum frumv., takmarkast við þá atvinnurekendur, sem taka unglinga „til að kenna þeim iðn sína“.

Viðvíkjandi breyt.till. á þingskj. 128 (C. 193) hefur hæstv. landsh. tekið ómak af framsögumanni með því að svara þeim. Jeg get því verið fáorður um þær. Þessar breyt.till. hafði nefndin fyrir sjer til athugunar, og komu þær fram frá einum iðnaðarmanni hjer í bænum. Þær miða allar til að rýra rjett nemendanna gagnvart lærimeistaranum, og gjöra honum hægra fyrir. Nefndin gat ekki fallizt á, að þær væru á fullum rökum byggðar, og virtist henni fremur ástæða til að lögin vernduðu óþroskaða unglinga heldur en lærimeistara, sem getur passað sig sjálfur. Um 1. breyt. hefur hæstv. landsh. rætt ýtarlega. Viðvíkjandi 2. breyt. skal jeg bæta því við, að þar sem farið er fram á, að þeir einir geti haft nemendur til kennslu, er tekið hafa próf það, er fyrir er mælt í 10. gr., þá eru þeir útilokaðir, sem ef til vill hafa lært iðn sína miklu betur en þeir, sem hafa námsbrjef eptir 10. gr., t. d. menn, er tekið hafa próf í útlöndum. Þetta álít jeg bæði ranglátt og óskynsamlegt.

3. breyt. er talsverð efnisbreyting. Hún fer því fram, að nemandinn geti eigi slitið samninginn við lærimeistarann, þótt hann sje orðinn tvítugur að aldri. Þetta getur opt orðið nemandanum mjög bagalegt. Ef t. a. m. forráðamaður hefur ráðið nemandann hjá lærimeistaranum, en nemandinn verður þess var, er hann hefur verði

nokkurn tíma í kennslu fram yfir reynslutímann, að hann er ekki hneigður fyrir þessa iðn, eða honum býðst annað betra, eða hann af einhverjum ástæðum vill með engu móti byggja framtíð sína á þessari iðn, sem hann hefur verið settur til að nema, þá er honum mjög bagalegt að hann getur ekki losað sig frá lærimeistaranum og gefið sig heldur við því, sem hann finnur sig meira hneigðan fyrir og hann ætlar að byggja á framtíð sína. Auk þess er lærimeistaranum enginn órjettur gjör, þótt nemandinn fái að losna; lærimeistarinn hefur haft hann máske í 3—4 ár og hefur þá haft talsverð not af honum.

Breyt.till. við 4. gr. er öldungis óþörf. Það liggur sem sje í augum uppi, að ef lærimeistarinn leggur nemanda til eitthvað fram yfir það, sem til er tekið í samningunum, þá á hann fullan rjett til að fá það endurgoldið. Þetta þarf ekki að taka fram í frumv.

5. breyt. stendur í nánu sambandi við breyt. við 1. gr.

Það getur verið spurning um, hvernig á að skilja breyt.till. við 6. gr. Það getur þýtt bæði alla þá vinnu, sem til fellur og lærimeistarinn skipar honum að vinna, og alla þá vinnu, sem við kemur iðn hans, og lærimeistarinn skipar honum að vinna. Jeg vil því biðja h. uppástungumann að skýra frá, hvað af þessu á að vera meiningin.

Nefndin getur ekki fallizt á breyt.till. við 10. gr., af þeim ástæðum, sem hæstv. landsh. tók fram. Þar er mælt svo fyrir, að nemandinn skuli búa til einhvern smíðisgrip. Ákvæðin ná því að eins til smíðanemenda, en ekki t. a. m. til skraddara, rakara, prentara o. s. frv., og þyrfti þá beinlínis að standa smiðanemandi í staðinn fyrir „nemandi“. En jeg get yfir höfuð ekki sjeð, að það, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) fer fram á í þessari breyt.till. sinni, sje eins hagfelt, hvað þá heldur hagfeldara en það, sem nefndin leggur til. Sjerstaklega er verzlunarnemendaprófið svo óákveðið, að það nær ekki nokkurri átt.

Breyt.till. við 11. gr. miðar til þess að rýra rjett nemendanna, og komist sú breyt.till. að, hafa nemendur eigi nægilega vernd, nje heldur fátækrasjóðirnir nægilega tryggðir gegn því, að nemandinn falli þeim til byrði.

Breyt.till. við 13. gr. er öldungis óþörf, því að 14. gr. og jafnvel 17. gr. heimilar lærimeistaranum að krefjast þeirra skaðabóta, sem honum kunna að bera.

Nefndin getur heldur eigi fallizt á breyt.till. við 18. gr. Meiningin með henni er líklega sú, að fá á þann hátt, sem þar er ákveðið, rjettlátari gjörðardóm; en jeg get ekki sjeð, að svo muni verða, allrasízt ef málsaðilar koma sjer ekki saman, svo að hlutkesti verður að ráða um oddamanninn. Þess ber og að gæta, að ef gjörðardómur væri ekki, mundi það verða lögreglustjóri, sem dæmdi á milli þeirra, og engin æstæða er til að ætla, að hann verði ranglátari sem oddamaður í gjörðinni, heldur en ef hann ætti einn að dæma málið.

Jeg skal svo ekki fara frekara út í þessar breyt.till. Jeg vonast eptir að breyt.till. nefnd. fái góðan byr í þessari h. deild.

Jón A. Hjaltalín: Jeg kannast fúslega við, að tilgangur þessa frumv. er góður og að full ástæða er til að það er fram komið, til þess að tryggja rjett nemendanna gagnvart lærimeisturum þeirra. En það er nauðsynlegt að tryggja einnig rjett lærimeistaranna.

Jeg hef eigi komið fram með breyt.till. mínar (C. 193) af því, að jeg áliti mig hafa meira vit á þessu máli en höfundar frumv. eða hin h. nefnd. En jeg hef leitað álits ýmsra manna hjer í bænum, sem vit hafa á þessu máli, og jeg hef álitið

rjett að gefa h. þingd. tækifæri til að sjá og kynna sjer álit þeirra.

Það getur verið mikið gott, að tryggja rjett nemendanna, en það er hægt að gjöra það svo vel, að enginn lærimeistari vilji framar taka nokkurn nemanda, og þá er farið lengra en tilgangur þessa frumv. er að fara. Og mjer hefur heyrzt á þeim, að ef svona lagað frumv. verði samþykkt, muni þeir eigi sjá sjer fært að taka framar nokkurn nemanda.

Viðvíkjandi 1. gr. skal jeg benda á það, að mjer þykir það hálf-undarlegt að gera skuli þurfa samning, sem kann að verða rofinn eptir eina 3 mánuði. Jeg get eigi sjeð, hvað ríður á því, að gjöra samninginn fyrri en þessi reynslutími er liðinn og fengin er dálítil reynsla fyrir því, hvort nemandinn getur lært nokkuð í iðninni eða ekki.

H. framsögum. (Þorl. J.) hafði það á móti breyt.till. við 2. gr., að þeir, sem hefðu tekið námspróf utanlands, gætu eigi tekið sveina til náms. Það getur vel verið að hægt væri að orða þessa breyt.till. betur, en hitt finnst mjer vera eðlilegt, að einhver trygging sje fyrir því, að þeir, sem taka á annað borð sveina til náms, kunni þá iðn, sem þeir ætla sjer að kenna öðrum.

Jeg skal ekki orðlengja um breyt.till, við 3. gr.

Viðvíkjandi breyt.till. við 4. gr. skal jeg að eins geta þess, að mjer þykir nóg, ef lærimeistaranum er tryggt það í frumv., að hann fái það endurborgað, sem hann lætur af hendi við nemanda. Sje það gert, er sama, hvað um breyt.till. verður.

Viðvíkjandi breyt.till. við 6. gr. skal jeg geta þess, að mjer finnst 6. gr. frumv. eigi vera svo skýrt orðuð, sem skyldi; þess vegna átti breyt.till. að tryggja það, að lærimeistarinn gæti brúkað nemanda til alls annars en þess, sem að iðn hans lýtur. Mjer virðist þetta vera betur orðað í br.till. heldur en gjört er í 6. gr. frv.

Um breyt.till. við 10. gr. er það að segja, að jeg er óviss um, að jeg hefði komið fram með hana, ef jeg hefði vitað að h. nefnd mundi koma fram með breyt. till. á þingskj. 143 við hina sömu gr., sem einmitt fer í líka átt sem breyt.till. mín. Þó held jeg að breyt.till. mín sje betri, heldur en h. nefndar, til þess að tryggja það, að sá, sem námsbrjef fær, sje sannarlega orðinn góður smiður.

Annars álít jeg vel viðunanlegt, ef br. h. nefndar nær fram að ganga.

Breyt.till. mín við 11. gr. er komin fram af því, að mjer finnst að lærimeistarinn verði nokkuð hart úti eptir ákvæðum 11. gr. frv.

Svo er breyt.till. við 18. gr. Það er öldungis rjett, sem h. framsögum. sagði, að ef þessi gjörðardómur væri ekki ákveðinn, mundi það vera lögreglustjóri, sem dæmdi í milli málspartanna; fyrir því er þessi gjörðardómur líka að eins lítil breyting frá því, þar sem að búast má við, að málspartar taki hvor sinn gjörðarmann og að það verði því eiginlega lögreglustjórinn, sem dæmir í þessum málum.

Jeg gleymdi að minnast á breyt.till. mína við 3. gr. Menn vita það, að fyrstu árin, sem nemendur eru við iðn sína, eru þeir ef til vill varla matvinnungar, og fyrst þá, er nemandi er kominn um tvítugt, getur lærimeistari farið að búast við að fá endurborgaðan þann kostnað, sem hann hefur haft af nemandanum.

Mjer finnst bæði í þessu og annars yfir höfuð í frv. þessu eigi nægilega gætt að hugsa um það, að einhverjir lærimeistarar fáist til að kenna þeim unglingum, sem nema vilja einhverja iðn; rjetti lærimeistaranna er svo lítið gaumur gefinn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt. nefnd. (C. 199) við 1. gr. samþ. í e. hlj., en 1. br. nefnd. á þingskj. 98 (C. 166) tekin aptur; breyt. J. A. H. við 1. gr. (C. 193) felld með 10 : 1 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; 3.—5. breyt. nefnd. (C. 166), við

2. gr. samþ. í e. hlj., en breyt. J. A. H. við sömu gr. felld með 9 : 2 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; breyt. J. A. H. við 3. gr. felld með 10 : 1 atkv.; 6. breyt. nefnd., við sömu gr., samþ. með 10 atkv., og 7.—8. samþ. án atkvgr.; 3. gr. þannig breytt, samþ. með 10 atkv., breyt. nefnd. við 4. gr. (9. og 10.) samþ. án atkvgr., en breyt. J. A. H. við sömu gr. felld með 7 : 3 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; breyt. J. A. H. við 5. gr. felld með 9 : 1 atkv., en br. nefnd. við sömu gr. samþ. án atkvgr.; 5. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; breyt. nefnd. við 6. gr. (12. —14.) samþ. án atkvgr.; breyt. J. A H. við sömu gr. felld með 6 : 3 atkv., og 6. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Þá tók J. A. H. aðrar breyt.till. sínar aptur (C. 193). Síðan voru allar aðrar breyt. nefnd. (15.—60.) samþ., ýmist án atkvgr. eða með 9 atkv., og frv.-greinarnar (7.—21.) þannig breyttar samþ. með 9 atkv. hver.

Frv. í heild sinni samþ. með 9 atkv. og málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Seytjándi fundur, miðvikud. 22. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 175, 208); 3. umr.

Friðrik Stefánsson: Eins og sjá má af þingskjali 157 (C. 208) er jeg ásamt 2 h. þm. ritaður undir viðaukatillöguna við þetta frv., og skal jeg þegar í stað lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að jeg álít hana til mikilla bóta. Sjerstaklega skal jeg taka það fram, að jeg hygg, að hjeraðsfundir yrðu miklu betur sóttir, ef safnaðarfulltrúar fengju þá þóknun, 2 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru í burtu frá heimili sínu, til og frá hjeraðsfundi, fyrir ómak eitt, sem viðaukatill. fer fram á, því að þessi þóknun, þótt hún sje ekki mikil, er þó betri en ekki neitt. Eptir því sem heimilisástæður manna til sveita vanalega eru, má varla búast við, að menn sæki vel hjeraðsfundi án þess að fá nokkra borgun, nema eitthvað sjerlegt eigi að taka þar fyrir, eða það sem sjerstaklega snertir einhverja safnaðarfulltrúa, t. d. eins og breyting á brauðaskipun, eða sóknaskipun, flutningur kirkna o. s. frv. Jeg verð einnig að álíta það rjett, að þessi þóknun til safnaðarfulltrúanna sje tekin úr kirkjusjóði, af því að það yrði mjög erfitt og leiðinlegt, að jafna þessu gjaldi niður á sóknarbúa, og mundi varla heldur verða vinsælt. Jeg hygg einnig, að kirkjusjóðirnir standist vel þetta gjald. Það verður aldrei svo mikið og varla meira en það, sem hver góður bóndi á að gjalda til kirkju sinnar á ári hverju, svo að það mun varla gjöra kirkjusjóðnum mikið til. Jeg vona, að h. deild hafi ekkert á móti því, að bændur sem í flestum sóknum eru safnaðarfulltrúar, fái þetta litla endurgjald, 2 kr. um daginn fyrir ómak sitt, og að það því fremur verði samþykkt, sem sú óvenja hefur helzt til lengi viðgengizt á landi voru, að einstakir bændur og borgarar hafa, og það margir árum saman, unnið í þarfir sveitarfjelags síns, og slitið þannig heilsu sinni og kröptum alveg endurgjaldslaust. Ef til vill halda sumir, að sú virðing, sem bændum veitist með því að vera kosnir safnaðarfulltrúar, eigi að vera nóg borgun fyrir þá; en þótt þessi virðing sje eflaust mikilsverð, get jeg ekki skilið, að hún sje þó jafnvægi sanngjarnrar þóknunar, að minnsta kosti hjá sárfáum. Það er eitt, sem jeg geng út frá sem gefnu, að verði viðaukatill. þessi við frv. ekki samþykkt, þá verða hjeraðsfundir ekki haldnir á hverju ári. Stjórnin tók það fram í ástæðunum fyrir frv., að breytingin á tímanum eða færsla safnaðarfundanna mundi talsvert bæta úr hinum fyrri ákvæðum, og það skal jeg játa að vissu leyti; en samt eru víða miklar annir í maí og júní, t. d

í sjóplássum, en þá er samt aptur á móti optast betra veður en seint í septembermánuði, og ættu því fundirnir yfir höfuð að verða betur sóttir með þessu fyrirkomulagi. Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál að sinni, en treysti því, að h. deild taki málinu vel og samþykki viðaukatill., eins og hún liggur fyrir.

Landshöfðingi: H. þm. Skagf. (Fr. St.) byrjaði ræðu sína á því, að segja, að viðaukatill. hans og fleiri h. þm. væri frv. til mikilla bóta, en jeg er á allt annari skoðun. Í mínum augum verður þessi till. að eins til að spilla frv.. Þar er nfl. farið fram á, að borgun til safnaðarfulltrúa fyrir að sækja hjeraðsfund skuli greiðast úr sjóði sóknarkirknanna. Eins og menn vita, eru sumar kirkjur bændakirkjur, en sumar ljenskirkjur (benefice-kirkjur). Ef kirkjan er bændaeign, verður kirkjueigandinn að greiða þetta gjald, því að sjóður kirkjunnar rennur inn hjá honum, en þar eð tekjurnar munu sjaldnast vera meiri en svo, að það nægi kirkjunni til viðhalds og ekki frekar, mun kirkjueigandi optast nær hljóta að greiða þetta gjald til safnaðarfulltrúa úr sínum eiginn vasa. Hinar kirkjurnar, ljenskirkjurnar, munu einnig fáar vera svo ríkar, að þær muni ekki um hverja krónuna. Sjerstaklega er þetta gjald ósanngjarnt þar, sem kirkjan er stórskuldug prestinum, og hann getur ef til vill ekki vonazt eptir að fá þessa skuld nokkurn tíma borgaða, hversu lengi sem hann er í brauðinu. Þá neyðist hann auð vitað til að borga safnaðarfulltrúanum úr sínum sjóði fyrir kirkjunnar hönd, og það getur þó hver heilvita maður sjeð, að er mjög ósanngjarnt. Jeg held það væri miklu snjallara, að fella frv. alveg, heldur en að samþykkja það með þessari viðaukatill. Ef kirkjulífið í Skagafirði er svo dauft, að það sje komið undir þessum 2 kr., hvort menn sæki hjeraðsfund eða ekki, þá verð jeg að segja, að á sama standi, þótt þeir sitji heima. En jeg veit, að víða hjer á landi er sá áhugi á kirkju- og safnaðarmálum, að menn láta ekki 2 eða 4 króna borgun ráða för sinni til funda. Jeg verð því að mæla á móti viðaukatill., því að auk þess, sem hún liggur alveg fyrir utan tilgang stjórnarfrv., er mjög ósanngjarnt og óviðurkvæmilegt, að greiða gjald þetta af sjóði kirknanna. Það kom fram í Nd. tillaga í líka átt og þessi, en hún mætti miklum mótmælum og var felld. H. þm. Skagf. (Fr. St.) sagði, að þessi kostnaður við safnaðarfundaferðir kæmi niður á bændum; en jeg veit ekki betur en embættismenn sjeu víða safnaðarfulltrúar, t. d. sýslumenn, læknar o. s. frv. Jeg held, að þetta verði yfir höfuð ekki þungur skattur á bændur; þeim er sýnd virðing og traust með því að kjós þá fyrir safnaðarfulltrúa, og jeg er viss um, að þeir vilja leggja svo mikið í sölurnar fyrir kirkjufjelagið, að sækja safnaðarfund í júnímánuði borgunarlaust.

E. Th. Jónassen: Jeg þarf varla að standa upp í þetta sinn, því að hinn hæstv. ldsh. hefur þegar tekið það fram, sem jeg ætlaði að minnast á, en það var það, að mjer þykir mjög ósanngjarnt, að þetta gjald til safnaðarfulltrúanna eigi að greiðast af sjóði kirknanna. Mjer þykir ennfremur nokkuð skrítið, að safnaðarfulltrúar þurfi að vera launaðir fremur en aðrir, er vinna í þarfir sveitarfjelaganna, t. d. hreppsnefndarmenn o. fl. Yfir höfuð er jeg mótfallinn allri borgun til þessara manna. Það er nú komin á sú venja, að menn vilja fá borgað af opinberu fje hvert einasta viðvik, sem menn gjöra í fjelagsins þarfir. Jeg skal því lýsa því yfir, að jeg get ekki greitt atkvæði með þessari viðaukatill. við frv.; og enda þótt borgunin til fulltrúanna hefði ekki verið ákveðin úr kirkjusjóði, sem ekki nær neinni átt, hefði jeg samt ekki gefið henni atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Af því að jeg er einn meðal þeirra, sem komu fram með þessa viðaukatill., ætla jeg að leyfa mjer að minnast dálítið á hana. Hún hefur fengið talsverð andmæli bæði frá hæstv. ldsh. og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.). Það alveg satt, sem hæstv. ldsh. tók fram, að fjárhagur kirkna hjer á landi er almennt ekki góður, en þessi þóknun handa safnaðarfulltrúunum, sem farið er fram á að greiðist af sjóði kirknanna, er þvílíkt lítilræði, að hún mundi opt ekki nema meiru en 2 kr. og hæst 6 kr. á ári, og það mun enginn geta talið tilfinnanlegt gjald. Eins og kunnugt er, kom sú tillaga fram í Nd., að hjeraðsnefndarmenn skyldu fá 2 kr. fyrir hvern dag, er þeir þyrftu að verja til að sækja hjeraðsfund, og skyldi gjald þetta greiðast af sóknarmönnum. Jeg er á þeirri skoðun, að þetta ætti betur við, nfl. að gjaldið væri lagt á sóknarmenn, en ekki á kirkjurnar; en þar eð svo fór, að tillaga þessi fjell í Nd., þá var ekki tiltök að taka hana upp hjer á þann hátt. Mjer fyrir mitt leyti finnst hvorki eðlilegt nje sanngjarnt, að menn eigi að fara borgunarlaust á þessa fundi, og einna sízt geta bændur það í júnímánuði, því að þá sjá þeir vanalega ekki út úr því, sem þeir hafa að gjöra; það þekki jeg svo vel; þá eru ferðalög og ýms önnur störf fyrir höndum, sem ekki mega dragast. Viðvíkjandi því, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að hann vildi láta menn vinna borgunarlaust í þarfir sveitarfjelagsins, skal jeg geta þess, að þessi venja, eða rjettara sagt óvenja, hefur viðgengizt hjer á landi, en hún er ekki betri fyrir það, heldur ætti það einmitt að vera hvöt til þess að afnema hana, að hún er orðin of gömul og óvinsæl. Því lengur sem ranglætið ríkir í hverju sem er, því verra er það. Jeg vil einnig benda h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) á það, að ferðalög í sveitinni taka upp mikinn tíma, og hafa í för með sjer mikinn kostnað, t. d. hesta o. s. frv. Það er allt annað að ganga á mill húsa í kaupstað t. d. Reykjavík; þar hafa menn ekki mikið fyrir að sækja fundi, sem haldnir eru í bænum sjálfum. Úr því svona er komið, er annaðhvort að gjöra, að samþ. viðaukatill., eða láta allt sitja við sama og áður. Jeg fyrir mitt leyti tel hverja kirkju jafnrjetta fyrir þessari þóknun.

E. Th. Jónassen: Mjer þykir það skrítið hjá h. þm. Rangv. (S. Á.), þegar hann er að halda því fram, að júnímánuður sje óheppilega eða óhentuglega valinn tími til hjeraðsfundahalds, sakir annríkis bænda um þann tíma árs; áður var september hafður til þessara fundarhalda, og þótti sá tími ekki haganlega valinn; skyldi mönnum nú þykja betra að hafa þessi fundarhöld í júlí- eða ágústmánuðum? Það yrði víst ekki betra. Þar sem sami þm. hjelt því fram, að safnaðarfulltrúar ættu að fá borgun fyrir að sækja hjeraðsfundi, þá er jeg alls ekki á því, en stend við það, sem jeg sagði áðan, að jeg skoða safnaðarfulltrúastöðuna þannig, að með henni sje hlutaðeiganda sýnt bæði traust og virðing, og eigi sá, sem í þeirri stöðu er, að gegna henni borgunarlaust, eins og annari borgaralegri skyldu. En nú virðist sem sá andi sje ríkjandi, eða sje að ryðja sjer til rúms, að menn heimta borgun fyrir hvert viðvik, sem menn leysa af hendi í þarfir þess fjelags, sem þeir lifa í. Jeg skal og geta þess, að ekki er hreppsnefndarmönnum almennt borgað fyrir störf þeirra í þarfir hreppsfjelagsins, enda var og, þegar lögin um stjórn safnaðarmála o. s. frv. frá 27. febr. 1880 voru búin til, ekkert minnzt á slíka þóknun eða gjald til safnaðarfulltrúanna. Sami h. þm. (S. Á.) tók það og fram, að kirkjurnar munaði ekkert um þetta gjald, af því það væri svo lágt, 2 til 6 kr. fyrir hvern safnaðarfulltrúa; en yrði það ei meira, þá hygg jeg þeir verði jafnríkir eptir sem áður, þótt þeir fengju þessa borgun; en hvað kirkjurnar snertir, þá munar þær, eða sjóði

þeirra, svo að segja um hverja krónuna, því efnahagur kirknasjóðanna er sannarlega, yfir höfuð að tala, mjög svo bágborinn, að menn verða sem mest að hlífa þeim við útgjöldum, sem eru ekki því nauðsynlegri.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er að því leyti á sama máli og flutningsm. viðaukatill. á þingskj. 157 (C. 208), að það er sanngjarnt, að safnaðarfulltrúarnir fái þóknun fyrir starfa sinn, en á hinn bóginn er jeg líka samdóma hæstv. ldsh. um það, að jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjett eða sanngjarnt, að fallast á grundvallarreglu viðaukatill., sem sje þá, að þóknunin sje eða verði greidd úr sjóðum kirknanna, því það á sjer víst víðast hvar stað hjer á landi, að kirkjurnar eru mjög fátækar, og sumar enda í talsverðum skuldum, og þola því engin ný útgjöld. Auk þess kemur gjald þetta svo ósanngjarnlega niður á bændakirkjur, þar sem eigendur þeirra gyldu einn fyrir alla sóknina þóknun þá, sem hjeraðsfundarmanni bæri að fá fyrir að sækja fund. H. þm. Rangv. (S. Á.) gat þess, að þóknun þessi eða gjald þetta væri svo lítið, og því ekki tilfinnanlegt fyrir kirknasjóðina; en hann verður hins vegar að gæta þess, að hjer er gjald lagt á þá sjóði, sem hafa mjög svo lítið gjaldþol. Jeg fæ ekki sjeð að breyt.till. þessi sje nauðsynleg, þar sem jeg ekki hef heyrt neina almenna umkvörtun um, að hjeraðsfundir yfir höfuð væru mjög illa sóttir, enda get jeg borið vitni um það, að í mínu kjördæmi hafa þeir verið nokkurn veginn sóttir. Jeg hefði því kunnað betur við, að þessi viðaukatill. hefði eigi komið fyr fram, en til þings hefðu komið raddir um, að menn ekki vildu sækja þessa fundi borgunarlaust. Jeg greiði þess vegna ekki atkv. mitt fyrir þessari viðaukatill.

Sighvatur Árnason: Út af því, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram um breytinguna á tímanum fyrir hjeraðsfundahaldinu, þá skal jeg geta þess, að jeg á ekkert í þeirri tímabreytingu, sem frv. innleiðir, og hefði jeg átt nokkru að ráða í þá átt, þá hefði jeg eigi ráðið til þess; en úr því svo langt var komið með málið, þá vildi jeg ekki setja mig á móti tímabreytingunni, þó jeg haldi fyrir mitt leyti, að hún ekki sje til bóta, því um þann tíma (í júnímán.) er, þar sem jeg þekki til, opt mestum önnum að gegna fyrir bændur. Það getur verið, að þessi tímabreyting sje hentugri fyrir aðra landsfjórðunga; um það skal jeg ekki þrátta. Þar sem það var tekið fram, að þóknuninni til safnaðarfulltrúanna hefði hjer áður á þingi eigi verið hreift skal jeg geta þess, að uppástunga í þá átt kom fram á þingi 1885 eða 1887, en var þá felld, eins og nú mun standa til.

Friðrik Stefánsson: Hæstv. ldsh. tók ómjúkum höndum á viðaukatill. þeirri, sem vjer 3 þm. höfum borið fram, og færði henni ýmislegt til foráttu, því þar sem jeg áleit hana til bóta, í því tilliti, að hjeraðsfundir yrðu betur sóttir, og lögin þannig gætu betur náð tilgangi sínum, þá áleit hæstv. ldsh. hana einungis til þess að spilla málinu, og það til svo mikillar spillingar, að hann sagðist heldur taka frv. aptur, ef hún yrði samþykkt. Jeg get nú ekki sannfærzt af ástæðum þeim, er hæstv. ldsh. tók fram; hann tók sjerstaklega fram, að kirkjurnar væru ekki færar um að bera þennan kostnað; beneficær- kirkjurnar væru í skuldum o. s. frv., og í öðru lagi væri það álaga á bændakirkjueigendur. En þess má gæta, að nú er farið að setja kirknafje á vöxtu, sem ekki var áður gert, svo þær, þegar fram líða tímar, geta orðið ríkar. Það er vitaskuld, að það yrði fáum krónum minna, sem kirkjan legði upp á ári, en það munar svo litlu, hvort kirkjan er beneficíum eða bændakirkja, að það virðist ekki geta haft nein áhrif á efnahag þeirra; enda vill svo vel til, að h. þm.

Borgf. (Gr. Th.) er bændakirkjueigandi, og þó stendur nafn hans undir viðaukatill. *(Gr. Th.:* Það var bara til þess að koma henni inn á þing). Ennfremur tók hæstv. ldsh. fram, að það væru ekki allt bændur, sem væru safnaðarfulltrúar, það væru læknar, sýslumenn o. fl., en eins og allir vita, vantar svo mikið á, að læknir sje í hverri kirkjusókn, að á mörgum stöðum er að eins einn læknir í prófastsdæminu, svo ekki er að telja, að aðrir sjeu safnaðarfulltrúar en bændur og kaupstaðaborgarar. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) spratt hart og títt upp úr sæti sínu til að tala á móti viðaukatillögu þessari. Það var eins og það væri komið við hjartað í honum. Ástæður hans voru, að það ætti ekki við að borga mönnum, þó þeir gerðu störf í opinberar þarfir; mig furðar mjög á því, að hann, hálaunaður embættismaður, sem auk þess reiknar sjer ferðakostnað fyrir amtsráðsfundi, skuli tala slíkum orðum, eða geta ætlazt til, að bændur og borgarar fari, svo dögum skiptir, frá heimilum sínum á ári hverju, án þess að fá lítilfjörlega þóknun fyrir; því hjer er ekki um fulla borgun að ræða. Jeg sje annars ekkert sjerstaklegt við þessa viðaukatill. Hví skyldi stjórnin nú vilja útvega vitnum þóknun fyrir að mæta fyrir rjetti og ennfremur líkskoðunarmönnum, og yrði það þó á flestum stöðum starfaminna, en að sækja hjeraðsfundi? Eða liggur nú ekki frv. fyrir í neðri deild, þar sem verið er að ákveða hreppsnefndaroddvitum laun?. Þar sem hæstv. ldsh. hjelt, að hið andlega líf í Skagafirði væri máske í daufara lagi, sjerílagi ef safnaðarfulltrúar væru ekki fúsir að sækja fundi borgunarlaust, og mætti þá á sama standa þó þeir sætu heima, en gerðu þeir það allir, yrði enginn hjeraðsfundur haldinn, en það er jeg viss um að væri á móti vilja hæstv. ldsh., þá hygg jeg, að það sje ekki lakara ástatt með hið andlega (kirkjulega) líf í Skagafirði, en annarstaðar hjer á landi; en jeg veit það vel, að það eru til Skagfirzkir bændur, sem „ekki láta vísa sjer eins og hjörð í haga“, og því mundu þeir ekki á ári hverju sækja hjeraðsfundi borgunarlaust, því virðinguna, sem af því leiðir að vera kosinn safnaðarfulltrúi, „má ekki til fjár meta“.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (157, C. 208) samþ. með 6 : 5. Með því atkvæðagreiðslan þótti óglögg, var við haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Þorl. Jónsson,	J. A. Hjaltalín,
Arnl. Ólafsson,	A. Thorsteinsson,
Fr. Stefánsson,	E. Th. Jónassen,
Gr. Thomsen,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jul. Havsteen,	Skúli Þorvarðarson,
Sighv. Árnason.	

Landshöfðingi tók frv. aptur, en 2. þm. Húnv. (Þorl. Jónsson) tók frv. upp aptur; var frv. síðan fellt með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um breytingu á konungsúrskurði 25. aug. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli (C. 175); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv. og afgreitt síðan til ldsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 204); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum (C. 202); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að málið yrði rætt með einni umræðu, en Gr. Thomsen stakk upp á tveim umræðum, og var það samþ. með 8 atkv.

Átjándi fundur, fimmtudag 23. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 214); 3. umr.

Forseti gat þess, að frv. þessu hefði fyrst verið útbýtt í byrjun fundarins og að hann væri því fús til að taka það út af dagskrá, ef þingmenn óskuðu þess.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það er að vísu satt, sem h. forseti sagði, að frv. þessu hefur eigi verið útbýtt meðal þm. fyrri en í byrjun þessa fundar og hafa þeir því haft fremur lítinn tíma til að íhuga það. En jeg átti kost á að sjá frv. hreinprentað dálitlu fyrir fundinn, og hef borið það saman við þær breyt., sem gjörðar voru við það til 2. umr. Þó að jeg hafi eigi getað yfirfarið það eins vandlega og skyldi, hygg jeg þó, að eigi sje beinlínis þörf á, að taka frv. nú út af dagskrá.

Jeg skal geta þess, að reyndar eru nokkrar prentvillur í því, en engar þeirra eru stórvægilegar. Þannig er í 2. gr. stór byrjunarstafur í upptalningsliðunum, en á að vera lítill stafur, eptir fyrra frv.; í 10. gr. stendur „am“ fyrir „um“; og í 11. gr. og 16. gr. vantar sína kommuna á hverjum stað. Þetta er að eins smávegis prentvillur, sem leiðrjetta má þá er frv. er hreinprentað eptir þessa umr. og sent h. neðri deild.

Jeg álít enga þörf að lengja umr. um frv. þetta. Það hafði svo góðan byr hjer við síðustu umr.; þá greiddu allir atkv. með því, nema einn. Jeg vona að h. þm. hafi eigi breytt skoðun sinni síðan, og greiði nú atkv. með því, eins og við 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg tek það gott og gilt, er h. framsögum. (Þorl. J.) sagði, að hann hefði borið frv. saman við breytingar þær, er gjörðar voru við það til 2. umr. Jeg hef eigi haft tíma til að gjöra þennan samanburð.

En jeg vil nota þetta tækifæri til þess, að skjóta því til h. samdeildarm. minna hvort eigi sje rjett að vera varasamur með það, að taka til umr. breytingartill. sama dag sem þeim er útbýtt, ef þær eru við frv., sem til umr. er þann sama dag, og eru verulegar efnisbreytingar; því að það gefur að skilja, að menn hafa þá eigi haft nægilegan tíma til að íhuga þær breyt.-till. En eins og á stendur nú. finnst mjer full ástæða til að treysta orðum h. framsögum. (Þ. J.) viðvíkjandi frv. þessu.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. síðan til Nd.

Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (C. 213, 218); 3. umr.

Framsögumaður (J. A. Hjaltalín): Nefndin, sem hafði frv. þetta til meðferðar, hefur komið fram með nokkrar breyt.-till. við það á þingskj. 163 (C. 218). Fyrsta breyt.till. er við fyrirsögn frv., og er hún afleiðing af atkv.gr. þeirri, sem varð við frv. við 2. umr.

2. breyt.till er við 2. gr. þess, stafliði 5., 6., og 7., og er sprottin af því, að nefndin kannaðist við, að eigi væri fyllilega rjett hlutfall á ferðakostnarupphæðum þeim, er hún hafði stungið upp á viðvíkjandi þessum töluliðum. Úr þessu vill nú nefndin bæta með þessari breyt.till. Breyt.till. undir 3. og 4. tl. eru að eins eðlileg afleiðing af því, sem á undan er komið og samþ. var við 2. umr.

Mál þetta er svo ýtarlega rætt hjer í þessari h. deild, að jeg finn eigi ástæðu til að fara fleirum orðum um það.

Grímur Thomsen: H. þm. Rangv. (S. Á.) lýsti því yfir við 2. umr. þessa frv., að hinar lægri tölur frv. væru fram komnar fyrir tilslökun nefndarinnar við þá tvo h. þingm., er komu fram með breyt.-uppástungu um allmiklu lægra þingfararkaup, heldur en til er ætlazt í hinu upphaflega frv. Þetta efast jeg ekki um að muni vera satt og rjett. En út af þessu dreg jeg þá ályktun, að þótt h. nefnd sje

eigi óánægð með töluupphæðir þær, er nú standa í frv. þessu, mundi hún þó hafa verið enn þá ánægðari, ef tölurnar í hinu upphaflega frv. hefðu verið látnar halda sjer. Jeg er líka sannfærður um, að tilslökun h. nefndar hefur verið helzt til of mikil, þar sem hún nemur burt hátt á 3. hundrað kr. á sumum stöðum. Jeg er sannfærður um, að h. nefnd hefur hlotið að vera í efa um, að þetta gæti verið rjettlátt.

Jeg sýndi fram á það við 2. umr., að sparnaðurinn fyrir landssjóðinn nemur alls milli 900 og 1000 kr., en þessi sparnaður er óhæfilegur, með því að ekkert tillit er tekið til farartálma þeirra, er upp á kunna að koma, svo sem veikindi, að hestur heltist eða glatist o. s. frv. Þetta er talsverð ónærgætni. Svo verð jeg að segja það álit mitt, að 970 kr. er of hátt kaupverð á vinsældum manna í hjeruðum og blaðagreinum, en of lítið söluverð á virðing þingsins.

H. 5. kgk. (A. Ó.) gjörði þá rjettu og fögru athugasemd við 1. umr. þessa frv., að það væri undarlegt af landsmönnum að tortryggja þingmenn sína, þá er þeir búa til ferðakostnaðarreikninga sína, en trúa þeim þó fyrir að hafa umsjón yfir og ráðstöfun á fjárhag landsins. Jeg hygg að allir bæði utan þings og innan verði að kannast við, að þetta er sannur dómur, og jeg hygg að menn muni iðra þess, ef frv. þetta verður að lögum.

Jeg hef, ásamt 2 öðrum h. þm., leyft mjer að óska þess, að greidd verði að lok um atkv. um frv. þetta með nafnakalli, og er það af þeim ástæðum, að æskilegt er, að þeir h. þm., sem barizt hafa fyrir þessu frv., og greiða atkv. með því, geti nú þegar notið þeirra vinsælda, sem þeir að sjálfsögðu eiga von á að fá fyrir frammistöðu sína; ennfremur til þess að spara fyrir landssjóðinn, því að jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að þeir h. þm., sem álíta nægilegt þingfararkaup tekið til í frv. þessu, muni finna það siðferðislega skyldu sína, að gjöra eigi hærri þingfararreikninga sína nú í ár, en að sje í samræmi við frv., og að lokum í þriðja lagi til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, er kosin verður á þessu þingi, til að yfirfara og úrskurða ferðakostnaðarreikninga þm., svo að hún geti haft gætur á, að þeir þingm. reikni eigi þann kostnað, er óheimilt er að reikna eptir frv. þessu, svo sem kann að vera einhverjar ferðatálmanir, en sjerstaklega alls ekki fæðispeninga á leiðinni.

Sighvatur Árnason: Jeg get naumast orða bundizt út af ræðu h. þm. Borgf. (G. Th.). Honum er það eigi kapplaust, að reyna að murka lífið úr þessu frv., en það má virða honum til vorkunnar ástæður þær, sem hann ber fyrir sig, þar sem hann er að reyna að halda uppi sóma flutningsmanna frv. En jeg vil fyrir mitt leyti vera afsakaður; jeg afþakka aðstoð h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í því efni; jeg þarf hennar ekki með; jeg stend við það, að mæla með frv. þessu, þótt frv. það, er við flutningsm. komum með í fyrstu, hefði hærri tölur, og sem jeg að vísu áleit betur við hæfi, og h. þm. Borgf. (G. Th.) má vera það fullljóst, af hvaða tilefni það var, að við nefndarmenn lækkuðum töluupphæðirnar. En jeg viðurkenni alls ekki þar með, að jeg hafi hingað til gjört of háan reikning fyrir þingfararkostnaði, þó hann hafi verið að eins hærri en hjer er gjört ráð fyrir úr mínu kjördæmi.

En jeg álít það vera miklu betra, að slá föstu þingfararkaupi, heldur en að halda þeirri reglu sem nú gildir, til þess að hverfi sá hlutfallslegi mismunur á reikningum þingm., sem nú á sjer stað. Það er eigi svo að skilja, að jeg álíti reikninga þingm. hærri en vera ber, þegar allt er reiknað, sem rjettilega má reikna, heldur mun mismunurinn vera mest kominn af því, að sumir þingm. fari hvergi nærri í það ýtrasta, sem þeir geta þó með rjettu sett á sinn reikning.

Jeg skal benda á eitt, sem reyndar er

margbúið að taka fram, og það er, að hjer í frv. er miðað við mið kjördæmin. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) er víst búinn að gleyma því, hvar jeg er búsettur í mínu kjördæmi, nfl. talsvert austar en í því miðju. Það er svo langt síðan hann hefur verið á ferð þar eystra, og hann er nú að líkindum afhuga því að bjóða sig þar fram til þingmennsku.

Jeg ber enga blygðun fyrir frv., þótt jeg beri saman tölur þess við tölur hins upphaflega frv. Það er enginn neyddur til að bjóða sig fram til þingsetu, ef hann hyggur sig hafa skaða af ferðinni, og það er að vísu að ganga fyrir hvern sem er, úr hve miklu er að spila til þingfararinnar.

En það er ekki svo að skilja, að jeg taki það neitt nærri mjer, þótt frv. þetta verði nú fellt hjer eða skorið niður, enda er nú ekki eins hvítt að velkja hjer í deildinni eins og var fyrir nokkrum dögum.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg skal að eins geta þess, að við aðra breyt.-till. við 1. gr. tölul. 7 er prentvilla; þar sem stendur 80, eiga að vera 84. Mál þetta er að öðru leyti svo rætt, að jeg finn eigi ástæðu til þess, að tala um það frekar eða svara ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.).

Þorleifur Jónsson: Jeg finn þá ástæðu til að gjöra athugasemd við ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann talaði um, að þingmenn seldu með þessu frv. sannfæringu sína fyrir vinsældir manna í hjeruðum, að minnsta kosti lá það í orðum hans, hann talaði um hátt kaupverð, og mátti skilja svo orð hans, að þingm. fylgdu þessu frv. af óhreinum hvötum; þetta get jeg ekki þolað mótmælalaust af h. þm. Það er eins og hann haldi, að þingmenn geti ekki framfylgt neinu nema af óhreinum hvötum eða eigingirni, og eru slíkar getsakir sannlega sprottnar af óhreinu hugarfari. Það er ennfremur mótsögn í þessu hjá þingm. og hinu, að álíta að þingm. eigi að vera óskeikulir viðvíkjandi því, að búa til ferðakostnaðarreikninga, eins þm. hefur haldið fram; þar á ekki að geta komizt að nein freisting eða nokkur eigingirni, en á hina hliðina eiga þeir þingmenn, sem fylgja þessu frv., að vera svo óvandaðir að selja sannfæringu sína fyrir vinsældir almennings. Slíkar getsakir get jeg ekki þolað mótmælalaust.

Grímur Thomsen: Jeg hef eigi sagt, að frv. væri komið fram af óhreinum hvötum, en af tortryggni til alþingism. Það hafa komið fram raddir á þingmálafundum og í hinum velvitru blöðum, sem hafa knúið þingmenn til að láta undan. Jeg tek ósjálfrátt eitt dæmi frá frænda mínum, h. þm. Skagf. (Fr. St.) Á fyrra þingi bjó hann til reikning og nefndin samþ. hann; en hvað sje jeg? Hann hefur verið 21 dag á leiðinni. Af hverju? Sjálfsagt af farartálma. Jeg hef eigi sagt, að það væri komið fram af óhreinum hvötum, en af tortryggni. Með þessu er allri sanngirni byggt út. Jeg veit, að hinir sömu, sem greiddu atkv. með þessu frv. síðast, muni gjöra það nú til þess, að það komist upp í neðri deild, jeg segi „upp“ í Nd.; að minnsta kosti mun sá gjöra það, sem kallaði frv. þetta sljetthefilsrjettlæti, svo þó þær ytri ójöfnur kunni að vera jafnaðar, er fullt af innra ójöfnuði..

Framsögumaður (J. A. Hjaltalín): Jeg hjelt jeg þyrfti ekki að tala meira um þetta mál, og mundi jeg eigi gjöra það, ef jeg sæi eigi ástæðu til að svara h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Jeg hef áður tekið fram, hvernig ræður hans væru, og geta allir metið þær, en í síðustu ræðu bætti hann við einni ástæðu, en fórst eigi betur en vant er. Hann segir, að frv. sje komið af tortryggni. Frá hverjum? Einhverjum útífrá, sem er hræddur við að reikningarnir sjeu ekki rjettir. Jeg segi fyrir mig, að jeg var einn af þeim, sem kom með þetta frv., og það er allsendis rangt

getið til, að það sje af nokkurri tortryggni; jeg mótmæli því alveg. Jeg hef látið í ljósi, hvers vegna jeg hafi komið með það; jeg álít nfl. þægilegra fyrir menn að vita, að hverju þeir ganga, og sóma þingsins, að grunsemd nái eigi til þess, að það sje eins og Englendingurinn segir „above suspicion", og það veit jeg að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skilur. H. þm. (Gr. Th.) hefur enga ástæðu til að segja, að við höfum þær hvatir, sem við eigi könnumst við.

Friðrik Stefánsson: Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.); að öðru leyti er mjer þetta ekkert kappsmál, þó jeg sje í nefndinni. Ferðin tók mig 21 dag, það er satt, en þó þannig, að jeg kom 4 eða 5 dögum fyrir þing til Reykjavíkur, og komst eigi burtu fyrr en 5 dögum eptir þing. En nú væri öllu þessa að mínu áliti vel til vegar komið, þar sem öllum þingm. í frv. þessu er ætlaður ákveðinn ferðakostnaður, og þar í eru þeir dagar innifaldir, sem þeir þurfa til þingfarar, og þeir fá jafnt hvort þeir eru marga eða fáa daga á leiðinni eða fyrir og eptir þing í Reykjavík, og eins hvort þeir hafa meðreiðarmann eða ekki. Það kann nú að vera, að við nefndarmenn höfum gjört ferðakostnaðinn í lægra lagi, en mjög miklu getur það ekki munað, og álít jeg meira vert, að taka fyrir allar eptirtölur og smámunasemi í því tilliti.

Arnljótur Ólafsson: Jeg neita því ekki, að það hefur komið berlega fram við umræðurnar um frv. þetta, að allir eru óánægðir með það. Mjer finnst og full ástæða sje til þess, og það jafnvel fyrir flutningsmennina sjálfa, því að reikningar sjálfra þeirra, og enda flestra alþingism. áður, sýna bezt, að þeir koma eigi heim við frv. þetta. Einn af nefndarmönnum, rjettara sagt, af breytingartillögumönnum, er að vísu svo vel settur, að hann hefur eigi þurft að gjöra ferðakostnaðarreikninga. Jeg skal og játa, að jeg mælti á móti frv. þessu við 1. umr., en jeg gaf svikk á mjer við 2. umr., og er jeg nú til með að gefa frv. atkv. mitt, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að úr þeim sýslum, sem jeg nefndi við 2. umr. í Norður- og Austurumdæminu, og úr Strandasýslu, er nægilega hátt þingfararkaup, þegar farið er með skipi. Jeg sje, að þótt jeg sje búsettur í kjördæmi mínu, sem er lengst í burtu frá alþingisstaðnum, og þótt jeg yrði nú að fara landveg til Akureyrar og sjóveg þaðan til Reykjavíkur, þá verður ferðakostnaðurinn eigi alveg eins hjer nú hjá mjer, eins og hann er til tekinn hjer í frv. Sjer í lagi er það þó annað, sem knýr mig til að gefa frv. þessu atkv. mitt, og það er, að jeg vil gefa h. Nd. tækifæri til að sýna sparsemi sína og sjálfsafneitun í þessu efni. Þar hefur nýlega komið fram frv. um að afnema amtmanna- og biskupsembættin, líklega af eintómum sparnaði, til þess að geta komið á stofn ullarverksmiðju með 120,000 kr. viðsjárverðu láni, í stað tveggja amtmanna og biskups. Úr því nú af þingfararkaupinu sparast 24%, þá er það ágætur prófsteinn fyrir sparnaðarmennina í h. Nd.

Júlíus Havsteen: Það var að eins lítil athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra við ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann segir, að ein ástæðan fyrir því, að hann greiddi atkv. með frv., sje sú, að hann vildi láta það koma „upp" neðri deild. Þetta finnst mjer satt að segja lítilvæg ástæða. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) verður þó að játa, að tíminn er peningar, og sje frv. lítilsvert eða ónýtt í sjálfu sjer, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) að nokkru leyti játar, þá á hann sjálfsagt að greiða atkv. móti því, en ekki með því. H. sessunautur minn til vinstri handar (Gr. Th.) sagði, að frv. væri sprottið af tortryggni og jeg hygg fullkomna ástæðu til að segja svo. Sessunautur minn til hægri handar (S. Á.) sagði í ræðu sinni, að sumir þm. hefðu reiknað sjer ferðakostnað hið ýtrasta. *(S. Á.:*

Jeg sagði, að hinir lægri reikningar hefðu ekki verið reiknaðir upp á það ýtrasta). Já, það er sama, því hafi hinir lægri reikningarnir eigi farið í hið ýtrasta, þá leiðir þar af, að hinir hærri reikningarnir hafi gjört það, með öðrum orðum, að þingmenn hafi haft miður löglegan ávinning af ferðakostnaðinum, og eru þetta því hin hörðustu orð, sem jeg hef heyrt hjer á þingi, og næsta óþingmannleg.

Á. Thorsteinsson: Þegar jeg athuga frv. þetta, frá því fyrsta það var lagt fyrir deildina, hefur það komið fram, að upprunalega hefur verið stungið upp á hærri þóknun, er menn síðar hafa komizt að raun um, að væri eigi rjett, og þess vegna lækkað hana að mun; þetta sýnir að það er mikill vandi, að gjöra frv. svo úr garði, að öllum líki, enda sjálfum flutningsmönnum, sem eru hinir sömu og skipaðir voru í nefndina. Jeg skal geta þess, að umræðurnar um þetta mál hjer í deildinni hafa verið mjer næsta ógeðfelldar, og að jeg þess vegna ekki hef tekið þátt í þeim. Jeg vil nú færa ástæður fyrir því, hvernig jeg greiði atkvæði mitt, án tillits til umræðna þeirra, sem fram hafa farið. Eptir minni skoðun á hver þm. heimting á, að fá rjetta og sanngjarna borgun fyrir hvern þann kostnað, sem hann verður að hafa á þingferð sinni, og svo þar að auki fæðispeninga; þessari grundvallarreglu held jeg fastri, og jeg tel það ábyrgðarhluta fyrir þingið, að setja nokkurs konar verðlagsskrá á ferðakostnaðinn; hún getur orðið of há eða of lág, og því ranglát í báðum tilfellunnm. Jeg skal því lýsa því yfir, að jeg greiði atkv. á móti frv.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C. 218) allar samþ., þær við 1. gr. 5. og 6. tl. með 7 : 3 atkv. hver, við 7. tl. með 8 : 1 atkv., við 2. gr. með 8; 4. breyt.till. samþ. með 7 og 1. með 8 atkv.

Frv. samþ. í heild sinni samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eptir beiðni 3 nafngreindra þm., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Árni Thorsteinsson,
Þorl. Jónsson,	E. Th. Jónassen,
Arnlj. Ólafsson,	Gr. Thomsen,
Friðr. Stefánsson,	Júl. Havsteen.
L. E. Sveinbjörnsson,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Þorvarðarson.	

Frv. síðan afgr. til Nd.

Frv. til laga um aðfluttar ósútaðar húðir (C. 213); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. e. hlj.

Nítjándi fundur, föstudag 24. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (C. 202); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Það er langt síðan, að sú ósk hefur komið fram, að gagnfræðakennslu yrði komið á við lærða skólann, og síðast kom hún fram á fundi hins íslenzka kennarafjelags um næstliðin mánaðamót, og það alveg samhljóða þeirri aðalályktun, er nú hefur verið lögð fyrir þingið, að í tveim neðstu bekkjum lærða skólans sje eingöngu gagnfræðakennsla, sams konar og á Möðruvallaskóla, og að lærisveinar, sem lokið hafa prófi þaðan og frá Möðruvallaskólanum, geti setzt próflaust í 3. bekk lærða skólans. Samkvæmt þessu byrjar þá ekki kennsla í gömlu málunum (latínu og grísku) fyr en í 3. bekk. Jeg skal játa, að latínuskólinn hlyti að breytast allmikið, ef þetta fyrirkomulag kæmist á. Ef ekki yrði varið nema 4 árum til gömlu málanna, þá væri ekki auðið að kenna jafnmargar námsgreinir í

4 bekkjunum, eins og nú er gjört, og þá yrðu piltar að ljúka námi í sumum þeirra í 2 bekkjum, og er sjálfsagt, að þessi halli yrði að koma niður á tungumálunum. Verði þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi um gagnfræðakennslu við skólann framgengt, er auðsætt, að piltar komast ekki eins langt eða nema minna í sumum tungumálum, heldur en áður, og líklega verður þeim heldur fækkað, og í sumum þeirra, sem lærð eru, yrðu menn að láta sjer nægja tveggja bekkja kennslu. Þess ber að gæta, að latínuskólinn stendur ekki að eins í sambandi við æðri skóla hjer, bæði prestaskólann og læknaskólann, heldur einnig við háskólann, og þess vegna verður að hafa hliðsjón af því, svo að menn læri ekki minna en háskólinn gjörir sig ánægðan með. Þess vegna mundu menn segja, að tíminn, sem tungumálunum væri ætlaður, samkv. þessari ályktun, væri of stuttur; en jeg er ekki á þeirri skoðun, því að þess ber að gæta, að stórmikill munur er á, hvort piltarnir eru alveg óvanir, eða þeir eru búnir að læra 2 vetur áður; bæði er þá þroski þeirra meiri, og svo hafa þeir betur vit á að hagnýta sjer kennsluna. Jeg er því viss um, að þeir geta lært meira 3. árið en á tveim árum áður, og hygg því alls ekki ókleyft, að piltar gætu aflað sjer allmikillar þekkingar í sumum tungumálum, þótt þeir ekki lærðu þau lengur en 2 ár. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi þyrfti 1. bekkur auðvitað að vera stærri en nú, því að búast má við, að margir þurfi að vera lengur en einn vetur í þeim bekk.

Hvað varauppástunguna snertir, þá er ekki að ræða um neina breytingu á latínuskólanum nje öðru, þótt hún fái framgang. Þá geta menn haft 7 tíma á viku í 6 ár til að læra latínu eptir sem áður, því að latínukennslan undir skóla er víst ekki mikils virði, að minnsta kosti segja sumir latínukennendurnir við skólann, að þessi undirbúningur sje opt verri en ekki neitt, og piltar þurfi einmitt tíma til að gleyma því, er þeir hafa lært undir skóla, en þess þurfa þeir þó ekki, þegar þeir hafa ekkert lært í latínu. Í 1. bekk latínuskólans er einnig byrjað á hinu allra einfaldasta, einstökum orðum eptir Hauchs latnesku lestrabók, er byrjar á *laudo, laudas* o. s. frv. Jeg get ekki skilið, að það þurfi að vera ofverk að kenna latínu á 6 árum með 7 tímum á hverri viku; en sje það ekki auðið, verð jeg að segja, að þá er „something rotten in the state of Denmark“, það er eitthvað bogið. Jeg verð mikillega að mæla fram með þessari varauppástungu, og jeg get satt að segja ekki skilið í því, hvers vegna menn eru henni mótfallnir. Þótt hún fengi framgang, þyrfti enginn kostnaður að aukast, og piltar gætu haft nægan tíma til að læra latínu á 6 árum með 7 tímum á hverri viku. Auk þess gæti það verið hagnaður fyrir mikinn hluta landsmanna, að þurfa ekki að kosta undirbúningskennslu handa sonum sínum, heldur senda þá á Möðruvallaskólann, og yrði það miklum mun ódýrara en að kaupa þá kennslu annarstaðar. Jeg ætla svo ekki að orðlengja meir um þetta mál að sinni.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. flutningsm. (J. A. Hj.) í því, að æskilegt væri, að gagnfræðakennsla kæmist á hjer á Suðurlandi, eins og á Norðurlandi, enda hygg jeg, að það sje almenn skoðun hjer syðra. En það er annað mál, hvernig þessu yrði bezt komið fyrir. Aðaluppástungan, sem hjer liggur fyrir, fer fram á, að gjöra lærða skólann jafnframt að gagnfræðaskóla með sama bekkjafjölda eins og nú er. Jeg verð að játa, að þessi aðferð finnst mjer ekki sem heppilegust. Mjer fyrir mitt leyti hefði þótt önnur aðferð hagkvæmari, þ. e. að auka skólann þannig, að stofnuð væri við hann gagnfræðakennsla, er færi fram við hliðina á sjálfri kennslunni í latínuskólanum.

Það hefur verið borið undir álit rektors

og kennaranna, hvernig þeir mundu taka í það, að lærisveinar af Möðruvallaskólanum fengju að ganga próflaust inn í skólann, og þeir hafa ekki tekið vel í það. Þá má geta nærri, hvort þeir eru samþykkir aðaluppást., að kennsla í gömlu málunum byrji ekki fyr en í 3. bekk. Jeg hygg því, að þessi uppást. sje varla framkvæmanleg, þvert á móti vilja rektors og kennaranna.

Allt öðru máli er að gegna með varauppást.; sumir kennararnir eru að vísu mótfallnir henni, en sumir eru henni samþykkir. Þeir sem á móti eru, bera það fyrir sig, að það sje ekki til að tala um, að leyfa nokkrum inntöku í skólann próflaust. Þetta á jeg bágt með að skilja. Þeir sem hafa tekið próf á öðrum skólum eru ekki próflausir og geta ekki kallazt svo, og hjer er þó ekki farið fram á annað en að piltár, sem hafa tekið burtfararpróf við Möðruvallaskólann, fái inntöku í lærða skólann, án þess að ganga undir sjerstakt próf. Jeg vil leyfa mjer hvað þetta snertir að vitna til háskólans. Hvernig fór þegar „*examen artium*“ var afnumið, þetta inntökupróf eða aðgöngupróf háskólans, er staðið hafði um langan aldur? Þá var próf frá latínuskólunum talin fullkomin trygging fyrir hæfileika manna til að stunda nám við háskólann. Hvers vegna skyldi þá ekki burtfararpróf frá Möðruvallaskólanum geta verið gott og gilt sem inntökupróf í lærða skólanum? Jeg vil leyfa mjer að segja, að það gæfi miklu meiri tryggingu en inntökuprófið almennt gjörir nú, því að góðir, duglegir piltar, sem hafa fengið góðan vitnisburð frá Möðruvallaskóla, eru auðvitað miklu hæfari til að taka á móti kennslu, en aðrir óreyndir, sem aldrei hafa notið annarar kennslu en undirbúningskennslunnar, sem að vitni h. flutnm. (J. A. Hj.) er ekki mikilsvirði, að minnsta kosti í latínunni, og hún er þó hið eina, sem aðrir nýsveinar hafa fram yfir stúdenta frá Möðruvöllum. Jeg hygg að hollast væri að sleppa latínukennslunni undir skóla og byrja á henni í 1. bekk. Kennararnir hafa einnig sagt, að piltum væri stundum kennt svo rangt undir skóla, að langan tíma þyrfti til að uppræta það. Auk þessa hefur reynslan sýnt, að piltum af Möðruvallaskóla, sem hafa gengið í latínuskólann, hefur að jafnaði gengið miklu betur en hinum, sem eðlilegt er, því að margar námsgreinir eru lærðar á Möðruvallaskólanum, sem ekki eru heimtaðar til inntökuprófs í lærða skólann, og svo kunna Möðruvellingar miklu betur hinar greinarnar, er hvorirtveggja hafa lært. Jeg verð því að halda því fram, að duglegir realstúdentar frá Möðruvöllum eða lærisveinar þaðan sjeu miklu hæfari til inngöngu í lærða skólann en venjulegir nýsveinar; þeir hafa notið kennslu áður, eru þroskaðri og skilningsbetri en aðrir, og geta yfir höfuð haft meira gagn af kennslunni.

Jeg er samdóma h. flutningsm. (J. A. Hj.), að fækka mætti tímum í sumum námsgreinunum við lærða skólann, t. d. í náttúrufræði, og jafnvel í dönsku og ensku. En þó er mjög vafasamt, hvort það er ráðlegt, að því er dönskuna snertir, því að skólapiltar eru svo nauðilla að sjer í henni, að furðu gegnir. Þeir stúdentar, sem t. d. sigla til háskólans, koma þangað mállausir, og geta hvorki gjört sig skiljanlega nje skilið aðra. Á þessu yrði ráðin bót, ef heimtuð væri eins mikil kunnátta af piltum undir skóla, eins og þeir hafa, sem koma frá Möðruvöllum. Jeg er einnig samþykkur h. flutningsm. (J. A. Hj.), að 7 tímar á viku í 6 ár sje meir en nógur tími til að læra latínu, og jeg held að þeir sem ekki geta lært hana á þeim tíma, geti aldrei lært hana, og að þeir kennarar, sem ekki geta kennt hana á þeim tíma, þeir geti það aldrei. Jeg er því samþykkur varauppást., en ekki eins aðaluppást., því að eins og jeg tók fram í byrjun ræðunnar, álít jeg rjettara, að stofnuð væri sjerstök deild fyrir gagnfræðakennslu við lærða

skólann, og að skilyrði fyrir inntöku í hann væri annaðhvort burtfararpróf frá Möðruvöllum eða frá þessum skóla. Þetta held jeg, að yrði skásta fyrirkomulagið.

Þess ber ennfremur að gæta, að piltar geta ekki lært hinar mörgu vísindagreinir, sem kenndar eru nú í latínuskólanum, að neinu gagni. Jeg held, að hvergi í nokkrum skóla sjeu lærð t. d. 7 tungumál, nema hjer. Eina ráðið til þess, að piltar í skóla næðu nokkurri verulegri þekkingu, gæti orðið sem afleiðing af þessari uppást., þ. e. að til inntöku í lærða skólann yrði heimtað burtfararpróf frá gagnfræðaskóla, er auðvitað stæði undir umsjón hins opinbera, hvort heldur frá Möðruvallaskólanum eða sjerstakri deild hjer við skólann. Þetta gæti orðið undirbúningur til þess, að reglulegur gagnfræðaskóli kæmi upp hjer á Suðurlandi í sambandi við latínuskólann, og burtfararpróf þaðan yrði skilyrði fyrir inntöku í skólann, samkvæmt því, sem farið er fram á í aðaluppást.

Grímur Thomsen: Mjer skildist svo á ræðum hæstv. ldsh. og h. flutningsm. (J. A. Hj.), að talsverðir annmarkar væru á aðaltill., og jeg skal játa, að jeg er einmitt á sömu skoðun. Jeg hef átt tal um þetta við rektor skólans og hann hefur sagt mjer, að hann áliti gagnfræðakennslu í 2 neðstu bekkjum skólans ómögulega að svo stöddu sökum rúmleysis í skólahúsinu. Jeg ætla því ekki að tala meira um þessa aðaluppást., heldur snúa mjer að varauppást., sem fær eflaust miklu betri byr en hin, og hæstv. ldsh. færði mörg rök að því, að hún væri að mestu leyti aðgengileg. En jeg vil leyfa mjer að spyrja um eitt atriði. Hjer stendur: Alþ. ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum o. s. frv. Hjer er víst meiningin sú, að það sje ldsh., sem eigi að ráða þessu til lykta. (*Ldsh.:* Nei). Það hefur verið siður að hann sje í þess konar málum látinn vera í stað ráðgjafans. En það eru talsverð umsvif við það að breyta reglugjörð latínuskólans. (*Ldsh.:* Ekki svo mikil). Hún þarf þó að leggjast fyrir konung til staðfestingar. Það yrði víst enn þá minni erfiðleikar á því að breyta reglugjörð Möðruvallaskólans í þá átt, að láta þar læra latínu. (*Ldsh.:* Nei, til þess þarf lög). Jæja, þá er ekki annað en að setja lög um það. Jeg sje ekki neina brýna nauðsyn til að afnema latínu til inntökuprófs í skólann, eins og varauppást. fer fram á, fyrir aðra en þá, sem koma frá Möðruvöllum, því að þótt þeir sjeu lausir við hana og þurfi ekkert í henni að kunna, þá þarf ekki sama að gilda um hina. Mjer finnst það engan veginn leiða af sjálfu sjer, að þótt piltar frá Möðruvöllum fengju próflaust að ganga inn í skólann, að fyrir það þyrfti að afnema *alveg* latínuna til inntökuprófs. Mjer fyrir mitt leyti stendur á sama, hvort latína er heimtuð til inntökuprófs eða ekki, en jeg veit skólastjóra og kennurum er mjög á móti skapi, að afnema hana. Flutningsm. (J. A. Hj.) sagði, að undirbúningskennsla í latínu vær mjög lítilfjörleg og það játar skólastjóri einnig, en hann segir þó, að hún sje samt betri en ekki að því leyti, að piltar eigi hægra með að halda áfram námi í henni, heldur en ef þeir enga tilsögn hefðu fengið.

Jeg mundi greiða atkv. með varatill., ef þessi orð um afnám latínukennslu undir skóla væru felld burtu. Þegar ræða er um breyting, sem er þannig löguð, verð jeg að telja mjög varúðarvert að ganga á móti ósk eða vilja kennaranna, og sjerstaklega á móti vilja hins aldurhnigna, hálærða skólastjóra, sem einnig er svoleiðis skapi farinn, að hann leggur mikla áherzlu á gömlu málin. Jeg vil snúa mjer að h. flutningsm. sjálfum (J. A. H.), og biðja hann að stinga hendinni í sinn eigin barm, hvernig hann mundi kunna því, að rektor latínuskólans kæmi fram með till. um breyting á reglugjörð Möðruvallaskólans, þvert á móti vilja og ráði skólastjórans þar. Hann

mundi þá eflaust segja, að óviðkomandi skólastjóra kæmi þetta ekki við, og að hann fyndi enga ástæðu til að taka till. hans til greina, eða leggja til að hún yrði samþykkt.

Landshöfðingi: Jeg held, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hafi eitthvað misskilið varauppást. Jeg sje ekki neitt á móti því, að alþingi skori á landstjórnina að sjá um, að latína verði ekki heimtuð til inntökuprófs í lærða skólann. Ennfremur hygg jeg, að ekki sje gjörlegt eða ráðlegt, að gjöra nokkurn mun á Möðruvellingum og öðrum nýsveinum, þannig, að hinum síðarnefndu sje gjört að skyldu að læra latínu undir skóla, en hinum fyrnefndu ekki. Það verður að heimta hið sama af báðum, eða að minnsta kosti skil jeg ekki, hvernig það getur verið öðruvísi. Að heimta af sumum það, sem ekki er heimtað af sumum, sömu skilyrði fyrir inntöku í skóla, er ósanngjarnt og óhagkvæmt. Þegar latína er t. d. heimtuð af sumum undir skóla, þá er þar með gjört ráð fyrir, að byggt sje á þeim grundvelli, og að kennslunni sje hagað eptir því. Hvernig fer þá, þegar piltar af Möðruvallaskóla, sem ekki kunna að hneigja „mensa“, koma í latínuskólann með hinum, sem lært hafa talsvert í málinu? Þá verður að byrja með þá á undirstöðuatriðunum, því að ekki geta þeir fylgzt með hinum. Þótt piltar frá Möðruvöllum komi betur undirbúnir í skóla en aðrir í sumum kennslugreinum, þá getur heldur ekki orðið tekið tillit til þess í kennslunni í þeim greinum, því að allir, þeir sem sitja í sama bekk, verða að fylgjast að í öllum kennslugreinunum í þeim bekk; annars kæmu fram 2 deildir í sama bekk, sem yrði að kenna á mismunandi hátt, og sjá allir, hversu slíkt fyrirkomulag yrði haganlegt.

Þótt jeg viti, að rektor skólans sje mótfallinn þessari breytingu, sem varauppást. fer fram á, þá er mjer ekki kunnugt, að hann hafi gjört eða muni gjöra það að neinu kappsmáli. Jeg verð að leggja áherzlu á það, að hvorki hann nje kennararnir hafa fært nein rök fyrir því, hvers vegna þeir sjeu breytingunni mótfallnir. Þeir hafa að eins sagt, að það mætti ekki eiga sjer stað, að nokkur piltur væri tekinn próflaus í skólann, og það er allt og sumt. Á sama hátt má t. d. rengja, að 2 og 2 sjeu 4 o. m. fl., ef ekki þarf annað en að mótmæla, án þess að koma með nein rök. Jeg tek það upp, sem jeg sagði áður, að jeg er ekki hræddur um, að rektor muni sækja þetta fast. Hann hefur heldur ekki neina ástæðu til að taka sjer þetta nærri, því að það er hið sama, sem hver embættismaður verður að sætta sig við, að tillögur hans sjeu ekki ávallt teknar til greina af þeim sem yfir hann eru skipaðir, og jeg skil ekki, hvers vegna rektor getur þá ekki einnig sætt sig við það.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg þarf raunar eigi að segja mikið, því hæstv. ldsh. hefur tekið vel í málið. Það eru talsverðir örðugleikar á að koma í verk aðaluppástungunni, en fyrir málefnið gæti það gjört sama gagn, að stofna gagnfræðadeild við latínuskólann. Um varauppást. ætla jeg ekki að fara fleirum orðum; hæstv. ldsh. hefur mælt miklu betur með henni en jeg get. Jeg hef ekki á móti því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, en hann benti til persónulegra ástæðna; jeg þarf eigi að benda honum á, að jeg virði rektor latínuskólans engu minna en hann sjálfur. Maður verður stundum að hugsa um annað en sínar eigin tilfinningar. Það er eigi svo allsjaldan, að tilfinningarnar segja eitt, en skynsemin og skyldan annað. Auðvitað þætti mjer lakara, ef breytingar væru gjörðar á Möðruvallaskóla, sem mjer alls ekki líkuðu. Jeg yrði þá annaðhvort að gjöra, að ganga að þeim eða fara frá.

Grímur Thomsen: Hæstv. ldsh. gjörði lítið úr undirbúningskennslu undir latínuskólann; hann sagði, að sumir nýsveinar jafnvel yrðu að gleyma aptur því, sem

þeir hefðu lært í latínu; þó svo sje, að þessu væri nú þannig varið, sem ekki mun vera nær því allt af, þá hefðu stúdentar frá Möðruvallaskóla þess heldur rjett til að komast í latínuskólann próflaust, þótt þeir kynni eigi latínu. Þeir kunna svo miklu meira í ýmsum vísindagreinum, og ættu miklu hægra með að verja meiri tíma til latínu í 1. bekk og gætu þannig orðið hinum samferða.

En það er einn annmarki á þessu, sem er ekki alveg þýðingarlaus, og hann er sá, að það gætu liðið nokkur ár frá því, að maður, sem hefði tekið burtfararpróf við Möðruvallaskólann, og sem að öðru leyti er vel að sjer, þar til hann kæmi í latínuskólann; þetta er að minnsta kosti hugsandi. Þeir gætu hafa ýmsar annir, svo sem kaupavinnu o. fl. til þess, að vinna sjer inn fje, væru búnir að gleyma ýmsu, sem þeir hefðu numið, og kæmu svo miður undirbúnir en margir aðrir. Jeg veit eigi, hvort hægt yrði í varauppástungunni að slá varnagla við þessu; það er nauðsynlegt, að einhver takmörk yrðu sett viðvíkjandi þessu, t. d. innan eins árs. Menn sjá, að lærisveinar Möðruvallaskólans eigi að vera fermdir, þeir útskrifast þaðan 16 ára, en þeir sem ganga inn í latínuskólann verða að minnsta kosti að vera 12 ára, og verður þannig mikill aldursmunur á mönnum í 1. bekk; það hefur reyndar margur byrjað nám eptir að hann fór að eldast, og þó orðið mikill lærdómsmaður, en betra væri þó að námið byrjaði sem fyrst í æskunni. Jeg geymi mjer þann rjett til næstu umr., að koma með breyt.till.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að það eigi ekki að líða langur tími frá því menn útskrifast af Möðruvallaskólanum, og til þess þeir koma í latínuskólann; það segir sig sjálft.

Hjer er talað um: Að alþingi skori á landsstjórnina að sjá um o. s. frv. Það liggur í orðunum, að landsstjórnin sjái um, að setja frekari skilyrði, sem nauðsynleg kunna að þykja, og mun óhætt að trúa henni fyrir því.

Aldursmunur á þeim sem koma í skóla er, eins og kunnugt er, mjög mikill; sumir eru 12 ára en aðrir allt að 20 ára eða meira; það er nokkuð, sem hlýtur að vera. Jeg álít að 12 ára aldur sje allt það minnsta til þess, að þeir hafi not af kennslunni; menn eru sjaldan svo þroskaðir. Mjer finnst eigi ástæða til að breyta till. fyrir þá sök, því þó engin breyting verði gjörð á inntökuprófinu, verður aldursmunurinn samt sem áður mikill, og jeg efast um, að hann verði meiri, þótt tillögur þessar verði samþykktar.

Flutningsmaður (*J. A. Hjaltalín*): Það er satt, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að það væri nauðsynlegt, að menn færu stax úr Möðravallaskólanum í latínuskólann. Hæstv. ldsh. hefur skilið það rjett, að við ætluðumst til, að stjórnin setti þær nánari ákvarðanir, sem henni þætti henta, og þess vegna var það ekki beinlínis tekið fram í þessum tillögum, enda finnst mjer það ekki eiga eins vel við þar.

ATVKÆÐAGR.: Aðaltill. samþ. með 6:5 atkv. Varatill. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv. Málinu vísað til síðari umr. með 9. atkv.

Frv. til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1866 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 204); 2. umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. munu sjá, þá er tilgangurinn með frv. þessu sá, að gjöra breytingu á núgildandi lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, þá breytingu, að í stað þess, að þegar fleiri en 3 sækja um brauð, þá hefur landsstjórnin nú vald til, að velja 3 af þeim og gefa söfnuðunum kost á að velja sjer einhvern þeirra, þá fái söfnuðirnir framvegis sjálfir að velja úr öllum þeim, sem sækja um brauð, hversu margir sem þeir eru, það er að segja, frv. fer fram á að taka alla hlutdeild í veitingu brauðanna

frá stjórninni. Þetta getur vel hugsazt, en með einu skilyrði, nfl. því, að kirkja og ríki sjeu sundurskilin; en meðan það er ekki, getur það ekki komið til tals, að landsstjórnin hafi ekki atkv. um mál kirkjunnar, og þar á meðal skipun prestanna. Ef söfnuðurinn launaði presti sínum að öllu leyti, ef landsstjórnin ætti ekki að hafa tilsjón með því, hvernig prestar stæðu í stöðu sinni, og ef prestar væru eingöngu starfsmenn hver síns safnaðar en hefðu eigi á hendi nein störf, sem snertu þjóðfjelagið, þá skyldi jeg ekki vera á móti frv. Jeg skil eigi og kannast eigi við, að það geti verið rjett, að umturna þessu atriði; mjer finnst jafnvel, að þau lög, sem nú gilda um veitingu brauða, sjeu ekki í samræmi við stjórnarfyrirkomulag kirkjunnar; en það er nú komið sem komið er. Hjer getur og annað atriði komið til greina. Hvernig hafa lögin frá 8. jan. 1866 reynzt? Helzt til of margir játa, að þau hafi eigi reynzt eins vel og menn hefðu óskað og búizt við. Ef svo er, hvaða ástæða er þá til að auka vald safnaðanna, þegar þeir eigi fara vel með það vald, sem þeir hafa fengið, og launa þeim það með því, að auka vald þeirra? Mjer finnst sjálfsagt, að láta þau ákvæði, sem nú gilda, standa óbreytt; jeg er alveg mótfallinn frv. þessu, sem er langt frá því að vera rjettarbót, heldur spillir löggjöf í kirkjumálum.

Þorleifur Jónsson: Eins og hæstv. ldsh. hefur tekið fram, fer frv. fram á það, að leyfa söfnuðum að kjósa um alla þá, sem sækja um brauð, þannig, að landsstjórnin eða landshöfðingi geti eigi stryk-að neinn út af umsækjendum. Mjer finnst þetta vera í alla staði eðlilegt og rjettlátt, því það á sjer stað um allar kosningar, sem fram fara, að kjósendur mega velja um alla þá, er kjörgengi hafa, eða bjóða sig fram; þannig er það þá er kosið er í sveitarstjórn, í bæjarstjórn, í sýslunefnd, í amtsráð, til alþingis eða í sóknarnefnd. Jeg sje því eigi annað en að þetta sje líka eðlilegur rjettur, þegar um prestakosning er að ræða. Eða hví skyldi það eigi vera svo? Hvaða ástæða er í raun rjettri til þess, að landshöfðingi skuli hafa heimild til, að stryka einn út fremur en annan, og á þann hátt taka fram fyrir hendur safnaðanna? Ekki getur það verið sprottið af umhyggju fyrir heill safnaðanna, því að söfnuðirnir eru sjálfir jafnfærir sem landshöfðinginn til þess, að sjá það, hvað þeim er fyrir beztu. Það getur heldur ekki verið vegna kirkjunnar sjálfrar eða vegna hins kristilega kirkjulífs, því að, úr því að þeir sem sækja, hafa öðlazt þau skilyrði, sem til þess útheimtist, að geta orðið prestur eða verið prestur og prjedikað, þá stendur það á sama fyrir kristilega kirkju, hvort hann prjedikar eða gjörir önnur prestsverk norður á Langanesi eða suður í Reykjavík, yfir höfuð á hvaða brauði hann situr.

Hæstv. ldsh. sagði, að þetta gæti ekki átt sjer stað, meðan ríkið og kirkjan væri sameinuð. En jeg vil benda á, að ríkið hefur ekki, þrátt fyrir það, þótt þetta næði fram að ganga, sleppt öllum tökum á kirkjunni. Því að fyrst og fremst ræður ríkið því, hverjir menn komast í þá stöðu, að geta orðið prestar, og getur gætt þess, að bola alla þá frá þeirri stöðu, sem það álítur eigi til hennar færa; og í öðru lagi: þá er prestarnir eru komnir í embætti, vakir ríkið yfir því, hvernig þeir gegna stöðu sinni, og getur því gripið inn í, þegar því sýnist ástæða til.

Hæstv. ldsh. sagði ennfremur, að sú reynsla, sem fengin væri af þessum gildandi kosningarlögum presta, hefði sýnt, að söfnuðirnir hefðu ekki notað vel þann rjett. Til þess geta nú verið ýmsar orsakir, þótt svo hafi stundum verið; því að söfnuðirnir hafa verið þessum prestakosningum svo óvanir, að sumir hafa ef til vill eigi kunnað að nota þennan rjett í fyrstu. Jeg minnist t. a. m., að í einu

prestakalli var engin kjörskrá til, þegar átti að fara að kjósa; en þess konar agnúa munu menn fljótt laga, og gæta þess að slíkt komi eigi optar fyrir. Stundum hefur það og verið svo, að söfnuði hefur staðið á sama, hvern af umsækjendum þeir hlytu fyrir prest, og fyrir því hafa þeir eigi hirt um að nota kosningarrjett sinn.

Ennfremur getur stundum verið sú ástæða til þess, að menn nota eigi kosningarrjettinn, að sá prestur hafi verið strykaður út, og eigi verið í kjöri, sem söfnuður hefur helzt óskað sjer að fá. Jeg segi eigi þar með, að landshöfðingi hafi strykað neinn út af kjörskránni á móti vilja safnaðanna, en það getur viljað til, að einmitt sá prestur sje sá, er söfnuður mundi helzt óska eptir.

En þótt sumir söfnuðir hafi notað þennan rjett miður en skyldi, þá hafa þó ýmsir söfnuðir notað hann vel og prestkosningar hjá þeim farið vel fram.

Það er mikill vandi fyrir landshöfðingjann að velja á milli umsækjendanna svo, að hann styggi ekki söfnuðina. Jeg segi eigi, að það hafi komið fyrir, að söfnuðum hafi fundizt sjer rangt gjört til í því efni, en það getur komið fyrir. Þetta verk er svo vandasamt og óvinsælt, að jeg get ekki skilið í því, að hæstv. ldsh. sje mjög hugleikið að halda í þennan útstrykunarrjett. Jeg get ekki ímyndað mjer, að hann persónulega vilji halda mjög fast í hann.

Arnljótur Ólafsson: H. þm. Húnv. (Þorl. J.) hafði það sem meðmæli með frv. þessu, að hið sama ætti að gilda um kosning presta, sem kosning t. a. m. í hreppsnefnd; að hinn sami frjálsi rjettur til kosninga ætti að gilda í báðum þeim tilfellum.

Það má furðu gegna, að h. þm. (Þ. J.) skuli blanda tvennu svo ólíku saman. *(Þorl. J.:* Hvorttveggja er kosningarrjettur). Já; en það er tvennt ólíkt, að hreppsbúar kjósi mann úr sínum flokki og sjer kunnugan, en að söfnuður kjósi prest sjer með öllu ókunnan og af öðru landshorni.

Það dugar ekki að fara eingöngu eptir orði eður nafni. Það er auðvitað mjög handhægt, að kunna utanbókar ýmisleg orð, eins og páfugl, en hitt er eigi síður nauðsynlegt, að vita hvað þau orð þýða. Jeg veit, að h. þm. (Þ. J.) vill eigi játa sig svo skyni skroppinn, að hann hafi eigi skilið það, er hæstv. ldsh. benti á, að presturinn væri eigi eingöngu embættismaður safnaðanna, heldur og landsstjórnarinnar.

Jeg skal taka dæmi: Af einu prestakalli ber að greiða árgjald til landssjóðs. Nú segir söfnuður: Jeg kýs þennan prest; mig varðar ekkert um, þótt hann liggi við sveit, ef hann getur staðið í stólnum og tónað fyrir altarinu svo sem mjer líkar. Um árgjaldið varðar mig ekkert.

Í annan stað verð jeg að láta það álit mitt uppi, að einmitt frá safnaðanna hlið sje það eigi æskilegt, að auka þetta kjörfrelsi þeirra fram yfir það sem nú er, því að fyrst og fremst veit jeg eigi til, að neinn söfnuður hafi óskað þess. Uppást. menn frv. þessa, er komu fram með það í h. Nd., eiga heima annar rjett fyrir austan mig en hinn fyrir vestan mig, — jeg er þar í miðjunni, og það get jeg sagt, að í Norður-Þingeyjarsýslu hafi enginn einasti söfnuður mjer vitanlega óskað eptir þessu frv. Þeir menn, er samvizkusamastir eru, og sannast vilja segja, þeir mæla svo: Hvað eigum vjer að gjöra með meira kjörfrelsi til að kjósa presta, vjer sem nálega aldrei þekkjum umsækjendur til nokkurrar hlítar? Og hitt vitum vjer, að ábyrgð fylgir sjerhverjum rjettindum. Ef vjer einir ráðum kosningum presta, fylgir af því fyrir oss sú ábyrgð og sú skylda, að geta kosið betur heldur en vjer kjósum nú meðan veitingarvaldið hefur hönd í bagga með. En það er ólíklegt, með því að optlega getur það komið fyrir að, vjer

þekkjum engan umsækjanda. Stundum aptur, að einn eður fáeinir í söfnuðinum þekkja reyndar einn umsækjanda, en hina aðra umsækjendur þekkjum vjer ekkert, að eins höfum vjer heyrt þeirra getið. Vjer rennum því alveg blint í sjóinn. Það er því, að minni hyggju, því að eins gagn að rjettindunum, að menn í fyrsta lagi hafi meðvitund um, að það sjeu rjettindi, og í öðru lagi hafi þekking og vilja til að nota rjettindin rjettilega.

Hvernig á söfnuður á Vesturlandi að þekkja tvo eða þrjá nýja kandídata suður í Reykjavík, þótt þeir að eins heyri nöfn þeirra nefnd? Ein kosning hefur og nýlega farið svo, að söfnuðurinn sagði á eptir: Mjer datt eigi í hug að þessi yrði kosinn. Það getur og haft illar afleiðingar, að söfnuðurinn ráði því einn, hvern prest hann kýs. Ef vjer setjum nú svo, að presturinn reynist síðar miður en æskilegt væri, og söfnuðurinn vill losna við hann aptur, getur þá, má jeg spyrja h. þm. Húnv. (Þ. J.), söfnuðurinn farið svo með prestinn, sem þá menn, er kosnir eru í hreppsnefnd, í sýslunefnd, í amtsráð eða á þing? Getur söfnuðurinn orðið svo fljótt af með prestinn aptur? Ef það væri, þá hefði h. þm. Húnv. (Þ. J). rök fyrir máli sínu. En jeg held nei. Presturinn er ef til vill drykkjumaður, en það er nú eigi hinn versti galli, er söfnuðum þykir á prestum sínum. En ef hann t. a. m. er „skemmilegs ávinnings girugur", og söfnuði líkar illa, þá segir prestur samt: „Ja, þið hafið kosið mig; nú verðið þið að gjöra svo vel að sitja með mig". Þetta eru þær illu afleiðingar, er fylgja prestakosningunum.

Jeg get eigi annað en lýst því áliti mínu, að það sje fremur en flest annað aðfinningarvert, hve söfnuðir hjer á landi umbera prestum sínum lengi ávirðingar þeirra og stórgalla, og halda lengi tryggð við þá, og verður þetta umburðarlyndi safnaðanna eðlilega því sterkara, sem kosning prestsins var fremur þeirra eigið verk.

Mjer þykir óhentugt, að veita mönnum þann rjett, er þeir játa sjálfir að þeir kunni eigi með að fara, og sem bakar mönnum þann ófögnuð, að þurfa að dúsa við þann prest, er þeir annars vildu losna við. Jeg vil eigi troða þeim rjettindum upp á menn, er þeir hafa aldrei beðið um, og sem þeir játa, að þeir hafi eigi þekkingu til að geta notað rjettilega.

Það eru heldur eigi bændur að eins, er frv. mun veita vilja þessi rjettindi, heldur allir í söfnuðinum, sem eru 25 ára að aldri, hvort sem þeir gjalda nokkuð til prests og kirkju eða ekkert, að eins ef þeir eru búsettir í prestakallinu, og skil jeg það svo, að það sje sama sem allir þeir er hafa þar fasta heimilisvist; en því víðari sem rjetturinn er, því meiri er hættan, að rjetturinn verði misbrúkaður.

Sighvatur Árnason: Það voru helzt orð h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), sem gefa mjer tilefni til að taka til máls. Jeg fyrir mitt leyti skal lýsa því hjer yfir, að eptir því sem jeg þekki til, þá vilja söfnuðirnir fá þennan rjett, sem hjer um ræðir, enda þótt jeg á hinn bóginn sje fús á að játa, að bænarskrár hjeraðlútandi hafi almennt ekki komið fram. Jeg er því á sama máli og h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) um það, að söfnuðirnir óska að hafa rjett til að kjósa til prests einhvern af þeim, sem bjóða sig fram. Út af því, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók það fram, að söfnuðirnir ekki kynnu að neyta þessa rjettar, eða væru færir um að fara með hann, þá verð jeg að neita því, af því að þar, sem jeg þekki til, þar hafa prestakosningar gengið reglulega til. Það getur verið, að fyrir hafi komið, að kosning hafi mistekizt, en það hefur þá stundum verið af því, að mörgum í söfnuðinum hefur ekki líkað þeir, sem í kjöri voru, og látið sjer á sama standa, hvern þeir fengju, enda geta þá

söfnuðirnir látið vera að kjósa og fengið veitingarvaldinu kosninguna í hendur. Eins og h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) gat um áðan, skal jeg enn fremur leyfa mjer að taka það fram, að jeg fæ ekki betur sjeð, en það hljóti að vera veitingarvaldinu til þægðar, að losa það við þennan rjett, sem það hefur; því í raun og veru er þess konar starfi eða rjettur ekkert vinsældarverk fyrir veitingarvaldið, þar sem það í mörgum tilfellum opt og einatt getur komið fyrir, að veitingarvaldið þurfi að fara í nokkurs konar mannjöfnuð; þetta er yfir höfuð ekki einungis óvinsælt meðal safnaðanna, heldur og meðal prestanna sjálfra. Eins og nærri má geta, er það ekki neitt þægilegt fyrir þá presta, sem sækja aptur og aptur um prestakall, að vera strykaðir út af kjörlistanum hvað eptir annað. Það er heldur ekki laust við, að í sumra augum virðist hjá veitingarvaldinu að koma fram á stundum í þessum málum ókirkjulegur blær. Jeg ætla að svo stöddu ekki að halda lengra út í þetta mál, en skal að eins taka það fram, að jeg gef frv. atkv. mitt.

E. Th. Jónassen: Jeg stend að eins upp til þess, að skora á h. þm. Rangv. (S. Á.) að gjöra grein fyrir, hvað hann meinti með: að ókirkjulegur blær kæmi fram hjá veitingarvaldinu. Jeg skildi ekki hvað hann átti við; þingmenn hafa ekki leyfi til að tala í ráðgátu, heldur er hver og einn þingmaður skyldur til að tala glöggt.

Hvað frv. sjálft snertir, skal jeg taka það fram, að jeg engan veginn get aðhyllzt það. H. þm., h. þm. Húnv. (Þ. J.) og h. þm. Rangv. (S. Á.), tóku það fram, að það einungis væri að gjöra veitingarvaldinu til þægðar, að losa það við þennan rjett; en h. þm. verða að gá að því, að prestarnir eru ekki einungis fyrir söfnuðina, heldur eru þeir og embættismenn landsins, og því hlýtur landsstjórnin að hafa hönd í bagga með skipun þeirra til prestskapar; sömuleiðis er prestunum, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) tók fram, trúað fyrir stað og kirkju, og yfir höfuð getur staða þeirra, sem presta, haft peningalega ábyrgð, svo gjalda þarf af landsstj. hálfu varhuga við því, að setja ekki í ábyrgðarmikil prestsembætti menn, sem vitanlega eru mjög skuldugir og ef til vill kunnir að því að vera ráðlitlir, þar sem þess háttar mönnum ekki er trúandi fyrir stað eða kirkju; það er því nauðsynlegt, að landsstjórnin ekki sje svipt þeirri hlutteknigu í veitingu brauða, sem henni er nú heimiluð með hinum gildandi lögum um það efni.

Þorleifur Jónsson: Jeg gat þess áðan, að frá kirkjulegu sjónarmiði eða frá sjónarmiði hins kirkjulega trúarlífs væri engin þörf á því að landsh. hefði rjett eða, vald til að kasta mönnum frá kjöri; 5. kgk. (A. Ól.) reyndi ekki einu sinni að hrekja þetta, hvað þá heldur meira. Sami þm. minntist og á það, að illa gæti tekist til með að innheimta árgjald af brauði til landssjóðs, ef söfnuðurinn hefði kosið prest í brauðið, sem svo að segja væri á hreppnum, — en það gæti söfnuðurinn eptir frv. Hjer til er að eins því að svara, að því fer betur, að fæstir prestar eru svo efnum búnir; en auk þessa hefði landsstjórnin ráð við þessu, þar sem hún gæti lagt hald á tekjur prestsins. Jeg skal þó játa það, að þetta er nokkur ástæða móti prestskosningarlögunum, að prestinum er trúað fyrir fje kirkna og að prestar á sumum brauðum eiga að borga af þeim fje í landssjóð, og því get jeg skilið, að landsstjórnin vilji að þessu leyti hafa hönd í bagga með, hverjir fái þau prestaköll, og það því fremur, sem dæmi eru til, að vangreiðsla hefur orðið á sumum þessum árgjöldum frá brauðum í landssjóð. Þannig hefur það komið fyrir, að prestar hafa þrjózkazt við að greiða árgjaldið, svo að til máls hefur komið. Þannig var prestur einn, sem varð að beita lögsókn við, til að ná árgjaldinu. Hann ætlaði sannarlega ekki að borga það fyr

en í fulla hnefana, og fór til annars prests, sem var og er mjög vanur málaferlum, og h. 5. kgk. (A. Ól.) mun kannast við, og spurði hann ráða, hvernig hann gæti losast við árgjaldið. Eptir að presturinn — jeg meina málagarpinn — hafði hugsað málið, sagði hann: „Jeg sje vörn í málinu; það er ekki tekið neitt fram í veitingarbrjefinu um greiðslu árgjaldsins“; en leikslok urðu þau, að ákvæði um greiðslu árgjaldsins var tekið fram í veitingarbrjefinu, svo þegar til kom, mátti prestur borga. Jeg skal játa það, að það getur verið ísjárvert með árgjaldið, þegar við mjög fátæka presta er að eiga, en hins vegar er það engin meiri hætta, að sleppa því við presta, en yfir höfuð fje kirkna, auk þess sem vanhöld á árgjaldsgreiðslum brauða geta alveg eins komið fyrir, þótt engar prestskosningar sjeu og hafa komið fyrir einmitt hjá þeim prestum, sem landsstjórnin hefur ein veitt brauðin, en engum kosnum presti. Ekki hafði söfnuðurinn kosið prest þann, sem jeg nefndi áðan; ekki þann, sem strauk hjer um árið til Ameríku og hafði eytt fje kirkjunnar, o. s. frv. Nei, landsstjórnin hafði veitt þessum prestum brauðin. Að því er snertir þessa árgjaldsástæðu, þá er þar litlu minni hætta, þótt frv. þetta verði að lögum, en með þeim lögum, sem nú eru, því að ef að eins 2 sækja, þá er það skylda að láta söfnuðina kjósa um þá; landsstjórnin hefur engin ráð til að bola hvorki öðrum nje báðum frá kosningu, þótt henni virðist þeim ekki trúandi fyrir fje kirkjunnar eða að standa í skilum með árgjald, ef það þyrfti að greiða.

H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) gat þess og, að ekki einn einasti söfnuður úr Norður-Þingeyjarsýslu hefði sótt um þennan rjett; en jeg kalla hann furðu vel kunnugan þar nyrðra, ef hann veit þetta með vissu. (*Arnl. Ólafsson:* Mjer vitanlega). Það vantaði.

Þegar sami þm. var að bera saman hreppsnefndar- og prestakosningar, þá gat hann þess, að munurinn væri sá, að við þá hreppsnefndarmenn gætu menn losazt, sem menn óskuðu, innan tiltekins tíma, en þetta gætu menn ekki við prestakosningarnar. Þarna mættu menn dúsa með prestinn. En þetta er ekki alls kostar rjett. Í fyrsta lagi verða menn þó að hafa hreppsnefndarmanninn kjörtímann á enda, nema hann vilji sjálfviljugur fara úr hreppsnefndinni; í öðru lagi geta söfnuðirnir losazt við prestinn, ef hann gerir sig brotlegan. Þriðja lagi má geta þess, að ekki eiga menn hægra með að losa sig við presta, þótt engar prestkosningar væru, eða þótt frv. þetta verði ekki að lögum.

Þar sem sami þm. gat þess, að verið væri að troða rjettinum upp á söfnuðina, þá er þetta heldur ekki rjett, því söfnuðirnir þurfa engan veginn að neyta kosningarrjettar síns; þeir geta sagt: við ætlum ekki að nota kjörrjett vorn. Nei, þessu er einungis slegið fram til þess að kasta sandi í augu deildarmanna.

Hann minntist að síðustu á orðið „búsettur“ og hjelt, að með því væri kosningarrjetturinn aukinn frá því sem nú er; en það er alls eigi. Ákvæðin um, hverjir hafa kosningarrjett, eru hin sömu í þessu frv. sem í prestskosningarlögunum frá 1886. En af því að orðið „búsettur“ hefur verið skilið að eins um búandi menn, væri ef til vill ástæða til að breyta því í „heimilisfastur“, eins og jeg álít það eigi að skiljast.

Arnljótur Ólafsson: Af því að h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um, að frumv. tæki ómak af kirkjustjórninni, þar sem vandasamt væri fyrir veitingarvaldið að velja úr umsækjendunum, þá skal jeg geta þess, að hann hefur ekki nægilega lesið frv., því þar stendur: „að biskup sendi hlutaðeigandi prófasti umsóknarbrjefin ásamt með *athugasemdum* þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra“. Eptir ræðu

þm. (S. Á.) ætti þá að fella úr, „að biskup sendi umsóknarbrjefin ásamt *athugasemdum sínum*“, og biskup ætti ekkert að segja; en þótt jeg gæfi nú, að þingmaðurinn þekkti almenningsálitið vel, sem hann vitnar svo optlega til, þá hlýt jeg þó að efast um, að hann þekki svo vel inn í hug og hjarta veitingarvaldsins, að hann geti tekið að sjer, að halda vörn uppi fyrir þess hönd, áður en beiðni kæmi fram um það til hans. Það lítur því út fyrir, að hann hafi hjer farið út fyrir þann vithring, sem honum er settur.

Út af því sem h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) tók fram, skal jeg og geta þess, að hann hefur heldur ekki skilið frv. rjett, því þar stendur, að biskup eigi að senda próföstum umsóknarbrjef þeirra, er sótt hafa um brauðið, „og sem að öðru leyti fullnægja þeim *almennu skilyrðum* fyrir að geta haft prestsþjónustu á hendi“. Þingmaðurinn segir, að undir trúarlífinu í munni prestsins sje allt komið. Á þá presturinn eingöngu að kenna? En er ekki einnig mikið, já mest komið undir því, hvernig hann lifir eptir kenningu sinni? Ef embætti presta ættu að vera komin eingöngu undir kosningu þeirra safnaðarmanna, sem eru 25 ára að aldri, mætti þá ekki láta hið sama gilda um önnur embætti hjer á landi, t. a. m sýslumanna og dómara embætti? sem sje, að allir sýslabúar, sem eru 25 ára, mættu kjósa þessa embættismenn? Þessir kjósendur fá líklega vitnisburð um þá, sem í kjöri eiga að verða, frá próföstum og amtmönnum! Nei, áður var gamla reglan sú, að þeir, sem vitið höfðu, og mest varðaði um að vel væri stjórnað, þeir stjórnuðu, eða kusu stjórnendur sína, en nú er reglan sú, að þeir skulu mestu ráða um stjórnina, sem hljóta að hafa minnst vit á að kjósa stjórnendur, og sem minnst varðar um að vel sje stjórnað. Jeg orðlengi þetta ekki framar, en tek það fram, að það er margt og mikið, sem presturinn hefur að annast, annað en að prjedika; honum er trúað fyrir fje kirkjunnar, viðhaldi hennar og byggingu, hann á að annast um staðinn og kirkjujarðirnar, hann á að gefa margs konar skýrslur og vottorð, hann er vanalega 1. maður í sáttanefnd. Ennfremur á hann að sjá um uppfræðing barna, siðgæði sóknarbarna sinna, friðsemi og kristilegt líferni, og jeg bæti því við, að ef menn líta rjett á sögu landsins, þá er það prestunum meir en öðrum embættismönnum þessa lands að þakka, hver andleg menntun hefur lifað og þrifizt í landi hjer að fornu og nýu, og þetta voru þeir prestar, sem eigi voru kosnir af söfnuðunum. Það, sem jeg hef mest á móti, er það, að sumir söfnuðir þola opt og tíðum presti sínum of mikið, láta margt í hans dagfari óátalið, sem áteljast á, eða í fáum orðum sagt: fyrirgefa honum ofmikið. Þetta leiðir til þess, að söfnuðirnir draga prestana niður, í stað þess að halda þeim upp yfir það, sem presti er vansæmandi; í þessu tilliti ættu söfnuðirnir að hafa frjálsari hendur en þeir nú hafa, til að verða af með þann prest, er þeir eru svo óánægðir með, að þeir hafa hans lítil not. Jeg skal svo ekki tala meir í þessu máli, en get þess að eins, að jeg er alveg á móti frumvarpinu.

Sighvatur Árnason: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.), sem nú settist niður, sendi mjer ýms skeyti í ræðu sinni, sem jeg ætla mjer ekki öllum að svara, en skal að eins geta þess, að hann muni vita af því, að hann um langan tíma hefur haft það álit á sjer, að hann væri lærður og vitur maður, og enginn hefur frýjað honum vits, hvað svo sem um annað er. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) skoraði á mig, að skýra orð mín, þar sem jeg var að tala um hinn kirkjulega blæ hjá veitingarvaldinu. Mín orð voru, að það *gæti* komið fram ókirkjulegur blær í sumra augum hjá veitingarvaldinu, en jeg sagði ekki: að blærinn *væri* ókirkjulegur. Þetta má upplýsa með dæmi. Þegar um marga er að ræða, eða margir sækja um brauðið, þá frjettir söfnuðurinn, hverjir það

eru, og að það er um um 1 eða 2 að gjöra, sem hann helzt vill kjósa, og nú stendur svo á, að brauðið er nálægt veitingarvaldinu og söfnuðurinn ímyndar sjer, að veitingarvaldið hljóti að hafa frjett, hver það er, eða hverjir, sem söfnuðurinn hefur helzt augastað á, en þá gæti svo farið, að einmitt þessir ekki væru teknir upp á skrána, en það mundi leiða til óánægju, því þá er söfnuðurinn neyddur til að fá þann prest, sem hann ekki vill, og þetta kunna menn máske að kalla ókirkjulegan blæ, sem veitingarvaldið ekki viljandi er orsök í. *(Ldsh.:* Veitingarvaldið gjörir ekkert óviljandi).

Landshöfðingi: Það var að eins fátt, sem jeg ætlaði að svara h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.). Hann spurði, því veitingarvaldið vildi halda svo fast í þennan rjett? Jeg skal svara honum því, að jeg vil halda í hann, ekki beinlínis fyrir mig einan, eða til þess að vera einn um hituna, heldur af því, að biskupinn er með mjer í ráðum, og jeg álít að sú hlutdeild í veitingu brauða sem biskupi og landshöfðingja er áskilin, sje ómissandi eða nauðsynleg trygging fyrir því, að veiting brauðsins geti orðið affarasæl. Það er með öðrum orðum alveg nauðsynlegt, að stryka þá út af listanum, sem fyrir drykkjuskapar sakir, eða máske einhverra annara orsaka vegna, mega teljast óhæfir til að takast prestsþjónustu á hendur. — Þegar kandídatar af prestaskólanum sækja, þá getur margt verið að athuga við hegðun þeirra; biskupinn gjörir sínar athugasemdir og gefur sínar upplýsingar um hlutaðeigendur og tekur fram, ef hann er hræddur um að sá eða sá sje af einhverjum ástæðum miður hæfur til að taka að sjer prestsembætti. Sama er um þá, sem þegar eru komnir í prestsembætti, að veitingarvaldið getur opt afstýrt því hneyksli, að óreglupresturr sje látinn ganga fyrir sómapresti við prestskosningu, því það er vitanlegt, að margur söfnuður er ekki purkunarsamur um það, þó prestur hans sje ekki sem mestur reglumaður. Það eru opt önnur atvik en verðleikar umsækjanda sem prests, er ráða úrslitum við kosningar. Jeg gæti nefnt dæmi, þar sem veitingarvaldið strykaði einn umsækjanda út af listanum, sakir þess, að hlutaðeigandi hafði orð á sjer fyrir að vera drykkfeldur; en allt um þetta, þá vakti þessi ráðstöfun veitingarvaldsins óánægju í hlutaðeigandi söfnuði. Það er einmitt vegna tryggingarinnar, að jeg held dauðahaldi í þennan rjett fyrir veitingarvaldið. Með þessu álít jeg að jeg einnig hafi svarað h. þm. Rangv. (S. Á.).

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 3 nafngreindra þm. var við haft nafnakall um 1. gr. frv. og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	J. A. Hjaltalín,
Friðrik Stefánsson,	Arnljótur Ólafsson,
Grímur Thomsen,	E. Th. Jónassnn,
Sighv. Árnason,	Júl. Havsteen,
Skúli Þorvarðarson.	L. E Sveinbjörnsson.

Frv. þannig fellt með 5 : 5 atkv.

Tuttugasti fundur, laugardag 24. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1879 (C. 229); 1. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil veita frv. þessu hin beztu meðmæli míu. Þó hjer sje farið fram á dálítið fjárframlag, þá er því vel varið, þar sem það á við að styrkja hið mikla mannvirki, sem er brú sú, er nú er verið að byggja á Ölvesá. Úr því frv. þetta var samþ. með miklum atkvæðafjölda í h. Nd., þá vona jeg að þessi h. deild veiti því einnig hinar beztu viðtökur.

ATKV.GR.: frv. visað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um skipun dýralækna á Islandi (C. 228); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Af því að mjer er eigi vel kunnugt um, hver hugsunin er með þessu frv., og þar sem jeg ekki hlýddi

á umræðurnar í h. Nd., vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann eigi vilji skýra frá, hvort meiningin er sú, að ætlazt sje til að útlendir menn verði skipaðir í þessi fyrirhuguðu dýralæknaembætti, því að vjer vitum það, að hjer á landi eru ekki til slíkir menn; eða þá hvort meiningin er sú, að bíða eigi með veitingu á þessum embættum þangað til innlendir menn eru til taks að taka þau að sjer.

Landshöfðingi: Þessi hin sama athugasemd kom fram við frv. þetta í h. Nd.; þm. ljetu þá í ljósi ótta fyrir því, að ef embætti þessi væru stofnuð áður en hæfir innlendir menn væru til í þau, kynnu þau að verða veitt útlendum mönnum. En þetta er alveg ástæðulaust. Orsökin til þess, að stjórnin hefur komið fram með frv. þetta, þótt engir innlendir hæfir menn sjeu til í embættin sem stendur, er sú, að það vakti fyrir henni, að ekki væri við að búast að nokkur íslenzkur maður mundi fara að leggja sig eptir þessari vísindagrein, nema hann ætti von á að geta fengið nokkurn veginn launað embætti á eptir; og ef það væri til, þá mundi hitt koma af sjálfu sjer, að innlendir menn legðu sig eptir þessari vísindagrein. Hitt hefur aldrei verið tilgangur stjórnarinnar, að fá útlenda menn í embætti þessi. Hún hefur þvert á móti ímyndað sjer, að eigi væri til þess að hugsa, að nokkur útlendur maður mundi sækja um embætti, sem eigi væri betur launað en þessi, og sem þar að auki þyrfti að fullnægja þeim skilyrðum um kunnáttu í íslenzku, sem sett eru. Í Nd. kom fram breyt.till. við frv. í þeim tilgangi, að girða fyrir, að útlendir menn gætu fengið þessi embætti, en hún var felld, því deildin áleit slík ákvæði óþörf og eigi vel við eiga að setja þau í slíkum lögum. Nd. treysti því, að engin hætta væri á að útlendir menn mundu sækja um þessi embætti, þar til innlendir hæfir menn byðust í þau.

Sighvatur Árnason: Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir undirtektir hans og svar í þessu máli. Jeg læt mjer nægja það, og greiði atkv. með frv. þessu.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj

Frv. til laga um aðfluttar ósútaðar húðir (C. 213); 2. umr.

Landshöfðingi: Það er einungis lítil athugasemd, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra viðvíkjandi því, hvernig síðari málsgrein frv. er. Hún hljóðar svo: „Í reglum þessum skulu sektir ákveðnar gegn brotum á þeim". Mjer finnst þessi viðauki vera óþarfur, því að 294. gr. hegningarlaganna leggur einmitt hegningu við hinum sömu brotum; hún hljóðar þannig: „Verði nokkur maður uppvís að, að dreifa út af ásettu ráði næmum sjúkdómum í húsdýrum, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum. Hver sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess, að afstýra útbreiðslu næms sjúkdóms í húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur breiðist út, skal sæta fangelsi eða sektum, ekki minna en 20 rdl". Þegar vjer höfum þessa ákvörðun í hegningarlögunum, og þar sem heimilað er líka að dæma í fangelsi fyrir slík brot, þá finnst mjer ekki eiga við, að setja svona lagaða ákvörðun í frv. þetta. Jeg vildi skjóta því til h. forseta, hvort hann eigi vill bera grein frv. upp í tvennu lagi, hverja málsgr. fyrir sig.

ATKV.GR.: Fyrri hluti frumvarpsgreinarinnar: „Landsstjórninni .... miltisdrepi" var samþ. í e. hlj., en síðari hlutinn: „Í reglum .... á þeim" felldur með 9 samhlj. atkv. — Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu því næst vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli (C. 230); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg gjöri ráð fyrir, að h. þingd. hafi kynnt sjer skjöl þau þessu máli viðvíkjandi, sem liggja frammi á lestrarsalnum, og þekki því, hvernig á máli þessu stendur. Presturinn í þessu brauði hefur enga fasta bújörð og er honum þó skipað að búa í Kollafirði. Hann hefur eigi getað fengið hingað til neina jörð, þangað til að þessi Fellseign hefur boðizt honum, en hún er einkar-hentug. Verðið á henni er einnig eptir gæðum fremur lágt. Jeg vona því, að h. deild hafi ekkert á móti frv. og viðurkenni að nauðsyn beri til, að útvega prestssetur í brauði þessu.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillögur við landsreikningana 1888 og 1889 (C. 220); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Fellt að setja nefnd í málið með 9 atkv. mót 1. Úrskurðað, að hafa eina umr. um tillögurnar.

Tillaga til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 230); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta var samþ. í e. hlj. að ræða málið í 1 umr.

Tillaga til þingsályktunar um brúargjörð á Þjórsá (C. 231); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta var samþ. í e. hlj., að ræða málið við 1 umræðu.

Tuttugasti og fyrsti fundur, mánudag 27. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá (C. 229); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. — Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 228); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinarnar allar 5 samþ. hver um sig í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um aðfluttar ósútaðar húðir (C. 213); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í heild sinni í e. hlj., og endursent Nd.

Frv. til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli (C. 230); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinarnar samþ. hver um sig í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum (C. 203, 253, 256); síðari umræða.

Flutningsmaður (J. A. Hjaltalín): Við flutningsm. höfum komið hjer fram með breytingartillögur (C. 256) við tillögurnar til þingsályktunar við gagnfræðakennslu í hinum lærða skóla, og höfum við lagað þær eptir bendingum frá hæstv. landsh.; jeg vona því að h. deildarm. munu fallast á þær. Um breyt.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skal jeg ekki ræða neitt að svo stöddu, en að eins lýsa því yfir, að jeg get ekki aðhyllzt hana (C. 253).

Grímur Thomsen: Hjer eru komnar fram tvær breyt.till., og skal jeg mæla fáein orð um báðar. Hin fyrri er frá flutningsmönnunum, og mundi greinin, ef breytingin kemst að, þá hljóða svona: „Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að *sjá um*, að gagnafræðakennsla komist á við lærða skólann". En mjer er spurn: er landsstjórnin bær um að „sjá" um þetta? Ef gagnfræðakennsla ætti að komast á í lærða skólanum, mundi það hafa talsverða breytingu í för með sjer; í skólahúsinu mundi naumast verða nægilegt rúm, heldur þyrfti þar breyting að fara fram, sem talsverður

kostnaður yrði samfara, og því hygg jeg, að landsstjórnin ein ekki væri bær um að sjá um þetta. En ef orðin „að sjá um“ þýða sama og að undirbúa, þá get jeg vel verið með till., því þá er ekki annað en fara hinn vanalega veg, og útvega fje það á fjárlögunum, er þarf til hinnar nauðsynlegu breytingar; en eigi orðin að skiljast á annan veg, virðist mjer till. ganga of langt. Hin breyt.till. er frá mjer; yrði hún samþykkt, þá mundi greinin hljóða svo: að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann; eins og jeg vil gjöra undantekningu með pilta, er tekið hafa próf á Möðruvallaskólanum, hvað latínu snertir, eins vil jeg ekki að latína sje bönnuð sem skilyrði við inntökupróf fyrir aðra nýsveina í latínuskólann, enda er rektor skólans mótfallinn því, að latínan ekki verði heimtuð við inntökupróf í skólann, nema hvað hann ekki er ófús á að veita piltum frá Möðruvöllum þau hlunnindi, eins og brjef frá honum til mín ljóslega sýnir. Jeg er nú orðinn gamall og vil taka tillit til þess, sem rektor segir í þessu tilliti, enda sje jeg ekki ástæðu til þess, hvers vegna menn ekki fallast á þessar till. rektors, ef þær ei skaða tilgang till. þeirrar, sem hjer er til umræðu. Jeg veit að ef breyt.till. mín verður samþykkt, þá munu menn koma fram með þær mótbárur, að erfitt muni verða fyrir kennarana að láta alla þessa pilta verða samferða í latínunáminu; en til þess svara jeg, að á þessu yrði sjálfsagt ráðin bót þannig, að á þessum erfiðleikum kæmi ekki til að bera, þar eð piltar, sem tekið hafa próf á Möðruvallaskólanum, vanalega eru þroskaðri í andlegu tilliti en nýsveinar almennt gjörast, og svo er það á hinn bóginn áhuginn, sem knýr þá til að fara í lærða skólann, og áhuginn mun einmitt gjöra það að verkum, að þeir í aukastundum sínum eða hjáverkum geti numið svo mikið í latínu, að þeir bráðlega geti orðið hinum samferða, án þess nokkur töf sje að; auk þessa ætti áhuginn að knýja þá til að nota eitthvað af sumarleyfinu til latínunáms. Jeg enda svo þetta mál mitt með þeirri ósk, að h. flutningsm. vildu taka meir tillit til þess, sem rektor leggur til um þetta mál, og mæli sem bezt jeg get með þessari mjög saklausu breyt.till. minni; rektor er búinn að slaka til fyrir sitt leyti; þá ættu flutningsm. að sínu leyti einnig að sýna tilhliðrunarsemi; hjer er heldur engin hætta á ferðum, því ef svo væri, þá væri hægt seinna að aftaka latínuprófið sem skilyrði fyrir alla yfir höfuð fyrir því, að fá inntöku í hinn lærða skóla.

Flutningsmaður (J. A. Hjaltalín): Þar sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) í ræðu sinni um breyt.till. okkar flutningsmanna gat þess, að stjórnin gæti ekki upp á sitt eindæmi komið þessari breytingu á lærða skólanum fram, þá getur þetta vel verið svo; en við ætlumst til að sjórnin hafi vit fyrir sjer, og sjái fram úr því, hvaða vegur henni í þessu efni sje fær eða ekki. Það er hjer um bil enginn meiningamunur milli okkar flutningsm. og h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Þar sem hann minntist á rektor lærða skólans, að honum væri þessi breyting ógeðfelld, skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt, að hann í brjefi til stiptsyfirvaldanna ljet það álit sitt í ljósi, að hann væri mótfallinn því, að latínan yrði burt numin sem námsgrein við inntökupróf í lærða skólann, en hins vegar skal jeg hjer taka það fram, að þegar jeg fyrir ekki löngu síðan átti tal við rektor um þetta efni, þá gat jeg ekki fundið það á honum, að honum væri þetta jafnmikið áhugamál, og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skýrir frá hjer nú í deildinni að honum sje það. Það er langt frá mjer, að vilja særa rektor í nokkru tilliti; en hvað þetta mál snertir, þá sje jeg ekki, að það sje mögulegt, að veita Möðruvallapiltum nokkra undantekningu í þessu tilliti, nema með því að breyta reglugjörð lærða skólans.

Grímur Thomsen: H. flutningsm. till. (J. A. H.) sagðist hafa talað við rektor lærða skólans þegar eptir 1. umr. málsins hjer í deildinni, og gaf í skyn, að honum hefði ekki verið þetta neitt áhugamál. *(J. A. H.*: Jeg sagði það ekki, heldur að honum hefði ekki verið þetta eins mikið áhugamál, eins og h. þm. Borgf. hefur haldið fram). Jeg skal þess vegna með leyfi h. forseta leyfa mjer að lesa upp fáeinar línur úr brjefi, sem jeg hef fengið frá rektor. Þar stendur svo: „Upp á fyrirspurn þína um, hvort mjer sem skólastjóra latínuskólans mundi ljúft, að latínunni yfir höfuð væri sleppt við inntökupróf í skólann, skal jeg svara þjer því, að slík breyting frá því sem verið hefur mundi vera mjer *mjög ógeðfelld*". Þetta er ritað 25. júlí, eptir að 1. umr. málsins hjer í deildinni var lokið. Svo bætir hann við: „Annað mál er það, þótt undantekning frá þessari reglu væri gerð fyrir Möðruvellinga, sem ættu að vera svo vel undirbúnir í öðrum námsgreinum, að þeir gætu varið þeim mun meiri tíma og ástundan til að nema það lítilræði í latínu, sem heimtað er við inntökupróf. Mun þeim ekki vorkunn á *utan skóla* að afla sjer þessarar litlu kunnáttu". Þetta sýnir, að rektor vill þó að nokkru leyti, ef svo má að orði kveða, „koma til móts við" till. h. 6. kgk. þm. (J. A. H.), hvað þetta atriði snertir.

Þar sem sami h. 6. kgk. þm. (J. A. H.) gat þess, að breyta þyrfti reglugjörð lærða skólans, ef latínan væri afnumin til inntökuprófs, þá þarf alveg eins að breyta henni, ef pilta á að taka próflaust inn í skólann, því í reglugjörðinni er próf í latínu fyrir nýsveina fyrirskipað, og þess vegna þyrfti þá að bæta við, að undantekning væri gjörð með Möðruvellinga, og þessi viðbót væri þá jafnframt breyting á reglugjörðinni. Jeg skil heldur ekki í því, hvers vegna lærisveinar frá Möðruvöllum, sem ganga í latínuskólann til að læra þar nýjar námsgreinir, þær greinar, sem þeim er ekki skylt að læra á Möðruvöllum, hvers vegna þeir geta ekki varið dálitlum tíma áður til að undirbúa sig í latínu, ef þeim annars vegar er það hugarhaldið og þá langar til að komast í skólann. Jeg held, að það væri auðvelt fyrir þá að verja nokkrum stundum, annaðhvort í frítímum sínum, eða á sumrin, til að nema það, sem þeim sjálfum er til þarfa, svo að þeir geti orðið samferða öðrum bekkjarbræðrum sínum í skólanum. Jeg veit t. d., að piltar hafa lært vel ensku á Möðruvallaskólanum, þótt þeir hafi lítt eða ekkert verið undirbúnir eða komnir miklu styttra en aðrir í sama bekk. Það er yfir höfuð lafhægt fyrir meðalgáfaða pilta, að læra svo, hvað sem er, að þeir geti orðið samferða bekkjarbræðrum sínum, ef þeir að eins hafa áhugann.

Árni Thorsteinson: Jeg er alveg samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að því er snertir aðfinningar hans við breyt.till. flutningsm, því að mjer finnst, að hún gangi of langt. Í reglugjörð skólans 12. júlí 1877 er svo sagt í 18. gr., að jafnskjótt og verða megi skuli innleiða gagnfræðakennslu við skólann, og að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli gjöra hinar nákvæmari ráðstafanir til þessa. Þetta hefur hingað til af ýmsum ástæðum ekki komizt á, því að ýmsar tálmanir hafa komið í veg fyrir, bæði skortur á húsrúmi og kostnaður, er óhjákvæmilega hlyti að leiða af þessu fyrirkomulagi, en nú eigum vjer samkvæmt till. hinna h. flutningsm. að árjetta stjórnina um að innleiða nú þegar gagnfræðakennslu við latínuskólann. Jeg held, að till. þessi hafi ekki mikla þýðingu fyrir þá sem við henni eiga að taka, en þeim mun meiri fyrir þá sem gera hana. Nú er af sú tíð, sem áður var, þegar þingið var að eins ráðgefandi og ekki þurfti annað en semja bænarskrár, og svo var fjeð goldið úr ríkissjóði stöku sinnum, en alloptast neitað. Þá var hægt að biðja,

þá var það ekki landssjóður, sem útgjöldin hvíldu á. Í till. er með berum orðum með tveimur eða í hæsta lagi með 5 eða 6 orðum skorað á stjórnina að sjá um, að gagnfræðakennslu verði komið á við skólann, en þá þarf einnig að koma í ljós hjá því einbeittur vilji á því, að þessi kennsla komist á við skólann. En hvað leiðir af þessari áskorun þingsins til stjórnarinnar? Auðvitað fyrst og fremst það, að stjórnin verður að taka til íhugunar, hvort taka eigi áskorunina til greina eða ekki, og fari þá svo, að hún taki hana til greina, þá leiðir þar af mikinn kostnað, eins og gefur að skilja, og þennan kostnað verður þingið að annast með fjárframlögum, með því að það hefur samþykkt þessa till. Þingið hefur, með því að samþykkja þessa till., tekið jafnframt siðferðislega skuldbindingu á hendur, til að veita fje til þess að koma á fót gagnfræðakennslu við lærða skólann. Jeg veit, að stjórnin hefur haft áhuga á, að gagnfræðakennsla kæmist hjer á, og mjer hefði því fundizt rjettast, úr því þetta er áhugamál, að till. hefði farið í þá átt, að skora á stjórnina að taka á ný til íhugunar, hvort gagnfræðakennslu ætti að stofna annaðhvort við lærða skólann, eða með sjerstökum skóla, eða privatskóla, sem væri styrktur. Með till., eins og hún nú er, úrskurðar þingið, hvar þessi gagnfræðakennsla eigi fram að fara, nl. við latínuskólann. Þess vegna er jeg mótfallinn till., en hefði annars greitt atkvæði með henni, hefðu flutningsm. orðað hana svo, að stjórnin hefði verið beðin um að taka þetta málefni til alvarlegrar íhugunar, eins og jeg hefi á vikið. Aptur á móti skal jeg játa, að jeg er fremur samdóma breyt.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að latína verði eigi afnumin til inntökuprófs í skólann, þó mjer þyki óþarft að leggja til um mál þetta. Um hitt atriðið, að piltum af Möðruvallaskóla verði leyft að ganga próflaust inn í latínuskólann, skal jeg ekki fara mörgum orðum, en að eins lýsa því yfir, að mjer er illa við þennan próflausa rjett fyrir hverja sem er. Mjer finnst hver stofnun hver opinber skóli hafi fullkominn, sjálfsagðan rjett til að kynna sjer þekkingu þeirra, er inngöngu óska. *(J. A. Hj.:* Ekki gjörir háskólinn það, og ekki heldur prestaskólinn hjer eða læknaskólinn). Það er allt öðru máli að gegna um háskólann. Hjer er ekki neinn háskóli. Verði því þessari till. framgengt, missir skólastjórnin rjettinn til að rannsaka námsástand eða þekkingarhæfileika pilta, og hún er svipt því eptirliti, sem hún á að hafa með því, að óhæfir piltar setjist í skólann. Jeg get einnig heldur ekki sjeð, að svo margt og mikið sje heimtað til inntökuprófs í skólann, að þurfi að vera mjög miklum erfiðleikum bundið að afla sjer þessarar kunnáttu.

Aðalmótbáran, sem jeg hef á móti þessu máli í heild sinni, er sú, að jeg held, að flutningsm. fari öfugt að í því, að skora á stjórnina að koma á gagnfræðakennslu við latínuskólann, með því að þetta skuldbindur þingið siðferðilega til að leggja fram fje til þess, sem ófyrirsjáanlegt er, hversu mikið verði, og heldur eigi á að ráða úr því með þingstill., að gagnfræðakennsla eigi megi vera sjerstök útaf fyrir sig. Það er þetta atriði, sem mjer finnst, að h. flutningsm. hefðu átt að taka til nákvæmari íhugunar.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að leyfa mjer, að fara nokkrum orðum um, hvers vegna jeg ekki get gefið atkvæði með breyt. till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Ef það verður samþ., að lærisveinar Möðruvallaskólans geti gengið próflaust inn í latínuskólann, þá verður nauðsynlegt að gjöra þá breytingu á reglugjörðinni, að latína verði eigi heimtuð við inntökupróf í skólann. Það er óviðfelldin ákvörðun, að sumir skuli eiga að taka próf í henni, en aðrir ekki; hin sama ákvörðun ætti í því efni að gilda fyrir alla pilta sem vilja komast í skólann. Það væri að mínu áliti betra fyrirkomulag, að engin

latína væri heimtuð undir skóla, því meiri partur þeirra pilta, sem í hann ganga, eru svo illa undirbúnir, að kunnátta þeirra er einskisvirði og kennslunni á latínuskólanum til fyrirstöðu. Nú er erfitt að fá kennara í latínu undir skóla; hávaði af stúdentum eru eigi færir að kenna það mál; væri því því miklu betra, að heimta ei latínuna undir skólann, en byrja á henni í 1. bekk; þá þarf kennarinn ekki að eyða tíma til að laga ýmsa skekkju í kunnáttu nýsveinanna, sem stafar af, hvernig þeim hefur verið kennd latínan undir skóla.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Eptir því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talar optar í þessu máli, því hættulegri sýnist mjer breyt.till. hans. Ef latína yrði höfð sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, fyrir alla nema pilta frá Möðruvallaskóla, þá mætti byrja latínukennsluna svo í 1. bekk, að þeir ættu mjög erfitt að fylgjast með; en jeg vil alls ekki láta þá þurfa að læra latínu, fyr en í skólanum sjálfum.

Það, sem h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sagði, að frv. þetta skuldbindi þingið í siðferðislegu tilliti til að leggja út fje til gagnfræðakennslu, þá segi jeg, að það sje hættulaust. En þetta við kemur ekki málinu; jeg er eigi hræddur við, að gefa því atkv. mitt, að úr landssjóði verði lagður sá kostnaður, sem þetta hefur í för með sjer.

Árni Thorsteinsson: Jeg get ekki verið samþykkur h. flutningsm. (J. A. Hj.); jeg get ekki gjört svo lítið úr siðferðisskuldbindingunni. Ef við viljum biðja um eitthvað, þá verðum við að vita, hve mikið það muni kosta fyrir fram, eða þá borga. Jeg finn viðurhlutamikið að gjöra þessa till. og verða svo ef til vill á móti framkvæmd hennar síðar. Í öðru lagi finnst mjer eigi hægt að sannfæra h. flutningsm. (J. A. Hj.); hann kom með það, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að piltar af Möðruvallaskóla væru teknir próflaust í latínuskólann; ein ástæðan hjá honum var sú, að menn væru teknir próflaust á háskólann; þetta getur verið rjett að því er Ísland snertir, en ekki að því er Danmörku snertir, því við burtfararpróf í skólum þar eru prófdómendur, sem kirkju- og kennslumálastjórnin sjer um að teknir sjeu, og hafa eptirlit, sem gengur jafnt yfir alla skóla landsins. Hið sama á sjer eigi stað hjer. „Eforatið“ yrði þá að setja „censora“ til að dæma um kunnáttu pilta frá Möðruvallaskóla; ástæða hans er þess vegna ekki gild.

Flutningsmaður (J. A. Hjaltalín): Jeg vil benda h. 4. kgk. (Á. Th.) á, að ef hann hefur lesið skólaskýrslur frá Möðruvallaskóla, þá mun hann hafa sjeð, að amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu á að útnefna prófdómendur og þeim er gefið í vald, að tiltaka spurningar þær, sem lagðar eru fyrir lærisveina.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 179 (C. 256) samþ. með 8 atkv. Breyt.till. á þingskj. 190 (C. 253) felld með 6 : 3 atkv. Þingsályktunartill. (C. 202) þannig breytt samþ. með 9 : 2 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Tillögurnar síðan sendar Nd.

Tuttugasti og annar fundur, þriðjudag 28. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð (C. 230); ein umr.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. orðalaust í e. hlj. og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis.*

Tillaga til þingsályktunar um brúargjörð á Þjórsá (C. 231); ein umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil vera meðmæltur tillögunni, en jeg gjöri ráð fyrir, að h. deildarm. sje kunnugt, að skoðanir á brúarstæðinu hafa farið fram áður, held-

ur tvisvar en einu sinni, en af því, að þeim skoðunum bar eigi saman, væri æskilegt að fá það skoðað enn á ný.

Sá, sem fyrst skoðaði brúarstæðið, var verkfræðingurinn Windfeldt-Hansen, en síðar Hovdenak; þeim bar eigi saman um brúarstæði, því um tvö eða þrjú brúarstæði er að ræða á ánni, og heldur eigi um kostnaðinn, sem munar ef mig minnir rjett nálægt 10,000 kr., sem hinn síðarnefndi var lægri í áætluninni. Nú vill svo vel til, að „ingeniör" er til taks við Ölvesána, sem hæstv. landsh. hefur skýrt mjer frá, að muni gefa kost á sjer til að skoða brúarstæði þetta að afloknu brúarsmíðinu á Ölvesá; sú skoðun mundi eigi verða mjög dýr, eða jafnvel ekkert kosta. Þegar nú h. deild sjer, að slík skoðun muni vera nauðsynleg, vona jeg að hún lofi till. þessari fram að ganga, eptir því, sem þetta mál horfir við.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 10 atkv. og afgreidd til landsh. sem *þingsáun samþ. af báðum deildum alþingis.*

Tillögur við landsreikningana 1888 og 1889 (C. 220); ein umr.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdm. munu sjá, hafa flestar af tillögum yfirskoðunarmanna landsreikninganna viðvíkjandi landsreikningunum fyrir 1888 og 1889 verið samþykktar í h. neðri deild. Þessar tillögur eru hvorki margar nje þýðingarmiklar, og get jeg fallizt á flestar þeirra. Um 1. og 2. tillöguna hef jeg ekkert að athuga og munu þær verða teknar til greina, að því leyti sem það ekki þegar er gjört. 3. tillagan: „Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningunum framvegis", er að vísu brotamikil og til mikils tímaspillis, en jeg skal þó eigi mæla sjerstaklega á móti henni. En 4. tillagan: „Að afgjaldsskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum", sje jeg eigi að sje til nokkurs gagns og er tilgangslaust að samþykkja hana.

Það er flestum kunnugt, að í hvert skipti, sem umboðsjörð er byggð, fylgir umboðsreikningnum eptirrit af byggingarbrjefinu. Þegar endurskoðari þannig hefur í höndum staðfest eptirrit af öllum byggingarbrjefum fyrir þjóðjörðum, sje jeg eigi, hvaða frekari skýrslur þarf til þess, að sjá, hvort afgjaldsskráin er rjett eða eigi. Þetta er einhver gömul kredda frá tímum rentukammersins, en hún er þýðingarlaus nú orðið. Í hverju er hún fólgin? Sýslumaður les upp afgjaldsskrána og spyr þingheiminn, hvort nokkur hafi nokkuð að athuga við hana. Í fyrsta lagi er eigi að vita, að allir þjóðjarðalandsetar í þinghánni sjeu til staðar á þinginu; þeir, sem ekki eru viðstaddir, geta ekki fundið að; í öðru lagi má geta nærri, þar sem svo margir eru saman komnir og svo margt er að starfa, með hve miklu athygli menn munu hlusta á slíkan lestur. Mjer finnst tillagan óþörf, umstangsmikil og óþægileg bæði fyrir sýslumenn og fyrir þingheiminn, og þýðingarlaus fyrir endurskoðunina.

Júlíus Havsteen: Jeg ætlaði að gjöra athugasemd viðvíkjandi 4. tillögunni. Það er venja í norður- og austuramtinu, að prófa þessar skrár á manntalsþingum, en jeg hef opt hugsað um, til hvers það væri gjört, og hef eigi getað sjeð, að það gjöri nokkurt gagn. Jeg er sannfærður um, að þetta er óþarfi og ætti að takast af.

E. Th. Jónassen: Mjer er ókunnugt um, að þeirri venju hafi nú um langan tíma verið fylgt í suður- og vesturumdæminu, að prófa afgjaldaskrár umboðsjarða á manntalsþingum, og er óþarfi að fara að innleiða hana nú.

ATKV.GR.: 1.—2. till. samþ. með 10 atkv. hvor; 3. till. felld með 7 : 3 atkv.; 4. till. felld með 9 : 2 atkv.; 5.—6. till. samþ. hvor um sig í e. hlj.

Tillögurnar þannig breyttar samþ. í e. hlj. og afgreiddar til landsh.

Tuttugasti og þriðji fundur, miðvikudag 29. júlí kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga um brúargjörð á Ölvesá (C. 229); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj., afgreitt síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um skipun dýralækna á Íslandi (C. 228); 3. umr.:

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust í heild sinni í e. hlj., og afgr. síðan til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tuttugasti og fjórði fundur, fimmtudag 30. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatunguprestakalli (C. 230); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. orðalaust samþ. í e. hlj., og afgr. síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860 (C. 271); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): H. deild er það kunnugt, að frv. það til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, er stjórnin að þessu sinni lagði fyrir þingið, var fyrir skemmstu felldt í Nd. með litlum atkvæðamun. Þetta frv. var, svo sem það var lagað í þessari deild, mjög líkt tilskipuninni frá 28. marz 1855, nema hvað það var nokkuð strangara að því er snertir verkhvíld manna á helgidögum. Það er kunnugt, að opið brjef 26. septbr. 1860, sem lengir helgi hvíldardagsins eptir tilskipaninni frá 28. marz 1855 frá miðaptni allt til kvelds, að þótt það væri komið fram eptir óskum þjóðarinnar og kröfum þjóðviljans, hefur aldrei áunnið sjer almannahylli hjer á landi, og þar af leiðandi hefur því ekki auðnazt sú hlýðni, sem lögum á að sýna; þetta opna brjef hefur því eins og kastað óvild á tilskip. 28. marz 1855, og gjört mönnum erfiðara að framfylgja henni. - Af þessu er það, að jeg, ásamt 2 h. meðdeildarm. mínum, hefi komið fram með þetta frv. Við berum það traust til h. deildar, að hún taki frv. vel, eins og jeg líka vona að það fái góðar viðtökur í neðri deild, þegar það kemur þangað.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2 umr. e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (C. 282); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Þetta frv. er ekki nýtt hjer í deildinni, því það hefur tvisvar verið borið hjer upp áður, og hef jeg í bæði skiptin verið því mótfallinn, og eins er jeg það enn þá. Jeg er hlynntur því, að löggilda þar verzlunarstaði, sem nauðsynin virðist að útheimta þetta, en þar sem þetta ekki á sjer stað, eða öllu heldur þar sem löggildingin einungis verður til þess, að dreifa verzlunarkraptinum, eins og hjer á sjer stað, þar get jeg ekki verið með að gefa atkv. mitt fyrir löggildingunni. Eins og hjer er ástatt, sýnist það vera hreinn óþarfi að löggilda Vogavík, þar sem svo að segja í nágrenninu er sinn verzlunarstaðurinn til hvorrar handar, nfl. Keflavík og Hafnarfjörður, og á sjálfum staðnum er auk þessa sveitaverzlun; þar að auki flytja kaupmenn til manna þar og frá þeim aptur alla þungavöru. Enn fremur er þar vond höfn og slæmt kaupstaðarstæði, mestallt tómt hraun, þegar túnið er undanskilið, en, eins og mönnum gefur að skilja, þá er það mjög óheppilegt, að þurfa að stykkja það í sundur. Að svo mæltu lýsi jeg því yfir, að jeg gef atkv. mitt móti þesssu frv., eins og jeg þegar í upphafi ræðu minnar tók fram.

Þorleifur Jónsson: Það er rjett, sem h.

2. kgk. þm. þm. (E. Th. J.) tók fram, að það er ekki í fyrsta skipti, að frv. þetta kemur inn á þing, heldur hefur það tvívegis verið hjer fyrir þinginu áður, en í hvorttveggja sinnið fallið; þrátt fyrir það þreytast ekki hjeraðsbúar að biðja um þessa löggildingu og sýna með því, að þeim er þetta áhugamál; því annars mundu þeir ekki koma svona fram með bæn sína hvað eptir annað. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hjelt, að löggilding Vogavíkur mundi verða til þess að draga kraptinn úr verzlaninni í hinum næstu kauptúnum; en þetta tel jeg mjög svo óvíst; það gæti vel komið fyrir, að kaupmenn úr næstu kauptúnum stofnuðu þar verzlanir, að minnsta kosti veit jeg dæmi til slíks. H. sami þm. kom einnig fram með þá mótbáru gegn löggildingunni, að kaupmenn flyttu þungavöru til Vogavíkur og þaðan; en, má jeg spyrja: því skyldu menn þá svo ákaft óska löggildingarinnar? Eitthvað hlýtur hjeraðsbúum að þykja á bresta, meðan þeir ekki verða hennar aðnjótandi; einnig tók hann fram, að höfnin þar væri slæm; en um þetta atriði skal jeg taka það fram, að hjer ber mönnum ekki saman; sumir segja að hún sje góð, að minnsta kosti er það víst, að hún er betri en Keflavíkurhöfn; jeg tek það því aptur fram, að jeg gef frv. atkv. mitt, og vona til þess, að þingið að þessu sinni verði við óskum hjeraðsbúa og veiti þeim löggildingu Vogavíkur.

E. Th. Jónassen: H. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) hafði ekki orð mín rjett eptir mjer. Jeg sagði ekki, að löggilding Vogavíkur yrði til að dreifa verzlunarkraptinum, heldur meinti jeg að óþarfalöggildingar verzlunarstaða gerðu þetta almennt. — Jeg gleymdi annars áðan að taka fram eina ástæðuna enn þá á móti löggilding Vogavíkur, og hún er sú, að komist gufuskipaferðir hjer á innan Faxaflóa, þá virðist alveg óþarft að löggilda hana, því þar við yrðu allir flutningar á þungavöru enn þá auðveldari, og svo má heldur ekki gleyma því, að öllum lausakaupmönnum er heimilt að sigla þangað og verzla. Jeg játa það, að höfnin er verri í Keflavík; en á hinn bóginn skal jeg geta þess, að þar er mjög gamall verzlunarstaður, og mundu verzlanirnar þar trauðlega leggjast niður, eins og jeg líka er sannfærður um það, að ef kaupmenn úr Keflavík hefðu verzlun í Vogum, þá mundi verðlagið verða svipað á báðum stöðunum. Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg hef hvergi orðið þess áskynja, að þetta væri almenn ósk hjeraðsbúa, heldur hygg jeg miklu fremur, að þessu hafi verið hreift fyrir tilstilli einstakra manna, sem máske kynnu að hafa persónulegan hag af því. Með því að jeg fæ ekki skilið, að það yrði til nokkurra bóta, að frv. þetta næði fram að ganga, gef jeg, eins og jeg þegar hef tekið fram, atkv. móti því.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg, hvað frv. þetta snertir, er alveg á sama máli og h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.), því jeg get ekki skilið í því, að beiðni þessi væri send hingað inn á þing, ef það, sem beðið er um, væri ekki til gagns. Jeg kannast við það, að bæði Hafnarfjörður og Keflavík eru verzlunarstaðir þar í nánd, en þó svo sje, og Vogavík yrði löggilt, tel jeg það engan skaða, úr því þar er betri höfn en í Keflavík; enda hefur það komið fyrir, að skip, sem eigi hafa getað legið óhult á Keflavíkurhöfn, hafa leitað inn á Vogavík, og tekizt það vel; ekki fæ jeg heldur sjeð, að það sje hættara við, að þar verði verzlað meira með brennivín en í Keflavík. Þar eð jeg get ekki skilið, að mótbárur þær, sem færðar hafa verið fram á móti frv., sjeu svo gildar, að það sje frágangssök að frv. fái fram að ganga, lýsi jeg því hjer með yfir, að jeg gef því atkv. mitt.

Þorleifur Jónsson: Mjer þótti vænt um, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) var mjer samdóma um það, að höfnin á Vogavík

væri betri en höfnin í Keflavík, þó hann ekki væri á því, að verzlunin þar mundi dragast þaðan og til Vogavíkur. En jeg þekki þó svo mikið til, að menn í samskonar tilfellum og hjer hafa reynsluna fyrir sjer; þetta á sjer stað t. a. m. á Norðurlandi, þar sem ný kauptún hafa risið upp; síðan Sauðárkrókur komst upp, hefur svo að segja öll verzlun dregizt þangað frá hinum gömlu verzlunarstöðum Hofsós og Grafarós, svo nú er Sauðárkrókur orðinn stórt kauptún; sama er að segja um, að síðan Blönduós í Húnavatnssýslu komst upp, að þá hefur verzlunin á Skagaströnd (Hólanesi og Höfðakaupstað) talsvert gengið til rýrnunar; eins gætu menn ímyndað sjer, að með tímanum gæti verzlunin rýrnað í Keflavík, og að lokunum alveg lagzt þar niður, og dregizt öll til Vogavíkur. Mjer er ómögulegt að skilja í því, að það spilli í nokkurn handa máta, þótt h. deild samþykki frv. það, sem hjer ræðir um, úr því það auðsjáanlega er talsvert áhugamál fyrir hjeraðsbúa.

ATKVGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (C. 282); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Af því að næsta málið á undan þessu, um löggilding Vogavíkur, fjekk eigi góðan byr hjer í deildinni, þá vil jeg leyfa mjer að tala fáein orð þessu frv. til meðmælingar. Jeg álít ekki rjett, að fella þessa beiðni, er hjer liggur fyrir, um löggilding svonefndrar Kárahafnar við Ingólfshöfða. Þeir sem kunnugir eru vita, að það er mikið svæði allt vestan frá Mýrdalssandi og austur að Breiðamerkursandi, sem hjer er um að ræða, og að á þessu svæði er enginn löggiltur verzlunarstaður. Vík í Mýrdal, sem Vesturskaptfellingar hafa auðvitað mikið gagn af, er að vísu ekki svo mjög langt frá; en samt verður þó ekki annað sagt, en að talsvert erfitt sje að sækja þangað af Austursíðu eða úr Fljótshverfi, því að það er æðilangur vegur, og svo er þess að gæta, að mjög mikið tvísýni er á því, að sú verzlun geti fullnægt öllum Vestur-Skaptfellingum og Öræfingum í tilbót. Þeir sem einkum njóta góðs af því, að Kárahöfn yrði löggiltur verzlunarstaður, yrðu einkum jafnvel Suðursveitingar, en sjálfsagt Öræfingar, Fljótshverfingar og Síðumenn, því að þá gætu þeir átt von á að fá flutta þangað þungavöru, sem þeir nú með ærnum kostnaði verða að sækja víst að nokkru leyti annaðhvort austur á Papós eða Eyrarbakka. Mjer finnst því mjög óeðlilegt, ef þingið skyldi neita þessari sanngjörnu beiðni, þar sem svo langt er í milli kaupstaða, að menn verða að fara þangað margar dagleiðir og þar með um eyðisanda og yfir illfær vötn. Þess vegna er jeg hlynntur þessu frv., enda vil jeg láta mönnum allt standa opið, hvað löggildingu nýrra verzlunarstaða snertir, þegar um verulega nauðsyn er að ræða, eins og hjer á sjer stað, en hitt er nokkuð annað mál, og eðlilegra, þótt andmæli komi fram gegn þessum löggildingum, þar sem verzlunarstaðirnir eru svo að segja hver hjá öðrum, því að þá sýnist að minnsta kosti minni þörf vera á því að fjölga þeim.

E. Th. Jónassen: Jeg tók það fram áðan í umræðum um löggilding Vogavíkur, að jeg væri mótfallinn því að löggilda nýja verzlunarstaði, þar sem enga nauðsyn bæri til þess, og þess vegna greiddi jeg atkv. gegn löggildingu þessa staðar, af því að jeg áleit hana óþarfa. En mjer finnst allt öðru máli að gegna með þá beiðni, er hjer liggur fyrir um löggilding Kárahafnar, því að það er öllum kunnugt, að í Skaptafellssýslu er hafnleysi mikið og svo að segja engir verzlunarstaðir. Sýslubúar þar eiga því mjög örðugt með aðdrætti, þeir verða að sækja um langar leiðir yfir eyðisanda og stór lítt fær vatnsföll, og hljóta því opt að verja til þessara ferða miklum tíma og þá helzt á sumrin, þegar þeim er baga-

legast, því að á öðrum tíma árs er varla tiltök að fara svo torsótta og langa leið. Jeg álít þess vegna sjálfsagt, að löggilda *þennan stað*, þar eð sýslubúum getur orðið það til svo mikils gagns og hægðarauka.

Jeg skal geta þess, að jeg hef leitað mjer upplýsinga um þennan fyrirhugaða verzlunarstað, Kárahöfn, hjá kunnugum manni, þm. Austurskaptfellinga, og skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, sem hann hefur sagt mjer. Kárahöfn er vogur eða vík, sem gengur inn austan til við Ingólfshöfða; þar er góð höfn, og 30 faðma frá landi er 8—10 faðma dýpi; annarsstaðar er mönnum ekki kunnugt um dýpið, að sögn þm. Þar er góður botn, ekki hraunbotn, og optast logn inn á víkinni, þótt hvasst sje úti fyrir, enda sagði hann mjer, að frakknesk fiskiskip hleyptu opt inn þangað og lægju þar, þegar hvasst væri. Jeg hafði áður ætlað, að illt væri að komast þar að landmegin, eptir því sem mjer sýndist á landsuppdrættinum, en hann sagði mjer, að ekkert væri því til fyrirstöðu, og þar mætti ávallt komast að, því að þar væri landið grasi vaxið innan til norðanvert við höfðann, en Skeiðará rynni til sjáfar vestan til við hann, og gæti því vel komizt á sumarverzlun við Kárahöfn. Jeg álít því sjálfsagt, að löggilda þennan stað, einkum þegar þess er gætt, hve Skaptfellingar yfir höfuð eiga erfitt með að ná til kaupstaða, og eptir því sem þessum stað er lýst, hygg jeg að innsiglingin þangað sje ekki örðugri en á margar aðrar hafnir, sem löggiltar eru. Einkum skal jeg taka það fram, að ef kaupmenn fara að hafa smá gufuskip til vöruflutninga, eins og t. d. Eyrarbakkaverzlun hefur byrjað á, þá er minni hætta fyrir þau, að fara inn á slæmar hafnir, heldur en fyrir seglskip, því að gufuskipin geta ávallt tekið sig upp, þegar tvísýnt er að liggja á höfnum veðurs vegna, sem seglskipum er ekki ávallt unnt. Þess vegna skal jeg lýsa því yfir, að jeg greiði atkv. með þessu frv.

Skúli Þorvarðarson: Jeg stend ekki upp til að andmæla þessu frv., því að jeg kannast við, að fulla nauðsyn beri til, að þessi staður, Kárahöfn, verði löggiltur sem nýr verzlunarstaður, þar eð það myndi verða talsverður hægðarauki, hvað aðdrætti snertir fyrir sveitirnar í vesturhluta Austur-Skaptafellssýslu og austurhluta Vestur-Skaptafellssýslu, sem eru verst farnar í þessu efni, að geta sótt vörur þangað. En jeg ætlaði að minnast dálítið á lýsingu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) á þessum stað, því að jeg held, að hún sje ekki fullkomlega áreiðanleg, þótt hún sje samkvæmt sögn kunnugs manns, þm. Austur-Skaptfellinga; jeg að vísu er ekki persónulega kunnugur þessum stað, en jeg hef heyrt honum lýst af kunnugum manni, sem jeg hygg trúandi í því efni. Og skal jeg leyfa mjer að fara fáeinum orðum um það. Kárahöfn eða Káravík hin forna er nú ekki annað en nafnið tómt; það var áður fyrrum vogur og dágott skipalægi, innan með höfðanum að austanverðu, sem nú er sljettur sandur eða þurt land, en nú er það að eins vík eða bás framan í Ingólfshöfða, og er þar að vísu aðdjúpt nokkuð, þótt jeg geti ekki sagt um, hvort þar er 30 faðma dýpi frá landi 8—10 faðma, eins og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram. En hitt nær engri átt, að þar sje ávallt logn í hverri átt sem er, nema í norðanátt. Jeg veit, að það kemur fyrir að fiskiskútur hafa siglt þar inn undir höfðann, helzt í norðanveðri, því að þá er þar afdrep sunnan undir höfðanum, eins og jeg áður sagði. Jeg vil ekki mæla á móti þessu frv. og er samþykkur h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að verzlun gæti orðið þar að talsverðu gagni, einkum um sumartímann, en aptur á móti kemur mjer ekki til hugar, að þar verði höfð fastaverzlun árið um kring. En hversu mikið gagn getur ekki orðið að uppsigling þang-

að um sumartíma. Það sýnir bezt dæmið af Vík í Mýrdal.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um eyðing svartbakseggja (C. 282); 1. umr.

Grímur Thomsen: Jeg vildi bera upp þá spurningu, hvort frv. þetta ætti að ganga til 2. umr., því í dag er eigi um annað að ræða. Jeg neyðist til að gera athugasemd, sem hverjum manni getur skilizt. Mjer virðist frv. vera ómögulegt, orðfærið á því er svo lagað. Þar sem t. d. stendur: „Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, skal hann gjalda 5—100 kr. sekt. Sje vanræksl-an ítrekuð, tvöfaldast sektin". Hvernig á að sanna, að nokkur hafi vanrækt, að eyða eggjunum? Jeg set svo, að jeg hafi leitað og fólk mitt, en jeg finn þau eigi öll, svo kemur uppljóstrarmaðurinn og finnur nokkur svartbaksegg, hann kærir mig og jeg er sektaður. Þetta fyrirkomulag er alveg óhafandi, það fjörgar uppljóstrarmennina, sem fá $^2/_3$ af sektinni; það er svo bogið, að ómögulegt er að það geti gengið lengra.

Júlíus Havsteen: Jeg get eigi fallizt á það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, og get ekki dregið hina sömu ályktun út úr frv. sem hann. Sjerílagi skal jeg minnast á dæmi hans. Varpeigandi eða sá, sem í hlut á, er engan veginn sekur, þótt einhver gangi um varpland hans og finni svartbaksegg; þar með er eigi sannað, að hann hafi gjört sig sekan í nokkurri vanrækt, og er enginn tími ákveðinn til þess að eyða eggjunum. Það er nóg, að þetta sje gjört áður en ungarnir skríða úr eggjunum. Það eru ungarnir, sem halda til á sama stað, sem fuglinn hefur orpið, sem segja til, hvort vanrækslan hafi átt sjer stað. Jeg sje því eigi, að þessi ástæða h. þm. (Gr. Th.) eyði frv. að svo stöddu.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að svara h. 1. kgk. þm. (J. H.). Frv. heitir: „Eyðing svartbaks-*eggja*, en ekki svartbaks-*unga*". Jeg skal játa, að jeg er eigi svo kunnugur svartbak, að jeg geti dæmt um, hvort athugasemd þingmannsins er rjett eða eigi. En hvað sem ungunum líður, þá getur búandi með bezta vilja farið á mis við eggin og ekki fundið þau. Þetta veit h. þm. (J. H.). Þetta er hættulegt, af því þessar sektir liggja við og uppljóstrarmenn fá sinn hluta af þeim, og frumv. er svo óákveðið, að það er ósanngirni að það verði að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Lög þessi eru „drakonisk" og óhafandi; þau geta haft í för með sjer, að saklaus maður verði sektaður.

Þorleifur Jónsson: Jeg er ekki á sömu skoðun og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og h. 3. kgk. (L. E. Svb.). Jeg skal taka sama dæmið sem þm. Borgf. (Gr. Th.), að ábúanda sæist yfir nokkur egg, en ef hann gjörir sjer far um að eyða eggjunum, skil jeg ekki að hann verði sektaður; það er þá ekki vanræksla; ef hann gjörir sjer allt far um það, þá hlýtur hann að sleppa við sektir. Annað mál er það, ef um lítið svæði, litla eyju t. d. væri að ræða, sem væri svo lítil, að ómögulegt væri að sjást yfir nokkurt egg. Frv. hefur góðan tilgang, að vernda æðarfuglinn, og efla hina arðsömu atvinnugrein, æðarræktina, og er þetta að eyða vargnum eitt með öðru mjög áríðandi í því efni. Jeg get ekki fundið að lögin sjeu „drakonisk", þótt sektir liggi við, ef vanrækt er að eyða eggjunum, eins og h. 3. kgk þm. (L. E. Svb.) kallaði frumvarpið.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get eigi sjeð annað, en að tilgangurinn með frv. þessu sje sá, að eyða á ódýran hátt svartbaknum með því, að eyða eggjunum. Menn vilja fá lán, til að eyða svartbak, og þá er von, þótt þeir vilji fá enn betra verkfæri til þess, að eyða eggjunum, þ. e. þessi

lög. Betra álít jeg þó, að lagt hefði verið hátt verð á eggin, eða gefin premía fyrir þau; kaupandi gæti etið þau og þannig haft nokkuð upp úr kaupi sínu. En úr því nú að þetta getur ekki gengið eptir frv., þá vil jeg leggja það til, að málið gangi til 2. umr.

Jeg skal geta þess, að mjer er eigi ljós þýðing 1. gr. þar sem segir: „Hver ábúandi er skyldur að láta eyða eggjum þeim o. s. frv“. — Hjer er ekki tekið fram hvort hann sje skyldur að eyða *öllum* eggjunum eða að eins nokkrum. Í annari málsgr. sömu gr. stendur: „Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu o. s. frv“. Þetta er alveg ótiltekið, því eigi er talað um hvort vanrækslan komi af ásetningi eður af vanvara, af vítaverðu skeytingarleysi eður af tilviljun. Þetta er of óljóst. Það mætti kalla vanrækslu eptir frv., ef að morgni fyndust egg, sem fuglinn hefði orpið um nóttina. Ef lögin væru skilin svo stranglega, yrði ábúandinn að láta vaka yfir hverjum hólma og hverri eyju, já, að láta sitja yfir svartbaknum um varptímann. Þetta má nú laga og vil jeg því að málið gangi til 2. umr.

E. Th. Jónassen: Mjer er kunnugt um, að íbúum Breiðafjarðareyja er mikið áhugamál að fá lög um þetta. Jeg vil því styðja uppástungu h. 5. kgk. (A. Ó.) að láta málið ganga til 2. umr. Mjer sýnist málið of alvarlegt til að gjöra spaug úr því.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 : 1 atkv.

Fyrirspurn til landshöfðingja (C. 272); *hvort gjöra megi.*

ATKV.GR.: Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Tuttugasti og fimmti fundur, föstudag 31. júlí kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fgrir árin 1888 og 1889 (C. 280); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var orðalaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 280); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var umræðulaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1888 og 1889 (C. 281); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. var orðalaust vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 285); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Flestir munu vera ásáttir um, að hið íslenzka hestakyn hefur marga mjög góða kosti til að bera, en að því miður er eigi lögð sú rækt við það, sem vera skyldi, og æskilegt væri. Ef frv. þetta næði fram að ganga, gæti það ráðið mikla bót á þessari vanrækslu, og stuðlað til þess að hestakynið yrði framvegis vandað betur í tilliti til kynbóta og uppeldis, einkum í þeim hjeruðum, sem tiltækilegust væru, og hestaeign er mest, og væri það gjört, þá yrði það bæði til gagns og sóma fyrir land vort. Frv. þetta er og mjög hóflegt; það gefur að eins leyfi, ef mönnum kynni að sýnast nauðsynlegt, að nota samþykktarfrelsi í þessu máli, og kostnaðurinn er eigi annar en sá, sem hjeraðsbúar þeir, sem hlut eiga að máli, leggja sjálfir á sig af frjálsum vilja; það er og nógsamleg trygging sett fyrir því að engu gjörræði muni beitt verða, þar sem staðfesting slíkra samþykkta er lögð í hendur amtmanns, er sjá mun um að einskis rjetti sje hallað, fram yfir það, sem lög leyfa.

Jeg vil því gefa frv. þessu hin beztu meðmæli mín, og vona að h. þingd. viðurkenni, að ekki getur neitt verið á móti frv. þessu, en að það aptur á móti getur orðið til mikils gagns og góðs fyrir þær

sveitir, er helzt er um að tala að geti haft töluverða hestarækt.

ATKA.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 284); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Af því að þetta er mikið vandamál og jafnframt mikið áhugamál þjóðarinnar, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á að 3 manna nefnd sje sett til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,	Árni Thorsteinsson,
E. Th. Jónassen,	Friðrik Stefánsson,
Sighvatur Árnason,	Grímur Thomsen,
Skúli Þorvarðarson,	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn af þeim mönnum, sem álít, að það sje komið mál til þess, að breyta tilsk. frá 31. maí 1855, því að hún er orðin gömul og fyrir það orðin á eptir tímanum; enda er þjóðin orðin óánægð með hana. Eins og kunnugt er, er prestastjettin fjölmennust hjer á landi af embættismönnum, en nú hefur á síðustu tímum verið skipað fyrir um laun þeirra með lögum; það virðist því einnig tími kominn að íhuga eptirlaunalögin frá 31. maí 1855, og gjöra meiri samjöfnuð en nú er á eptirlaunum presta og annara embættismanna. Jeg fyrir mitt leyti skal lýsa því yfir, að jeg get vel fellt mig við frumv. það, sem hjer liggur nú fyrir. Það kom að vísu til orða á þingi 1889, að afnema með öllu fastákveðin eptirlaun; en bæði er það, að nokkur spurning er um, hvort hægt sje að gjöra slíkt án þess að það komi í bága við stjórnarskrána, og eins er hitt, að jeg held að það verði ekki þægilegt verk fyrir þingið eptir á að taka til íhugunar og álíta beiðni frá embættismönnum, er búnir eru að segja af sjer, og fella úrskurði sína um þær, því að auðvitað mætti búast við, að margur fyrverandi embættismaður mundi á gamalsaldri þurfa styrks við, eða að minnsta kosti beiðast hans.

Jeg er því meðmæltur þeirri stefnu þessa frumv., að hafa eptirlaun fastákveðin, en hitt er annað mál og meiningamunur getur verið um, hve mikið á að færa þau niður frá því sem er. Auðvitað þarf breytingin á hinum eldri eptirlaunalögum að vera í þá átt, að eptirlaunin verði lækkuð, — jeg skal játa það, að jeg er einn af þeim, sem álít, að eptirlaunin sjeu að jafnaði allt of há, og mjer virðist frv. þetta vera ekki svo fjarri sanni, sjerstaklega með tilliti til frv. þess, sem næst er á dagskránni. Jeg hygg, eptir því sem jeg hef gætt að, að það muni láta nærri, að við það muni eptirlaunin lækka um helming, ef frv. þetta nær fram að ganga, en svo kemur frv. um ellistyrkinn til að bæta upp þann mismun, sem er á eptirlaunum þeim, er frv. gjörir ráð fyrir, og hinum eldri eptirlaunum, samkv. tilsk. frá 31. maí 1855.

Jeg vil því mæla með því, að frv. þetta gangi fram.

E. Th. Jónassen: Jeg tók það fram áðan, að þetta er vandamál, og af því að það er líka áhugi manna að fá hinum eldri eptirlaunalögum breytt, stakk jeg upp á að nefnd yrði sett til að íhuga frv., því að jeg vildi ekki að frv. fjelli nú þegar, heldur ef auðið væri að laga það og breyta á betri og viðunanlegan hátt.

Það er margs að gæta við þetta mál, þegar það er athugað frá rótum, og jeg get ekki fallizt á, að tekizt hafi vel í þessu frv. að koma því fyrir. Eptirlaunin eru færð allt of mikið niður; það verður að gæta hófs í hverjum hlut. Þetta frumv., sem næst er á dagskránni, bætir

heldur alls eigi úr, því það er öldungis óhafandi, bætir að eins gráu ofan á svart.

H. þm. Rangvellinga (S. Á.) var að bera þessi fyrirhuguðu eptirlaun saman við eptlaun þau, er prestar hefðu samkvæmt hinum nýju launalögum. Jeg skal benda h. þm. á, að enn þá eru það nokkrir prestar, sem fá hærri eptirlaun en þau sem ákveðin eru prestum í hinum síðustu eptirlaunalögum þeirra; og í annan stað vil jeg alls eigi miða við þessi eptirlaun presta, því að þau eru svo ósanngjörn, sem mest má verða; það er öldungis óhæfilega lítið, að ákveða þeim einar 10 kr. fyrir hvert þjónustuár í embætti. Jeg held að þau lög eigi skilið að þeim yrði breytt hið fyrsta.

Jeg skal taka það fram viðvíkjandi eptirlaunum þeim, sem eru fyrirhuguð í frv. þessu, að framsögum. frv. í Nd. 1889 sagði sjálfur, „að þau væru ekki nóg fyrir menn til til að lifa af, er fyrir elli sakir gætu eigi þjónað embætti“, og fyrir því væri nauðsynlegt að embættismaður keypti sjer ellistyrk, eins og næsta mál á dagskránni fer fram á.

Til þess að benda á, hve afarlítil eptirlaun þau eru, sem frv. þetta gjörir ráð fyrir, skal jeg taka til dæmis hjeraðslæknana, sem hafa 1500 kr. í laun á ári. Nú getur maður vel búizt við, að hjeraðslæknir þurfi í mörg ár framan af að gjöra sig ánægðan með aukalæknishjerað og sje orðinn hálf-fimmtugur þegar hann verður hjeraðslæknir, en þurfi síðan sextugur að fá lausn frá embætti. Eptirlaun þau, sem slíkur embættismaður fengi eptir frv., eru ósæmilega lítil, einar 295 kr. á ári. — Þess ber og að gæta, að flestir embættismenn eru meira eða minna skuldugir eptir veru sína á skólunum og við efri menntastofnanir og verða því að byrja á því hin fyrstu embættisár sín, að borga þessar skuldir sínar, og það gengur að sjálfsögðu seint og erfitt, þar sem flestir embættismenn hafa lítil laun, og engir mikil. Jeg sje ekki hvernig t. a. m. hjeraðslæknar eiga að fara að eptir 15 ára þjónustu að sjá fyrir konu og börnum með svona lágum eptirlaunum. Það bætir ekkert úr, að margir uppgjafaprestar og prestsekkjur verða að lifa við mjög bág kjör, því að slíkt er óþolandi, og mjer virðist sómi þingsins liggja við að bæta úr og breyta þeim lögum.

Þetta frv. sem hjer liggur fyrir er beinlínis apturför. — Jeg væri ekkert á móti því, að breyta nokkuð til hins lægra eptirlaunum þeim, sem ákveðin eru með tilsk. 31. maí 1855, og fyrir því lagði jeg til að nefnd yrði kosin til að íhuga frv. En ef menn vilja ekkert laga þetta frv, verð jeg að greiða atkv. á móti því.

Þorleifur Jónsson: Jeg greiddi atkv. á móti því að kjósa nefnd í þessu máli, af því að jeg áleit óheppilegt að gjöra það áður en þingmenn hafa látið nokkuð í ljósi álit sitt um frv. Það getur verið hin bezta bending fyrir nefnd, er kynni síðar að verða kosin, að fá að heyra ástæður manna í umræðunum til þess að geta tekið þær til greina.

Þá er jeg sný mjer að frv. þessu, þá miðar það til að lækka þessa eptirlaunabyrði sem nú hvílir á landssjóði og sem farið hefur mjög vaxandi síðan landið fjekk forráð síns eigin fjár.

Jeg hef gætt að því, hver upphæð eptirlaunanna hefir verið síðan. Árin 1876 og 1877 voru þau rúm 20 þús. kr. hvort árið; árið 1878 vaxa þau upp í rúm 23 þús. og 1879 eru þau komin upp í 26 þús., árin 1880 og 1881 eru þau ögn lægri, tæpar 24 þús. kr. hvort árið, og 1882 komust þau upp í 25 þús. kr. Svo eru þau 1883 nokkuð lægri, 23 þús. kr. En úr því hækka þau stórum árlega. 1884 eru þau 25 þús., 1885 29 þús., 1886 35 þús., 1887 36 þús., 1888 og 1889 38,800 kr. hvort árið, að meðaltali eptir frv. því sem nú liggur fyrir um samþ. á landsreikningunum. Eptir áætlun fjárlaganna er hvort árið 1890 og 1891 gert ráð fyrir 45 þús.

kr, og hin sama upphæð er ætluð nú fyrir 1892 og 1893 í fjárlagafrv. stjórnarinnar.

Eptirlaunin vaxa þannig stöðugt og eiga enn eptir að vaxa, því að bæði er það, að einn embættismannaflokkur, hjeraðslæknarnir, eru enn þá lítið farnir að fá eptirlaun og svo er á hverju þingi bætt við nýjum embættum, t. a. m. forstöðumanni stýrimannaskóla árið 1889 og nú í ár dýralæknum og „slöjd"-skólakennara. *(Júl. H.:* Þeir verða ekki konungl. embættismenn). Þeir munu að líkindum þurfa einhvern eptirlaunastyrk samt. Vjer getum því búizt við, að innan skamms verði þessi útgjaldaliður á fjárlögunum kominn upp yfir 100 þús. kr. fyrir fjárhagstímabilið og er því engin furða, þótt menn hristi höfuðið yfir því að landið skuli þurfa að varpa svo geipimiklu fje til embættismanna eptir það að þeir hafa verið í embættunum, og spyrji því: Er þetta nauðsynlegt? Má ekki spara eitthvað af þessu? Það hefur því talsvert borið á óánægju meðal þjóðarinnar yfir þessu og jafnvel komið til tals, hvort eigi mundi auðið að afnema öll eptirlaun. Það er rjett sem h. þm. Rangæinga (S. Á.) sagði, að till. þessi kom fram í Nd. 1889 og var kosin nefnd til að íhuga það frv., en sú nefnd kom síðan fram með frv. það sem hjer er nú til umræðu.

Frv. þetta hefur í sambandi við frv. það sem næst er á dagskránni, fundið veg til þess að ljetta nokkuð hinni þungu eptirlaunabyrði, en þó á þann hátt að tekjur eða framfærslueyrir embættismanna, eptir að þeir hafa sleppt embættum, þ. e. eptirlaun og ellistyrkur eða lífeyri, verða samt eptir báðum þessum frv. til samans hjer um bil jafn há, eins og eptirlaunin eptir hinum gildandi eptirlaunalögum; og verð jeg að segja, að mjer virðist þetta fyrirkomulag mjög skynsamlegt. Mjer þykir það mjög slæmt, að h. 2. kgk. (E. Th. J.) getur ekki verið með þessu frv. Mjer hefði þótt það mikilsvert, ef hann hefði haft betri hug til þess. Hann hafði það helzt á móti því, að í því væru eptirlaunin sett allt of lágt og fórust svo orð um frv. það, sem næst er á dagskránni, að það væri alveg óhafandi; reyndar færði hann engin rök fyrir þessu, en hann gjörir það máske síðar. Menn verða að gæta þess, að eptir þessu frv., í sambandi við frv. sem næst er á dagskránni, verður talsverður munur á eptirlaunum presta og annara embættismanna. Þótt þessi frv. lækki mjög eptirlaunin, verða þó eptirlaun prestanna miklu lægri. H. 2. kgk. (E. Th. J.) sagði reyndar, að prestar hefðu allt of lág eptirlaun, og það væri vansi fyrir þjóðina, að veita svo lág eptirlaun. En uppgjafaprestarnir lifa flestir fremur vel og eru opt og tíðum ekki ver staddir en hinir aðrir embættismenn, er hærri eptirlaun hafa. Það fer ekki ætíð eptir því, hve há launin eða eptirlaunin eru, hvort þeir, sem njóta þeirra, geta komizt vel af eða ekki, heldur eptir því, hvernig menn verja þessu fje sínu. Sumir lifa eins góðu lífi með þriðjungi minna en aðrir; og fyrir þann, sem vissa von hefur um há eptirlaun, er engin hvöt til að spara; hann veit það, að þótt hann verði ófær til að gegna embætti sínu, taka eptirlaunin við. H. 2. kgk. (E. Th. J.) sagði, að það væri vansi fyrir þjóðina, hve lág eptirlaun prestanna væru. En hví hefur h. þm. (E. Th. J.) þá ekki komið fram með breytingu á þessum lögum? hann hefur þó setið alllengi á þingi.

Menn getur greint á um það, hve hátt ætti að setja eptirlaunin. En jeg hygg að frv. þetta hafi ratað mjög skynsamlegt meðalhóf, enda er það framkomið frá þeim mönnum, sem hugsa rækilega það sem þeir koma fram með og ekki eru vanir að flasa að neinu.

Jeg vil því mæla hið bezta með þessu frumv.

E. Th. Jónassen: H. þm. Húnv. (Þ. J.)

kvaðst ekki geta fallizt á mína skoðun í þessu máli og jeg bjóst heldur ekki við því, eptir því sem mjer er kunnugt um skoðanir hans. Jeg verð að halda því fram, að það sje nauðsynlegt að launa embættismönnum svo sómasamlega, að þeir geti vel lifað, og eins að þeir eigi heimtingu á sóma samlegum eptirlaunum þegar þeir segja af sjer embætti, en ef þetta frv., sem hjer liggur fyrir, yrði að lögum, leiddi það til þess, að fæla hvern duglegan mann frá því að sækja um embætti. Á síðasta þingi, 1889, voru laun nokkurra hinna betur launuðu embættismanna færð niður að mun og í sömu átt gengur þetta frv. með niðurfærslu eptirlaunanna. Svo getur á næsta þingi komið þriðja frv. um að lækka launin enn meir. Hyggur h. þm. Húnv. (Þ. J.), að það verði gott að fá duglega menn í embættin með þessari aðferð? (*Þorl. Jónsson:* Já). Jeg segi nei, nema ef til vill menn af lakari endanum. Hvert land stendur sig bezt við það, að hafa einmitt duglega og færa menn í embættum með allgóðum launum, en miklu síður við það að hafa lítt hæfa menn eða ónytjunga í illa launuðum embættum. Það vona jeg að h. þm. Húnv. (Þ. J.) sjái.

Framsögumaður þessa frv. í neðri deild 1889 tók það fram við umræðurnar þar í sambandi við frv. um ellistyrk, að eptirlaunastyrkur sá, sem frv. þetta ákveður, væri ekki nægilegur fyrir menn til að lifa af, og jeg tók í fyrri ræðu minni því til sönnunar fram til dæmis hjeraðslækni, sem áður hefði verið aukalæknir, og ekki komizt í embætti, sem hefði rjett til eptirlauna, fyr en hann væri 45 ára gamall og færi svo frá, er hann væri sextugur, fengi eptir frv. svo lítil eptirlaun, að hann ekki einu sinn einhleypur gæti lifað af þeim. Það verður ekki ýkjamikið sem hann fær í eptirlaun eptir þessum lögum. Ennfremur veit jeg ekki til þess, að eptirlaun þau, sem nú eru, sjeu svo há, að embættismenn þurfi *ekki* að spara, eins og h. þm. Húnv. (Þ. J.) gaf í skyn, enda sjest bezt við lát þeirra, hve mikið þeir hafa afgangs; það er optast mjög lítið og ekki nema það, sem þeir hafa fengið að erfðum; þeir eru mjög fáir af embættismönnum, sem eiga miklar „prívat“ eignir. Það verður heldur ekki sagt, að embættismenn almennt sólundi eigum sínum eða haldi mjög óspart á launum sínum, eða ekki hef jeg orðið var við það. H. þm. Húnv. (Þ. J.) og h. þm. Rangv. (S. Á.) báru þessi eptirlaun, sem frv. gjörir ráð fyrir, saman við eptirlaun þau, sem prestar njóta og sögðu, að þar eð þeir „lifðu á þeim“ (*Sighvatur Árnason:* Já, og lifðu vel), væri hinum embættismönnunum heldur ekki vorkunn á að lifa á þessum eptirlaunum. Jeg gat þess áður í fyrri ræðu minni, að sumir uppgjafaprestar nytu nú eptirlauna samkvæmt hinum gömlu lögum og þau væri hærri en eptir hinum nýju, en þeir fara auðvitað fækkandi. Jeg skal játa það, að einstakir prestar, sem hafa verið góðir búmenn, geta grætt svo, að þeir komist af með lítil eptirlaun; en hvernig gengur fyrir þeim, sem verið hafa á fátækum og litlum brauðum? Jeg þarf ekki að spyrja h. þm. Rangv. (S. Á.) að þessu, því að jeg veit, að hann þekkir það, og jeg gæti nefnt mörg dæmi úr hans sýslu um fátæka uppgjafapresta og prestsekkjur. Meir að segja: jeg þekki sumar prestsekkjur, sem hafa legið við sveit eða þurft sannarlega sveitarstyrks við, og tjáir ekki að andmæla því. Prestastjettin er yfir höfuð einhver hin fátækasta stjett hjer á landi, og eins og allir munu játa, að það sje mjög áríðandi, að þessi stjett geti verið öðrum óháð og sjálfstæð, eins munu allir hljóta að viðurkenna, að það sje mesta vansæmd að því, hve eptirlaun presta sjeu óhæfilega lág. H. þm. Húnv. (Þ. J.) gat þess í ræðu sinni, að sig furðaði á, hvers vegna jeg hefði ekki komið með frv. um hækkun á eptirlaunum presta; en jeg skal svara honum því, að jeg hef ekki gjört það enn þá, af

því að jeg hef ekki haft von um, að það kæmist í gegnum þingið, en það getur vel verið, að jeg komi með frv. í þessa átt áður en langt um líður, ef jeg verð á alþingi. H. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að nú yrði lagt fyrir neðri deild frv. um afnám allra eptirlauna, en jeg skal þegar geta þess, að því að eins get jeg verið samþykkur því frv., að laun embættismanna sjeu þá jafnframt hækkuð um helming við það sem nú er. En skyldi það verða nokkuð betra fyrir landssjóð? Jeg verð enn einu sinni að taka það fram, að það er skylda hvers lands, að fara vel með sína embættismenn, og það er alls ekki æskilegt, að hjer komi upp embættismanna-„proletariat", sem nú er á góðum vegi að verði, ef þetta frv. verður að lögum. Frv. þetta verður í mínum augum ekki betra þó það standi í sambandi við frv. um ellistyrk, sem nú verður tekið hjer næst til umr. Jeg fyrir mitt leyti tel það alveg óhafandi, að innleiða lög, sem eru þess eðlis, að leggja alveg óviðurkvæmilegan og ranglátan skatt á embættismannastjettina, eins og gjört er með þessum frv. báðum, einkum hinu síðara. Að svo mæltu þykist jeg hafa gjört grein fyrir, hvers vegna jeg greiði atkvæði móti frv.

Jón A. Hjaltalín: Enginn mun geta neitað því, að eptirlaunin, eins og þau eru nú, sjeu miðuð við aðrar reglur en þau voru áður miðuð við. Þá byrjuðu embættismenn með tæpum helming launa þeirra, sem þeir höfðu von um að fá eptir nokkra þjónustu í embættinu. Nú hafa nýlega komið á landssjóð margir embættismenn, er þjónað hafa tekjumiklum embættum, og hafa því rjett til hárra eptirlauna samkvæmt hinum eldri launa- og eptirlaunalögum. Þetta hefur alþýða rekið augun í, sem von er, þar eð eptirlaunaupphæðir þær, sem greiddar eru úr landssjóði, hafa farið allmjög vaxandi á hinum síðari árum, sakir fyrgreindrar ástæðu. Sumir kunna að segja, að ekki sje gott að sjá fyrir endann á þessari hækkun, en jeg segi, að hann sje fyrirsjáanlegur, og að þessi eptirlaunahækkun verði ekki til langframa, því að þegar embættismenn eptir nýju launalögunum koma á eptirlaun, þá minnka þau. *(Júlíus Havsteen:* Þegar við komumst á eptirlaun). Já, við eigum það eptir. Það verður langt þangað til eptirlaunasúpan, sem hvílir á landssjóði, sígur niður; en hún gjörir það þó með tímanum.

Mjer hefur fundizt, að eptirlaunin, eins og þau eru nú, sjeu ekki í fullkominni samkvæmni við launalögin og að kvörtun alþýðu í þessu efni sje á talsverðum rökum byggð. Það er ekki nema eðlilegt, þótt hún skilji ekki þessa ósamkvæmni. Hún hefur því viljað láta afnema öll eptirlaun og er henni það vorkunn, en hún þekkir ekki þingið. Ef þetta yrði að lögum, leiddi þar af, að allir sæktu um eptirlaun til þingsins, og þá skyldum við sanna, að þau yrðu helmingi hærri en nú, þegar þingið ætti að fara að veita þau í hvert skipti. Alþýða mundi því varla leggja til, að eptirlaun yrðu afnumin, ef henni væri þetta ljóst. Hafa nú þessi eptirlaunalög, sem nú eru í gildi, komið því til leiðar, að ofmargir hafi sótt um embættin þeirra vegna, af því að þau sjeu svo há? Þessu getur hver svarað fyrir sig, en jeg held það ekki. Hingað til hefur verið fremur skortur á embættismannaefnum og þau hafa eigi þurft lengi að bíða eptir embættum og sýnir það, að öll þessi laun og eptirlaun eru ekki svo mikil, að ofmargir sækist eptir þeim. Allt til þessa hefur verið skortur á lögfræðingum og það er fyrst í ár að afgangur verður, ef hann þá verður nokkur, því að menn vita ekki enn með vissu, hverjir koma og hverjir ílengjast ytra. Verið getur, að menn vilji nú gjöra tilraun til að fá embættismenn fyrir sem minnst, og er jeg ekki mótfallinn því, að það sje reynt(!). Þótt eptirlaunin sjeu alls ekki svo voðaleg sem þau sýnast, er þó full ástæða til að athuga

þetta mál og það rækilega, og hygg jeg, að það yrði betur íhugað, ef nefnd væri sett í það, hvort sem menn vilja gjöra það við þessa eða 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frumv. þetta að sinni; aðrir hafa lýst yfir skoðun sinni á því. En jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að mjer finnst ekki vanþörf á að athuga eptirlaunalögin frá 31. maí 1855. H. þ. m. Húnv. (Þorl. J.) benti á, að þessi eptirlaun færu ávallt hækkandi, og það er auðsjáanlegt, að þau hækka enn töluvert hjer eptir. Það eru nú margir gamlir menn í embætti, sem hafa rjett til eptirlauna samkvæmt þessum lögum, auk þess eru mörg skipuð ungum mönnum með eptirlaunarjetti, sem enn er ekki sjeð, hve miklu landssjóður verður að miðla þeim, því sum þessara embætta eru fyrir fáum árum skipuð með lögum, og þess vegna ekki fallin á sú síðar væntanlega eptirlaunabyrði. En á hinn bóginn er jeg ekki fær um að segja, hvort þetta eptirlaunatakmark, sem frv. fer fram á, er í alla staði heppilegt eða ekki. En því verð jeg að halda fram, að það er fullkomin þörf á, að þessu sje hrundið í eitthvert viðunanlegra horf en nú á sjer stað, enda er það samkvæmt einhuga vilja þjóðarinnar. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að eptirlaunin nú væru ekki meiri en svo, að menn gætu rjett lifað af þeim og ekki frekar. *(E. Th. Jónassen:* Ekki fjellu orð mín svo). Það má segja margt með og móti þessu. Jeg skal nefna dæmi, sem bæði mjer og öðrum er kunnugt, að 2 fyrverandi sýslumenn í Árnessýslu eru nú á eptirlaunum og hafa á þriðja þúsund krónur hvor. *(E. Th. Jónassen:* Skakkt). Síðar má sjá hið rjetta, en jeg man nú ekki í svipinn alveg víst um upphæðirnar. *(L. E. Sveinbjörnsson:* Betra að nefna ekki tölur). Jeg held, að mjer sje þó óhætt að segja, að annar þeirra, Þorsteinn kanselíráð Jónsson, hafi hátt á þriðja þúsund krónur í eptirlaun. *(E. Th. Jónassen:* Það er rjett. *Þorleifur Jónsson:* Hann hefur 2751 kr.). Jæja, jeg hef þá eigi farið svo mikið skakkt, þegar annar hefur 2751 kr. í eptirlaun. *(Margir:* En hinn ekki. *E. Th. Jónassen:* Þórður Guðmundsen kammeráð hefur 1887 kr.). Þetta eru þá ekki svo miklar ýkjur hjá mjer og orð mín ekki svo vítaverð, að jeg sje áminningarverður fyrir þau af h. 2. og 3. kgk. þm., enda liggur mjer það í ljettu rúmi. Það er gott, að jeg hef nú fengið tækifæri til að sýna nú þegar, með síðustu fjárlögum, að jeg taldi eptirlaunin ekki of há. Það er vitaskuld, að þeir embættismenn fara heldur fækkandi, sem geta fengið önnur eins aptirlaun og þessir menn; samt verð jeg að halda því fram, eins í þessu máli sem öðru, að jafnan eigi að sníða sjer stakk eptir vexti og að ekki eigi að leggja á þjóðina þyngri byrði en hún getur borið. Að svo stöddu gefur frumv. þetta ekki tilefni til sjerstaklegrar íhugunar við einstök atriði þess. Jeg get alls ekki verið samþykkur þeim mönnum, hverjir svo sem þeir eru, sem kalla frumv. þetta fjarstæðu eða óhafandi, en hitt skal jeg játa, að það er vandi að ákveða, hvað sjeu viðunanleg eptirlaun eptir atvikum. Embættismönnum má vera það fullljóst, að þeim er skylt að viðhafa allan sparnað eins og hverjum öðrum, sem vill efla velmegun þjóðarinnar, og þess vil jeg geta til, að embættismenn standi ekki á baki borgaralýðsins í því efni, enda er það almennur vilji þjóðarinnar að svo sje, og hún er engan veginn ámælisverð fyrir það, þótt hún vilji láta þá gæta hófs. Jeg ætla að eins að minnast á þær misfellur, sem mjer og eflaust fleirum sýnast á því fyrirkomulagi, að ríkir menn skuli hafa jafnt tilkall til eptirlauna sem fátækir, þó að jeg viti vel, að menn svara því þannig, að eptirlaunin sjeu að eins endurgjald fyrir embættisþjónustuna, og ríkir menn geti verið eins verðugir þessara launa, sem hinir fátækari. Jeg veit,

að þetta er að vissu leyti satt, en mjer fyrir mitt leyti finnst, að eptirlaunin megi eins skoða sem styrk af landssjóði, veittan þeim, sem ekki getur af eigin efnum sjeð fyrir sjer og sínum, í líkingu við sveitarstyrk, sem alþýða nýtur hjálpar af, þegar eigin efni þrjóta. Þess vegna finnst mjer rjettast, að veitt sjeu eptirlaun með tilliti til efna og ástæða launaþiggjanda. Jeg get ekki gjört við því, þótt jeg tali ekki svo öllum líki, og þótt sumum kunni að virðast jeg tala ótilhlýðilega um þetta mál. Að lokum skal jeg lýsa því yfir, að jeg er hlynntur þessu frv. og greiði atkvæði með því.

Sighvatur Árnason: Það er að eins ræða h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), er nú síðast talaði, sem gefur mjer tilefni til að mæla fátt eitt. Hann minntist þess, að margur prestur og mörg ein prestsekkjan hefðu við erfiðan hag að búa. Jeg skal gjarnan játa það, að svo er; en þegar menn bera saman eptirlaun presta og prestsekkna eptir núgildandi lögum, við það sem eptirlaun annara embættismanna mundu verða, ef þetta frv. nær fram að ganga, þá munar það samt um helming, upp að $^2/_3$ hlutum, sem þeir fá meira eptir frv. en prestar hafa að lögum. Þar sem sami h. þm. (E. Th. J.) hjelt því fram, að frumv. mundi stuðla að því, að menn ekki mundu fást í embættin, þá skal jeg að eins svara því, að þessa viðbáru hefur maður heyrt hjer áður á þingi, og hún er því alls eigi ný hjer, þegar um laun embættismanna er að ræða, en dæmin hafa sýnt hið gagnstæða, því að enda þótt embættið væri eitt af þeim, sem er lágt eða lægst launað, t. d. eins og verið hafa undirkennaraembættin hjer við lærða skólann, þá hafa þó 10 fyrir einn komið og sótt um þau. *(E. Th. Jónassen:* Duglegir embættismenn?). Já, duglegir. En hvað er meiningin með „duglegir“? Það verður ekki skorið úr því strax í stað; það er fyrst reynslan, sem verður að leiða það í ljós, hvort embættismaðurinn er duglegur eða ekki, því um þau embætti, sem eru lægst launuð, sækja vanalega ekki nema óreyndir menn, og þá fást nógir menn og nýtir í hin, sem hærra eru launuð. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að menn þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að þetta frv. verði, eða gefi ástæðu, til þess, að menn framvegis ekki fáist til að sækja um embættin fyrir þá eptirlaunalækkun, sem hjer ræðir um.

Þorleifur Jónsson: H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) hefur þegar tekið margt af því fram móti hinum h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), er jeg ætlaði mjer að svara honum, svo að því leyti hefur hann tekið ómak af mjer. Eitt af því, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram, var það, að framsögumaður málsins í neðri deild hefði átt að segja, að það væri „ómögulegt“ fyrir embættismenn að lifa af þeim eptirlaunum, sem þetta ákveður; en, með umræðurnar í neðri deild fyrir framan mig, er mjer ekki unnt að finna þetta. *(E. Th. Jónassen:* Jeg sagði ekki ómögulegt). En jeg finn þar á móti, að framsögumaðurinn í neðri deild hefur sagt, að það yrði ekki nægilegt fyrir þá. Að það yrði til þess, að fæla menn frá að sækja um embætti, ef frv. yrði að lögum, er heldur ekki rjett, því, eins og kunnugt er, sækja margir um lægstlaunuðu embættin, og mundu nú sækja um þau, ef þau væru laus, því að það eru margir, bæði hjer á landi og í Kaupmannnahöfn, sem bíða eptir embættum. Menn geta lengi karpað um það, hvort eptirlaunin sjeu of há eða of lág, án þess að komast að neinni niðurstöðu, því einn kallar það of lág eptirlaun, sem annar segir að sjeu nægjanleg o. s. frv.; en alþýðan skilur ekki í öðru, en að menn geti lifað viðunanlega við þau eptirlaun, sem frv. fer fram á, þar sem

alþýðumenn verða að lifa og geta lifað án allra eptirlauna.

En hvað svo sem menn segja um þetta frv., er jeg sannfærður um, að þingmenn hljóta að verða sammála um, að hin núgildandi eptirlaunalög sjeu ekki viðunandi og þurfi því breytinga við, þar sem á lista þeim yfir eptirlaun, er fylgir fjárlögunum, eru fyrverandi embættismenn með eptirlaunum upp á yfir 5000 kr., yfir 3000 kr. 2700 kr., 2600 kr. o. s. frv. Þetta getur ekki verið rjett hlutfall, og ætti því öllum að vera það hugarhaldið, að kippa þessu sem fyrst í lag.

E. Th. Jónassen: Jeg vil leyfa mjer að gjöra athugasemd til að leiðrjetta orð h. þm. Húnv. (Þorl. J.). Jeg sagði eigi, að framsögum. frv. þess. í Nd. á alþingi 1889 hefði sagt að það væri *ómögulegt* að lifa af þeim eptirlaunum, sem farið er fram á í frv. þessu, heldur að þau væru *eigi nægileg.*

Þótt kandidatar, sem búnir eru að eyða tíma til að læra, verði að sætta sig við þessi eptirlaunakjör, sem frv. þetta fer fram á, þá er það engin sönnun fyrir því, að eptirlaunin sjeu ekki of lág. Það er eigi víst, að þeir hefðu lagt út í að stúdera, ef þeir hefðu vitað, að þau mundu verða svo lág.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 : 2 atkv.

Frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri (C. 284); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg sagði áðan, að frv. þetta væri ófært, og tek það ekki aptur. Á síðasta þingi voru með lögum lækkuð laun nokkurra embættismanna og nú á þessu þingi á enn þá að lækka þau. Frv. þetta fer fram á að skylda embættismenn til að safna sjer ellistyrk, upphæð þá, sem hver á að gjalda, á að taka af launum hans, og svo á hann eigi að hafa umráð yfir ellistyrk þessum fyrr en hann er 70 ára. Í flestum tilfellum mun þessi styrkur tilfalla dánarbúunum. Þeir, sem hafa 1500—2000 kr. laun, geta eigi borið þennan skatt. Enda segir framsögum. á þingi í Nd. 1889, að það sje skoðunarmál, hvort hin lægri embætti geti þolað það. Þetta er þá að eins „experiment", sem betra væri að láta vera að gjöra. Jeg kann eigi við að neyða embættismenn með lögum að safna sjer ellistyrk, því jeg ætla að þeir sjeu svo skynsamir, að þeir geti tekið upp hjá sjálfum sjer að safna sjer ellistyrk, ef þeim þykir þess þörf. Jeg er sjerstaklega á móti þessu af því, að eigi er mögulegt að fátækir embættismenn geti risið undir þessu nema með því móti, að berjast við fátækt alla sína æfi. Gjaldinu er haldið eptir af launum þeirra, hvort sem þeir geta misst það eða eigi. Jeg vona að frv. fái ekki fram að ganga, því það er ekki til endurbóta.

Jeg skil eigi annað en megi lækka eptirlaunin hóflega án þess að þetta frv. verði að lögum. En frv. þetta, sem kom fram á síðasta þingi og aptur nú, stendur í námu sambandi við frv. það, sem næst er á undan á dagskránni.

Jeg greiði því ekki atkv. með þessu frv., fyrr en jeg verð sannfærður um, að mín skoðun sje röng, eða sprottin af misskilningi. En jeg örvænti um, að jeg geti orðið sannfærður um það.

Þorleifur Jónsson: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að á síðasta þingi hefðu verið lækkuð laun sumra embættismanna, en hann gat þess eigi, að sumra laun hefðu verið hækkuð. Laun þeirra, sem höfðu 6—7000 kr., voru lækkuð, en aptur á móti þeirra laun, sem höfðu 2000—2400 kr., voru talsvert hækkuð, svo hann má eigi gleyma hækkuninni um leið og hann talar um lækkunina. Í sambandi við lækkunina gat hann þess, að nú væri aptur farið að lækka launin; þetta er eigi rjett; það er farið fram á, að safna sjer ellistyrk eða lífeyri; þennan

styrk geta þeir fengið þegar þeir eru orðnir 70 ára, eða ef þeir hætta að gegna embætti, eins og segir í 5. gr.

Það var meðal annars eitt atriði, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hafði á móti, nfl. að neyða menn til að safna sjer þessum lífeyri eða ellistyrk. En hvað er þetta meira eða verra en að skylda embættismenn til að tryggja konum sínum lífeyri eptir sinn dag? Það get jeg ekki sjeð Það kom til af því, að menn hefðu eigi gjört það, ef þeir eigi hefðu verið skyldaðir til þess. Það dugar ekki að segja, að hver og einn sje svo skynsamur, að hann gjöri það, ef hann eigi er skyldaður til þess.

Þetta er ekki eins dæmi. Einmitt í einu af þeim löndum, sem sitja í öndvegi meðal ríkja Norðurálfunnar, Þýzkalandi, á lík fyrirskipun sjer stað og hjer er farið fram á. Verkmönnum þar er gjört að skyldu, að tryggja sjer fjárstyrk bæði í sjúkdómum og þegar þeir verða óvinnufærir vegna slysa og þegar þeir verða ellihrumir; þeim er gert að skyldu, að greiða vissan hluta af vinnulaunum sínum, til þess að tryggja sjer þennan fjárstyrk, og vinnuveitendur taka jafnvel þátt í því. Þar sem þetta á sjer stað í því landi, sem er meðal hinna fremstu í Norðurálfunni, er eigi skömm fyrir oss að líkja eptir því. Jeg skal líka nefna England; jeg hef ekki eins nákvæmar skýrslur um það, en á þingi 1889 var annar þingm., sem gaf upplýsingar um, að þar væri sama regla með embættismenn, eins og farið er fram á í frumv. þessu.

Það var h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem tók þetta fram þá og gat þess um leið, að í Englandi væru engin eptirlaunalög, en að embættismenn væru skyldir að safna sjer ellistyrk. Þar sem þessi skylda á sjer stað í tveimur voldugum ríkjum Norðurálfunnar, hvað er þá á móti því, að vjer höfum það þannig?

Grímur Thomsen: Það er rjett hjá h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.), að jeg gat þess á þingi 1889, að eigi væri einsdæmi slík lög sem þessi. En jeg þori eigi að nefna aldurstakmarkið eða upphæðina. Á Englandi eru embættismenn skyldir að safna sjer lífeyri. Viðvíkjandi hinum hörðu orðum h. 2. kgk. þm. (E. Th.) ætla jeg að segja það, að nokkurt vit og nokkur þekking mun vera til staðar í þessu landi. Þetta er kallað „superannuation“. Þar eru engin eptirlaunalög, en ef um menn er að ræða, sem hafa gjört mikið gagn, geta þeir í sjerstökum tilfellum fengið eptirlaun með lögum, en að öðru leyti er þeim gjört að skyldu, að safna sjer ellistyrk. En laun enskra embættismanna eru máske hærri en íslenzkra. Menn verða að fara að þessu með varfærni, því áðan, er frv. um eptirlaun var til umr., þótti mjer of snemmt að greiða atkv. með því, að láta það ganga til 2. umr.; því, ef þetta frv. fjelli, væri ósanngjart að lækka eptirlaunin. Þess vegna vildi jeg helzt vita fyrst forlög þessa frv., áður en afgert væri um hitt frv. Sje þetta frv. fellt, þá er sanngjarnt að sitja við eldri eptirlaunalögin. Jeg er meginreglu þessa frv. hlynntur, og vil jeg stinga upp á að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 7 : 4 atkv.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að svara h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.). Jeg vissi vel, að þessi lög, sem hann nefndi, hafa verið gefin út í Þýzkalandi. Það er eigi hægt að bera þessi lög saman; jeg held jeg þekki þau eins vel og hann. Hann gat eigi borið annað fyrir sig en að svona væri ástatt á Englandi, án þess að þekkja þar til, eins og hann kannaðist við, en það dugar eigi að kasta fram slíkum setningum án þess að sanna þær með áreiðanlegum dæmum. Jeg hef aldrei sagt og ekki dottið í hug að segja, að Englendinga vantaði vit og þekkingu, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gaf í skyn í ræðu sinni. En jeg trúi eigi

hinu, sem hann sagði um fyrirkomulagið á Englandi, fyrr en hann sannar það. Hitt veit jeg, að embættismenn á Englandi hafa fjarska há laun, og þjóna opt fleiru en einu embætti í einu. Hvernig á þá að bera saman við lög þeirra frv. þetta, sem er þannig, að mjög þungbært, að jeg eigi nú við hafi sterkari orð, er að rísa undir þeim gjöldum, sem með því leggjast á embættismenn? Jeg er eigi samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um það, að þótt þetta frv. sje fellt, þá megi ekki lækka eptirlaunin. Það þarf einmitt að skoða eptirlaunalögin; það má vera millibil milli þessa frv. um eptirlaun og hinna gömlu eptirlaunalaga frá 1855. Úr því búið er að færa niður laun sumra embættismanna á síðasta þingi, þá verða eptirlaunin minni, en það lítur svo út, sem sumir skilji það eigi. Jeg er eigi samþykkur þessu frv. og vil fella það.

Júlíus Havsteen: Það má segja um þetta frv. í sambandi við hitt, sem nýlega gekk til 2. umr., að það er hver gullhúfan upp af annari. Bæði ganga út á að gjöra kjör embættismanna svo ljeleg, sem unnt er. Það þarf eigi langan tíma að bera saman frv. það sem er næst á undan á dagskrá og tilsk. 31. maí 1855, um eptirlaun, til að sjá þetta. Að því er snertir þetta frv. þarf jeg eigi að vera langorður, því h. 2. kgk. (E. Th) hefur sýnt fram á, að það er eigi sem skyldi. Jeg sje eigi annað gott í því en að ellistyrkurinn gangi til dánarbúanna og erfingjanna. Hvílík náð! Skyldi maður mega þakka fyrir!! Jeg skal bæta því við, að mjer eru hálf-leiðar þessar eilífu tilvitnanir til Englands, Þýzkalands og Ameríku; hvað hafa þær í rauninni að þýða? Hjer á landi stendur sem optast öðruvísi á.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að fyrirkomulagið á Englandi væri svo, að embættismönnum þar væri gjört að skyldu, að safna sjer ellistyrk o. s. frv., en hann dró samt úr því með því, að segja, að svo kynni að vera, að launin þar væru hærri en hjer; þar í liggur hnúturinn. Ef menn hafa mikil laun, þá hafa þeir líka meira að missa til þess að safna sjer ellistyrk. Jeg gef eigi frv. þessu atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Tuttugasti og sjötti fundur, laugardag 1. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema 1. þm. Rangv. (S. Á.), er hafði tjáð forseta forföll sín.

Frv. til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags 10. septbr. 1830 (C. 288); 1. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að mæla mikið með þessu frv., því jeg vona, að hver einn, sem með gaumgæfni athugar það, sjái, að það fer ekki fram á annað en það, sem er sanngjarnt. Jeg skal því næst lítið eitt minnast á ástæðuna til þess, að jeg kom fram með þetta frv., og hún er þessi, að eptir 35. gr. aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. septbr. 1830 finnst mjer bæði að gjaldið sje of hátt fyrir skiptíng á búum og í annan stað finnst mjer það vera óeðlilegt gjald. Með tilliti til þess, að gjaldið sje of hátt, skal jeg geta þess, að gjaldið mun eiga að vera borgun fyrir unnið verk; og þetta verk, skiptin, fara opt og tíðum fram, eins og kunnugt er, á mjög stuttum tíma, og getur því, þegar svo ber undir, ekki kallazt mikið eða erfitt verk, en gjaldið af meðalbúum, þetta frá 2000 kr. til 3000 kr., er þó þetta frá 26 kr. til 39 kr., og virðist þetta talsvert gjald. Hið ósanngjarna kemur fram í því, að skiptalaunin eru jafnhá, hvernig svo sem á búinu stendur, hvort miklar eða engar skuldir á því hvíla. Jeg hef þess vegna fært gjald þetta niður í $^1/_2$ %, og það einungis fyrir ómynduga, því jeg hygg það vera eðlilega hugsun,

að þeir sjeu ekki færir um að bera þetta ójafnaðargjald; þetta eru ástæðurnar fyrir því, að jeg hef komið fram með frv. þetta. Jeg skal svo ekki orðlengja frekara um mál þetta að sinni, en fel það h. deild, og hef það traust til hennar, að hún að minnsta kosti muni lofa því að komast til 2. umr.

E. Th. Jónassen: Mjer finnst ekki rjett að vera að hreifa við lögum, til breytinga á þeim, meðan engar umkvartanir um það hafa komið fram. Jeg hef sjálfur verið skiptaráðandi, og veit hvernig þeim starfa hagar til, en jeg hef aldrei heyrt neina umkvörtun koma fram í þá átt, sem þetta frv. fer fram á. H. flutningsm. (Sk. Þ.) veit líklega að gjald þetta, sem hann ber sig upp undan, fellur nú til landssjóðs. *(Flutningsm. Sk. Þ.:* Jú, jeg veit það). Hann, sem að öðru leyti ekki vill skerða tekjur landssjóðs, stuðlar að því með þessu frv., að landssjóður verður fyrir talsverðum tekjumissi. Hann kallaði skiptalaunin ójafnaðargjald; það er auðvitað, að það er hægt að kasta þess konar orðum fram, einkanlega þegar engar ástæður eru færðar fyrir því, að orðin sjeu rjettilega við höfð. H. flutningsm. (Sk. Þ.) gat þess og, að þessi niðurfærsla á skiptagjaldinu væri einungis gjörð fyrir hina ómyndugu, en hún nær einnig til hinna myndugu; tökum til dæmis dánarbú, þar sem að eins einn erfinginn er ómyndugur, en t. a. m. 8 myndugir erfingjar, sem ganga til arfs með honum, þá njóta einnig hinir 8 myndugu erfingjar góðs af niðurfærslu skiptagjaldsins. Eins og jeg áður tók fram, álít jeg enga þörf á neinni breytingu á þessari grein aukatekjureglugjörðarinnar; jeg álít hyggilegast að bíða með allar breytingar í þessa átt, að minnsta kosti þangað til að menn heyra almennar umkvartanir hjeraðlútandi, en að fara að breyta greininni, þótt einum einstökum máske mislíki hún, til þess sje jeg enga ástæðu, og það því fremur, sem landssjóður við breytinguna missir talsverðan hluta af tekjum sínum. Af því, sem jeg hef þegar tekið fram, er það augljóst, að jeg muni greiða atkv. mitt móti frv.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Ef þær ástæður hjá mjer eru rjettar, sem jeg tók fram áðan fyrir því, að skiptagjaldið eptir 35. gr. aukatekjureglugjörðarinnar sje bæði of hátt og líka ósanngjarnt og óeðlilegt, þá var engin ástæða til þess fyrir h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) að taka það fram, að umkvartanir yfir lagagreininni hefðu ekki komið fram. Lögin verða ekkert betri fyrir það, þótt ekki sje kvartað undan þeim, og jeg álít þess vegna, að mjer sje eins leyfilegt að bera þetta frv. upp fyrir h. deild, þótt ekki sje kvartað undan 35. greininni í aukatekjureglugjörðinni, eða þó ekki sje sannað, að margir hafi beðið um breytingu á henni. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur ekki sannað, að margnefnd lagagrein væri sanngjörn. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að skiptalaunin sjeu borgun fyrir unnið verk, og jeg fyrir mitt leyti vil, að launin fyrir þessi verk sjeu sómasamleg, en ekki of há. Þótt h. sami þm. þekki, að jeg er fáfróður, þá veit jeg þó það, að þessi gjöld renna í landssjóð, svo hann þurfti ekki að segja mjer það, eins og líka það er auðvitað, að þetta er nokkur skerðing á tekjum landssjóðs, en hvað miklu þessi skerðing á landsjóðstekjunum nemur, um það vantar mig upplýsingar, en mikill getur tekjumissir landssjóðs við þessa breytingu aldrei orðið. Sami h. þm. tók það og fram, að á meðal erfingjanna þyrfti ekki nema einn að vera ómyndugur, en margir erfingjanna gætu verið myndugir; það er auðvitað, að við þessu er ómögulegt að gjöra, og að þetta getur hæglega fyrir komið; en hins vegar ber að gæta þess, að þótt hinir myndugu erfingjar í þessu tilfelli njóti góðs af breytingunni á lagagreininni, þá er það einmitt vegna hins ómynduga, að hinir myndugu erfingjar

neyðast til að láta skiptaráðandann skipta búinu, sem þeir að öðrum kosti hefðu sjálfir getað gjört, og þannig sloppið við að greiða skiptagjaldið. Jeg vona nú að hafa svarað því, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) tók fram á móti frv., og orðlengi þetta svo ekki frekara.

E. Th. Jónassen: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætla mjer að gjöra viðvíkjandi ræðu h. 2. þm. Árn. (Sk. Þ.), er nú settist. Hann tók það fram, að það væri lítið verk, eða fyrirhafnarlítið verk, að skipta dánarbúum. En það lítur út fyrir, að hann sje ekki til hlítar kunnugur þessum störfum, því jeg get sagt honum það, að það getur opt og tíðum verið mikill vandi og mikil fyrirhöfn að skipta búi, og það enda þó það sje ekki stórt bú, og þó skiptaráðandinn, þegar á staðinn er komið, þar sem skiptin fara fram, ekki þurfi sjerlega langan tíma til þess, að koma skiptunum af, þá hefur hann opt og einatt áður þurft að verja löngum tíma til undirbúnings í þarfir skiptanna. Jeg tek það enn þá fram, að jeg fæ heldur ekki sjeð, að það sje ójafnaðargjald, sem 35. grein aukatekjureglugjörðarinnar ákveður, því væri svo, eða jeg yrði sannfærður um að svo væri, þá skyldi jeg auðvitað fallast á að lækka það.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að spyrja einhvern kunnugan mann um, hve miklu þetta gjald til landssjóðs muni nema. Það er eflaust fólgið í stafliðnum um aukatekjur í fjárlögunum, en sá stafliður er víst aldrei sundurliðaður, svo að ekki verður sjeð, hve mikið þetta gjald er, en jeg hygg, að það muni nema mjög litlu *(E. Th. Jónassen:* Nei, það nemur allmiklu), og að það sje alveg hverfandi stærð, þótt landssjóður missti það. Jeg vil samt sem áður lofa frv. þessu að ganga til 2. umr., því að þá verður líklega auðið að fá skýrslu um, hve mikið þetta gjald sje, og getur þá sjezt, hvað landssjóður missir mikið við þá niðurfærslu þess, sem frv. fer fram á. Jeg geymi mjer því til 2. umr. rjett til að lýsa yfir skoðun minni á frv. og hvernig jeg greiði atkv. mitt um það.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg vil leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við orð h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), þar sem hann sagði, að mjer fyndist gjald þetta ósanngjarnt, en hefði samt ekki fært neinar ástæður fyrir þessari skoðun minni. H. þm. hefur víst ekki tekið vel eptir því sem jeg sagði. Jeg sagði það í ræðu minni áðan og segi það enn, að jeg kalla þetta gjald ósanngjarnt, af því að það er eins tekið af lítilli eign sem stórri, meira sagt: stundum af engri eign, þegar skuldir eru á allri búseigninni, sem opt ber við, og án tillits til þess, hvort búið hrökkur fyrir skuldum eða ekki, og hvort sem ómyndug eða munaðarlaus börn eiga í hlut eða ekki. Jeg verð því að kalla þetta gjald ósanngjarnt í samanburði við önnur gjöld sem goldin eru í landssjóð, því þau eru þó öll byggð á arði af eign eða atvinnu. Þess vegna vildi jeg fá því breytt, þótt öðrum kunni ekki að sýnast nein þörf á því.

Arnljótur Ólafsson: Jeg fyrir mitt leyti vil mæla með því, að frv. þetta gangi til 2. umr., en jafnframt vil jeg geta þess, að mjer finnst vanta í frv. ákvæði um, að þessi lækkun á skiptalaununum skuli eigi gilda hvort sem búið er stórt eða lítið. Það er satt, að skiptalaunin nú eru jöfn fyrir hvert hundrað búsupphæðarinnar, hvernig sem á stendur; en sje búið lítið, munar landssjóðinn lítið um þetta gjald, þar sem hann aptur á móti getur munað talsvert um það, ef búið er stórt. Niðurfærsla skiptalaunanna samkvæmt frv. er fólgin í því, að í stað $1^1/_8$ %, sem nú er, á að koma $^1/_2$ %; en jeg vildi láta til taka, að ef erfðahluti erfingjans væri 200 kr. eður minna, þá væru skiptalaunin $^1/_2$ %, en að öðrum kosti skyldu þau standa við það. Á þennan hátt fá fátækir erfingjar einir

ívilnunina, og landssjóður verður fyrir litlum tekjuhalla; fer jeg því hjer meðalveg á milli tekjurýrnunar landssjóðs annarsvegar og fátækra gjaldenda hins vegar.

Jeg verð því að álíta það heppilegra að frv. tiltæki eitthvert stig eða einhverja vissa upphæð, sem arfurinn ætti að ná, þannig, að þeir arfahlutar, sem ekki næði þessari ákveðnu upphæð, skyldu verða aðnjótandi þessarar lækkunar á skiptalaununum, en hinir ekki.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg hef ekkert á móti því, að frv. þessu sje leyft að ganga til 2. umr., en jeg skal lýsa því yfir nú þegar, að jeg álít alveg rangt að afnema þessi gömlu gjöld, sem í raun og veru eru ekki tilfinnanleg fyrir gjaldendur. Sjeu búin lítil, eru gjöld þessi einnig lítil, og jeg get ekki sjeð, að þau muni tiltölulega meira um þau, en hin stærri bú um miklu hærra gjald. Jeg held t. d. að 200 kr. bú muni litlu meira um að borga 1—2 kr., en 2000 bú um að borga 20—30 kr., þegar skipt er á annað borð. Jeg verð að segja, að mjer finnst frv. þetta fremur smásmuglegt. H. flutningsm. (Sk. Þ.) gat þess, að skiptagjörðir væru ekki fyrirhafnarmiklar, en jeg held satt að segja, að hann geti lítið dæmt um það. Jeg get sagt honum að skipti á búum er eitthvert hið versta og fyrirhafnarmesta verk, ef um flóknari skipti er að ræða. Ekki renna heldur skiptalaunin í vasa sýslumanna, eins og h. þm. (Sk. Þ.) virðist að álíta, því að þetta er skattur til landssjóðs, sem sýslumenn fá ekkert af. Mjer finnst mjög illa eiga við að fara að breyta svona óverulegu gjaldi. Það mætti með sama rjetti segja, að það væri t. d. óeðlilegt og óviðurkvæmilegt að greiða skuli fyrir að útnefna matsmenn, fyrir notarialgjörðir, þegar fátæklingar eiga í hlut, o. s. frv. Mjer virðist alveg rangt að vera að grauta í lögum, sem eru orðin 61 árs gömul, þegar þau eru í alla staði sanngjörn og eðlileg, að mínum dómi. Að öðru leyti er jeg ekki mótfallinn því, að frv. þetta fái að ganga til 2 umr., þótt jeg ímyndi mjer helzt, að jeg greiði aldrei atkv. mitt með því að það verði að lögum.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Mig furðar á því, hve h. 3. kgk. þm. (L. E. S.) gjörir lítið úr þessum útgjöldum, er bú þau, sem tekin eru til skiptameðferðar, hljóta að greiða. Það er ekki stórt bú, sem er 2000 kr. virði, en 26 kr. eru þó ekki svo lítið gjald af því. Jeg skal játa, að jeg hef ekki skipt búum, eins og hinir h. herrar, sem mælt hafa á móti frv.; en jeg hefi verið staddur við mörg þess konar skipti, þar sem skiptagjörðin hefur ekki staðið lengur en 3—4 klukkustundir, þótt um talsverða búsupphæð hafi verið að ræða. *(L. E. Sveinbjörnsson*: Þá er gjaldið heldur ekki nema 1 kr. 33 aurar). Jú, það er miklu meira í flestum tilfellum, því að optnefnd lög af 10. september 1830 ákveða skiptagjaldið einungis eptir búsupphæðinni bróttó, en taka ekki neitt fram um tímann, sem skiptin standa yfir. Jeg hef tekið það fram áður, að jeg skoða skiptalaunin sem borgun fyrir unnið verk, og jeg veit það vel, að þessi borgun rennur í landssjóð, en ekki til sýslumanna, en þótt svo sje, getur gjald þetta eigi að síður verið ósanngjarnt, og sje svo, á að afnema það eða að minnsta kosti gjöra það nokkuð þolanlegra. Jeg vona að þau mótmæli, sem færð hafa verið gegn frv. hjer í deildinni, drepi það ekki á þessu stigi málsins. Að lokum vil jeg geta þess, að jeg fellst á till. h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) að heppilegt væri að setja einhver takmörk fyrir búsupphæðinni, þar sem $^1/_2\,\%$ er ákveðin borgun fyrir skipti búa. En jeg hef ekki hugleitt þetta svo rækilega enn, að jeg geti ákveðið það nú í svipinn, hvort jeg felli mig við þannig lagaða breytingu, en jeg get betur sagt um það við 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík (C. 286); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað orðalaust til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 271); 1. umr.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg hef ekki annað að mæla með þessu frv. nú, en það, að jeg óska og vona, að deildin taki því eins vel við þessa umr. eins og við hina fyrstu.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. og frv. því næst vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar (C. 282); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. og frv. því næst vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Frv. til laga um eyðingu svartbakseggja (C. 282, 291); 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um breyt.tillögu þá, sem 2 h. þingdm. og eg höfum komið fram með (C. 291). Tilefni breyt.till. er það, að oss þótti 1. gr. frv. óákveðin í margan handa máta. Fyrst er eigi tiltekið í 1. gr. nema að ábúandi eigi að láta eyða eggjum, eigi að hve miklu leyti, hvort hann á að láta eyða þeim öllum eður að eins nokkrum þeirra, sem varla getur verið meiningin. Í öðru lagi er tiltekið í frv., á hverjum stöðum eyða skuli eggjunum, þ. e. í eyjum, hólmum og skerjum, en eigi er gjört ráð fyrir, að svartbakur kunni að verpa á meginlandi, nesjum og töngum. Í breyt.till. höfum við því numið burtu þessa staðatiltekningu í frv. og sett í staðinn orðin: — „í landi ábýlisjarða sinna“. Svo kom oss saman um að bæta við, að hinnar sömu skyldu skuli þeir ábúendur hafa að gæta, sem búa allt að 1 mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt eigi sje æðarvarp á jörðum þeirra. Þetta er í líkingu við þau lög, að eigi megi skjóta nálægt varplandi eða selalögnum. Þetta er til þess, að friða æðarvarpið enn meira, en gert er í frumv.

Í 2. málsgr. frv. er eigi tiltekið, hve mikla vanrækslu þurfi til þess, að viðkomandi verði sektaður. Þess vegna höfum við komið með þá breytingu eður þann viðauka, að vanræki nokkur þessa skyldu annaðhvort af ásetningi eður vítaverðu skeytingarleysi, þá skuli hann gjalda sekt. Það þarf eigi að vera æfinlega af skeytingarleysi ábúandans, þó egg finnist í varplandi hans; það getur verið af misgáningi, eða einhverjum öðrum ástæðum, án þess, að kennt verði um fullkomnum ásetningi.

Á þennan hátt er frv. fullkomnara og tilteknara en áður, en hvort það er svo úr garði gjört, að h. deild geti fallizt á það, veit jeg eigi, en jeg vona það.

Júlíus Havsteen: Jeg get eigi fellt mig við þessa breyt.till., sjer í lagi viðbætirinn við fyrri málsgr. 1. gr., þar sem öðrum en varpeigendum er einnig gjört að skyldu að eyða eggjunum. Einn af h. flutningsm. breyt.till. (A. Ó.) sagði, að þetta væri í líkingu við lög þau, er bönnuðu að skjóta nálægt varplandi. Það er sitt hvað, að láta vera að skjóta, þegar það er bannað, eða vera skyldaður til að eyða eggjum, og það jafnvel fyrir þá, sem manni eru óviðkomandi. Flestir, sem ekki eiga varpland, líta öfundaraugum til þeirra, sem eiga þau, og svo eiga þeir að fara að hlynna að varpinu fyrir varpeigendurna. Þá munu menn heyra óp.

Í 2. breyt.till. er vanrækslan nákvæmlega útlistuð. Þar er talað um vanrækslu af „ásetningi“ og „vítaverðu skeytingarleysi“. Það er algild regla, að ef brotið er gegn þeim lögum, sem lúta að lögreglu, og sem fyrirskipa lögreglurjettarmeðferð, þá er ekkert tillit tekið til þess, hvort maður hefir brotið af skeytingarleysi eða ásetningi; það er að eins gjört í saka-

málum. Hvernig á þar að auki að rannsaka og sanna, hvort vanrækslan eigi sjer stað af skeytingarleysi eða ásetningi? Jeg held eigi að það sje rjett, sem h. flutn.menn hafa komið fram með í 2. breyt.till; jeg er þess vegna ekki með breyt.till., heldur með frv., eins og það liggur fyrir.

L. E. Sveinbjörnsson: Við síðustu umr. tók jeg eigi vel undir frv., en jeg get eigi neitað því, að það hefur stórum batnað við breyt.till.

Ástæðurnar eru þær, sem h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) tók fram, að það er stórgalli á 1. gr. frv., að þar er að eins tilteknar eyjar, hólmar og sker, en það er alkunnugt, að svartbakur verpir í dröngum og klettum á fastalandinu. En jeg veit nú eigi, hvort h. deild vill ganga að því, að aðrir en varpeigendur sjeu skyldir að eyða svartbakseggjum, þegar jeg lít til þess, hversu illan byr fjekk rjettdræpi sela, er h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kom fram með á síðasta þingi, og er þó selurinn mun skaðvænni skepna en svartbakurinn, þegar aðgjörðir hans eru reiknaðar til peninga.

Jeg hallast sömuleiðis að viðbætinum við 1. gr. í breyt.till. Það er auðvitað, þetta er í „interesse“ varpeigenda; þó er nauðsynlegt að nábúarnir hjálpi til.

Það er nauðsynlegt að svartbakurinn hafi eigi frið til þess, að komast nálægt varplöndunum; hann er eigi lengi að fljúga á milli. Það hefur opt komið í ljós, að mönnum hefur þótt hart að leggja þá skyldu á menn, að vernda aðra; menn verða að sjá um hið almenna gagn, ekki pota sjer hver út af fyrir sig, en leggja nokkuð í sölurnar til þess, að tilgangnum verði náð.

Hvað viðvíkur 2. breyt.till., þá er það rjett hjá h. 1. kgk. þm. (J. H.), að í lögreglumálum kemur eigi til greina, hvort brotið er af skeytingarleysi eða ásetningi, en jeg sje ekkert á móti því, að tiltaka það hjer; það tekur þó versta broddinn af frv.

Jeg ætla þess vegna að jeg hygg að aðhyllast frv. nú, með þessum breyt.till., því jeg er algerlega með þeim.

Árni Thorsteinsson: Mér virtist h. 1. kgk. þm. (J. H.) ganga út frá því í ræðu sinni, að eigi væri neitt á móti því, að skylda varpeigendur til þess, að eyða svartbakseggjum í landi sínu. Þegar menn játa þessu, finnst mjer og einnig megi gjöra þetta öðrum að skyldu, enda þótt þeir sjeu eigi æðarvarpseigendur, á líkan hátt sem gjört er í ýmsum lögum. Þannig er t. a. m. mönnum bannað að drepa æðarfugl, enda þótt menn eigi ekkert æðarvarp, einungis í þeim tilgangi, að friða æðarfuglinn fyrir varpeigendurna. Af þessum ástæðum var það, að okkur uppástungumönnum breyt.till. þótti eigi þurfa að takmarka fyrirmæli frv. við varpeigendur eingöngu; enda væri þessi eggjatökuskylda því nær þýðingarlaus, ef svartbakur mætti unga út eggjum sínum í fuglabjörgum, skerjum eða öðrum stöðum, rjett fyrir utan æðarvarpið. Hitt er auðvitað efamál nokkurt, hve langt á að fara og hvar takmörkin skal setja; við höfum sett takmörkin við 1 mílu frá varplöndunum; skeð getur, að aðrir vilji fara lengra og getur það þá komið til álita. Jeg skal leyfa mjer að taka fram, vegna hvers jeg er hlynntur frv. þessu. Æðarvarpsræktarfjelag það, sem stofnað hefur verið til að eyða varginum, hefur boðað öllum vargi stríð á hendur, einkum svartbaki, og kostað stríð þetta með 10 þús. kr. láni, er það fjekk í þessum tilgangi. Fjelagi þessu hefur orðið allmikið ágengt, og vill það nú fá viðbótarlán, 5 þús. kr. Fyrirtæki fjelags þessa er mjög lofsvert, og því er nauðsynlegt og rjett, að búa það svo úr garði, að það geti borið sem mestan og beztan árangur; auðvitað getur verið efamál, hvort fjelagið getur náð þeim tilgangi

sínum að gjöreyða varginum, en hitt er engu síður nauðsynlegt fyrir því, að styðja að því með því að búa til lög eins og þessi þeim til aðstoðar.

Jeg er því frv. þessu hlynntur, enda þótt segja megi um ákvæði þess, að maður vilji helzt vera laus við þess háttar lagasetningar.

Grímur Thomsen: Jeg skal játa það, að frv. þetta, sem jeg sagði um daginn um að væri með öllu ómögulegt, batnar stórum við breyt.till. þessar. En mjer virðist þó breyt.till. við 2. málsgrein bæði óákveðin og enda tvíræð. Eptir þessari breyt.till. á hún að hljóða þannig: „Vanræki nokkur þessa skyldu annaðhvort af ásetningi eða *vítaverðu* skeytingarleysi". Jeg hygg að það kunni að verða erfitt fyrir dómarann að greina á milli þess, hvort „skeytingarleysið" er „vítavert" og þá sektarvert, eða þá bara tómt „skeytingarleysi" ósaknæmt.

En þó að þessi galli væri nú ekki, sem ef til vill gjörir ekki svo mikið til, þá sje jeg samt ekki, að frumv. þetta geti með nokkru móti orðið að lögum, og er það vegna þess, að það skuli vera gjört að lagaskyldu fyrir menn það, sem beinlínis er til hagsmuna þessum sömu mönnum sjálfum; að þurfa skuli að álíta mennina svo skyni skroppna og blinda fyrir eigin hagsmunum, að nauðsyn beri til að þvinga þá með lögum til að verja og hlynna að jafn arðsömum atvinnuveg eins og æðarvarpið er. Þessir menn hafa nýlega fengið lán til þess að eyða varpvarginum, og af þessum varpvargi er svartbakurinn skaðlegastur, eptir því sem sagt er, og nú hefur heyrzt að þeir sjeu að biðja um meira lán til þess að geta haldið áfram þessari vargeyðing. Jeg get því eigi skilið, að þeir þar á ofan þurfi lög eins og þessi til að hjálpa sjer til að eyða varginum.

Jeg hygg að það muni þykja nokkuð hjákátlegt í útlöndum, ef lög þessi kæmust út yfir hafið, að slík lög sem þessi skuli þurfa á Íslandi til þess að þvinga menn til að gera það sem þeim er sjálfum til hagsmuna og sem þeir hafa fengið talsvert fje að láni til að vinna.

Jeg greiði því ekki atkvæði með þessu frv.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að þær breyt.till. sem h. 2 þm. og jeg höfum komið fram með við frv. þetta, hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir hjá h. þingm.

Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra eina athugasemd út af orðum h. vinar míns, hins 1. kgk. (J. H.). Hann sagði í ræðu sinni, að það væri sitt hvað að skipa mönnum að skjóta eigi í nánd við varplönd, og hitt, að skylda menn til að eyða svartbakseggjum. Þetta er öldungis satt og rjett, það er sitt hvað. Það er „negativ" skylda, er mönnum er lögð á herðar með því að banna skot, en hitt er „positiv" skylda, að bjóða mönnum að eyða svartbakseggjum. Það er satt. En gáum nú betur að og spyrjum: hver skyldan heimtar þá meiri sjálfsafneitun? Ef góð skytta sjer útsel í bezta skotfæri, en má ekki skjóta hann, með því hann er of nærri selalögnum eður varplöndum, þá missir hann eigi að eins af því, að vinna sjer inn 20—30 kr., heldur verður hann og af þeirri ánægju, er skotfimnin veitir honum. Jeg hygg að þetta kosti meiri sjálfsafneitun heldur en það kostar annan mann, er finnur glæný svartbaksegg, að hirða þau og sjóða þau í pottinum heima.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að það væri undarlegt að gjöra mönnum að skyldu með lögum það, er þeim væri sjálfum mest til hagnaðar. Jeg skal játa, að þetta er rjett. Er borin hafa verið fram í þessari h. deild frv., sem hafa verið af sama toga spunnin. Jeg skal benda á þurrabúðarmannalögin. Er það eigi hinn mesti hagur fyrir þurrabúðarmanninn sjálfan, að rækta garð í kringum kofann eður húsið

sitt? Eður ellistyrkslögin, er borin voru fram að mig minnir einnig með atkv. h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Er það eigi hin brýnasta skylda hvers manns, er hver og einn ætti að hafa fyrst og fremst fyrir augum, að reyna til að hafa eitthvað til að snasa í þá er hann er orðinn gamall? Svona gengur það. En eitt getum við h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og jeg borið með góðri samvizku í þessu máli, að það eru eigi Sunnlendingar nje Norðlingar, heldur Vestfirðingar, er þessi lög eru samin fyrir; það eru þeir, er mest hafa framsókn og bezt liðaðan þjóðvilja; vjer hinir konungkjörnu skulum því eigi mynda flokk til að tálma því, að þessir hinir miklu framfaragarpar fái framgengt þessari yfirlýsing um þessar miklu sjálfsframfarir á Vesturlandi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 291) báðar samþ. með 8 atkv. hver, 1. gr. þannig breytt og hinar greinarnar báðar sömul. samþ. með 8 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 samhlj atkv.

Tuttugasti og sjöundi fundur, mánudag 3. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 280); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 2.—4. gr. samþ. með 10 atkv. hver; 1. gr. sömul. Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 280, 283); 2. umr.

Landshöfðingi: H. þingdmönnum er kunnugt af frv. stjórnarinnar, hvernig stendur á breyt.till. þeirri, sem jeg hef komið með (C. 283). Í frv. hennar er það tekið fram, að einn af kennurum hins lærða skóla, Björn Jensson, varð veikur við áramótin 1889 og 90, og gat þess vegna eigi gegnt því embætti, sem hann hafði á hendi og gat ekki stundað kennslutíma sína í skólanum og varð að fá aðstoð. Hið næsta sumar fór hann eptir læknis ráði Kaupmannahafnar til að leita sjer lækninga; á þeirri ferð batnaði honum að vísu nokkuð, en þó eigi svo, að hann gæti tekið alla þá kennslutíma, sem hann átti að hafa á hendi veturinn 1890—91, en þó fleiri en áður, svo hann þurfti eigi að fá eins mikla tímakennslu fyrir sig, eins og hann hafði haft veturinn áður. En með því að maður þessi er eigi svo efnum búinn, að hann af eigin rammleik gæti kostað þessa tímakennslu, þá sótti hann um, að kostnaðurinn yrði greiddur af fje því, sem ætlað er til tímakennslu. Stjórnin áleit fulla ástæðu að taka beiðni þessa til greina og borga með fje því, sem veitt er til tímakennslu við lærða skólann, þá kennslu, sem fram fór í hans tímum, en af því upphæð þessi hrökk eigi til, þá er hin vantandi upphæð tekin upp á fjáraukalögin; stjórnin leitar nú til alþingis um að fá upphæðina, sem er 768 kr. 60 aur., greidda.

Fjárlaganefndin í h. Nd. lagði eindregið til með því, að öll upphæðin væri veitt; en er til atkvæðagr. kom, var það fellt, að líkindum ekki af ásettu ráði. Jeg hef því það traust til h. Nd., að ef málið er tekið upp aptur í þessari h. deild, þá muni hún eigi verða á móti því. Jeg vona að þessi h. deild líti svo á málið, að þörf sje að samþykkja gjörðir stjórnarinnar, nfl., að borga tímakennslunna, með því að sá maður, sem hlut á að máli, er eigi fær um að borga hana. Jeg álít tap fyrir skólann, ef þessi maður eigi hjeldi áfram að kenna þar, en ef hann þyrfti að borga þetta, mundi honum verða það mjög tilfinnanlegt, og eigi sagt, að hann gæti haldið áfram kennslustörfum sínum. Það var beinlínis tekið fram í áliti nefndarinnar í h. Nd., að þótt stjórnin hefði greitt hinn umrædda kostnað fyrir fram úr landssjóði upp

á væntanlega aukafjárveitingu, og nefndin legði með, að sú ráðstöfun væri staðfest í þetta sinn, þá yrði það ekki skoðað svo, sem sams konar fyrirframgreiðslur mundu einnig verða samþykktar framvegis, heldur var það tekið fram, að slíkur kostnaður ætti jafnaðarlega að greiðast af hlutaðeigandi kennara, og með því er girt fyrir, að sams konar útgjöld komi fyrir optar. Jeg gjöri óhætt ráð fyrir því, að sje þessi h. deild á þessu máli, þá muni h. Nd. einnig samþykkja, að veita fje það sem farið er fram á í stjórnarfrv. og sem jeg hef tekið upp með þessari breyt.till. minni.

ATKV.GR.: C. 1., C. 5. b. og C. 5. c. samþ., hver liður fyrir sig í e. hlj., C. 6 samþ. með 7 atkv., skilyrðin bæði (1.—2.) samþ. með 10 atkv.; 2. gr. í heild sinni samþ. í e. hlj. Breyt.till. við 3. gr. (C. 283) samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt sundurliðuð og í heild sinni samþ. í e. hlj. og 4. gr. sömul., 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og eins fyrirsögnin.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1888 og 1889 (C. 281); 2. umr.

ATKV.GR.: Tekjurnar samþ. í e. hlj. Útgjöldin samþ. í e. hlj. 3 athugas. á eptir samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Fyrirspurn til landshöfðingja (C. 272).

Grímur Thomsen: Þegar löggjafarvaldið árið 1877 með lögum samþykkti að afsala sjer nokkru af valdi sínu, og fól það hjeraðsnefndum, sýslunefndum og amtmönnum í þeim málum, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjörði það það í því trausti, að 5. gr. laga 14. des. 1877 um þetta atriði yrði vandlega gætt, og að með samþykktunum yrði eigi gengið of nærri rjetti manna, þröngvað um of atvinnufrelsi eða að þær á einhvern hátt kæmi í bága við lög eða grundvallarreglur laganna; þetta var því nauðsynlegra, þar sem samþykktum er svo varið, að þær verða eigi úr gildi felldar nema með því sama móti sem þær eru til orðnar, að sýslunefnd, hjeraðsfundur og amtmaður gjöri nýja samþykkt eða breyting á þeim, sem áður hafa verið gjörðar. Það er því eptir ákvæðum laga 14. des. 1877 öllum ljóst, að það verður kynlegt ástand, ef þannig lagaðar fiskiveiðasamþykktir fengju staðfestingu, að þær kæmu í bága við gildandi lög eða grundvallarreglur laga, því að á þann hátt yrðu sýslunefndir, hjeraðsfundir og amtmaður yfirsterkari heldur en löggjafarvaldið, alþingi og konungur. Þá yrðu *lögin* að lúta í lægra haldi en samþykktir þær, er gjörðar væru af sýslunefndum, hjeraðsfundum og staðfestar af amtmanni, og amtmennirnir yrðu því eigi að eins *nesja*-kóngar, heldur kóngar yfir H. H. konunginum.

Sú stefna er eigi svo lítið ríkjandi, að gefa heimild til að koma sem flestum málum fyrir með samþykktum; auk þeirra laga, sem til eru um fiskiveiðasamþykktir, höfum vjer nýlega haft frv. fyrir þessari h. deild um friðun á skógum, — sem að sönnu var felld; — jafnvel er í dag á dagskrá hjer í deildinni frv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta. Þetta sýnir það, að sú stefna er ríkjandi, að ráðstafa skuli sem flestum hjeraðamálum með samþykktum. En því nauðsynlegra er, að strangar gætur sjeu hafðar á því, að samþykktir þessar haldi sjer innan þeirra takmarka, sem lög ákveða, og að amtmaður hafi sterkar gætur á því, að staðfesta eigi neina þá samþykkt, er gengur of nærri rjetti manna, þröngvar um of atvinnufrelsi eða á nokkurn hátt kemur í bága við lög eða grundvallarreglur laga.

Fyrirspurn sú, sem jeg hef leyft mjer að koma fram með, er út af samþykkt þeirri, er gjörð er og staðfest 8. des. 1890 og gildir fyrir fiskiveiðar í sunnanverðum Faxaflóa. Samþykkt þessi bannar að leggja

net fyrri en 7. apríl ár hvert. En nú eru til lög frá 12. nóv. 1875, sem ákveða tímatakmarkið fyrir þorskanetalögnum við 14. marz, og sú gildandi samþykkt hefur þannig fært það takmark um 3 vikur fram í tímann, og þessar 3 vikur eru einmitt sá arðsamasti tími fyrir veiði með þeim veiðarfærum. Tímatakmark það sem sett er um þorskanetalagning með nefndum lögum frá 12. nóv. 1875, er mjög gamalt; tilskipun frá 1793 hefur sett það, hið sama takmark er sett í tilsk. frá 1820 og loks er því enn haldið af stiptamtmanni og síðar landshöfðingja Hilmar Finsen 1874, þá er hann endurtók ákvörðunina frá 1793 og 1820. Þetta er því eðlilegra, sem ákvæði þessi eru byggð á trú gamalla og reyndra sjómanna um fiskigöngur í góustrauminn, og að hið rjetta takmark fyrir netalagning sje sett einmitt um 14. marz. En nú gjörir þessi samþ. frá 8. des. 1890 breyting á lögunum frá 12. nóv. 1875 og skipar fyrir, að eigi megi leggja þorskanet fyrri en 7. apríl. Að vísu gjörir þessi samþ. líka breyting á 2. gr. tjeðra laga viðvíkjandi sektunum, en jeg skal ekki fást svo mikið um það atriði, með því að lögin frá 1886 breyta áður gildandi lagaákvæðum í því efni.

Nú eru margir af leikmönnum, sem ásamt mjer hafa þá skoðun, að samþykktin frá 8. des. 1890 sje nokkuð nærgöngul gildandi lögum, bæði lögunum frá 12. nóv. 1875 og þeim frá 14. des. 1877. Þá er lögin frá 14. des. 1877 voru til umr. hjer í h. efri deild, var frv. í 9 greinum og einmitt 9. gr. frv. hljóðaði um það, að nema úr gildi lögin frá 12. nóv. 1875, og sýnir það að sú h. nefnd sem skipuð var í þetta mál hjer í deildinni áleit nauðsynlegt að það væri berlega tekið fram í lögum, að þau lög skyldu vera felld úr gildi, en að það væri ekki nóg að gjöra það svona þegjandi með lögunum frá 14. des. 1877. Að vísu var þessu svo varið, að þá er málið kom til umr. og atkv.gr. frá nefndinni hjer í efri deild, þá var þessi 9. gr. í frv. nefndarinnar felld frá atkv.gr. með 8 atkv. gegn 3, meðfram af því, að felld hafði verið í h. neðri deild till. um að nema úr gildi lögin frá 12. nóv. 1875. En framsögumaður nefndarinnar, sem skipuð var um lög 14. des. 1877, tók það eindregið fram, *„að ef lög 12. nóv. 1875 stœðu, þá væri ómögulegt að breyta þeim með samþykkt“*. Nú eru mjög skiptar skoðanir manna um það, hvort lögin frá 12. nóv. 1875 eru enn í fullu gildi, eða að samþykktin frá 8. des. 1890 hefur að einhverju leyti numið þau úr gildi. Jeg hygg fyrir mitt leyti, — og jeg hef með mjer eigi allfáa leikmenn — að samþ. frá 8. des. 1890 komi eigi að eins í bága við lög frá 12. nóv. 1875, heldur gangi jafnvel nokkuð nærri ákvæðum 5. gr. í lögum 14. des. 1877, og að þeirri grein sje eigi nægilega gaumur gefinn í þessari samþykkt.

Jeg játa það, að jeg er leikmaður og eigi lögfróður, og vona jeg því að lögfræðingarnir og sjer í lagi hæstv. landsh. geti sannfært mig um hið gagnstæða. Jeg hef gjört þessa fyrirspurn til að fá vissu mína í þessu efni og bíð nú svars.

Landshöfðingi: H. þm. Borgf. (Gr. Th.) byrjaði ræðu sína á því, að með lögum 14. des. 1877 hefði löggjafarvaldið afsalað sjer sínu valdi í ýmsum atriðum, sem nákvæmar er ákveðið í 6. gr. nefndra laga, í hendur sýslunefnda, hjeraðsfunda og amtmanna. Jeg er honum alveg samdóma um þetta. En í því valdi, sem löggjafarvaldið þannig hefur afsalað sjer í hendur annara valda, er fólgið ekki að eins það vald, að setja ný ákvæði um þessi atriði, heldur og að breyta eldri ákvæðum um þau, þegar það verður ákjósanlegt. Vitaskuld er það, að venjulega hefur löggjafarvaldið eitt heimild til að breyta eldri lögum, en þá er það afsalar sjer þessu valdi í hendur öðru valdi, þá hefur þetta nýja löggjafarvald fulla og rjetta heimild

til að gjöra allar þær breytingar á eldri ákvæðum, sem því sýnist. Hjer er talað um, hvort heimilt sje með samþykkt að ákveða breytingu á lögunum 12. nóvember 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa. Eins og jeg tók fram, verð jeg að ætla að þetta nýja löggjafarvald hafi samkvæmt 6. gr. nefndra laga 14. desbr. 1877 fullkomið vald til þess að breyta með samþ. öllum eldri ákvæðum um þorskanetalagnir eða alveg sama vald sem hið almenna löggjafarvald hafði áður í því efni. Þetta kemur greinilega fram í umræðunum um þetta mál á þingi 1877; það er tekið meðal annars fram, að hentugt sje, að hver sýslunefnd fái leyfi til að setja reglur um fiskiveiðar á vissu, ákveðnu svæði, og að löggjafarvaldið eigi ekki að skipta sjer neitt af þessum reglum eða samþykktum. Þessu valdi eru sett nákvæm takmörk í 6. gr. laga 14. des. 1877. Enn fremur var tekið fram við umræðurnar þá, að þessi lög hefðu ekki beinlínis nein áhrif á lögin um þorskanetalagnir í Faxaflóa 12. nóv. 1875. Það er að vísu rjett, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram, að í frv. nefndarinnar voru tekin ákvæði um að fella lögin 12. nóv. 1875 úr gildi, en þessi grein frv. (9. gr.) var felld frá atkvæðagr. við 2. umr. í efri deild, og ástæðan til þess var sú, að það þótti koma í bága við þingsköpin, að efri deild tæki ályktun gagnstæða neðri deild, en þar hafði þá nýlega verið fellt frv. um að nema lög 12. nóv. 1875 úr gildi. Þetta var aðalorsökin til þess, að 9. gr. í frv. nefndarinnar var ekki borin undir atkvæði, og svo einnig það, að óþarft þótti að afnema þá þegar lögin frá 1875, og þess vegna var þetta ekki gjört að neinu kappsmáli. Það var heldur ekki víst, að hlutaðeigandi sýslunefndir hefðu kært sig um, að þessi lög væru þá numin úr gildi, en með lögunum 14. des. 1877 gaf löggjafarvaldið þeim vald til að breyta eldri ákvæðum, hvenær og á hvern hátt sem tiltækilegast þætti, og þá einnig lögunum frá 12. nóvbr. 1875. Jeg get því ekki sjeð, að nokkuð rangt sje í því, þótt fiskiveiðasamþykktin 8. desbr. 1890 setji ákvæði, sem eru *öðruvísi* en lög 12. nóv. 1875. Jeg segi ekki, að hún komi í bága við þessi lög, heldur að hún sje öðruvísi. Í lögunum 12. nóv. 1875 er bannað að leggja þorskanet í Faxaflóa fyrir 14. marz. Ef samþykktin segði, að nú væri bannað að leggja net fyrir 1. marz, eða með öðrum orðum, að nú mætti leggja net 1. marz, þá mætti ef til vill segja, að hún kæmi í bága við lögin 1875, en þó tímatakmarkið sje flutt aptur, þá kemur það ekki í bága við þá grundvallarreglu, sem tjeð lög eru byggð á. Það væri einnig nokkuð undarlegt, ef ekki mætti með fiskiveiðasamþykkt ákveða neitt, sem væri ósamkvæmt eldri lögum. Jeg skal t. d. nefna 2 konungsbrjef, annað um þorskanetalagnir í Hafnarfirði 8. apríl 1782, hitt frá 18. sept. 1793 um netabrúkun í Leiru, Keflavík, Njarðvíkum og við Vogastapa. Þessi konungsbrjef hafa aldrei verið numin úr gildi, en þeim hefur verið breytt með lögum 12. nóv. 1875, hvað tímatakmarkið fyrir netalagnir snertir, en aptur á móti gilda enn ýms ákvæði í þessum kgs.brjefum um það, hvar, hve djúpt og hvernig net eigi að liggja o. s. frv. Ættu þá fiskiveiðasamþykktir á þessu svæði ekki að geta ákveðið neitt, sem kæmi í bága við þessi gömlu lög? Ef skilja ætti lögin 14. des. 1877 eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) skilur þau, þá yrðu flestar eða allar samþykktir um netalagnir ómögulegar á því svæði, sem hjer er að ræða um, Hafnarfirði, Garði, Leiru o. s. frv. Jeg sje því ekki betur, en að samþykktin 8. des. 1890 sje samkvæm 5. gr. í lögum 14. des. 1877, eða að þeirri grein sje fylgt í samþykktinni, og að eigi verði með rjettu færð sú ástæða gegn samþykktinni, að hún sje ósamkvæm lögum. Hitt er annað mál, þótt ýmsir hafi verið óánægðir með þessa samþykkt. Það hafa t. d. komið

umkvartanir til amtsins undirskrifaðar af 150 mönnum; en hefðu þessir 150 menn mætt á fundinum, þegar samþykktin var gjörð, og greitt atkvæði á móti henni, þá hefði hún aldrei verið samþykkt og þá hefði einnig þessi fyrirspurn orðið óþörf.

Grímur Thomsen: Hæstv. landsh. hafði tvö orð í ræðu sinni, sem ef til vill hefði verið rjettara að hafa ekki. Þegar hann minntist á atkvæðagreiðsluna um frumv. 1877, þar sem 9. gr. fór fram á að nema úr gildi lögin 12. nóv. 1875, sagði hann, að þessi grein hefði verið felld frá atkvæðagreiðslu eingöngu af því, að þótt hefði *óþarft* að nema þessi lög úr gildi. *(Landsh.:* Það voru ekki mín orð, heldur fyrst og fremst af því, að það hefði verið á móti þingsköpunum, og svo af hinu jafnframt). Jeg ætla ekki að tala um, hvort það hafi verið samkvæmt þingsköpunum eða ekki, að fella 9. gr. burtu, en jeg vil leyfa mjer að skýrskota til tveggja h. þingdm., er þá sátu á þingi og eru hjer nú, h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) og h. þm. Rangv. (S. Á.). H. þm. Rangv. (S. Á.) greiddi þá atkvæði móti 9. gr., bæði af því, að það væri ekki samkvæmt þingsköpunum að samþykkja hana, og líka af því, að ekki væri nein ástæða til að afnema lögin 12. nóv. 1875. Hæstv. landsh. segir, að samþykktin 8. des. 1890 *komi ekki í bága við* lögin 12. nóv. 1875, en hún sje *öðruvísi*. Mjer þætti fróðlegt að vita, samkvæmt reglum hugsunarfræðinnar, hvernig þetta *öðruvísi* eigi að skiljast, og þegar eitthvað sje ákveðið öðruvísi en annað, hvort það komi þá ekki jafnframt í bága við það. Hæstv. landsh. gat þess einnig, að samkvæmt mínum skilningi á lögunum 1877 yrðu allar samþykktir um netalagnir í Faxaflóa ómögulegar. En jeg segi, að það liggi nær að koma með frumv. til að breyta hinum eldri lögum, heldur en að koma með ákvæði, sem eru öðruvísi, og að heppilegra og betra sje að breyta eldri lögum með nýjum lögum, heldur en með samþykktum.

Í sambandi við þetta skal jeg í öðru lagi minnast á, að hrepparnir við Faxaflóa eru undir ýmsum mismunandi lögum, þannig, að eins og samþykktin nú er, eru sumir hreppar undir henni, en sumir undir lögunum 12. nóv. 1875. Akurnesingar geta t. d. lagt net sín 14. marz. *(Landsh.:* Og Kjalnesingar einnig). Norðurparturinn af Miðneshreppi getur einnig lagt net undir eins eptir 14. marz. Er það nú gott, að sumir lifi eptir lögum frá 1875, en sumir eptir samþykktinni frá 1890? Er það þægilegt og hagkvæmt fyrir þá, sem ekki mega leggja net, að sjá aðra (t. d. Akurnesinga) drekkhlaða sig af netafiski á sömu miðum, þar sem aðrir mega engin net leggja? Það má segja, að þeim sje sýnd veiðin en ekki gefin. Jeg sje, að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hristir höfuðið, en jeg vil leyfa mjer að benda honum á, að einu sinni var maður á þingi, sem hjet Þórður Jónasson. Hvað sagði hann? Hann mælti á þessa leið: „Það er aðgætandi, að netalagnir tíðkast eigi á Innnesjum nema lítið eitt og eru að kalla nýjar á Sviði; þeir geta því eigi kvartað yfir því, þó þeir hafi ekki meiri rjett í tilliti til netalagnanna, en þeir sem búa sunnanvert við Faxaflóa. Það er og eðlilegt, *að netaveiði á sama fiskimiði sje undir sömu lögum og kjörum*, því að þá er engum hlutaðeigandi gengið of nærri, en það getur orðið, ef sumum er leyfð netabrúkun en sumum eigi á sama tímabili, þegar kringumstæðurnar eru þær sömu og engin ástæða liggur fyrir að gjöra undantekningu, og svo virðist hjer vera". Þessi orð eru einmitt töluð við 3. umr. um frv. til laga um þorskanetalagnir í Faxaflóa af greindum manni og lögvitrum. Nú er ekki haft neitt á móti því, að sumir íbúar við flóann sjeu undir eldri lögum, frá 1875, en sumir undir samþykktinni 1890. Jeg skýt

því til h. deildar, hvort þetta fyrirkomulag sje æskilgt eða eðlilegt, þótt þeir, sem samþykktina hafa gjört, kunni að hafa álitið svo. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira að sinni, en bíð átekta.

Landshöfðingi: Það er að eins fáu, sem jeg þarf að svara h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hann hermdi ekki orð mín rjett, þar sem hann lætur mig segja, að orsökin til þess, að 9. greinin var felld, hafi *eingöngu* verið sú, að hún var álitin óþörf; heldur sagði jeg, að orsökin til þess, að nýnefnd grein var felld, hefði verið sú, að það þótti stríða gegn þingsköpunum að samþykkja hana, en svo bætti jeg við, að hún hefði líka þótt óþörf, eins og sjest af alþingistíðindunum.

Í annan stað tók hann það fram, að samþykktin mætti ekki koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna. En jeg skal geta þess, að jeg skil þetta á annan hátt en h. þm. Borgf. (Gr. Th.); jeg skil það nefnilega þannig, að samþykktin ekki megi koma í bága við *önnur* lög, lög um önnur málefni, t. a. m. ef samþykkt, sem menn vildu koma á, kæmi í bága við lög um bátfiski á fjörðum o. s. frv.; þetta hefur komið fyrir, nefnilega að hjeraðsfundur ætlaði með samþykkt að útiloka aðkomandi fiskimenn frá stærra svæði en einstökum firði eða fjarðarparti, en hún fjekkst heldur ekki staðfest af amtmanni.

Sami h. þm. (Gr. Th.) lagði mikla áherzlu á þá ósamkvæmni, sem lægi í því, að Akurnesingum og Miðnesingum, sem væru við sama flóann, og jeg get bætt við Kjalnesingum, væri leyfilegt, að leggja net sín strax eptir 14. marz, en þeir menn, sem samþykktin 8. desbr. 1890 um netalagnir nær til, ekki fyr en 7. apríl; en sami ójöfnuðurinn kemur fram við lóðasamþykktina og yfir höfuð gildir þetta um allar samþykktir, og það af því, að þær að eins gilda fyrir víst tiltekið svið, og þeir sem búa fyrir utan það svið eru ekki bundnir við ákvæði samþykktarinnar. Annað tók h. þm. Borgf. (Gr. Th.) ekki fram, er jeg finn, að jeg þurfi að svara, en jeg skal að eins geta þess, að h. þm. (Gr. Th.) hafði ekki á móti því, sem jeg áðan tók fram, að með lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. des. 1877, hafi löggjafarvaldið afsalað sjer löggjafarvaldinu í þeim atriðum, sem lögin ná yfir, í hendur hlutaðeigandi sýslunefnda, og það er aðalmergur málsins.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins gjöra fáeinar athugasemdir, og get jeg þess fyrst, að svar hæstv. landsh. fullnægir mjer ekki. Þegar jeg les 5. gr. í lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, þá sje jeg ekki að nein undantekning sje þar tekin fram; komi því samþykktin í bága við lög, þá skil jeg það svo, að engin lög sjeu undan tekin, en hæstv. landsh. skilur þetta öðruvísi en jeg, eða að það sje einungis þegar samþykktin kemur í bága við *önnur* lög. En mjer finnst, þegar samþykkta-stefnan er að verða æ ríkari og ríkari, að þegar eldri lögum þarf að breyta, þá sje þeim breytt með nýjum lögum; það getur margt orðið hæpið og óeðlilegt við þessar sífelldu samþykktir. Jeg læt nú úttalað um þetta, en sný mjer að því, að jeg fæ eigi betur sjeð, en að samþykktin frá 8. desbr. 1890 gangi bæði of nærri rjetti manna og þröngvi um of atvinnufrelsi, þar sem sumum er meinað að leita sjer atvinnu, en sumum aptur leyft það. Það vill svo vel til, að það er hægt að sanna með vottorðum, að eptir að samþykktin kom í gildi, þá sást ekki fiskur á færi, þó hann væri fyrir; jeg get tilnefnt mann í neðri deild, sem getur sannað þetta með mjer, og er hann kunnugri þessu máli en bæði hæstv. landsh. og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.); þeir sem eitthvað öfluðu, fengu það allt í net; afleiðingin af því, að menn þannig með samþykktinni um of hafa þröngvað að atvinnufrelsi, er sú, að margir sjómenn hafa orðið fyrir stórtjóni, og

kaupmenn bíða líka mikið tjón við þetta, þar sem af þessu leiðir, að þeir ekki geta fengið skuldir sínar borgaðar. Jeg skal að síðustu geta þess, að jeg leyfi mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, sem gengur í þá átt, að þingið hafi það traust til landshöfðingjans, að hann, samkvæmt erindisbrjefi sínu, er gjörir honum að skyldu „að hafa umsjón með embættisfærslu embættismanna", sjái um, að samþykktir verði eigi staðfestar, sem stríði gegn 5. gr. í lögum 14. desbr. 1877.

Landshöfðingi: Jeg skal geta þess viðvíkjandi ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að hún hefði sjálfsagt haft áhrif á hjeraðsfundi og átt þar við, en alls eigi hjer á þingi. Alþingi getur ekkert gjört í þessu efni; það hefur ekkert með það að gjöra, hvernig sýslunefndirnar fara með vald það, sem þeim er veitt, nema með því móti, að taka af þeim samþykktarvaldið aptur, ef þær eigi kunna með það að fara. Meðan það er eigi gjört, getur eigi verið um það að tala á þingi, hvernig þær beita því.

Mjer skildist á h. þm. Borgf. (Gr. Th.) að hann áliti, að lögunum frá 12. nóv. 1875 yrði einungis breytt með lögum, en eigi með samþykktum. Það er sannfæring mín, að ef lagt yrði fyrir þingið frv. um breytingu á lögum 12. nóv. 1875, þá mundi þingið vísa því frá sjer sem sjer óviðkomandi, af því að það er búið að afsala sjer öllum afskiptum af því málefni.

Jeg sje eigi ástæðu til þess, að ræða um það hjer í deildinni, hvort samþykktin frá 8. des. 1890 gangi ofnærri atvinnufrelsi manna og þröngvi því, það hefur í lögunum verið falið amtmanni að sjá um það og hann er því hinn síðasti „instants" í þessu máli; ef hann eigi álítur að samþykktin gangi of nærri atvinnufrelsi, þá verður þar við að standa.

Ef jeg væri amtmaður, mundi jeg álíta það mjög viðurhlutamikið fyrir mig, að neita að staðfesta slíka samþykkt, af því hún þröngvaði um of atvinnufrelsi, þegar svo stór meiri hluti atkvæða — þau voru 292 móti 70 atkv. — hefði samþykkt ákvæði hennar; jeg get ekki álilið það rjett, að jeg, sem er alveg ófróður um þess konar hluti, þá kæmi og segði: „Þið hafið alls ekkert vit á þessu; það fer alveg með ykkur á höfuðið; jeg staðfesti þetta eigi". Þetta væri nokkuð djarft talað af amtmanni.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að samþykktin hefði haft af mönnum mikinn afla í 3 vikur; jeg skal eigi segja neitt um það, og jeg held ómögulegt fyrir nokkurn mann að segja nokkuð áreiðanlegt um það. Til þess þyrfti einhver að hafa lagt net á þessum tíma og fiskað í þau, og þó fiskur hafi verið á flóanum, þá sannar það eigi neitt, því eigi er víst að hann hefði fengizt í net.

Þótt sumir menn þykist geta sagt, að þeir hafi tapað á þessum samþykktum, þá gæti þó komið önnur ár, sem mætti sanna að fiskaðist betur vegna bannsins frá 14. marz til 7. apríl. En jeg veit þetta eigi og hef ekkert vit á því, en jeg veit að það er sú trú hjá mörgum sjómönnum, að þorskanetalagnir eigi að vera takmarkaðar, eins og gjört er í samþykktinni. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á það; en úr því alþingi hefur afsalað sjer löggjafarvaldinu í þessum málum í hendur umboðsvaldsins, þá er það eigi rjett af því, að hefta í neinu gjörðir sýslunefnda, hjeraðsfunda og amtmanns í þessu efni. Hið eina, sem alþingi getur gjört, er það, að taka þetta vald aptur af sýslunefndunum, en það álít jeg ekki ráðlegt.

Ef sú rökstudda dagskrá, sem fram hefur komið, væri samþykkt, þá er þar með látið í ljósi, að 5. gr. í lögum 14. des. 1877 hafi eigi verið gætt, þegar samþykkt sú, er nú gildir um fiskiveiðar í Faxaflóa, var staðfest; en jeg hygg að það sje ástæðulaust, að gefa umboðsvaldinu akúrur fyrir það.

Ef einhverjir kynni að halda, að samþykktin sje ólögleg, þá er enginn annar vandi fyrir þá, en að láta dómstólana skera úr með því að brjóta samþykktina, og koma síðan fram fyrir dómstólunum með þá sýknunarástæðu, að samþykktin sje ólögleg. Ef þeir yrðu dæmdir sýknir, þá er samþykktin þar með dæmd ógild; en sökin er sú, að þeir, sem óánægðir eru með samþykktina, hafa eigi treyst sjer til að brjóta hana í því trausti, að verða dæmdir sýknir.

Grímur Thomsen: Í fyrsta lagi er það, að jeg hef eigi viðurkennt, að löggjafarvaldið hafi gefið frá sjer *allt* vald í þessu máli, með lögunum frá 14 des. 1877; jeg neita því; en það hefur gefið valdið frá sjer með þeim takmörkunum, sem 5. gr. ákveður; hitt hefur hæstv. landsh. borið fram, en jeg eigi.

Í öðru lagi segir hæstv. landsh., að það sje viðurhlutamikið og erfitt fyrir amtmann, að koma með mótbáru móti ályktunum hjeraðsfunda og sýslunefnda og standa á móti straumnum. Jeg skal játa, að svo getur verið; en hann hefur hin gildandi lög, að halda sjer föstum við. Hann gæti sagt: „Jeg vil feginn fylgja ykkur, en það eru gildandi lög til, sem banna mjer það“, og hefur hann í því stuðning gegn ofurkappi og flokkadráttum í hjeruðum.

Í þriðja lagi benti hæstv. landsh. til dómstólanna. Jeg gæti skilið, ef maður sneri sjer beinlínis til hans í þessu efni, að hann þá segði honum að brjóta samþykktina og láta svo dómstólana skera úr; en hjer á þingi á þetta eigi svo vel við; hjer er eigi hægt að vísa því til dómstólanna.

Jeg sem þingm. er skyldur að benda á; ef löggjafarvald þingsins er borið fyrir borð, og gjörði jeg þessa fyrirspurn þess vegna. Það eru að minnsta kosti sumir, sem álíta, að löggjafarvald þess sje borið fyrir borð. Menn gætu náttúrlega brotið og látið svo dæma sig í allt að 500 kr. sekt, en jeg held það verði umsvifamikið og betra að það kæmi eigi fyrir. Landshöfðingi og amtmaður mundu sízt óska, að allt logaði í málaferlum út af þessari samþykkt.

ATKV.GR.: Eptir beiðni spyrjanda (Gr. Th.) bar forseti upp svo látandi till. til *rökstuddrar dagskrár*:

„Í því trausti, að landshöfðinginn hafi nákvæmt eptirlit með, að samþykktir eigi komi í bága við gildandi lög, tekur þingdeildin næsta mál á dagskrá fyrir“.

En hún var *felld* með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 285); 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Það var svo vel tekið undir þetta mál við 1. umr., að jeg álít eigi þörf á að fjölyrða um það að þessu sinni, með því eg treysti því, að þessi h. deild verði sjálfri sjer samkvæm, og lofi málinu að komast til 3. umr.

Sighvatur Árnason: Það væri betur ef svo færi, að frv. þetta fengi fram að ganga og að eigi lægi fyrir því annað ein sog fiskiveiðasamþykktinni við Faxaflóa. Jeg er málinu hlynntur; jeg vildi gjöra dálitla breytingu, en jeg býst eigi við að það geti látið sig gjöra svo seint, eða að hún geti komizt að við 3. umr. Jeg var lasinn á laugardaginn og gat því eigi verið við 2. umr. og hefi eigi haft sinnu á að útbúa breyt. til þessarar umr.

Mjer hefur komið til hugar, að bæta við í 1. gr. á eptir „sýslunefndum“ orðinu „og bæjarstjórnum“. Það gæti átt við fyrir sumar bæjarstjórnir að hafa sama vald, því, eins og kunnugt er, eru kaupstaðir innan um sumar sýslur, t. d. Reykjavík, sem hefir talsvert af hrossum, og svo er máske víðar.

Aðra breytingu vildi jeg gjöra við 5. gr. Í henni eru sett takmörk, svo jeg efast um að samþykktin geti farið út yfir þau takmörk, sem þar eru sett; en jeg á-

lít þó þessi takmörk ónóg og vil jeg því fara lengra með því, að koma með viðauka við 5. gr., t. d. að hafa úrval af hestum og hryssum á afskekktum stað til þess að bæta kynið, og mætti sýslan verja fje úr sýslusjóði til þessa.

Viðvíkjandi 6. gr. kom mjer sömuleiðis til hugar, að ákveða nákvæmar, hvernig kostnaðinn skyldi greiða við eptirlit með samþykktunum, nfl. úr sýslusjóði, svo að nákvæmni yrði í því um land allt. Annars mætti búast við, að ein sýsla legði kostnaðinn á einstöku hreppa, en í öðrum sýslum yrði hann greiddur úr sýslusjóði.

Svo gæti verið, að fleiri vildu hreyfa við frv. þessu, t. d. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) vildi máske leggja staðfestingarvaldið undir landsh., því hann áleit nýlega að amtmanninum gæti yfirsjezt.

Grímur Thomsen: Jeg skal strax svara h. þm. Rangv. (S. Á.) því, að ef hann vill rannsaka, hve samkvæmur hann var sjálfum sjer við atkv.gr. áðan og 1877, þegar samþykktarlögin voru fyrir, þá verður hann að fyrirgefa mjer, þó jeg sje einhverntíma ósamkvæmur sjálfum mjer.

Friðrik Stefánsson: Þó jeg ef til vill gæti álitið breyt. h. þm. Rangv. (S. Á.) til bóta þegar þær kæmu fram, þá er nú þegar ekki hægt að segja um það. Mitt álit er, að frv. mundi lítið batna við breytingar, auk þess, að yrði farið að breyta því við 3. umr., gæti það orðið til þess að málið fjelli á þessu þingi, og væri það illa farið, því þetta er þó til framfara og hagsbóta fyrir margar sveitir á landi voru.

ATKV.GR.: Allar greinar frv. samþ., 1.—2. með 10 atkv., 3.—5. með 9, 6.—8. með 10. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breyting á 3. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 284); 2. umr.

J. A. Hjaltalín: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd í þessu máli.

ATKV.GR.: Nefnd í málið samþ. með 6 : 2 atkv.

Kosningu hlutu:

Þorleifur Jónsson	með 7	atkv.
E. Th. Jónassen	— 5	—
L. E. Sveinbjörnsson	— 4	—

2. umr. frestuð.

Frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri (C. 284); 2. umr.

ATKV.GR.: Gr. Th. stakk upp á að vísa málinu til nefndarinnar í næsta máli á undan og var það samþ.

Tuttugasti og áttundi fundur, þriðjudag 4. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Islands (C. 292); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Jafnvel þótt jeg vel viti, að umr. um þetta mál verði árangurslausar hjer í deildinni, ætla jeg þó með fáum orðum að gjöra grein fyrir atkv. mínu um það. Þetta mál hefur nú verið á dagskrá á undanförnum þingum, og þó að því hafi verið breytt þing eptir þing, þá er þó aðalgrundvallarástæðan fyrir því, að þetta mál kemur fram, hin sama og áður, sem sje sú, að stjórn landsins verði sem mest innlend. Það er það mark og mið, sem öll stjórnarskrárbreyting stefnir að, en það lítur svo út, sem sumir vilji ná þessu takmarki í einu stökki, og það á þann hátt, að fá annaðhvort allt í einu eða þá ekki neitt. Jeg get ekki annað en furðað mig á þeim þingm., sem kalla sig hinar „tryggu leifar“, að þeir skyldu nú vera að koma með málið inn á þing, sem þeir auðvitað máttu vita fyrir fram að yrði ekki til neins, og enn fremur furða jeg mig á, að þeir skyldu koma með frv.

svona úr garði gjört, sem það er, þar sem sum ákvæði þess eru óaðgengilegri en frv. efri deildar 1889, því eptir því hafði konungur að sönnu apturköllunarrjett á lögum þeim, sem landsstjórinn var búinn að staðfesta, en slíkum apturköllunarrjetti hefði ekki verið beitt, nema í þeim málum, sem sameiginleg voru fyrir allt ríkið. En eptir þessu frv., þar sem svo er ákveðið: „konungur eða landsstjóri", getur konungur tekið öll mál eða staðfestingu þeirra frá hinni innlendu stjórn. Hefði nokkur von verið til að málið gengi fram á þessu þingi, þá hefði mátt laga galla þá, sem á frv. eru, en nú er þess engin von; en þrátt fyrir allt þetta ætla jeg þó að gefa atkv. mitt með því, að málið gangi til 2. umr., af því jeg vil innlenda stjórn í vorum sjerstöku málum, og er málinu fylgjandi, þó jeg álíti affarasælla að halda því fram í hófsmannastefnu.

Arnljótur Ólafsson: Þetta stjórnarskrárfrv. er til vor komið frá neðri deild, þannig úr garði gjört, að eigi er líklegt, að jafnvel nokkrum þm. í Nd. hafi getað dottið í hug, að það yrði samþ. hjer í deildinni. Frv. er hið sama, sem það var frá Nd. 1887, einungis með 4 minni breytingum og viðaukum, er í engu raska höfuðefni frv. Nd. hefur því eigi tekið hið minnsta tillit til skoðana Ed. í málinu, hvorki til nefndarálits Ed. 1887, nje held ur til frv. Ed. 1889. Vjer getum ennfremur sagt, að forvígismenn þess hafi eigi í umr. málsins í Nd. einu sinni virt oss svo mikils, að þeir hafi gjört sjer það ómak að rannsaka nje hrekja með nokkrum sennilegum ástæðum framkomnar skoðanir Ed. Með þessari aðferð er gjört ómögulegt allt samkomulag, eigi að eins milli löggjafarþings Íslendinga og hins íslenzka löggjafarvalds í Kaupmannahöfn, heldur og milli sjálfra þingdeilda alþingis. Með þessari einrænislegu aðferð er í raun rjettri öll samvinna í þessu máli gjörð ómöguleg milli efri og neðri deildar, með því að till. vorum og ástæðum er enginn gaumur gefinn, og þannig fótum troðin hin gamla, gullvæga regla: *audiatur et altera pars* = heyra skal og hinn aðila málsins. Enginn getur neitað því, að Ed. er í löggjafarmálum eins löggildur þáttur alþingis eins og Nd.; en til hvers er oss að tala við þá, er eigi heyra, eða eigi vilja heyra aðra en sjálfa sig, er eigi vilja skilja mælt mál annara, er annaðhvort þegja eða svara út í hött? Eptir þessum málavöxtum er mjer grunur á, að sumum h. þingdm. muni vera næst geði, að skapa frv. skammar aldur, og get jeg eigi láð þeim það, með því að fyrirsjáanlegt er, að öll umr. um málið hlýtur auðsjáanlega að verða árangurslaus með öllu.

Með því nú þessu er þannig varið, hef jeg fundið það skyldu mína, að taka nú þegar til máls, því jeg vilda þó geta drepið á tvö höfuðatriði frv. Fyrra atriðið er skoðun og skilningur Nd. á stöðulögunum, og hitt er fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar í Íslands sjerstöku málefnum. Frv. sýnir, hvern ýmugust, já, hversu sterka óvild Nd. hefur á stöðulögunum, sem mun sprottið af því, að Nd. álítur þau valdboðin hjer á landi. Nd. hefur þó, eptir því, sem sjeð verður á 2. gr. frv., gjört sig ánægða með þá skiptingu á Íslands sjerstaklegu og sameiginlegu málefnum, er stöðulögin gjöra, sömuleiðis vill hún þiggja fasta og lausa tillagið úr ríkissjóði (34. gr.), en að nefna lagaheimildina fyrir tillaginu, þ. e. stöðulögin, það getur Nd. eigi af sjer fengið, hún kýs heldur að eiga það á hættu að missa tillagið. Mín skoðun á stöðulögunum er sú, að líkt og ráðherrann, landsbókasafnsins mikli velgjörðamaður, geheimetatsráð Krieger, tók fram, þá er hann lagði frv. til stöðulaganna fram á ríkisdeginum, að þau sjeu yfirlýsing þess af hálfu ríkisdagsins, að Íslands sjerstaklegu málefni kæmi ríkisdeginum eigi við, og að ríkisdagurinn vildi eptir bæn hans hátignar veita fjártillag til þess,

að vjer gætum byrjað stjórnarbúskapinn og fram haldið honum. Stöðulögin eru því samningur milli hans hátignar konungsins og ríkisdagsins; þau eru enn fremur lögföst viðurkenning og fullnaðarúrskurður um, að grundvallarlögin hafi aldrei náð út yfir hin sjerstaklegu málefni Íslands, og þau hafa því gjört enda á allri þrætu um gildi grundvallarlaganna í vorum sjerstaklegu málefnum. Rökstuðning þessa álits míns finnst mjer vera einföld og auðsæ, og hún er þessi: Stöðulögin væri breyting á grundvallarlögunum, ef hin sjerstaklegu málefni vor hefðu heyrt undir ríkisdaginn að stjórnarlögmáli rjettu; en nú hafa stöðulögin aldrei verið, hvorki af Danastjórn nje ríkisdegi, hvorki fyr nje síðar, álitin að vera breyting á grundvallarlögunum; fyrir því hafa hin sjerstaklegu málefni vor aldrei heyrt, stjórnrjettarlega skilið, undir ríkisdaginn. Stöðulögin eru því ekki afsal á vorum málefnum frá ríkisdeginum. Hvernig geta menn þá hugsað sjer, að ríkisdagurinn fari að heimta aptur þau málefni vor, er hann aldrei átt hefur rjettartilkall til? Að hræðast það, að ríkisdagurinn muni nokkurn tíma af taka stöðulögin, finnst mjer því vera álíka skynsamleg hræðsla, eins og að vera myrkfælinn í glaða sólskini. En þótt nú einhver engu að síður vildi gjöra ríkisdeginum þær getsakir, að hann vildi breyta stöðulögunum eða aftaka þau, þá tel jeg hitt eins víst, að enginn vildi vera þekktur að því, að drótta hinu sama að hans hátign konunginum, að hann vilji nokkurn tíma apturtaka gjöf sína, hann, sem af alveldi sínu hefur gefið oss bæði stöðulögin og stjórnarskrána, og sem fljettað hefur stöðulögin svo fast inn í stjórnarskrána, að stöðulögunum verður eigi breytt, nema jafnframt sje lagt fram frv. á alþingi að samsvarandi breyting á stjórnarskránni og hún samþ. af alþingi.

Öðru máli er að gegna með hið síðara málsatriðið, er jeg vildi minnast á: fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar í Íslands sjerstökn málefnum. Ef jeg virði grandgæfilega fyrir mjer þær hinar mörgu og mikilvægu breytingar á 1. kafla stjórnarskrárinnar, þá finnst mjer þær koma mjög svo allar í einn stað niður, að þær sjeu sprottnar af óánægju yfir því, að hingaðtil hafi eigi komið nægilega til framkvæmda það ákvæði í 1. gr. stjórnarskrárinnar, að „í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hafi landið stjórn út af fyrir sig“. Jeg skal þegar játa, að þetta hefur við rök að styðjast, að því leyti sem Íslands ráðgjafi hefur sæti í ríkisráði Danmerkur þá rædd eru hin sjerstaklegu málefni landsins. Að öðru leyti skal jeg engum orðum eyða að frv.breytingunum sjálfum, nema hvað jeg hlýt að taka það eitt fram, að fyrirkomulagið á ráðgjafanum gagnvart konunginum er svo kynlegt og svo óstjórnskipulegt — að jeg eigi við hafi harðari lýsingarorð — að *stjórnskipulegur konungdómur* er gjörður ómögulegur, og enginn getur sagt með vissu eptir á, hvar æðsta stjórnarvaldið skuli búa, hvort hjer á landi eða í Kaupmannahöfn. Þetta er nægilegur galli á frv. til að gjöra það óhafandi.

Þetta stjórnarskrárþref er orðið næsta leiðinlegt, með því að það hvorki rekur nje gengur í raun rjettri. Landsmenn hafa fylgt málinu opt og tíðum með miklum, en og stundum með litlum áhuga; en nú er fjöldi manna orðinn hjartanlega leiður á þessu árangurslausa þrefi, að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt. Það sem er miklu verra: þetta þref og sífellda stapp er næsta skaðlegt; það eyðir vinnutíma og vinnukröptum alþingis; það eykur sundrung milli þingdeildanna og milli þingmanna í deildunum, eigi einungis í þessu máli, heldur og mörgum öðrum málum. Þetta stjórnarskrárþref er skaðlegt, af því það leiðir allan hugann að bókstafnum í stjórnarskránni, en kemur mönnum til að gleyma andanum og framkvæmdarlífi hennar. Að

minni hyggju vantar oss eigi svo bókstaflega stjórnarrjettindi, sem oss vantar anda, eindrægni og lífskrapt til að lífga bókstafinn, til að veita stjórnrjettindum vorum út í þjóðlífið. Jeg minnist þess nú, að eitt af dagblöðum vorum, sem nú um tíma hefur haft talsvert gengi, hefur kallað stjórnarskrá Kanada „humbug“; en þó mun óhætt að fullyrða, að þjóðþrif Kanadamanna sje miklu meiri að tiltölu en vor eru, og það er af því, að þeir kunna að blása lífsanda sínum í bókstaf stjórnarskrár sinnar, en vjer ekki. Vjer megum aldrei gleyma því, að andi frelsis og framfara verður að búa í brjóstum landsmanna sjálfra og streyma þaðan fram í orðum þeirra og verkum. Vjer megum aldrei gleyma því, að endirinn, að takmark það, er allur ágreiningur og allar stjórnmáladeilur vorar hljóta til að stefna, er *samkomulag* allra hlutaðeigenda; ella eintómt árangursleysi og endaleysa. Með þessar og þvíumlíkar hugleiðingar fyrir augum mjer vil jeg fúslega, um leið og jeg gef atkv. mitt gegn frv., rjetta hönd mína fram til samkomulags, og koma fram með þingsályktun þess efnis, að Íslands ráðgjafi hafi eigi sæti í ríkisráðinu, að því er snertir hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Sighvatur Árnason: Af því mjer er eigi ljóst, hver afdrif mál þetta mun fá hjer í deildinni við lok þessarar umræðu, þá vil jeg með fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Það er kunnugt að frumv. þetta er eins og frumv. alþingis í þessu máli 1885 og 1886 (hin endurskoðaða stjórnarskrá), að undanteknum nokkrum smábreytingum. Það er einnig kunnugt að þetta frumv. hefur fengið meðhald og festu hjá þjóðinni; það var samþykkt hjer á þingi 1885, 1886 og 1887, að svo miklu leyti sem það gekk í gegnum neðri deild; síðan hefur það verið samþykkt á þingmálafundum víðsvegar um landið og það síðast í vor. Jeg álít, að ef frumv. yrði framgengt eða ef það yrði staðfest, þá fengju landsmenn það sem þeir vildu og hafa æskt eptir. Auglýsing stjórnarinnar frá 2. Nóvbr. 1885 var þessu andstæð, en þegar maður íhugar þetta svar stjórnarinnar, þar sem hún segir, að það sje ekki tiltök, að hún samþykki nokkrar breytingar á stjórnarskránni, þá gefur það enganveginn ástæðu, til að þjóðin þar fyrir breyti skoðun sinni eða vilji hætta við málið, úr því nauðsyn krefur, að fá breytingu. Eptir stjórnarskránni er nú vitaskuld æðsta valdið yfir vorum sjerstökum málum í Kaupmannahöfn, og vitanlega að nafninu til hjá konunginum, en þó í raun og veru hjá ráðgjafanum, sem einnig er ráðgjafi Danastjórnar og situr í ríkisráði Dana, en það óhagræði hafa Íslendingar aldrei játazt undir, eða hvenær hafa Íslendingar játazt undir erlenda ráðgjafastjórn? aldrei enn í dag, en þeir haf máske gengið á konungsvald á fyrri tímum með straum tímans. Svo er og eptir tillögum frumvarpsins, að konungurinn stendur yfir stjórn okkar eptir sem áður, þar sem landstjórinn sem forseti í landsráðinu er umboðsmaður konungsins og sem hefði ráðherra sjer við hlið með ábyrgð fyrir alþingi, en við þetta verður stjórnin alinnlend, það vill segja, að framkvæmdarvaldið, sem er hjá konungi að því leyti sem hann stendur yfir allri stjórninni, gengur útaf fyrir sig í landinu sjálfu fyrir milligöngu landstjórans sem umboðsmanns konungsins, en löggjafarvaldið er hjá alþingi og konungi í sameiningu. Jeg fæ ekki betur sjeð en að frumv. í öllum aðalatriðum fullnægi óskum og þörfum þjóðarinnar. H. 5. þm. (A. Ó.) minntist á það, að með þessu frumv. væri ekkert tillit tekið til frumv. efri deildar 1889, og vil jeg svara honum því, að bæði jeg og aðrir, sem þessu frumv. fylgja, sem hjer liggur fyrir, gjöra sig ekki ánægða með að koma einungis hjer á fót undirtylluráðherrastjórn. Jeg tek það upp aptur, það var hart svar sem auglýsingin frá 2. Nóvbr. 1885 gaf þjóðinni, að neita henni um þörf sína og nauðsyn, því jeg get

ekki sannfærzt um annað, en að þjóðin þarfnist þess, sem hún æskir og þráir svo innilega; já, það er svo hart, þetta svar, að það líkist því t. a. m., ef maður, sem skuldar öðrum, segði við þennan lánardrottinn sinn: „Þú átt þetta hjá mjer, en jeg hefi borgað þjer hálfa skuldina, en meira færðu ekki; það verður að sitja við það sem komið er; þjer er ekki til neins að minnast á það með einu orði að fá meira, því jeg læt það ekki“. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en lýsi því hjer yfir, að jeg óhikandi greiði atkvæði mitt með frumv.

Þorleifur Jónsson: Það mun í sjálfu eigi hafa nein áhrif á málið, hvað jeg segi, það gjörir hvorki til nje frá, en þó vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um afstöðu þess.

Málið er komið hingað frá h. Nd., eigi í því formi, sem jeg hefði óskað, og sem jeg og fleiri telja líklega málinu til framgangs, nfl. að meira eða minna tillit hefði verið tekið til þeirra breytinga, sem h. Ed. gjörði á stjórnarskrárfrumv. frá Nd. á þinginu 1889. Eins og menn vita, hafa *hinir* konungkjörnu þingmenn því nær samhuga verið á móti öllum breyt. á stj.skránni, þangað til á síðasta þingi. Þá kom það fram, að sumir þeirra að minnsta kosti voru málinu sinnandi; þeir komu með breytingartillögur, sem að mínu áliti voru flestar aðgengilegar og engar frágangssök að ganga að. Þetta hefði verið mikið happastig fyrir málið, ef menn hefðu kunnað með að fara, því það sjá allir, hversu afar-þýðingarmikið það væri, ef hinir konungkjörnu gætu orðið samtaka við hina þjóðkjörnu; ef það væri, þá þyrfti eigi lengi þess að bíða, að máli þessu gæti orðið framgengt. Meiri hluti h. Nd. 1889 fjellst á breytingartillögurnar frá Ed., en minni hlutinn var á móti þeim, og í stað þess, að taka þeim með lempni, risu þeir öndverðir á móti því, að taka við þessum breytingum, og gripu til þess óyndisúrræðis, að mæta eigi á fundi, og þannig eyðileggja þingsályktunartillögu, sem kom fram í neðri deild um málið og hefði án efa þokað því allmikið áfram. Þannig lyktaði þessu máli á síðasta þingi. Síðan hafa mótstöðumenn efrideildarfrumvarpsins ekkert til sparað að sverta meðhaldsmenn þess í augum almennings og koma inn hjá honum tortryggni gegn þeim. Mótstöðumenn efrideildarfrumvarpsins hafa eigi þreytzt á að ala og auka sundrunguna. Þeir hafa búið til skilning á frumv., sem eigi hefur við nein rök að styðjast, kastað út sannanalaust sleggjudómum um frv. og „stikorðum“ um það það, svo sem að frv. varpaði landsrjettindum Íslands fyrir fætur Dana, jafnvel þótt greinilega hafi verið sýnt fram á af mótstöðumönnum þeirra, að frv. gengur eins langt og í sumum atriðum enda lengra en stjórnarskipunarfrumvörp Jóns Sigurðssonar. H. þm. Rangv. (S. Á.) brá því fyrir sig í ræðu sinni sömu aðferðinni, er hann sagði, að menn hefðu eigi viljað aðhyllast efrideildarfrumv., af því að þeir vildu eigi ‚undirtyllu-ráðherrastjórn‘; það hefur heyrzt nóg af þess honar stikkorðum, en minna af sönnunum, frá mótstöðumönnum efrideildarfrumv. Þetta virðist hafa fallið í frjósama jörð og margir landsmenn hafa gengið í mótstöðuflokkinn gegn frumv. frá 1889.

Þegar nú málið kom inn á þing, þá kom það eigi í sama formi og frv. 1889, heldur frv. 1887. Þeir þingmenn, sem samþykktu neðrideildarfrv. 1889, gátu nú ekki einu sinni verið með breytingartillögum, sem miðuðu til að koma málinu í líkt horf og neðrideildarfrv. 1889, og þannig er það komið til okkar í Ed.

H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að þetta frv. væri hið sama sem hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886, en þetta er eigi alveg rjett; það eru margar breytingar á þessu frv. frá því frv., sem sam-

þykkt var 1885 og 1886. Sömuleiðis sagði hann, að þetta frumv. hefði fengið mesta festu hjá þjóðinni, og á þingmálafundum í vor hafi almennt verið óskað eptir þessu frv.; en þetta er heldur ekki rjett. Á þeim þingmálafundum, sem annars hafa komið með nokkrar ákveðnar tillögur um málið, hafa menn helzt óskað eptir neðrideildarfrv. 1889.

En hvað sem því líður, þá er ekki spurning um það, heldur hitt: Hvað á nú þessi h. deild að gera við þetta frv. og hvaða útlit hefur það hjer í deildinni? Útlitið er eigi gott. Ef á að breyta frv., þá er eigi hugsanlegt, að aðrar breytingar fengju hjer framgang en þær, sem gengju í líka átt og breytingar efri deildar 1889. En það er aðgæzluvert, að jafnvel þær breytingar mundu eiga erfitt uppdráttar nú í Ed.; að minnsta kosti mundu hinir tveir þjóðkjörnu þingm., sem voru á móti þeim 1889, verða það nú, og líklegast þeir konungkjörnu þingm., sem yfir höfuð eigi vilja hafa neina stjórnarskrárbreytingu. Meiri hluti deildarinnar mundi því verða á móti þeim breytingum. Það er því eigi von, að þær geti fengið framgang hjer, en þó svo væri, þá má geta nærri, hvað h. Nd. gjörði við þær. Með öðrum orðum: allar breytingar mundu annaðhvort falla hjer eða í Nd., og þá eru eigi aðrir vegir eptir, en annaðhvort samþykkja frv. eins og það nú er, eða fella það. Hvorttveggja er illt.

Mjer þykir illt, að greiða atkvæði með frumv. þessu, sem mjer eigi líkar, og mjer þykir líka illt að greiða atkvæði á móti því, en kýs þó af tvennu til þann kostinn, að greiða atkv. með því, að það gangi til 2. umr., að minnsta kosti, enda mun eigi skorta menn til að veita því banasár, þó jeg gjöri það eigi.

Skúli Þorvarðarson: Mjer finnst eigi ástæða til þess, að tala langt um mál þetta, það er búið að gjöra það fyr og síðar og sjerstaklega í h. Nd., jafnvel meira en góðu hófi gegnir. En það kemur oss nú eigi við. Mjer finnst, að búið sje fyr og síðar að leitast við, að skýra málið, bæði frá þeirri hlið, sem frv. þetta fer fram á, og eins frá hlið miðlunarmanna á síðasta þingi. Mjer fannst h. þm. Húnv. (Þ. J.) sjá eptir því, að frv. frá 1889, sem efri deild samþykkti, hefði eigi eigi verið tekið upp nú í h. Nd., en jeg sje eigi eptir því; jeg átti bágt með að fella mig við frv. það þá; eins mundi jeg hafa skoðað frá mínu sjónarmiði sömu ákvæði, þótt þau hefðu homið til míns atatkvæðis á þessu þingi. Jeg álít eigi við eiga að tala um einstök atriði frv. á þessu stigi málsins, enda finnst mjer allar líkur til, að dagar þessa frumv. sjeu þegar taldir hjer í heildinni, og ætla jeg enga húskveðju að halda yfir því.

Mjer heyrðist á umræðunum, einkum ræðu h. varaforseta (A. Ó.), að það hefði verið tilgangslaust að bera frv. þetta upp nú, í þessu formi; jeg skal játa það; jeg gat og hver einasti þm. auðvitað sjeð það á því, hvernig Ed. var skipuð, að hún mundi aldrei aðhyllast frv. þetta, eins og það nú er. Jeg hefði helzt kosið, að það hefði eigi verið borið upp á þessu þingi. En úr því það kom inn á þing og er í aðalefninu samkvæmt frv. því, sem báðar deildir alþingis samþykktu 1885—86, þá vil jeg taka það fram, að jeg hef ekki breytt svo skoðun minni, að jeg nú geti ekki greitt atkvæði með framgangi þessa máls í þeirri mynd sem það er. En jeg vil jafnframt geta þess, að hefði frv. það, sem Nd. samþykkti á síðasta þingi, verið fyrir á þessu þingi óbreytt, myndi jeg engu síður hafa samþykkt það, en þetta frv.; en nú er ekki því máli að gegna. Vitanlega eru nokkrar breytingar á þessu frv. frá frv. 1885, en þær eru eigi stórvægilegar.

Það er eigi rjett hjá varaforseta (A. Ó.), að ekkert tillit hafi verið tekið til Ed. á fyrirfarandi þingum í þessu máli, því þetta

frv. er í líking við frv. það, sem samþykkt var í báðum deildum 1885 með fullkominni hlutdeild af efri deild; *þessu getur enginn neitað.* Honum þykir eptirtakanlegt og mjög óheppilegt, hve lítill gaumur hafi verið gefinn breytingum efri deildar á frv. því, sem Nd. samþykkti á síðasta þingi, því málinu væri nú mikið betur farið, ef þingið að þessu sinni hefði fallizt á að samþykkja frv. sama efnis og efri deild gjörði 1889. Þetta lái jeg hvorki varaforseta (A. Ó.) eða öðrum, sem geta ályktað svo eptir beztu vitund og sannfæringu, og sama er að segja um hina, er hafa andstæðar skoðanir í þessu máli. En það er undarlegt, hversu það hefur misheppnazt, að fá álit landsmanna til að aðhyllast og færa sjer til nota og skilningsauka á máli þessu hinar mörgu og fræðandi ritgjörðir, sem fram hafa komið frá svonefndum miðlunarmannaflokk, bæði í blöðum og annarstaðar, og er þó ekki þörf á að segja, að ódugnaði sje um að kenna; hitt sýnist augljóst, að enn sje þjóð og þing að meira parti allt annarar meiningar, en að þessi miðlunarmálatilraun sje æskileg til þess að fá innlenda stjórn með ábyrgð fyrir alþingi. Þess vegna finnst mjer, meðan þjóðin, að svo miklu leyti sem sjeð verður, breytir ekki skoðun sinni á þessu vandamáli, sje ekki þægilegt verk fyrir fulltrúa hennar að breyta í þessu almenna áhugamáli allt öðruvísi á þingi heldur en kjósendur þeirra óska, eins og jeg minntist á á síðasta þingi. Hitt annað, er h. varaforseti (A. Ó.) tók fram í ræðu sinni, skildi jeg sem endurtekning orða hans, þá er hann mælti fyrir nefndaráliti meiri hlutans í stjórnarskrármálinu 1887, sem enginn mun neita, að hann hafi þá tekið á því sem til var.

Þó mjer finnist smá annmarkar á frv. þessu, get jeg þó eigi annað en greitt atkv. með því, þótt það komi að litlu gildi. Skal jeg svo eigi fjölyrða meira um þetta mál, líklega hvorki nú nje síðar.

Grímur Thomsen: Það fer vel á því fyrir þjóðkjörinn þm., að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg hef eigi tekið til máls í þessu máli síðan á þingi 1886; þá ljet jeg í ljósi skoðun mína á því, og stend við hana enn þá.

Ástæðan fyrir því, hvers vegna jeg er eigi með frv. þessi, er sú, að það nær eigi tilgangi sínum.

Jeg er sannfærður um það, að stjórnin verður eigi hót innlendari en hún er nú, þótt það næði fram að ganga. Jeg skal stuttlega benda á þetta.

Setjum nú svo, að frv. þetta næði fram að ganga og það væri samþykkt, þá væri stjórninni innan handar að senda hingað danskan landsstjóra, sem væri henni handgenginn og færi í öllu eptir vilja hennar og álitum. Vjer mundum missa hinn íslenzka landshöfðingja, og fá annan, sem aldrei hefði sjeð Ísland. Þessum útlenda landsstjóra væri enn fremur innanhandar, að hafa hingað með sjer 1—3 danska ráðgjafa. Það er alkunnugt, að sá, sem tekið hefur próf í íslenzku, hefur aðgang að embættum hjer.

Nú vil jeg spyrja: Er ljúft að sjá þetta ástand? Setjum nú svo, að hinir 3 ráðgjafar yrðu íslenzkir; jeg segi þá af 25 ára reynslu á þingi, að þeir mundu eigi verða mosavaxnir, þeir mundu fá sig lausa eptir 2—3 ár; ástandið mundi verða líkt, eins og það var um tíma í Danmörku og eins og það ávallt er á Frakklandi, þar eru ávallt margir „viri consulares“, menn, sem *hafa verið* ráðherrar. Þeim mundi þykja þetta hart, sem vilja minnka eptirlaunabyrðina.

Frv. þetta gengur of nærri hinu almenna löggjafarvaldi með ákvæðunum um landsdóminn, og jeg hygg, að hæstirjettur mundi verða á því máli.

Vegna þessa er jeg á móti frumv. og móti því, að það gangi til 2. umr.; það er eigi til neins, nema að eyða tíma þingsins. En jeg ætla að reyna á frjálslyndi h. þm. með breytingum nokkrum á hinni núverandi stjórnarskrá, sem jeg ætla að bera fram, og hygg jeg, að minnsta kosti ein þeirra sje eins frjálsleg og frv. þetta.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að minnast lítið eitt á ræðu h. þm. Húnv. (Þ. J.), þar sem hann vildi bera til baka orð mín, að þjóðin hefði sýnt það í verki í vor á þingmálafundum, að hún vildi fylgja hinni endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885 og 86. Það getur verið að hún sje almennt nefnd í þingmálafundargjörðunum, en hann getur eigi neitað því, að aðalefnið hefur verið tekið úr hinni endurskoðuðu stjórnarskrá, nfl. að óska eptir innlendri stjórn með ábyrgð fyrir alþingi. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) ljezt koma með svo sterka ástæðu móti frv., nfl. að landsstjóri og ráðgjafar mundu verða danskir, en jeg get eigi gjört ráð fyrir, að stjórnendur landsins verði fremur danskir þá heldur en nú. Það hefur eigi sýnt sig í verkinu, að landshöfðingi væri útlendur maður. Jeg get eigi sjeð, að hætt sje við þessu, ef stjórnarskipun sú, sem frv. þetta fer fram á, næði fram að ganga, heldur einmitt síður en nú með landshöfðingjann.

Breytingar h. þm. Borgf. (Gr. Th.) eru eigi sýnilegar á þessum fundi og verður því eigi talað um þær, en máske þær verði síðar til umræðu á þessu þingi.

Jón A. Hjaltalín: Það er eitt atriði í ræðu h. þm. Rangv. (S. Á.), sem jeg vildi minnast á. Hann tók það fram, að stjórnin í nóvemberauglýsingunni hefði þvertekið fyrir það, að hún vildi hafa nokkra stjórnarskrárbreytingu og þess vegna vill þjóðin halda áfram. Hann skýrði þetta með því dæmi, að einn lánaði öðrum einhverja upphæð, borgaði helminginn af skuld sinni og segði: „Þú færð eigi meira, þetta verður þú að gjöra þig ánægðan með".

Við skulum nota þetta dæmi. Ef lánveitandi getur hvorki með lagarjetti nje hnefarjetti náð skuldinni, væri þá heppilegt eða hyggilegt að halda áfram í mörg ár að krefja um skuldina og kosta til þess fyrirhöfn og peningum, úr því hann nær henni hvorki með lögum nje hnefum? Jeg skil eigi annað, en að sú fyrirhöfn sje til einskis, svo að þetta dæmi sýnir einmitt, að aðferð sú, er h. þm. (S. Á.) vill láta þingið fylgja í þessu máli, er allt annað en hyggileg.

H. þm. Skagf. (Fr. St.) og h. þm. Húnv. (Þ. J.) kváðust vissir um, að frv. þetta mundi eigi ná fram að ganga í þessari deild, í þetta sinn; jeg er alveg á sama máli og jeg skil þess vegna eigi, til hvers það er, að vera að eyða orðum, tíma og peningum í að tala um mál, sem eigi verður framgengt. Jeg skil eigi, að það geti verið málinu til góðs, eigi landsmönnum. Hverjum er það þá til góðs? Máske þeim sjálfum, það gæti verið ástæða, ef það styrkti þá til kosninga *(Þorl. J.*: Nei). En jeg efast um að svo verði. Til hvers er það þá? Er það til þess, að leika sjer? Vjer erum komnir hjer til annars, en eyða tímanum til þess, sem vjer sjáum að er til einskis.

ATKVÆÐAGR.: Frv. var felt frá 2. umr. með 7 : 4 atkv., að við höfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Friðrik Stefánsson,	Árni Thorsteinsson,
Sighvatur Árnason,	Arnljótur Ólafsson,
Skúli Þorvarðarson.	E. Th. Jónassen,
	Grímur Thomsen,
	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Frv. til laga um breytingu á 35. gr. í auka tekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi dags. 10. sept. 1830 (C. 238, 311); 2. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Við 1. umr. var töluvert rætt um þetta

mál, og þá færði jeg rök fyrir mínum ástæðum, eða hvers vegna jeg hefði komið fram með þetta frv., svo að jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki nú að halda langa tölu fyrir því. Það kom þá fram í umræðunum, að vanta þótti skýrslu um, hve miklu þessi tekjuhalli landsjóðs mundi nema, ef þessi lækkun skiptalaunanna, sem frv. fer fram á, yrði að lögum. Jeg gat þá ekki skýrt frá þessu fyllilega og get það kannske heldur ekki enn, svo fullnægjandi sje, en þó hef jeg nú útvegað mjer skýrslu frá manni, sem þessu er kunnugastur, herra endurskoðanda Indriða Einarssyni, og vil jeg með leyfi forseta leyfa mjer að lesa nokkrar línur úr brjefi hans til mín um þetta efni:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra alþingismaður, hef jeg eins vel og tíminn hefur leyft, gengið í gegnum aukatekjureikningana 1889 til að finna út, hve miklu skiptalaun af búum nema. Öll skiptalaun af búum þetta ár voru samtals 2338 kr. 27 aurar. Búin, sem skiptalaunin hafa verið reiknuð af 1889, voru alls 122. Af þessum 122 voru 41 bú, þar sem allir erfingjar voru myndugir, eptir því sem jeg fæ næst komizt o. s. frv".

Nú hef jeg leitazt við eptir þessari skýrslu að ákveða skiptalaunin af ómyndugra búunum og skipti jeg þá allri upphæðinni 2338 kr. 27 aur. í þrennt. Verður þá $^1/_3$ af því eða skiptalaun af 41 myndugra búi 779 kr. 76 aur., en hinum 81 ómyndugra búi verða hinir $^2/_3$ hlutar, sem verður 1558 kr. 51 eyrir. Til þess að sýna fram á, hve miklu nemi sú breyting á skiptalaununum, sem frv. fer fram á, eða lækkunin úr $1^1/_2\,\%$ niður í $^1/_2\,\%$, þar sem ómyndugir eiga í hlut, þá verða skiptalaun $^1/_2\,\%$ af 1558 kr. 51 aur. 584 kr. 44 aur., mismunur eða tekjuhalli landsjóðs 974 kr. 7 aur. Þetta held jeg að fari nærri rjettu lagi, þótt reikningurinn sje auðvitað ófullkominn, að því leyti, að hjer er að eins tekið fyrir eitt ár, og getur upphæðin þess vegna verið meiri annað ár og nokkru minni hitt o. s. frv. Jeg skal að vísu kannast við, að hjer sje um nokkurn halla að ræða fyrir landssjóð, en gjaldlækkunin er samt ekki stór upphæð, svo að því leyti hef jeg ekki farið fjarri um þetta atriði við 1. umr.

Hvað breyt.till. á þingskj. 280 snertir, þá get jeg fellt mig við hana, þareð hún raskar ekki grundvallarástæðunni fyrir frv., að einungis fátæk bú, eða bú, þar sem ómyndugir ættu hlut að, skyldu njóta góðs af þessari breytingu, en þar sem um stórbú er að ræða, er efnaðir menn eiga í hlut, að þar eigi landssjóður ekkert að missa. Skiptalaunin eru há af þeim búum, er nokkru nema og landssjóð munaði miklu, ef skiptalaunin í þeim væru lækkuð. Þegar allt er athugað get jeg vel fallizt á breyt.till. og vona yfir höfuð, að frv. verði samþykkt.

E. Th. Jónassen: Jeg talaði á móti frv. þessu við 1. umr., en greiddi þó atkv. með því, að það fengi að ganga til 2. umr., þótt jeg ímyndaði mjer að forlög þess yrðu, að falla hjer í deildinni. Jeg skal taka það fram, að jeg sje ekki neina rjettarbót að frv., og jeg skil ekki í, hvers vegna þingmaðurinn fór einmitt að taka þetta atriði fyrir. Það var sannarlega nóg annað efni fyrir höndum, sem mjer finnst, að hann hefði átt að taka fremur en þetta. Hann hefur hjer hætt sjer út á þánn ís, sem hefur orðið honum nokkuð háll, sem von er, þar eð hann er ekki lagamaður, svo að afleiðingin af því, að hann hefur tekið þetta efni fyrir, sem hann þekkir ekki nægilega, hefur orðið sú, að hann kemst í eintómar mótsagnir. Hann hefur víst ætlað að bæta eitthvað úr þessu með breyt.till. á þingskj. 280. *(L. E. Sveinb.:* Hún er ekki frá honum, heldur 5. kgk. þm.). Hún er þó víst komin fram samkvæmt beiðni flutningsm. (Sk. Þorv.). Jeg hygg,

að þessi breyt till. bæti frv. lítið. Þar stendur, að bæta eigi inn í frv. „og arfahlutinn er eigi yfir 200 krónur“. Þetta virðist mjer óþörf viðbót.

Við skulum setja það dæmi, að 9 myndugir og 1 ómyndugur eigi að taka arf. Þá hljóta hinir 9 myndugu að græða sakir hins eina ómyndugu, sem gjörir það að verkum, að skiptalaunin eru færð niður eins fyrir þá, sem hann. Skiptalaunin af 200 kr. eru 1 kr. 33 aur., og það getur ekki kallast annað en mjög lítið og óverulegt gjald, sem litlu munar fyrir gjaldanda að inna af hendi. H. flutningsm. (Sk. Þorv.) gat þess, að skiptalaunin af 200 kr. arfahluta væru mjög lítil, en það munaði mest um þau af stórum búum, og er það að vissu leyti rjett, en þess ber að gæta, að það getur verið allstórt bú, þótt arfahlutinn verði ekki meiri en 200 kr., ef í marga staði skiptist. Skiptalaunin greiðast af allri upphæð búsins, en ekki eingöngu af einum arfahluta. Það eru yfirhöfuð talsverðar mótsagnir í frumv. og jeg verð að lýsa því yfir, að jeg greiði ekki atkvæði með því.

Árni Thorsteinson: Jeg er samdóma h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að varla sje ómaksins vert að gjöra breytingu á einstökum kafla í lögunum 10. sept. 1830, eða fara að setja ný lög um lækkun á skiptalaununum. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta atriði, en jeg skal leyfa mjer að efa skýrslu þá, er h. flutningsm. (Sk. Þorv.) gaf um þann halla, er landssjóður mundi líða við þessa lækkun. Skýrsla þessi sannar ekki það, sem hún ætti að sanna, af því hún er ónóg. Þótt aðalupphæð skiptalaunanna kunni að vera rjett reiknuð, þá vantar alveg skýrslu um, hver áhrif þrotabú hafi haft í þessu efni, en þau eru mjög misjöfn að upphæð. Þessar tölur eru því lítilsverðar. Þeir verða yfirhöfuð mjög fáir, sem njóta góðs af þessari breytingu, og eigi allir þeir sem í rauninni þyrftu þess með, ef út í það er farið. Þegar frv. fer fram á, að þessi lækkun skiptalaunanna eigi að gilda, þegar einn eða fleiri ómyndugir eiga hlut að máli, þá víst á aðskilja það svo, að ekki eigi að reikna skiptalaunin hærri fyrir alla erfingjana, þótt ekki sé nema einn ómyndugur; þetta er ósamkvæmni og getur verið ósanngjarnt, þ. e. þegar myndugir erfingjar eru með ómyndugum, þá græða hinir myndugu á því, hversu fáir eða margir, sem þeir kunna að vera, eingöngu af því atviki. Mjer sýnist alls ekki eiga við að taka eitt einstakt atriði út úr „systematiskum“ lögum og setja annað í staðinn, sem er óeðlilegra og á ver við en hrein ákvörðun, sem er eins fyrir alla. Jeg skal leyfa mér ennfremur að benda á, að það eru aðrir, sem fremur þyrftu ívilnunar í þessu en ómyndugir erfingjar, og það eru þrotabúin, því að þar sem ómyndugir fá arf, fá skuldheimtumenn í þrotabúi ekki eins mikla upphæð og þeir hafa kröfu til og stundum alls ekki neitt, og þó hafa þeir hjer að heimta eigið fé sitt aptur, sem er allt annað en arfahluti um fram skuldum. Jeg álít rjettast að skiptalaunin sjeu jafnhá, hvernig sem á stendur, og að þar eigi engin ósamkvæmni að eiga sjer stað. Skiptalaunin eru gjald, sem landssjóður tekur fyrir starf, sem unnið er af launuðum embættismönnum, og á þess vegna borgunin fyrir það ávallt að vera hin sama. Af því að frv. þetta inniheldur talsverða ósamkvæmni í þessu atriði, og af þeim ástæðum sem taldar hafa verið á móti frv. verð jeg að lýsa því yfir, að jeg greiði ekki atkv. með því.

Flutningsm. (Skúli Þorvarðarson): Jeg ætla lítið eitt að minnast á það, sem h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) talaði um, að í frv. væri ósamkvæmni, að því leyti, að þegar sumir erfingjarnir væru myndugir en sumir ómyndugir, nytu hinir myndugu góðs af þessari lækkun, þótt þeir væru miklu fleiri en hinir ómyndugu. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð neitt órjettlátt í þessu,

því að þessir ómyndugu koma í veg fyrir, að hinir myndugu skipti sjálfir, og þá er ekki nema eðlilegt, að hinir myndugu njóti sömu rjettinda og hinir, þegar þeir verða að láta skiptaráðanda skipta. H. 4. kgk. þm. (Á. Th.) sagði, að skiptalaunin ættu ávallt að vera jöfn, af því þau væru borgun fyrir vinnu í þarfir landssjóðs. Jeg játa að vísu að svo sé, en þar sem lítið bú er, þá er þessi skattur ofhár eptir núgildandi ákvæðum, og þess vegna hef jeg leyft mjer að koma með þetta frv. Jeg fer ekki fram á að afnema skuli skiptagjaldið, heldur að eins að færa það niður, þar sem efnalitlir, ómyndugir erfingjar eru hlutaðeigandi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (280) samþ. með 7 : 2 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 6 : 4 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík (C. 286); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. umræðulaust samþ. í einu hljóði. Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 271); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. umræðulaust í einu hljóði, og síðan afgreitt til Nd.

Frv. til laga um löggildingu verzlunarstaðar (við Ingólfshöfða, C. 282); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. umræðulaust í einu hljóði, og því næst afgreitt til landsh., sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um eyðingu svartbakseggja (C. 306); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. umræðulaust með 9 samhlj. atkv., og afgreitt til Nd. aptur.

Tuttugasti og níundi fundur, miðvikudag 5. ágúst kl. 1 e. hád. Allir á á fundi.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 305); 1. umr.

Flutningsm. (Grímur Thomsen): Frv. þetta, er jeg hef komið fram með, er í öllu verulegu samhljóða frv. því sem h. þm. Mýr. (Á. J.) bar fram í Nd. 1889, og sem þar fjekk góðan byr, en varð eigi útrætt sakir tímaleysis; jeg hef gjört litlar breytingar frá því, og í öllu verulegu er það svipað laxafriðunarlögunum frá 19. febr. 1886. Með því að eigi er unnt við 1. umr. að fara í hinar einstöku greinar, þá ætla jeg að eins að segja frá tilgangi frv. og augnamiði, sem er sá, að friða laxinn betur og nákvæmar en verið hefur eptir hinum gildandi lögum; sömuleiðis hef jeg reynt að gjöra lög þessi svo úr garði, að þau gætu átt bæði við stórar og smáar ár. Jeg skal geta þess, að hjer eru 2 eða 3 ákvæði, sem laxfróðir menn álíta til bóta, og skal jeg sjerstaklega benda á rjett þann, sem menn hafa til að skjóta sel og ennfremur rjettinn til þess, að eyða sjóbirting og urriða, sem eyðileggja laxgöngurnar. Ennfremur eru ýmsar smáathugasemdir, sem gætu komið til nákvæmari, yfirvegunar síðar ef málið kæmist til 2. umr.

E. Th. Jónassen: Með því, að þetta mál er áríðandi og snertir einn af hinum arðsömustu atvinnuvegum landsins, þá skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd verði kosin í það, og það því fremur, sem vjer höfum hjer í deildinni 2 menn, sem eru kunnugir þeirri atvinnugrein, og skal jeg leyfa mjer að stinga upp á, að 3 menn verði kosnir í nefnd þessa.

Árni Thorsteinsson: Jeg skal leyfa mjer, að gjöra þá athugasemd, að það, að setja nefnd í málið, er hið sama sem að fella það frá umræðum, því þingtíminn er svo naumur, að það getur eigi orðið útrætt, ef nefnd er sett í það.

E. Th. Jónassen: Jeg ímynda mjer, að tíminn sje nægilegur þar sem ekki er nema 5. ágúst, að málið geti orðið útrætt, og fell jeg því eigi frá uppástungu minni.

Flutningsm. (Grímur Thomsen): Jeg skal leyfa mjer gagnvart uppástungu h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) að benda á, að mál þetta hefur svo opt verið rætt í báðum þingdeildum, að eigi ætti að vera erfitt að ræða það án þess, að setja nefnd í það. Jeg skal bæta því við, að jeg er á sama máli og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), að það er enginn tími til að setja nefnd og það er hið sama, sem málið verði eigi útrætt.

ATKV.GR.: Nefnd í mál. samþ. með 6 : 4 atkv. Kosningu hlutu þessir:

L. E. Sveinbjörnsson með 10 atkv.
Grímur Thomsen — — —
Árni Thorsteinsson — — —

Fyrsta umr. frestað.

Frv. til laga um bann gegn því, að útanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi (C. 308); 1. umr.

Flutningsm. (Friðrik Stefánsson): Á alþingi árið 1024, þegar hið útlenda konungsvald reyndi fyrst að ná hjer yfirráðum, og landsmenn áttu að svara erindsreka konungs upp á þær kröfur hans, þá svaraði Einar Þveræingur þessu: „Þá gangið til og hyggið að, landsmenn! að ganga undir allar skattgjafar Ólafs konungs og allar álögur slíkar, sem menn hafa í Noregi, og munu menn það ófrelsi eigi að eins gjöra oss til handa, heldur og sonum vorum, og þeirra sonum, og allri ætt vorri, og öllum þeim er þetta land byggja, og mun sú ánauð aldrei hverfa af landi þessu síðan". Af þessum viturlegu orðum Einars vóru landsmenn einráðir í því að neita yfirráðum konungs. Þá bar erindsreki konungs fram, að hann bæði að gefa sjer Grímsey; þá svaraði Einar því, „að þar mætti fæða her manns og færu þeir þaðan á langskipum, mundi kotkörlunum þykja þröngt fyrir dyrum", og neituðu menn þá að gefa konungi Grímsey. Nú munu menn segja, að nú sje öðru máli að gegna, og þessu sje eigi saman að líkja, en jeg segi: Það, að vernda rjett innlendra manna móti útlendingum, á alltaf við. Nú er annað ríki ekki síður hættulegt, en konungsríki var í fornöld, sem sje ríki útlendra auðmanna, færu þeir að kaupa hjer jarðir, og því hef jeg leyft mjer að koma fram með frv. þetta í þessari h. deild. Jeg hef eigi getað sjeð í lögum vorum bann gegn því, að útlendir menn mættu eiga hjer á landi fasteignir, en jeg er engin lagamaður og getur verið að einhver lög sjeu til um það, þó jeg eigi viti. Það getur þó tæpast verið tilfellið, því utanríkismenn eiga hjer fasteignir, en það hefði þeim ekki liðizt, hefði það verið á móti lögum. En jeg vil taka dæmi; menn sjá hvernig farið hefur fyrir Orkneyingum, Hjaltlendingum og Írlendingum. Enskir auðmenn eiga mest af jörðunum, en innbúarnir eru í mestu niðurlægingu og volæði. Ef hið sama ætti fyrir oss Íslendingum að liggja, þá veit jeg það, að margir þeirra, sem nú eru hjer, vissu þeir það fyrir, þá mundu margir þeir sem fyrst fara af landi burt. Jeg hef ekkert á móti því, að utanríkismenn hafi hjer jarðir á leigu, og séu búsettir í landinu, en að þeir eigi engar jarðeignir, hús eða veiðivötn og ár. Jeg hef ennfremur heyrt eptir merkum manni, sem kom frá Englandi á þessu sumri, að Englendingar hefðu verið að spyrja hann, hvort ekki mundi vera gott fyrir þá að fá hjer jarðir til kaups. Það þarf eigi mjög stóran enskan auðmann til þess, að hann gæti keypt allar fasteignir á Íslandi. Jeg hef í frv. undantekið námur, af því jeg sá, að landsmenn mundu eigi geta unnið þær með fullum dugnaði vegna fjeskorts. Jeg vona að h. deild taki þessu frv. vel; það er sannfæring mín, að vjer eigum í þessu

sem öðru að tryggja rjett vorn og afkomenda vorra gagnvart útlendingum.

E. Th. Jónassen: Mjer finnst, að eigi hefði legið á þessu frv.; það hefur eigi borið á því, að útlendingar hafi keypt hjer fasteignir. Jeg álít það gott, ef þeir vildu setjast hjer að; ef t. d. Danir eða Norðmenn vildu kaupa hjer jarðir og búa á þeim, þá held jeg, að menn gætu lært mikið af þeim og þannig haft gagn af þeim. Jeg get heldur eigi sjeð, hvaða gagn við höfum af því, að banna útlendingum að eiga hjer hús; við yrðum líklega ekki fyrir neinu tjóni af þeim fyrir það. Það er nógur tími að fyrirbyggja þetta, þegar við sjáum, að þeir ætla að fara að seilast eptir fasteignum hjer á landi landsmönnum í óhag.

Jeg held einmitt, að það væri gott, ef efnaðir útlendingar vildu kaupa hjer jarðir og rækta þær, og jeg fyrir mitt leyti get eigi verið með frv.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánson): Í frv. er alls eigi farið fram á það, að þeir útlendingar, sem eiga hjer nú fasteignir, geti eigi átt þær eptir sem áður. Það er eigi hægt að taka af þeim það, sem þeir eiga. Hjer í Reykjavík eiga útlendingar hús og tún. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að það væri nógur tími til þess, að girða fyrir þetta; það er máske nógur tími, þegar skaðinn er skeður og mikið af fasteignum komið undir yfirráð útlendingamanna. Jeg sje eigi hvaða ástæða er til þess, að hafa allt opið hjer fyrir útlendingum í þessu tilliti. Það er eigi nóg fyrir h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) að segja: „Jeg sje eigi, jeg sje eigi". Með allri virðingu fyrir honum sjer hann líklega eigi, nema það geti orðið til skaða, þegar fram líða stundir. Þar sem hann nefndi Dani, að það væri gott að þeir kæmu hingað, þá veit h. 2. kgk., að þeir eru innanríkismenn, en frv. þetta nefnir að eins útanríkismenn.

Grímur Thomsen: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði kosin í mál þetta.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Að setja nefnd í málið, álít jeg sama sem að svæfa það.

AKV.GR.: Nefnd í málið felld með 8 : 3 atkv.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg sje eigi betur, en að þeir, sem vilja og finna ástæður til að gjöra breytingar, geti gjört það til 2. umr., án þess að nefnd sje kosin í málið. Jeg vil fúslega taka bendingum hinna vitru og lærðu manna, sem sitja hjer á báða bekki í því tilliti, ef aðalgrundvelli frv. er ekki haggað.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 (C. 280); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 329); 3. umr.

ATKA.GR: Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum 1888 og 1889 (C. 281); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta (C. 285); 3. umr.

Árni Thorsteinsson: Fyrst þegar mál þetta kom til umr. hjer í deildinni, hafði jeg áformað að gefa því atkv. mitt, af því jeg hjelt að það væri til framfara, en á þeim tíma, sem málið hefur verið rætt, hef jeg breytt skoðun minni, og þó jeg sje frv. hlynntur, þá verð jeg að vera á móti því. Ástæðan er sú, að um daginn kom fyrirspurn um rjettan skilning á samþykktarlögum, þar sem líkt er ástatt og hjer. Ef svo hefði verið ráð fyrir gjört,

að strangt eptirlit hefði verið haft á því, að samþykktir væru eigi staðfestar, er þær kæmu í bága við grundvallarreglur laganna og rjett hins einstaka, þá væri allt annað mál. En eptir svarinu frá h. landsh., þá held jeg menn ættu að hugsa sig tvisvar um, áður en vilja fjölga samþykktum og gjöra þetta að lögum. Þegar á að skilja svo samþykktir, að þær megi hafa áhrif á, enda koma í bága við lög og grundvallarreglur laganna um samþykktar málefnið, ef þau ekki koma í bága við „önnur lög“, þá get jeg eigi annað sjeð, en að menn verði að viðhafa varasemi í því að búa til samþykktir.

Annað atriði gjörir mig einnig hikandi. Hæstv. landsh. sagði, að amtmenn hefðu sjálfstætt vald til þess, að staðfesta samþykktir, án þess, að æðri yfirvöld hefði nokkur afskipti af því. *(Júl. H.:* Náttúrlega). Þetta finnst mjer of sagt. H. 1. kgk. þm. (Júl. H.) vill tala, en það verð jeg að segja, að jeg ætla eigi að reyna að sannfæra hann. Jeg er einungis að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Smámenni verða líka að láta meiningu sína í ljósi. Jeg sje mjer eigi fært að greiða atkv. með frv., af því jeg tel víst, að þeim skilningi, sem hefur komið fram, verði framfylgt af stjórninni. Jeg ætla alls eigi að fara út í, hvað rjett er í þessu máli, en jeg hef gjört grein fyrir, hvers vegna jeg greiði atkv. á móti því.

Friðrik Stefánsson: Mjer þykir undarlegt, að h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) skuli nú við síðustu umr. þessa máls fara að tala um ýmsa annmarka, er honum fundust nú vera á frv., sem hæstv. landsh. þó tók fram um, að þess konar samþykktir væru mönnum að öllu leyti frjálsar. Jeg álít að það sje engin hætta á því, að samþykkja þetta frv., nje að sú heimild sem það veitir, verði vanbrúkuð, þar eð amtmaður getur neitað samþykktinni staðfestingar, ef hún fer í bága við gildandi lög eða almennan rjett. Jeg verð að halda því fastlega fram, að bændur í hjeruðum hafi rjett til að gjöra slíkar samþykktir um búpening sinn, þar eð þeir þekkja betur hvað til hagar í þeim efnum en Reykvíkingar, og að þeir hafi frelsi eða rjett til að fá staðfestingu amtmanns á slíkum samþykktum. Jeg treysti því, að þótt h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) hafi skipt um skoðanir í þessu máli, þá hafi hinir aðrir h. þm. hjer í deildinni eigi gjört það, enda hygg jeg þeir hafi lítið sannfærzt af ræðu hans í þessu máli.

Grímur Thomsen: Þótt jeg yfir höfuð sje samdóma h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) um ástæður þær, er hann færði fyrir því, að hann greiddi atkv. móti frv., þá er jeg samt ekki alveg á sömu skoðun og hann í þessu efni. Þegar jeg les 5. gr. frv., þá sje jeg ekki, að samþykktin geti komið í bága við gildandi lög; en ef svo væri, að jeg sæi, að hún gæti komið í bága við gildandi lög, mundi jeg alls ekki greiða atkv. með þessu frv. Samkvæmt erindisbrjefi sínu á landsh. að hafa eptirlit með því, að embættismenn gæti skyldu sinnar, og þá eins með því, að amtmenn ekki staðfesti óhæfar samþykktir. Mjer eru ekki kunnug nein lög, sem ákvæði þessa frv. koma í bága við. *(Júl. Havsteen:* Jú, þau eru til í Jónsbók). Jeg vildi biðja h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) að gjöra mjer þann greiða, að standa upp þegar jeg er búinn að tala, og vera ekki að tala fram í ræðu mína. Jeg á ekki gott með að svara, þegar verið er svona að taka fram í hjá mjer. Af því jeg álít frv. gott í sjálfu sjer, óska jeg það fái framgang, og ætla sjálfur að greiða atkv. með því.

Júlíus Havsteen: Heldur ekki h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að það sjeu til nein lög um hross og merar? Jú, þau eru til í Jónsbók. Það var ekki meira sem jeg ætlaði að segja.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætlaði að gjöra lítla athugasemd við ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Honum þótti ekki nein

áhætta að samþykkja þetta frv., af því það kæmi ekki í bága við nein lög, sem hann þekkti; en það er annað mál, þótt þau ekki komi í bága við lögin sjálf, þá geta þau samt gengið of nærri rjetti manna og verið andstæð grundvallarreglum laganna. H. þm. Skagf. (Fr. St.) svara jeg því, að það voru ekki *ýmsar* ástæður, sem jeg færði gegn frv., heldur að eins *ein*.

Grímur Thomsen: Jeg vil að eins benda h. 4. og 1. kgk. þm. (Á. Th. og J. H.) á ákvæðin í 5. gr. frv. Þar segir svo: „Í samþykktum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir hestarækt-ina í því hjeraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfolalda og graðhesta, sem álitnir eru lítt hæfir til undaneldis. Svo má og með samþykkt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, sjeu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afrjettum eða í heimalöndum". Það eru þessar ákvarðanir, sem jeg ekki get skilið, að geti komið í bága við Jónsbók, sem hefur harðari ákvæði inni að halda, nje nein önnur lög, sem jeg þekki.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Þrítugasti fundur, fimmtudag 6. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags 10. septbr. 1830 (C. 331); 3. umr.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Þar eð engin breyting er komin fram við frv. síðan við 2. umr., þá finn jeg enga ástæðu til að bæta neinu við það, sem jeg þegar áður hef tekið fram í þessu máli, en vona, að atkv. deildarinnar falli líkt og við 2. umr. og legg því málið á vald h. deildar.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki verið staddur við umr. þessa máls áður, og hef því ekki getað tekið þátt í þeim, en jeg ætla að leyfa mjer að gjöra það nú, og lýsi jeg þá fyrst og fremst yfir því, að jeg get ekki verið frv. meðmæltur. Jeg álít ekki hentugt að taka einn lið út úr svo stórum systematiskum lögum, sem reglugjörðin 10. sept. 1830 er, og setja sjerstakar nýjar reglur um hann. Það kynni ef til vill að vera íhugunarvert, hvort ekki ætti að breyta allri aukatekjureglugjörðinni, en það liggur hjer ekki fyrir. Ef það færi að tíðkast að breyta svona einu einstöku atriði í stórum lögum, þá getur það verið óþægilegt fyrir sýslumenn að hafa fyrir sjer margar smábreytingar á eldri lögum. Mjer finnst frv. sjálft hvorki gott nje frambærilegt eða vel úr garði gjört. Jeg skal sjerstaklega geta þess, að þar sem talað er um arfahluta, þá skil jeg ekki hvað meint er með því, hvort heldur sá hluti búsins, sem kemur til arfs eða sá sjerstaki arfahluti, sem hver erfingi fær í sinn hlut. *(Arnlj. Ólafsson:* Það er rjetti skilningurinn). Ekki get jeg skilið það þannig. Ef átt er við allan arfahlutann, sem til skipta kemur, þá fer frv. lengra en tilgangur þess virðist vera, sem mun vera sá, að hlífa ómyndugum erfingjum við háu gjaldi, en sem jeg raunar ekki get kallað hátt; og ef það á við allan þann hluta búsins, sem til arfs kemur, þá nær það einnig til arfs þess hjóna, sem lengur lifir, og til myndugra erfingja. Jeg sje ekki neina ástæðu til, að þessir myndugu erfingjar sjeu rjetthærri, þegar þeir erfa með ómyndugum, en þegar þeir erfa einsamlir. En ef þetta á að skiljast um hluta hvers einstaks af erfingjunum, þá er eins og allir arfahlutar eigi að vera jafnir; en jeg þekki ekki neme eitt dæmi upp á, að svo geti verið, nfl. annaðhvort

að börn erfi einsömul foreldri sitt, eða þá 2 börn erfi annað foreldra sinna ásamt eptirlifanda foreldri. Undir eins og barnabörn geta náð arfs, verða arfahlutarnir misjafnir, og þegar til útarfa kemur, verða arfahlutirnir einnig misjafnir, eins og ljóst er, vegna mismunandi skyldugleika. Hvernig færi, ef þetta yrði að lögum? Þá væri ómögulegt fyrir þá, sem beita ættu lögunum, að skilja, hvað meint væri með „arfahluti“, og því væru lögin ómöguleg í framkvæmdinni. Hvernig á þá að fara, ef búið er þrotabú? Á þá að veita kreditórunum þessi hlunnindi við lækkun skiptalaunanna ofan í $^1/_2$ %? Mjer skilst, að þessi lækkun eigi að gilda ávallt, þegar ekki kemur svo mikið sem 200 kr til arfs og þá einnig, þegar ekkert kemur til arfs, en þá verða það kreditórarnir, sem græða á lögunum, en það er þó víst ekki meining flutningsmanns. Jeg ímynda mjer, að frv. þetta nái ekki fram að ganga, því það er svo úr garði gjört, að þingdeildin naumast getur látið það þannig frá sjer fara.

Arnljótur Ólafsson: Það er leiðinlegt fyrir mig, ef þetta litla innskot í frv., sem er eptir mig, er svo óheppilegt, að það gjörir frumv. nálega óhafandi. Ekki fellst jeg samt alveg á allar athugasemdir hæstv. landsh. *Arfahluti* er ávallt nefndur arfur hvers einstaks erfingja, en ekki búshelftin, eða sá helmingur búsins, sem kemur til skipta. Arfahluti er á dönsku *Arvelod;* því *Lod* er sama sem hluti, en er aldrei á dönsku haft um helft búsins, sem kemur til skipta, og jeg held, að þetta orð „arfahluti“ standi í erfðalögum vorum og geti aldrei valdið neinum misskilningi meðal alþýðu manna. Að því er snertir að arfalóðin sjeu misjöfn, þá játa jeg það fyllilega; því bæði er arfahluti þess hjónanna, er eptir lifir, komin undir barnafjöldanum, og svo eru arfahlutarnir misjafnir í niðjaerfð og eins ef útarfar erfa. En meiningin í orðinu arfahluti er sú, að hjer er orðið stýlað upp á lífserfingja, eða arfahluta barnanna, en jeg játa, að það má skilja það um hvern arfahluta sem er; sje hinn stærsti arfahluti yfir 200 kr., verður reiknað eptir gömlu reglugjörðinni, en sje hann minni, þá er reiknað eptir þessu. *(Landsh.:* Það stendur í frumv. „af allri upphæðinni“). Já, þá er loku fyrir það skotið; en svo er þá reglan enn þá vissari og gleggri. Hitt skil jeg ekki vel, að hjer sje átt við þrotabú, því jeg veit ekki til, að þar sje neinn arfahluti. Jeg verð því að vera meðmæltur frumv., og það enda þótt aukatekjureglugjörðin sje komin yfir sextugt, þá finnst mjer hún eigi vera orðin svo æruverðug, að ekki megi hreyfa við henni. H. Nd. hefur leyft sjer að hreyfa við yngri lögum, og það tel jeg ekki betra, t. a. m. prestakallalögunum. Jeg get ennfremur fært það sem ástæðu fyrir þessari litlu breytingu, að betra sje að sýna fátækum erfingjum nú þegar þessa litlu velvild, að lækka skiptalaunin, til þess að friða þá, því þeir munu vera litilþægir sem Vöggur forðum daga, og verði þeim sýnd þessi tilhliðrun, þá fara menn eigi að smala saman þjóðviljanum í neinum ákafa, til að breyta aukatekjureglugjörðinni gjörsamlega, og þá tel jeg gott og heppilegt, að menn þannig hafi frelsað hana frá stórkostlegum breytingum. Það er betra að gefa 2 aura og halda 98 aurum, en halda 2 aurum um stund og missa svo alla krónuna. Mjer finnast þessar ástæður vera nokkurs virði, þótt þær sjeu hvorki svo góðar og fullnægjandi, að þær gjöri frv. vel úr garði.

Flutningsmaður (Skúli Þorvarðarson): Jeg get verið h. varaforseta (A. Ó.) þakklátur fyrir, að hann tók af mjer ómakið að svara. Það kom fram hið sama hjá hæstv. landsh., sem áður kom fram við umræðurnar hjá tveimur h. kgk. þm., og jeg hef leitazt við að svara því frá mínu sjónarmiði, svo jeg álít það búið, og því óþarfa að taka það upp aftur. Þar sem

hæstv. landsh. áleit ótiltækilegt, að slíta eina grein út úr aukatekjureglugjörðinni, þá hefur það verið gjört hjer við fleiri lög, t. a. m. prestakallalögin o. fl. Sje full ástæða til að breyta einhverju atriði, þá er ekki vert að geyma það, þangað til að alþingi vill taka einhvern stóran lagabálk fyrir til breytingar. Jeg ætla svo ekki að tala meira með því, enda ímynda jeg mjer, að h. þm. muni ekki fara að greiða atkv. eptir því, sem jeg segi, heldur eptir þeirra eigin sannfæringu.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla að eins að gjöra dálitla athugasemd.

Hjer er farið fram á að gefa eptir eina tekjugrein til landssjóðs, en menn vita ekki, hve miklu hún nemur, því að menn hafa engar skýrslur um það sem fullnægjandi sjeu. Það voru margir af h. þingdm., sem greiddu atkv. með þessu við 2. umr., og sumir þeirra eru kunnir að því, að láta sjer annt um hag landssjóðs, og gæta þess, að hann missi ekki neins í af tekjum; þó vilja þeir samt nú fella burtu eina tekjugrein hans, svona út í bláinn; auðvitað getur hún ekki verið stór, en mjer er sama um það. H. sessunautur minn til vinstri handar (Gr, Th.) hefur fengið afnumið ýms minni háttar útgjöld úr landssjóði, en nú virðist hann ætla að verða heldur fljótur til að gefa eptir gjald til landssjóðs. *(Arnlj. Ól.:* En lestagjaldið?) Já, en þá komu þessir háu tollar í staðinn.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 5 atkv. og síðan afgr. til Nd.

Frv. til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Keflavík (C. 286); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um afnám vistarskyldunnar (C. 330); 1. umr.

Friðrik Stefánsson: Með því í frv. þessu eru fólgin mikil mannrjettindi, og það lítur út fyrir að hafa mikil áhrif á landbúnaðinn, sem er aðalatvinnuvegur landsmanna, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á nefnd; jeg álít, að 3. manna nefnd nægi.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Árni Thorsteinsson,	Jón A. Hjaltalín,
Arnlj. Ólafsson,	Þorleifur Jónsson,
E. Th. Jónassen,	Grímur Thomsen,
Friðrik Stefánsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Júlíus Havsteen,	Sighvatur Árnason,
	Skúli Þorvarðarson.

Árni Thorsteinsson: Jeg verð að álíta, að frv. þetta sje eitt af þeim mikilvægari, sem þingið hefur haft til meðferðar, þar sem um afnám vistarskyldunnar er að ræða, og jeg skal lýsa yfir því, að jeg fylgi því af alhuga, og að jeg er því fyllilega meðmæltur. Þetta er vandasamt mál, einkum að því er snertir þær ákvarðanir, sem í frv. eru um, hvernig menn eigi að nota þetta frelsi, og það kemur fram, hverjar takmarkanir nauðsynlegar verði á því. Mjer finnst, þegar verkamenn hafa fengið leyfi til að neyta krapta sinna eins og þeir vilja, þá komi fram heldur mikil takmörkun á þessu frelsi, mjög óviðkunnanleg, en vandasamt að ráða úr á rjettan hátt. Sá sem fengið hefur þetta frelsi er bundinn við, að hafa eitthvert fast ársheimili á vissum stað, og má ekki ráða sjálfur, hvar hann dvelur. Jeg skil að vísu ástæðuna fyrir þessum ákvæðum frv.; þau eru gjörð, til þess að menn fái vissu um, hvar menn eigi heimili og hvar menn eigi að inna af hendi skyldugjöld sín. Hið fyrra virðist mjer hafa litla þýðing. Þótt ársheimilið sje ákveðið sem skylda, þá er óvíst, að verkmaðurinn allt fyrir það sje þar til veru. Eigi hið lögboðna ársheimili að vera til þess, að menn geti

fengið að vita, hvar menn eigi sveitfesti, þá ber þess að gæta, að sveitfestin er bundin við og verður að vera bundin við sanna, en ekki ímyndaða dvöl á einum og sama stað. Þótt sagt sje í lögunum, að þetta og þetta skuli álítast ársheimili mannsins, þá er óvíst, að með því sje ráðið fram úr vandanum um sveitfesti mannsins, því þetta heimili getur verið að eins á pappírnum og það gildir ekki. Jeg vil ekki verða fjölorður um málið, af því það er til 1. umr., en jeg verð að taka það aptur fram, að það er mjög vandasamt að leysa úr þessu, svo vel fari, og þannig að ekki sje gengið of nærri rjetti einstaklingsins eða, að því er eptirlit snertir af hálfu hins opinbera, beizlinu sleppt af öllu. Enn fremur vil jeg taka fram eina grundvallarreglu, og hún er sú, að úr því verkmanninum er veitt þetta frelsi, þá á hann líka að hafa leyfi til, að vera hvar sem hann vill, og því álít jeg rjett að leiða í lög nægilegt eptirlit, til að fá vissu fyrir, hvar hann eigi heima eða hvar hann eigi að inna af hendi skyldugjöld sín, ásamt fleirum atriðum, viðvíkjandi hverjum vakandi auga þarf að hafa á þeim, sem hjer eiga hlut að máli.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er alveg samdóma h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) um það, að þetta sje eitt af hinum merkilegustu málum þingsins, af því að það snertir hagsmuni allra búsettra manna og vinnuhjúa. Jeg veit eigi, hvernig jeg á að skilja þá atkvæðagreiðslu h. deildar, að það skyldi vera fellt að kjósa nefnd í málið, hvort jeg á að skilja það þannig, að þeir, sem voru móti nefnd, sjeu á móti frv., eður að þeim þyki frv. svo gott, að þeir vilji samþykkja það óbreytt. Hvorugt af þessu er rjett. Allir vita, að heimilin komast eigi af án fastra árshjúa; og eins hygg jeg, að mörgum hjúum sje eins hollt að vera hjú, eins og að vera laus. En það er líka víst, að ef vistarbandið er leyst skilyrðislaust, þá mundu fleiri hjú verða á lausum kjala á eptir, heldur en nú eru. En jeg veit, að menn muni segja, að skorður sjeu reistar við því í 2. gr. frv., þar sem hverjum verkmanni er gjört að skyldu að eiga víst ársheimili hjá einhverjum húsráðanda. En hvar á hann að eiga það? Á húsráðandinn að vera í sama hrepp eða bæ, þar sem hjúið vinnur? eður stendur á sama, í hverjum hreppi eður bæ hann er? Það getur enginn annar skynsamlegur tilgangur verið með þessari grein en sá, að menn viti, hvar verkmaðurinn á sveitfesti og hvar hann eigi að greiða lögboðin gjöld. En ef nú hjú, sem segist eiga heima norður í landi, kemur suður til Reykjavíkur, og er þar yfir vertíðina, — þetta getur nú verið gott, — en svo fer það aptur annaðhvort vestur eður austur, en kemur ef til vill aldrei aptur í þann hrepp, sem það segist eiga, þá á það þó, eður getur átt eptir frv., heimilisfang þar, þó það sje þar eigi eina einustu nótt. Þetta kalla menn víst vel samið frv.; það er víst miklu betra en frv. það, sem samþ. var áðan, sem jeg þó skal játa, að var ambögulega samið.

Það tjáir eigi að útvega einni stjett það frelsi, sem getur valdið annari stjett miklu tjóni. Eptir frv. þessu geta verkmenn unnið sjer sveitfesti, þar sem þeir ef til vill aldrei hafa verið eina einustu nótt.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að jeg er hlynntur frv. þessu, þó jeg ímyndi mjer, ef það yrði að lögum, að það hafi ýmsa galla þegar til framkvæmda kemur. Ástæðan fyrir því, að jeg var á móti því, að nefnd yrði sett í málið, er sú, að jeg vildi málinu vel, jeg óttaðist, að tíminn mundi verða naumur, og að setja nefnd í það, yrði sama sem að fella það.

Jeg legg mikla áherzlu á það frelsi, sem vinnuhjúastjettin fengi, en eigi mikla áherzlu á það gagn, sem landið hefði af því. Það væri betur, að það rættist að

mikið gagn yrði að frv., en jeg spái því eigi að það gjöri ógagn. Það hagar svo til hjer á landi, að atvinna manna er mjög sundurskipt; landsveitirnar eru langt frá sjávarsveitunum á mörgum stöðum. Það er hætt við því, að niðurstaðan verði sú, að menn flykkist til sjávarsveitanna á haustin, dvelji þar allan veturinn og kannske allt vorið. Hver verður afleiðingin? Sú, að landbóndann vantar vinnukrapta bezta verktíma ársins, vorið, en þegar slátturinn kemur koma þeir óefað aptur til landsveitanna. Jeg held, að þetta gæti orðið að töluverðu óliði fyrir sveitabóndann og landbúnaðinn, en jeg ætla eigi að fara frekara út í það; jeg met meira, að gefa mönnum frelsi og lofa reynslunni að skera úr, hver afdrifin verða. H. 4. kgk (Á. Th.) minntist á sveitfesti, að hún mundi verða á reiki; mjer sýnist engin hætta búin, hvað henni viðvíkur; það er sleginn varnagli við því í frv., að sveitfesti verði jafnglögg og áður, með því að verkmaður hafi ársheimili í sama hreppi. Það er engin ástæða til að ætla, að menn geti eigi unnið hingað og þangað, þó þeir eigi fast heimili. Það sem liggur til grundvallar fyrir því, að slá heimili föstu, það er, að þar verður heimilað gjald af verkmanni til opinberra þarfa, og jafnframt, ef á liggur að uppgötva verustaði verkmanns; en ef menn hafa eigi fast heimilisfang, þá verður allt á ringulreið með gjöldin og sveitfestina. En hver er hugmyndin með sveitfesti, ef þeir hafa eigi heimili? Þeir eru einn tíma við sjó, annan í sveit, o. s. frv., og hvergi skrifaðir til heimilis; úr því yrði umrennsli og jafnvel flakk og engin vissa fyrir verustöðum eða sveitfesti. Jeg er eigi viss um, að menn bæti úr þessum ákvæðum frv., þó menn hefðu lengri tíma fyrir sjer með það.

Á þessu stigi málsins ætla jeg eigi að fjölyrða meira um það, en mjer finnst, að það þurfi að gjöra breyt.till. við niðurlag 3. gr. frv., þar sem talað er um gjaldheimtuna eða ábyrgð fyrir henni því að það er ónákvæmlega tiltekið, þar sem verkmaðurinn má segja til ábyrgðarmannsins, án þess að gjaldheimtumaður taki hann gildan. Það getur verið, að hann sje í annari sveit eða öðrum landsfjórðungi, og eigi víst, að hann ómaki sig til þess, að borga, þó að hann hafi lofað þess konar ábyrgð

Grímur Thomsen: Mjer er eigi kunnugt um, á hve mörgum undirbúningsfundum hefur komið fram ósk um að afnema vistarskylduna, en jeg veit það, að síðast er jeg hjelt fund með kjósendum mínum, var skorað á mig að vera á móti því. Jeg er h. þm. Rangv. (S. Á.) samdóma um það, að það eru ýmsir agnúar á frv. þessu; sjer í lagi sje jeg, hversu hættulegt það getur verið, að maður getur haft lögheimili, þar sem hann hefur eigi verið eina einustu nótt. Í öðru lagi vil jeg taka skarpara fram um sveitfesti. Hversu opt ætli verkmaðurinn fjelli eigi á fæðingarhrepp sinn, því ef hann væri t. d. 10 ár á ferð, við sjó eða uppi í sveit, ýmist fyrir norðan eða sunnan, austan eða vestan, þá kemur að því, að hann á hvergi hrepp, nema fæðingarhrepp sinn.

Jeg þarf eigi að skýra þetta fyrir þeim, sem eru og hafa verið hreppstjórar og í hreppsnefndum, hvílík byrði þetta yrði fyrir stóra hreppa.

Jeg held, að þetta frv. sje mjög varhugavert eða jafnvel háskalegt, og jeg sje eigi ráð til þess að breyta því svo, að það verði gott, og greiði því atkv. á móti því, að það gangi til 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Það eru skiptar skoðanir um það út um landið, hver afleiðing mundi verða af þessu, og jeg sje, að svo er einnig hjer í deildinni.

Eptir þeim lögum, sem nú gilda, eru menn skyldir að vera í vist og fá sig eigi lausa frá vistarskyldunni nema fyrir hátt gjald, en þessu er mjög linlega framfylgt. Sumstaðar er hylmt yfir með lausamönnum; húsbændur hjálpa til þess; sumstaðar

er alveg opinberlega brotið á móti lausamannalögunum. Lögreglustjórunum er opt og einatt ómögulegt að framfylgja þeim; það er opt ómögulegt að sanna, að þau sjeu brotin, þótt það sje vitanlegt, að menn sjeu lausir í óleyfi; þegar svo er komið, að hætt er að framfylgja gildandi lögum, er eitthvað að og ekki vanþörf á að breyta þeim lögum. Það er eigi til að auka löghlýðni, sem eigi er ofmikil áður, þegar lög, sem þannig eru fótum troðin, eru látin standa óbreytt.

Það er eigi hægt að segja með vissu, hverjar afleiðingarnar muni verða í öllum greinum, ef vistarskyldan er afnumin, en það má fara nærri um það að sumu leyti. Eptir minni skoðun á málinu, mælir margt með því að afnema hana. Það hafa sumir talað um það, að það væri óeðlilegt band á atvinnufrelsi manna, að hver mætti eigi vinna fyrir sjer á þann hátt, sem hann vildi helzt; það er og mín skoðun. Það er eigi ólíklegt, að verkmönnum lærist að fara betur með efni sín, ef þeir eru sjálfum sjer ráðandi, heldur en ef þeir eru í vist. Þeir læra betur að berjast fyrir tilverunni, ef þeir eru lausir. Margir mundu vinna sjer meira inn, einkum hinir duglegri, heldur en ef þeir væru í vist. Hinir óduglegu mundu aptur á móti bíða halla af því, en það sýnist mjer vera rjett, að hver geti fengið kaup eptir dugnaði sínum.

Menn kunna að segja, að húsbændur hafi óhag af þessu; jeg skal eigi segja neitt um það, en jeg er ekki hræddur um, að svo fari.

Jeg skal eigi fara langt út í það, hvað mælir með og hvað á móti frv. þessu; margt af því eru getgátur, sem eigi er hægt að segja nokkuð um með fullkominni vissu. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að þetta mundi valda ruglingi á sveitfesti og að menn mundu lenda á fæðingarhrepp sínum; jeg sje ekkert mikið á móti því, þótt svo yrði um þá menn, sem eigi dvelja lengi í sama hreppi, og jeg sje ekki, hvað það er frábrugðið því, sem nú er.

Ástæðan fyrir því, að menn geta áunnið sjer framfærslurjett í þeim hreppi, er þeir hafa í dvalið vissan áratíma, er sú, að þeir eru orðnir þar kunnugir, eiga þar að líkindum flesta aðstoðarmenn, kunningja eður vini, og eiga því hægast með að komast þar af; en þessi ástæða getur ekki átt við um þá menn, sem eru á sífelldu flakki, eins og mjer heyrðist h. þm. Borgf. (Gr. Th.) gera ráð fyrir, að verkafólk yrði, ef þetta yrði að lögum.

Sjerstaklega ætla jeg að minnast á ræðu h. 5. kgk. (A. Ól.); það var hún, sem kom mjer til að standa upp. Hann var mjög á móti frv., og sagði, að bændur gætu eigi verið án fastra hjúa. En hvar eru nú kenningar hans um mannfrelsið? Jeg ætla eigi að sannfæra hann með mínum eigin orðum, heldur með orðum annars manns, sem jeg veit, að hann metur mikils. Þau orð voru sögð á þingi áðið 1861, þegar rætt var um vinnuhjúalögin. Maður sá, sem jeg meina, var þá þingmaður og heitir Arnljótur Ólafsson. Með leyfi forseta skal jeg lesa upp dálítinn kafla úr ræðu hans þá:

„Krefur nú almenningsheill eður þjóðgagn hjer á landi, að hver maður sje kúgaður í vist? Jeg segi: nei! Hamingjunni er svo fyrir að þakka, að bændastjett vor þarf eigi á slíkri fórn mannlegra rjettinda og frelsis að halda, til þess að vera stólpi landins, því hvers þurfa bændur við? Vinnuhjúa, segja menn. Nei, þeir þurfa vinnu við, og þess, að fá hana með góðum kjörum. Það er eigi rjett, að menn sjeu að kvarta um vinnufólkseklu; það væri rjett, ef menn stundum kvörtuðu um vinnueklu. Bóndinn þarf að fá þessi eður þessi verk unnin, og það opt bæði fljótt og vel, en honum stendur á sama, hvort að þeim vinna margir eður fáir, því höfðatalan gjöri hvorki til nje frá, að eins þau sjeu unnin á þeim tíma, er hann þarf og að þau sje leyst vel af hendi. Setj-

um nú, að öll hjú yrði laus, sem þó reyndar er tóm ímyndun, því mörg hjú munu jafnan verða, en setjum nú svo; og hvað svo? Er vinnan minni fyrir því? Nei, engan veginn; það eru jafnmargar hendur til að vinna á landinu, nema fólk stökkvi af landi burt, og það geta menn, hvort þeir eru lausir eður eigi. Verkmennirnir þurfa að vinna hjá einhverjum, því þeir hafa eigi annað við að lifa en handafla sinn. Bóndinn hefur fje að bjóða fyrir vinnu, en hinn vinnandi maður hefur vinnu að bjóða fyrir fje; bóndinn þarf vinnu, en hinn þarf vinnulauna. Þannig kemur keppni og jafnvægi milli fjáraflans og vinnuaflans, og vinnulaunin hljóta að fara nákvæmlega eptir því, sem vinnan er verð á hverjum stað og tíma. Verkmennirnir safnast þangað, sem vinnan er dýrmætust eður ábatamest, hvort það er heldur til sjávar eður sveitar; „þar sem hræið er, þangað safnast og ernirnir"; en þeir fara þaðan, sem lítið er að vinna, eður vinnan er lítilsverð. Vinnan gengur þá að kaupum og sölum, sem hver annar kaupeyrir, og jeg er viss um, að því fer svo fjarri, að bóndinn hafi skaða af vinnufrelsinu, að hann hefur einmitt hag af því. Þetta sýnir reynsla annara landa, og það er í sjálfu sjer svo eðlilegt, að sá verði að lúta, sem hefur vinnuaflið eitt af að lifa, fyrir hinum, er fjeð á fyrir að gefa. Menn eru svo hræddir um, að allir lausamenn leggist í leti og ómennsku; en er það hið rjetta eður almenna eðli mannsins að vera latur ónýtjungur? Nei, allir hafa hvöt til þess að bjargast, og jafnvel hug á því að verða ríkir. Á þessu eðli mannsins eiga menn að byggja lagasetning, en eigi á hinu, óeðli mannsins. En hvað er nú líklegra, að vinnuhjúið sje viljugt, sem kúgað er til að fara í vist, eður dagkaupamaðurinn, er vinnur þar og þeim, er hann finnur sjer haganlegast og geðfeldast? Hvort er hinn ófrjálsi eður hinn frjálsi maður líklegri til drengskapar? Vjer hljótum að segja, að það sje hinn frjálsi maður og það verður þá hjer lausamaðurinn. Það er annars undarlegt, að þótt menn vilji hafa fólk sem iðnast, þá vilja menn samt eigi gefa því frelsi til að vinna þar, sem það sjálft vill; nei, menn vilja kúga alla í vist, og svo verður allt að dúsa svona árlangt, hvernig sem gengur, því hvorki er hjú að fá eður vist, þá krossmessa er liðinn.

Mjer finnast þessi orð vera svo gullvæg og góð, að jeg finn eigi ástæðu til að tala meira að sinni; en ef h. 5. kgk. (A. Ól.) skyldi hafa aðra skoðun, en hjer kom fram, bið jeg hann að leiða hesta sína saman við þennan þingmann, sem talaði þessi orð á þingi 1867.

Skúli Þorvarðarson: Jeg stend upp til þess að gjöra grein fyrir því, hvers vegna jeg greiddi atkvæði á móti því, að nefnd væri sett til að íhuga þetta frv. Ástæður mínar voru þær, að jeg hugði, að það mundi tefja um of fyrir málinu. Nefndin kynni að gjöra breyt. við það frv., og síðan kynni það þurfa að ganga aptur til h. Nd., vera þar aptur vísað til nefndar þeirrar, er hafði mál þetta til meðferðar, og mundi svo vegna tímaleysis daga uppi á þinginu.

Á þingmálafundi þeim, er haldinn var í mínu kjördæmi, var samþykkt í einu hljóði till. um afnám vistaskyldunnar, og þetta er því heppilegra fyrir mig, sem það kemur saman við sannfæring mína, því að þó að jeg geti ímyndað mjer ýmsa annmarka, sem kunna að leiða af því fyrirkomulagi, get jeg eigi annað en viðurkennt, að eigi beri að halda lengur þeim lögum óbreyttum, sem hindra karla og konur frá því að leita sjer atvinnu, þar sem þeim sýnist sjálfum heillavænlegast, en skylda menn til að hafa hið sama heimilisfang í 12 mánuði. Jeg vil ekki skerða þessi mannrjettindi; jeg vil heldur ekki telja heillavænlegt þetta 12 mánaðaband, þar sem húsbóndi er skyldur að halda mann í heilt ár, þótt hann kunni að hafa orðið þess var, eptir að 1 eða 2 mánuðir eru liðnir, að best væri fyr-

ir, báða að hann losnaði við vinnumanninn; að hann sje skyldur til að búa saman við hjúið, hvort sem það er illt eða gott, ráðvant eða óráðvant, í 12 mánuði. Það hefur verið tekið fram, að það geti orðið allmiklum vandræðum bundið, að afnema svo snögglega vistarskylduna. En jeg er þó ekki svo mjög hræddur við það, að vinnandi menn streymi svo mjög til sjávarins að til skaða þurfi að verða fyrir sveitabóndann. Jeg held, að sá sem þarf að reka landbúnaðinn, standi sig vel við að gjalda eins hátt kaup fyrir vinnu við verk þau, er að landbúnaðinum lítur, eins og verkmaðurinn fær við sjávarsíðuna, því að það er ekki svo ótítt, að bændur úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu senda vinnumenn sína til sjávar í vinnu, og fá þeir þá, auk fæðis, 1 kr. á dag í kaup. Jeg hygg, að eins mundi happasælt fyrir landbúnaðinn að nota þennan vinnukrapt og borga hin sömu laun fyrir, sem verkmennirnir hlaupa eptir til sjávarins. Jeg hygg, að engan kvíðboga þurfi að bera fyrir því, að eigi muni fást eins hagkvæmir vinnukraptar eptir sem áður; jeg hygg að margir muni jafnt eptir sem áður að kjósa að vera í vist, en eigi muni allir girnast að vera alveg á lausum kjala.

Það hefur verið talað um, að þetta muni valda ruglingi viðvíkjandi sveitfesti manna. Það getur vel skeð, að sumir verði þeir menn, er víða fara um sveitir og lítt dvelja á sama stað, enda geta slíkir fátæklingar verið á flakki þrátt fyrir vistarbandið, ef þeir segjast eiga heimili, en eiga það ekki. Þetta hefur reynslan sýnt, og þá er vistarskyldan þýðingarlaus; — en úr því að frv. þetta gjörir hverjum manni að skyldu að hafa ákveðið lögheimili, þá mun ekki neinn sjerlegur vandi að finna framfærsluhrepp manna, og jeg get ekki ímyndað mjer, að afleiðingin af þessu fyrirkomulagi þurfi endilega að verða sú, að fleiri lendi á fæðingarhrepp sínum, en á sjer stað eptir þeim lögum, sem nú gilda. Og þótt svo yrði, þá eru margir sem álíta, að það sje ekki það versta fyrirkomulag, að hver eigi þar hrepp sem hann er fæddur. Menn vita það, að það er ekki svo ótítt, að menn beita öllum brögðum, nú sem stendur, opt og tíðum til þess að verjast því, að ýmsir menn verði sveitlægir í hreppunum, og get jeg ekki álitið það fyrirkomulag happasælla. *(Arnl. Ólafsson:* Það má eins gjöra það eptir þessum lögum). Það kann nú að vera, en varla mun það fremur gjört verða en nú tíðkast. Jeg vil því styðja að því með mínu atkv., að frv. þetta nái fram að ganga. Ef mönnum sýnist, að einhverjar nauðsynlegar breyt. þurfi að gjöra við frv. þetta og menn geta komið sjer saman um þær, skal jeg með ánægju gefa þeim atkv. mitt, sjái jeg, að þær verði til bóta.

Arnljótur Ólafsson: Mjer var sönn ánægja að heyra lestur h. þm. Húnv. (Þ. J.), af því að jeg hefi gaman af öllum fornsögum. En hann þurfti ekki að minna mig á, því jeg mundi vel eptir þeim orðum, þótt liðin sjeu síðan 30 ár. Hann þarf ekki að furða, þó jeg á svo löngum tíma hafi eitthvað breytt skoðun minni; ekki þurfti hann 30 ár til að skipta skoðunum sínum í stjórnarskrármálinu; hann þurfti ekki til þess nema 1 ár. Það er ávallt gott að koma með þá reglu, sem jeg enn aðhyllist, að vinna manns sje eðlilegt frelsi hans, að menn skuli eigi þurfa að binda sig, maður geti verið daglaunamaður um styttri og lengri tíma, þar sem hann vill; en þótt verkamaðurinn sje kallaður frjáls, þá er hann þó aldrei svo frjáls, að hann þurfi eigi að vinna, nema hann afli sjer þess mikla frelsis að flakka; en vinni hann, verður hann ávallt að binda sig að nokkru eptir þeirri vinnu, sem hann hefur á hendi, hvort sem það heldur er sjávar eða landvinna. Mjer dettur ekki í hug að vera svo á móti þessu frv., að jeg vilji halda öllu í gamla horfinu. Jeg var í þingnefndinni, sem fjallaði um lausamennskulögin

26. maí 1863, og greindi mig þá ekki svo mikið á við mína meðnefndarmenn. Það er kunnugt, að áður en þessi lög komu, var engum leyft að vera lausum, en þegar þau komu, varð sú breyting á, að mönnum var leyft það með tilteknum kjörum. Nú vil jeg rýmka þessi kjör enn meir, á líkan hátt og tillögur hafa komið fram í neðri deild, um að færa niður lausamennskugjaldið, þannig að karlmaður greiði 10 kr., en kvennmaður 4 kr. Hjer er þá farinn nokkurskonar meðalvegur milli þessa frv. og lausamennskulaganna frá 1863, þar eð jeg tel nokkuð varasamt að gefa nú þegar mönnum alveg lausan tauminn í þessum efnum. Það má einnig telja sem ástæðu fyrir því að rýmka um vistarskylduna, að lausamennskulögunum hefur aldrei verið stranglega fylgt, enda hafa bændur ekki borið sig upp undan lausamönnunum, því þegar sýslumaður spyr á manntalsþingum: er nokkur lausamaður hjer í hrepp? þá þegja bændur. Þetta kemur af því, að lausamenn og bændur hafa gjört nokkurs konar leynilegan samning sín í milli, eptir því sem hentast hefur þótt, það er að segja, að lausamenn þeir, er hafa gjört þennan samning, þeir eru að meira eður minna leyti í rauninni sem vinnumenn, og þetta samkomulag hefur komið sjer vel. Lausamennskulögin eru því sem leynilegt band á lausamönnum, en ef lögunum er alveg sleppt, þá er loku fyrir það skotið, að húsbændur og lausamenn geti komið sjer saman. Jeg vona, að þeir, sem þekkja til í sveit, viti eður kannist við, að margir bændur hafa lausamenn svo sem vinnumenn, annaðhvort að vetrinum eða að sumrinu; það gætu þeir varla, ef þetta band væri ekki. Það er nú auðvitað, að þetta 10 kr. gjald er ofur lítið band á eðlilegu frelsi, og getur ekki hamlað neinum að ráði frá því að vera lausum, nema óráðlingum, sam aldrei eiga einn grænan eyri í pyngjunni. Að sleppa þessu bandi alveg álít jeg hæpið, því með því finnst mjer vera of lítið á hag húsbænda, enda hafa, síðan fólks flutningar til Vesturheims byrjuðu, verið almikil brögð að vinnufólkseklu, með því að bændum hefur eigi fækkað og lendir því öll fækkunin á vinnuhjúunum. Þessi vinnuhjúaekla er eigi hvað minnst í Húnavatnssýslu, þar sem fækkað hefur um 1400 manns á 10 árum, og ávöxturinn af því hefur bezt sýnt sig í því, að kjósendur h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) hafa lagt það til á þingmálafundum, að vistarbandið væri ekki leyst. Það er því undarlegt, að h. sami þm. skuli vera afnáminu svo hlynntur, er kemur líklega af því að hann kemur hjer fram sem eintómur fornfræðingur. En það eru og til enn meiri og almennari annmarkar á afnámi vistarskyldunnar. Jeg skal nefna eitt dæmi: allir vita, að í vinnuhjúalögunum er húsbændum gjört að skyldu, að fæða hjú sitt ef það veikist, en samkvæmt þessu frumv. eru þeir lausir við þessa skyldu. Þegar lausamaður nú veikist, hver á þá að borga? Auðvitað hrepparnir, þannig að öll byrðin, sem áður hvíldi á húsbændum, lendir nú á hreppunum, og eptir því, sem ákvæðin í 2. gr. frv. eru, þá er ómögulegt að vita, hvar menn eiga sveit, því að á þessu fasta ársheimili, sem hver lausamaður á að hafa, verður víst lítið byggt, en þá lendir auðvitað allt á fæðingarhreppnum, sem verður að telja neyðarúrræði, að vitni flestra framfærslulaga, sem jeg hefi sjeð. Jeg hefi lesið mörg lög annara þjóða um sveitaframfærslu og hefi jeg sjeð, að þau forðast flest sem mest fæðingarhreppinn; þau skipa svo fyrir til dæmis, að þar sem maður hefur dvalið lengst hin síðustu 5 ár, næst áður en hann varð sveitþurfi, þar eigi maður framfærsluhrepp, sem auðvitað er gjört til að ljetta á fæðingarhreppnum, og byggt á því, að þar sem maður hafi tamið sjer vinnu og aflað sjer vina þar komist hlutaðeigandi betur af, en í þeim stað er hann

er óvanur vinnubrögðum og á engan kunningja. Sá sem t. a. m. hefur stundað sjómennsku, en kann ekkert til landvinnu, á hægra með að komast af við sjó. Jeg hygg því rjettara að losa smátt og smátt um þetta band, þangað til það verður að almennu frelsi. Jeg viðurkenni og virði eðlilegt frelsi hvers manns, en lít þó ekki svo einræningslega á það, að jeg ekki einnig líti á það ástand, sem eldri lög hafa skapað fyrir húsbændur. Hvernig var farið að í Danmörku, þegar bandið á landbúnaðinum var leyst (bólfestutjóðrið og átthagabandið)? Þá var það gjört smátt og smátt. Þannig hefði og verið farið að annarstaðar í líkum málefnum, og er það víst oss einnig hentara, heldur en að rasa fyrir ráð fram í því að losa þessi bönd allt í einu, þegar engin brýn nauðsyn krefur. Jeg vil búa til lög, sem eru samkvæm eðlilegum rjetti, en eigi lög til reynslu, eins, eins og þegar læknir er að gjöra „Operationir“ á dýrum, að eins til að „experimentera“. Slíkar lagasetningar til prófs finnast mjer þjóðkjörnum þingmönnum ósamboðnar, og þá eigi síður hinum konungkjörnu.

Jón A. Hjaltalín: Jeg greiddi atkv. móti því að setja nefnd í þetta mál, ekki af því að jeg vildi fella það, heldur af því, að mjer þótti nefndarkosning óþörf, er svo mikið hefur verið ritað og rætt um málið. Að minnsta kosti verð jeg að segja, að jeg hef lesið frv. rækil., og sje mig ekki færan um að gjöra breytingaratkvæði við það. Mestu mótbárurnar, sem komið hafa fram gegn því, hafa verið, að menn gætu talið sig þar heimilisfasta, þar sem þeir ekki hefðu verið eina nótt á árinu, en jeg sje ekki svo mikinn háska við það. Það hefur einnig verið sagt, að menn eptir þessu frv. mundu koma hópum saman á fæðingarhreppa sína. Þetta getur nú verið rjett; en jeg veit heldur ekki, hvað nú hindrar menn frá því að komast á fæðingarhreppinn, því jeg veit ekki, hvar þeir eiga að hafa sveitfesti, sem ekki geta haldizt við nema 1 eða 2 ár í sama byggðarlagi. Setjum svo, að fæðingarhreppurinn sje ekki fær um að ala önn fyrir þessum þurfamönuum, þá knýr það menn því fremur til að endurskoða fátækrareglugjörðina, enda mundi varla vanþörf á því. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) talaði langt erindi og snjallt um þann rugling, er þetta frv. gæti gjört á sveitfesti manna *(A. Ól.*: Ekki í því sambandi), en það verður að komast í samband við það; hann talaði og um einkasamning milli húsbænda og lausamanna, er lausamennskulögin frá 1863 hefðu skapað *(A. Ól.*: Ekki upphátt). Jeg er nokkuð kunnugur í sveit, og það á sömu stöðvum sem h. 5. kgk. þm., og veit jeg ekki til, að þetta einkasamband eigi sjer þar stað, og sje þetta frv. ófært þess vegna, að það slítur þessu sambandi, þá held jeg það væri eins ófært með 10 og 4 kr. lausamennskugjaldinu. Þetta vistarband er orðið gamalt (frá 1782), og og lausamennskulögin áttu að breyta því og bæta dálítið úr því ástandi, sem þá var. Í því hjeraði, sem við báðir þekkjum, hefur enginn klagað yfir lausamönnum, af því hann hefur álitið, að hann ekki ætti að gjöra það, og því hefur enginn orðið fyrir sektum, sakir ólöglegrar lausamennsku; sýslumenn hafa að eins spurt um lausamenn og svo ekki meira. Mjer nægir ekki sögn h. 5, kgk. þm. (A. Ól.) um, að einka- eða laun-samningar milli húsbænda og lausamanna sjeu almennir, og það myndi víst ástand, sem eigi megi hagga. Það hafa mörg lög verið gefin upp á reynslu, og þótt gjaldið sje ekki nema 10 og 4 kr., þá þarf einnig reynslu. Þegar þingmaðurinn sjálfur fjallaði um lausamennskulögin, þá var það einnig upp á reynslu; það er svo opt, að menn vita ekki um, hverjar afleiðingarnar verða, enda fara þær opt í gagnstæða átt við það, sem menn ætla. Jeg álít, að það sje engin minnkun, hvorki fyrir þjóðkjörna eða konungkjörna

þingmenn, að greiða atkvæði með þessu frv.

E. Th. Jónassen: Umræðurnar eru þegar orðnar nógu langar, og sýnir það, að mál þetta er allmerkilegt, og hefði því líklega verið rjett að setja nefnd í það, enda hefði þá mátt íhuga málið betur. Jeg er í „principinu“ frv. meðmæltur, það er, að menn megi ráða sjer sjálfir, og jeg hef ekki getað sannfærzt af umræðunum um, að þetta sje skakkt. Jeg viðurkenni, að 2. gr. frv. er nokkuð viðsjál, en þó má ef til vill lagfæra hana. Jeg vil því ekki greiða atkvæði gegn frv. nú, þótt erfitt verði að fá þessa grein svo lagaða, að ekki megi fara í kringum hana. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) sagði, að fólki hefði fækkað sakir Vesturheimsferða, og því væri það slæmt fyrir bændur að afnema vistarbandið, en við þetta gæti einmitt kaup manna hækkað, og þá er síður hætt við, að þeir verði margir, sem ekki fái vinnu og leggist í flakk, og sje jeg því ekki, að þessi ástæða hafi mikla þýðing. Jeg er sanndóma h. 6. kgk. þm. (J. H.) um, að ekki sje betra að hafa lausamennskugjaldið 10 kr. og 4 kr., því að flestir sem vilja, munu geta greitt svo litla upphæð, svo það band getur varla haldið mönnum í vist. H. 5. kgk. þm. (A. Ól.) hjelt ómögulegt að sanna sveitfesti eptir þessu frv., en það ætti að mega sanna hana eptir vottorðum frá húsbændum, þar sem þeir hafa ársheimili, og svo verður að álíta það sjálfsagt, að verkamenn verði skráðir í bækur prestanna, þar sem þeir eiga lögheimili; það er víst rjett athugasemd, að hrepparnir kæmu til að borga legukostnað verkamanna optar en áður hefur verið; en jeg sje, eigi að það sje nægileg ástæða til þess að vilja ekki afnema vistarbandið. Menn hafa verið að losa um þetta band smátt og smátt; fyrst voru allir skyldir að vera í vist eptir lögunum frá 1782, svo var losað um það með lausamennskulögunum 1863, og nú á að ganga feti framar enn. Jeg verð að halda því fram, að eðlilegast sje, að menn megi ráða vinnu sinni sjálfir, og hafi rjett til að hafa ofan af fyrir sjer á þann hátt, sem hverjum þykir hentast, og þess vegna greiði jeg atkvæði með því, að frv. gangi til 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Jeg er hlynntur þessu frv., því jeg álít rjett að rýmka um þetta band, en þó vil jeg ógjarnan gefa frv. óbreyttu atkv., af sömu ástæðum sem h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) tók fram. Af undirbúningsfundum heima í hjeruðunum má sjá, að gagnstæðar skoðanir hafa komið fram í þessu máli, sumir með því að leysa þetta band, en sumir aptur móti því Ef þingið vildi taka nokkuð af þessum mismunandi skoðunum til greina, þá væri betra að fara einhvern meðalveg, og rýmka nokkuð um þetta band, en leysa það ekki allt í einu, eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) glögglega sýndi fram á, enda verður varla sagt, að 10 og 4 kr. gjald sje tilfinnanlegt. Það er allmerkilegt, að þetta mál er ekki runnið frá vinnufólki sjálfu, heldur einmitt frá þeim húsbændum, sem ekki gátu fengið fólk, meðan minni vinnufólksekla var, og enginn vildi vera hjá; það lítur út sem þeir hafi hugsað sem svo; það vill enginn vera hjá okkur sem vinnuhjú, en með þessu móti getum við fengið daglaunamenn, að minnsta kosti um sumartímann, þegar þess er mest þörf; frá þessum mönnum er þetta frv. runnið. Hjer er allt öðru vísi ástatt en í öðrum löndum; þar er vinnufólkið of margt, en hjer er ekla á vinnufólki. Mig furðar á því, að 2. þm. Húnv. (Þ. J.) skuli vera svo meðmæltur þessari takmarkalausu leysingu vistarbandsins, hann sem er upp alinn á stóru landbúnaðarheimili í Húnavatnssýslu, þar sem þurfti marga húskarla, auk kaupafólks. Allir menn skilja, að þessi leysing verður til þess, að draga fólkið úr sveitunum til sjávarins, þótt sumstaðar geti verið svo, að

fólk á sumrum fari frá sjónum til sveitanna, eins og t. a. m. í Árnessýslu, því hjer er lítill fiskafli á sumrum, eins og 2. þm. nefndrar sýslu minntist á (Sk. Þ); en nyrðra er því öðruvísi varið; þar stunda menn helzt sjó að sumrinu, því þá er opt góður afli. Jeg ímynda mjer, að afleiðingarnar af þessu geti orðið landsmönnum skaðlegar, gangi þetta frv. fram óbreytt, þótt aðgætnir og duglegir bændur geti eptir sem áður á einhvern hátt fleytt sjer, með því þó að kreppa að sjer og hafa sem minnstan fjenað. En mundi það verða landinu hollara í heild sinni, að þeir sem nokkru orkuðu, væru neyddir að hafa sem minnst um sig, og þannig vinna einir og jeta einir, og gjörast þeir þá öðrum lausamönnum líkir, eða þeim, sem við nú köllum húsmennskumenn. Jeg held þetta verði varla talið til happasællar frambúðar fyrir landbúnaðinn. H. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) hafði, eins og h. 5. kgk. þm. tók fram, það umboð frá kjósendum sínum, að vistarskyldan skyldi ekki afnumin án allrar takmörkunar, og jeg hafði það umboð að nokkru leyti líka; þó fóru mínir kjósendur lengra, enda er jeg nú á því að leysa vistarbandið, en þó með skynsamlegum takmörkunum í tilliti til heimilisfangs lausamanna ásamt fleiru, og því getum við, h. þm. Húnv. og jeg, verið á móti algjörðu eða takmarkalausu afnámi vistarbandsins.

Árni Thorsteinsson: Jeg álít enga hættu við að leysa vistarbandið, því að vinnuhjú verða eptir sem áður að hafa einhverstaðar heimili, til að vinna fyrir fæði sínu, húsnæði og fá annan nauðsynlegan aðbúnað. Það er til þess að hafa viðunanlegt heimili og ná þessum gæðum sem hjú vilja heldur fara í vist, vera öðrum háð, en eiga með sig sjálf. Það mun sýna sig, að það eru grýlur einar að óttast lausamannafjöldann, og að eptir að frumv. er orðið að lögum, vilji enginn fara í vist. Lausamennskulögin eru, hvort sem er, ekki meir en svo haldin eða þeim hlýtt. Þeir, sem hafa komið fram með athugasemdir gegn frv., hafa að miklu leyti rjettlætt mínar athugasemdir áðan, og því fer jeg eigi fleiri orðum um það efni. Það hefur verið stungið upp á, að menn losuðu skylduna, með því móti að menn borguðu víst gjald, t. a. m. 10 kr. karlmenn og 4 kr. kvennmenn, eptir því sem h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) tók fram, en þetta gjald verður tilfinnanlegt fyrir fjölda manna, sem engin efni hafa, en ekki fyrir hina, sem nokkuð geta, og menn eru fyrir það engu nær að leysa úr hinum vandasömu atriðum þessa máls. Það er hvorki heilt nje hálft að losa vistarskylduna á þennan hátt. Þegar maður skoðar síðari hluta frv., þá er óvíst, hvar menn afla sjer sveitfesti, þrátt fyrir ákvarðanir frv., og hvar verkmenn eiga að gjalda skyldur sínar. Jeg held, að heppilegast væri, eptir því sem umræðurnar hafa fallið, að draga talsvert úr 2. og 3. frv., og halda því atriði, að hver verkmaður sje eins og áður, talinn að hafa þar dvöl, sem hann er í raun og veru, en á hinn bóginn skipa strangt eptirlit á dvöl hlutaðeiganda, að heimta af þeim, að þeir skuli skyldir að skýra lögreglustjóra eða hreppsnefndaroddvitum frá, hvar þeir hafi fast heimili, en færu þeir úr einum stað í annan, án þess að gæta þessarar skyldu, þá ættu þeir að sæta sektum. Með ákvæðum í þessa átt yrði sneitt hjá þessum skerjum að nokkru leyti, hvað vafasemdir um sveitfesti hvers eins snertir, og hvar verkmaðurinn eigi að greiða skyldur sínar, og það fleira, sem lýtur að dvöl hans.

Þorleifur Jónsson: Það leit svo út af ræðu h. 5. kgk. (A. Ól.), sem honum sárnaði, að jeg las þessi orð upp úr alþingistíðindunum frá 1861; það var þó eigi gjört í þeim tilgangi, að hann tæki það svo sem jeg væri að ámæla honum með því. En viðvíkjandi því sem hann beindi að mjer, að jeg hefði skipt skoðun minni í stjórnarskrármálinu, þá kannast jeg nú

eigi við, að þar sje um svo mikil skoðanaskipti að ræða; en þótt svo væri, vona jeg, að h. þm. (A. Ól.) sjái það, að ólíku er saman að jafna; menn verða opt að hafa það fyrir augum, hvað menn halda að geti fengið framgang, og laga sig eptir skoðunum annara, og getur hann því ekki ámælt mjer fyrir framkomu mína í því máli.

H. sami þm. (A. Ól.) sagði, að í Danmörku hefði kjörum vinnufólksins verið breytt smátt og smátt. Þetta getur ef til vill verið svo, en þó hygg jeg, að vistarskyldan hafi verið afnumin í einu þar með lögunum frá 1853, en á undan þeim tíma mun allmikið band hafa verið á vinnuhjúunum þar. En jeg er samdóma háttv. þm. í því, að varlega og gætilega eigi að fara í þessu efni. Jeg álít að ekkert liggi á að hrapa að þessu máli, og að ekkert mundi saka, þótt liðu 5—10 ár, þangað til vistarbandið væri leyst að fullu, jafnvel þótt jeg fyrir mitt leyti sje alls ekkert hræddur við ákvæði þessa frv., því þau voru fyrst í því í h. N.d., en voru seinna felld úr þar í deildinni, og eins mundi fara, ef þau yrðu sett aptur inn í það nú hjer í þessari h. deild.

Jeg get ekki skilið í því, hvað fólksfækkunin í Húnavatnssýslu á að sanna móti afnámi vistarskyldunnar. Fólksfækkunin þar varð, þótt vistarbandið sje óleyst, og hver veit, nema hjúaekla í Húnavatnssýslu hefði nú verið minni en er, ef vistarbandið væri ekki; verkafólkið hefði þá átt hægra með að fara þangað, þar sem mest er eptirspurnin eptir því.

Bæði h. þm. Skagf. (Fr. St.) og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) furðaði á því, að jeg skyldi vera með þessu frv., þar sem þingmálafundur Húnvetninga nú í vor hefði verið á móti afnámi vistarbandsins. Fyrst og fremst er nú það, að jeg álít mig ekki bundinn eingöngu við vilja kjósenda minna, heldur við mína eigin sannfæring, og svo voru Húnvetningar á þingmálafundinum 1889 á þeirri skoðun að afnema bæri vistarskylduna; og þó að meiri hlutinn væri á móti þeiri tillögu á þingmálafundinum í vor, þá var það með litlum atkvæðamun, svo að það er ekki öldungis víst, að meiri hluti Húnvetninga yfir höfuð sje afnámi vistarskyldunnar mótfallinn.

Það hefur verið tekið fram, að kostnaðurinn við sjúkdóm hjúanna, sem nú hvílir á húsbændum þeirra, muni framvegis lenda á sveitunum. Það getur nú verið skoðunarmál að setja inn í frv. trygging fyrir því, að þessi kostnaður lendi ekki á sveitunum. Þetta hefur komið fram í blöðunum, að setja ætti í þessi lög þau skilyrði, að til þess að geta verið laus útheimtist, að hver maður hefði visst heimili, og húsbóndi þess heimilis hefði sömu skyldur gagnvart lausamanninum, sem hann væri hjú hans. Jeg gæti fyrir mitt leyti vel verið með þessu, þótt jeg á hinn bóginn sje í efa um, hvort sú skylda húsbóndans að fæða sjúkt hjú til enda vistarársins, muni eigi, ef til vill, vera þyngri, en sem nemur þeirri hækkun í útsvarinu, sem leiða kann af því, að sveitin þarf að annast sjúka lausamenn.

Því sem sagt hefur verið um fæðingarhreppa og sveitfesti lausamanna hefur h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) svarað svo rækilega, að engin ástæða er til að bæta þar fleiru við.

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg greiddi áðan atkvæði á móti því, að nefnd væri skipuð í þetta mál, af þeirri ástæðu, að jeg álít mjög óheppilegt að nefnd sje sett í máli í byrjun 1. umr. þess, áður en mönnum hefur gefist kostur á að láta í ljósi skoðun sína á málinu, því að umræðurnar gefa opt miklar og margar upplýsingar í málunum, svo að nauðsynlegt er til glöggvunar að heyra skoðanir þingmanna. En jeg skal ekki vera á móti því, að setja nefnd í frumv. þetta við 2. umr., ef það kæmi þá til tals og þætti nauðsynlegt.

Sighvatur Árnason: Það hafa komið fram aðfinningar viðvikjandi sveitfestinni, að slæmt muni verða að rifja upp verustaði verkmanna, Jeg skal að sönnu játa það fúslega, að eptir frumv. getur hugsazt, að þetta liggi eigi ljóst fyrir, en mjer finnst, að hægt muni vera að bæta úr þessu með breytingaratkvæði í þá átt, að í hverri sveit væri fyrirskipað að hafa sjerstaka skrá eða skýrslu yfir þetta verkfólk. En jeg efast þó um, að þess konar ákvæði þurfi endilega að standa í sjálfum lögunum; jeg hygg, að það gæti verið í yfirstjórnarinnar hendi að fyrirskipa þess konar reglur.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 : 4 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um, að ráðgjafi Islands sitji eigi í ríkisráði Dana (C. 332); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþ. í e. hlj. að ræða tillöguna í einni umr.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga (C. 323); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu forseta var samþ. í e. hlj. að ræða tillöguna í tveim umr.

Þrítugasti og fyrsti fundur, föstudag 7. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á 3., 10. og 25. gr. stjórnarskrárinnar (C. 330); 1. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Með því að jeg hef verið svo djarfur að koma með þetta frumv., og það er seint á þingtímanum, skal jeg leyfa mjer að gjöra grein, bæði fyrir stefnu frv. og eins fyrir því, hverjar ástæður eru þess valdandi, að jeg hef eigi fyrr komið fram með það.

Frá því fyrsta að hin gildandi stjórnarskrá var gefin oss af konungi, þá voru flestir meðal núlifandi manna og hinna, sem nú eru burtu farnir, á því, að þótt hún væri í sjálfu sjer góð gjöf, hefði hún þó inni að halda ýmsar ákvarðanir, er æskilegt væri að fá breyting á.

Það sem fyrst hefur verið fundið að er það, að ákvæðin um ábyrgð ráðgjafans sjeu of veik, eða rjettara sagt, þýðingarlaus, að jeg leyfi mjer að viðhafa það orð.

Hið annað, sem að hefur verið fundið, er það, að þingið hafi eptir ákvæðum hennar eigi fullkomið fjárforræði yfir öllum tekjum landssjóðs, þar sem fasta tillagið og aukatillagið er að nokkru leyti undanskilið meðferð þingsins.

Enn er hið þriðja, sem að hefur verið fundið, og til þess að komast að því, skal jeg fara fyrst nokkuð aptur í tímann. Fyrstu 3 þingárin, 1875, 1877 og 1879, brúkaði stjórnin stjórnarskrána á hinn mannúðlegasta og bezta hátt, og á þeim árum var, ef mig minnir rjett, engum lögum frá alþingi synjað staðfestingar, jafnvel þó að landshöfðingi mælti á móti staðfestingu. Jeg skal þessu til sönnunar nefna 2 lög, er alþingi samþykkti, lög um afnám alþingistollsins og lög um afnám lestagjaldsins. Hinn þáverandi landshöfðingi Hilmar Finsen hafði mjög á móti báðum þessum lögum, þá er þau voru til umræðu á þinginu, og efast jeg því ekki um, að hann hafi lagt á móti því, að þau fengju staðfesting, — enda þótt jeg hafi eigi sjeð tillögur hans til stjórnarinnar.

En þrátt fyrir þetta fengu hvortveggja þessi lög konunglega staðfesting. En svo fer að breytast eptir þann tíma. Síðan hefur hver lagasynjunin rekið aðra. Og þó virðist oss svo, að eigi sje of djúpt tekið í árinni, þótt vjer segjum, að íslenzkt þing og þjóð hafi betur vit á Íslands sjerstöku málum heldur en ókunnug stjórn út í Danmörku. Þannig skal jeg nefna til lögin frá alþingi um fiskiveiðar í landhelgi. Stjórnin hafði lagt fyrir þingið 2 frumv., annað um bátafiski á

fjörðum, en hitt um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi. Báðum þessum frumv. steypti alþingi saman í eitt frumv. og nefndi þau lög um fiskiveiðar í landhelgi. Hinn þáverandi landshöfðingi, Bergur Thorberg, lofaði þá þinginu að leggja sín beztu meðmæli með, að lög þessi gætu öðlast staðfestingu konungs; en hvað skeður? Í B.-deild stjórnartíðindanna 1887, bls. 61, má lesa brjef frá ráðgjafa Íslands, þar sem hann skýrir frá, að h. hátign konunginum hafi allramildilegast þóknast að synja þessum lögum staðfestingar eptir tillögu ráðgjafa Íslands. Jeg hygg, að enginn maður hjer á landi komist með tærnar þar, sem ráðgjafi Ísland hafði hælana, þá er hann þýddi gildandi lög svo, að vegna þeirra væri ástæða til að synja þessum lögum staðfestingar.

Þetta er hinn verulegasti galli, sem menn hafa fundið á stjórnarskrá vorri. Á síðustu 4 árum hefur hver lagasynjunin rekið aðra, og jeg hygg, að oss verði gjört ómögulegt að lifa vora eigin lífi hjer, ef slíkar lagasynjanir mæta oss, lagasynjanir um mál, sem einungis varða atvinnuvegi vora —, og fiskiveiðarnar varða þó sjerstaklega íbúa landsins; — og jeg get enga ástæðu sjeð til að taka meira tillit til bræðraþjóðar vorrar, Færeyinganna, — en vegna þeirra var lögunum um fiskiveiðar í landhelgi helzt synjað staðfestingar, — heldur en Íslendinga sjálfra. Jeg verð að álíta, að ef vjer eigum að geta lifað vora eigin lífi, þá sje oss bráðnauðsynlegt, að fá að ráðstafa atvinnuvegum vorum, en eiga það ekki á hættu, að slíkum lögum verði synjað staðfestingar af stjórn, er hlýtur að þekkja minna til en sjálfir vjer, hvað oss er fyrir beztu, sjerstaklega þegar svo stendur á, að þingið nýtur landshöfðingjans, er þekkir hag vorn og þarfir langtum betur heldur en ókunnug stjórn út í Danmörku.

Þetta eru orsakirnar til þess, að mjer sem gömlum þingmanni hefur sviðið það, að sjá oss synjað um þetta, að fá framgengt atvinnumálum vorum. Jeg fæst ekkert um synjanir annara laga um staðfestingu, svo sem laga um stofnun lagaskóla.

Svo vil jeg að lokum gjöra grein fyrir því, vegna hvers jeg hef eigi komið fram með frumv. þetta fyrr en nú.

Í h. Nd., þar sem jeg hef áður haft sæti, hefur verið svo mikill hávaði og ákafi fyrir því, að koma fram þar frumv. um breyt. á þeim atriðum í stjórnarskránni, er h. þingmenn þar vildu helzt fá breyting á, að jeg sá mjer ekki fært að etja kappi við þá. En hjer í þessari h. deild áleit jeg ekki tíma kominn fyrir frumv. þetta, fyrr en búið væri að gjöra hreint borð og fella stjórnarskrárfrumv. það, er hingað kom frá h. Nd. Fyrir þessar orsakir er það, að jeg hef ekki komið fram með frumv. fyrr en nú.

Jeg skal að sönnu játa það, að jeg hef eigi mikla von um að fá frumv. þessu framgengt á þessu þingi af ýmsum ástæðum; en bæði er það, að á síðasta þingmálafundi, er jeg hjelt með kjósendum mínum, lofaði jeg því, að koma fram með frumv. í þessa átt, og í öðru lagi er það, að ef h. þingd. vill leyfa frumv. að ganga til 2. umr., vona jeg, að hin einstöku ákvæði þess verði rædd með alvöru og stillingu, og með því sáðkorni sáð fyrir ókomna tímann, er ávöxt muni bera fyrir þetta mál á síðari þingum.

Jeg er orðinn gamall þingmaður og er kominn yfir það takmark, er mannlegt líf venjulega hefur; jeg býst við, að jeg muni eigi sitja optar á þingi, og skyldi það þá gleðja mig, ef jeg í elli minni gæti lagt það frækorn í þessu máli, er síðar meir kynni að bera ávexti.

Jeg fel svo þetta mál h. deild og óska þess og vona, að h. þingdm. sýni mjer þá mannúð að lofa frumv. að ganga til 2. umr.

Friðrik Stefánsson: Það hefur opt

mikið verið talað um frelsi í útlöndum, en sem eigi væri hjer á Íslandi, því að þingræði væri hjer svo takmarkað; og sjerstaklega hefur opt verið tekið fram, að frestandi neitunarvald væri beinn aðgangur að svo miklu sjálfsforræði, er samrýmzt gæti við þingbundna konungsstjórn, en af þeim, sem slíka stjórn hafa, eru það Norðmenn einir, er hafa í sínum stjórnarlögum frestandi neitunarvald. En Englendingar hafa það sem betra er, sem er fullt þingræði. Á norðurlöndum er eigi þingræði, og því er frestandi neitunarvald hjá Norðmönnum mikilsvert.

En þar sem jeg er hófsmaður í pólitík, vil jeg eigi fara lengra en svo, að stjórnin geti fylgzt með í þeim málum vorum, en frestandi neitunarvald mun hún seint samþykkja. En eigi að síður mun jeg gefa frumv. þessu atkvæði mitt, svo að það geti komist til 2. umr., því að jeg vil, að þjóðin fái að sjá og kynna sjer umræður þær, sem verða í þessu máli, því til skýringar. Það er þó eigi svo að skilja, að jeg álíti frestandi neitunarvald það eina, og ekkert annað, sem frjálsum mönnum sje boðlegt, því að það er í sjálfu sjer óþarft, þar sem fullkomið þingræði er viðurkennt, eins og hjá Englendingum, því hjá þeim væri það apturför, frá því sem nú er. En eins og jeg hef áður tekið fram, mun jeg þó gefa frumv. atkvæði mitt, til þess að h. flutningsm. (Gr. Th.) gefist kostur á að útlista þau gæði, er frumv. þetta hefur í sjer fólgin, en vitaskuld er það, að þetta frumv. tekur að eins yfir atvinnumál eða frestandi neitunarvald í þeim!

En viðvíkjandi synjuninni á lögunum um fiskiveiðar í landhelgi og að hún hafi verið einkum vegna Færeyinga, þá get jeg alls ekki, þó mjer líki það alls ekki, tekið mjög hart á stjórninni fyrir það, þótt hún ekki vildi útiloka þá frá þeim rjetti, sem innanríkismenn hafa öðrum fremur, enda höfum við síðan fengið samþykktarlög, sem geta bætt úr ofmiklum yfirgangi í landhelgi.

E. Th. Jónassen: Jeg stend upp til þess að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg ekki get gefið því atkvæði mitt, að frumv. þetta sje látið ganga til 2. umr.

H. flutningsm. (Gr. Th.) tók það fram sem ástæðu fyrir frumv., að ábyrgð sú, sem ráðgjafinn hefði eptir stjórnarskránni, væri þýðingarlaus. Það er ógnarhægt fyrir h þm. (Gr. Th.) að segja þetta, en það er eptir að sanna það; það er engin reynsla fengin fyrir þessu; en þá fyrst, þegar einhver reynsla er fengin, er hægt að dæma um það með fullri vissu.

H. flutningsm. (Gr. Th.) tók það og fram sem ástæðu fyrir frumv. þessu, að alþingi hefði ófullkomið fjárforræði. Þetta get jeg heldur ekki viðurkennt, og að þess vegna sje nokkur ástæða til að gjöra þær breytingar á stjórnarskránni, sem farið er fram á í frumv. þessu.

Hin þriðja ástæða h. flutningsm. (Gr. Th.) voru synjanirnar á staðfesting laga frá alþingi. Það mun vera rjett, að 3 fyrstu þingárin, eptir að vjer fengum þessa stjórnarskrá, var engum lögum alþingis neitað staðfestingar; en mjer finnst stjórnin ekki vera ámælisverð fyrir það, þó að hún ekki hafi staðfest öll lög, er komið hafa frá alþingi. Það væri auðvitað bezt, eð öll lög frá alþingi væru þannig úr garði gjörð, að ekki þyrfti að neyta þeim staðfestingar, en eins og menn vita, eru lögin opt svo löguð, að eigi er mögulegt að staðfesta þau. Það er heldur ekki eins dæmi hjer hjá oss, þótt lögum sje synjað staðfestingar, þannig kemur það þráfaldlega fyrir í hinu frjálsa landi Ameríku, að forsetinn neytir rjettar síns til þess að synja lögum staðfestingar. Jeg get því ekki sjeð, að okkur sje vandara um en þeim.

Þegar svo kemur fyrir, að stjórnin verður að synja lögum frá alþingi staðfestingar, er það optast, ef málið er mik-

ilsvarðandi, að stjórnin leggur nýtt frumv. fyrir næsta þing með þeim breytingum, sem hún álítur nauðsynlegar.

Jeg verð að taka undir með h. þm. Skagf. (Fr. St.) um það, að stjórnin er er alls ekki ámælisverð, þótt hún synjaði lögunum um fiskiveiðar í landhelgi um staðfesting, því að það var vegna þess, að rjettur samþegna vorra var með þeim fyrir borð borinn, því að það er algild regla að útiloka ekki í atvinnumálum samþegna ríkisins í einstöku landi. Jeg get þess vegna ekki gefið frumv. þessu atkvæði mitt.

Jeg skal enn fremur bæta því við, að jeg vil heldur ekki stofna til þess, að aukaþing þurfi að verða næsta ár.

Hvers vegna kom h. flutningsm. (Gr. Th.) ekki fram með þessar breyt., þá er stjórnarskrárfrv. var hjer til umr. í deildinni. Hjer er að eins stungið upp á breytingum við fáeinar greinar og hygg jeg því, að forkólfum þessa máls í h. Nd. muni þykja þetta frumv. hvorki heilt nje hálft.

Jeg vil ekki eyða tímanum með því að láta frumv. þetta fara lengra; málin hrúgast hjer inn í deildina nú og þar sem svo stutt er eptir af þingtímanum, er nóg nauðsynlegra með tímann að gjöra fyrir h. þingdeild.

Jeg greiði því atkvæði á móti því, að frumv. gangi til 2. umr.

Flutningsm (Grímur Thomsen): Það er eigi hægt eptir þingsköpunum að svara fullkomlega h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), með því að til þess þarf að fara út í einstök ákvæði hinna einstöku greina frv.; en jeg er of gamall þingmaður til að leyfa mjer að gjöra það. En í þeirri von að h. þingdeild leyfi frv. að ganga til 2. umr., geymi jeg mjer að svara h. þm. við síðara tækifæri.

Jeg skal bæta því við, að frv. þetta væri lögulegar orðað, ef breyting væri gjörð á formi þess á þann hátt, að numin væri burt úr greinum þess orðin: Þessi eður þessi gr. orðist svo, en í stað þess sje bætt við nýrri grein í það, hverjar greinar stjórnarskrárinnar sjeu numdar úr lögum með þessum lögum. Jeg geymi mjer rjett til að gjöra þessa breytingu á frv. til 2. umr., ef það fær að komast svo langt.

Þorleifur Jónsson: Það er ræða h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), sem kemur mjer til að standa upp.

Hann virtist vera ánægður með ákvæði stjórnarskrárinnar um ábyrgð ráðgjafans, og kvað það eigi vera sannað enn, að sú ábyrgð væri þýðingarlaus. Mjer finnst þó, að eigi þurfi að fara svo langt til að sanna þetta, — eigi lengra en í 3. gr. stjórnarskrárinnar samanborinni við 2. gr. í ákvæðunum um stundarsakir. Þar er beinlínis tekið fram, að ábyrgð ráðgjafans nær að eins til brota á stjórnarskránni, og þessi ákvæði get jeg ekki skilið að nokkrum þingmanni geti þótt fullnægjandi. Jeg verð að vera því samþykkur, að ráðgjafinn beri ábyrgð á öllum stjórnarathöfnunum, hvort sem þær snerta stjórnarskrána eða ekki. *(E. Th. J.:* En 2. gr. stjórnarskrárinnar?) Sú grein verður að skiljast í sambandi við 3. gr. stjórnarskrárinnar og 2. gr. í ákvæðunum um um stundarsakir. Flestum h. þingd.mönnum mun kunnugt um afdrif Fensmarksmálsins, og að hætt var við að reyna lögsókn á hendur ráðgjafanum einungis vegna þess, að samkvæmt áliti málfærslumanns í Kaupmannahöfn, sem hefur talsvert mikorð á sjer, þótti vafalaust, að alþingi mundi engu geta orðið ágengt, sökum þess að eptir stjórnarskránni er það ekki annað en stjórnarskrárbrot, sem hægt er að koma fram ábyrgð fyrir á hendur ráðgjafnum. Jeg skal benda á það, að lögin um fiskiveiðar í landhelgi eru eigi hin einu lög um atvinnuvegi landsins, sem hefur verið synjað staðfestingar. Það má einnig nefna

ýms önnur lög frá alþingi, svo sem lög um löggilding verzlunarstaða; þau hljóta að heyra undir lög um atvinnuvegi landsins. Jeg hygg, ef menn safna saman öllum þeim lögum, sem synjað hefur verið staðfestingar, muni koma í ljós, að það eru eigi svo fá af þeim, sem ræða um atvinnuvegi landsins. Jeg verð því að vera með frv., að því er það snertir að ráðgjafinn beri ábyrgð á öllum stjórnarathöfnunum. Sömuleiðis er jeg samdóma frv. í því að gjöra breytingu á 25. gr. stjórnarskrárinnar, og rýmka fjárveitingarvald þingsins.

Aptur á móti er jeg nokkuð hikandi viðvíkjandi hinni 3. breytingu, sem sje að afnema að nokkru leyti lagasynjunarrjettinn; — ekki af því að jeg álíti það ekki æskilegt í sjálfu sjer, heldur af hinu, að sú tillaga hefur mætt mikilli mótspyrnu meðal þingmanna, enda er það eigi um takmarkaðan lögsynjunarrjett, sem menn hafa keppt og keppa nú í öðrum löndum, heldur um þingræði. Ef vjer hefðum þingræði, þá væri frestandi neitunarvald óþarft. Þó að Norðmenn hafi í stjórnarskipunarlögum sínum frestandi neitunarvald, hafa þeir barizt fyrir þingræði og hafa nú fengið það. *(A. Ó.:* Ónei). Jeg hjelt ekki, að h. 5. kgk. (A. Ó.) væri svo ókunnugur, að hann vissi ekki þetta; þingmaðurinn ætti þó að vita, ráðgjafaskipti hafa í seinni tíð verið þrisvar eða öllu heldur fjórum sinnum í Noregi. Og af hverju? Af því að þar er nú þingræði viðurkennt. Jeg kalla það þingræði, er nefnt er á útlendu máli Parlamenterisme.

Sem sagt, jeg gef frv. þessu atkvæði mitt, jafnvel þótt jeg á hinn bóginn kannist við með h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að að það sje hvorki heilt nje hálft. Mjer finnst jeg ekki geta verið á móti því, sem frv. fer fram á.

Arnljótur Ólafsson: Jeg stend upp fyrir þa sök, að jeg vil fúslega leyfa frv. þessu að komast til 2. umr., svo að þau atriði, er það hefur inni að halda, geti orðið rædd hjer í þessari h. deild. En jeg vil eigi, að frv. fái að ganga hjeðan og verði samþ. við 3. umr., með því að jeg vil eigi, að aukaþing verði að ári. Jeg hygg og, að frv. þetta sje eigi svo víðtækt, að það fullnægi þeim kröfum, er h. Nd. gjörir til slíks frv. í nafni þjóðviljans.

Jeg vil og geta þsss, að jeg skil orðið „þingræði“ á annan hátt heldur en h. þm. Húnv. (Þ. J.). Jeg skil eigi við „þingræði“ það, að ráðgjafar geti setið, ef þeir vilja, og farið frá, ef þeir vilja. Jeg veit eigi til, að þingræði sje fremur í Noregi eptir grundvallarlögum þeirra, heldur en Danmörku. Það hafa að sönnu fyrrum verið tíð ráðgjafaskipti í Danmörku, en ráðaneytið getur setið, svo sem nú á sjer stað, þrátt fyrir það, þótt það sje í minni hluta í fólksþinginu. Jeg kalla þingræði í Englandi, þar sem það er föst regla, að konungur kjósi þann til forstjóra ráðaneytisins, sem er fyrir meiri hluta þingmanna í neðri málstofunni. En þessu er eigi svo varið í Danmörku, Noregi nje Svíþjóð. Konungur getur í þessum löndum valið í ráðaneyti sitt hverja þá menn, er hann vill; hann er eigi svo sem á Englandi bundinn við að velja þá, er ráða meiri hluta atkvæða í neðri málstofunni. Þetta fyrirkomulag, svo sem það er á Englandi, kalla jeg „þingræði“. Jeg segi eigi með þessu, að skilningur h. þm. Húnv. (Þ. J.) sje rangur, þótt hann skilji orð þetta á annan hátt en jeg; orð þetta er eigi komið inn í íslenkzar orðabækur, svo að einum er heimilt að skilja annað við það en öðrum. En hitt er víst, að í Noregi er eigi þingræði komið á í sama skilningi sem á Englandi.

Þorleifur Jónsson: Mjer finnst skilningur minn á þessa vera hjer um bil hinn sami og h. 5. kgk. (A. Ó.). Það stendur líka hvergi í stjórnarskrá Englands eða er hvergi skráð þar í lögum, að drottningin þar sje skyldug til að taka sjer vissa ráðgjafa af forsprökkum meiri hlut-

ans í neðri málstofunni, en það er orðið að venju, sem engum lifandi manni dettur í hug að vefengja, að stjórnandinn taki sjer ráðgjafa af þeim flokknum, sem hefir meiri hluta atkvæða með sjer í neðri málstofunni; þetta er hvergi tekið fram í grundvallarlögum Dana og heldur ekki Norðmanna, en það er viðurkennt í Noregi, en ekki í Danmörku, og þar situr stjórnin kyrr, þótt hún hafi meiri hluta atkvæða móti sjer í fólksþinginu. Með því þetta er viðurkennt í framkvæmdinni í Noregi, þá beygir konungur sig undir atkvæði meiri hlutans, og velur ráðgjafa af þeim flokknum, sem hefur meiri hluta í stórþinginu. Hjer er því að eins munurinn fólginn í því, að í Noregi er þingræðið viðurkennt, hvað svo sem h. 5 kgk. (Arnlj. Ól.) segir, en í Danmörku er það ekki. Ágreiningurinn milli okkar er ekki um annað en þetta, en ekki um, hvað þingræði er í sjálfu sjer.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil að eins gjöra þá athugasemd, að þetta gildir einungis um Sverdrúps-ráðaneytið. *(Þorleifur Jónsson:* Og líka um önnur ráðaneyti, svo sem Stangs og Steens).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv.

Frv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi (C. 308); 2. umr.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Við 2. umr. var máli þessu að eins andmælt af h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.). Jeg gat þó alls ekki sannfærzt af orðum hans. Hann sagði meðal annars, að það væri engin hætta við að leyfa utanríkismönnum að eignast hjer fasteignir; jeg skil þó ekki annað, en að það hljóti þó að geta orðið hættulegt að hleypa erlendum auðkýfingum inn í landið; þeir hlytu að verða innlendum mönnum ofjarlar. Einar þambaskelfir sagði við Magnús konung góða: „ofjarl, fóstri!“ er hann skipaði Svein Úlfsson jarl yfir Danmörku, enda varð sá jarl konungur Dana. *(Arnlj. Ólafsson:* Þó var hann drepinn). Nei, Sveinn Úlfsson var aldrei drepinn. Jeg get eigi skilið, hvaða ástæðu við Íslendingar höfum til þess, að vilja ekki fyrirbyggja þá hættu, sem af því getur hlotizt, að utanríkismenn hafi frían aðgang að fasteignakaupum hjer á landi. Hæstv. landsh. sagði, þegar verið var að ræða um tóbaks- og kaffitoll, á þinginu 1889, að það mætti ekki minna vera, en að fátæklingarnir gætu stungið upp í sig tóbakstölu eða drukkið volgan kaffibolla í þessu kalda landi. Þessa umhyggju bar hann þá fyrir landsmönnum. En nú á að fara að breiða faðminn móti öllum útlendingum, sem koma eins og hramsandi ernir á vængjum vindanna. Íslendingar hafa þegar sýnt það í verkinu, að þeir ekki þurfa enska eða aðra útlenda auðmenn til að rækta jörðina. Menn sjá það víða hjer í nánd við höfuðstaðinn og út um landið, hvernig menn hafa brotið jörð til ræktar; oss vantar peninga og meiri starfsemi en almennt á sjer stað. *(Gr. Thomsen:* En kunnáttu?) Já, kunnáttan er að sönnu ekki svo mikil sem æskilegt væri, en hún kemur gegnum búnaðarskólana, þar sem mönnum er kennd jarðrækt og landbúnaður. Hvað gjöra Norðmenn? Þeir útiloka alla útlendinga frá að eiga þar jarðir, og selja eignir þeirra, og Svíar einnig, hvað skóglendur snertir, en Danir gjöra það ekki; en hvað varðar okkur um það? Vort land er vort land, og landsins braud fyrir landsins börn. „Sígandi lukka er bezt“, segir máltækið. Jeg get ekki skilið það, að synir fósturjarðar vorrar vilji fara svo að ráði sínu, að þeir hljóti að þoka svo fyrir útlendum auðmönnum, að verða undirlægjur slíkra ofjarla, og ættum vjer sannarlega í tíma að stemma stigu fyrir því. Vjer vitum vel, hvernig fara muni, þegar útlendir menn

eignast hjer fasteignir Þeir sætu í útlöndum, og drægu allan arðinn út úr landinu, á sama hátt sem einokunarverzlunin gamla, og yrði þá „seinni villan argari hinni fyrri“. Þegar Norðmenn ætluðu að fara að byggja hjer um árið, þá sagði eitt blaðið, „Skuld“: „Nellemann lokar“. Hann vildi nfl. alls ekki hleypa þeim inn á okkur, en þingið skipti sjer ekki af því. Nú ætti þingið aptur á mót að sjá við lekanum og setja undir hann, með því að samþykkja þetta frv. Jeg er ekki fjarri því, að koma fram með breyt.till. til 3. umr. í þá átt, að aðskilja húseign og jarðeign, svo að útlendir menn, sem vildu verzla hjer eða stunda iðnað, gætu keypt sjer hús eða grunn undir hús. *(Landsh.*: Er ekki grunnur land?). Jú að vísu, en ekki verður fóðrað á honum margt kvikfje Jeg held hinni dönsku stjórn geti ekki verið þetta hið minnsta á móti, þótt jeg sje henni reyndar ekki vel kunnugur, því ekki er jeg henni handgenginn; en Danir, þeir mega gjarnan vera hjer með okkur, ef þeir vilja norður í kuldanum og klakanum!

Landshöfðingi: Jeg get alls ekki verið samdóma h. flutningsm. (Fr. St.) í því, að nokkur þörf sje á þessum lögum, eða að útlendingar ekki megi eignast hjer fasteign, því að reynslan hefur sýnt, að þeir hafa ekki svo mikið sókzt eptir því. Jeg verð jafnvel að telja betra, að útlendingar hefðu sókzt meira eptir þeim en þeir hafa gjört. Jeg skil heldur ekki, hver hafi verið tilgangur flutningsm. með þessu frv., nema sá, að hann sje hræddur um, að útlendingar kaupi hjer jarðir, en sitji sjálfir heima hjá sjer, dragi leigur og landskuldir að sjer út úr landinu og sói þeim aptur. Þetta er sú eina hugsanlega ástæða fyrir frv. Ef Norðmenn t. d. vildu kaupa hjer jarðir, setjast hjer að og leggja fram allan þann dugnað og atorku, sem þeir eru svo kunnir að heiman hjá sjer, þá væri það mikill hagur fyrir oss, og þeir gætu þá kennt oss hvernig vjer ættum að hafa sem bezt not af jörðinni. Flutningsmaður lagði áherzlu á, hversu vjer hefðum tekið oss fram í jarðrækt, en í Noregi eru menn þó komnir langtum lengra; það væri því skaði fyrir landið, ef girt yrði fyrir, að útlendingar mættu eignast hjer jarðir og verða hjer innlendir, því þá get jeg ekki skilið annað, en þeir hefðu hjer aðsetur sitt. Þetta er nú um frv. í heild sinni, en svo eru ýmsir agnúar á því, og hefur það víst ekki mikið að þýða, þó jeg bendi deildinni á þá, því hún virðist ekki svo mikið hirða um, þótt einhverjir smáagnúar sjeu á frv. þeim, sem hún samþykkir, eins og sýndi sig á einu frv. í gær. Í frv. stendur, að enginn sem er þegn annars ríkis, megi eiga hjer fasteign. Vill h. flutningsm. skýra mjer, hvað sje fólgið í orðinu „þegn“, eða hvað útheimtist til að leysa sig frá þegnskyldu við sitt ættland? Hvenær hættir t. d. Englendingur að vera þegn síns ríkis? og hvernig leysir hann sig undan þegnskyldu við sitt föðurland? En í 4. gr. er eitt ákvæði, sem gjörir frv. álveg þýðingarlaust. Hver verður afleiðingin af því, ef einhver Íslendingur selur einhverja stóreign einhverjum auðugum Englending? Ekki annað en greiða 100 til 1000 kr. sekt! Hinn auðugi útlendingur kærir sig þá ekki mikið um að ná kaupunum, ef hann ekki vill borga þessa sekt, því honum verður þetta ekki svo erfitt, af því hann munar það litlu. *(Friðr. Stef.*: Sektin er líklega of lág). Þannig gjörir 4. gr. frv. það alveg ótækt. Jeg vona samt, þótt deildin samþykkti þetta ljelega frv. í gær, þá samþykki hún þó eigi þetta.

E. Th. Jónassen: Jeg get verið stuttorður, því hæstv. landsh. hefur að mestu leyti tekið það fram, sem jeg ætlaði að segja. H. flutningsm. (Fr. St.) sagði, að við ættum að hafa okkar land fyrir okkur, en það álít jeg ekki hollt, þar sem við búum á hala veraldar, útilokaðir að miklu

leyti frá öðrum menntuðum þjóðum. Hann sagði enn fremur, að það ætti að reisa skorður við því, að útlendingar mættu eignast hjer fasteignir, en því get jeg eigi verið samþykkur, og einkum finnst mjer ómannúðlegt, ef útlendingar, er vilja dvelja hjer, ekki einu sinni mega byggja sjer hús hjer á landi. Hann vitnaði líka í lög hjá Norðmönnum um þetta efni, en jeg þekki þau ekki. Aptur á móti var full ástæða fyrir Svía að bægja útlendingum burtu, því þar keyptu útlendingar stórar skóglendur, og eyðilögðu skóginn með því að höggva hann, og seldu svo viðinn, en þá voru gefin út lög gegn því, svo að eigi yrði gengið of nærri rjettindum og hag landsmanna af yfirgangsömum útlendingum. Þetta var auðvitað rjett. H. flutningsm. (Fr. St.) sagði enn fremur, að útlendingar kæmu hjer „sem hremsandi ernir" eptir laxi, og gætum við ef til vill beðið halla við það, ef mikil brögð yrðu að því. Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að útlendir auðmenn setjist hjer að, þótt ekki væri nema um stund, því þeir eyða þó vanalega miklum peningum hjer, en við það kemur fje inn í landið; svo jeg fæ ekki sjeð, hverjar illar afleiðingar þetta gæti haft í för með sjer. Mjer finnst þetta frv. vera alveg ótímabært, að jeg ekki nefni galla þá, sem á því eru. Engir útlendingar hafa hingaðtil sótzt hjer eptir fasteignum; það er nógur tími til að fara að girða fyrir þetta, þegar þar að kemur.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Á undirbúningsfundi, sem haldinn var í Skagafirði, var tekið fram, að banna ætti utanríkismönnum að eignast hjer fasteignir *(Landshöfðingi:* Nú, það eru kosningarnar 1892!) Já, ef hæstv. landsh. styður þetta frv., þá getur verið, að hann mundi styðja kosningarnar þar 1892. En mjer lízt nú ekki á, að hæstv. landsh. ætli að gera það; en sleppum því, kosningar 1892 bíða síns tíma. Jeg vil vona, að vjer, íbúar þessa kalda lands, sýnum, að við höfum ekki svo mikinn örvæntingar-volæðisanda, að vjer treystumst ekki til að vera hjer einir um okkar hitu, og hleypum ekki inn á okkur mönnum, þó meiri hæfilegleika kynnu að hafa, nema þeir yrðu hjer innlendir, en það verða þeir alls ekki. Jeg skil ekki, hvaða gæði við höfum af því. Hæstv. landsh. vildi láta mig skýra fyrir sjer, hvað væri fólgið í orðunum „þegn" og „þegnskylda", en hæstv. landsh. ber að þýða þau ákvæði í lögum fyrir mjer og öðrum, sem vafasöm eru. Kosningarlögin tiltaka, að sá sem sem er „þegn annars ríkis", sje ekki kjörgengur til alþingis, o. s. frv. Þetta er ekki svo óvanalega orðað, að jeg sjái neitt athugavert við það. Hæstv. landsh. sagði ennfremur, að menn hefðu ekki sótzt hjer eptir fasteignum, en það held jeg menn hafi þó gjört. Hinrik Bjelke höfuðsmaður átti hjer margar jarðir og þær voru seldar. (*Landsh.:* Var hann þegn annars ríkis?) Þó hann væri þegn danska ríkisins og ætti hjer fjölda af jörðum, var hann lítið hjer á landi. Hann sagði og, að frv. væri ekki svo vel úr garði gjört, sem vera ætti, en stjórnin og landshöfðinginn geta ástundum gjört, hvað þau vilja, en þjóðin hefur líka fullan rjett til að láta sinn vilja í ljósi, og kemur honum opt fram, þó seinna sé. Frv. hefur „garderað" Dani svo vel, að stjórnin ætti ekki að andmæla því. Þar sem hæstv. landsh. sagði, að þessir útlendingar máske yrðu innlendir, þá nægir það eigi; þeir verða að halda áfram að vera hjer fastir borgarar; en ef þeir fara burtu, þá á eptir frv. að selja eignir þeirra. H. 2. kgk. (E. Th. J.) kannaðist við það, sem jeg áður hafði tekið fram, að í Svíþjóð væri útlendingum bægt í burtu sakir skógaeyðslu, en þó hafa Norðmenn strangari lög í því tiliti; en ef Svíar og Norðmenn þurfa að verja sig fyrir ágangi erlendra, hvað þá við, lítil og fámenn þjóð á þessu afskekta

landi? og ef verja þarf skógana í Svíþjóð, hversvegna má þá ekki verja jarðeignina á Íslandi? Það er ofur auðvelt að segja, að hjer sje engin hætta á ferðum, en slíkt hið sama sögðu þeir einnig forðum daga í Aþenuborg: „látum alvarleg störf bíða til morguns“, en hættan var nær þeim en þá varði.

Grímur Thomsen: Það var einungis stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra. Af því að h. flutningsm. (Fr. Stef.) skýrskotaði í ræðu sinni við 1. umr. málsins til Einars þveræings, og af því hann opt hjer í deildinni hefur sýnt það, að hann er sögufróður maður, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann finni nokkurstaðar í Grágás bannað, að útlendingar megi eignast fasteignir hjer á landi, og hafi hann fundið þar nokkur þess konar ákvæði, þá skal jeg hneigja mig fyrir þessu frv. Jeg hef gengið vandlega í gegnum alla Grágás, og leitað þar með logandi ljósi að þessum lögum, en ekki fundið. H. flutningsm. (Fr. St.) má þó vita, að Norðmönnum er leyft að erfa fje, bæði lausafje og fasteign, án þess að þurfa að selja eptir 3 ár; ekki finnst heldur neitt samskonar ákvæði í Jónsbók; samt sem áður veit jeg, að margir eru á sama máli og flutningsm. í þessu máli, þar á meðal vil jeg nefna mann, sem jeg ber mikla virðing fyrir, og má gjarnan nefna nafn hans; það er fyrrverandi háyfirdómari Jón Pjetursson. Hann álítur rjett að koma með þetta ákvæði; en er jeg spurði hann um, hvort svo hefðu verið lög um það í fornöld, þá kvað hann það eigi vera, en þá hefði staðið öðruvísi á, svo að ekki hefði verið hætta á því, að útlendingar eignuðust hjer fasteignir, eins og nú gæti verið; en hæstv. landsh. benti á, að hjer væri engin hætta á ferðum, að minnsta kosti ekki að sinni, og þess vegna væri rjettara að geyma eða láta bíða að setja lög um þetta, þangað til þörf gjörist. Jeg verð að játa, að það væri gott, að auðmenn úr öðrum löndum ljetu svo lítið að koma til vor, og bæta jarðirnar. Jeg vil benda h. flutningsm. (Fr. St.) á dæmi úr almennu sögunni; þegar Loðvík 14. Frakkakonungur rak Húgonóttana úr landi, er hann svifti þá rjettarbótinni frá 1598, er kennd er við Nantes, þá flýðu margir þeirra til Englands og Hollands, *og höfðu þau lönd mjög gott* af því, og þaðan stafar sú velsæld í öllum iðnaði, sem gjört hefur þau að fremstu löndum álfu vorrar. Ef h. flutningsm. (Fr. St.) vildi breyta eða bæta frv., þá þyrfti hann einkum að laga 4. gr. þess, sem landshöfðingi mótmælti mest, í þá átt, að sektirnar væru ákveðnar nógu háar.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Ályktarorð h. þm. Borgf. (Gr. Th.) glöddu mig mjög, því þau minntu mig á, að sektirnar væru ekki nógu háar, eins og þær eru ákveðnar í frv. En er hann talaði um Grágás, þá vil jeg biðja hann um, að lesa vel Jónsbók og Kristinnalagarjett. Þetta var að minnsta kosti bannað eptir siðaskiptin. Frá siðaskiptunum og fram að hinum merkilega fundi að Kópavogi 1662, vitum vjer, að þingið hafði löggjafarvald, og þótt einhver ómerkileg hirðstjórabrjef sjeu til, þá eru það engin lög fyrir landið, er sannfæri mig að nokkru um, að hin eldri lög frá siðabótatímanum sjeu upphafin. Nú held jeg, að um þetta efni sjeu engin gildandi lög, eða að minnsta kosti virðist svo, því þeirra er ekki getið í lagasafninu, sem hæstv. landsh. hefur gefið út handa bændum og búaliðum til hins mesta gagns á landi óru.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get eigi verið frv. þessu samþykkur, og skal jeg gjöra grein fyrir hversvegna. Jeg skal játa það, að frv. hefur í sjer fólgna góða og rjetta hugmynd, en hún á hjer eigi við. Vjer höfum eigi ofmarga menn; oss vantar þá öllu fremur. Íslendingar hafa farið hópum saman til Vesturheims. Ameríkumenn eru eigi hræddir við það, þó að útlendingar safnist þangað og setjist þar að, bæði Ís-

lendingar og aðrir, heldur gefa þeir jafnvel fje til þess að fá menn þangað, t. d. Kanadamenn. Ef vjer gætum vel að og nákvæmlega, sjáum vjer, að það eru vinnukraptarnir í hverju landi, er gjöra landið að því, sem það er, eigi stjórnarskráin eða hin skrifuðu lög, heldur mennirnir.

Frv. þetta gæti átt vel við, t. d. eptir 1000 ár, en á eigi við nú sökum fólksfæðar hjer, þar sem einungis eru 70 þúsundir. Gæði hafsins í kringum Ísland eru árlega ausin upp af öðrum þjóðum eingöngu, en ef vjer værum svo sem hálf milljón manna, þá gætum vjer stundað fiskiveiðar, svo oss sæmdi, og þá mundum vjer síður verða selstöð fyrir alla þá útlendu fiskimenn, sem hjer koma árlega; en af því að vjer erum svo fámennir, þá verður svo að vera. Jeg vil því eigi, að vjer sjeum að banna útlendum mönnum að kaupa hjer jarðir, lóðir og hús, það væri líka alveg á móti tilskipuninni 17. nóvbr 1786 um kaupstaðarrjettindi, og get jeg því eigi verið frv. meðmæltur.

Þorleifur Jónsson: Aðalmótbáran hjá h. 5. kgk. (A. Ól.) og fleirum móti frv., er sú, að það bannaði utanríkismönnum að kaupa hjer fasteignir, til þess að geta rekið atvinnu sína og ræktað jörðina. En mjer finnst að sneiða megi hjá þessum göllum, með því að gjöra þá breytiugu við frv., að utanríkismenn megi kaupa jarðir hjer á landi með því skilyrði, að þeir setjist hjer að. Mjer finnst eðlilegt, að menn vilji fyrirbyggja það, að arður af fasteignum landsins verði dreginn úr landinu. H. 5. kgk. þm. (Arnlj. Ól.) var mikið að tala um fólksfæðina hjer á landi, og var svo að skilja sem hann hefði það á móti frv., að það bannaði útlendingum að setjast hjer að, en eigi verður hjer fjölmennara fyrir það, þótt utanríkismenn kaupi hjer jarðir og sitji í einhverju öðru landi og dragi arðinn burtu. Þó arðurinn sje eigi mikill, þá gæti þó orðið tilfinnanlegt fyrir landið að missa hann burtu. Eins og jeg gat um, þá er tilgangur frv. eðlilegur og góður, að hindra þetta.

Jeg þekki sumar sveitir, þar sem er ekki einn einasti sjálfseignarbóndi; allur arðurinn af fasteignum (landskuld og leigur) rennur til annara sveita. Þetta er mjög slæmt fyrir þær sveitir, sem fyrir því verða, og efnahagur manna þar er því opt erfiður. Þegar þessu er nú þannig varið í einni sveit innanlands, hvernig mun þá fara, ef meira eða minna af arðaf fasteignum rennur út úr landinu? Það er nú líklega ekki mjög hætt við því, en hugsanlegt er, að það geti einhvern tíma komið fyrir. Jeg er eigi á móti því, að samþykkja frv., ef h. flutningsm. (Fr. St.) vill gjöra breyting á því í þá átt, sem jeg hef bent á.

Flutningsmaður (Friðrik Stefánsson): Jeg get eigi skilið annað, en að h. þingd.m. lofi frv. að ganga til 3. umr., því þótt allar greinarnar verði eigi samþykktar, eins og þær eru nú, þá ætla jeg að gjöra breytingar til 3. umr. þannig, að greina jarðeignir frá húseignum, svo að útlendir verzlunarmenn og handiðnamenn geti komið hingað og rekið atvinnu sína í kaupstöðum landsins; ennfremur vil jeg breyta 4. gr. þannig, að hækka sektirnar. Jeg kalla það ekki sanngjarnt af þeim háttv. þingm., sem látast kannast við góðan tilgang frv., að fella það nú, því þetta mál er að mínu áliti mikilsvert. Jeg vona, að einhver af hinum konungkjörnu lofi málinu að ganga til 3. umr., svo hægt sje að bæta það, sem ábótavant þykir, á þann hátt sem jeg nú hefi tekið fram.

ATKV.GR.: 1. gr. felld með 6 : 5 atkv. Frv. þar með fallið.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 305); frh. 1. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg skal fyrst og fremst leyfa mjer að geta þess, að við prentun nefndarálitsins hefur verið sleppt úr (inni í) 1. gr. a. orð-

inu „vika“ á eptir „fjórðung“. Í öðru lagi skal jeg geta þess, að nefndin áleit í heild sinni, að frv. þetta, ef það yrði að lögum, væri miklu betra en laxafriðunarlögin frá 19 febr. 1886. Þó var einn af nefndarmönnum, sem var á öðru máli í einu einstöku atriði, þótt hann eigi hafi gjört það að sjerstöku ágreiningsatkvæði. Nefndarálitið ber það með sjer, að það hefur breytt frv., en það eru eingöngu smábreytingar, sem jeg get eigi talað um nú við 1. umr., og eigi heldur hinar einstöku greinar. En við 2. umr. mun jeg skýra frá, í hverju þetta frv. er frábrugðið hinum núgildandi lögum, og um álit nefndarinnar í málinu.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um, að Íslands ráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana (C. 332); ein umr.

Flutningsm. (Arnljótur Ólafsson): Jeg vona, að h. þingdm. minnist þess, að þá er stjórnarskrármálið var til umræðu hjer um daginn, gat jeg þess, að jeg áliti, að flestar hinar mikilvægu breyt. á 1. kafla stjórnskrárinnar væri sprottnar af óánægju yfir því, að 1. gr. stjórnarskrárinnar væri eigi nægilega framkvæmd, þ. e.: að Ísland hefði eigi stjórn og löggjöf út af fyrir sig, eins og þar er fyrir mælt. Menn hafa kvartað yfir því, að Íslands ráðgjafi sæti í ríkisráði Dana og væri því háður tillögum danskra ráðgjafa. Þetta hefi jeg viljað fyrirbyggja, og uppræta þannig óánægjuefni það, sem hingað til hefur verið. Jeg vona, að ef till. þessi fær góða áheyrn hjá stjórninni, þá hafi jeg tekið burtu þann brodd, sem rekið hefur þjóð og þingmenn Nd. til þess, að fara fram á stórvægilegar breyt. á stjórnarskrá vorri.

Jeg vona, að stjórnin í Danmörku taki málinu vel; hún hefur ávallt sýnt sig í því að vilja slaka til, þegar vjer höfum borið mál vor svo einarðlega og lögulega fram, að hún hafi getað tekið þau til greina.

Jeg ber það traust til þessarar h. d. að hún veiti málinu góða áheyrn; skal jeg svo eigi fjölyrða meira að þessu sinni.

Friðrik Stefánsson: Jeg álít till. h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) góða og borna fram af góðum hug, en jeg vildi breyta henni lítið eitt þannig, að hún yrði þó fullkomnari. Jeg vildi, að ráðgjafinn ætti sæti á alþingi Íslendinga, svo hann gæti sagt álit sitt um málin, og líka ætti vel við, að það skilyrði væri sett, að ráðgjafinn væri íslenzkur, því þá væri hann langtum kunnari öllum landsháttum vorum, en útlendur maður gæti verið.

Flutningsm. (Arnljótur Ólafsson): Jeg ætla að taka það fram gagnvart orðum h. þm. Skagf. (Fr. St.), að fyrst og fremst vildi jeg eigi fara lengra en tilefni er til; það hefur hvorki komið fram í Nd. nje í „Þjóðviljanum“ sú ósk, að ráðgjafinn ætti sæti á alþingi, en hitt hefur komið fram ósk um, að hann ætti eigi sæti í ríkisráðinu. Jeg hef bundið mig við umkvörtunarefnið, en ef mönnum síðar virðist ástæða til að bæta einhverju við, þá er hægt að gjöra það; en nú vildi jeg eigi fara lengra en tækifærið býður. Í öðru lagi er eigi rjett, að setja hans hátign knnunginum það takmark, að hann verði að hafa Íslending fyrir ráðgjafa Íslands, því eptir lögunum má hann velja fyrir ráðgjafa, hvern sem hann vill. Í þriðja lagi ætla jeg mjer að taka það fram við 2. umr. um stjórnarskrármál h. þm. Borgf. (Gr. Th.), að jeg væri á móti því, að ráðgjafinn bæri ábyrgð á gjörðum landshöfðingja, því með því færðist öll innlend stjórn út úr landinu. Stjórnin er innlend, að því leyti sem landshöfðingi mætir á alþingi, en jeg get eigi sagt, að hún í sama skilningi sje innlend, ef ráðgjafinn mætir þar. Ennfremur er svo fyrirskipað í stjórnarskrá vorri, að landshöfðingjanum sje heimilt að mæta á alþingi. Þetta eiga allir að athuga, og einkum þeir hinir þjóðkjörnu, er vilja alinnlenda stjórn.

Friðrik Stefánsson: Það veit jeg, að konungur getur tekið fyrir ráðgjafa hvern sem hann vill, en enginn útlendur maður getur orðið hjer embættismaður nema hann hafi staðizt próf í íslenzku við háskólann. Jeg vil ennfremur taka það fram, að ráðgjafinn ætti að bera ábyrgð fyrir alþingi, en hitt kemur mjer ekki við, því jeg hef ekki tekið það fram, að ráðgjafinn ætti að bera ábyrgð á gjörðum landsh.; jeg vil að við höfum fríar hendur og getum gengið í sem fyllst spor, til þess að fá málum vorum framgengt án þess þó að skerða velsæmi það, er vjer berum fyrir hans hátign konunginum.

Flutningsm. (Arnljótur Ólafsson): Ef vjer vildum fara fram á það, að ráðgjafinn sæti á alþingi, þá leiddi það til þess, að gjöra yrði breyt. á stjórnarskránni sjálfri, en jeg vil eigi gefa tilefni til þess, að till. geti eigi orðið tekin til greina.

Skúli Þorvarðarson: Það gladdi mig, er jeg sá þingsál.till. h. 5. kgk. þm. (A. Ól.); jeg held hann ætli að láta hana koma sem bragarbót fyrir það, að hann gjörði sitt til þess, að fella stjórnarskrárfrv. fyrir fáum dögum; jeg sje eigi annað en það sje vel meint hjá honum, sem till. fer fram á, en jeg held það hafi litla praktiska þýðingu.

Jeg vil minnast á orð h. þm. Skagf. (Fr. St.). Hann kvaðst vilja að ráðgjafinn mætti á alþingi; jeg get eigi fallizt á það sem æskilegt; jeg held, að svo ókunnur maður kæmi oss eigi að betra haldi en landshöfðinginn, og vjer getum eigi gjört oss von um betra fylgi hans en landshöfðingjans, sem hefur meiri kunnugleika á landsins högum heldur en ráðgjafinn.

Jeg greiði með ánægju atkvæði mitt með tillögunni.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 9 : 2 atkv. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um breytingu á lögum 14. des. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta (C. 331); 1. umr.

Flutningsm. (Arnljótur Ólafsson): Jeg get vænzt þess, að sumum h. þingdm. muni þykja undarlegt, að frumv. þannig lagað skuli vera komið frá mjer. Jeg hefi haft það orð á mjer, að jeg væri íhaldssamur og eigi framur til að veita ríflega laun. Þess vegna mundi enginn ætla að jeg yrði fyrstur manna til þess að hækka laun, þó eigi sje nema tveggja sýslumanna.

Ástæður mínar fyrir þessu frumv. eru þær, að jeg var í nefnd þeirri, er á þingi 1877 var skipuð til þess, að skoða sýslumanna launin. Frv. stjórnarinnar var sniðið eptir tillögum frá skattanefndinni; í því frv. voru laun sýslumanna hjer um 500 kr. hærri en nefndin setti þau og þau nú eru. Þá voru 3 flokkar af launum, en í lögunum um laun sýslumanna frá 1877 eru 4 flokkar af launum. Hæstu launin í stjórnarfrv. voru 4000 kr., en eptir lögunum frá 1877 eru hæstu launin 3500 kr. Nefndin og jeg vorum fastlega á því, að færa þau niður um 500 kr. eður meira, og álitum það full-hæfileg laun samt sem áður. Nú hafa tímarnir breytzt, innlendar vörur eru dýrari en þá; í öðru lagi eru tímarnir breyttir á annan hátt. Sú stefna er farin að ryðja sjer til rúms, að rýra laun embættismanns ofan úr því, sem nú er, ýmist með því, að færa launin sjálf niður, eður með því, að draga af eptirlaunum þeirrá, og skylda þá til þess, að sjá sjer borgið með því að safna sjer ellistyrk.

Allt þetta stefnir að því, að rýra tekjur embættismanna. En eigum vjer að horfa þegjandi á þetta? Á eigi efri deild að andæfa móti þessum tímans straumi? Það eru þessar ástæður, er jeg hafði til þess, að koma með frv. þetta, sem er svo hóflegt í kröfum sínum. Jeg er eigi illindamaður nje stórtækur á lagabreytingum, og hef því eigi tiltekið nema þessa 2 sýslumenn.

Skagafjarðarsýsla er eins örðug og Húnavatnssýsla, sem er í efsta flokki, eður launin eru 3500 kr.; Skagafjarðarsýsla er fullt eins fólksmörg; þangað koma mörg skip, sem eigi bera arð í vasa sýslumannsins; það eru fjárkaupaskip, hrossakaupaskip og fólksflutningaskip, en engin þessara skipa koma í Húnavatnssýslu. Landsjóðsgjöldin í Skagafjarðarsýslu eru í mun meiri, svo að peningaábyrgð sýslumannsins þar verður meiri en sýslum. í Húnavatnssýslu, að tollum undanteknum, sem jeg tel frá; einkum eru hin óvissu gjöld þar meiri. Skoði maður landslagið í báðum sýslunum, þá kemur það fram, að Skagafjarðarsýsla er örðugri, einkum síðan hinn góði vegur er lagður frá Vatnsdal og vestur að Hrútafirði. Skagafjarðarsýsla er miklu lengri fram til dala en Húnavatnssýsla og svo bætast við fljótin, sem eru um fram í Skagafjarðarsýslu, svo að hún er nú orðin lakari yfirferðar fyrir sýslumenn heldur en hin sýslan. Jeg hefi tekið Húnavatnssýslu en eigi Eyjafjarðarsýslu til samanburðar, því að sýslumaður þar hefur sínar 500 kr. í viðbót sem bæjarstjóri á Akureyri. En svo hefi jeg leyft mjer að taka Skaptafellssýslu. Allir vita hversu örðug hún er öll á lengdina, full af ófærum vötnum. Jeg veit, að menn muni segja, að þar sje fá mál; en ætli það sje eigi af því, að sýslubúar eiga svo örðugt með að sækja til sýslumanns og sýslumaður til þeirra? En þetta má eigi standa fyrir því, að sýslum. geti haft það eptirlit, sem nauðsynlegt er.

Jeg fel svo mál þetta h. deild og vona, hvað sem hún svo gjörir, að hún álíti vilja minn góðan og að hún viðurkenni, að eigi megi svelta embættismenn vora; það er eitt af teiknum tímans, að stefna í þá átt, en jeg vil eigi fylgja þeirri stefnu, eður vera henni samferða.

E. Th. Jónassen: H. 5. hgk. þm. (A. Ó.) talaði um, að honum virtist ástæða til að bæta laun tveggja sýslumanna, en jeg kann ekki við, að fara að taka þessa tvo út úr, og fara að auka við þá, en láta laun allra annara sýslumanna haldast óbreytt, og jeg hefði kunnað betur við, að komið hefði verið með frv. um breyting á launalögum allra sýslumanna yfir höfuð. Hvað sýslur þessar snertir, þá get jeg ekki viðurkennt, að Skagafjarðarsýsla sje örðugri en áður, því varla mun örðugleikinn hafa vaxið við það, að brúaðar hafa verið ár þar. *(A. Ólafsson:* Jeg bar hana saman við Húnav.sýslu og sagði hún væri örðugri en hún). Já, þá hefur mjer misheyrzt. Hvað peningaábyrgðina snertir í Skagafj.sýslu, þá er mjer kunnugt, að hún er ekki meiri en í Húnavatnssýslu og í mörgum öðrum sýslum, þar sem launin eru hin sömu, og í Skagafjarðarsýslu meiri peningaábyrgð. Jeg skal taka það fram, að í samkvæmni við niðurfærslu launa á síðasta þingi, þá sje jeg ekki betur, en að 3000 kr. sjeu hæfileg laun fyrir sýslumenn yfir höfuð; svo ber þess að gæta, að sýslumenn búa optar í sveit og geta haft talsverðan stuðning af búi sínu. Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefur t. a. m. góða bújörð, einhverja hina beztu þar í sýslu, og þar að auki allmiklar aukatekjur. Jeg sje því ekki ástæðu til að hækka laun þessara manna *(Fr. Stefánsson*: Eptirlaunin þá líka), og þess vegna get jeg eigi verið með frv., enda hef jeg litla von um, að það nái fram að ganga í neðri deild, en auðvitað verður hver að fylgja sinni sannfæringu. Mjer virðist einnig óþarft að ræða mikið um frv., sem ganga má að vísu um að eigi verður samþykkt, því það er að eins til að taka tímann frá mikilvægari málum, þegar svona er áliðið þingtímans, og hef jeg þannig gjört grein fyrir atkv. mínu.

Sighvatur Árnason: Það var að eins lítil athugasemd sem jeg ætlaði að gjöra út af ræðu h. 2. kgk. (E. Th. J.). Jeg er samdóma honum um, að ei er ástæða til að breyta launum þessara sýslumanna.

Jeg held þeir sjeu ekki ver farnir en aðrir fastlaunaðir embættismenn. Þar sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) minntist á Skaptafellssýslu, þá er það alveg rjett, að sýslumaðurinn þar hefur einhverja hina beztu bújörð þar í byggðarlaginu, enda sýna dæmin, að þeir hafa verið hinir ríkustu menn þar í sýslu; þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að hreyfa við launum þessa sýslumanns, og heldur ekki sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, með því líka að jeg er mótfallinn þess konar launahækkunum yfir höfuð að tala.

Júlíus Havsteen: Það er persónuleg ósk mín að frv. þetta fái framgang, þótt jeg vilji fullkomlega játa, að mjer þyki óviðkunnanlegt, að draga þessa tvo sýslumenn út úr hópnum, og betra hefði verið að bíða með það, þangað til farið væri að breyta launalögum allra sýslumanna, enda hefur verið minnzt á, að þau þyrftu að endurskoðast. Jeg álít að laun sýslumanna sjeu of lág eptir verði lífsnauðsynja nú, og svo verða menn að hafa það hugfast, að í þeim er fólgið skrifstofufje og kostnaður við hestahald, sem þeir eigi fá sjerstaklega þóknun fyrir úr landssjóði. H. 2. kgk. (E. Th. J.) sagði að flestir sýslumenn byggju upp í sveit og hefðu styrk af búum; en hjer til er að svara því, að í mínu amti búa 4 sýslumenn í kaupstað af 6, og þar að auki er ekki víst, að öllum farnist vel búskapur, þótt í sveit búi. Sýslumaðurinn í kaupstað, sem hefur 3000 kr. laun, verður að leggja svo og svo mikinn kostnað í skrifstofuhald og hestahald, að hann í mesta lagi hefur afgangs 2000 kr. Á síðasta þingi voru laun sumra embættismanna sett upp, en sum sett niður, þar á meðal laun amtmanna og landfógeta, og má geta þess jafnframt, að landfógetaembættinu fylgir hin mesta peningaábyrgð hjer á landi, en þó eru launin ekki ákveðin meira en 3500 kr., og verður hann þó auðvitað að búa í Reykjavík. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg greiði atkv. með þessu frv. til næstu umr., svo jeg fái að heyra undirtektir hæstv. landsh. undir það; jeg er alls ekki viss um, að jeg greiði atkv. með því gegn um þykkt og þunnt. Af því jeg er með því, að sýslumenn yfir höfuð fái hærri laun, þætti mjer vænt um að heyra, hvernig hæstv. landsh. tæki í það mál.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil lofa frv. þessu að ganga til 2. umr., en vil þegar láta meiningu mína í ljósi um ákvæði þess. Jeg ímynda mjer að sýslumenn sjeu víðast hvar sæmilega launaðir, og þar sem um þessa tvo er nú að ræða, álít jeg að ekki þurfi að hækka laun þeirra. Jeg skal geta þess, að jeg er ekki kunnugur, hve erfitt er að gegna sýslumannsembættinu í Skagafirði, eða sýslumannsembættum víða um land, en jeg þekki nokkuð til í Skaptafellssýslu, sem jeg skal lítið eitt minnast á. H. 1. kgk. (Júl. Havst.) sagði að sýslumenn þyrftu bæði að halda skrifara og hesta, en um 2 síðustu sýslumenn í Skaptafellssýslu er mjer kunnugt, að þeir hjeldu engan skrifara, en auðvitað þarf þar hestahald mikið, því sýslan er einhver hin erfiðasta á landinu yfirferðar. Þess ber að geta, að sýslumaður þar þarf mjög lítið að ferðast, nema til þingferða, sjaldan til að dæma eða halda próf, og þótt hann fengi viðbót við launin, þá eiga þeir eins erfitt fyrir það, sem vilja reka rjettar síns. Jeg get yfir höfuð ekki fallizt á launahækkun hjá þessum 2 sýslumönnum, en vil þó gefa atkv. mitt fyrir því, að málið gangi til 2. umr., því þá koma ef til vill fram upplýsingar, sem enn hefur ekki verið getið.

Flutningsmaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg skal játa, að mjer er ekki kappsmál, hvorki um þetta nje um önnur mál. Jeg lít æfinlega á það, hvort nokkrar líkur eru til þess, að málið nái fram að ganga eður ekki, og ef jeg sje að óvænlega á horfist

fyrir málinu, þá vil jeg ekki halda því til streitu, eða berja það blákalt fram. Jeg þykist nú sjá það fyrir, að mál þetta komist ekki gegn um neðri deild, einkum síðan jeg heyrði, að h. 2. kgk. (E. Th. J.) var því mótfallinn; en jeg ber minn harm í hljóði, því jeg treysti því, að hann síðar beri upp frv. um hækkun á launum sýslumanna. Ástæðan fyrir því, að jeg kom með þetta frv., var sú, að Húnavatnssýsla, sem er í 1. flokki, er ábyrgðarminni og eins góð yfirferðar sem Skagafjarðarsýsla, sem er í 2. flokki.

Með þeirri fullvissu von, að þeir sem næstir eru skipaðir yfir sýslumennina (amtmennirnir), og sem þekkja betur til þessa máls en jeg, komi innan skamms með frv. um hækkun á launum þeirra, þá tek jeg þetta frv. aptur.

Þrítugasti og annar fundur, laugardaginn 8. ágúst kl 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um afnám vistarshyldunnar og heimilisfang verkmanna (C. 330, 338); 2. umr.

Arnljótur Ólafsson: Vegna þeirra mörgu breyt.till. sem fram eru komnar við frv. sting jeg upp á því, að nefnd verði sett í málinu; jeg hygg 3 manna nefnd nægi.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa 3 manna nefnd og kosnir:

Arnljótur Ólafsson með 8 atkv.
Árni Thorsteinsson — 6 —
Sighvatur Árnason — 4 —

Frv. til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur opinber lögreglumál (C. 310, 338); ein umr.

Framsögum. (Júlíus Havsteen): Breytingar þær, sem h. neðri deild hefur gjört á frv., eru fólgnar í því, að hún hefur fellt úr þau ákvæði, sem lúta að því, að það að eins skuli ná til brota gegn löggiltum lögreglusamþykktum, og sett í staðinn, að það skuli gilda um almenn lögreglumál; með þessum breytingum er frv. komið í sama horf og það var, þá er það kom frá stjórninni og áður en vjer nefndarmenn fjölluðum um það hjer í deildinni. Það var þá samhuga álit deildarinnar, að frv. ekki ætti að vera eins víðtækt og þegar það kom frá stjórninni, heldur að það að eins skyldi ná til þeirra lögreglumála, sem eiga rót sína að rekja til brota gegn löggiltum lögreglusamþykktum. Neðri deild hefði í rauninni líka átt að breyta fyrirsögninni, og fella úr orðið „nokkur", því nú nær frv. til lögreglumála yfir höfuð. Nefndin hefur samt ekki farið fram á að gjöra nokkra breytingu á fyrirsögninni, því nú á fyrirsögnin, eins og hún er, vel við, ef nú breyt.till., sem nefndin kemur fram með, fær fram að ganga, og er breyt. till. í fullri samhljóðun við fyrirsögnina. Breyting þessi, frá hálfu nefndarinnar, er í því fólgin, að orðinu „einkum" í 1. staflið 1. gr. sje sleppt úr, og með þeirri breytingu er skýlaust ákveðið, að það vald, sem frv. veitir dómendum eða lögreglustjórum, skuli að eins ná til smábrota; með því er takmarkaður rjettur dómarans til að ákveða minni sektir fyrir stórkostleg brot en venjulegt er, og takmarkaður rjettur hans til að útkljá mál með aðvörun. Á þetta atriði vill nefndin leggja áherzlu, og vona jeg að frv. með þessari breytingu komist í gegn um neðri deild. Jeg álít það óþarft, að taka það aptur upp, sem sagt hefur verið hjer í deildinni áður um þetta mál. Það er öllum ljóst, að mörgum málum, sem eru opinber lögreglumál, er svo varið, að þeim, sem brjóta gegn þeim, má alls ekki sleppa með lægstu sektum eða að eins með áminningu, eins og t. a. m. brot gegn tolllögum, siglingarlögum, verzlunarlögum, sóttvarnarlögum, fiskiveiðalögum o. s frv. Þar má ekki eiga sjer stað, að menn sjeu látnir sleppa með aðvörun og heldur eigi, að farið sje niður fyrir lægsta stig sekta,

Aptur á móti er öðru máli að gegna með brot gegn löggiltum lögreglusamþykktum. Þær eru reyndar enn þá ekki nema 2 á landinu, á Akureyri og í Reykjavík, en á Ísafirði ekki, því þar er lögreglustjórnin líklega svo góð, að á slíkri lögreglusamþykkt þarf ekki að halda.

Það er alls ekki ráðlegt, að gefa hlutaðeigandi dómara það vald, að hann að eins megi láta menn sleppa með áminningu, þegar þeir hafa brotið á móti þeim lögum, sem jeg nefndi áður; en svo geta verið ýms önnur lög, sem eigi eru svo merkileg, að ekki megi sleppa þeim, sem brýtur gegn þeim, að eins með aðvörun, að minnsta kosti í fyrsta skipti, og vil jeg nú í því tilliti nefna sem dæmi helgidagalögin, enda er gefin bending um það í tilsk. 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, að lögreglustjóri geti látið það nægja, að gefa þeim sem í hlut eiga áminningu. Ef frv. það, sem hjer liggur fyrir, yrði samþykkt af konungi, þá væri æskilegt, að stjórnin gæfi dómurum vísbendingu (Instruction) um, hvernig eigi að beita lögunum; þetta hefur opt verið gjört áður, og er líka rjett í sjálfu sjer. Með þessum ummælum vil jeg í nafni meðnefndarmanna minna leggja það til, að h. deild fallist á þessa breytingu, að orðið „einkum“ í 1. staflið 1. gr. falli burtu.

ATKV.GR.: Breyt.till. n. (307) samþ. í e. hlj. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj, og afgr. til Nd.

Tillögur til þingsályktunar um styrkveitingar til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga (C. 323, 333); fyrri umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg á hjer breyt. till. á þingskj. 297, sem fer fram á, að breyta 2. tölul. í fyrri kafla till. um almenn skilyrði. Í tillögunni, sem hjer er til umr., er ákveðið, að ekkert fjelag skuli njóta styrks, nema það hafi unnið minnst 150 dagsverk. Nú hagar sumstaðar svo til hjer á landi, að í sama fjelaginu eru um 100 búendur, eða jafnvel fleiri, og er það nokkuð lítið, að heimta af þeim 150 dagsverk öllum til samans, því þá kemur ekki nema $1^1/_2$ dagsverk á mann. Mjer finnst því rjett að ákveða, hve mikið hver búandi á að vinna að meðaltali til að fá styrkinn, og hef jeg þá sett 10 dagsverk, og getur það eigi kallast sjerlega mikið; það kom fram lík uppástunga í Nd., en þar var ákveðið að hver *fjelagsmaður* ynni 10 dagsverk, en þá komu þær upplýsingar, að búlausir menn eru sumstaðar einnig í þessum fjelögum og þá þótti það eigi rjett. Þess vegna hef jeg sett hjer, að hver *búandi* skuli skyldur að vinna 10 dagsverk. Skilyrðið fyrir styrkveitingunni verður þá, að fjelagið vinni 10 dagsverk fyrir hvern búanda að meðaltali, en hvert fjelag þó samtals minnst 150 dagsverk; sjeu t. d. eigi nema 10 búendur í einhverju fjelagi, verður það samt sem áður að hafa unnið minnst 150 dagsverk, og sjeu 20 búendur, þá 200 dagsverk; þetta er ekki mikið heimtað, því að það munu vera til bændur fyrir norðan, sem hafa stundum unnið 150 dagsverk á ári. (*A. Ó.*: Nei). Jú, þeir eru til, og er það því ekki of mikið ætlazt til þess af einu fjelagi, að það vinni 150 dagsverk; þess vegna hef jeg tekið þessa uppástungu úr þingsályktunartillögunni inn í mína breyt.till.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa, að jeg felli mig fremur vel við reglurnar, sem settar eru í þingsályktunartillögunni um styrkveitingarnar, en um breyt.till. á þingstjali 297 skal jeg geta þess, að jeg er henni ekki mótfallinn í sjálfu sjer, en hún byggist eiginlega á öðrum grundvelli en styrkveitingin í tillögunni, því að þar er eingöngu t. d. með túnasljettu (og annað samkv. því) byggt á víðáttu þeirri, sem sljettuð er í □ föðmum af fjelaginu í heild sinni, hvort heldur það er 10, 20 eða 30 menn í fjelaginu; þar er sagt t. d., að sljetta, sem sje 1500 □ faðmar samtals

hjá öllum fjelagsmönnum, nái styrk; jeg skal geta þess, að jeg veit dæmi til, að fjelagsmenn vinna eigi ávallt í sameiningu að túnasljettun, heldur hver hjá sjer, og þegar svo er, þá er auðvitað, að hún verður tætingsleg, ef mjög margir eru í fjelaginu, þótt hún nái öll flatarmálinu að víðáttu eða þeirri dagsverkatölu, sem áskilin er, og að því leyti er jeg með breyt. till. h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.), því þá getur dagsverkatalan hjá hverjum einum að tiltiltölu komið til greina, það er að segja, að þeir sem meira vinna tiltölulega eptir fjelagatölu, geta notið meiri styrks; en þá þyrfti að taka fram, sem ekki er nefnt í tillögunni, að fjelagatölunnar væri getið í hverri sýslu. Þetta hefur h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) eigi tekið fram. Jeg ætla svo að sinni ekki að tala meira um þetta, en álít yfir höfuð að málið fremur sje aðgengilegt, hvað reglurnar um styrkveitingarnar snertir, nema ef vera skyldi að betra væri að laga þær lítilsháttar.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst jeg verði að gjöra mjer eina spurningu ljósa, þegar um þetta er að ræða: hvert gagn gjöra þessar styrkveitingar yfirleitt? Ef þær gjöra mikið gagn, þá er rjett að auka fjárveitinguna, en ef þær gjöra ekki mikið gagn, þá er ekki rjett að auka styrkinn. Jeg tel rjettara að draga nokkuð úr styrknum, að minnsta kosti þegar fram í sækir; því að kunnugt er, að jarðabætur borga sig vel, og eru ábatasamar eða gróðavegur fyrir þann, sem gjörir þær, þegar hann sjálfur fær að njóta arðsins af þeim, sem opt ber við. Jeg skoða svo, að styrkveitingar til arðsamra fyrirtækja eigi að eins að vera uppörvandi eða hvetjandi fyrir hlutaðeigendur fyrst í stað, meðan þessi fyrirtæki eru ung að aldri eða í byrjun; en þegar reynslan er fengin, vil jeg ekki, að lagt sje lengur til þeirra af almannafje, því að ef að styrkja á gróðafyrirtæki af landssjóði, þá lendir maður að lokunum í eins konar allsherjar „socialismus“, og þá er allt keyrt saman í eins konar dróma, því landssjóður verður atvinnusjóður nálega allra fyrirtækja í landinu.

Jeg vil leyfa mjer að benda h. deild á, hvort eigi sje rjettara að fresta annari umræðu um þetta mál, þangað til fjárlögin koma úr neðri deild, og sjá má, hve mikill styrkur búnaðarfjelögum er ætlaður í þeim.

Þegar jeg sný mjer að sjálfri tillögunni, verð jeg að játa, að margt er aðgengilegt í henni, en sumt finnst mjer þó ekki sem rjettast, að því er styrkveitinguna snertir. Jeg skal fyrst nefna 2. tl. í fyrri kafla till. um almennu skilyrðin. Þar stendur svo: „Ekkert fjelag skal njóta styrks, sem eigi hefur unnið minnst 150 dagsverk“, og þessi ákvörðun er nú hert með breyt.till. h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.), þar sem skotið er inn í, að hver búandi skuli vinna 10 dagsverk til að verða styrksins aðnjótandi. Jeg vil spyrja h. sama þm. (Þ. J.), hvers vegna hann hefur komið fram með þessa takmörkun? Er þetta sanngjarnt eða samkvæmt þeim jafnrjettishugmyndum, sem þingmaðurinn hefur barizt fyrir? Á ekki fátækt fjelag, sem að eins 4 eða 5 menn eru í, er vinna jafnmikið tiltölulega sem þeir í fjölmennari fjelögum, að fá að njóta styrks eins og hinir? Þetta get jeg eigi skilið að sje í samræmi við jafnrjettishugmyndir h. þm. (Þ. J.), því samkvæmt þessu geta að eins stór fjelög og rík fengið styrkinn. Svo er og enn sú spurning: Hverjir eru nú í þessum fjelögum? Það getur verið fjelag í stórum hrepp með 50 búendum, og þótt þeir sjeu allir í fjelaginu að nafninu til, þá er ekki sagt, að af þeim vinni nema fáeinir, og ættu þá hinir sömu ekki að fá neitt, ef dagsverkatalan næði ekki hinni tilteknu upphæð, þótt þeir hefðu unnið meir en 10 dagsverk hver? En aptur á móti, ef eigi eru taldir fjelagsmenn nema þeir einir, er vinna

að jarðabótum það og það ár, sem jeg hygg að sje rjettu næst, þá er hægt að miða við 10 dagsverkin á mann; en þá er eigi rjett að heimta *samtals* 150 dagsverk. Þannig voru til dæmis búnaðarfjelög í Glæsibæjar- og Skriðuhreppum, sem jeg þekkti, að samkvæmt reglum þeirra mátti hver búandi maður vera í þeim fjelögum, en í skýrslunni voru ekki taldir nema þeir, sem unnu. Af því má sjá, að þótt 50 búendur að nafninu til sjeu í fjelaginu, þá vinna ef til vill að jarðabótum eigi nema 10. Í hörðum árum veitir bændum opt erfitt að vinna að jarðabótum, auk annars, sem ekki verður frestað að gjöra, t. a. m. húsabyggingar, og get jeg sjálfur vel dæmt um það úr mínum búskap. Jeg vil því alveg fella burtu 2. tölul.; jeg vil láta öll fjelög, stærri og smærri, fátæk og rík, fá tiltölulegan styrk við það, sem þau hafa unnið, og þetta er jafnrjetti, enda hefur því ávallt verið fylgt í norður- og austuramtinu. Jeg vona að tilgangur h. uppástungumanns (Þ. J.) hafi ekki verið sá, að útiloka fátæklingana frá því að fá styrk, eins og í raun og veru yrði eptir hans breyt.till. Hið góða, sem styrkveitingar hafa gjört að verkum, er, að þær hafa hvatt eða ginnt menn til að byrja á jarðabótum. Það hafa aldrei verið nema upp og ofan hjer um 20 aurar fyrir dagsverkið í norður- og austuramtinu; en engu að síður hafa styrkveitingarnar aukið kapp milli fjelaganna, vakið áhuga á jarðabótum, og jafnframt sýnt fram á þá reynslu, að þær væru ábatasamar. Eigi nú fátæk fjelög að lúta í lægra haldi, þá er það að draga úr áhuganum, þar sem mest þarf að glæða hann, en það er hjá hinum fátæku; það þarf t. d. að vekja meiri áhuga hjá leiglendingum til framtakssemi í þeim efnum, heldur en hjá þeim, sem jörðina eiga sjálfir.

Jeg vil minnast lítið eitt á síðari kafla þingsályktunartill. um styrkinn til fjenaðarsýninga. Jeg er þessum styrk yfirleitt móthverfur, einkum ef hann er lítill, því þá hygg jeg hann komi ekki að neinum notum, því að fjenaðarsýningar, sem jeg þekki til, eru alls ekki hentugar fyrir búendur. Menn hafa spreytt sig á að sýna, hve vel þeir *geta* alið fje, með því að koma með eina feita kind eða tvær, kú eða hest á sýninguna; en þessar skepnur hafa þeir alið á mat, svo allir gætu dáðzt að þessu djásni. En ef farið væri í hús þeirra og hinn fjenaðurinn skoðaður, já, þá mundi mönnum gefa á að lítast, því þá yrði allt annað ofan á. Jeg hygg að fjenaðarsýningar sje ekki til annars en að menn reyni að fá orð á sig fyrir góða meðferð á fjenaði, með því að sýna alinn gemling, hrút eða belju, en ekki til þess, hver sje hin rjetta aðferð til þess að fá þann ábata, sem menn geta haft almennt af því, að fara vel með fjenað sinn allan, því að í auðsællegum fyrirtækjum verða menn jafnan að líta bæði á kostnaðinn og arðinn, með því að ógóðinn er jafnan það, er arðurinn er meiri en tilkostnaðurinn.

Sighvatur Árnason: Jeg verð fyrir mitt leyti að vera hlynntur tillögu h. varaforseta (A. Ó.), því að það er jafnrjettislegra að fara eptir því, hve mörg dagsverk koma tiltölulega á hvern fjelagsmann, hvort þeir eru margir eða fáir í sama fjelagi, og útiloka ekki frá styrkveitingunni þá menn, er kunna að vera fámennir í einu og sama fjelagi, og í öðru lagi mundi það fyrirkomulag, sem hann bendir á, með slíkar styrkveitingar, verka samkeppni milli fjelaganna innbyrðis að vinna sem mest, hvort sem fjelagsmenn eru margir eða fáir. Jeg held því, að þetta fyrirkomulag sje heppilegra.

En þar sem h. varaforseti (A. Ó.) minntist á, að hann vissi til þess, að sumir af þeim, sem væru í búnaðarfjelögum, ynnu ekkert sum ár, þá getur vel verið að ýms forföll kunni að koma fyrir, svo að einn búandi hafi eigi kringumstæður til þess eitthvert ár, að vinna að jarða-

bótum; það geta komið fyrir veikindi, húsabyggingar eða eitthvað annað; en þess konar á að vera að eins undantekning, því að jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, að nokkur fjelagsmaður láti vera að vinna að jarðabótum árum saman, eða að nokkurt búnaðarfjelag láti svo liða nokkurt ár, að það vinni ekkert að jarðabótum í heild sinni. Jeg vil að slík fjelög setji þá fasta reglu fyrir sjálft sig, að hver og einn af fjelagsmönnum skuli á ári hverju skyldur til að vinna einhverja tiltekna dagsverkatölu. Þetta hefur verið ákeðið í þeim búnaðarfjelögum, sem jeg þakki bezt og sem eru í Rangárvallasýslu. Ef þessi regla er ekki sett, má búast við því, að farið geti svo sem h. varaforseti (A. Ó.) gat um, að einn eða annar láti vera sum ár að vinna að jarðabótum, þótt þeir sjeu í fjelaginu.

En að því er fjenaðarsýningar snertir, álít jeg góðra gjalda vert að styrkja þær. En þó verða menn að hafa það hugfast, að sett sje þau skilyrði, að einhver trygging sje fyrir því, að sýningarnar gangi í rjetta átt, og að tekið sje fram, í hverja átt þær eiga að miða. Það getur því aldrei haft neinar gagnlegar afleiðingar að styrkja sýningar, sem að eins eru nafnið tómt, eða þótt einstök skepna sje sýnd, sem er vel fóðruð; það þarf og að koma til greina, að skepnan sýni það, að hún sje af góðu kynferði; það er öllu meira varið í það en hitt, að hún sje vel meðfarin.

Það er því meiri ástæða til að taka slíkt til greina og leggja áherzlu á að skepnan sje af afbragðs-kynferði, meðan sýningarnar eru í því horfi, að að eins eru einn eða tveir sýningarstaðir í hverri sýslu. En þessar sýningar gætu þá fyrst komið að verulegu gagni, þá er þær færu fram í hverri sveit, svo að dómendurnir gætu af kunnugleika dæmt um það, hvernig hver einstakur fer með skepnur sínar, og þá fyrst er fengin trygging fyrir því, að allar skepnur hvers einstaks manns muni vera að sama skapi sem þær, er frá honum komu til sýningarinnar, og þá fyrst gæti komið það tvennt til greina við hverja verðlaunaveitingu, bæði góð meðferð og gott kynferði. Það hefur að vísu verið sagt, að heimaskoðunin sje bezt, og það er mikið satt, en þær mundu kosta svo mikið, að slíkt yrði að líkindum nær því ókleyft yfir höfuð að tala. En hitt getur mikið bætt úr, ef fjenaðarsýningar yrðu í hverri sveit, en ekki eins og nú að eins á 1 eða 2 stöðum í sýslu. Á þessu mætti ráða bót með því, að hafa árs árlega sýningu í hverri sýslu, en að eins fyrir 2 eða 3 hreppa þetta árið og svo næsta ár fyrir aðra hreppa sýslunnar. Gallinn við þessar sýningar, eins og þær tíðkast nú hjer í suðuramtinu, er sá, að þar sem þær eru á svo fáum stöðum, eiga þeir hreppar, sem lengst eiga að að sækja, nær því ómögulegt með að koma með aðrar skepnur en hesta á sýningarstaðinn. Fyrir því verður sýningin eiginlega eingöngu fyrir þá hreppa eða menn, sem næstir eru sýningarstaðnum.

Þetta þurfa menn að setja sig inn í, til þess að hægt sje að koma á því fyrirkomulagi, að trygging fáist fyrir því, að sýningarnar hafi þær góðu afleiðingar, sem menn vilja að þær hafi. Annars kasta menn þessu fje á glæður, án þess að nokkir ávextir sjáist af því.

Skúli Þorvarðarson: Jeg held að mörgum hafi fundizt og mikið hafi verið talað um það, að styrk þeim, sem búnaðarfjelögum hefur verið veittur, hafi ekki verið heppilega varið og að hann hafi ekki stuðlað til þeirra framfara, sem menn höfðu ætlazt til; en jeg held þó, að almennt megi segja, að búnaðarfjelög, einkum ef þau eru nokkuð stór, vinni að jafnaði langt um meira en einstakir menn geta gjört og smærri fjelög. Ef menn eru í búnaðarfjelögum, mun það vera venjulegra, að

menn sameini sig um að vinna að búnaði eða jarðabótum.

Frá þessu sjónarmiði get jeg því ekki haft á móti 2. tillögunni, því að jeg felli mig vel við þá stefnu hennar, að styrkur sje ekki veittur nema þar sem nokkuð mikið er unnið og verkið vel af hendi leyst. Um hitt skal jeg ekki dæma, hvort hæfilega er lagt í dagsverk, því að jeg hef ekki sjálfur svo gott vit á því, en þó get jeg gefið þær upplýsingar, að jeg hef leitað um þetta álits búfróðs manns, og var það álit hans, að fremur mætti segja að vægilega væri lagt í dagsverk en of hátt.

Jeg felli mig líka vel við breyt.till. á þingskj. 297, því að jeg álít, að það sje yfir höfuð ófarsælla, að bændur skipti sjer í smáfjelög. Jeg hygg, að dagsverkatalan fyrir fjelögin megi alls eigi vera minni en 150. Fjelag það, sem jeg þekki bezt og er í minni sveit, hefur venjulega skilað 5—8 hundruðum dagsverka, enda er það nokkuð mannmargt; í því eru rúmlega 40 búendur, og sá sem telur sig verðan að fá styrk af búnaðarfje, verður að sýna það í verkinu, að hann sje fjelagsmaður meira en að nafninu einu, því annars nýtur hann einskis af búnaðarstyrk þeim, sem fjelaginu er veittur, enda eru ekki amlóðar hans verðir. Mjer finnst því þessi breyt.till. heppileg, og ekki megi minna vera en 10 dagsverk að meðaltali fyrir hvern, sem í fjelaginu er.

H. varaforseta (A. Ó.) fannst, að það mundi verða til að draga úr búnaðaráhuganum, að veita þennan búnaðarfjelagastyrk. Jeg held þó að reynslan hafi sýnt hið gagnstæða, að styrkurinn hafi verið til að örva menn til framfara í búnaði, og til að hjálpa efnalitlum mönnum til að eignast hentug jarðyrkjuverkfæri. Auðvitað er, að fámenn fjelög og umkomulítil fá minni styrk, og jeg hygg, að sú stefna sje rjett, að stuðla að því, að menn fremur sameini krapta sína og gangi í stærri fjelög, heldur en að hver og einn sje að bauka í sínu horni eða menn skipti sjer í mörg smá búnaðarfjelög. Við það að ganga í stærri fjelög getur opt sá máttarminni komið fram verki, er honum væri ómögulegt að vinna, ef hann væri utanfjelags.

Að því er snertir fjenaðarsýningarnar, er jeg á sama máli og h. varaforseti (A. Ó.); jeg get ekki álitið, að þær hafi mikla þýðingu enn sem komið er. Það hefur verið rjettilega tekið fram, að þótt menn geti komið með á sýningu einn grip af hverri tegund, sem vel er meðfarinn, sannar það ekkert um meðferðina og gæðin á hinum skepnum mannsins.

Þar sem h. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram, að fjölga þyrfti sýningarstöðum í í hverri sýslu, þá kann þetta að vera rjett, en þetta kemur smátt og smátt af sjálfu sjer í framkvæmdinni, ef það sýnir sig að sýningar gjöri gagn og sjeu nauðsynlegar.

En jeg legg til, að búnaðarstyrknum sje fremur varið til jarðabóta, heldur en til fjenaðarsýninga, að svo stöddu.

Þorleifur Jónsson: Það voru að eins fáeinar athugasemdir hjá h. 5. kgk. (A. Ól.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagði að breyt.till. mín miðaði til þess, að ganga á rjett hinna fámennari búnaðarfjelaga, og að hjer hafi eigi komið vel fram jafnrjettishugmynd sú, sem jeg hafi haldið fram. Þetta er ekki rjett hjá þingmanninum. Hjer í tillögunum er heimtað, að fjelagið hafi unnið að minnsta kosti 150 dagsverk, hvort sem í því eru 10 eða 100 búendur; það er þannig heimtað jafnmörg dagsverk minnst, hvort sem fjelagið er stórt eða lítið. Breyt.till. mín gengur út á það, að hver búandi í fjelaginu hafi að meðaltali unnið 10 dagsverk, með öðrum orðum: að hin stóru fjelög vinni meira en hin smáu til þess að geta orðið styrksins aðnjótandi. Ef t. d. 100 menn eru í fjelaginu, þá þarf það að

hafa unnið 1000 dagsverk eptir minni tillögu, en ef að eins 10 menn eru í því, þá þarf það eigi að hafa unnið meira en 150 dagsverk; það er því svo fjarri því, að tillaga mín halli á litlu fjelögin, að hún miklu fremur bætir fyrir þeim, og þá skil jeg ekki hvernig 5. kgk. (Arnl. Ól.) fer að tala um að tillaga mín sje gagnstæð þeim jafnrjettiskenningum, sem jeg hef framfylgt. Það er auðvitað tiltölulega meira eptir breytingartillögu minni, sem heimtað er af fjelögum með mjög fáum fjelagsmönnum t. d. færri en 15; en það var tillögum Nd. að kenna; jeg hjelt að hún mundi halda fast við það, sem hún hafði samþykkt, um 150 dagsverk minnst, og þorði jeg því eigi að lækka dagsverkatölu þessa. En jeg hef ekkert á móti því, að sleppa þessum 150 dagsverkum og hafa gr. þannig: „Ekkert fjelag skal njóta styrks, nema það hafi unnið minnst 10 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali", ef jeg vissi að h. Nd. vildi ganga að þessu. Mjer finnst, ekkert fjelag vera maklegt þess, að fá styrk, ef hver fjelagsmaður vinnur eigi 10 dagsverk að meðaltali, því þá er eigi mikið unnið. Jeg er því eigi samdóma h. 5. kgk. (A. Ól.) um það, að fella burtu 2. tölulið, því að mínu áliti er hann mjög þýðingarmikill.

Jón A. Hjaltalín: H. 5. kgk. (A. Ól.) sagði að það mundi eigi í rauninni vera heppileg aðferð, til að efla framfarir búnaðarfjelaganna, að veita þeim styrk. Jeg er honum alveg samdóma í þessu. Vjer þurfum eigi annað en lesa vel sögu lands þessa um síðasta fjórðung aldarinnar, sem leið, og fram yfir aldamót, til þess, að sjá þetta. En þó held jeg, að styrkur sá, sem nú hefur verið veittur um stund, hafi örvað menn til að stofna búnaðarfjelög. Þess vegna álít jeg ástæðu til þess að halda áfram, að veita þeim styrk, til þess, að þau verði almennari heldur en þau eru nú. Jeg held þó eigi að fjelögin mundu hætta fyrir það, þótt þau eigi fengju styrk. Jeg held, að það sje raunar eigi svo mjög styrkurinn, sem hefur orðið búnaðarfjelögunum að gagni, eins og það atvik, að fjelögin verða að gefa skýrslur um framkvæmdir fjelaganna og senda þær á einn stað, þar sem hægt er að bera þær saman frá ýmsum búnaðarfjelögum; þá vill hvert búnaðarfjelag reyna að verða eigi eptirbátur annarra, þegar þau eru borin saman. En jeg held, að við getum eigi fengið þennan samanburð, ef fjelögin fengju eigi styrk. Jeg er eigi mótfallinn breytingartillögunni; en það gæti verið svo, sem h. 5. kgk. (A. Ól.) sagði, að svo lítil fjelög gætu verið til, að þau yrðu fyrir halla; en jeg get eigi sjeð, hvað er því til fyrirstöðu, að hin smærri fjelög sameini sig og myndi eitt stærra fjelag; það er undarlega háttað þeim fjelögum, ef eigi geta verið nokkuð margir menn í þeim og þeir eigi komið sjer saman; þá er eitthvað að. En það má sneiða hjá þessum agnúa, með því, að taka burtu í töluliðnum þessi 150 dagsverk. Í mínum hrepp þekki jeg búnaðarfjelag, þar sem sumir fjelagsmanna vinna ekkert sum árin, en þá fá þeir heldur ekkert af styrknum. Jeg skil svo breytingartillögu h. þm. Húnv. (Þ. J.), að eigi hver og einn sje skyldur að vinna 10 dagsverk, heldur að það teljist svo til, að hver maður hafi unnið 10 dagsverk. Jeg er alveg samdóma h. 5. kgk. (A. Ól.) um sýningarnar; jeg held, að þær sjeu eigi til nokkurs skapaðs hlutar. En það er annað, sem kemur að miklu gagni, að því er jeg veit til, en sem eigi er verðlaunað; það eru skoðanirnar heima hjá bændum á vetrum, og jeg ímynda mjer, að h. þm. þekki þær líka. En að sýna eina kind, eitt hross eða eina kú álít jeg eigi þess maklegt, að fá nokkurn styrk.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi breytingartillögu h. þm. Húnv. (Þ. J.). Jeg verð að halda fast við, að stór fjelög vinni meira heldur en hin smáu.

Jeg held, að þegar hver maður í hinum litlu fjelögum þyrfti að vinna 10 dagsverk eða fjelagið í heild sinni minnst 150 dagsverk, þá mundu þau sjá, hve lítils þau væri megnandi og hvað við ætti, að bezt væri að sameina sig svo, að þeir yrðu að minnsta kosti 15 í fjelaginu. Jeg skal geta þess til dæmis um það, hve gagnlegt það er, að fjelögin sjeu nokkuð stór. Það er regla í einu fjelagi, sem jeg þekki, að 4 til 5 menn taka sig saman og vinna í sameiningu í smádeildum, og gengur vinnan þannig miklu betur. Jeg get eigi skilið það, ef nokkur áhugi er á jarðabótum, að eigi geti sameinað sig svo sem 15 menn og myndað fjelag. Í fjelagi því, sem jeg nefndi, eru af rúmum 60 hreppsbændum, í fjelaginu 40 fjelagsmenn, sem vinna saman. Þeir, sem eigi vinna, hver einstakur fjelagsmaður 10 dagsverk, finnst mjer að ættu eigi að hafa aðgang að styrk. Jeg fyrir mitt leyti get aðhyllzt breytinguna í sambandi við aðaltillöguna og læt þar með út talað.

Þorleifur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að biðja forseta að skipta atkvæðagreiðslunni og bera breytingartillöguna upp í tvennu lagi: 1. „Ekkert fjelag . . . að meðaltali“, og 2. „samtals minnst 150 dagsverk“.

ATKVÆÐAGR.: A.I. 1. samþ. í e. hlj. 1. breyt.till. við A.I. 2. (297) samþ. í e. hlj.; 2. breyt.till. við A.I. 2. (297) felld með 6 : 5 atkv.; A.I. 2. (till.) þar með fallin. A.I. 3. samþ. með 10 atkv. A.II. 1. a.—g. samþ. í e. hlj. A.II. 2. a.—h. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn A-kaflans samþ. í e. hlj. B. 1.—5 samþ. með 7 : 4 atkv. Fyrirsögn B-kaflans samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til síðari umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að íhuga sundurskipting jarða (C. 332); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar (C. 334); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Þrítugasti og þriðji fundur, mánud. 10. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Samkvæmt tilmælum forseta lengdi landshöfðingi þingtímann um fjórtán daga, eða til 25. s. m.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á 3., 10. og 25. gr. stjórnarskrárinnar (C. 330, 340); 2. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Við 1. umræðu komu fram mótmæli frá 2 h. kgk. þm., sem sje 2. og 5. kgk. þm. Hinn fyrnefndi (E. Th. J.) kvaðst gjöra sig ánægðan með ábyrgð þá, sem nú er ákveðin í stjórnarskránni; hún er að eins fólgin í því, að hana má gjöra gildandi móti ráðgjafanum fyrir brot á stjórnarskránni, en eigi fyrir annað. Landshöfðingi er samkvæmt stjórnarskránni settur yfir hin æðstu mál innanlands á ábyrgð ráðgjafans, en þó er því svo varið, að þessi ráðgjafi hefur ekki ábyrgð á gjörðum landshöfðingja, og þó stjórnarskráin gjöri ráð fyrir, að höfða megi mál gegn landshöfðingja, ef hann misbrúkar það vald, sem honum er ánafnað, þá setur hún það skilyrði, að konungsleyfi sje fengið til þess. En þetta leyfi mundi aldrei fást, með því landshöfðinginn aldrei mun aðhafast annað í stjórnarstörfum, en það sem ráðherranum, á hvers ábyrgð landshöfðinginn beitir valdinu, er ljúft. Jeg vona h. 2. kgk. (E. Th. J.) sjái, að þetta er sama sem engin ábyrgð; hann veit þó víst, að eptir hinum endurskoðuðu grundvallarlögum fyrir Danmörku frá 28. júlí 1866 hafa ráðgjafarnir ábyrgð á öllum sínum gjörðum, á öllum stjórnarathöfnum, eins og eðlilegt er; það má því

ganga að því vísu, að stjórnin vilji í þessu sem öðrum málum hafa eðlilegt samræmi milli ábyrgðarinnar hjer og í Danmörku, að hún því varla muni hafna þessari beiðni, sem hjer er farið fram á. Mig furðar á því, að h. 2. kgk. (E. Th. J.) skuli nú álíta þessa ábyrgð sem við höfum samkv. stjórnarskránni, fullnægjandi, því að við 3. umr. stjórnarskrármálsins 1889 var hann meðal annars samþykkur 7. gr., þar sem sagt er, „að ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin, og bera ábyrgð á þeim". Þá þótti honum hin núgildandi ábyrgð ekki fullnægjandi, en nú þykir honum hún nægileg. Einnig sagði hann við 1. umr. þessa máls, að landið hefði nægilegt fjárforræði, en það hefur eigi full umráð með tillaginu úr ríkissjóði, því eptir ákvæði 25. gr. stjórnarskrárinnar skal gjalda fyrir fram útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi. En með hverju greiddi h. 2. kgk. (E. Th. J.) atkvæði 1889? Þá greiddi hann atkvæði með 34. gr. stjórnarskrárfrumv., sem segir svo: „jafnskjótt sem reglulegt alþingi kemur saman, skal leggja fyrir það frumv. til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjum skal bæði telja fasta tillagið og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði, o. s. frv". Þetta er viðbót, sem sleppt er úr frumv., að fyrir fram skuli greiða tillagið úr ríkissjóði til hinnar æðstu innlendu stjórnar. Honum þótti því fjárforræðið ekki nægilegt 1889, en nú álítur hann það fullnægjandi með viðbótinni. Mjer er forvitni á, hvers vegna hann nú hefur breytt skoðun sinni, hvernig á því stendur, að það, sem hann þá ekki áleit nægilegt, skuli hann nú, með 2 ára millibili, álíta að nægi. Þá kem jeg að mótmælum hans gegn 2. gr. tillögu minnar, og lái jeg honum sízt, þótt hann að sumu leyti sje mótfallinn frestandi synjunarvaldi, af því það er yfir höfuð nýmæli, og hann telur það, ef til vill, vott um skort á þegnlegri hollustu við konunginn. Hann tók það fram, að það væri ekki einsdæmi, að stjórnendur synjuðu lögum staðfestingar, og tók til dæmis Bandaríkin, og er það að vísu rjett, að forsetinn synjar þar lögum staðfestingu, en þar hefur bæði neðri málstofan og „senatið" vald til með $^2/_3$ atkvæða að gjöra það frumv., sem forsetinn hefur hafnað, að lögum. Jeg vil ekki benda á Noreg, af því menn þar áskildu sjer frestandi synjunarvald, áður en sambandið við Svíþjóð var orðið fullfast. Það er alls ekki gagnstætt hátignarrjetti konungs, að fara fram á þetta. Jeg skal t. d. nefna land, sem hefur fæst af skrifuðum stjórnarskipunarlögum, en þar sem þessi lög eru eins og grafin í hjörtu þjóðarinnar; þar ber t. d. ekki við, að frv. sem samkykkt er af báðum málstofum, sje synjað staðfestar. Ekki hefur það komið fyrir í tíð þriggja síðustu konunga og drottningar, svo þar kemur engum einusinni til hugar, að þar verði synjað staðfestingar á lagafrumv., sem samþykkt er af báðum málstofum. H. 2. kgk. (E. Th. J.) ætti að gæta að, hversu vægilega frv. mitt fer í þessu efni; það er að eins gjörð undantekning frá hinu ótakmarkaða synjunarvaldi um þau lög, er snerta landsins sjerstöku atvinnuvegi, sem vjer hljótum að hafa betri þekkingu á en Danir. Jeg er líka viss um, að mörgum Dönum mun þykja þetta ákvæði eðlilegt, þar sem við búum í 300 mílna fjarlægð og höfum svo ólíka atvinnuvegi og þeir. Loksins finnst mjer eiga við, það sem sagt er í Svíþjóð og víðar, að þótt þing og þjóð eigi að beygja annað hnje fyrir hátign konungsins, þá eigi þau að standa með hinn fótinn á rjetti þjóðarinnar. Jeg er sannfærður um, að aldrei kemst gott lag á stjórnarfar Íslands, fyr en við fáum frestandi neitunarvald, og jeg verð að segja, að jeg hef borið þetta frv. fyrir brjóstinu í mörg ár; það var einn h. þm., sem sagði, að frv. hvorki væri heilt nje hálft, en ef það er rjett, að umturna öllu og breyta, eins og neðri deild

gjörir opt að þarflausu, þá er þessi athugasemd rjett; en sje ekki rjett að fara svona að, þá verð jeg að álíta, að betra sje að fara hægt og stillilega. Það má breyta mörgu, já meira að segja ákvæðum í stjórnarskránni, með einföldum lögum, svo ekkert aukaþing þurfi að halda.

E. Th. Jónassen: Jeg get vel skilið, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sje óánægður; en hitt get jeg síður skilið, að hann ekki skuli herma það rjett, sem jeg hef sagt; en það hefur hann ekki gjört. Það var ein ástæðan, sem jeg færði gegn frumv., að jeg vildi ekkert aukaþing hafa; en hafi h. þm. (G. Th.) verið í mörg ár að velta þessu fyrir sjer, þá skil jeg ekki, hvers vegna hann hefur ekki getað komið með það fyr en nú, og svo skal jeg eigi tala frekar um þetta að sinni.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Jeg vil bæta því við um aukaþingin, að það er alvarlegt mál, en jeg vil biðja menn að gá að því, að aukaþing verður að halda innan skemmri eða lengri tíma, hvort heldur 1895 eða 1897, eða máske fyr, þá held jeg það komi í sama stað niður. Það er nú sá straumur í þjóðinni, að vilja hafa einhvern enda á þessari stjórnarskrárdeilu, og þótt þetta frumv. falli, þá má ganga að því vísu, að fyrir þingið 1893 verður lagt nýtt stjórnarskrárfrumv., líklega svipað frumv. 1891. Jeg held að það sje því ekkert unnið við að fella þetta frumv., að eins af ótta fyrir aukaþingi, sem fyr eða síðar rekur að. Jeg verð yfir höfuð að telja heppilegt, að efri deild gefi atkvæði með hóflegu frumv., og að það mæltist vel fyrir því, að það kæmi eitthvert tilboð frá henni til neðri deildar, til þess að ríða einhvern endahnút á þetta mál.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) tók fram það, sem jeg sagði við 1. umr. málsins, að frv. væri hvorki heilt nje hálft, eða eigi yfirgripsmikið, samkvæmt skilningi og kröfum neðri deildar. Jeg miðaði frv. við skoðanir hennar á málinu. Mín skoðun var og sú, að óráðlegt væri að samþykkja frv., með því að fyrst kæmi aukaþing að sumri komanda af þessu frv., og síðan annað aukaþing í viðbót við þetta, af því að Nd. ljeti sjer þetta frv. ekki nægja. En aptur á móti tel jeg það kost við frv., ef kröfur þess væru svo víðtækar, að ekki þyrfti að lappa við það í bráð, því þá slyppi maður við aukaþingin nema það eina. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki fara eins langt og h. þm. Borgf. (Gr. Th.); jeg gjöri mig ánægðan með þingsályktunartillöguna um, að Íslands ráðgjafi sitji ekki í ríkisráði Dana, þegar um hin sjerstaklegu málefni Íslands er að ræða, og það er þó kostur við þingsályktunina, að ekkert aukaþing þarf til að fá henni framgengt. Um efni frv. skal jeg ekki tala nema um breytinguna á 3. gr. stjórnarskrárinnar (1. töl. frv.), þar sem ekki að eins er sagt, að ráðgjafinn hafi ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, sem og á öllum stjórnarathöfnum, heldur er bætt við: „hvort sem þær eru framkvæmdar af honum sjálfum eða landshöfðingja“; þessu: „eða landshöfðingja“, er jeg mótfallinn. H. flutningsm. (Gr. Th.) veit manna bezt, að á Englandi eru engin sjerstök ábyrgðarlög fyrir ráðgjafana, heldur er sú ábyrgð, sem á þeim hvílir, hin sama sem gildir fyrir aðra embættismenn t. a. m. hreppstjóra, sýslumenn, amtmenn og landshöfðingja. Þeir geta ekki kastað sjer eða smogið inn undir ábyrgð yfirboðara sinna; þótt hreppstjóri t. d. fari eptir skipun sýslumanns, sýslumaður eptir skipun amtmanns, amtmaður eptir skipun landshöfðinga og svo koll af kolli, þá bera þeir hver fyrir sig ábyrgð sinna eigin gjörða. Ráðgjafarnir á Englandi geta ekki borið fyrir sig, að konungur hafi lagt það og það fyrir þá. Af þessu leiðir, að hver embættismaður hefur ábyrgð á sínum gjörðum, hver á sínu sviði; þetta er

sú almenna embættisábyrgð. Ef ráðgjafinn í Kaupmannahöfn á að bera ábyrgð á gjörðum landshöfðingja, þá hverfur sú pólitíska ábyrgð af landshöfðingja, sem hann hefur samkvæmt 3. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ákveðið er, að alþingi geti farið þess á leit við konung, að hann skuli ákveða, hvort og hvernig ábyrgð skuli komið fram á hendur landshöfðingja, ef hann beitir valdi því, sem honum er í hendur fengið, gagnstætt því sem vera skal.

Með því að ábyrgðin, samkvæmt þessu frv., hverfur af landshöfðingja yfir á ráðgjafann, þá færist við það stjórnin út úr landinu út til Kaupmannahafnar, og er það auðsjáanlegt gagnstætt stefnu tímans, sem hneigist að því, að gjöra stjórnina alinnlenda. Jeg tek undir með h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að jeg vil ekkert aukaþing hafa að sumri, og þess vegna greiði jeg atkv. móti því, að frv. gangi til 3. umr.

Flutningsmaður (Grímur Thomsen): Gagnvart ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) vil jeg fyrst leiða athygli manna að því, að í 1. gr. frv. stendur: að ráðgjafinn hafi ábyrgð á öllum *stjórnar*athöfnum, en jeg held ekki að hreppstjórar, sýslumenn og amtmenn hafi neina ábyrgð á stjórnarathöfnum; ef landshöfðinginn framkvæmir stjórnarathafnir í nafni ráðgjafans, þá vil flytja ábyrgðina af honum yfir á ráðgjafann. Því hver er þessi ábyrgð, sem landshöfðinginn hefur eptir hinni núgildandi stjórnarskrá? hún er sú, að þingið getur kært landshöfðingjann fyrir konungi fyrir misbrúkun valds síns; en hverja þýðingu hefur það, þegar því er bætt við, að þingið verður að *biðja* konung að lögsækja landshöfðingja, og er því óhugsanlegt, að konungur gefi leyfi til slíkrar lögsóknar, svo framarlega, sem landshöfðingi fylgir fyrirmælum stjórnarinnar. Landshöfðinginn er því eptir stjórnarskránni ábyrgðarlaus og á að vera það. H. 5. kgk. (A. Ó.) brá sjer snögga ferð til Englands. Það er satt, þar vantar mörg ákvæði um ábyrgð, en allt um það hefur parlamentið aldrei verið í vandræðum með að koma fullri ábyrgð á hendur ráðherrunum, að minnsta kosti þeirri, að neyða þá til að fara frá. Jeg vil vona að h. deild lofi frv. að ganga til 3. umr., ef það þannig kynni að komast til Nd., og hún svo gæti sagt álit sitt um það.

ATKV.GR.: 1. br. (C. 340) samþ. með 8 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 6 : 5 atkv.; 2. breyt.till. samþ. með 8 atkv.; 2. gr. þannig breytt felld með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Friðrik Stefánsson,	Árni Thorsteinsson.
Grímur Thomsen,	Arnljótur Ólafsson,
Sighvatur Árnason,	E. Th. Jónassen,
Skúli Þorvarðarson.	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Flutningsm. lýsti þá yfir því, að hann tæki frv. aptur.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 304, 333, 334); 2. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að nefndin hefði verið einhuga um, að frv. þetta væri að mörgu tilliti betra en lög þau, sem nú gilda um sama efni, frá 19. febr. 1886. Jeg gat þess og, að einn af nefndarmönnunum hefði greint í einstöku atriði lítið eitt á við hina aðra nefndarmenn, án þess þó að gjöra í nefndarálitinu sjerstakt ágreiningsatkvæði. Jeg mun síðar koma að þessu ágreiningsatriði, ef umræðurnar gefa mjer tilefni til að gjöra það.

Jeg skal nú í stuttu máli taka svo greinilega fram sem mjer þykir þörf á, í hverju frv. þetta er frábrugðið hinum gildandi lögum og hverja yfirburði það hefur fram yfir þau.

Jeg skal taka hverja einstaka grein út af fyrir sig, og mun þá geta þess um leið, hverja breyting hver grein gjörir á eldri lögum.

Það er þá fyrst, að í 1. línu í 1. gr. er sleppt orðunum: „í sjó“. Breyting þessi byggist á því, að nefndinni þótti það eigi ólíklegt, að fyrir kynni að koma, að einhver vildi veiða lax í sjó á öðrum tíma árs en þeim, en þá er leyfilegt, að veiða lax í ám og vötnum, t. a. m. á vetrum, því að eins og kunnugt er, er t. d. á Borgundarhólmi mikil laxveiði einmitt að vetrinum til. Mönnum er það ekki svo kunnugt, hve langt laxinn gengur í burtu frá landinu á haustin og veturna, og þess vegna getur hugsazt, að hann fari ekki svo langt, að ekki kunni að mega veiða hann, og ef það er hugsanlegt, væri skrítið að banna það með öllu, enda kæmi slík veiði alls ekki í bága við friðun laxins.

Nefndin hefur og sett inn ákvæði um, að eigi megi veiða lax $^1/_4$ viku sjávar frá árósum, því að það er samkv. þeirri grundvallarreglu, að styggja eigi laxinn í árósunum.

Svo hefur nefndin sett inn ákvæði um stangaveiði, að hún megi framfara $^1/_2$ mánuði lengur en önnur laxveiði, og er ástæðan fyrir því sú, að tryggja veiðieigandanda sem mest not af veiðinni, án þess þó að hætt sje við að laxinn fækki um of; því að eins og kunnugt er, er stangaveiðin hin meinlausasta veiðiaðferð, og eptir því sem nær dregur hrygningartímanum, því síður tekur laxinn beitu.

Í þriðja lagi hefur nefndin bætt inn í frv. orðunum um, að sýslunefndin skuli kynna „sjer með beztu manna ráði“, hvernig ám og vötnum er háttað. Maður getur gengið út frá því sem vissu, að þeir menn sjeu opt í sýslunefnd, sem ekki hafa sjálfir vit á laxveiðum, og fyrir því sje það nauðsynlegt fyrir sýslunefndina að hafa í ráðum með sjer þá menn, er skynbragð bera á það.

Jeg gat um það við 1. umræðu, að misprentazt hafði í 2. málsgr. 1. gr. „miðnætti“ í stað „frá náttmálum“, og „miðsmorguns“ í stað „dagmála“. Þetta er nú lagað í nefndarálitinu. Í þessari sömu málsgrein er og ný viðbót, sem ekki er í hinum eldri lögum; þessi setning: „Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman“. Þetta ákvæði er ekki til í hinum eldri lögum, því að þá var eigi almennt farið að veiða með króknetum. En hver sem þekkir króknet veit það, að það er nægilegt til að friða laxinn og koma í veg fyrir að nokkur lax komi í það, að taka úr því ásinn og binda saman oddinn.

2. gr. frv. er nær því óbreytt eins og í eldri lögum. Að eins er sú viðbót gerð, að ákveða ljósar um, hvenær ákvæðin um dýpið eigi að gilda, sem sje þá, þegar búið er að setja niður veiðivjelarnar, eða hlaða þessa garða.

Enn fremur er tekið til í frv. 100 faðma bil milli veiðivjela, eptir endilangri á að telja, þar sem í hinum eldri lögum eru teknir til 30 faðmar. Um þetta var ágreiningur í nefndinni, því að einn nefndarmanna vildi halda ákvæðum hinna eldri laga í þessu efni. En meiri hlutinn vildi setja þetta ákvæði inn, en gefa í 7. gr. jafnframt sýslunefndum heimild til að breyta þessum ákvörðunum eptir því, sem sjerstaklega væri ástatt með stærð á veiðiám, því að ástæður geta verið mismunandi með ýmsar ár, eptir því sem til háttar.

Í 3. gr. er aðalbreytingin sú, að eptir ákvæðum hinna eldri laga mátti ekki veiða allan daginn með ádráttarveiði í ám og vötnum, en nefndin stingur upp á að takmarka ádráttarveiðina við 4 stundir samfleytt á sólarhring. Nefndin varð að álíta, að það væri nægilega langur tími.

Enn fremur hefur nefndin gjört nokkra breytingu á ádráttarveiðinni í árósum. Eptir hinum eldri lögum mátti draga á með göngu annarshvors flóðs, en nú er

stungið upp á að draga á að eins með öðru hvoru útfalli. Þetta ákvæði er mikil bót, því að sá lax, sem gengur að með aðfallinu, gengur að mestu upp í ána um háflóðið, en hafi hann ekki gengið upp, áður en fer að falla út, gengur hann að minnsta kosti ekki að neinum mun upp í það skipti, og er því skaðlaust að veiða hann þá með ádrætti.

Svo er og bætt inn í að eigi megi viðhafa ádráttarveiði í hyljum frá 20. ágúst. Þetta ákvæði er ekki til í eldri lögum. En þegar sá tími er kominn, er laxinn farinn að halda sér sem mest á sama stað og búa sig undir að hrygna, og hreyfir sig því lítið. Sje því dregið á fyrir hann, kemst á hann ókyrð, að svo miklu leyti sem hann ekki næst, auk þess sem ádráttarnet raskar botninum einmitt á þeim stöðum, þar sem laxinn hefur kynnt sjer, hvernig tilhagar og kosið sjer stað til að hrygna á, og það til mikils tjóns.

Nefndin ræður og til að fella úr frv. þessi orð um urriða og sjóbirting: „og skal hann þar ófriðhelgur“, og var ástæða nefndarinnnar sú, að hún var hrædd um, að þessi orð kynnu að misskiljast á þann hátt, að hver og einn þættist hafa rjett til að vaða inn í land annars manns til að veiða urriða og sjóbirting. Þennan misskilning vildi nefndin girða fyrir.

En jeg hef síðan fundið einn stórgalla á þessu, en sem jeg vona að hægt sje að laga með breyt.till. við 3. umr. Það þarf sem sje að setja inn ákvæði um, að eigi megi veiða urriðann með ádrætti; því að öðrum kosti væri ákvæðið um stærð möskva í laxanetum ónýtt. 4. gr. er ekki ný; hún er að mestu leyti til í hinum eldri lögum. Þó er sú breyting gjörð á henni, sem verða kann frv. þessu að fótakefli. Jeg vona þó, að þetta geti lagazt, þótt einhverjir kunni að hafa aðra skoðun í þessu efni en nefndin, og að frv. fari ekki fyrir þá sök að forgörðum, því eptir áliti nefndarinnar er frv. þetta mikið betra heldur en lög þau sem nú gilda. Hjer er sem sje sleppt úr orðinu „selalátra“, og gjört ráð fyrir að skjóta megi sel og styggja í ám, árósum og ósamynnum eina mílu út frá þeim, án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Þetta var það ákvæði, sem einn af nefndarmönnunum gat eigi aðhyllzt, en meiri hluti nefndarinnar varð að vera á þeirri skoðun, að selurinn væri rándyr, óargadýr, er alls eigi mætti friða. Jeg skal taka eitt dæmi. Ef einhver bóndi hefði í 30—40 ár haft það fyrir atvinnuveg að ala upp refi í landi sínu, og hann gæti árlega náð 20—30 refum og fengi 30 kr. fyrir hvern belg, sem yrði talsvert fje. Ætli nokkrum dytti það í hug að ákveða með lögum, að ekki mætti raska þessari refafriðun nema gegn skaðabótum? Mér gefst ef til vill síðar ástæða til að lýsa nákvæmar skoðun minni á þessu.

Hin önnur breyting er sú, að banna eigi skot nálægt friðuðu eggveri nema frá 1. maí til 1. júlí. Því það er vitanlegt, að fuglinn heldur sig ekki við varpeyjarnar eptir þann tíma; hann er þá farinn langt í burtu þaðan, svo að engin hætta getur verið að hann styggist, þótt skotið sje eptir þann tíma nálægt eggverinu.

5. gr. er að kalla má óbreytt. Í 6. gr. er bætt inn í ákvæðum um, ef áin er leigð, því að það er farið að tíðkast svo mjög á seinni tímum, að menn leigi öðrum veiði í ám til stangaveiði, enda er það hin bezta friðun á laxinum. Svo stingur og nefndin upp á, að bætt sje inn í orðunum: „og skipting á afla“, því að þau orð eru nauðsynleg, ef menn veiða í fjelagi.

Breyt. nefndarinnar á 7. gr. er fólgin í því, að binda ekki hendur sýslunefndanna við öll ákvæði þessara laga, t. a. m. þau, að hafa 100 faðma bil á milli veiðivjela. Eins og auðvitað er hagar mjög misjafnlega til um ýmsar ár, og aðalatriðið er, að menn missi ekki sjónar á að-

altilgangi laganna, sem ekki er eingöngu sá að friða laxinn, heldur og að friðuninni sje svo varið, að hún haggi ekki rjett veiðieiganda. Þannig mundi t. a. m. hjer í Elliðaánum lítið geta veiðzt, ef ekki væri heimilt að breyta ákvörðun frv. um 100 faðma bil milli veiðivjela, því að lengd ánna eru eigi svo mörg hundruð faðma fyrir hverri jörð. Aðalatriðið er að menn hafi það hugfast, að friðunin er ekki hið eina, sem haft er fyrir augum með lögunum, heldur jafnframt hitt, að tryggja sem mest og bezt gagn af veiðinni.

Við frv. eru og komnar fram tvær breyt.till. frá 2 háttv. þingdm. á þingskj. 299. Hin fyrri breyt.till. er um það, að amtmaður staðfesti hinar ráðgerðu samþykktir. Þetta er samkvæmt ákvæðum hinna eldri laga, og hygg jeg því, að nefndin fáist ekki um, þótt þessi breyt. komist að; hún mun fúslega vilja gjöra þessum herrum glatt í geði, úr því að þeir vilja hafa þetta svo, og halda svo fast í vald sitt. Um lengdartakmark þessara samþykkta hefir frv. gjört þá breyting, að þær gildi ekki lengur en 3 ár, í stað 10 ára eptir eldri lögum, því að það virðist heppilegra, ef fyrir kann að koma, að sýslunefndum misheppnaðist með einhverja samþykkt, að hún þurfi þá ekki að gilda fyrir svo langan tíma.

Um hina aðra breyt.till. þessara sömu h. þm. hef jeg eigi haft tíma til að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um. Hún er fólgin í því, að amtmaður skuli kveða á um sektina fyrir brot gegn samþykktum í þessu gefna tilfelli, en ekki lögreglustjóri, eins og kveðið er á í frv. Það er nokkuð öðru máli að gegna með þessa breytingu, heldur en mið hina fyrri, því að það er talsvert meira umstang að þurfa að fara til amtmanns með þess háttar, heldur en að leyfa lögreglustjóra sjálfum að meta sektina, enda er og þetta í samræmi við annað lagafrv., sem hefur nú verið til meðferðar hjer á þinginu.

Jeg hygg þó, að nefndin muni eigi hafa á móti þessari breyt., ef uppástungumenn hennar halda henni fast fram. Loks er komin ein viðaukatill. frá 3 h. þm., að leyfa þvergirðing, ef einn á veiði í á. Nefndin sleppti þessari grein úr frv. með vilja, því að hún áleit alla þvergirðing óheppilega. Það má segja margt með till. og margt á móti henni; og þó maður eigi einn veiði í á, sem mun sjaldan koma fyrir, getur hann á ýmsan hátt haft eins mikla veiði, þótt hann hafi ekki rjett til þvergirðingar. En öll þvergirðing er brot á princípi laganna, því að með þvergirðingum er hægt að taka hvern einasta lax, sem í á gengur, þrátt fyrir hinn ákveðna tíma í viku hverri, er lax skal hafa frjálsa göngu. Með því að hafa þvergirðingu á 3—4 stöðum með 100 faðma millibili má ná hjer um bil hverjum einasta laxi, er í ána gengur; þetta vita allir þeir, er kunnugir eru því, hve hægt laxinn fer opt og tíðum, eptir að hann er kominn upp í árnar.

Jeg held, að við 2 úr nefndinni getum ekki gengið inn á þessa breyt.till., nema ef vera skyldi til þess að missa ekki frv. alveg.

Árni Thorsteinsson: Jeg er samdóma h. framsögum. (L. E. Svb.) um, að sum ákvæði í þessu frv. eru betri en í eldri lögum um þetta efni; en samt hygg jeg, að það varla horfi til framfara, að vera ávallt að hræra í þessum laxafriðunarlögum á hverju þingi, og að nú sje varla tími til að ræða þetta mál rækilega. Jeg hef lýst þeirri skoðun minni á laxalögunum áður, að það sje vikufriðunin, sem mest sje í varið til þess, að laxinn geti haft fulla göngu í árnar, einkum um hrygnunartímann, og því færri, sem ákvæðin sjeu, því betri sjeu lögin. Jeg vil eigi láta

lögin vera svo hörð, að mönnum sje fyrirmunað að ná afla sínum á þann hátt, sem hagkvæmast er og eigi neinum til sjerlegs meins. Breyt.till. mín og 2 annara deildarmanna er eigi ný, því hún er í samræmi við lögin frá 11. maí 1876 og 19. febr. 1886, og jeg vona, að það verði ekki hart tekið á mjer, þótt jeg segi, að á þingi 1885 var jeg í nefnd með h. framsögum. nefndarinnar (L. E. Svb.), og vorum við þá í meiri hluta, og þá var þetta sama breyt.atkv. eptir samhuga tillögum okkar beggja tekið upp í lögin. Mjer þykir leitt, að hann hefur breytt sannfæringu sinni, en jeg eigi fengið ástæðu til að breyta minni. Mjer finnst eigi eiga vel við, að meina mönnum að nýta veiðina á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á, þegar það eigi er laxgöngunni til hindrunar. Það má ekki ganga svo langt, að útiloka menn frá því, að þvergirða eina kvísl, sem minni fiskiför er í, þar eð laxinn getur þá gengið í hina eða hinar kvíslarnar, sem meiri er fiskiförin í. Hvað afstöðuna í veiðivötnum snertir, þá er það kunnugt, að laxinn er því betri, sem neðar er, en því verri sem ofar dregur í ánni. Tillit til þessa þarf að hafa með einstaka ár. Þar sem h. framsögumaður sagði, að einn maður gæti með þvergirðingu veitt eins mikið og hann vildi, þá getur þetta satt verið, en jeg skil ekki þau orð hans, að menn gætu látið hverja þvergirðinguna taka við af annari upp eptir ánni, og veitt þannig allan lax, sem upp eptir ánni gengi. Það verður að gæta þess á vikufriðunartímunum, að efstu þvergirðingarnar sjeu eins látnar standa opnar sem hinar neðstu. Þetta er nú það verulegasta, sem mig hefur greint á við nefndina um, en verið getur, að það sje misskilningur hjá mjer. Það er ein einasta ákvörðun í frv., sem jeg gef atkv. mitt fúslega; það er viðaukinn við 1. gr. um króknetin. Þar eð hin núgildandi lög eru ósanngjörn í þessu efni og eigi hægt að fullnægja þeim, er rjett að gjöra þennan viðauka við hin eldri lög. Að því er snertir 2. gr., þá er jeg ekki samþykkur því, að bilið milli veiðivjelanna sje 100 faðmar, heldu hygg jeg, að betra sje að halda hinu gamla ákvæði, nfl. 30 föðmum, 10 faðmar mega vera nóg að mínu áliti; það er að vísu nokkuð bætt úr þessu með ákvæðunum í 7. gr., en jeg hygg samt, að sýslunefndirnar fari ei svo mjög að skipta sjer af þessu. Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á 4. gr. Jeg held varla, að h. framsögum. (L. E. Svb.) sje meiri óvinur selsins en jeg, því jeg vil láta eyða honum á allan mögulegan hátt; en þar sem um eignarrjett er að ræða, þá er ekki hægt að ófriðhelga hann, nema fullt endurgjald komi fyrir, og þar skilja leiðir okkar; því þótt jeg játi, að selurinn sje versti óvinur laxveiðanna, þá vil jeg þó ekki ganga svo langt, að skerða eignarrjett annara með eyðingu hans. Það hefur mikið verið rætt um þetta ákvæði áður, og jeg hef ekki ástæðu til að breyta skoðun minni um það, nje heldur um 6. og 7. gr., sem einnig er í eldri lögunum, og jeg hef verið mótfallinn, af því mjer hefur fundizt þau ganga of langt. Samkvæmt eldri lögunum máttu menn leita úrskurðar sýslunefndar, ef menn vildu veiða í fjelagi, svo hún gæti sjeð um, að einskis manns rjetti væri hallað, en nú verða menn einnig að leggja fyrir hana, ef menn vilja leigja veiði, svo að menn fá ekki einu sinni að ráða sínum veiðirjetti, svo þetta er komið undir geðþótta sýslunefndarinnar, svo framarlega sem hún álítur, að einhver viðunanleg peningaupphæð fáist fyrir veiðina. Þetta er nú það helzta, sem jeg hef móti frv. Jeg skal svo geta þess, að mjer þykir eigi tryggilegt, að láta 100 faðma bil vera milli netanna, og sje jeg ekki, hvers vegna 10 faðmar ekki eru nægilegir. Það er sjálfsagt öllu varlegra, að fara heldur styttra en of langt í þessu efni. Það ætti heldur ekki að vera kom-

ið undir sýslunefnd, hvernig menn mættu leggja veiðivjelar. Það hagar víða svo til í mörgum smáám, að landeigendur geta orðið sviptir laxveiði eptir þessum reglum; jeg skal taka til dæmis laxveiðina á Hjaltabakka í Húnavatnssýslu, svo og á Húnstöðum; þar eru varla nema 10 faðmar á milli veiðivjelanna í ánni, og samkv. því yrði það komið undir náð sýslunefndarinnar, hvor jörðin mætti nota veiðina og hvor skyldi afskipt. Jeg álít þau laxalög bezt, sem innihalda fæst ákvæði: vikufriðun og hrygningarfriðun. Það heyrist opt vitnað í lög í öðrum löndum, og skal jeg leyfa mjer að benda á lög Norðmanna 23. maí 1863, og er gott að kynna sjer, hvort vjer erum á rjettum vegi í þessu efni. Þar nær friðunartíminn frá 14. septbr. til 14. febr. ár hvert; þá er bönnuð veiði í ám og árósum, og þá er bannað að brúka eða láta standa veiðiáhöld; svo er sjerstakur friðunartími 24 tíma í hverri viku, frá því á laugardagskveldið kl. 6 til jafnlengdar á sunnudag. Þar er næstum sömu ákvæði um möskvastærð, en fátt af öðrum ákvæðum. En þar sem við erum að veltast fram og aptur í þessum laxalögum, þá ættum við að laga oss eptir Norðmönuum. Svo komu lög 1869, sem kváðu skýrar á um ýmisleg atriði og leyfðu ýmisleg ákvæði með konungsúrskurði; þeim lögum var svo breytt með lögum frá 27. maí 1887; þar getur konungur eptir tillögu sveitatjórna og amtsráða bannað, að í fljóti eða vatni sjeu brúkuð veiðiáhöld eða aðferð, sem talin er skaðleg fyrir veiðina. Á sama hátt má ákveða árlegan friðunartíma eptir grundvallarreglum eldri laga, einkum þeirra frá 1863, og um brúkun veiðarfæra; menn mega t. a. m. ekki sprengja kalk í árnar o. s. frv.. Jeg hef mikinn áhuga á því, að ákvörðun frv. um upptöku krókneta komist á, eins og tekið tekið er fram í viðaukanum við 1. gr., til þess að einstakir menn fái að njóta veiðirjettar síns, en honum eigi sje spillt með ákvörðun, sem, hversu góð sem hún kann að vera annarstaðar, þó á alls ekki við þau. Jeg við geta þess, að mjer geðjast alls ekki að frv. sem einni heild, því jeg hygg, að með því náist eigi ekki nein varanleg ákvörðun, heldur neyðist þingið til að breyta henn bráðlega og það ef til vill á næsta þingi

Jón A. Hjaltalín: Það hefur verið svo mikið talað um laxveiðalög, að mig skyldi eigi furða á því, ef það væri aðalatvinnuveg ur landsmanna; nú er laxveiði að eins í fáum ám á landinu; það eru heilar sýslur með stórám, þar sem engin lax gengur í, svo það eru að eins fáir menn, sem hafa gagn af þessari veiði; þó er á hverju þingi verið að eyða tíma til að ræða um þessi laxalög; já, það hefur meira að segja kveðið svo rammt að, að í sumum hjeruðum hafa menn sýnt miklu meiri áhuga í þessu máli, en í öllum öðrum landsmálum, þótt þeir eigi hafi átt von í einni einustu laxbröndu sjálfir. Mjer finnst þó, að þetta mál sje tiltölulega lítilsvert. Það er ein grein í þessu frv., sem er áríðandi, og gengur eiginl. út fyrir lögin; það er 4. gr. um ófriðhelgun selsins. Þessi grein er ekki einungis þörf vegna laxins, heldur og fiskiveiðanna, sem er almennur atvinnuvegur. Jeg greiddi atkvæði með frv., ef að eins um þessa grein væri að ræða, eða þó ekki væri meira; það er annað atriði, sem jeg líka vildi minnast á; það er um urriðann. Jeg skal játa það, að jeg er eigi laxfróður maður, eins og h. framsögum. (L. E. Svb.), en jeg hef heyrt sagt, að enginn væri verri óvinur laxins en urriðinn, og þareð h. sami þm. er svo laxfróður, svo bið jeg hann að útlista fyrir mjer, hversvegna svo margar ár eru hjer á landi, sem enginn lax gengur í. Það eru t. d. margar ár í Eyjafjarðar-, Ísafjarðar- og Barðastrandar-sýslum, að þar er enginn lax, en mikið af urriða; skyldi þetta eigi vera urriðanum

að kenna, að hann hafi eytt laxinum og drepið hann, og ef svo skyldi vera, þá ætti maður að reyna að eyða honum sem mest, ekki einungis á stöng, heldur og í urriðanet. Verið getur, að lax komi í urriðanet, en þótt svo sje, þá má sleppa honum; af því að urriðinn er óvættur, þá verður að leyfa, að hann sje veiddur á hvern hátt, sem menn geta. Um breyt.till. mína ætla jeg ekki að tala, því h. 4. kgk. (Á. Th.) talaði vel fyrir henni.

E. Th. Jónassen: Jeg tók vel eptir ræðu 3. kgk. (L. E. Svb.), en af því mjer var sumt ekki ljóst af því, sem hann tók fram, þá óska jeg að fá leiðbeiningu hans um það. Þegar hann fór yfir hinar einstöku greinar frv., þá gleymdi hann að geta um breytingu á lögum 19. febr. 1886, að úr síðasta málslið 3. gr. er sleppt setningunni: „til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs, sem er“. Þetta kemur óheppilega við, þegar þingið nú veitir fje til laxaklaks, og vil jeg heyra, hvers vegna því hefur verið sleppt. Jeg get ekki fallizt á ákvæði 4. gr., að selur eigi að vera ófriðhelgur, því jeg vil eigi láta skerða eignarrjett manna, nema fullt endurgjald komi fyrir; svo er ennfremur sleppt af 6. gr., þar sem talað er um fleiri veiðieigendur, er vilja veiðá í fjelagi: „Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á“; jeg vil vita, hvers vegna þessu hefur verið sleppt úr; um þetta vantar ákvörðun í frv.; það hagar víða svo til, t. a. m. í Kjósinni, að laxgengar ár renna í stóra á, er lax gengur í. Jeg get heldur ekki fallizt á ákvæðin í 2. gr. um 100 faðma bilið, og jeg vil skjóta því til h. framsögum. (L. E. Svb.), hvort hann eigi til 3. umr. vilji breyta því í 30 faðma. Jeg skil ekki þetta stökk í lögunum frá 30 faðmar til 100 faðmar, það er 70 faðma munur, og þetta getur til dæmis ekki átt við Elliðaárnar; það er heldur ekki víst, að sýslunefndir væru fúsar til að breyta til um þetta, þótt þær mættu. Ákvæðin í 1. gr. um króknetin álít jeg stóra bót, því það er mjög erfitt að ná upp netum úr stórám. Svo er enn eitt, sem jeg vil minnast á og sem talsverða þýðingu hefur, og það er í niðurlagi 5. gr., þar sem sagt er, að bilið milli rimlanna eigi að vera $1^1/_2$—2 þuml. eptir stærð þess lax, sem venjulega gengur í ána. Hver á að tiltaka stærðina á þessum laxi? Það gæti gefið tilefni til þráttunar. Þar stendur ekki, hver skera eigi úr því; ekki getur sýslunefndin sagt um stærðina, hvort rjettara sje að hafa $1^1/_2$ eða 2 þuml. bil; það er bezt, að ákvæðin sjeu ljós. Mjer finnst betra í 4. gr. að hafa tímatakmörkin 1. júlí heldur en 15. júlí; í lögunum 20. júní 1849 er það 1. ágúst. Jeg aðhyllist viðaukaatkv. h. 4. kgk. og fleiri h. deildarmanna; jeg sje enga ástæðu til að kippa því burt úr hinum eldri lögum, og eigandi, sem hefur mátt hingað til þvergirða eina kvísl í laxgengri á, fer varla að halda áfram veiði með ádráttum, því að slík veiði er opt dýr, og óvíst, að hún geti borgað sig fyrir eigandann, og ef honum því er bannað að þvergirða, getur svo farið, að hann hafi alls engan ábata af að stunda laxveiði í kvíslinni með ádráttum. Það er ekki meining með friðun að meina mönnum veiði, heldur að gjöra mönnum hana arðsama.

Að því er snertir breyt.till. mína og h. 1. kgk. (Júl. H.), þá stendur svo í 7. gr. í hinum eldri lögum, sem nú gilda, að amtmaður skuli staðfesta reglugjörðir sýslunefnda, og í 9. gr., að amtmaður skuli ákveða skaðabætur fyrir brot gegn lögunum; þessu finnst mjer ekki ástæða til að breyta, smbr. lög 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda; en jeg ímynda mjer, að þessar breytingar stafi frá því, að flutningsmanni þessa frumvarps (Gr. Th.), eins og kom hjer fram í þingdeildinni á dögunum við fyrirspurn hans til landshöfðingjans um staðfestingu á síðustu fiskiveiða-

samþykkt í Gullbringusýslu, sje illa við, að amtmaður í Suðuramtinu staðfesti fiskiveiðasamkykkt, og sje ekki búinn að gleyma því.

Framsögum. (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg skal nú vera stuttorður; jeg held, að deildinni þyki lítt skemmtilegar umræðurnar; laxafriðunarfrumvörp koma fyrir á hverju þingi, og menn munu því vera kunnugir því máli og þurfa eigi að fá leiðbeiningar í því efni. H. 4. kgk. (Á. Th.) sagðist eigi skilja, að eigi mætti setja hverja þvergirðingu fyrir ofan aðra, því þá mundi laxinn sleppa upp fyrir, þegar allar veiðivjelar væru opnar í einu; en þá verð jeg að svara því, að laxinn fer venjulega hægt, og ef hver veiðivjelin er upp af annari, þá mundi ekkert af honum sleppa. Um selinn held jeg við það, sem jeg áður hef sagt, en er þó fús á að hlíðra til, ef mönnum sýnist rjettara að greiða skaðabætur.

H. 6. kgk. (J. A. Hj.) sagði, að laxveiði væri lítill atvinnuvegur hjer á landi; það þykir mjer nokkuð undarlegt að heyra; jeg veit til þess, að í eina einustu verzlun á landinu voru á einu ári lögð 30 þús. pund af laxi, og það að mestu úr einni og sömu ánni. Auðvitað má drepa urriða alstaðar þar, sem eigi er lax fyrir, en við vitum eigi fyrir víst, hvar hann er og hvar eigi. En í laxám má eigi veiða urriða með ádrætti, því þá veiðist allur laxinn líka. Þar sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) gat þess, að eigi mundi mega veiða lax til vísindalegra fyrirtækja, þá er það eigi af þeim rótum runnið, að nefndin hafi eigi viljað hafa það ákvæði með, heldur hefur því óvart verið sleppt, og geng jeg inn á, að það komi aptur; viðvíkjandi þessum 100 föðmum, þá held jeg, að það megi standa, því sýslunefndirnar geta ákveðið nákvæmar bil þetta; því skyldu þær eigi geta fært það niður í 10 faðma, þar sem svo hagar til? Jeg hef það traust til þeirra, að þær gjöri hið rjetta í sjerhverju tilfelli. Viðvíkjandi spelunum í veiðivjelunum, þá sje jeg eigi neitt á móti því, að ákveða eigi nákvæmar bilið á milli þeirra en gjört er hjer, nfl. $1^1/_2$ til 2 þuml. Enginn stór lax kemst í gegn um grindur, þar sem eigi er nema $1^1/_2$ þuml. á milli spelanna; í stórar ár gengur eigi nema stór lax, og segir sig því sjálft, að þar verður að gilda hið stærra ákvæði um millibilið.

Viðvíkjandi viðaukatillögunni, þá vil jeg spyrja h. 4. kgk. (A. Th.)., sem líklega er faðir að barninu, hvort eigi muni mega orða hana betur, og orða hana þannig: „Eigi einn maður alla veiði eða“: „eigi maður einn veiði í á o. s. frv“. Jeg held að að öðrum kosti megi misskilja hana. Vil jeg nú heyra kvað h. þm. segir og benda honum á, hvort eigi muni betra að lagfæra greinina.

Árni Thorsteinsson: Jeg verð að segja eins og h. 3. kgk. (L. E. Svb.), að jeg er óvart kominn í þessa nefnd og hefði helzt viljað vera laus við hana og ekkert hafa með hana að sýsla.

Viðvíkjandi þeirri áskorun, sem hann beindi að mjer um að skýra viðaukatillöguna, þar sem stendur: „Eigi einn maður veiði í á“, þá get jeg eigi gefið honum nægilega skýringu, en úr því við báðir erum í nefndinni, þá gæti þetta komið til umtals á milli okkar síðar; en við, sem eigum viðaukatillöguna, höfum eigi haft annan tilgang, en að fá það borið undir h. deild, hvort þetta ákvæði, sem tekið er upp úr hinum eldri lögum, skuli eigi koma inn í þessi lög.

Það gladdi mig, er jeg heyrði, að h. 3. kgk. (L. E. Svb.) var því hlynntur, að menn fengju endurgjald, ef skotinn væri selur nálægt selalögnum. Jeg hefi hugsað talsvert mikið um þetta, bæði hve mikið ætti að greiða og hvort nokkur væri fær um það. Hver á að borga? *(L. E. Svb:* Laxveiðendur). Jeg get nú ímyndað mjer það; en ef laxveiðendum kemur saman um að borga ekki? Þá rekur að því, að hver maður má skjóta sel án þess að borga

nokkrar skaðabætur. En ef landssjóður ætti að greiða fyrir það, að friðun á selalátrum væri afnumin, þá yrði það eigi lítil útgjöld. Við Ölvesá t. d. eru árlega veiddir, jeg vil segja, 250 kópar; ef við virðum hvern á 4 kr., verður það alls 1000 kr. á ári., sem er 4% renta af 25 þús. kr. Þetta verður ætíð stór summa fyrir landið að borga fyrir þessa einu á, hvað þá fleiri ár. Jeg skal ítreka það, að ákvæðin í 1. gr. um króknetin eru þau einu verulega nýmæli í þessu frv. og hin beztu, og vil jeg helzt eigi hafa önnur laxafriðunarlög fram í þetta sinn, en þennan viðauka.

Viðvíkjandi þvergirðingum í kvíslum, þá er alls eigi upplýst, að þær hindri laxgöngur, svo að mikill skaði sje að. Í einni á hjer nálægt, Elliðaánum, skal jeg segja, hvað maður veiddi, þrátt fyrir það þótt ein kvíslin væri þvergirt. Maður sá, sem jeg tala um, Burnett, veiddi árið 1885 599 laxa, sem eptir hans sögn að meðaltali vógu 10 pd. ensk, en árið 1885 veiddi hann um 1200 pd., eða rúm 7000 pd. í 2 ár. Ef skýrsla þessi, sem stendur í „Norsk Idrætstidende“ eptir enskum tímaritum, er rjett, þá sýnir hún, að þvergirðing er eigi mjög hættuleg. Hvað sem öðru líður, þá er ekki ástæða til að vefengja hana um fjölda hinna veiddu laxa, því aðrir hafa á sömu stöðvum opt veitt þar mikið á stöng. Það þótti færandi í annála, að þessi eini maður skyldi veiða svo mikið á eina stöng.

E. Th. Jónassen: Jeg ætla að taka það fram, að jeg greiði atkv. með 4. gr. í þeirri von, að hún verði löguð með breyt. till. til 3. umr.

ATKV.GR.: Breyt. till. nefnd (C. 333) við 1. gr. samþ. báðar, stafl. *a* með 10 atkv., stafl. *b* með 9 atkv.; 1. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt.till. nefnd við 2. gr. samþ. í e. hlj., viðaukatill. 3 þm. (C. 334) við sömu gr. samþ. með 8 atkv., og 2. gr. þannig breytt samþ. með 10 atkv.; breyt.till. nefnd. við 3. gr. allar samþ., hin fyrri við 1. stafl. með 10 atkv., hin síðari við sama stafl. með 8, og sú við 2. stafl. með 9 atkv.; 3. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 10 atkv.; breyt.till. nefnd. við 4. gr. samþ. með 7 : 4 atkv., og 4. gr. þannig breytt samþ. með 8 atkv.; 5. gr. samþ. með 10 atkv.; breyt. till. nefnd. við 6. gr. samþ. með 10 atkv. og 6. gr. með þeim breyt. samþ. með 9 atkv.; breyt.till. nefnd. við 7. gr. samþ. með 9 atkv., og breyt.till. 2. þm. við sömu gr. (C. 333) samþ. í e. hlj.; 7. gr. með þeim breyt. samþ með 9 atkv.; 8. gr. samþ. með 10 atkv.; breyt.till. sömu þm. við 9. gr. samþ. með 8 atkv.; 9. gr. með þeim breyt. samþ. með 8 atkv.; 10. gr. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breytingu á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 284, 335); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Eins og sjá má af nefndarálitinu hefur nefndin ekki getað komið sjer saman um sumt, en sumt er það, sem hún hefur orðið samdóma um, t. d. í fyrsta lagi, að tilskipunin 31. maí 1855 þurfi breytinga við, og að lækka þurfi hæstu eptirlaun, og verður það líklega álit deildarinnar, því eptir tilskipaninni eru eptirlaunin gífurlega há; þau geta enda orðið 6000 kr., og eptir 29 þjónustuár fær embættismaðurinn $^2/_3$ af launaupphæðinni. Eptirlaunin verða opt 3—4 þúsund kr., og það allt upp að 6000 kr,, svo það getur komið fyrir, að uppgjafaembættismaður hefur meira í eptirlaun, en þjónandi embættismaður hefur í laun, og vona jeg, að deildin verði sammála nefndinni um, að lækkun eptirlaunanna sje brýn nauðsyn.

Í öðru lagi var nefndin sammála um, að fella 2. gr. frv. um eptirlaun ekkna, því nefndinni þótti nokkuð lágt, að veita

þeim að eins 200 kr. árlega í eptirlaun. Eptirlaunin eptir 8. gr. tilsk. 31. maí 1855 þótti nefndinni ekki svo há, að brýn nauðsyn væri að lækka þau. Eptirlaun embættismannaekkna verða að áliti nefndarinnar aldrei tilfinnanleg byrði fyrir landssjóð í samanburði við eptirlaun embættismanna.

Í þriðja lagi var nefndin samdóma um, að eptirlaunin, eins og þau komu frá neðri deild, væru of lág, ɔ: $^1/_8$ af launaupphæðinni og $^1/_2$ % af henni fyrir hvert þjónustuár, og því vildi hún breyta þessu.

En þá gat hún heldur ekki orðið lengur samferða. Meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til, að $^1/_8$ í 1. gr. sje hækkað í $^1/_5$, en $^1/_2$ % látin halda sjer, og að ellistyrksfrumv. sje samþykkt. Minni hluti inn leggur til að fella ellistyrksfrumv., og ætla jeg ekki að tala um það að sinni, af því að það er nú ekki til umræðu.

Jeg vil leyfa mjer að mæla sem bezt með tillögum meiri hlutans. Þær fá að líkindum betri viðtökur í neðri deild. Breytingarnar eru ekki svo stórvægilegar, að neðri deild geti ekki gengið að þeim. Ástæður minni hlutans eru hvorki margar nje miklar; hann vill hafa það til síns máls, að viðkunnanlegra sje að miða eptirlaunin við tímann, sem embættismenn hafa verið í embættum, en meiri hlutinn hefur einmitt gjört þetta, þar sem eptirlaunin fara hækkandi um $^1/_2$ % af launaupphæðinni fyrir hvert þjónustuár. Jeg hef borið saman eptirlaunin eptir tillögum meiri og minni hlutans, og þá kemur það fram, að eptirlaunin eru hærri eptir tillögum meiri hlutans, ef embættismaðurinn fer frá áður en hann hefur verið 25 ár í embætti, en eptir þann tíma verða eptirlaunin nokkuð hærri hjá meiri hlutanum. Ef t. d. er tekinn embættismaður, sem hefur 3000 kr. í laun, þá fær hann í eptirlaun:

Eptir þjónustuár	tilsk. $^{21}/_8$ 1855 kr.	Samkvæmt till. meiri hlutans kr.	till. minni hlutans kr.
4	600	660	500
10	1200	750	600
20	1500	900	750
25	1750	975	1000
30	2000	1050	1500
40	2000	1200	1500
50	2000	1350	1500

Eins og sjá má, verða samkvæmt tillögum meiri hlutans eptirlaunin tiltölulega hærri en hjá minni hlutanum, er embættismaðurinn fer frá eptir fá þjónustuár, en það verð jeg að álíta rjettlátt, ef miða skal eptirlaunin við það, að af þeim verði lifað. Það er líklegt, að hann þurfi jafnvel meiri fjárstyrk, er hann hefur ef til vill konu og ung börn fram að færa, en þegar hann er orðinn gamall, því að þá eru börnin optast upp komin. Meiri hlutinn áleit, að eptirlaunin yrðu heldur lág, þótt tillögur hans yrðu samþykktar, og því leggur hann til, að samþykkja frv. um ellistyrk; verði þetta hvorttveggja samþykkt, hafa uppgjafaembættismenn meiri tekjur en eptir tilskipuninni 1855, og miklu meiri en eptir till. minni hlutans.

Á þingi 1889 segir nefndin í neðri deild, að ef frumvörp neðri deildar um eptirlaun og ellistyrk yrðu að lögum, þá væri trygging fengin fyrir því, að sá, sem á sjötugsaldri er búinn að þjóna 40 ár í embætti, mundi geta haft sjer til framfæris $^2/_3$ af embættislaunum sínum, er hann fer frá embætti, og þegar $^1/_8$ er hækkaður upp í $^1/_5$, þá skil jeg eigi, að nokkur geti verið móti tillögum meiri hlutans af þeim ástæðum, að uppgjafaembættismönnunum sjeu eigi tryggðar nógar tekjur af að lifa á elliárunum, og vona jeg því, að deildin fallist á þessar tillögur meiri hlutans.

E. Th. Jónassen: H. framsögum. meiri

hlutans (Þ. J.) tók rjett fram þau atriði, sem vjer urðum ásáttir um í nefndinni. Það er rjett, hvað prósenturnar áhrærir, þá fara þær hækkandi eptir þjónustuárum, þ. e. hin samanlagða upphæð þeirra fer vaxandi eptir því sem þjónustuár embættismannsins fjölga, en *eptirlaunin* fara ekki hækkandi eptir tillögum meiri hlutans eptir þjónustuárum, en það gera þau eptir tillögu minni hlutans, og það virðist vera eðlilegast, enda hjelt alþingi þeirri skoðun fram, þegar samin voru lög um eptirlaun presta 1880. Jeg get ekki skilið annað en tillögur minni hlutans sjeu aðgengilegri, því fallist menn á tillögur meiri hlutans, þá verða menn einnig að samþykkja frv. um ellistyrk, en með því er lagt óeðlilegt band á embættismanninn; það er sama sem niðurfærsla á launum hans, þegar honum er gjört að skyldu að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri. Þegar tekið er tillit til embættismanna, sem hafa lág laun, hafa þeir í mörg horn að líta; þeir verða að borga í ekkjusjóð, greiða tekjuskatt o. s. frv., og verður þetta þeim fullerfitt; svo ber þess að gæta, að ellistyrksins geta menn ekki notið, nema þeir sjeu mjög gamlir, og verða það því vanalega dánarbú þeirra, sem njóta hans. Mjer finnst eðlilegra og betra, að leggja þjónustuárin til grundvallar samkvæmt eptirlaunatilsk. 1855 og samkv. tilsk. um eptirlaun presta 27. febrúar 1880. Niðurfærsla á eptirlaunum þeirra embættismanna, er tilsk. 31. maí 1855 nær til, er mikil eptir tillögu minni hlutans, frá því sem nú er, og álít jeg, að ekki sje rjett að færa eptirlaunin lengra niður. Hjeraðslæknir t. a. m. með 1500 kr. launum fær ekki há eptirlaun, þótt hann fái $^1/_3$ eða 500 kr. eptir 25 ára þjónustu, eða 750 kr., þegar hann hefur lengur þjónað, sem er það hæsta eptir minni tillögu. Þetta er eigi svo hátt, að það geti kallast ósanngjarnt, að landssjóður borgi það. Ástæður mínar hef jeg tekið fram í nefndarálitinu. Jeg get eigi verið samdóma meiri hlutanum, enda veit jeg ekki til, að ellistyrkslög gildi í neinu landi, og skal jeg svo að sinni ekki tala meira um þettu mál.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Framsögum. minni hlutans, 2. kgk. þm. (E. Th. J.), gat þess, að hann helzt hefði það á móti tillögu meiri hlutans, að það þyrfti þá að samþykkja ellistyrkinn; það væri ósanngjarnt, af því það væri niðurfærsla á launum; en þetta er ekki rjett, því að kaupi embættismaðurinn ellistyrk, þá er tekið víst af launum hans og lagt í sjóð, sem er hans eign; ef hann fer frá embætti, þá nýtur hann vaxta af honum; ef hann deyr áður, þá fær dánarbú hans þann ellistyrk, sem þá er búið að safna. En að því er geymdan lífeyri snertir, þá er hann tvenns konar, annar með endurborgun í innlögum með rentum og rentu-rentum, er hann getur fengið að njóta, er hann fer frá embætti. Ef embættismaðurinn kýs sjer að kaupa sjer þessa tegund geymds lífeyris, þá gildir það sama um hann, sem um ellistyrkinn, að það er söfnun í sjóð, sem er eign embættismannsins. En að tala um, að þetta sje niðurfærsla á launum, er fjarstæða, sem ekki nær nokkurri átt. Það hefur verið talað um ellistyrkinn í sambandi við þetta frv., en jeg geymi mjer rjett til að tala um hann, þegar þar að kemur.

Framsögum. minni hlutans (E. Th. J.) sagði, að eptirlaunin væru lækkuð um of eptir tillögum meiri hlutans, en þau eru þó hærri en í hans tillögum innan 25 ára þjónustutíma, en eptir þann tíma eru þau hærri eptir tillögum minni hlutans, eins og jeg áður hef getið um, en ellistyrkurinn eða geymdur lífeyrir bætir upp meir en þann mismun, svo að tekjur uppgjafa-embættismannsins verða alls meiri eptir tillögum meiri en minni hlutans.

Landshöfðingi: Hjer liggja fyrir tvær uppástungur, frá meiri og minni hluta nefndarinnar, og hallast jeg fremur að

tilllögum hins síðara. Jeg er hræddur um, að ef breytingar meiri hlutans fá framgang, þá muni málið standa í sömu sporum og áður, því jeg hygg, að stjórnin fallist ekki á svo mikla niðurfærslu eptirlaunanna, en miklu fremur á hina uppástunguna. Það er einnig kostur við breyt. minni hlutans, að ekki fer að bera á, hve eptirlaunin hækka, fyr en seinna, þegar menn hafa lengi þjónað embættum. Jeg verð að álíta, að eptirlaunin sjeu laun fyrir góða þjónustu, og að embættismaðurinn hafi því unnið til þeim mun hærri eptirlauna, sem hann hefur þjónað lengur. Jeg er einnig á þeirri skoðun, að lög um ellistyrk komi ekki þessu frv. við, því það er hverjum manni frjálst að kaupa sjer hann, og enda nauðsynlegt eptir tillögum minni hlutans, sakir þess, að eptirlaunin, eptir hans uppást., fyrst í stað eru svo lág. Jeg tek það fram aptur, að uppást. meiri hlutans nái ekki staðfestingu konungs, og þá standi allt í sömu sporum og áður var. Það er hægt fyrir okkur, sem nú erum embættismenn, að tala digurmannlega um eptirlaun, því við missum einskis í, þó þau sjeu færð niður úr öllu hófi, en mjer finnst engin ástæða fyrir oss til að öfundast yfir því, þó þeir, sem eptir oss koma, fái að njóta sömu kjara og vjer.

L. E. Sveinbjörnsson: H. framsögum. meiri hlutans (Þ. J.) sagði, að allir nefndarmenn hefðu verið ásáttir um, að eptirlaunin eptir tilsk. 31. maí 1855 væru of há, en jeg sagði þegar á fyrsta fundi nefndarinnar, að mjer í rauninni ekki þættu þau of há, heldur mátuleg. Jeg vildi vera með framsögum. (Þ. J.), af því jeg þóttist sjá, að ár frá ári mundu koma frumv. um lækkun eptirlaunanna frá neðri deild, og svo fengjum vjer þá að lokunum, ef til vill, verri lög, en ef neðri deildin gengi inn á þetta frumv. Jeg hef ekki skrifað undir nefndarálitið af því, að jeg vildi lækka eptirlaunin fyrir eptirkomendurna, nje af því, að landssjóður geti ekki borið þá byrði. Þess ber líka að gæta, að eptirlaun eru nú sem stendur hærri af sjerstökum ástæðum en verða munu að jafnaði. Jeg skal því ekki gráta, þótt tillögur meiri hlutans fái ekki góðan byr í deildinni; en tillögu minni hlutans fellst jeg samt ekki á, því hún er sannarlega ekki aðgengileg, og þar að auki ósanngjörn, þar sem sá, sem þjónar í 20 ár, fær ekki nema $^1/_4$. (*E. Th. J.:* 10 til 20). Já, það er nú sama, eða þá 19 ár og 364 daga. En sá, sem hefur þjónað 25 ár, fær $^1/_3$ launanna, en sá, er þjónað hefur 25 ár og 1 dag, hann fær helming launa; þetta er hvorki sanngjarnt nje eðlilegt. Jeg er samdóma framsögum. meiri hlutans (Þ. J.) um, að gamall maður að öllum jafnaði þurfi ekki eins mikið sjer til framfæris eins og hinn yngri. Deildin heyrir, að mjer er þetta ekki neitt kappsmál, en jeg vildi leita samkomulags af ótta fyrir verri lögum; annars skal jeg vera jafnglaður, þó þetta frumv. nái ekki fram að genga.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Viðvíkjandi því, sem h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) sagði, að jeg hefði haft þau orð, að allir nefndarmenn hefðu haft þá skoðun, að eptirlaunin væru of há eptir gildandi lögum, þá skal jeg játa það, að það var ekki nákvæmt, hafi jeg komist svo að orði í byrjun umræðnanna um þetta mál. Meining mín var að eins, að allir nefndarmenn hefðu orðið sammála um það, að lækka eptirlaunin úr því, sem þau nú eru, og man jeg eptir því, að h. 3. kgk. þm. (L. E. Sv.) fórust orð í þá átt í nefndinni, að reyndar vildi hann helzt láta eptirlaunin halda sjer óbreytt, eins og þau eru, en fjellst þó til samkomulags á þá breytingu, sem meiri hlutinn hefur gert.

Jeg get og tekið undir það með h. sama þm. (L. E. Sv.), að þessar breyt.till.

meiri hlutans eru fram komnar til samkomulags, einnig frá minni hálfu, því að jeg vildi gjarnan, að frumv. það, sem fyrir lá frá h. Nd., hefði orðið samþykkt hjer í þessari h. deild óbreytt, en, úr því að engin von var um það, var betra að slaka nokkuð til, heldur en að málið allt fjelli á þinginu.

Hæstv. landsh. kvaðst efast um, að frumv. þetta, eins og það yrði eptir tillögu minni hlutans, mundi geta náð staðfestingu. Jeg verð nú að álíta, að þetta frv. sje þó eigi svo óaðgengilegt, og í öðru lagi geti hæstv. landsh. eigi vitað það fyllilega, hvort það muni ná staðfestingu eða ekki, ef það verður samþykkt af þinginu. Hann getur að eins sagt um, hvað hann muni sjálfur leggja til að gjört verði við það af stjórninni, en jeg verð að ganga út frá því, að hæstv. landsh. leggi meðmæli sín með öllum þeim lögum, sem alþingi samþykkir.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefur verið, að það sje óeðlileg skylda, sem ellistyrkslagafrv. leggur embættismönnum á herðar, þá get jeg ekki kannast við það. Hæstv. landsh. viðurkenndi sjálfur, að nauðsynlegt væri fyrir embættismenn að kaupa sjer lífeyri eða safna sjer ellistyrk. En úr því að menn viðurkenna að þetta sje æskilegt og nauðsynlegt, hvað getur þá verið á móti því, að gjöra það að skyldu? Eða eru embættismenn ekki skyldaðir til þess með lögum, að sjá ekkjum sínum fyrir fjárstyrk eptir sinn dag? Og hvers vegna skyldu þeir vera skyldaðir til þess með lögum? Einmitt vegna þess, að reynslan hefur sýnt, að þeir gjörðu það ekki annars, gjörðu það ekki af frjálsum vilja.

Það eru og til fleiri lög, sem gera mönnum að skyldu ýmislegt, sem þeim er nauðsynlegt, og jafnvel sjálfsagt fyrir þá að gera. Þannig eru t. d. húseigendur í Reykjavík skyldaðir til að halda húsum sínum vátryggðum fyrir eldsvoða.

H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) sagði, að svona löguð skylda væri eigi til í nokkru landi. Jeg skal út af þeim orðum minna á það, að það kom fram hjer í þessari deild undir umræðum þessa frumv. um daginn, að hið sama fyrirkomulag ætti sjer stað á Englandi; og meira að segja, verkamenn á Þýzkalandi eru skyldaðir til þess með lögum, að kaupa trygging fyrir styrk í veikindum, er þeir verða fyrir slysum og á elliárunum, og verða að taka iðgjaldið af hinum litlu verkalaunum sínum. Jeg get þannig ekki sjeð, að nokkuð geti verið á móti því fyrir oss smælingjana, að líkja í þessu efni eptir þeim þjóðum, sem skipa öndvegi í Norðurálfunni.

Auðvitað er það á valdi h. þingd., hvað hún vill gjöra við frumv. þessi, en jeg vona, að hún vilji hallast að tillögum meiri hlutans og samþykki þær.

Arnljótur Ólafsson: Eptir nefndarálitinu liggja nú fyrir bæði þessi frumv. um eptirlaun og ellistyrk; það verður því eigi komizt hjá, að tala um frv. það, er næst fylgir á dagskránni.

Ef maður finnur með sjálfum sjer, að maður verði að vera á móti ellistyrksfrv., þá ræður það miklu um það, hvort maður hallast að till. meiri eða minni hlutans. Jeg get eigi fyrir mitt leyti verið fremur með ellistyrkslögum fyrir embættismenn, heldur en jeg var fyrir hjú á síðasta þingi.

Jeg er enginn spámaður, en mig grunar þó, að skoðanir h. Nd. geti á skömmum tíma breytzt í þessu máli. Vjer höfum orðið þess varir, að nú í ár voru í þeirri h. þingd. langtum fleiri á móti þessum ellistyrkslögum, heldur en voru á móti ellistyrkslögum vinnuhjúa á þingi 1889. Það má því búast við, að h. Nd. kunni að vera komin svo langt í frelsisskoðunum sínum á þingi 1893, að hún vilji ekki, að löggjafarvaldið sje fjárhaldsmaður bæði embættismanna og hjúa. Það ræður því að líkindum, að lögin um ellistyrk hjúa muni ekki standa lengi. En þá væri und-

arlegt, ef þau lög yrðu upphafin, en aptur stæðu lög um, að löggjafarvaldið skuli vera fjárhaldsmaður fyrir embættismennina.

Þótt h. framsögum. meiri hlutans (Þ. J.) hafi rjett í því, að ellistyrkslögin sje ekki beinlínis niðurfærsla launanna, eður eignasvipting, þá sviptá þau þó embættismanninn notarjetti á vissum hluta launa sinna, einmitt á þeim tíma, þá er hann þarf mest á þeim að halda, og frestar þessum notarjetti þangað til embættismaðurinn er annaðhvort dauður eður orðinn svo gamall, að hann er orðinn ófær til að njóta nokkurs. En er það þá hentugt fyrirkomulag, að vera að gylla það fyrir embættismanninum, að segja af sjer og komast á eptirlaun, að segja við hann: „Já, blessaður, þjer líður nú ósköp illa, hefur lítið að lifa af, en mikið að borga, en þú þarft eigi annað en segja af þjer, þá færðu eptirlaun og ellistyrk og þá ertu góður".

Vjer vitum, að nokkrir embættismenn hafa farið frá embættum eptir stuttan vinnutíma og án þess að elliiasleiki hafi valdið því. Samkvæmt till. meiri hlutans eiga nú slíkir menn samt að fá $^1/_5$ launanna í eptirlaun. Finnst mönnum nú þetta vera sanngjarnt? Tökum dæmi: Ef eitt hjú hefur unnið með dyggð og sóma 20—30 ár, er það þá sanngjarnt, að það beri eigi meira úr býtum en annað hjú, er einnig hefur unnið með dyggð og sóma, en að eins eitt eður tvö ár? Það er rjett skoðun, að eptirlaunin eru laun fyrir þjónustu, er yfirboðendur eru ánægðir með, hvernig verið hefur af hendi leyst, og fyrir því er eðlilegt, að eptirlaunin fari vaxandi með árafjölda þjónustunnar. Jeg hygg, að breyta megi við 3. umr. uppástungu minni hlutans og laga það stökk, sem er ráðgjört á eptirlaununum frá 10—20 árum, sem sje að eptirlaunin sjeu látin hækka tiltölulega jafnt á þeim árum við hinn annan þjónustutíma. Það þarf eigi annað en láta eptirlaunin hækka á hverju 6 ára tímabili í stað þess að þau eru látin hækka á 5 ára fresti eptir uppástungu minni hlutans, á öllum tímanum, nema frá 10—20 þjónustuár.

Mjer finnst því, að þar sem jeg verð að vera á móti því, að löggjafinn sje fjárhaldsmaður embættismanna þeirra, er eptir oss koma, þá verði jeg að greiða atkv. með till. minni hlutans.

E. Th. Jónassen: H. framsögumaður (Þ. J.) taldi það til gildis till. meiri hlutans, að þær væru samkvæmar því, sem ætti sjer stað á Englandi, og það væri ekki leiðum að líkjast. Þetta kom fram hjer við 1. umr., að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefði sagt þetta á alþingi 1889, og leyfði jeg mjer að vefengja, að þetta væri í raun og veru sönn lýsing á því, hvernig þessu væri komið fyrir á Englandi. Nú hef jeg kynnt mjer þetta mál nokkuð nákvæmar, og hef jeg hjer bók af alþingisbókasafninu, sem prentuð er 1884, og þar stendur, að eptirlaun enskra embættismanna af ríkissjóði sjeu *árlega* 80 milj. krónur. *(Gr. Th.:* Það eru víst þau eptirlaun, sem veitt eru með sjerstökum lögum). Nei, *alls ekki.* Það er getið um það í öðrum stað, að ráðgjafarnir geti fengið í eptirlaun 2000 pd. sterling árlega (=36,000) kr.), eptir að þeir eru farnir frá, og ef þeir færa sönnur á, að þeir þurfi eptirlaun til að geta lifað sómasamlega, og sömuleiðis kanzlararnir 5000 pd. (=90,000 kr.). Þetta skakkar nú ekki miklu frá því sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) fullyrti! Jeg hef viljað benda á þetta, að England er nú ekki lengra á veg komið en þetta. Jeg hef hvergi getað fundið, að í nokkru landi sjeu önnur eins lög um ellistyrk handa embættismönnum, eins og þau sem hjer á að fara að innleiða.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal leyfa mjer að láta í fám orðum í ljósi álit mitt á nefndarálitinu tilheyrandi 2 frv., sem

liggja fyrir þessum fundi. Jeg skal þá geta þess, að jeg felli mig betur við till. meiri hlutans. Jeg lýsti því yfir, þá er frv. var hjer fyrir við 1. umr., að jeg áliti eptirlaun þau bjargleg, sem ákveðin eru í frv. En nú er þó í till. meiri hlutans hækkuð eptirlaunin úr $^1/_8$ upp í $^1/_5$ og skal jeg ekki fást um það. Jeg kann líka betur við það augnamið meiri hlutans, að eptirlaunin komi fljótt til nota, heldur en að þau fari stórum vaxandi við árafjöldann. Mjer finnst að sanngirni geti mælt með því, að sá sem vegna heilsubrests getur ekki þjónað í embætti nema fá ár, geti fengið lífvænleg eptirlaun; ef hann missir heilsuna eða slasast á einhvern hátt, þarf hann þó að hafa svo mikið að hann geti lifað af og hans skuldalið. Jeg get ekki fundið svo mikla ástæðu til þess, að sá sem lengi hefur þjónað hafi meira tilkall til sómasamlegra eptirlauna, en hinn sem skemur hefur þjónað embætti, því að hinn fyrrverandi hefur notið hinna fullu launa lengur, og hefur því ekki til skuldar að telja fyrir liðinn tíma. Jeg felli mig því betur við, að launin sjeu ekki stórvægilega stígandi, fyrir fleiri ára embættisþjónustu; mjer finnst engin sanngjörn grundvallarástæða vera fyrir því, enda njóta þeir embættismenn, sem lengi hafa þjónað, mikils góðs af $^1/_2$ % af launaupphæðinni, sem þeir fá fyrir hvert þjónustuár eptir frv., ef það verður að lögum.

Jeg hef heyrt á umræðunum að menn hafa líka talað um frv. það, sem næst er á dagskránni, af því það standi í sambandi við frv. það, sem nú er verið að ræða, og það er rjett. Þetta nú áminnzta frv. fjekk enn fremur harðan dóm hjá spámanninum, h. varaforseta. Jeg er að sönnu enginn spámaður, en mig grunar þó, að það fái að standa nokkur ár óbreytt, ef það nær fram að ganga eða verða að lögum. Það hefur verið tekið fram, að það væri erfitt fyrir embættismanninn að geta misst part af launum sínum frá árlegri brúkun. En eptir ákvæðum frv. hygg jeg, að þessi partur, sem hann fengi ekki að ráða yfir, sje svo lítill, að embættismaðurinn muni lítið finna til hans. Það hefur enginn upplýst um það, sem mælt hefur móti frv., hve mikið gjald þetta verður; en mjer hefur talizt svo til, að fyrir mann sem fær embætti um þrítugt muni þetta gjald ekki vera meira en 36 kr. á ári af 1500 kr., sem eru lægstu laun, til þess að safna sjer ellistyrk, en hálfu minna eða 18 kr. árlega, til að kaupa sjer geymdan lífeyri; tökum svo 3000 kr. árleg laun, sem sýslumenn hafa að meðaltali; þá verður þeirra árstillag hálfu hærra fyrir ellistyrk 72 kr., fyrir geymdan lífeyri 36 kr. til 70 ára aldurs. Mjer finnst því þetta gjald muni ekki vera svo mjög örðugt eða ómögulegt að inna af hendi.

Sumum hefur fundizt það ótilhlýðilegt, að fastsetja þetta með lögum. Mjer getur þó ekki fundizt það; auðvitað væri betra að embættismennirnir gjörðu þetta af frjálsum vilja. En hvernig á að fara að, þegar menn viðurkenna þó að þetta sje nauðsynlegt, enda fyrir alla menn, en þeir sem geta gjört þetta, gjöra það þó ekki að heldur? Mjer finnst ekkert vera á móti því, að embættismennirnir gangi í þessu á undan öðrum með góðu eptirdæmi.

Jeg vona því, að mál þetta fari vel í þessari h. deild, menn verði samhuga um að fella það ekki við þessa umr.; jeg mun ekki láta standa á mínu atkv.

Grímur Thomsen: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) var í atlögu sinni gegn mjer líkur Gissuri jarli, þá er hann hjó Sturlu Sighvatsson, að það sá undir hæla honum.

Jeg sagði um daginn, að regla sú væri höfð á Englandi, sem hjeti „Superannuation“: að tekið væri af launum embættismanna viss upphæð og lögð í sjóð og þeim síðan greidd eptirlaun af þeim sjóði. En þar sem h. þm. sagði, að eptirlaunin væru á Englandi 80 milj. kr., þá

stendur öðruvísi á því, og það er undantekning sem gjörð er með 3 æðstu ráðherrana, að þeir geta fengið eptirlaun eptir 2 ára þjónustu, ef þeir sanna það, er þeir fara frá embætti, að þeir þurfi eptirlaun fyrir fátæktar sakir. Hinir lægri ráðherrarnir fá engin eptirlaun. Þetta er altsvo undantekning frá reglunni. H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefði verið betra að lesa ekki of fljótt, heldur seint og greinilega, til að geta fengið skilning af. Hjer í þessari sömu bók, sem h. þm. hefur, stendur: „Sama regla gildir um þá embættismenn, er fara frá embættum um leið og ráðgjafarnir“. Um aðra embættismenn gildir það, að þeir fái eigi eptirlaun, en með þessa fáu embættismenn er gjörð þessi undantekning. Þetta vona jeg að allir sjái að er stór munur og allt annað en það sem gildir um eptirlaun t. a. m. í Danmörku. Yfir höfuð gildir reglan um „Superannuation“, en undantekning frá þeirri reglu er gjörð með þessa fáu embættismenn. Jeg sje í þessari bók, að mjög lauslega er talað um eptirlaunin. En hitt er víst að þessar 80 milj., sem taldar eru til eptirlauna, eru áður komnar í ríkissjóð við þessa „Superannuation“. Jeg skora á h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.), að sýna hið mótsetta, ef hann getur.

E. Th. Jónassen: Þetta er alveg skakkt hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Hjer stendur beinlínis svo í þessari bók, að allir enskir embættismenn hafi eptirlaun, en að það sje sjerstökum skilyrðum bundið með ráðgjafana og kanzlarann; og að það sje því *undantekning* með þá. Það er ekki minnzt á það einu orði, að embættismennirnir sjeu áður búnir að borga þetta fje inn í ríkissjóðinn, og þetta er því allt annað en það, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði við 1. umr., *að enginn embættismaður á Englandi fái eptirlaun.*

Grímur Thomsen: Jeg hef alls ekki sagt, að embættismenn á Englandi fengju engin eptirlaun, heldur hitt, að eptirlaunum á Englandi sje komið fyrir eptir þeirri reglu, sem heitir „Superannuation“ og þetta hefði þingmaðurinn átt að vita, fyrst hann fór að tala um það.

E. Th. Jónassen: Hitt stendur þó einmitt í ræðu h. þm. Borgf. (Gr. Th.), skrifað af skrifurunnm, án þess h. þm. sjálfur hafi gjört breytingu við það.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Jeg skal láta þá 2 h. þm., 2. kgk. (E. Th. J.) og þm. Borgf. (Gr. Th.), leiða hesta sína saman út af eptirlaunununum á Englandi, og ekkert skipta mjer frekara af því; en jeg vil minnast á tvö atriði í ræðu h. 5. kgk. (A. Ó.). Hann var á móti lögunum um ellistyrk, af því, að menn í neðri deild væru að fjarlægjast ellistyrk alþýðufólks, og segir að lögin um styrktarsjóði handa alþýðufólki muni verða afnumin, og þá sje því undarlegt, að leggja þetta ellistyrksband á embættismenn fremur en aðra. Það er undarlegt, að þm. (A. Ól.) skuli geta komið með jafnveika ástæðu móti frv., ástæðu, sem byggð er á tómri ímyndun og ekki hefur minnstu sönnun í sjer fólgna. Hann sagði, að menn gætu farið frá embættum eptir fáein ár, þótt ekki væri af heilsuleysi; en af hverju þá? Víst af óreglu; en þá ættu þeir engin eptirlaun að fá, og þar sem hann var að tala um, að embættismenn hefðu opt farið frá embætti, án þess að ellilasleiki eða heilsubrestur hafi valdið því, þá hefur hann höggið nær landsstjórninni en hann sjálfsagt hefur ætlazt til. Hann sagði ennfremur, að þó menn færu úr embættum eptir 1 ár, þá fengju menn eins mikil eptirlaun, eins og þeir, sem hefðu þjónað um fleiri ár, en það er ekki rjett, því að sá, sem hefur þjónað um stuttan tíma, fær miklu minna en hinn, þar eð eptirlaunin fara ávallt hækkandi um $^1/_2$% af launaupphæðinni fyrir hvert ár, og svo bætist þá við ellistyrkurinn, sem er hár fyrir þá, sem lengi hafa þjónað, en lítill fyrir þá, sem stuttan tíma hafa í embættum verið.

H. þm. Árn. (Sk. Þ.), sagði, að enginn hefði gætt að, hve hátt þetta ellistyrksgjald væri, en jeg hef gætt að því, og það verða rúmar 73 kr. á ári fyrir 30 ára gamlan mann með 3000 kr .launum, en lífeyririnn 37 kr. 50 a.; með 2400 kr. launum verðr ellistyrksgjaldið fyrir þrítugan mann tæplega 59 kr. á ári, en lífeyrir 30 kr. Þar eð laun hinna lægstu embættismanna voru hækkuð á síðasta þingi, get jeg ekki sjeð, að þetta sje tilfinnanl. byrði fyrir þá, að inna þetta gjald af hendi, hvað þá heldur fyrir hina hálaunuðu.

Jón A. Hjaltalín: Sumir hafa talað um, að ekki væri sanngjart að menn fengi meiri eptirlaun fyrir langa þjónustu en stutta. Jeg skil ekki annað en að h. framsögum. (Þ. J.) og þm. Árn. (Sk. Þ.) vilji með þessu búa til eptirlaunalög handa þeim, sem reyna til að smokra sjer í embætti um stutta stund, og fara svo frá eða segja af sjer, án þess að vera örvasa, eins og opt hefur komið fyrir. Hvað skyldi þá hvetja þá til að vera lengur í embættum, þegar þeir að tiltölu fá hærri eptirlaun en þeir, sem lengur þjóna? Jeg er samdóma h. ldsh., að verði tillögur meiri hl. samþykktar, þá muni allt sitja við sama keip og nú, og það verði sama ósanngirnin, sem er í eptirlaunalögunum frá 1855, en sem þó eru byggð á allt öðrum launagrundvelli. Aptur á móti eru miklar líkur til, að ef till. minni hl. ganga fram, að þá verði mikið ljett á eptirlaunabyrðinni, og þykjast þá hinir hafa unnið vel fyrir land og lýð, ef þeir eru þröskuldur fyrir því, að nokkur ljettir verði á eptirlaunabyrðinni? En það mega þeir eiga víst, ef þeir greiða atkvæði með meiri hlutanum. Tillögur minni hlutans eru líka sanngjarnari og því meiri líkur til, að þær ekki að eins gangi fram í neðri deild, heldur verði einnig að lögum; það er ekki nóg að hafa augun á því, hvort eitthvað verður samþykkt eða ekki í þessari deild eða hinni, heldur verða menn og að hugsa um, hvernig þessu geti orðið framgengt í verkinu og verkandi í okkar lífi og okkar lögum, því það er eigi praktiskur löggjafi, er eigi hugsar um nema það eitt, að málið verði samþykkt í deildunum, þótt það aldrei verði samþykkt af konungi, eða tekur tillit til þess. H. þingm., sem talað hafa, hafa um leið tekið ellistyrkinn til umræðu, og sje jeg ekkert á móti því. H. framsögum. meiri hl. (Þorl. J.) og þm. Árn. (Sk. Þ.) virðast vera mjög elskir að ellistyrknum. Hvers vegna hafa þá þessir h. þm. ekki komið fram með frv. um, að hver bóndi safni ellistyrk og fái hann, þegar hann er 70 ára? ef það er gott og hentugt að taka fjárhald af embættismönnum, þá má eins taka það af bændum, blaðaeigendum og öðrum, svo að þeir sjeu undir sömu lög seldir, og að hverjum einum sje með lögum gjört að skyldu að borga svo og svo mikla upphæð á ári hverju, sem hann fær ekki fyr en hann er sjötugur eða hann er dauður. Þetta um ellistyrkinn álít jeg ekki rjett, fremur en um lagaskyldu embættismanna að sjá um framfærslu ekkna sinna, því tvær vitleysur gjöra ekki eitt vit, og það verður heldur ekki vit úr því með þriðju vitleysunni, um styrkinn, sem h. framsögum. (Þ. J.) vitnaði til á Þýzkalandi.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf eigi að tala margt, því h. framsögumaður er búinn að gjöra grein fyrir minni meiningu. H. 6. kgk. þm. (J. A. H.) skildi ekki í, hvers vegna sá fengi ekki meira, er lengur hefði þjónað. Jeg minntist áður á, að sá, sem þyrfti snemma að fara frá embætti fyrir heilsuleysis sakir, ætti rjett á að fá lífvænleg eptirlaun, og enn fremur sagði jeg, að sá sem hefði þjónað lengur, hefði þegar notið góðs af því með $^1/_2$ % eptirlaunahækkun fyrir hvert ár, og er jeg í því efni samþykkur h. framsögum. (Þ. J.), að þar er tekið tillit til þjónustuáranna. Það er rjett hjá h. 6. kgk. (J. A. H.), að jeg er með ellistyrk, og að jeg

álít hann á góðum rökum byggðan, og jeg er viss um, að hann yrði bezta meðal til að slökkva óánægju manna yfir hinni þungu eptirlaunabyrði; enn fremur þykir mjer ekkert að því, þótt embættismenn gangi á undan með góðu eptirdæmi og til fyrirmyndar alþýðufólki, en slík dæmi eru nú heldur fá, að embættismenn tryggi sjer lífeyri til elliára, og fyrst að svo er, þá hygg jeg helzt, að það þyrfti að búa um það með lögum, ef nokkuð á af að verða. Þar sem hann sagði að annað frv. ætti að koma um ellistyrk handa bændum, þá getur vel verið, að jeg ekki væri ófús á að greiða atkv. með því því það er eðlilegast og rjettast, að hver maður sjái fyrir sjer sjálfur, að því sem ástæður leyfa.

ATKV.GR.: Breyt.till. minni hl. við 1. gr. tölul. 1 felld með 6 : 5 atkv., breyt. minni hl. við 1. gr. töl. 2 samþ. með 6 : 2 atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 6 : 3 atkv.; till. um að fella 2. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. breyt. meiri hl. samþ. án atkv.gr.; 3. gr. (nú 2. gr.) samþ. með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Friðrik Stefánsson,	Árni Thorsteinsson,
Grímur Thomsen,	Arnlj. Ólafsson,
L. E. Sveinbjörnsson,	E. Th. Jónassen,
Sighvatur Árnason,	Júlíus Havsteen.
Sk. Þorvarðarson.	

Breyt. við fyrirsögn frv. samþ. með 6 atkv. Fyrirsögnin þannig breytt samþ. með 6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk (C. 284, 335); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það hefur verið talað svo mikið um mál þetta í sambandi við næsta mál á undan, að jeg finn eigi ástæðu að tala frekara um það nú, en að eins taka það fram, að eptir atkvæðagreiðslunni um næsta mál á undan er meiri ástæða til að vera með þessu frv., fyrst tillögur meiri hlutans voru samþykktar, heldur en ef tillögur minni hlutans hefðu fengið framgang.

ATKV.GR.: Allir frv.greinarnar (6) samþ. með 6 : 5 atkv. hver. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Tilllaga til þingsályktunar (C. 344); ein umr.

Flutningsmaður (Jón A. Hjaltalín): Þó nafn mitt sje undir tillögu þessari, þá er hún þó eigi komin frá mjer. Sá sem síðastur er þar á blaði er upphafsmaður hennar. Jeg gef atkv. mitt með þessari tillögu, en jeg er eigi eins fær um að mæla með henni eins og h. 4. kgk. (Á. Th.) og heldur eigi að útlista, hvernig á henni stendur. En það þarf eigi útskýringar við, að það væri hagræði fyrir menn út út um landið, að geta fengið lán mót veði í húsum, en það geta þeir eigi, nema húsin sjeu vátryggð, og það er hugsunin, að bankinn annist vátrygginguna með því að taka hærri vexti af lánunum, en það sem vextirnir væru hærri gengi til vátryggingar á húsunum, svo að þeir yrðu eigi teknir af þeim fyrir ekkert. Jeg vona að meðuppástungumenn mínir útskýri málið betur en jeg hef gjört.

Árni Thorsteinsson: Mjer finnst eigi að þurfi mikið að útskýra mál þetta; það er eigi nema tilraun frá þingsins hálfu til til að sjá, hvort eigi mætti veita kaupstöðum og verzlunarstöðum þau hlunnindi og þann hag, sem það hefur í för með sjer, að geta veðsett húseignir sínar. Hvað framförum viðvíkur, þá stendur allt í stað að mestu leyti hjer á landi; vjer sjáum að sveitabúnaðinum fer mjög lítið fram. Viðurværismegn landsbúa eykst eigi tiltölulega við fólksfjöldann og ef allt fer í lagi, má búast við, að kaupstaðir og verzlunarstaðir þurfi að geta verið viðbúnir að veita fleiri mönnum atvinnu og viðurværi,

því þangað safnast atvinnuleitendur, eins og fólkstöluskýrslurnar sýna svo ljóslega og má því búast við, að kaupstaðirnir þurfi að taka við þeim, sem verða að leita frá sveitunum, og þá er það mikilsvert, að þar geti verið svo hægt að koma ár sinni fyrir borð sem bezt má verða. Allar eignir kaupstaða og verzlunarstaða á landinu eru eptir skýrslum frá 1887 virtar á 2 milj. króna, en veðsettar fyrir rúmum 200 þús. króna. Það munar miklu í Reykjavík; þar eru húseignir allar virtar á 1 milj. og 800 þús. kr., en veðsettar fyrir 592 þús. Vitanlega eru í þessum kaupstöðum sparisjóðir, sem geta útvegað mönnum lán, en jeg held þeir geti tæplega veitt svo mikil lán, sem menn þurfa. Jeg skal geta þess, að með tillögu þessari er eigi ætlazt til, að bankanum yrði gjört að skyldu, að veita lán gegn veði í húsum kaupstaða, heldur var það tilgangurinn, að landsstjórnin og bankinn tækju til yfirvegunar, hvort eigi væri hjer verksvið fyrir bankann, til þess að styðja framför kaupstaða og verzlunarstaða og styðja atvinnuveg þeirra er þar búa. Jeg veit að það muni vera ýmsir annmarkar á því, að koma þessu á, en ef takast mætti að yfirbuga þá og eitthvað í þessa stefnu gæti komizt á, þá er mikið unnið. Ef vjer lítum á starf bankans, sjáum vjer, að það eru því nær eingöngu eigi aðrir en jarðeigendur, sem geta notið góðs af honum, að fráskildri Reykjavík, þar sem brunamálafyrirkomulagið er í lagi; þar vinnur bankinn eins og í öðru mikið gagn. Jeg álít því mikilsvert, ef hæstv. landsh. vildi taka þetta til nákvæmrar yfirvegunar og reyna að koma fram tilhögun þeirri, er tillagan fer fram á.

L. E. Sveinbjörnsson: Þar sem h. 4. kgk. sagði, að eigi aðrir en jarðeigendur gætu notið góðs af bankanum, þá er það eigi rjett; það er eigi fáum mönnum lánað upp á sjálfskuldarábyrgð, þótt þeir búi langt burtu, ef þeir hafa góða ábyrgðarmenn. En hvað tillögunni viðvíkur, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að hún komist á. Þegar að er gáð, þá er það vogun fyrir bankann, og h. 4. kgk. (Á. Th.) mun vera í fersku minni, hvernig fór í hið eina skipti, er lánað var upp á hús utan Reykjavíkurkaupstaðar. Hús það var virt 10 þús. kr., sparisóður lánaði gegn veði í því 5 þús. kr., en svo var það selt á 1400 kr., í kaupstað, sem var þá álitinn góður. Það er auðsjeð að þetta er hættulegt, en það er á valdi bankastjórnarinnar, hvort hún vill lána eða eigi, og hve mikið hún vill lána upp á hvert einstakt hús. En úr því að eigi er hættulegt að ganga inn á tillöguna, þá hef jeg ekkert á móti henni, en til þess að hún geti fengið framgang, þarf að breyta reglugjörðinni.

Árni Thorsteinsson: Það er rjett, sem h. 3. kgk. (L. E. Svb.) segir, að það gæti verið hættulegt að lána gegn veði í húsum í kaupstöðum út um land. Hann tók satt dæmi, jeg get borið um það, enda var lán það eigi stofnað með mínu ráði; en þetta kemur nú eigi málinu við; hjer er um það að ræða, hvort eigi sje hægt að ákveða í reglugjörðinni, að hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum geti haft aðgang að lánum úr bankanum, ef þau skilyrði væru fyrir hendi, sem í öllu fullnægðu bankanum. Það er rjett, sem h. þm. sagði, að jeg tók eigi nægilegt tillit til sjálfsskuldarábyrgðarlána; en þar er sjaldan um miklar upphæðir að ræða af öllu starfsfje bankans, enda þurfa ábyrgðarmennirnir að vera í eða nærlendis við Reykjavík. Fel jeg svo hlutaðeigandi mál þetta til beztu meðferðar og vona að svo ráðist úr, að það verði til góðra framfara.

ATKV.GR.: Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að íhuga sundurskipting jarða (C. 333); ein umr.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg hef leyft mjer að koma fram með tillögu þessa, ef hið h. alþingi vildi taka fyrir að íhuga hinar skaðlegu afleiðingar á landi voru, er leiða af sundurskipting jarða; jeg hef álitið það verulegt þjóðmein og held að h. þingdm. hljóti að sjá, að það er skaðlegt, hvernig enn þá hagar til og gengur í því efni. Það er mín meining, að sundurskipting jarða sje aðalrót hinna miklu sveitarþyngsla, og svo lengi, sem ei er reynt að fyrirbyggja þetta, þá ljettist eigi byrði sú, sem á sveitunum hvílir, því þurfamannastraumurinn er runninn frá þessum rótum, bæði til sjávar og sveita. Þegar þessa er gætt, þá er lítil framfaravon í landbúnaði vorum, meðan eigi er tekið í strenginn; ef einn situr á þessari þúfunni og annar á hinni, þá er lítil von að mikið verði gjört að jarðabótum, þá er eigi framtakssemi að dreifa; menn vantar, þar sem svo er þjettbýlt, atvinnuefnið, dugnað og áhuga; dæmin eru deginum ljósari. En það er eigi einasta þetta viðvíkjandi áhuga til jarðabóta, sem þessi sundurskipting jarða er eyðileggjandi, heldur leiðir hún og til þess, að skepnur manna hafa eigi frið, þær eru reknar úr einum stað í annan og gjöra þær því minna gagn en annars af því þær hafa hvergi frið. Í þriðja lagi geta menn naumast varið slægjur sínar; skepnunum er sigað í allar áttir. Ókostirnir við þetta eru yfir höfuð að tala óteljandi og vil jeg því eigi fara að telja þá fleiri upp á þessu stigi málsins, og meðan jeg eigi heyri neinar mótbárur. Jeg ímynda mjer að öðru máli yrði að gegna með framfarir í búnaði, ef þetta fengi fram að ganga og reistar yrði skorður við þessari sundurskipting; þá yrði kraptmeiri og betri fjelagsskapur til framkvæmda og framfara; jeg held að það sje víðar á landinu en þar sem jeg þekki til, þar sem fjelagsskapur er torveldari sökum margbýlis.

Jeg hef leyft mjer að leggja það til, að nefnd yrði skipuð til að hugsa mál þetta milli þinga, að hún komi svo með ákveðnar tillögur. Þetta er vandamál, sem þyrfti góðan undirbúning til þess að komast í gott horf. Það er auðvitað nýmæli nú, að skipa nefnd milli þinga, en það er þó til í þingsögu vorri, og var gjört í skattamálunum, landbúnaðarmálunum og brauðamálinu. 2 af hinum fyrnefndu málum höfðu að minnsta kosti mjög gott af undirbúningi nefndarinnar, bæði af upplýsingum og tillögum hennar. Jeg held menn viti dæmin, er um vandamál er að ræða, að þau eru opt illa undirbúin áður en þau koma fram, svo að þingið getur eigi leitt þau til lykta á æskilegan hátt. Jeg ætla svo eigi að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en bíða átekta.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að benda h. framsögum. (S. Á.) á, að formið á tillögunni muni eiga vera svo, að hún geti orðið samþykkt eins og hún er. Það er vitaskuld að það hefur talsverðan kostnað í för með sjer, að skipa 5 menn í nefnd; það þarf því að veita fje til þess; h. framsögum. (S. Á.) hefur viljað sjá fyrir því, með því að setja í enda greinarinnar: „Kostnaður greiðist úr landssjóði“. En landsstjórnin getur eigi tekið tillit til þess, þó fjárveiting sje samþykkt af þinginu í ályktunarformi; fjeð verður að vera veitt í fjárlögunum eða fjáraukalögunum samkv. 24. gr. stjórnarskrárinnar.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma h. flutningsm. (S. A.) um það, að sundurskipting jarða er mjög hættuleg, en mjer er eigi kunnugt um, að mikil brögð sjeu að því nema í Skaptafellssýslu og undir Eyjafjöllum. Jeg veit, að í Skaptafellssýslu er margbýli, en þar hefur ábúendum verið fækkað á umboðsjörðum á síðari árum af umboðsstjórninni, og nú hefur á alþingi verið samþykkt tillaga um að

halda því áfram. Jeg veit eigi til að þessi sundurskipting eigi sjer stað annarstaðar til sveita, og þó hún eigi sjer stað í þessum tveim sýslum, þá finnst mjer eigi ástæða til að fara að kveðja 5 menn í nefnd til þess að lagfæra það, sem jeg held að lagist af sjálfu sjer. Þeir sem eiga jörð, sjá sjer sjálfir fyrir beztu, að hafa eigi marga ábýlismenn á jörð sinni.

En hvað viðvíkur fjölda þurrabúðarmanna, þá er það satt, að hann er mikill, en jeg verð að halda mjer til þeirra laga, sem við höfum um þurrabúðarmenn og fela það mál umsjá hreppsnefndanna í sjávar-sveitunum. Jeg skal benda á það, ef þilskip fjölga, þá þarf marga menn, og munu flestir af þeim vera þurrabúðarmenn; auðvitað getur rekið að því, að þessir menn á fiskileysisárum falli sveitarfjelaginu til byrði, og eiga þá mjög bágt, eins og flutningsm. þingsályktunarinnar benti á. Það liggur í atvinnuveg þeirra; en hið sama á sjer stað erlendis; þegar atvinna bregzt þar, þá eiga verkamenn þar einnig mjög bágt og verða að fá styrk til þess að geta lifað.

Jeg sje eigi, að nefnd geti sett betri eða hentugri ákvæði um þurrabúðir en þau, sem núgildandi lög hafa inni að halda; og þó talsverð sundurskipting jarða sje í tveim sýslum landsins, þá álít jeg, sem sagt, óþarfa, að skipa nefnd milli þinga til þess að búa til frumvarp til laga til þess að ráða bót á slíkri sundurskipting, og því er jeg eigi með þingsályktuninni.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal geta þess viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði um kostnaðinn, að ef deildin á annað borð vill vera með tillögunni, þá er hægur nær að koma kostnaðinum að, eptir því sem nú stendur á með fjárlögin. Ef h. deild vill hallast að tillögunni, þá mun hún einnig hallast að því, að taka kostnaðinn til greina í fjárlagafrumvarpinu, að hann greiðist úr landssjóði. Þar sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) gat þess, að þessi skaðlega sundurskipting ætti sjer eigi stað nema í þessum tveim sýslum, sem hann tiltók, þá held jeg, að það sje eigi alveg rjett athugað; hún mun eiga sjer meira og minna stað í öllum sýslum landsins, því held jeg engin geti neitað, en auðvitað er það misjafnt. En jeg legg minni áherzlu á fjölda þurrabúðanna, sjer í lagi vegna þurrabúðarlaganna; jeg ímynda mjer, að þau lukkist vel, ef þeim er framfylgt, og eiga nokkra framtíð fyrir sjer.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal játa að þetta ástand geti átt sjer stað þar, sem h. flutningsm. (S. Á.) þekkir til, en víða á landinu eru stór svæði, þar sem hvorki er sundurskipting jarða nje þurrabúðafjöldi; þannig get jeg tekið til dæmis Húnavatnssýslu, Eyjafjarðarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og jafnvel Skagafjarðasýslu. Í Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu vantar einmitt fólk mjög tilfinnanlega; jarðir eru jafnvel í eyði í N.-Þingeyjarsýslu, þó þær annars sje byggilegar. En eitt er víst mörgum ókunnugt um og vil jeg því spyrja h. flutningsm. um: Hver ráð ætti nú þessi 5 manna nefnd að hitta til þess að bæta þetta vonda ástand, þetta margbýli og þenna erfiða fjelagskap, líklega sökum margbýlisins? Ef rjett skoðun er í tillögunni, þá er ofmargt fólk á jörðunum þarna eystra í samanburði við það, sem þær af sjer gefa; en aðgætandi er, að arðurinn af búskapnum er mjög undir mönnunum sjálfum kominn. Jeg hygg, að h. flutningsm. (S. Á.) hefði eigi á móti því, þótt 1000 menn væri á einni jörð, ef allir græddu. En fyrir norðan geta menn eigi ræktað jarðir sínar vegna vinnuafialeysis og það þó þeir hafi efni til þess að láta gjöra það. Jeg gæti nú kennt ráð við margbýli þessu, og það er að senda fólkið norður. Eður ætti heldur að flytja það af landi burt, en hvert? Til Ameríku? Hvað á

að gjöra við menn, ef þeir eigi vilja vinna og rækta jörðina?

Að sveitarþyngsli komi af þessu margbýli og þurrabúðafjölda getur verið, en sveitarþyngslin koma alls ekki eingöngu af því; þau eru eins þar, sem eigi er kvartað um margbýli, sundurskifting jarða og þurrabúðafjölda. Vér getum sagt, að því fleiri sem orsakirnar eru til eins, því minni ástæða er til þess, að skella skuldinni eingöngu á eina orsökina, svo sem margbýlin.

Jeg vona að h. þm. Rangv. (S. Á.) muni, að hann var hvatamaður að þurrabúðarmannalögunum í sinni tíð. Lögin eru til; „þeir hafa Móses og spámennina, hlýði þeir þeim“. Nú ætti h. flutningsm. eigi að biðja um 5 manna nefnd til breytingar á slíku gersemi. Dugnaður verður eigi barinn inn í fólk með lögum; það er mín sannfæring; og jeg hef haft þá skoðun, sem verið getur að sje skökk, að menn ættu heldur að vinna fyrir sjer með sínum eigin höndum og höfði, heldur en með pappír og prentsvertu, eður lagasneplum.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Jeg gleymdi áðan að minnast á athugasemd h. 2. kgk. (E. Th. J.) um, að landsdrottnar sjálfir mundi sjá gallana á þessu og ráða bót á þeim, en eptir því sem jeg þekki til, hefur reynslan sýnt allt annað, því sumir hafa fjölgað býlum í stað þess, að fækka þeim, og haft mest fyrir augum stundarhag sjálfs síns o. s. frv. H. 5. kgk. (A. Ó.) ætla jeg ekki að svara, þar sem hann er að leika sjer að málinu; hann um það; hann spurði hvað ætti að gjöra við fólkið; hann leggur þetta út á þann hátt, að meining sje að taka þá alla upp nú þegar, sem eru á smábýlunum og tæta þá í sundur, en það er alls ekki mín meining, heldur hitt, að sameina býlin smátt og smátt, þegar þau losna, og að hjer þyrftu lög að koma til; svo framarlega að ekki er komið í veginn fyrir smábýlafjöldann, á landbúnaðurinn naumast uppreisnar von, en að landsdrottnar sjálfir steypi saman smábýlunum, er undantekning, þegar það kemur fyrir. Jeg held að ástandið verði æ verra og verra verði þessu ekki kippt í lag með lögum; þótt h. þm. ekki þykist skilja, að betra sje að hafa stærri jarðir til ábúðar, en 2 til 3 hundruð, þá held jeg samt að menn betur geti neytt krapta sinna, og að kraptarnir verði meiri á hinum stærri jörðum; menn hafa sumstaðar til eldsneytis teðsluna, en hafa eigi hugmynd um eða hirðu á brúka mótak, og á sumum stöðum er það ekki til o. s. frv.; er þetta framfaralegt? Hvað teðsluna snertir, þá eru því fleiri eldar, sem býlin eru fleiri, eins og gefur að skilja. Jeg hygg því þessi sundurskipting gjöri landbúnaðinum mesta tjón; það er fjarri mjer að lasta ráð búfræðinganna, en þau hafa enn sem komið er ekki komið að notum á smábýlunum, sem ekki er von; því þar eru þau ekki brúkuð.

Jeg vona að h. þingdm. felli ekki málið á þessu stigi, heldur lofi háttv. Nd. að fá það til meðferðar.

ATKV.GR. Tillagan felld með 8 : 1 atkv.

Þrítugasti og fjórði fundur, þriðjudag 11. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 341); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg lít svo á frv., að það sje eigi vel tímabært, einkum að því er 2. gr. snertir, þar sem gjört er ráð fyrir, að ef þetta verði að lögum, þá komi það eigi til framkvæmda, fyr en sá maður sje skipaður bankastjóri, sem eigi hafi neinum embættisstörfum að gegna.

Maður gæti nú hugsað, að sá bankastjóri, sem nú er, verði svo og svo mörg ár, og líti maður á upphæð þá sem hinir aðrir tveir starfsmenn bankans eiga að fá í laun eptir þessu frv., þá kemur hún heldur eigi til framkvæmda fyrr en eptir því sem segir í 2. gr. Að þessu slepptu vil jeg vekja athygli manna að þessum 2 sýslunarmönnum, sem jeg talaði um.

Sveitamönnum þykir það mjög óþægilegt, að bankinn skuli eigi vera opinn nema 2 stundir á dag; aptur virðist eigi tiltækilegt að ætlast til, að bankinn sje opinn lengur, nema því að eins að launin sjeu hækkuð. En úr því að h. Nd. samþykkti að hækka laun starfsmanna bankans, þá virðist svo sem sú viðbót ætti að koma til greina sem fyrst, til þess, að bæta úr þessu fyrirkomulagi, sem nú er, og veita þeim þessa viðbót með því skilyrði, að bankinn yrði hafður opinn svo sem 4 til 5 stundir á dag, að minnsta kosti þegar ferðalög eru tíðust, á vorin og haustin. Jeg vildi vekja máls á þessu, því jeg ímynda mjer, að sumir af h. deildarm. mundu verða á sama máli og vilja styðja að breytingu í þessa átt til 2. umr.

Grímur Thomsen: Má jeg stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin í málið.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 9 : 1 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 30, 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Islandi o. fl. (C. 342.); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Það væri æskilegt, að lægi fyrir upplýsingar um ástæður þær, sem það er byggt á, að menn vilja fara að leggja Austur-Skaptafellssýslu undir austurumdæmið; jeg get eigi fengið neina upplýsingu um það hjá neinum manni í þessari h. deild; til þess þyrfti að vera einhver, sem er kunnugur bæði í Austur-Skaptafellssýslu og Suður-Múlasýslu; jeg hef heyrt það sagt, að margt væri líkt með þeim, og samgöngur milli þeirra væri tíðar og þess vegna væri æskilegt að sameina þær þannig, að innlima Austur-Skaptafellssýslu í austuramtið. En jeg hef enga vissa fyrir þessu, eða rjettara sagt, mig vantar upplýsingar um, hvernig í þessu liggur. En er vjer lítum á Íslandskort, þá sjáum vjer þegar, að það er lengra milli sýslumannsins í Austur-Skaptafellssýslu og amtmannsins í Norður-amtinu, heldur en milli sýslumannsins og amtmannsins í Suður-amtinu. Ef þessi skipting kæmist á, þá væri nær því ómögulegt að koma brjefum á milli amtmanns og sýslumanns í tæka tíð. Jeg get, svo jeg nefni dæmi, eigi sjeð, að hægt sje að fullnægja lögum um sveitastjórn viðvíkjandi ákvæðum um reikninga sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs. Reikningar þessir eiga að sendast amtmanni svo fljótt, að hann geti verið búinn að rannsaka þá og senda þá aptur til sýslumanns, ef þörf gjörist, svo fljótt, að þeir geti verið komnir til forseta amtsráðsins fyrir fund ráðsins. Þann, sem skal haldinn snemma í júnímánuði. Ennfremur vil jeg geta þess, að amtmenn tiltaka fundarstað amtsráðanna, og ef nú fund ætti að halda í Norður-Þingeyjarsýslu, þá mundi amtráðsmanninum í Austur-Skaptafellssýslu þykja fundurinn nokkuð torsóttur. Mjer finnst yfir höfuð óviðkunnanlegt, að leggja sýslu eða part úr einni sýslu undir annað amt að því, er viðkemur sveitastjórn; jeg kynni betur við að Austur-Skaptafellssýsla væri sameinuð að *öllu leyti* við Norður- og Austuramtið, og t. a. m. innlimuð í Suðurmúlasýslu, þannig, að 3 nyrstu hrepparnir úr henni sem sje Eyðaþinghá, Vallahreppur og Mjóafjarðarhreppur, væru lagðir undir Norður-Múlasýslu, eða þá að breytingin yrði gjörð á þá leið, að 3 sýslumannsembætti yrðu stofnuð upp úr þeim 3 sýslum, sem nefndar voru; jeg býst nú samt

eigi við, að hið síðarnefnda fyrirkomulag finni náð fyrir augum fjárveitingarvaldsins. Hvað mig sjálfan snertir, þá er jeg eptir veitingabrjefi mínu eigi skyldur til og verð eigi skyldaður til að gegna embættisstörfum í Austur-Skaftafellssýslu; jeg er skipaður yfir Norður- og Austuramtið, en eigi yfir neinn part Suður- og Vesturamtsins. Menn kunna að skoða svo, sem það sje meinsemi úr mjer að hreyfa þessu, og menn segi sem svo, að það sje enginn verknaðarauki fyrir mig, að taka að mjer amtsráðsforsetastörf að því leyti, er snertir Austur-Skaptafellssýslu; en afleiðingin af hinni fyrirhuguðu breyting yrði þó sú, að jeg þyrfti að koma þar við og við. Jeg vona að menn taki eigi hart á mjer, þó jeg nú sje heldur tregur til að standa upp með þeim mönnum, sem vilja þessa breytingu, er svo jafnframt strefa í því, að afnema amtmannaembættin.

E. Th. Jónassen: Útaf ræðu h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) vil jeg taka það fram, að frv. þetta kom fram í h. Nd. eptir eindreginni ósk manna í Austur-Skaftafellssýslu. Hjer á lestrarsalnum liggja skjöl, sem sýna, að sýslunefndin hafi verið því mikillega meðmælt. Þeir þykjast hafa meiri viðskipti við menn í Suður-Múlasýslu heldur en í Vestur-Skaptafellssýslu og þess vegna hafa þeir óskað þessa. Jeg skal eigi orðlengja meira um mál þetta; jeg get eigi sjeð nein tormerki á því, að koma þessu á; í því get jeg eigi verið samdóma h. 1. kgk. (Júl. H.).

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi frv. þessu, að mjer virðist það mjög óviðkunnanlegt að fara nú þegar að breyta lögum, sem eru enn eigi komin til framkvæmda. Það er því engin reynsla fengin fyrir því, hvort framkvæmd laga frá 11. júlí 1890 er þægileg eða óþægileg fyrir Austur-Skaptafellssýslu, hvort það muni vera hagkvæmt fyrir hana eða ekki, að vera í því amti, sem ráðgert er með nefndum lögum að stofna fyrir austan, fyrir báðar Múlasýslurnar og Norður-Þingeyjarsýslu. Jeg er einnig samdóma h. 1. kgk. (J. H.) í því, að það er nokkuð óeðlilegt, að Austur-Skaptafellssýsla skuli í umboðslegu tilliti eiga að vera undir Suðuramtinu, en sem sveitafjelög tilheyra Austuramtinu. Hitt sýnist mjer aptur á móti betur um, sem h. sami þm. minntist á, og sem hefur lauslega komið til tals okkar í milli, að það mundi ekki vera ótiltækilegt að gjöra breytingu á sýslunum á þann hátt, að Austur-Skaptafellssýsla væri sameinuð við Suður-Múlasýslu, og nokkur partur af Suður-Múlasýslu væri sameinaður við Norður-Múlasýslu; þá gæti og komið til álita, að sameina Vestur-Skaptafellssýslu við Rangárvallasýslu. Það hefur áður á þinginu verið látið í ljósi að æskilegt væri að fækka sýslumannaembættum á þann hátt, að sameina 2 sýslur; þannig hefur komið til tals að sameina Dalasýslu og Strandasýslu, og sömuleiðis Rangárvallasýslu og Vestmanneyjasýslu. En jeg hygg að engum muni blandast hugur um, að það muni þó gjörlegra, að sameina Vestur-Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu, heldur en Vestmanneyjasýslu við Rangárvallasýslu og jafnvel gjörlega heldur en Strandasýsla og Dalasýslu. En þetta fyrirkomulag er enn þá ekki komið lengra en í hug okkar, — er að eins hugmynd, sem vantar allan undirbúning. Jeg hygg samt að ekki sje neinu spillt, þótt beðið sje til næsta þings með þessa fyrirhuguðu sameining á Austur-Skaptafellssýslu við Austuramtið, því að fyrir þann tíma mætti undirbúa það, hvort tiltækilegt þætti það fyrirkomulag, sem jeg hef bent á, og ef það reyndist svo, mundi það leiða af sjálfu sjer, að Austur-Skaptfellingar fengju vilja sínum og óskum framgengt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um löggilding verslunar-

staðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 342); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. umræðulaust vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 342); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leggja það til, að frv. þetta fái góðan byr hjer í þessari h. deild, því að eins og h. þingdm. er kunnugt, fer það fram á það, að veita tveimur af hreppsnefndarmönnum dálitla þóknun, sem sje oddvitanum og fjehirðinum og hvortveggi þessi starfi bakar þeim mönnum sem hann hafa á hendi töluvert ómak. Þóknun þessi sem farið er fram á að veitt sje með fullu samþykki hreppsbúa, er í sjálfu sjer ekki háreist, að eins 4% af sveitargjöldum þeim, sem gjaldkerinn innheimtir, og 25—75 kr. handa oddvitanum, eptir stærð hreppanna. Það er ekki hægt að segja, að þessi borgun sje mikil, en hún getur þó haft góðar afleiðingar, þær afleiðingar sem sje, að þeir menn, sem hæfastir eru til þessa starfa mundu fremur eptirleiðis fást til að halda þeim starfa áfram en nú gerist, þar sem hver og einn kastar þessu frá sjer jafnskjótt sem hann hefur verið hinn lögákveðna tíma, og það er til mikils skaða fyrir sveitarfjelögin.

Jeg vil því mæla hið bezta með, að frv. fái að ganga leið sína óbreytt, því að jeg álít að það sje svo úr garði gert í alla staði, að vel megi við una.

Arnljótur Ólafsson: Jeg vil og styðja að því, að frv. þetta geti fengið framgang. Eins og kunnugt er fengu hreppstjórarnir þá fyrst laun af landsjóði, er þeir voru losaðir við fátækramálin; þeir hjeldu þá að eins eptir þeim málum, er þóknun er greidd fyrir, svo sem uppskript búa, úttekt jarða og að vera stefnuvottar. En fátækramálin voru þeir losaðir við, og það eru þó þau, er mesta kosta fyrirhöfn. Mjer virðist það því ósanngjarnt, að þar sem hreppstjórar fá dálitla þóknun af landssjóði, skuli hreppsnefndaroddvitar, er svo mikla hafa fyrirhöfn, hafa eigi neina þóknun af hreppsbúum. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er mjög óheillavænleg, því að af þessu launaleysi og ójöfnuði í samanburði við hreppstjórana leiðir það, að flestir oddvitar og gjaldkerar í hreppi afsaka sig og fara frá jafnskjótt sem þeir verið hafa við það starf í 3 ár, — einmitt þá er þeir eru farnir að kynnast hreppsmálum að nokkru ráði, svo og þeim mönnum, er þeir eiga yfir að ráða. Það má ganga að því sem vísu, að ýmislegt af því, er nú fer eigi svo vel sem skyldi í sveitarstjórninni, er sprottið af þessu, að þessir menn enga þóknun hafa og því enga hvöt til að halda lengur en 3 ár áfram starfi sínu.

Jeg vil því mæla fram með frv. þessu; jeg hygg að það muni verða hreppunum sjálfum mest í hag, ef þessi þóknun gæti komizt á.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Þrítugasti og fimmti fundur, miðvikudag 12. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 369); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Af því jeg ímynda mjer að umræður á þessu stigi málsins hafi ekki mikið að þýða, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje kosin í það.

Grímur Thomsen: Af því að h. forseti hefur ekki tekið nema þetta eina mál á dagskrá, þá ímynda jeg mjer, að hann hafi búizt við, að umræður yrðu um það; mjer finnst nokkuð snemmt, að setja nefnd þegar í stað, áður en málið er nokkuð rætt, þó nefnd sjálfsagt verði sett.

Forseti: Jeg álít það vera komið undir þingdm. sjálfum, hvort þeir vilji setja

nefnd strax, eða ræða það áður, og leyfi jeg mjer að bera það undir atkv.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykkt með 8 atkvæðum, og í hana kosnir.

Jón A. Hjaltalín	9	atkv.
Arnljótur Ólafsson . . .	9	—
E. Th. Jónassen	9	—
Friðrik Stefánsson . . .	6	—
Skúli Þorvarðarson . . .	7	—

Var svo 1. umr. málsins frestað.

Þrítugasti og sjötti fundur, fimmtudag 13. ágúst. kl 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 387); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt í e. hlj. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka, dags 18. sept. 1885, 25. gr. (C. 341, 384, 391,); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg þarf eigi að tala mikið um breytingartillögu mína; hún fer einungis í þá stefnu, að færa frv. aptur í það horf, sem það hafði upphaflega. Jeg skal einungis taka það fram, að undir tölulið 1 við 1. gr. undir staflið b, hef jeg bætt við á eptir orðinu „embættisstörf" orðunum: „eða önnur atvinnustörf", af því að mjer finnst óeðlilegt, að bankastjóri hefði nokkurt annað starf á hendi, t. d. verzlunarstörf, en eptir orðum frumv. er ekkert á móti því, að hann hafi önnur störf á hendi, svo sem verzlunarstörf, en jeg get hugsað, að það gæti þó komið í bága við hagsmuni bankans. Annað hef jeg eigi sjerstaklega að athuga við breytingartillögu mína. Jeg hafði breytingartillögu áður á þingskj. 343, en þar var rangprentan, og tek jeg hana því aptur, þar eð hún er ónýt.

Landshöfðingi: Af breytingartillögum þeim, sem komið hafa fram við frv þetta, vil jeg helst mæla með þeirri, sem er á þingskjali 356, það er að segja staflið a og b við 1. gr., af þeim ástæðum, sem h. 6. kgk. (J. A. H.) tók fram.

Að því er snertir fyrra atriðið, þá álít jeg nauðsynlegt, að laun framkvæmdarstjóra sjeu eigi lægri 5 þús. kr., ef hann á eigi að þurfa að hafa önnur störf á hendi og landsstjórnin á að geta valið um hæfa menn í þá stöðu. Aptur á móti get jeg eigi mælt með breyt.till. undir staflið c og d, því mjer finnst það ofmikill ójöfnuður milli bókara og gjaldkera, ef bókari hefur 2 þús., kr. en gjaldkeri 2 þús. kr. og auk þess $^1/_2{}^0/_{00}$ af inn- og útborgunum. En jeg álít rjett að halda þessari 2400 kr. launaupphæð handa bókara og 2000 kr. handa gjaldkera, að viðbættri $^1/_2{}^0/_{00}$, sem eptir því sem nú stendur á, mundi verða 2600 kr., og álít jeg það hæfilegan mun á þeim, af því að gjaldkeri verður að hafa ábyrgð á sjóðnum, sem hæglega getur munað þessari upphæð.

Því næst vil jeg mæla með breyt.till. á þingskjali 369, við 2. gr. undir staflið a og b. Breyt.till. á þingskjali 372 fer í líka stefnu og breytingin við 2. gr. á þingskjali 369; en ef breytingin á þingskjali 356 b. verður samþykkt, þá fellur betur við að samþykkja breyt.till. við 2. gr. á þingskjali 369 heldur en breytinguna á þingskjali 372, en báðar ganga þær hjerum bil í sömu átt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg skal samkvæmt orðum h. ldsh. og sömuleiðis samkvæmt því, sem mjer hefur orðið kunnugt um, síðan jeg gjörði breytingartillöguna, taka aptur breytingarnar við 1. gr. undir staflðunum a og b. Jeg fór eptir því, að fjehirðar í öðrum löndum hafa meiri laun heldur en bókarar, en það kemur til af því, að bókarar hafa þar aðstoðarmenn. Jeg skal geta þess, að breyting mín við 2. gr. er þannig orðuð, af því mjer fannst það eiga betur við eptir ástæðum, hún

hefur það fram yfir breyt.till. á þingskjali 372, að sá framkvæmdarstjóri, sem nú er, getur haft gott af þessum lögum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. gr. Jeg kann illa við, að þeim framkvæmdarstjóra, sem frá því fyrsta hefur verið við bankann, sem hefur staðið vel í stöðu sinni og útvegað svo góða trygging fyrir veðskuldum bankans, svo hann eigi hefur tapað neinu, sje vikið frá. Það er líklegt, að bankinn hafi aðra stefnu nú og þó einkum hjer eptir, síðan hann komst á fastan fót; það er því óviðkunnanlegt að veita hinum núverandi framkvæmdarstjóra eigi viðurkenningu, heldur gjöra honum ómögulegt að vera við starfa þennan, ef hann vildi.

Grímur Thomsen: Jeg hefði búizt við því, að einhver, sem þekkir ástand bankans betur en jeg, mundi benda á, hverjar afleiðingar það hefði fyrir bankann, ef frv. þetta yrði að lögum. Reynslan hefur sýnt, að bankinn hefur blessazt vel, honum hefur vaxið fiskur um hrygg, meðfram af því, að gjöld þau, sem á bankanum hvíla, eru svo hófleg. Jeg hef hjer reikning bankans frá 1. apríl til 30. júní árið 1891; jeg vil nú sýna fram á, hvaða árstekjur bankinn hefur og hvaða gjöld leggjast á hann, ef frv. þetta verður að lögum. Í seðlum hefur hann nú

430,000 kr.

Rentan af því er	13,000 kr.
Sparisjóður á 559,782 kr.	
Renta af því með 1% er .	5,597 —
Varasjóður er 105,000 kr.	
Renta af honum er . . .	3,675 —
Samtals	22,272 kr.

Peningaforði bankans er 156,000 kr. Rentan af því dregst frá, en væri hún arðberandi, þá væru það 6,760 kr., sem dregið frá hinni upphæðinni verður 15,512 kr.

En útgjöldin mundu samkvæmt frv. og breyt.till., verða þessi.

Laun handa framkvæmdarstjóra:

5,000 kr., áður 2,000 kr.

laun handa bókara:

2,200 kr., áður 1,000 kr.

laun handa fjehirði:

2,200 kr., áður 1,000 kr.

mistalningsfje:

700 kr., áður „ „

laun handa 2 gæzlustjórum:

1,000 kr., áður 1,000 kr.

laun handa endurskoðara:

500 kr., áður 500 kr.

hús, bækur og fl.:

1,334 kr., áður 1,334 kr.

12,934 kr., áður 6,834 kr.

Ef frv. þetta nær fram að ganga verða útgjöldin þannig nær því tvöfalt meiri en þau eru nú. Ef nú útgjöldin eru dregin frá tekjunum, 15,512

þá verða eptir: 12,934

2,578,

2,578 kr., sem eiga að vera fyrir vanhöldum og til að fullnægja þeim kröfum, sem nú er farið að gjöra til bankans, að setja útibú á einum eða tveim stöðum, þó að varasjóður sparisjóðs sje 25 þús. kr., þá hefur bankinn eigi ráð yfir öðrum varasjóði en sínum eigin, sem er 83 þús. kr. Jeg held að hjer byrji hinar 7 mögru kýr, þó hann hafi haft hinar 7 feitu; jeg sje eigi betur en að þetta ástand bankans leyfi eigi að gjöra stórkostlegri breytingar en þær, að bæta laun bókara og gjaldkera. Það er enn ein athugasemd, sem jeg vil gjöra, að með því að það var játað í h. Nd., að bankanum væri vel stjórnað og að honum hefði vaxið fiskur um hrygg undir yfirráðum hins núverandi framkvæmdarstjóra, þá er það undarleg þakklátssemi, að vilja nú fara að bola honum burtu. Sú þakklátssemi tíðkaðist eigi fyrmeir, en hún fylgir líklega með framförum hinna nýrri tíma. Loks vil jeg bæta því við, að þá er um embættismenn stjórnarinnar er að ræða, þá eru menn seinir til að finna að og dregið í lengstu lög að víkja þeim frá. En hjer er farið fram á slíkt. Hvers

vegna? Af því að hann er sparsamur, gætinn og duglegur; þetta er einkennileg og þjóðleg skoðun, sem mundi þykja nokkuð annarleg í öðrum löndum. Að endingu álít jeg bezt, að í annari eins stofnun og bankanum sje framkvæmdarstjóri lagamaður. Menn munu svara mjer því, að það sje nóg að hafa juridiskan consulent. Er það í Danmörku? Fyrir þjóðbankanum er konunglegur fulltrúi, sem sje dómsmálaráðherrann, og sömuleiðis við verzlunarbankannn. Hæstarjettarmálafærslumaður Klubien er bankastjóri, í Landmandsbankanum, þar er einnig stjórnarfulltrúi Bache, stjórndeildarstjóri í innanríkisráðaneytinu, sem er lagamaður. Jeg sje, að stefnan muni vera sú, að láta bankastjórnina komast í hendur þeim mönnum, sem eigi er gjört að skilyrði að vera lagamenn. En í breytingartill. á þingskjali 356 er honum þó geymdur rjettur til að vera kyrr, ef hann vildi einskorða sig við að vera eigi neinum öðrum störfum háður en bankastörfum. Jeg skal lýsa því yfir, að, eins og jeg sje, að það er nauðsynlegt og æskilegt, að embættismenn við bankann fái hærri laun, þá sje jeg eigi annað en það sje í óhag fyrir bankann, að breyta til og víkja bankastjóra frá öðruvísi en svo, að landshöfðingi samkvæmt gildandi lögum geti sagt honum upp, þá er hann vill.

Það er eigi rjettlátt við annan af hinum lægri embættismönnum bankans, að láta báða hafa hin sömu laun, en bæta svo við hinn $^1/_2$ $^0/_{00}$; jeg vildi heldur að launin yrðu jafnari og að fjehirðir hefði $^1/_5$ $^0/_{00}$ í viðbót við hin föstu laun, því hitt þykir mjer heldur. mikið.

ATKV.GR.: Breyt á þingskj. 356 við 1. gr. allar samþ,. stafl a með 6 : 3 atkv., b með 8 samhlj. atkv.; c—d með 6 : 5 atkv. hvor; 1. gr. þannig breytt samþ. með 7 atkv.; breyt. við 2. gr. (þingskj. 356) felld með 8 : 2 atkv., breyt. við 2. gr. (þingskj. 369) samþ. með 6 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 atkvæðum.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 367, 390); 3. umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Nefndin hefur komið fram með breyt.till. þær, sem eru á þingskj. 366, af því henni virtist þær vera nauðsynlegar, eptir þeim undirtektum, sem mál þetta fjekk við 2. umr. Það er fyrst við 2. gr. 3. málslið, að í staðinn fyrir „einn maður“, komi „maður einn“, af því það er ljósara, en hitt getur þýtt annað. Svo er það önnur breyting, að aptan við 3. gr. frv. 3. málslið, komi: „nema með ádrætti“. Þetta virtist nefndinni nauðsynlegt, til þess að reglurnar fyrir friðuninni yrðu ekki brotnar, því ef veiða má með smáriðnum netum, þá má taka allan lax, einnig smálax. Svo hefur nefndin lagt til, að bæta nýrri málsgrein aptan við 3. gr., nfl., að til vísindalegra þarfa og laxaklaks megi veiða lax á hverjum tíma árs sem er. Hvað breytinguna á 4. gr. snertir, þá þótti oss ekki ráðlegt, að ákveða sektir, því að nefndin hjelt, að þeir, sem ættu látur, yrðu óánægðir, og því því vildi hún bæta við orðinu: „og selalátra“, þannig, að selalátur sjeu ekki friðuð, nema á tímanum frá 1. maí til 1. júlí. Til upplýsingar skal jeg bæta því við, að það er, ef til vill, ekki nema 2 selalátur til í veiðiám eða vötnum á öllu landinu, annað í Húnavatnssýslu, við Húnaós, og hitt í Ölvesá, og á síðari staðnum veit jeg að veiðin byrjar um fardaga og endar kringum Jónsmessu. Jeg hygg að landselur kæpi um þetta leyti og það sje því nóg, að hann sje friðaður á þeim tíma, o: frá 1. maí til 1. júlí, en á öðrum tíma árs megi skjóta hann. Það er sjálfsagt, að í skaðabætur má dæma þann, er brýtur

móti lagaákvæðinu, eða skýtur á öðrum tíma en leyfilegt er, eptir þeim lögum, sem gilda. Orðin „til 2“ í 5. gr. frv., höfum vjer lagt til að falli burt, af því það er ekki líklegt, að í stórám verði veitt í kistum, er minna sje bil milli spela en 2 þumlungar, og því ekki hætt við, að þar sje veiddur smálax, og af þessu leiðir þá eðlilega, að orðin í enda málsgreinarinnar falli burt.

Landshöfðingi: Það eru tvö ákvæði í þessu frv., sem mjer finnast einkum vera ískyggileg, og er annað þeirra í 4. gr., þar sem breytt er friðun eggvera, því ef frv. öðlast lagagildi, þá er með því umsteypt friðunarreglunum í tilsk. 20. júní 1849. Jeg held að tímatakmarkið 1. júlí sje of snemmt; menn sem eiga æðarvörp, segja, að æðarfugl verpi opt um fardaga, og er þá nokkuð snemmt að leyfa að skjóta 1. júlí. Með þessu er eptir mínum skilningi afnumin 14. gr. veiðilaganna frá 20. júní 1849, þótt mjer sje ekki ljóst, hvort þetta hafi verið meining flutningsmannanna, en það lítur svo út, að svo sje. Samkvæmt þessu verður þá leyfilegt, að skjóta nálægt eggveri allt árið, nema maí- og júnímánuði, og er það talsverð breyting frá friðunarlögunum 20. júní 1849; aptur á móti eru þar ströng ákvæði um lagningu hrognkelsaneta og annað, sem getur valdið skemmdum á æðarvarpi, sem flutningsmenn þó ekki hafa fundið ástæðu til að hreyfa við. Jeg hef sjálfur ekki svo mikla þekkingu á þessu, að jeg geti talað af eigin reynslu, en jeg hef komizt að því hjá æðarvarpseigendum, að þeim þykir þessi breyting ískyggileg.

Annað atriðið, sem mjer þykir ísjárvert við frv., er ákvæðin í 7. gr., að sýslunefndin megi breyta hverju sem helzt ákvæði laganna; reyndar er sagt, að í engu megi hagga grundvallarreglum laganna, en svo er bætt við: „eptir því sem við á í á hverri“. Hver á að ákveða um þetta? Hver, nema sýslunefndin; hún getur eptir eigin geðþótta gjört ákvarðanir um möskvastærð og bilið milli spelanna, og það raskar eigi grundvallarreglum laganna, þótt hún ákveði, að möskvinn megi vera minni en 9 þuml. ummáls, eða rúmið milli spelanna þrengra en $1^1/_2$ þuml., ef sýslunefndinni virðist þetta vera hæfilegt eptir stærð laxins í hlutaðeigandi veiðiá. Með þessu er sýslunefndunum gefið of mikið vald, þar sem þær geta ákveðið, hver af ákvæðum laganna megi standa og hver ekki; það hefði þá verið rjettara og hreinlegra, að gefa þeim reglulegt samþykktarvald um laxfriðun og laxveiði, hverri í sinni sýslu, á sama hátt eins og er um fiskiveiðar á opnum skipum.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Hæstv. landsh. sagði, að það væri ísjárvert, að leyfa mönnum að skjóta nær eggverum en $^1/_4$ úr mílu, og svo þótti honum friðunartíminn of stuttur. Hvað þetta snertir, þá sje jeg ekki, að nein hætta sje á ferðum fyrir það. Jeg er nokkuð kunnugur eyjum hjer í kring, og jeg get fullyrt, að þótt menn fari í kringum þær og leyti með logandi ljósi, þá finnur maður varla einn einasta æðarfugl við þær 1. júlí *(Landsh.:* Það eru víðar eyjar en í Faxaflóa), já, það gildir sama. Það var meining okkar flutningsmanna, að $^1/_4$ úr mílu væri afnuminn sem takmark, nema á þessum tíma, sem alls ekki er leyft að skjóta; en hvað hrognkelsaveiði snertir, þá hefur það litla þýðingu, því hvers vegna ætti að losa um eða breyta ákvæðunum um hana? Og hverjum mundi það vera í hag? Hitt varðar mestu, að eigi má skjóta á þessum tíma, en þó leyft sje að skjóta á öðrum tíma árs, finnst mjer ekkert ísjárvert, því það er ekkert til að styggja á veturna og hinn tímann af sumrinu. Hvað 7. gr. snertir, þá er jeg heldur ekki samdóma landsh., því jeg treysti sýslunefndunum betur en hann. Þar er einnig tekið fram, að grundvallarreglum laganna skuli í engu haggað,

og svo kemur amtmaður með sína staðfestingu á eptir, og hann á að sjá um, að þessum ákvæðum sje fylgt.

Júlíus Havsteen: Jeg ætla að eins að gjöra þá litlu athugasemd, að eptir því sem jeg þekki til á Eyjafirði, þá yrði þetta friðunartímabil, frá 1. maí til 1. júlí, of stutt; það ætti að byrja hálfum mánuði fyr og enda hálfum mánuði síðar en tiltekið er.

ATKV.GR.: Allar breyt.till. nefnd. (þingskj. 366) samþ. með 9 og 10 samhlj. atkv.

Frv. í heild sinni samþ. með 7 : 4 atkv. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um breyting á 3. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun (C. 382, 391); 3. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg hef ásamt 2 h. þingdm. komið fram með breyt.till. á þingskj. 371, og er þar farið fram á talsverðar breytingar frá nefndarálitinu, þannig, að tímabilin hafa verið stytt og færðar niður upphæðirnar á fyrsta stigi, svo eptir þessari uppástungu verða upphæðir eptirlaunanna lægri en í nefndarálitinu. Jeg held að þessi uppástunga sje aðgengileg fyrir þá, sem þykja eptirlaunin of há, og það sje því ábyrgðarhluti fyrir þá heiðruðu þingmenn, er álíta að lækka beri eptirlaunin, að aðhyllast hana ekki, enda hygg jeg, að varla sje rjett að lækka þau meir; en samt eru eptirlaunin svo mikil, að ekki verður sagt, að með því sje of hart gengið að embættismönnum. Þegar litið er á, hvað eptirlaunabyrðin er þung fyrir landssjóð, þá vil jeg láta deildina aðhyllast þessa breytingaruppástungu, en ekki 1. gr. frv., og þótt frv. um ellistyrk verði samþykkt, þá er það miklu óaðgengilegra en þessi uppástunga; að svo mæltu skal jeg ekki orðlengja frekara um þetta að sinni.

Sighvatur Árnason: Það hafa komið fram mismunandi skoðanir um upphæðir eptirlaunanna; jeg tók ekki til máls við 2. umr., af því jeg vildi íhuga þær breytingar, er kynnu að koma við frv. frá Nd., og eptir því sem fram hefur komið, finnst mjer ráðlegast að aðhyllast breyt.till. á þingskj. 371, því jeg sje, að það verður þó talsverður sparnaður fyrir landssjóð, þótt jeg hins vegar játi, að una megi við lægri eptirlaun en þar er farið fram á. Það verður líka vissari framgangur fyrir málið, að aðhyllast þetta, en frv. sjálft, og svo skal jeg geta þess, að jeg er ekki ánægður með ellistyrksfrv., þótt það verði samþykkt til styrktar við eptirlaunafrv. til þess að gjöra kjör embættismanna viðunandi á efri árum. Jeg vil heldur hafa eptirlannin lítið eitt hærri heldur en samþykkja ellistyrksfrv., því jeg felli mig ekki við að skylda menn með lögum til að safna sjer ellistyrk, hvort heldur er að ræða um embættismenn eða aðra. Sem sagt, þá kann jeg bezt við að halla mjer að breyt.till. á þingskj. 371, og greiði því atkv. með henni.

Grímur Thomsen: Þótt seinustu ákvæðin í breyt.till. um, að sá, sem þjónað hafi embætti lengur en 25 ár, skuli njóta hálfra embættislauna í eptirlaun, sje stórt stökk, frá því sem áður var, því það munar um 334 kr., þó maður ekki þjóni nema 1 dag fram yfir 25 ár, — þótt mjer þætti betra að auka upphæðirnar meira smátt og smátt, þá finnst mjer þó rjettast að greiða atkv. með breyt.till. á þingskj. 371. En fyrst jeg stóð upp á annað borð, þá skal jeg, í sambandi við frv. um ellistyrk, geta þess, að það þarf að bæta upp þetta eptirlaunafrv. með ellistyrknum. Jeg nefndi um daginn eitt land, þar sem lífeyrir og eptirlaun fara jöfnum höndum. Þetta land var England, þar sem ekki eru eptirlaun, nema þau sjeu ákveðin með lögum. Einn h. þm. fór þá að rengja það, sem jeg sagði; það var h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.)

og studdi sig við hálfa blaðsíðu í danskri bók, þar sem talað er um þessi ákvæði; mjer þótti þetta grunsamt og fór að grennslast eptir, hvort eptirlaunin þar væru eins og hann sagði. Þar stendur þá, að 3 eða 4 æðstu ráðherrarnir fái veitt eptirlaun, ef þeir sanna fyrir parlamentinu, að þeir þurfi þeirra með. Þetta sýnir hversu ólíkt ástandið er þar, og hjer og í Danmörku. Skyldi það ekki þykja nokkuð skrítið, ef uppgjafaembættismeun kæmu til þingsins, segðu að þeir ekki gætu lifað, en þyrftu að fá eptirlaun? Þegar h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) kom með þessa rengingu á orðum mínum, þá hjelt jeg hann hefði rannsakað þetta efni nákvæmlega, en ekki að hann byggði það á tveimur greinum í danskri bók; en það lítur svo út, sem hann hafi ekki rannsakað það nákvæmar. Jeg tók þetta hjá honum eigi trúanlegt, og fjekk mjer því bók á landsbókasafninu viðvíkjandi stjórnarfarsreglum parlamentsins á Englandi. Þar stendur svo í 1. bindi bls. 399: „Það er nú viðurkennt sem stjórnarfarsleg regla, að hver eptirlaunaveiting skuli ávallt vera lögð undir ákvæði neðri málstofunnar (House of Commons); jafnvel þegar eptirlaun og lausnareyrir (uppgjafastyrkur) er veittur, í samhljóðun við fasta venju, eptir ákvæðum eða fyrirmælum „superannuations"-laganna, þá hljóta peningarnir til þessa árlega að vera veittir af neðri málstofunni, enda þótt drengskapur parlamentsins geti skoðast sem bundinn við framhald þeirra". Það er að segja: á hverju ári eru eptirlaunin veitt, og lögð undir úrskurð þingsins. Enn fremur segir þar svo: „Ekkjum embættismanna, annara en hermanna, eru engin eptirlaun veitt, nema drottningin vilji veita þau, af þeim 1200 pd. sterl., sem henni á ári hverju er ætlað til þess konar þarfa". Á bls. 448 í sömu bók er enn fremur sagt: „Superannuations-statútan ákveður eptirlauna-maximum og skilyrði fyrir veitingunni, en tekur fram, að enginn fullkominn rjettur sje til eptirlauna", sjálfsagt fram yfir það, sem dregið hefur verið af launum embættismanna. Höfundur bókarinnar heitir Todd, alkunnur enskur rithöfundur. Jeg held það hefði verið betra fyrir h. 2. kgk. (E. Th. J.) að rannsaka þetta betur, áður en hann fór að rengja mín orð; því það getur vakið deilur og þrætur á þingi, að halda því svona fast fram, sem vanhugsað er; nú verður fróðlegt að vita, hvernig h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) fer að hrekja þessi ummæli Todds.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Við 2. umr. þessa máls gaf hæstv. landsh. þá yfirlýsingu, að frv., eins og meiri hluti nefndarinnar rjeð til að samþykkja það, og eins og það að lokum var samþykkt hjer við 2. umr., mundi ekki fá staðfestingu, eða að hann mundi ekki geta gefið því meðmæli sín við stjórnina. En aptur á móti lýsti hann yfir því, að hann gæti aðhyllzt breyt.till. minni hlutans, h. 2. kgk. (E. Th. J.), og sem voru nær því hinar sömu sem þær breyt., sem nú liggja fyrir. Þessi yfirlýsing hæstv. landsh. varð til þess, að sumir þeir, er hallazt höfðu að frv. þessu, eins og það var samþ. hjer við aðra umr., urðu hikandi og álitu ísjárvert að neyða frv. í gegn um þingið, ef árangurinn yrði enginn og frv. yrði neitað staðfestingar. Menn verða og að játa það, að breyt.till. þessar eru ekki frágangssök, því að þær lækka mjög eptirlaun þau, sem nú eru eptir tilsk. 31. maí 1855, og meir en búast mátti jafnvel við úr þeirri átt, sem þær koma. Jeg hef því hugsað mjer að greiða atkv. með br.-till. þessum, í þeirri von, að á þann hátt megi bjarga málinu, því að, ef þær falla í dag, veit jeg fyrir víst, að frv. fellur á eptir, svo að engar breytingar á eptirlaunalögunum komast fram á þessu þingi. Jeg skal og geta þess, að jeg hef átt tal við h. þm. í Nd., sem eru máli þessu fylgjandi, og þótt þeir vildu helzt frv.

það, sem hingað kom frá Nd., þá álíta þeir samt, að rjettast sje að ganga inn á þessa breyt.till., fyrst eigi er hægt að koma hjer öðrum fram.

Jeg mun því sem sagt gefa þessum breyt.till. atkv. mitt, með því að ekki mun vera auðið að bjarga málinu á annan hátt.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hefði nú getað fallið frá orðinu, eptir að h. framsögum. (Þ. J.) hefur talað, því hann hefur að mestu leyti tekið fram það sem jeg vildi minnast á, jafnvel þótt jeg hafi eigi breytt skoðun minni frá því málið var til umræðu, á því, að jeg hefði heldur viljað aðhyllast frv. eins og það er orðað heldur en breyt.till. þær sem liggja fyrir á þingskjali 371. En við nákvæmari yfirvegun og að öllum ástæðum athuguðum hygg jeg hollara fyrir framgang málsins, að fallast á breyt.till., sjerstaklega eptir undirtektum hæstv. landsh. síðast er hann minntist á málið, því að jeg skildi hann svo við þá umr., að fremur mætti vænta liðsinnis hans með málinu því til framgangs, ef frv. yrði samþykkt hjer á þinginu undir því formi sem það fær ef breyt. till. komast að. Það er einungis af þessum ástæðum, að jeg vil ekki látu standa á atkv. mínu, til þess að mál þetta fái framgang; jeg verð líka að játa það, að með því fæst töluverð umbót á tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun embættismanna, ef frv. fengi sem jeg vona staðfestingu konungs.

Jeg mun því gefa atkv. mitt með breyt.till.

E. Th. Jónassen: Jeg er h. þingmönnum þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir þeirra við breyt.till. mínar. Því næst vil jeg víkja máli mínu til h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Jeg tek ekkert aptur af því sem jeg sagði um daginn viðvíkjandi eptirlaununum á Englandi, því að það var allt öldungis rjett. Þótt jeg hafi fundið það í danskri bók, gjörir ekkert til; það stendur á sama í hvaða bók það er prentað, úr því það er rjett. Það er góð bók og áreiðanleg, eptir L. Holberg yfirrjettarmálfærslumann, og heitir Engelsk Parlamentarisme. Eins og jeg sagði um daginn stendur þar, að á Englandi sje: „Et fuldt udviklet Pensionssystem, der aarlig koster *Staten* henimod 80 Milj. Kroner". Svo gat jeg líka um það, að það væri gjörð sú undantekning með ráðgjafana og hina pólitisku embættismenn, að þeir þyrftu sjerstaklega að sanna það, að þeir ættu ekki nógar privat-eignir til að lifa af, og gætu þá fengið eptirlaun, og þannig getur Macaulay um, að einu sinni hafi verið 5 kanzlarar, er hver hafði í eptirlaun 5000 £ eða 90,000 kr.

Jeg skal gjöra h. þm. Borgf. (Gr. Th.) það til geðs, að benda honum á aðra bók, sem líka er hin bezta bók og er eptir P. Sveistrup; vill h. Borgf. (Gr. Th.) heyra, hvað hann segir? (*Gr. Th.*: Jeg á þá bók sjálfur). Það er slæmt, ef h. þm. Borgf. (Gr. Th.) les ekki sínar eigin bækur. Í stjórnarskrá fyrir nýlenduna Victoríu er ákveðið, að eptirlaunin þar skuli miða við lög þau fyrir Stórbretaland og Írland, er samþykt hafa verið á dögum Wilhelm's IV. og sem enn eru í gildi og hljóða um eptirlaun þeirra manna er hafa á hendi civilembætti og eru dags. 25. júlí 1832. Ennfremur er í sömu stjórnarskrá ákveðið, að eftirlaun fyrir dómara skuli miða við lög þau, er gilda um eptirlaun dómaranna í konungsríkinu, og sem eru dags. 16. ág. 1832.

Jeg hef þannig sannað það með þessum tveim bókum, að það er „fuldt udviklet Pensionssystem" á Englandi. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) er ekki til neins að neita þessu eða að vera að reyna að sanna hið gagnstæða.

Árni Thorsteinsson: Jeg gjöri ráð fyrir, að mitt atkv. hafi lítið að þýða í þessu máli, eptir því, sem ræður manna hafa fallið, og eptir yfirlýsingu landsh. við

2. umr. þessa máls, þar sem hann vildi aðhyllast breyt.till. minni hlutans, og sem voru líkar breyt.till. þeim, sem nú liggja fyrir á þingskj. 371.

Jeg vil þó leyfa mjer að gjöra við þær breyt.till. nokkrar athugasemdir, svo og frv. sjálft.

Ef jeg tek frv. þetta frá h. Nd., þá er það byggt á ljósara og skýrara grundvelli, heldur en þessar breyt.till. Frv. gjörir nú eptir þeim breytingum, sem það fjekk hjer við 2. umr., ráð fyrir 20 % af launum embættismannsis í eptirlaun og auk þess $^1/_2$ % af launununum í eptirlaun fyrir hvert þjónustuár. Þetta er skýr og greinileg grundvallarreglu, jafnvel þótt jeg verði að álíta, að $^1/_2$ % fyrir hvert þjónustuár sje allt of lágt sett. En kosturinn við þetta fyrirkomulag er samt það, að ákveðið er vissar % til grundvallar í eptirlaun af launaupphæðinni og vissar % fyrir hvert þjónustuár.

En ef litið er á breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir, kemur allt annað í ljós og það byggt á allt öðrum grundvelli, en sem allur er í 5 ára stökkum, og það innbyrðis ójöfnum. Þannig gefa fyrstu 5 árin 14,$_2$ % af launununum í eptirlaun, 2. 5 árin 16,$_7$ %, 3. 5 árin 20 %, 4. 5 árin 25 %, 5. 5 árin 33 %, og eptir 25 ár fær embættismaðurinn í eptirlaun 50 %. Þannig stekkur hann, mjer lá við að segja eins og fló á skinni, á einum degi, eptir að hafa verið embættismaður í 25 ár, upp úr 33 % upp í 50 %, eða um 17 %. Þessi mismunur á milli eptirlaunanna fyrir hver einstök ár kemur einnig glöggt í ljós, ef gætt er að þeirri viðbót í eptirlaununum, sem hver 5 ár gefa.

Viðbótin frá 5—10 ár gefur 2,$_4$ %
—— — 10—15 — — 3,$_8$ %
—— — 15—20 — — 5 %
—— — 20—25 — — 8 %
—— — yfir 25 — — 17 %.

Þessi samanburður sýnir ljóslega, að þessar breyt.till. eru byggðar á mjög ónákvæmum grundvelli.

Jeg hef viljað benda á þetta, að tilhögunin eptir frv. er hrein og bein og samkvæm sjálfri sjer; þar er hlutfallið, þó það sje oflágt, jafnt og jafnhækkandi eptir árafjöldanum, en ekki í ójöfnu stökki, eins og í breyt.till. þessum. Þetta ætti að vaka fyrir þeim embættismönnum, sem nú eru, og sem njóta allhárra eptirlauna sjálfir, en vilja minnka eptirlaun þeirra embættismanna, er síðar verða.

Grímur Thomsen: Jeg leiði alveg hest minn frá því að koma h. 2. kgkj. þm. (E. Th. J.) í skilning um það, hvernig hagar til með eptirlaun á Englandi; hann vill ekki láta sér segjast. En vegna h. þingdeildar skal jeg taka það aptur fram, að það er, samkv. því, sem jeg hef nýlega lesið upp fyrir henni, óhrekjanlegur sannleiki, að það er á Englandi viðurkennd stjórnarregla, að ávallt og í hverju einstöku tilfelli, þegar um eptirlaun er að ræða, kemur það undur „House of Commons".

Jeg skal svo alveg yfirgefa h. 2. kgkj. þm. (E. Th. J.).

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg gat um það um daginn, þegar frv. þetta var hjer til 2. umr., að jeg gæti ekki fellt mig við till. minni hlutans, og þessar breyt.till., sem hjer liggja fyrir nú við frv., eru mjög líkar minni hluta till. og hafa hina sömu galla, því að eptir þessum breyt.till. verða eptirlaun lægri í ýmsum tilfellum heldur en þau verða eptir frv. Nd. með þeim breytingum, sem við það hafa verið gjörðar hjer, og ellistyrknum til samans. Sá embættismaður, sem fer frá 65 ára gamall, hann fær eptir frv. Nd. með breytingu meiri hluta nefndarinnar og ellistyrksfrv. $^2/_3$ af launum sínum, og er þetta talsvert meira en eptir þeim breyt.till., sem hjer liggja fyrir, og jafnt því, sem hann mundi fá eptir núgildandi lögum. Eins er það

öldungis rjett hjá h. 4. kgkj. þm. (Á. Th.) að það er ósanngjarnt stökk frá því að hafa verið 24 ár og 364 daga embættismaður og fá í eptirlaun $^1/_3$ launanna, og upp í $^1/_2$, ef embættismaðurinn hefur verið í embætti full 25 ár; en svo vaxa eptirlaunin ekkert úr því, þótt maðurinn sje í embætti önnur 25 ár til. Þetta er hreinasta ósanngirni og byggt á skökkum grundvelli.

Jeg legg enga áherzlu á það, sem hæstv. landsh. sagði, að frv. þetta, eins og það var samþ. við 2. umr., mundi ekki fá staðfestingu. Jeg fer eptir minni sannfæringu og eptir því sem mjer finnst vera rjettlátt og sanngjarnt.

Um hitt frv. um ellistyrkinn skal jeg segja álit mitt, þegar að því kemur, ef á þarf að halda.

ATKV.GR.: Breyt.till. (371) samþ. með 8 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 8 : 2 atkv., og endursent Nd.

Frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk (C. 382, 384); 3. umr.

ATKV.GR.: Breyt.till (357) samþ. með 6 atkv. Frv. þannig breytt fellt með 7 : 4 atkv.

Frv. til laga um lögaldur (C. 385); 1. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv.

Frv. til laga um stofnun háskóla á Íslandi (C. 384); 1. umr.

ATKV.GR.: Eptir uppást. 1. kgk. þm. (J. H.) var samþ. með 6 atkv., að setja nefnd í málið. Þessir hlutu kosningu:

Júlíus Havsteen með 6 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 5 —
Sighv. Árnason — 4 —

Var 1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 385); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Mig furðar á því, að þetta frv. skuli vera lagt fyrir alþingi, því að fyrir tveim árum kom líkt frv. í deildinni hjer, en var fellt með 9 atkv. Nú eru að eins 2 nýir af þingmönnum hjer í deildinni frá 1889, og þeir sem hafa komið fram með þetta frv. í neðri deildinni, geta varla hugsað, að við hinir höfum breytt skoðun okkar á þessu máli, á jafnstuttum tíma. Mér finnst líka undarlegt, að vera að koma með þetta frv. þing eftir þing, einkum þegar það auðsjáanlega gengur ekki út á annað en að innleiða einokunarverzlun; mjer finnst að það sje samkvæmt frjálsri verzlun, að leyfa mönnum að verzla við hvern og einn. Í lögunum um lausakaupmenn 2. desbr. 1887 eru þeim veitt ýms rjettindi, sem þeir eigi áður höfðu, og þetta álitið mjög gagnlegt fyrir land og lýð, en nú á með þessu frv. að takmarka þau, ef ekki með öllu að afnema. Jeg skil ekki, hvað það hefur að þýða, að vera að tala um frjálsa verzlun, og vera svo að bola menn burtu á allan hugsanlegan hátt. Hvað innihald frv. að öðru leyti snertir, þá vil jeg geta þess, að þeir, sem sömdu það, hefðu átt að útlista, hvað útheimtist til þess að vera búsettur hjer á landi. Ennfremur er aðgætandi, að það yrði mjög örðugt, ef ekki ómögulegt, að hafa eftirlit með því, að lausakaupmenn hlýddu ákvæðum frv.

Jeg leyfi mjer, að láta þá von í ljós, að frv. þetta verði fellt frá 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Annar fundur í sameinuðu þingi, fimmtudag 13. ágúst kl. 5 e. hád. Allallir á fundi, nema 2. þm. N.-Múl. (Þ. K.), er var veikur.

Kosning nefndar til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna 1891.

Forseti stakk upp á 5 manna nefnd, eins og venja hefði verið, og var það samþ. Kosningu hlutu:

Gunnar Halldórsson	með	17 atkv.
Grímur Thomsen	—	16 —
Sigurður Gunnarsson	—	15 —
Ólafur Ólafsson	—	13 —
Júlíus Havsteen	—	13 —

Forseti leggur fram skýrslu frá landshöfðingjanum um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Skýrslu þessari hafði áður verið útbýtt prentaðri meðal þingmanna (C. 289).

Forseti leggur fram skýrslu um aðgjörðir nefndarinnar um verðlaun af „Gjöf Jóns Sigurðssonar" milli þinga 1889 og 1891.

Þessari skýslu hafði og verið útbýtt prentaðri meðal þingmanna (C. 288).

Kosin verðlaunanefnd samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" 22. ágúst 1891.

Kosnir voru:

Yfirdómari Kristján Jónsson	með	26 atkv.
Docent Eiríkur Briem	—	25 —
Adjunkt Stgr. Thorsteinsson	—	19 —

Skýrsla gefin um alþingishússbyggingarsjóðinn (þjóðhátíðarsjóð); sbr. þingsályktun 11. ágúst 1881.

Skýrslu þessari var útbýtt prentaðri sama dag (C. 393).

Rætt um bókasafn alþingis og ákveðið um umsjón yfir því.

Eptir nokkrar umræður var stungið upp á 3 manna nefnd, en sú till. var felld með 18 atkv. gegn 8, og var frestað að taka ákvörðun um safnið.

Gjörð ákvörðun um útsölu og útsending alþingistíðindanna.

Forseti neðri deildar gaf skýrslu um útsending og útsölu alþingistíðindanna síðan á síðasta þingi. Eptir nokkrar umræður stakk 1. þm. Eyf. (Sk. Th.) upp á 5 manna nefnd til að íhuga málið, og var sú till. samþ. með 18 atkv. Kosningu hlutu:

Skúli Thoroddsen	með	21 atkv.
Þórarinn Böðvarsson	—	10 —
Lárus Halldórsson	—	9 —
Þorleifur Jónsson	—	9 —
Jón Jónsson, þm. N.-M.	—	8 —

Þrítugasti og sjöundi fundur, föstudag 14. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30, 11. júlí 1890, um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. (C. 342); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Í framhaldi af því, sem sagt var við 1. umræðu þessa máls, þarf ekki hjer mörgu við að bæta við, og skýrskota jeg sjerstaklega til orða hæstv. landsh. Jeg skal lýsa því yfir, eins og þá, að mjer finnst frv. þetta hvorki heilt nje hálft; ef Austur-Skaptafellssýsla á að vera sameinuð við Norður- og Austuramtið, þá vildi jeg helzt að það væri gjört *að öllu leyti*, þannig að sýslan yrði sameinuð við Suður-Múlasýslu. Að vísu vildi jeg samt, að allt þetta svæði, Austur-Skaptafellssýsla, Suður-Múla og Norður-Múlasýsla, yrðu 3 sýslur, en það er von, sem jeg varla þori að láta í ljósi. Með því fyrirkomulagi, að Austur-Skaptafellssýsla yrði að öllu leyti partur úr austuramtinu, hafa þeir, sem í hlut eiga, fyrst fengið sína ósk uppfyllta, en alls ekki með þessari sameiningu, sem hjer er farið fram á, einungis að því, er sveitarstjórn snertir. Jeg álít jafnvel, að slík sameining væri ónóg, og þá örðugt, að framfylgja sveitarstjórnarlögunum. Jeg skal

taka til dæmis, ef amtsráð eða sýslunefnd vildi beita þvingunarsektum við hreppsnefnd í Austur-Skaptafellssýslu, og þeir hreppsnefndarmenn þverskölluðust við að hlýða; hvernig færi þá? Þá hefði amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu ekki vald til að láta afplána sektina, heldur yrði að fara suður í Reykjavík til amtmannsins sunnan og vestan til þess að fá leyfi til þess, svo ömtin yrðu hvort öðru háð. Ef þessi breyting, sem jeg vildi helzt hafa, kæmist á, þá yrði heldur eigi svo langt milli amtmannsins í Norður- og Austuramtinu og hins nýja sýslumanns í Suðurmúla- og Austurskaptafellssýslu. Jeg held það væri bezt, að láta frv. nema staðar þar, sem það nú er komið, og jeg hygg að hlutaðeigendur muni gjöra sig ánægða með það. Ef sú breyting kæmist á, sem jeg hef fyrir augum, ber þess og að gæta, að hún hefur nokkurn kostnað í för með sjer; það yrði t. d. að taka útskriptir af veðmálabók Austurskaptafellssýslu og öðrum bókum sýslunnar, og væri ekki rjett að skipa sýslumanni að gjöra það endurgjaldslaust. Eptir orðum hæstv. landsh. er ef til vill von á frv. frá stjórninni í líka átt og jeg hef stungið upp á. Jeg er ekki á móti því, hvað sjálfan mig snertir, að sýslan sameinist að öllu leyti við Norður- og Austuramtið, en þó með nokkrum fyrirvara, sem jeg mun skýra hæstv. landsh. frá á sínum tíma; samt verður, að minni ætlun, yfir höfuð að fara um þessa breytingu, eins og t. d. um breytingar á brauðaskipun, og hún getur ekki komizt á nema við embættismannaskipti, eða með því móti að hlutaðeigandi sýslumenn vilji ganga að því, að breytingin komist þegar á, og hið sama verður að gilda um hina æðri embættismenn, amtmennina, að þeir eru ekki skyldir að taka við þeim byltingum, sem þeir ekki hafa búizt við, þegar þeir fengu embættin, og eigi var gjört ráð fyrir í veitingabrjefum þeirra.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. felld með 6 : 4 atkv. Var frv. þar með fallið.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 342); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Eins og h. deild er kunnugt, þá hef jeg sjaldan greitt atkv. með löggildingu nýrra verzlunarstaða, og í þau 2 skipti, sem þetta mál hefur verið hjer fyrir deildinni, hef jeg greitt atkv. móti því; en nú er jeg orðinn málinu um þessa umbeðnu löggilding nokkuð kunnugri, svo jeg álít rjett að leyfa beiðendunum að fá það, sem þeir biðja um. Jeg skal því lýsa því yfir, að jeg greiði atkv. mitt með frv. í þetta skipti.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 9 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Frv. til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (C. 342); 2. umr.

Þorleifur Jónsson: Það mun mega fullyrða, að eitt af aðalskilyrðunum fyrir hag hvers sveitarfjelags sje góð stjórn; en eptir því, sem verið hefur, eru sveitarstjórnarstörfin byrði, sem lögð hefur verið á einstaka menn, án nokkurs endurgjalds, og af því leiðir auðvitað, að menn leggja sig ekki eins mikið í líma til að vaka yfir og efla haga sveitarfjelaganna, eins og þeir ella mundu gjöra, og reyna að losast við sveitarstjórnarstörfin eins fljótt og auðið er; en við þetta bíða sveitarfjelögin þann óhag, sem ekki verður tölum talinn. Eina ráðið til að hafa góða sveitarstjórn er því að veita hreppsnefndarmönnum eða þeim þeirra, sem mest verkið og vandann hefur, einhver laun, því þá er von um, að hæfustu menn sveitanna fáist til að hafa þennan starfa á höndum um lengri tíma. Það hafa

manna á meðal komið fram tillögur í þessa átt og ein meðal þeirra á þingmálafundi Húnvetninga, sem mjer og samþingismanni mínum var falið á hendur að bera fram á þingi. Þar var farið fram á, að sameina hreppstjóra- og oddvita-störf, og skyldi starfi þessi launaður, sumpart af sveitafjelögunum og sumpart af landssjóði; það er að sínu leyti eins og í kaupstöðum, t. a. m. í Reykjavík, að bæjarfógetinn er einnig formaður bæjarstjórnarinnar, en honum er, eins og allir vita, launað af landssjóði. Þessari till. var hreyft utan þings í Nd., en komst þar ekki að, og eptir því sem jeg hef grennslast eptir hjer í deildinni, kæmist hún heldur ekki hjer fram, svo jeg hef ekki sjeð til neins að koma með breytingu í þessa átt, er jeg hefði þó helzt óskað. En jafnvel þótt frv. sje í nokkuð öðru formi, en jeg hefði ákosið, þá bætir það talsvert úr því ástandi, sem er, og vil jeg því leyfa mjer að mæla sem bezt með því.

ATKV.GR.: Allar 4 gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. hver. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 386); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Af frv. því, sem hjer liggur fyrir, má sjá, að margfalt fleiri jarðir eru nú falaðar til kaups, en nokkru sinni áður. Málið þarf því talsverðrar athugunar við, því að til þess að greiða atkvæði um hverja jörð, að því, er verðið snertir, er naumast hægt að átta sig nema með nefnd; reyndar er nokkuð orðið áliðið þingtímans, en vildu menn annars hlynna að málinu, vona jeg það yrði ekki málinu til falls, þótt nefnd yrði sett, því hún þyrfti ekki að hafa málið til meðferðar nema 2 daga. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett, til að íhuga málið, og leyta upplýsinga um hverja einstaka jörð, sem á frv. stendur.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 6 : 4 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um afnám embætta (C. 385); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Það er ekki í fyrsta sinn, að frv. um þetta kemur inn á þing; þetta frv. er þó nokkuð frábrugðið hinum fyrri, því hjer er sagt, *að þegar í stað* skuli leggja niður landritara- og amtmannaembættin, en í eldri frv. um þetta efni var ætlazt til, að þetta yrði fyrst, þegar þessi embætti losnuðu. Flutningsm. málsins í Nd. tók fram sem ástæðu fyrir frv. þessu þann sparnað, sem afnám þessara embætta hefði fyrir landssjóð, en jeg vil leyfa mjer að sýna fram á, hvernig þessum sparnaði er varið. Ef amtmannaembættin nú verða lögð niður, þá þarf að borga hinum núverandi amtmönnum biðlaun í 5 ár, 4000 kr. hverjum árlega, og að þeim árum liðnum eptirlaun. Sparnaðurinn verður því í raun rjettri þessi:

1) 4000 kr. árlega af launum amtmannanna.
2) 2000 — laun landritarans.
3) 2400 — skrifstofufje beggja hinna núverandi amtmanna.

alls 8400 kr.

en frá þessum 8400 kr. ber að draga laun 2 skrifstofustjóra 5200 og viðbót áætluð af flutningsm. í Nd. 1000 eða alls 6200 kr.; er þá allur sparnaður fyrir landssjóð árlega = 2200 kr. Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að flutningsmaður hefur ekki gætt að því, að ef þetta fyrirkomulag ætti að komast á, yrði að stækka hús landshöfðingjans, því nú er þar svo þröngt, að landritarinn verður að sitja í sama herbergi og skrifararnir, því það er þó líklega varla ætlazt til, að annar skrifstofustjórinn skuli sitja austur í bæ, en hinn vestur í bænum, og landshöfðinginn þyrfti að vera að hlaupa á milli þeirra;

skrifstofustjórarnir þurfa nauðsynlega að hafa skrifstofu sína í landshöfðingjahúsinu. Þessi stækkun hlyti því að hafa allmikinn kostnað í för með sjer. Svo er einnig annað athugavert við frv. og það er það, sem talað er um að auka skrifstofufje landsh. um 1000 kr.,, því að samkv. 25. gr. stjórnarskrárinnar ber að greiða af tillaginu frá Danmörku útgjöld til hinnar æðstu innlendu stjórnar (sbr. viðaukann við erindisbrjef landsh. 29. júní 1872), enda eru laun landshöfðingjans eigi nefnd í lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna.

Þá nefndi og flutningsm. þessa frv. í Nd. störf þau, er fylgdu amtmannsembættunum, og var sumt af því eigi rjett hjá honum; en um það hefur áður verið talað hjer á þingi, eins og lesa má í alþingistíðindunum, og sleppi jeg því hjer að leiðrjetta það. Í frv. er ekki sagt, hvernig skipta eigi þessum störfum milli sýslumanna og landshöfðingja, heldur er ráðgjafanum falið á hendur að setja reglur um það; það er að eins sagt, að embættin skuli afnumin, án þess sagt sje, hvernig því eigi að koma fyrir. Allt hið æðsta umboðsvald á þannig að centralisera í hendur landsh., en hann hefur þegar svo mikið að starfa, að hann að því jeg þekki til eigi getur bætt störfum amtmannanna og stiptsyfirvaldanna á sig, þótt hann fái einn skrifstofustjóra í viðbót, því hinn skrifstofustjórann skoða jeg sem kominn í stað landritarans. Er það auk þess heppilegt, að centralísera alla hina æðstu umboðsstjórn landsins í hendur eins manns, er að eins hefði sjer til aðstoðar 2 unga og óreynda skrifstofustjóra, því að laun þeirra eru svo lág í frv., að þeir auðvitað fljótt mundu sækja um betri embætti en skrifstofustjóraembættið á að vera eptir frv. þessu. Jeg tel slíkt fyrirkomulag á umboðsstjórn landsins hvorki heppilegt nje heldur mundu landsmenn una við slíkt fyrirkomulag. Það er auðvitað gengið út frá því, að landsh. sje kunnugur maður landsháttum öllum, en þótt svo sje nú, þá er engin vissa fyrir því, að landshöfðingi eptirleiðis verði jafnan íslenzkur maður; það getur vel að borið, að hjer verði skipaður danskur maður í landshöfðingjaembættið, sem er hjer auðvitað öllu ókunnugur, eða þá einhver Íslendingur, sem þjónað hefur lengi embætti í Danmörku; þá fær hann að eins þessa greindu skrifstofustjóra sjer til aðstoðar við rekstur embættisins, og gefur það hverjum manni að skilja, hversu seinar allar afgreiðslur mála mundu verða af hendi landshöfðingjans með þesssu fyrirkomulagi á yfirstjórninni. Aptur á móti má þó gera ráð fyrir því, að amtmennirnir, sem vanalega hafa verið í öðrum embættum hjer á landi áður, sjeu kunnugri en þessir skrifstofustjórar og að allur undirbúningur á málum af þeirra hendi verði betri en af hálfu 2 lítt reyndra skrifstofustjóra, sem auk þess, fyrst þeir að eins eiga að vera 2, hljóta allt af að vera önnum kafnir. Líklegast yrði bráðlega að skipa 3. skrifstofustjórann; og hvar er þá sparnaður við niðurlagningu amtmannaembættanna? Þá má líka geta þess, að sökum hinnar miklu fjarlægðar milli Reykjavíkur og annara hjeraða landsins yrði líka erfitt að leita til Reykjavíkur jafnan í öllum mikilsvarðandi málum, ef amtmenn væru burtu. Það má í þessu efni ekki *að eins* líta á sparnaðinn fyrir landssjóð, heldur ber líka að hafa það fyrir augum, að yfirstjórn landsins í umboðslegu tilliti sje svo fyrir komið, að hún sje hentug fyrir fljóta afgreiðslu allra þeirra mála, er undir hana bera, og að hún sje skipuð duglegum og æfðum mönnum, er þekki vel alla landsháttu hjer.

Í frumv. er farið fram á að skipta störfum amtmanna öðrum en þeim, er amtmönnum við koma sem forsetum amtsráð-

anna, milli landshöfðingja og sýslumanna, eptir því sem ráðgjafinn fyrir Íslandi ákveður. Ætli sýslumenn þurfi þá ekki að fá viðbót við laun sín, þegar aukið er á þá störfum? er þetta sparnaður fyrir landssjóð?

Í frv. er enn fremur farið fram á, að amtsráðin kjósi sjálf formann sinn, og hann hafi á höndum þau störf, er nú hvíla á amtmönnum sem forsetum amtsráðanna. Nú getur farið svo, að tómir prestar og leikmenn sjeu í amtsráðunum, en enginn lögfróður maður; þetta finnst mjer sje óheppilegt fyrirkomulag, og væri gaman að sjá úrskurð og afgreiðslu frá slíku amtsráði í vandasömum málum. Flutningsm. vildi láta amtsráðin fá umráð yfir öllum þeim sjóðum, sem amtmenn hafa undir höndum, en jeg er ekki viss um, að í amtsráðunum verði jafnan þeir menn, sem trúandi sje fyrir að hafa umsjón yfir sjóðunum án nokkurar tryggingar og lána út fje þeirra; því að það er alls ekki vandalaus starfi, að hafa undir höndum mikla peninga og lána þá út þannig, að þess sje jafnan gætt, að sjóðnum sje að öllu leyti borgið; að minnsta kosti vil jeg eigi trúa bændum, er að mestu, eða ef til vill, öllu leyti kunna að skipa amtsráðin, fyrir því. Eptir frumv. á formaður að hafa laun eða sjerstaka þóknun úr jafnaðarsjóðnum eptir úrskurðun amtsráðanna og er með því lagt *nýtt* gjald á jafnaðarsjóðinn. Frá hvaða hlið, sem það er skoðað, virðist mjer það eigi heppilegt nje hentugt að centralísera alla æðstu umboðsstjórnina hjer hjá landshöfðingja. Samkvæmnin í þessu frv., eins og það var fyrst, er það var lagt fram í h. Nd., var heldur ekki sem bezt, því þá var einnig farið því fram, að afnema skyldi biskupsembættið og skipta störfum biskups milli landshöfðingja og prófasta, nema hvað prófastur í Kjalarnesþingi skyldi vígja presta landsins. Hjer vill þannig flutningsmaður frumv. decentralísera. Hann vill búa til jafnmörg biskupsdæmi á landinu og prófastadæmin eru. Skyldi hinn heiðraði flutningsm. hafa ímyndað sjer að slík tilhögun á yfirstjórn kirkjunnar og málefni hennar hjer á landi væri góð og heppileg? Jeg get eigi haldið, að hann hafi ímyndað sjer það. Honum og þeim sem honum fylgja í þessu máli virðast auðsjáanlega mest um það að gera, að afnema hina æðstu embættismenn landsins; það verður eigi sagt að því fari eigi á garðinn þar, sem hann er lægstur. Þegar svo er búið að ryðja þessum embættismönnum úr sessi, þá mætti því næst afnema nokkra sýslumenn og stjórna svo landinu með hinum sýslumönnunum, sem eptir eru, og bændum, og þá er búið að koma hjer á demokratiskri stjórn, er virðist „Ideal“ sumra manna; en jeg fyrir mitt leyti álít, að bændur *enn þá* hafi oflitla menntun til þess að stjórna landinu með aðstoð einhverra sýslumanna og presta, og það á enn langt í land, að þeir eigi kost á að öðlast þá menntum, því að skólana vantar, en þeir geta eigi komizt á fljótt. Það er altjend *hægt* að brjóta niður, án þess að byggja nokkuð upp aptur. Jeg hygg það eina rjetta sje að fella frumv., því mjer finnst það svo úr garði gjört, að það sje ekki eigandi við það.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 3 atkv.

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 401); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil vera hlynntur þessu máli, því þó jeg sje eigi gagnkunnugur hverri einstakri jörð í Vestur-Skaptafellssýslu, sem hefur orðið fyrir skemmdum af sandfoki, þá veit jeg þó, að það er sannmæli, að margar jarðir í Landbroti og Meðallandi og nokkrar í Álptaveri hafa orðið fyrir stórskemmdum. Jeg get eigi sjeð annað en að það sje ósanngjarnt, að ábúendurnir á þessum jörðum gjaldi ár eptir ár gjöld, sem miðuð eru við hundr-

aðatal jarðanna eða jarðamatið frá 1861, þar sem jarðirnar eru ekki í hálfgildi í móti því sem þær voru, auk heldur meira; því jeg veit eigi til, að von sje til þess, að nokkur af jörðum þessum batni eða gróí upp aptur, en miklu fremur útlit fyrir, að þær spillist æ meir. Það er að vísu við því að búast, að jarðir þessar mundu ganga talsvert niður við matið, rýra tekjur þeirra, sem hlut eiga að máli, og skerða dálítið hag jafnaðarsjóðs og sýslusjóðs. En hvað um það, mjer virðist næg ástæða til að sinna málinu, svo að jarðir þessar verði metnar. Það er vitaskuld, að það getur eigi verið rjett goldið gjald af jörð, sem eigi er annað en tómur sandur; slíkt gjald er á sandi byggt. Jeg álít vel verðugt fyrir þingið, að taka frumvarp þetta til greina.

E. Th. Jónassen: Jeg get tekið undir með h. þm. Rangv. (S. Á.) um það, að það sje þörf á að meta þessar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Mjer er kunnugt um það, að margar jarðir þar eru nær því í eyði, en ábúendurnir á jörðum þessum verða þó að greiða gjöld eptir jarðamatinu frá 1861, og finnst mjer það eigi sanngjarnt.

Frv. þessu líkt kom fyrir þingið 1889; þá var jeg með því, en það var fellt. Það er rangt, að taka af ábúendunum fullt gjald eptir gamla jarðamatinu; þeir eru óánægðir með það, og gjalda með mestu tregðu og því fullkomin ástæða til að lagfæra það. Hjer liggja frammi skýrslur frá sýslumanni og umboðsmanni, sem sýna fram á, hversu jarðirnar hafa gengið úr sjer, enda sjest það í Stjórnartíðindunum, að ábúendurnir hafa fengið linun á afgjaldi vegna þess. Jeg vona því, að frv. fái fram að ganga í þessari h. deild. Að vísu held jeg, að það hefði verið betra, að meta eigi eptir 2. gr. frv., heldur eptir þeim mælikvarða, sem hafður var við jarðamatið í Rangárvallasýslu eptir lögunum frá 8. nóv. 1883, nfl. að taka eina jörð til fyrirmyndar; en jeg vil þó eigi breyta frv., því þá er óvíst, að það næði fram að ganga, og þó það sje eigi sem heppilegast, vil jeg af framangreindum ástæðum samt gefa því atkv. mitt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg er eigi sannfærður um, að full ástæða sje til að gegna frv. þessu, sízt eins fyllilega og farið er fram á. Mjer er kunnugt um það, að í norðurlandi hafa sumar jarðir lagzt næstum því í eyði af vatnavöxtum og skriðuhlaupum; þó fóru ábúendur þessara jarða eigi fram á annað en að landsskuldin væri færð niður. Það mætti fara eins að í Skaptafellssýslu sem annarstaðar. Mjer er kunnugt um það, að í Norður-Þingeyjarsýslu eru æðimargar jarðir í eyði, en ef ábúendurnir nota einhvern vallarskika eður engjaitak, verða þeir að greiða fullt gjald til allra stjetta, eins og þó jarðirnar væru í fullu verði. Einungis þær jarðir, sem hafa verið boðnar upp, en eigi gengið út, eru fallnar úr tíund, og ábúðarskattur er eigi goldinn af þeim.

Mjer finnst, að sama regla ætti að gilda um allt land. Mjer er eigi kunnugt um annað, en að eigendur og ábúendur á jörðum í Rangárvallasýslu sje eigi stórum ánægðari eptir matið en áður, með því að engum ábúanda þótti jörð sú, er hann bjó á, nógu mikið sett niður. Jeg sje að Sunnlendingum er tamt að spara hvern skilding, sem þeir geta til almennings þarfa, en Norðlendingar eru síður að sjer í þeirri grein. Af því nú að frv. lætur sjer eigi nægja, að jarðir sjeu settar hæfilega niður, heldur að það sje gjört svo mjög, að 1 hndr. í jörð skuli jafngilda 100 kr. þá vil jeg spyrja: Hve mörg jarðarhndr. á Íslandi munu eigi ná 100 kr. virði? Ef það verður samþykkt, að meta þannig jarðir í Skaptafellssýslu, þá ætti einnig að gjöra það um land allt, eður með öðrum orðum, að alþingi getur þá eigi síðar neitað um, að jarðir um allt land verði metnar eptir sama mælikvarða. Skaptfellingar biðja eigi um, að þær jarðir, sem eru meir

en 100 kr. virði, verði færðar upp. Hvort rjett sje að meta upp jarðir, finnst mjer vera alveg komið undir því, hvort skaðinn er að eins um stundar sakir eður hann er langær eður jafnvel óbætanlegur. Nú er mönnum kunnugt og einkum h. 2. kgk. (E. Th. J.), að miklu fje hefur verið varið til að bæta jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu; búnaðarfjelagið hefur veitt til þess um 3000 kr.; á þá eigi að hækka hundruðin á þessum jörðum? Það er eigi góð regla að reyna að skjóta sjer undan öllum álögum og teljast undan að gjalda meira, ef hagur þeirra batnar.

Jeg væri eigi móti því, að mat færi fram í Skaptafellssýslu, en á þann hátt að þær jarðir er hafa batnað væru færðar upp, en hinar niður, er eigi hafa batnað og hundraðið í jörðu miðað við meðalverð, er vera mun 60 kr. virði.

E. Th. Jónassen: Jeg er hræddur um, að h. 5. kgk. (A. Ól.) sje ei vel kunnugt ástandið í Skaptafellssýslu. Jeg skal taka það fram, að þessar jarðir eru komnar gjörsamlega í eyðileggingu og ábúendurnir hafa orðið að gjalda eptir þær, þótt þær hafi verið á kafi í sandi, ef þeir eigi annars hafa orðið að ganga af þeim vegna eyðileggingar af ám og sandi. Ábúendurnir hafa flúið, þegar jarðirnar hafa verið komnar á kaf og eigi nema melstöng eptir, eigi getað haldizt við, og setzt að á annari jörð og notað þaðan melstöngina. Þessir menn verða að gjalda gjöld eptir dýrleika jarðanna samkvæmt jarðabókinni frá 1861; finnst h. 5. kgk. (A. Ól.) það eigi ósanngjarnt? Þar eð nauðsynin er svo augljós, þá er engin ástæða til að neita.

Jeg tók það fram, að mjer hefði þótt betra að miða eigi við 100 kr. hvert jarðarhundrað, en það er nú eigi tími til að lagfæra það; það kostar tvö ár, ef á að breyta frv., og því álít jeg ábyrgðarhluta að fella það af þessari ástæðu, því þó frv. sje eigi svo úr garði gjört á þessu þingi, eins og æskilegt væri, þá má þó laga það á næsta þingi. Jeg greiði atkv. með frv. til 2. umr. Það eru margir fátækir ábúendur á umræddum jörðum, sem verða að greiða ójafnaðargjald, ef jeg mætti svo að orði kveða, ef þeir eiga að greiða gjöld eptir jarðirnar eptir mati því, sem á þeim er eptir jarðabók 1861, en það vil jeg reyna að fyrirbyggja.

Sighvatur Árnason: H. 2. kgk. (E. Th. J.) hefur nú tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi svara h. 5. kgk. (A. Ó.), en jeg skal bæta því við, að skaði sá, sem þessar jarðir í Skaptafellssýslu hafa orðið fyrir, er að því er flestar þeirra snertir af sandfoki, en ekki af vatnagangi nema í stöku stað, en sandfokið fer allt af sívaxandi og jeg get fullvissað h. 5. kgk. (A. Ó.) um, að jarðir þær, sem orðið hafa aðnjótandi vatnsveitinganna, eru allt aðrar jarðir en þær, sem hjer er um að ræða; þær liggja allar fyrir ofan Skaptá, nefnil. á Síðunni, en eptir áliti manna og jafnvel búfræðings þess, sem þar hefur verið, munu engin tiltök vera að laga sandana og sandfokið í Meðallandi og Landbroti. Það er og líka athugandi, að úr því að búið er að verja þúsundum króna til vatnsveitinga á þessari litlu spildu þarna á Síðunni, þá mun þurfa drjúga buddu til þess að bæta skemmdirnar í Meðallandi og Landbroti, eptir því sem skemmdirnar eru þar stórvaxnar. Jeg get eptir mínum kunnugleika ekki álitið nein tiltök til, að umbætur fáist á þessum skemmdu jörðum í Skaptafellssýslu, og að því muni vera öldungis óhætt að hallast að frv. þessu. En að því er snertir jarðamatið í Rangárvallasýslu, sem fram fór eptir lögunum frá 1883, þá veit jeg ekki betur en að menn sjeu almennt ánægðari með það en áður var. En sjeu einhverjir óánægðir með það mat eða þyki það of hátt, er það einmitt vottur um og sannindamerki þess, að matsmennirnir hafi gengið að verkinu samvizkusamlega, en ekki

farið oflangt í þá áttina, að færa niður jarðirnar. Fyrir því er og ástæða til að treysta því, að þeir menn, sem matið gjöra í Skaptafellssýslu, muni líka vinna það verk sitt sómasamlega.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil einnig mæla með þessu frv., því að mjer finnst það byggt á saangirni. Mjer virðist það nauðsynlegt að fá rjettlátt mat á jarðirnar, úr því að ýmisleg gjöld eru miðuð við hundraðatöluna; þegar því matið er orðið ósanngjarnlega hátt vegna einhverra óviðráðanlegra áfalla, er nauðsynlegt að virða jörðina á ný. Jeg skal játa það, að það má nokkuð bæta úr þessu með því, að gefa ábúendunum eptir af landsskattinum og það kann að hafa verið gjört við umboðsjarðirnar, en jeg veit ekki hvort privateigendur muni hafa tekið nægilegt tillit til þessara skemmda, þegar þeir hafa heimt gjöld af sínum jörðum.

Jeg veit ekki hvað h. varaforseti (A. Ó.) meinti með því, að Sunnlendingar væru gjarnir á að vilja koma sjer undan skyldugjaldi til almennra þarfa, og verð að afbiðja það ámæli fyrir þá Sunnlendinga, sem jeg þekki. Það kann að vera miður heppilegt, að jarðamatið verði miðað við það að hvert jarðarhundrað sje 100 kr. virði; en það mun nú vera álitið þar venjulega hjer á suðurlandi, svona upp og niður. Jeg skal játa það, að mælikvarði sá, sem hafður var í Rangárvallasýslu, er í sjálfu sjer reglulegri og rjettari að mínu áliti.

Jeg vil heldur styðja að því, eins og jeg áður minntist á, að frv. þetta fái framgang. Jeg get vorkennt þeim mönnum, sem ekki fá rjettarbót á málum sínum, hvort sem það er í þessu eða öðru tilliti.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um vegi (C. 395); 1. umr.

Júlíus Havsteen: Mig furðar á því, að slíkt frumv., sem þetta, skuli nú vera komið inn á þing, þar sem að ekki eru nema 4 ár, síðan að samin voru hin nýju vegalög. Á þingi 1887 var vegafrv. rætt í nefnd bæði í neðri deild og efri deild, og miklum tíma var varið til þess. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje mikil rjettarbót að þessu frumv.

Svo er og annað: Vegalögin frá 1887 eru enn þá ekki komin til fullra framkvæmda og samt eiga nú að koma ný lög um vegi. Hvernig á nú umboðsstjórnin að fara að? Mjer finnst, að þetta frv gjöri að eins glundroða.

Án þess að fara út í einstakar greinar vil jeg þó benda á, að samkvæmt þessu frumv. er engin aðalpóstleið milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar. Það getur þó varla hafa átt svo að vera; en það hefur gleymzt í frumv.

Jeg get því ekki gefið þessu frumv. atkvæði; það er öldungis ótímabært.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það, að frumv. þetta hefur í sjer fólgna nokkra rjettabót, að því leyti sem það nefnir aðalflutningabrautir frá kauptúnum og upp í landið. En ef vjer gáum að því, að þetta er nýtt atriði, sem kostar mikla peninga og vjer höfum í fleiri horn að líta, sem líka kostar mikla peninga, held jeg að frumv. sje ekki tímabært, sökum þess að aðalpóstvegirnir, sem menn nú halla sjer að til umbóta, þurfa tíma fyrir sjer, auk heldur þá ef ætti að fara þar á ofan að leggja aðalflutningabrautir og með því að skipta þessu í tvær áttir eða margar áttir, þá er jeg hræddur um að verða mundi hægur gangur á vegagjörðunum. Mjer virðist svo, að fje það, sem lagt er til vegagjörða á aðalpóstleiðinni, sje ekki ofmikið, og það ekki sje tiltækilegt að skipta því eða kljúfa það í marga staði.

Jeg skal að sönnu játa það, að frumv. þetta, að því er þetta nýmæli snertir, muni vera vel hugsað, en eptir því sem á stendur á landi voru með vegina, hve mikið þarf að gjöra í því efni, og á hinn bóginn,

að fje er ekki fyrir hendi, virðist mjer það dreifa of mikið kröptunum og í því efni vera fremur til spillis að svo stöddu máli.

E. Th. Jónassen: Jeg get ekki sjeð, að frumv. þetta taki fram hinum núgildandi vegalögum vorum. Jeg held líka að það sje byggt á nokkrum misskilningi. Jeg heyrði á ræður h. flutningsm. frv. Nd. (J. P.) og gjörði hann ráð fyrir, að aðalpóstvegir um landið mundu kosta 4—5 milj. króna, og leit út fyrir, að hann skildi vegalögin svo, að leggja skyldi vagnvegi yfir fjöll og firrnindi; þannig tilfærði hann sem dæmi vagnveg í kring um Hvalfjarðarbotn. En þetta er hreinasti misskilningur á vegalögunum; það væri óðs manns æði að ætla sjer að leggja vagnveg í kringum Hvalfjarðarbotn eða á öðrum þvílíkum stöðum, þar sem skriður ofan úr fjallahlíðum o. fl. *árlega* skemma veginn meira og minna og jafnvel geta alveg eyðilagt vissa kafla hans, svo byggja verði þá að nýju. Það er alls ekki meining vegalaganna, að leggja vagnvegi, þar sem svona stendur á.

Vjer þurfum því ekki á þessu frumv. að halda til þess að koma í veg fyrir það, og heldur ekki til þess að leggja vagnbrautir frá kaupstöðunum og upp í sveitirnar, því að þær falla víða saman við aðalpóstleiðir.

Svo vil jeg benda á eitt atriði í frv. Það er ekkert talað um breidd aðalpóstveganna og sýsluveganna. Það er nauðsynlegt að hafa eitthvað ákveðið um það, svo breiddin verði ekki mjög mismunandi í hinum ýmsu hjeruðum.

Svo er gert að reglu, að nóg sje að ryðja aðalpóstvegi, en af því leiðir aptur, að með því grafast vegirnir niður og verða ófærir á fáum árum, svo leggja verður veg á ný annarstaðar. Þetta er því beinlínis apturför frá lögunum 1887.

Það er líka skrítið, eins og h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) tók fram, að fara nú strax að gjöra breyting á þeim lögum, sem varla eru enn þá komin til framkvæmda; jeg álít að það sje hyggilegra að sjá fyrst, hvað þau lög duga til.

Það yrði einnig langtum meira fje, heldur en landssjóður getur fyrst um sinn í tje látið, ef leggja ætti vagnbrautir upp í hjeruð frá öllum kauptúnunum, auk þess sem það væri ekki einhlítt fyrir menn, því að samt sem áður þyrftu menn að flytja vörur sínar á hestum, því að ekki er við því að búast, að bændur leggi vagnbrautir frá heimilum sínum til aðalvagnbrautanna.

Jeg hygg og, að þessar vagnbrautir yrðu nokkuð dýrar á sumum stöðum; jeg skal taka til dæmis Borgarfjörð. Þar þyrfti að leggja margar stórar brýr yfir ár, er kosta mundi ærna peninga, auk þess sem vagnvegur upp eptir Borgarfirði er öldungis óþarfur, þar sem menn hafa þar árnar að fara eptir.

Jeg get alls ekki gefið því atkvæði mitt, að frumv. þetta gangi til 2. umr.; vjer höfum nóg við þann litla tíma að gjöra, sem eptir er af þingtímanum, og mörg lög að ræða og ljúka við, er nauðsynlegri eru og betri, heldur en þetta frumv.

Grímur Thomsen: Jeg skal játa það fúslega, að margt af því, sem ýmsir h. þm. hafa haft að athuga við þetta frumv., sje á góðum rökum byggt; en samt sem áður virðist mjer það nokkuð hart, að leyfa ekki frumv. að ganga til 2. umr. Ýmsa agnúa, sem eru á frumv., mætti án efa laga, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje sje sett í málið.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 6 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Árni Thorsteinsson,	Jón A. Hjaltalín,
Grímur Thomsen,	Þorleifur Jónsson,
L. E. Sveinbjörnsson,	Arnljótur Ólafsson,

Sighvatur Árnason, E. Th. Jónassen,
Skúli Þorvarðarson. Friðrik Stefánsson,
Júlíus Havsteen.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Þrítugasti og áttundi fundur, laugardag 15. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema 5. kgk. þm. (A. Ó.), er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept 1885, 25. gr. (C. 408); 3. umr.

Friðrik Stefánsson: Eins og breyt.till. á þingskj. 399 (C. 416) sýnir, hafa 2 h. þingdm. ásamt mjer leyft sjer að gjöra þá breytingu við frumv., að árslaun bókara og fjehirðis landsbankans yrðu 2400 kr. í stað 2000 kr., eins og frumv. ætlast til, og hygg jeg þetta vera hæfileg árslaun. Enda eru það sömu laun og h. Nd. hafði ákveðið þessum starfsmönnum bankans. Enn fremur álít jeg, að þessi h. deild hefði ekki fært laun þessara manna niður, hefði það ekki orsakazt af hinni ástæðulausu skrúfu, sem h. Nd. gerði á móti hinum núverandi bankastjóra. Jeg skal taka það fram, að jeg hef bæði fyrir mig og marga aðra skipt töluvert við landsbankann, og get jeg ekki sjeð, að jeg eða þeir hefðu borið betra frá borði, eptir þeirri reglugjörð, sem bankinn hefur nú, þó annar bankastjóri hefði verið, og jeg efast mikillega um, að þótt breytt yrði um bankastjóra, að þá mundi breytast til nokkurs batnaðar. Hvað breyt.till. snertir, þá er upphæðin, 2400 kr., til bókara og fjehirðis, alveg samkvæm því, sem hæstv. landsh. tók fram, og h. Nd. hafði samþykkt, enda hygg jeg, að efnahagur landsbankans leyfi þetta fyllilega, þar sem varasjóður hans er orðinn fullar 100 þús. kr. eptir þau 5 ár, sem hann er búinn að standa, og hann þannig á ári hefur að meðaltali grætt um 20 þús. kr.; og þótt nú svo væri, að laun starfsmanna bankans væru hækkuð, og enda þótt nýr bankastjóri væri skipaður með 5000 kr. launum, þá mundi bankinn samt græða frá 10 til 12 þús. kr. á ári, ef engin sjerleg óhöpp vildu til. Beri maður saman fyrirhöfn eða erfiði þessara starfsmanna bankans við starfa skólakennaranna, þá hafa kennararnir ekki meira að gjöra og auk þessa hafa þeir 3 mánuði fría á ári frá öllum starfa; en fyrir utan hin daglegu störf hafa þeir bókari og fjehirðir mjög svo miklu að sinna talsverðan tíma bæði fyrir og eptir hvert nýár, þar sem þeir þá eiga að reikna út alla ársvexti viðskiptamanna bankans, sem og klára aðra reikninga hans; og líti maður í norska „Statskalenderen“, þá má sjá, að sams konar starfsmenn í Stafangri og Slien hafa í laun frá 2400 kr. til 3600 kr. um árið; jeg tók þessa banka til samanburðar, því þeir eru engir aðalbankar, heldur útibú frá aðalbankanum í Þrándheimi, og þó eru laun þessara manna eins og hjer er tekið fram.

Jeg álít óþarft að fara fleirum orðum um þetta mál, en hef það traust til h. deildar, að hún sýni þessum starfsmönnum landsbankans þá sanngirni, sem vera ber, og samþykki breytingartillöguna.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins með fáum orðum lýsa skoðun minni á þessari breyt.till., sem jeg og 2 aðrir h. deildarm. höfum komið fram með, og skal jeg jafnframt geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að breyt.till. á þingskj. 399 sje rjett og sanngjörn; jeg hef nú kynnt mjer nokkuð, hvaða störfum þessir starfsmenn hafa að gegna, og komizt að því, að þeir hafa miklu meiri og margbrotnari störfum að gegna en margur hugsar, eins og það líka er sannfæring mín, að þeim er ekki hægt að hafa önnur umfangsmikil störf á hendi. Menn verða og vel að gæta þess, að þessir menn eru orðnir

vel vanir þessum starfa og vel reyndir, og gæti það því orðið talsverður bagi, að þeirra missti við, sakir þess, að þeir, vegna þess þeir hefðu svo lítið í aðra hönd fyrir þennan starfa sinn, yrðu að halla sjer að einhverju öðru, til þess að leita sjer nægilegrar atvinnu. Að því er bankastjórann snertir, þá álít jeg enga nauðsyn bera til, að um sje skipt, fyr en sá, sem nú er, vill sjálfkrafa fara. Jeg er sannfærður um, að landsmenn eiga hinum núverandi bankastjóra mikið að þakka, einkum þegar tekið er tillit til þeirra tillaga, sem fram komu bæði utan þings og innan um, það leyti að bankinn var nýsettur á stofn; hefði bankastjórnin ekki farið gætilega og jafnframt haldið fast í taumana, þá er ósýnt, hvernig ella mundi farið hafa; jeg er sannfærður um, að ef stjórn bankans á fyrstu árum hans hefði ekki verið eins föst í sporinu, og hún sýndi sig að vera, þá mundi gróði bankans á fyrstu árum hans ekki hafa orðið annar eins og komið er fram á þennan dag. Það er sem sje mein*ing mín*, að *hingað til hafi* það ekki verið ráðlegt, að stofna útibú; þó þau kunni að hafa ýms þægindi fyrir landsmenn í för með sjer, þá útheimta þau á hinn bóginn mikið fje til þess að komast í gang, en jeg tel mjög svo vafasamt, að bankinn hingað til hafi verið þess megnugur; við það legðist nýr kostnaður á bankann, bæði til starfsmanna útibúanna og til húsnæðis; það getur verið, að sú stefna sje mest ríkjandi, að útibú sjeu sett á fót, en jeg fyrir mitt leyti vil helzt ráða til að fara varlega í þessu efni, og jeg hygg að þetta sje því að eins rjett, að tími til þess sje kominn. Það er varlega gjörandi að tvístra kröptunum, meðan þeir eru ekki meiri en komið er. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta, en vona að mál þetta fái góðan framgang hjá h. deild.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get tekið undir með h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) og 2. þm. Skagf. (Fr. St.) um, að bæði bókari og fjehirðir sjeu menn vanir bankastörfum og vel reyndir í því efni. Hvað launin til þeirra snertir, skal jeg geta þess, að jeg hef ekki fundið ástæðu til að breyta skoðun minni enn frá því, sem jeg ljet í ljósi við 1. umr. þessa máls; jeg hef ekki meðtekið neina inntöku, hvorki bankavísindi, eins og h. þm. Skagf. (Fr. St.), nje annað, sem hefur þau áhrif á mig, að breyta atkvæði mínu, eins og h. flutningsm. breyt.tillögunnar, jeg meina það til h. þm. Skagf. (Fr. St.) og Rangv. (S. Á.), sem báðir greiddu atkvæði með 2000 kr. launum þessara bankaþjóna við fyrri umræðuna. Það getur verið, að 2000 kr. sjeu lág laun fyrir fjehirði og bókara bankans, en jeg fæ þó ekki betur sjeð, en að það megi álítast nægilegt, úr því launin eru hækkuð um helming frá því sem þau eru nú, og enn er ekki sjeð, hve fljótt verður aukinn starfi þessara manna, að tiltölu við launahækkunina, þó hún væri ekki meiri en að helming, nefnil. 2000 kr.

Enn fremur vil jeg taka það fram, að jeg hygg ekki áríðandi að gjöra að kappsmáli að skipta um bankastjóra bráðlega, því mjer þykir efasamt, að hinn nýi bankastjóri með 5000 kr. launum vinni bankanum eða landsmönnum meira gagn en hinn núverandi bankastjóri með meira en hálfu minni launum, og er þá breytt til lítils hags yfir höfuð; eptir hjergreindum ástæðum greiði jeg atkvæði með frumv., en ekki breyt.tillögunum.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg hef ekki ætlað mjer að tala í þessu máli, og ætla mjer heldur ekki að þessu sinni að fara neitt frekara út í það; það er einungis eitt atriði í því, sem jeg ætlaði að tala lítið eitt um, og það er um stofnum útibúa. Útibú eru eins konar framkvæmdarstofur frá banka, settar á stofn á ýmsum stöðum, er hentugir þykja, optast í fjarlægð frá bankanum. Útibú („Filialer“) eru að skoða sem börn foreldris síns, og eins og börnin eiga að hlýða foreldrum

sínum, eins verða „Filialerne“ að hlýða aðalbankanum í öllu verulegu. Ef einhver þess vegna vill lán, sem nokkuð kveður að, hjá útibúinu, þá verður það að fá leyfi eða leita ráða í þessu efni hjá bankastjórninni; en þetta getur orðið tafsamt, því spurningarnar og leyfin geta ekki borizt á milli stöðvanna nema með pósti; en þessi aðferð hlýtur auðsjáanlega að taka langan tíma. Hinn bankafróði maður, er hvað mest vann að undirbúningi bankalaganna frá 1885, játaði og, að ákvæðin um útibúin væru ópraktisk, eptir því sem tilhagaði á Íslandi, þar sem hvorki væru málþræðir nje telegraphar. Jeg er því sannfærður um, að ef útibú yrðu sett á stofn hjer, mundi lítið gagn að þeim verða, og þetta mundi hafa svo mikinn kostnað í för með sjer fyrir bankann, að hann á 10 árum, ef eigi á skemmri tíma, mundi, ef þetta frv. sem nú er hjer á prjónunum verður að lögum, verða búinn að eyða öllum sínum varasjóði. En stofni menn sjerstaka banka, mun afleiðingin verða sú, að bankinn hjer fengi miklu minna að starfa og það svo miklu minna, að hann loksins gæti ekki borgað starfsmönnum sínum þau laun, sem hjer er farið fram á. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að reikningur h. þm. Borgf. (Gr. Th.) var alveg rjettur, nema hvað hann var heldur hár; bankinn græðir ekki nema 1000—2000 kr., þegar þetta frv. er orðið að lögum og lögin að öllu leyti komin í gildi, þetta segi jeg einungis til þess að vekja athygli manna á því, hvort tiltækilegt mundi verða að halda fast við stofnun útibúa, sem þar að auki eru lítt hugsandi, og að hagur bankans eigi mundi verða neitt glæsilegur við það; og þegar nýr bankastjóri kemur, sem að líkindum verður áður langt líður, þá er hætt við, að hann vilji fylgja ráðum eða tillögum alþingis, komi á útibúum, setji sig í samband við útlenda banka og verði yfir höfuð að tala „flottari“ en hingað til hefur átt sjer stað, og þá yrði afleiðingin sú, að bankanum færi aptur, og það ef til vill meir, en nú er hægt fyrir að sjá. Það getur verið, að mjer skjátlist; en reikningurinn hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.) var rjettur, og græði bankinn nú án útibúa ekki nema 2000 kr. eða rúmlega það, hvað mun þá verða með þeim? Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg fæ ekki sjeð, að nokkur fáist til að vera gæzlustjóri, ef starfstíminn á að verða 6 tímar, nema launin sjeu hækkuð.

Skúli Þorvarðarson: Mjer þótti vænt um að heyra ræðu h. 3. kgk. (L. E. Svb.), því að jeg var áður í vafa um, hvort hagfellt væri að stofna útibú frá landsbankanum. Nú skil jeg það nokkuð betur, sem jeg áður hafði óljósan skilning á. Ræða h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.) hefur sannfært mig um, að það sje mjög varasamt fyrir bankann að setja útibú á stofn, 2—3 á landinu, sem hlytu þó að vera fullkomlega háð bankastjórn, sem hefði aðsetur í Reykjavík. Þetta einungis með tilliti til erfiðleika á samgöngunum finnst mjer nóg til, að fara varlega með að stofna framkvæmdarstofur landsbankans, sína á hverju landshorni. En þar eð þetta mál liggur hjer ekki fyrir nú, er óþarft að hafa lengri umræður um það. Líklega kemur það fyrir síðar og ætla jeg því að hugsa mig betur um þangað til.

Grímur Thomsen: Jeg ætla ekki að svara ræðu h. þm. Skagf. (Fr. St.), því að sessunautur minn til vinstri handar, h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), hefur þegar svarað henni rækilega. En það er eitt atriði, sem jeg minntist á í fyrra dag og jeg vil ítreka enn, þar eð menn verða vel að gæta að því, og það er, að þótt bankinn hafi grætt hingað til, þá fer það minnkandi hjer eptir, þegar hann verður að borga landssjóði rentur af þeirri hálfu miljón króna, er hann upphaflega fjekk að láni

hjá landssjóði. Það yrðu um 5000 kr. á ári, og er það ekki svo lítil upphæð, auk þess sem lægri renta verður af varasjóði, þegar hún hefur verið lækkuð úr 4% niður í $3^1/_2$%. Enn fremur verða hin hækkuðu laun embættismannanna allmikill kostnaðarauki fyrir bankann. Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta atriði Jeg mun greiða atkvæði með breyt.till. á þingskj. 344, þótt mjer finnist hún ekki alls kostar rjettlát, en jeg vil ekki metast um jafnlitla hækkun og þetta, þar eð jeg játa, að starfsmenn bankans eiga skilið, að hagur þeirra batni, og að eigi sje rjett að launa þeim svo illa, að þeir ef til vill neyðist til að hætta starfi sínu, er þeir hafa stundað svo vel og eru orðnir leiknir í. Á hinn bóginn finnst mjer ekki rjettlátt að láta gjaldkerann hafa meiri laun en bókarann, því að mjer hefur verið sagt af kunnugum mönnum, að bókarinn hefði meira að gjöra, því að störfum hans væri svo varið. Aptur á móti verður gjaldkerinn að setja veð og svo hefur hann ábyrgð á mistalningu, svo að mjer finnst sanngjarnt, að hann hafi $^1/_5$ af hundraði. Jeg vil samt ekki tálma því, að frv. þannig lagað fái framgang og greiði þess vegna atkv. með því.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla mjer ekki að tala mikið í þessu máli, en úr því umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar, hvort sem er, held jeg að það skaði ekki, þótt jeg bæti við fáeinum athugasemdum. Það er sjerstaklega eitt atriði, sem enginn hefur tekið fram og það er, að þegar bankinn var stofnaður var honum komið á legg með lögum, sem telja má sem einhvers konar grundvallarlög fyrir hann. Þá voru laun gjaldkera og bókara ákveðin með lögum 1000 kr. til hvors þeirra fyrir sig. Jeg er alls ekki á móti breyt.till., sem fer fram á launahækkun þessara tveggja starfsmanna, því að jeg álít, að það sje sannngjörn og rjettlát krafa, en jeg verð að taka það fram, að bankinn á að vera sjálfstæður, að hann á að hafa frelsi til að ráða sjer sjálfur, og lifa sínu eigin lífi óháður löggjafarvaldinu, sem í raun rjettri á ekki að skipta sjer af honum, nema þegar brýnasta nauðsyn ber til að bæta úr einhverjum ákvörðunum, og sízt af öllu breyta lögunum, þegar það grípur inn í hina sjálfstæðu tilveru bankans. Ef til vill segja menn, að nú þurfi þessa við, en jeg verð þó að segja að engin þörf sje á því nú sem stendur. Hvað laun bankastjórans snertir, hygg jeg þannig, að nógur tími sje til að breyta þeim, þegar einhver uppást. um það kemur frá landshöfðingja eða bankastjórninni, en fyr ekki; öðru máli er að gegna með laun bankara og bókara. Þar þarf breytinganna, eptir vilja þeirra, er ráða bankanum. Jeg er mótfallinn því, að þingið og það nú, meðan bankinn enn er í bernsku, fari að blanda sjer í það, sem því kemur ekki við. Þingið sjálft hefur sína gæzlustjóra. En jeg skal ekki fjölyrða meir um þetta atriði, heldur að eins geta þess, að vjer höfum engan rjett til og eigum ekki að breyta neinu í fyrirkomulagi bankans, nema brýnasta nauðsyn beri til. Jeg verð að leggja áherzlu á, að stofnun þessari er mjög áríðandi, að þurfa ekki að kosta miklu til fyrstu 10 árin, sem hún er að komast á fastan fót og veitir erfitt að leggja til viðlagasjóðs það, er þarf þangað að leggja. Jeg vil ennfremur leyfa mjer að vekja athygli manna á einu atriði enn. Hvernig var bankinn stofnaður? Þannig, að landssjóður gaf út seðla að upphæð 430,000 kr., er hann svo lánaði bankanum, og var ekkert um það ákveðið, hvenær og hvernig lánið ætti að greiðast aptur. Viðlagasjóðurinn vex ekki mikið árlega, en þegar bankinm er kominn á framfaraveg, mun ekki líða langt um, áður en komið verður með lög um það, hvernig bankinn eigi að borga landsjóði aptur þessar 430,000 kr. Hvar fær bankinn þá peninga? Ef til vill verður búið að verja miklu af arði

hans til launa handa bankastjóra, til útibúastofnana og annara framkvæmda, sem ekki er víst að borgi sig svo vel. Jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að menn vilja hafa dýrt launaðan bankastjóra, í staðinn fyrir góðan bankastjóra með litlum launum, er staðið hefur mjög vel í stöðu sinni, og um það skýrskota jeg í öllu til h. þm. Borgf. (Gr. Th.), er hverju því orði, er hann um það talaði, samþykkur. Jeg er samþykkur hverju því, sem horfir bankanum til framfara, svo hann geti fullnægt tilætluðum þörfum, en mótfallinn öllu, er seinkar framförum hans, og það er að lögþvinga fram háttlaunaðan bankastjóra, fyrr en bankinn hefur næg efni.

Friðrik Stefánsson: Jeg get eigi skilið í þeirri apturför, sem ýmsir h. þingm. gjöra sjer í hugarlund, að verða muni á tekjum bankans, þótt frv. þetta verði að lögum og komi til framkvæmda, og að hreinar tekjur bankans muni við það hrapa niður í 1000 kr. á ári. Það er þó ómótmælanlegur sannleiki, að bankinn hefur grætt á 5 síðustu árum 100 þús. kr. og þannig að meðaltali árlega 20,000 kr., ef þar frá dragast þær 4300 kr. sem bankinn þarf nú að fara að borga landsjóði, eru eptir 15,700, kr. og hin nýju útgjöld, sem frv. þetta hefur í för með sjer eru: Til framkvæmdarstjóra . . . . . 3000 kr.
Til bókara . . . . . 1400 —
Til gjaldkera . . . . . 1400 —
Samtals 5800 kr.,
og þegar sú upphæð er dregin frá áðurnefndum 15,700 kr., verða eptir hreinar tekjur 9,900 kr., en *ekki* 1000. Þetta er svo bersýnilegt og því hef jeg ekki viljað, að það væri sagt hjer á þing, ián þess að því væri mótmælt. Það má og búast við því, að tekjur bankans aukist fremur árlega við það, að hann fær smátt og smátt meira fje að verka með, þar sem hann er ekki enn búinn að hefja 70,000 kr. af stofnfje sínu úr landsjóði, og hljóta þær þá að ávaxtast jafnt sem hverjar aðrar 70,000 kr., sem bankinn hefur nú í veltu, og mundi það verða á ári hátt á annað þús. kr., auk þess áðurtalda. Að endingu tek jeg það fram, að oss sem stöndum undir breyt.till. þessari hefði ekki komið til hugar að koma fram með hana, ef þessi h. deild hefði ekki við 2. umr. máls þessa hækkað laun bankastjóra uppí 5000 kr. Því allir vita, að fjehirðir og bókari hafa mikið meira að vinna heldur en hann, og komist breyt.till. að, verða laun þeirra hlutfallslega rjettari. Að endingu skal jeg geta þess, að í smábönkum þeim í Norvegi, sem jeg tók til samanburðar, hafa bókhaldari og fjehirðir hærri laun en bankastjóri; fleira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram í þessu máli.

Sighvatur Árnason: Eins og kunnugt er, hefur komið fram í h. Nd. þingsályktun í þá átt, að skora á landstjórnina að hlutast til um, að skipaður verði hið fyrsta framkvæmdarstjóri við bankann, er eigi hefur embættisstörf á hendi, en af því að þessi þingsályktunartill. kemur eigi til umr. hjer í þessari h. þingdeild, vil jeg lýsa því áliti mínu á þeirri þingsályktun, að jeg vil eigi að hún hafi framgang.

ATKV.GR.: Breyt.till (399) samþ. m. 7 atkv. báðir stafliðirnir.

Frv. þannig breytt samþ. m. 8 atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um lögaldur (C. 385); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Frv. þetta er talsvert breytt frá frv. því, sem hjer var samþykkt á þingi 1889; því að eptir því frv. átti hver maður að vera fullmyndugur 21 árs og þangað til að vera ómyndugur, með því að hann átti engan tilsjónarmann að hafa, en hjer er gjörð sú undantekning, að sá, sem ekki er 25 ára gamall, getur ekki tekið að sjer ábyrgð í fjármálum. Það er samt sem áður sá ókostur enn á þessu frv., sem var þess valdandi, að lög þau, er síðasta al-

þingi samdi um sama efni, gátu ekki öðlazt staðfestingu, sem sje það, að hafa hjer á landi önnur ákvæði um lögaldur en er í Danmörku. Það liggur í augum uppi, að það getur orðið mjög óþægilegt, að lög um þess konar sjeu mismunandi á ýmsum stöðum í sama ríkinu, enda mun og það heldur ekki eiga sjer stað í nokkru öðru riki. Jeg álít því að það væri hyggilegra að láta þetta frv. bíða þangað til að sams konar breyting hefur verið gjörð í Danmörku.

Jeg vil af þessum ástæðum ekki gefa frv. atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg vil vera meðmæltur þessu frv. Mér hefur ávallt þótt það óviðkunnanlegt, að menn skuli ekki vera fjár síns ráðandi fyrr en 25 ára. Svo er og það, að þess atriðis hefur eigi verið gætt í reyndinni, að hafa tilsjónarmann eptir 18 ára aldur. Maður sjer það líka, hve undarleg slík lög eru, þegar ekki þarf annað en að giptast, til þess að vera fullmyndugur, þótt ekki sje náð hinu setta 25 ára takmarki, og er það mikil ósamkvæmni í lögunum, að slíkt skuli ekki fara saman.

Gagnvart orðum h. 2. kgk. (E. Th. J.) vil jeg geta þess, að það er í sjálfu sjer engin ástæða á móti þessu frv., þótt samskonar ákvæði sjeu ekki komin á í Danmörku; sú ástæða er jafn fjarstæð og Ísland er Danmörku. Jeg get ekki betur sjeð, en að Ísland geti haft sín lög út af fyrir sig í þessu sem öðru. Það er og önnur mótbára, sem höfð hefur verið á móti þessu frv., að samkvæmt því mundu fleiri dánarbú koma til opinberrar skiptameðferðar. Jeg skal játa það, að þessi ástæða var á góðum rökum byggð, en nú er bætt úr henni í þessu frv., þar sem haldið er 18 ára takmarkinu um myndugleikann með tilsjónarmanni, og breytingin frá því, sem nú er, er einungis fólgin í því, að setja 21 árs aldurstakmark í staðinn fyrir hið núgildandi 25 ára takmark, — og þó með þessari undantekning, að enginn megi taka að sjer ábyrgð í fjármálum, nema hann sje 25 ára. Jeg vona því, að þar sem bætt hefur verið úr þeirri helztu mótbáru, sem höfð var á móti sams konar frv. á síðasta þingi, að frv. fái nú samþykki þessarar deildar og öðlist staðfestingu.

E. Th. Jónassen: Út af orðum h. þm. Rangv. (S. Á.) skal jeg bæta því við, að jeg hef aldrei orðið var við það, að nokkur óánægja hafi átt sjer stað viðvíkjandi hinum gildandi ákvæðum um lögaldur. Jeg held líka að almennt sjeu menn ekki svo þroskaðir 21 árs gamlir, að þeir geti verið fullveðja fjár síns á þeim aldri.

Það er heldur ekki í sjálfu sjer ógild ástæða á móti þessu frv., að önnur ákvæði gilda í Danmörku, því að það getur orðið mjög óþægilegt t. a. m. fyrir kaupmenn, ef annað aldurstakmark gildir hjer á landi heldur en í Danmörku fyrir myndugleika. Jeg hef sem sagt aldrei heyrt þess getið, að nokkur óánægja hafi átt sjer stað hjer á landi yfir myndugs-aldurstakmarkinu. Það skyldi þá vera í Rangárvallasýslu.

Árni Thorsteinsson: Það er að eins ein stutt athugasemd, sem jeg vildi gera. Það er í sjálfu sjer nokkuð kynleg stefna, sem kemur fram í frv. þessu, þar sem myndugleika-takmarkið er sett við 21 ár, en samt getur sá myndugi ekki tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, nema hann sje 25 ára. Þetta sýnir það, að þeir sem halda fram frv. þessu, álíta þá sjálfir, að sá sem orðinn er 21 árs, sje þó ekki alveg fær um að ráða sjálfur fje sínu og öllum gjörðum. Svo er og annað: hvers vegna hafa menn þessir að því er þessa ungu menn áhrærir eingöngu óbeit á ábyrgð (Kaution)? Jeg get ekki sjeð, að það þurfi neitt meiri og sterkari tryggingar að setja gegn ábyrgðarhæfi þeirra heldur en t. a. m. gjöfum eða veðleyfi af þeirra hendi, sem þeim er álitið frjálst. Mjer virðist þannig að frv. gangi eiginlega út frá því, að hið rjetta aldurstakmark sje 25 ára og

þess vegna er það mjög undarlegt að færa það til 21 árs að öllu öðru leyti en því að geta ekki tekið að sjer ábyrgð.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi ræðu h. 4. kgk. (Á. Th.) um það, að það væri vottur um, að frv. þetta stæði á veikum fæti, að þessi undantekning er gjörð með ábyrgðina, þá skal jeg taka fram, að það er þó ekki sagt, að það sje svo að skilja í raun og veru. Það er ekki óvanalegt að menn reyni að synda milli skers og báru, reyni að nema burtu þá agnúa, sem menn hafa rekið augun í. Jeg hygg að þessi undantekning sje gjörð til þess, að menn geti síður haft á móti breyting þeirri á myndugleika-takmarkinu, sem gjörð er í frumv.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt með 5 : 5 atkv.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 398); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg stend upp að eins til þess, að gjöra grein fyrir, hvernig á frv. þessu stendur. Tildrögin eru þau, að nokkrir menn í austurhluta bæjarins hafa skrifað til bæjarstjórnarinnar og látið þá ósk sína í ljósi, að verzlunarlóð bæjarins yrði stækkuð í þá átt, en þar eð bæjarstjórnin vildi taka bæn þessa til greina, áleit hún rjett og ástæðu til að stækka hana að vestanverðu nálægt höfninni. Á þessu tiltekna svæði getur eigi komið til tals, að verði verzlunarhús nema á fám stöðum, t. d. í Suðurgötu. Í miðjum bænum er svo þröngt, að þar verður eigi verzlunarlóðin stækkuð. Bæjarstjórninni fannst því sanngjarnt, að hlutast til um, að beiðni þessi kæmist inn á þingið, og get jeg eigi fundið neitt á móti því, að þingið verði við þessari beiðni, þar sem hún eigi fer fram á annað en að veita mönnum heimild til að mega verzla, ef þeir vilja, á því svæði, er frv. til tekur.

Árni Thorsteinsson: Jeg gef frumv. þessu fúslega atkv. mitt, en af því jeg sje, að h. 2. kgk. (E. Th. J.) er málinu sjerstaklega velviljaður, þá vil jeg taka fram eina litla athugasemd, og hún er sú, að mjer virðast takmörkin eigi svo nákvæmlega tiltekin sem þyrfti; það er að eins einn punktur, sem er nákvæmur, nfl. Skólavarðan, en aptur á móti eru Helgastaðir, Skólabær og Litlasel ónákvæm takmörk, þar eð eigi er tekið fram, hvort t. d. Helgastaðir eru með taldir eða fráskildir, og Helgastaðir eru svo stórir að flatarmáli, að miklu munar, hvar línan er látin ganga yfir þá. Hið sama gildir um Skólabæ og Litlasel. Mjer hefði þótt æskilegra, að þetta hefði verið nákvæmar tiltekið, en þó mun jeg gefa frv. atkv. mitt, en það væri óþægilegt, að menn ætti í stælum út af þessum ónákvæmu takmörkum á eptir. Jeg get eigi bundizt þeirra orða, að mjer finnst að mál þetta ætti helzt eigi að vera löggjafarmálefni, heldur væri það æskilegt, að það hefði orðið afgjört að ráðstöfun stjórnarinnar. Kaupstaðarlóð Reykjavíkur hefur áður verið ákveðin með stjórnarúrskurði; mjer finnst, að það sama mætti vera í þessu tilfelli og að eigi þurfi lög til þess.

E. Th. Jónassen: Jeg er samdóma h. 4. kgk. (Á. Th.) um, að það hefði verið rjettara og betra að tiltaka nákvæmar takmörkin fyrir lóðinni við Helgastaði og Litlasel, en mjer finnst eigi ástæða til að fella frv. þess vegna, því ef ætti að fara að breyta því, þá yrði tíminn of naumur. Bæjarstjórnin leit svo á mál þetta, að stækkun á verzlunarlóðinni eigi gæti fengizt nema með lögum, þótt slíkt hafi áður verið veitt með konungsúrskurði.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv til laga um breytingu á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis (C. 403); 1. umr.

Sighvatur Árnason: H. deild er kunn-

ugt, að þetta mál hefur fyrr komið fyrir á þingi, en eigi orðið framgengt. Þetta er eitt af þeim atriðum stjórnarskrárinnar, sem má breyta með sjerstökum lögum, og þó hefur það mætt mótstöðu í þessari deild á undanfarandi þingum. En af því jeg býst við, að sumir h. deildarmanna verði enn á móti þessu, þá vil jeg víkja máli mínu til h. ldsh. og spyrja hann, hvort hann eigi vilji gjöra svo vel og láta í ljósi, hvort hann haldi að málið gæti fengið staðfestingu H. Hátignar konungsins, ef það væri samþykkt á þinginu, eða, ef hann haldi að það fái eigi staðfestingu, þá af hvaða ástæðum, til þess, ef hægt væri að meinalausu að laga það.

Landshöfðingi: Mjer er sönn ánægja í því að verða við tilmælum h. þm. Rangv. (S. Á.). Jeg held, að nægilegt sje að vísa í konungsúrskurð frá 18. febrúar 1888, þar sem synjað er sams konar frv. sem þessu um staðfestingu. Þar er tekið fram, að þinginu hafi eigi verið nein alvara að fjölga þingmönnum, þar sem í frv. því til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, sem þingið hefði samþykkt 1885 og 1886, hefði verið haldið sömu þingmannatölu og sama hlutfalli milli deilda, sem nú er, heldur sje tilgangurinn sá, að útvega vissu fyrir því, að h. þjóðkjörnu í Ed. væru í meiri hluta, en frá þeirri hlið skoðað er frv. alveg óþarft, og heldur eigi rjett, því jeg er sannfærður um, að hinir konungkjörnu þm. hafa eins gott vit og góðan vilja eins og hinir þjóðkjörnu og auk þess hafa hinir konungkj. fram yfir hina meiri staðfestu og einurð og geta betur varizt því, að láta miður heilbrigðar skoðanir ryðja sjer til rúms hjá þeim. Jeg sagði áðan, að frv. væri óþarft; það er líka óþarft jafnvel frá sjónarmiði h. þm. Rangv., því eigi þurfa þingmenn annað en passa upp á, að kjósa svo unga menn í Ed. framvegis, að aldursforseti verði ávallt úr flokki hinna 6 kgk. þm.; þá geta hinir þjóðkj. ráðið, hver verður forseti, og þá er það einnig á þeirra valdi, að vera jafnan í meiri hluta. Vegna þessa er frumvarp þetta óþarft.

Jeg skil eigi hvað það á að þýða, að fjölga þjóðkjörnum þm. um 6, þar sem það er viðurkennt, að eigi þurfi nema 36 þm. alls, og það var viðurkennt í Nd. í stjórnarskrárfrv. því, sem hún hefur samþykkt í sumar. Það væri skrítið, ef þetta frv. væri samþykkt hjer og staðfest af H. Hátign konunginum. Á alþingi 1893 sætu svo 36 þjóðkj. þm. og á sama þingi yrði svo samþykkt stjórnarskrárfrv. samkvæmt því stjórnarskrárfrv., sem var hjer til umræðu um daginn. Ef sú stjórnarskrá yrði samþykkt, kæmist glundroði á allt það fyrirkomulag. Þetta held jeg sje nóg til að sýna, að frv. er eigi nægilega hugsað og að það þannig orðað muni eigi fá framgang á þinginu, auk heldur að það fái staðfestingu konungs. Þegarjeg ber saman 1. gr. 3. og gr. frv., þá er það, að minni hyggju að minnsta kosti, eigi frambærilegt.

Sighvatur Árnason: Mjer dettur ekki í hug að gjöra lítið úr hinum kgk. þm., því að jeg skal fúslega játa, að þeir hafa opt talsverða yfirburði yfir hina þjóðkjörnu, að minnsta kosti hvað lærdóm snertir, en úr því h. ldsh. minntist á meiningu frumv., get jeg ekki stillt mig um að láta einnig í ljósi mína meiningu um það, og hún er að minni skoðun sú, að hinir konungkjörnu ráði ekki eins lögum og lofum í Ed., eins og þeir nú gjöra, því að þrátt fyrir sína yfirburði getur þeim þó yfirsjezt, sem öðrum. Því verður og varla neitað, að hinir kgk. þm. hafa opt komið nokkuð einkennilega fram og eigi ávallt sem heppilegast í ýmsum hinum helztu áhuga- og framfaramálum landsmanna, þannig, að þau hafa optast verið felld hjer í deildinni, og hefur þetta einna ljósast sjezt á þessu þingi. Jeg efast ekki um, að þeir fylgi sinni sannfæringu, en þeim getur missýnzt um sumt og máske hættir stundum við, að glápa heldur um of á stjórnina.

Jeg vil einnig minnast á það, sem h. ldsh. sagði, að þótt það sje meining frv. að fjölga þingmönnum hjer í deildinni, þá á einnig að fjölga þeim í Nd., og það er auðvitað gjört til þess, að hlutfallið milli deildanna raskist ekki. Mjer finnst yfir höfuð, að alls ekki eigi að horfa í þann kostnað, er þetta fyrirkomulag hefði í för með sjer, þótt hann sje óneitanlega nokkuð mikill, því að hins ber fremur að gæta, hvern hagnað gæti af þessu leitt fyrir málin sjálf. Þar sem h. ldsh. vitnaði í stjórnarskrárfrv. sem nú er fallið og sagði, að það kæmi í bága við það, þá er það að vissu leyti rjett, en það er aptur á móti ekki til neins að vitna í það, sem þegar er komið í gröfina, enda lítil von um að það rísi upp úr henni núna fyrst um sinn, eða þá að minnsta kosti varla í sömu mynd. Mjer þykir kynlegt, ef frv. þetta um fjölgun þjóðkjörinna þingmanna nær ekki fram að ganga og svo mun fleirum þykja, ef ekkert þeirra mála, sem ganga feti nær til að tryggja sjálfstæðis-rjettindi og þingræði þjóðarinnar, kemst í gegnum Ed. sakir ofurvalds hinna kgk. þingmanna. *(Margir:* En stjórnarskrárfrv. 1889. Hverjum var að kenna, að það var eigi samþykkt?). Já, tökum frv .Nd. 1889; hverjum var það að kenna, að slíkt frumv. fjell úr sögunni? Jeg hygg, að það hafi verið mest hinum kgk. þm. að kenna, að það frumv. fór í hundana 1889. Jeg vona, að mönnum snúist hugur, hvað þetta frv. snertir, er hjer liggur fyrir, og að því verði lofað að minnsta kosti að ganga til 2. umr., til þess það verði að minnsta kosti betur rætt.

Jón A. Hjaltalín: Jeg held, að það hafi optast verið viðurkennt betra, að þingið væri í tveimur deildum en í einni, en þetta frv. fer í rauninni fram á, að þingið sje ein deild, því að meiningin í því er sú, að meiri hluti Nd. hafi öll ráð í báðum deildunum. H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði, að hinum kgk. þm. væri hætt við að glápa of mikið á stjórnina, en jeg vil þá segja h. þm. (S. Á.), að hinum þjóðkjörnu þm. í Ed. hættir engu síður við að glápa á Nd., og það jafnvel alveg hugsunarlaust og í blindni opt og einatt; þeim reglum hefur jafnan verið fylgt, að Ed. ætti að vera alveg óháð Nd., og það er ástæðan fyrir tilveru Ed., en það er auðsjeð samkvæmt þessu frv., að ef þeir verða jafnan í meiri hluta hjer í deildinni, sem kosnir eru af meiri hluta Nd., þá hefur Nd. eins konar útibú hjer í Ed., sem hún getur stjórnað eptir eigin geðþótta, og sem fylgir henni gegnum þykkt og þunnt í öllu. Þá fellur auðvitað burtu ástæðan fyrir tilveru Ed., sem sjerstakrar málstofu jafnhliða Nd., og það er því alveg sama að greiða atkv. með þessu frumv., eins og að greiða atkv. með því að þingið skuli vera ein málstofa, eins og ein uppást. í Nd. hefur einnig farið fram á. Að lyktum skal jeg geta þess, að jeg álít þann sið gagnslausan og þýðingarlausan, að láta frv., sem menn annars ætla sjer að fella, ganga til 2. umr., því að það er að eins til þess að eyða tíma frá öðrum málum. Jeg vil því leggja til, að þetta frv. sje þegar fellt við þessa 1. umr., en ekki lofað að ganga tit 2. umr., því að jeg sje ekki, að það hafi neitt að þýða.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Frumv. til laga um stofnun ullarverksmiðju (C. 403); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. var umræðulaust fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Þrítugasti og níundi fundur, mánudag 17. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 369, 421); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg hefi eigi mikið að segja við þessa 1. umr., því öll sú stefna, sem fjárlögin hafa tekið, er komin frá Nd., og nefnd Ed. hefur eigi breytt þeim í neinu verulegu atriði, svo stefna þeirra er óbreytt.

Við þessa umr. má eigi fara út í einstök atriði og skal jeg því síðar skýra þau; en jeg skal taka það eitt fram, að við 10. tölulið í nefndarálitinu hafa af ógáti slæðzt inn í orðin: „hvort árið“, sem verða að ganga út við prentunina. Eins orðar nefndin öðruvísi skilyrðin undir 14. tölulið, „hlutaðeigendur skuldbindast til að staðfestast eigi erlendis“. Annað hef jeg eigi að athuga við þessa umr.

Landshöfðingi: Samkvæmt leyfi h. forseta, að menn mættu minnast á einstakar greinar við þessa umr., þá ætla jeg að að nota mjer af þessu leyfi.

Jeg skal geta þess, að jeg yfir höfuð felli mig við uppástungur þær, sem h. nefnd hefur komið fram með, og sem fara í þá átt, að spara fje fyrir landssjóð, með því að færa niður eða fella burtu fjárveitingar þær, sem Nd. hafði samþykkt. En nefndin hefur líka komið með nokkrar nýjar tillögur um aukin gjöld, sem reyndar eru hvorki mörg nje stór, en sem þó er ástæða til að íhuga.

Það er þá sjerstaklega 5. töluliður, um svifferjur á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði; af því mjer er eigi kunnugt um, að komið hafi bænarskrár um þetta og því síður áætlun um kostnaðinn, þá býst jeg við, að framsögum. gefi upplýsingar í því efni; annars er eigi gott að samþykkja þessa fjárveitingu út í bláinn, meðan eigi er sýnt, hversu nauðsynlegar þessar svifferjur eru á þessum stað, og hvað mundi kosta að koma þeim á.

Það er önnur fjárveiting, sem jeg vil mæla fram með; það eru þessar 1000 kr. sem nefndar eru í 10. tölulið til viðgerðar á skólahúsinu á Möðruvöllum. Mjer er kunnugt, að það er nauðsynlegt að gjöra við hús þetta; það hefur upphaflega verið gengið illa frá því, sjerstaklega frá grunninum, og hætt við að það skemmist, ef eigi verður bráðlega gjört við það. Við vitum, að þegar grunnur undir hús er byggður úr múrsteini en eigi íslenzku grjóti, þá er hann miklu haldminni; múrsteinninn fúnar og molnar og verður ónýtur.

Sömuleiðis vil jeg leyfa mjer að mæla með uppfærslunni við 11. tölulið við 13. gr. B. V. b. 1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa til stýrimannaskólans; eptir lögunum eru honum eigi ætlaðar nema 300 kr., en þegar átti að koma skólanum á stofn, þá sýndi það sig, að eigi var hægt að fá hæfilegt húsrúm, en forstöðumaður skólans rjeðst í á sinn eiginn kostnað að byggja viðbót við húsið, en það hefur sýnt sig, að hann getur eigi verið skaðlaus nema hann fái 500 kr. árlega bæði til að borga rentu af peningum þeim, er hann hefur lagt í húsið, og fyrir eldivið og ljós. Skipstjóri Markús Bjarnason hefur sýnt fram á þetta og Nd. viðurkennt það, en þó hefur hún eigi veitt meira en 400 kr. Ef þetta verður eigi hækkað nú, þá rekur að því, að það verður að gjöra það á næsta þingi eða veita uppbót af fjáraukalögunum; jeg held að betra sje að gjöra það þegar.

Undir 13. tölulið eru ætlaðar 200 kr. til stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis og bindindisrita. Mönnum er kunnugt, að í Nd. var stungið upp á 300 kr., en sú uppástunga fjell, enda sýnist eigi ástæða til fyrir h. deild að taka hana upp. Það munu allir viðurkenna það gagn, sem Good-Templars-fjelagið hefur gjört, með því að útbreiða reglusemi og fyrirlitningu fyrir drykkjuskap, en það hefur sýnt, að það getur gjört það af eigin rammleik, án þess að seilast eptir fje úr landssjóði, og jeg er viss um að fjelagið heldur því áfram, þó það eigi fái styrk af opinberu fje, því það er eigi með ritum sínum, heldur með stúkum og góðu eptirdæmi, sem það útbreiðir bindindið bezt. Jeg hef eigi

trú á þessum bindindisritum og bindindispostulum, sem ferðast um. Það er nærri því til að rýra þá forþjenustu, sem Good-Templars-fjelagið hefur, að fara að veita því þenna styrk; það er að eins til að gjöra lítið úr fjelaginu.

Jeg get fellt mig við styrkveitingar þær, sem nefndar eru undir 17. tölulið. Mjer finnst mikil ástæða til að hjálpa þessum mönnum til að halda áfram lækningum sínum; þeir eru specialistar og hefur báðum tekizt vel; jeg álít óheppilegt, ef þeir verða að hætta vegna atvinnuleysis, og ef til vill fara af landi burt; þeir hafa báðir opt talað um að fara burtu, og væri það skaði fyrir landið og söknuður að þeim; t. d. um Björn Ólafsson er mjer kunnugt, að hjá honum fá margir bót meina sinna, sem annars þyrftu að fara til útlanda.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Það gladdi nefndina að heyra hæstv. landh. taka svo vel undir breytingar þær, sem nefndin hafði gjört. Það voru að eins tveir liðir, sem hann var eigi alveg á sama máli sem nefndin, það er að segja 5. töluliður um svifferjur, og 13. töluliður um styrk til stórstúkunnar. En þegar að er gáð, þá var hann eigi á móti styrkveitingu til svifferjanna, heldur óskaði hann að fá skýringu á ástæðum nefndarinnar fyrir þessari styrkveitingu.

Jeg skal játa það, að nefndinni hefur eigi borizt nein bænarskrá frá Skagfirðingum, en oss hefur verið tilkynnt, að mál þetta hafi komið þar fyrir á sýslunefndarfundi, en eigi orðið leitt til lykta. En málið er í sjálfu sjer nauðsynlegt, því það er nær því frágangssök, að koma sauðum, sem seldir eru fyrir austan Hjeraðsvötnin, yfir þau til Sauðárkróks. Nefndin bar það traust til h. þm. Skagf. (Fr. St.), sem er gagnkunnugur sýslunefndinni og öllum merkum mönnum þar í sýslu, að sögusögn hans væri eins góð og beiðni frá sýslunefndinni. Nefndin hefur leyft sjer, líkt við nokkur önnur málsatriði, svo sem þar sem hún hefur stungið upp á 600 kr. bráðabyrgðaruppbót á Akureyrarprestakalli til þess, að komast hjá að veita þessum tveim mönnum skáldlaun, sem sóttu um þau, en vinna þó hinu tilnefnda skáldi engu minna gagn en gert er í frv. Nefndin hafði enga bænarskrá frá Akureyrarbúum um að bæta brauðið upp, en hún gjörði það í fullu trausti til þess, að það væri þjóðvilji á Akureyri, eins og svifferjur eru þjóðvilji í Skagafirði. Nefndinni barst yfirlit yfir kostnaðinn við að bæta skólahúsið á Möðruvöllum frá Jóni Stefánssyni timburmeistara á Akureyri. Eptir þessu yfirliti hefur nefndin farið, nema hvað hún hefur stungið upp á tæpum helmingi af kostnaðinum.

Nefndin leyfði sjer að taka upp tölulið til stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis og bindindisrita. Nefndin í Nd. tók beiðni þessa frá stórstúkunni til greina, og álít hennar stóðst tvær umræður, en fjell af misgáningi með litlum atkvæðamun við 3. umr. Mjer er að vísu lítið kunnugt um fjárhag stórstúkunar eður Good-Templars-fjelagsins, en jeg hefi heyrt, að það væri í peningaþröng; það hefur engan styrk frá útlöndum, en hefur haft mikinn kostnað af að byggja.

Það gladdi mig, að hæstv. landsh. mælti með fjelaginu, því jeg er viss um, að þegar hann viðurkennir gagn það, sem fjelagið gjörir, muni hann álíta rjett, að sýna því þessa hógværu viðurkenning í verkinu.

Ef hæstv. landsh. óskar eptir meiri upplýsingum um svifferjurnar, þá er jeg viss um, að h. þm. Skagf. (Fr. St) hefur eitthvað í pokahorninu hjá sjer.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (C. 352); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv., og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um þóknun handa hreppsnefnarmönnum (C. 342); 3. umr,

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 386); 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Það má segja um frv. þetta hið fornkveðna, að opt verður mikill eldur úr litlum neista. Þegar frv. þetta kom inn á þing, var það stjórnarfrv. og var að eins um að selja jörðina Miðskóga í Dalasýslu, er landssjóður hafði orðið að taka að sjer, með því að hún hafði verið sett að veði fyrir láni af viðlagasjóði, en ekki var staðið í skilum með greiðslu á og ekki fjekkst viðunanlegt boð í, þegar átti að selja hana fyrir skuldinni.

En nú eru komnar inn á þetta frv. 63 jarðir, sem farið er fram á að selja fyrir 95,680 kr., og samtals 842 jarðarhundruð.

Þegar nú svona stórt frv. er fyrir til umræðu, er full ástæða til, að gæta vel í kring um sig, rannsaka það sem verið er að gjöra og komast að einhverri niðurstöðu um það, hvort það muni vera rjett af landssjóði að selja allar þessar jarðir. Jeg hef tekið það fram árangurslaust hjer á þingi áður, að það er siðferðisleg skylda fyrir landssjóðinn, að vera góður húsbóndi leiguliðum sínum. Það eru árlega veittar margar þúsundir króna til eflingar búnaði, en ekkert er gjört til þess að hlynna að og bæta þjóðjarðirnar. Jeg hef líka tekið það fram, að það sje mjög hentugt fyrir landssjóðinn að eiga einhvern fastan stofn, merg til að standa á, og það eru einmitt þessar þjóðjarðir. Því að hvað verður eiginlega af verði þeirra.? Hvað varð um andvirði jarða þeirra, er seldar vóru samkvæmt lögunum frá 1883 og síðar? Vjer vitum allir, hvað af fje þessu hefur orðið; það hefur verið jetið upp, — borgazt inn í landssjóðinn, og horfið svo til ársútgjalda, og nú á að láta enn hverfa á sama hátt 95,680 kr. Einn háttv. þingmaður hjer í deildinni (Sk. Þ.) sagði það á þingi 1887, að það væri allt eins gott að eiga verð jarðanna til að grípa til, eins og jarðirnar sjálfar. En jeg mótmæli þessu; það er ekki satt. Eins mæla þeir menn þessu máli með ljettúð, sem, eins og þingmaður Skagf. (Fr. St.) hefur gjört, að kalla fasteign landssjóðs „dvergmynd", sem aldrei muni geta bjargað landssjóði.

Síðan 1883 hefur verið samþykkt að selja jarðir fyrir samtals 148 þús. kr., alls 51 þjóðjörð; seldar hafa verið þjóðjarðir fyrir 35,700 kr., og eru þannig óseldar enn af jörðum þeim, er selja mátti, 112,800 kr. virði, — og nú á að fara að bæta við 63 jörðum fyrir 95,680 kr., án þess þó, fremur en áður, sje hægt að segja, að vissa sje fyrir því, að jarðirnar verði seldar þegar til kemur.

Það er nærri því ókleift verk að ganga í gegnum allan þennan lista og rannsaka verð hverrar einstakrar jarðar. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki nægan kunnugleika til þess, en megnan grun hef jeg þó á því, að verðið muni ekki við sumar jarðirnar vera rjettilega sett. Jeg vil sjerstaklega nefna til jarðirnar í Skagafjarðarsýslu.

Af þessum ástæðum er það, að jeg mun greiða atkv. móti þessu frv.

Jeg vil ítreka það: jeg álít ekki rjett nje hyggilegt að fara svona gífurlega í það, að selja þjóðjarðirnar; til þess ber engin minnsta nauðsyn. Landssjóður á að fara vel með jarðirnar, bæta þær, og hlynna svo að leiguliðum sínum, að þeir hafi hvöt til að sitja jarðirnar sem allra bezt. Þá verða þjóðjarðirnar bezti fjársjóður landssjóðsins.

Friðrik Stefánsson: Svo segir gamalt

máltæki: það er nýtt sem sjaldan skeður, en það er ekki nýtt sem opt skeður; eins er það ekki nýtt fyrir h. 4. kgk. (Á. Th.) að mæla gegn því, þegar selja á þjóðjarðir, og svo að vera að tala allt af um landssjóð, rjett eins og það væri allt annað, og ekkert kæmi landssjóði við nema þjóðjarðir. Í þessu er jeg ekki samþykkur h. 4. kgk. þm. (Á. Th.); því jeg álít, að það komi landssjóði ekki frekar við né hag hans en önnur fjármál, sem afgreidd eru hjer á þingi. Hann sagði það væri siðferðisleg skylda fyrir leiguliða að hlynna að þjóðjörðunum, en jeg hygg þær ekki vera neitt helgari en aðrar jarðir, nje hafa meiri rjett til endurbóta en jarðir einstakra manna. Ennfremur sagði hann, að jeg talaði um málið með ljettúð, og hefur hann ekki annað fyrir sjer í því, en jeg kallaði 8400 jarðar hundr., sem landssjóðseign eru, dvergmynd á móti öllum öðrum jörðum í landinu, á þinginu 1889, er selja átti þjóðjarðir, og sami h. þm. var þá á móti því eins og nú. Mjer finnst nú h. 4. kgk. (Á. Th.) hafa talað með meiri ljettúð um þing og stjórn, er hann sagði, að jarðarverðin þegar í stað yrðu jetin upp, ef jarðirnar yrðu seldar; en jeg vil þá spyrja: er meiri vandi að stjórna þessu fje en öðru fje, sem landssjóði til heyrir? Þessi ástæða h. þm. álít jeg því einskis verða. Það eru ekki margar jarðir, er samkv. þessu frv. eiga að seljast í Skagafirði, því þær eru ekki nema 5 af 63, og jeg get borið um það, af því jeg er þar kunnugur, að þær eru metnar svo dýrt, að jeg vildi ekki kaupa neina þeirra fyrir það kaupverð, sem þær eru hjer metnar til. Enda munu ábúendurnir helzt gjöra það vegna söluskilmálanna, af því þeir eru góðir. Nú hefur neðri deild fjallað um þetta mál, og það hefur verið íhugað af nefnd kunnugra manna því nær úr öllum þeim kjördæmum, sem þessar jarðir eru í; og sje jeg því enga ástæðu til að vefengja gjörðir þeirra. Einn nefndarmannanna var og sjálfur umboðsmaður þessara Skagafjarðarjarða (Ó. Briem), og held jeg, að jeg verði að telja hann kunnugri en h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þótt fjölfróður sje. Jeg er viss um, að hann hefur metið þessar jarðir sanngjarnlega. Þrátt fyrir mótmæli h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) gef jeg því frv. atkvæði mitt, því jeg álít það hagnað fyrir landssjóð að sleppa við óþörf umboðsmannalaun, sem nema $^1/_6$ af öllu því, sem innheimtist, og er það eigi svo lítið fje. Jeg ímynda mjer heldur ekki, að það komi svo margt merkilegt frá þinginu í þetta sinn, að rjett sje að fella þetta frv., sem margir landsmenn óska eptir, að fái framgang.

Landshöfðingi: Eins og h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) tók fram, hefur ekki komið fram uppástunga frá stjórninni um að selja neina þessara jarða, nema Miðskóga, en orsökin til þess er sú, að bænarskrárnar um kaup á þessum jörðum komu svo seint til landsstjórnarinnar, að það var eigi tími til að koma þeim inn í frumvarp stjórnarinnar. Hafa þær því farið þá leið, að þær hafa verið sendar frá landshöfðingjaskrifstofunni til þingsins og nefndin í neðri deild hefur haft þær til meðferðar. Stjórnin hefur því ekki átt neinn þátt í að verðsetja neina þeirra, að Miðskógum undanteknum. Um nokkrar þessara jarða hafa engin kaupstilboð komið til landsstjórnarinnar, heldur hafa þær verið sendar beina leið til nefndarinnar í neðri deild, og þess vegna er erfitt fyrir mig að vita, hvort verðið á þeim sje hæfilega sett. Jeg hef heyrt, að nefndin hafi fylgt þeirri reglu, hvað verðsetninguna snertir, að leggja til grundvallar afgjald jarðanna með jarðabótaskuldbindingum, margfalda síðan með 25, og fá þannig söluverðið út; en þetta er ekki ávallt sanngjarnt, þar sem afgjaldið er lágt; að minnsta kosti er ekki ávallt farið eptir því, þegar einstakir menn kaupa og selja, heldur er þá margt annað tekið til greina, t. a. m.

hvort jörðin stendur til bóta, eða hún liggur undir áföllum, o. s. frv. Þess ber og að gæta, að afgjaldið af landssjóðsjörðum er vanal. lægra en af bændajörðum eða kirkjueignum, og svo er og afgjaldið ávallt goldið í peningum eptir meðalalin, en ekki í friðu, sem viðurkennt er að vera hinn þyngsti gjaldmáti. Jeg get ekki sagt, hvort það sje hagur fyrir landssjóð, að selja allar þessar jarðir, en jeg verð að segja, að það er hagnaður, að verða af með sumar þeirra, t. d. jarðirnar í Ísafjarðarsýslu, og í Skaptafellssýslu, þ. e. einkum jarðirnar í Meðallandi og Landbroti, en síður með jarðirnar á Síðunni. Þess ber og vel að gæta, að það er á landsstjórnarinnar valdi, hvort hún vill selja þessar jarðir eða ekki, því ráðgjafanum er að eins veitt heimild til þess, en það er engin skylda fyrir hann, svo að það verður varla gjört, ef líkur eru til þess, fyrir ýtarlegri upplýsingar, að landssjóður muni bíða skaða á sölunni. Það getur því ekki orðið til neins skaða, að samþykkja frv. Jeg vil ennfremur geta þess, að í frv. er farið fram á nokkrar breytingar á skilmálum fyrir sölunni, þannig að $^3/_4$ af kaupverðinu greiðist með 6% í 28 ár í vexti og afborgun. Þetta er gott fyrir kaupanda, en ekki vel aðgengilegt fyrir landssjóð. Eins og h. 4. kgk. (Á. Th.) tók fram, verða þetta því litlir skammtar, sem hverfa smátt og smátt inn í eysölufje landssjóðs, og verður að því leyti eigi mikill hagur fyrir hann. Jeg álít rjettara að mynda sjerstakan sjóð af kaupverðinu eða koma því þá þannig fyrir, að salan yrði aðgengilegri fyrir landssjóð, með því, t. d. að halda hinum eldri skilmálum. Jeg er ekki samdóma h. 4. kgk. (Á. Th.) í því, að ekkert sje gjört til þess að bæta landssjóðsjarðirnar, því þetta hefur verið gjört, að minnsta kosti óbeinlínis; það er t. d. talsverð hvöt fyrir leiguliðana, að þeir hafa lífstíðarábúð, sem hefur verið gjört að fastri reglu. Þegar leiguliðinn og ekkja hans fá að njóta ábúðar sína lífstíð, þá er meiri hvöt fyrir þau að sýna jörðinni sóma, og svo hefur það verið almennt, að jarðabætur hafa verið áskildar í byggingarbrjefunum fyrir þjóðjörðum; hafa margar þeirra við það hækkað í verði, og er þá hægt við ábúandaskipti að hækka afgjaldið. Á Norðurlandí veit jeg t. d., að það er meiri eptirsókn eptir þessum jörðum til ábúðar, en öðrum, sem eigi mundi vera, ef þær væru mjög niður níddar. Að þessu leyti hefur landsstjórnin gjört talsvert til þess að bæta jarðirnar og gjöra þær arðsamari fyrir landssjóð. *Jeg hef ekki verið mjög ákafur með að vilja selja þjóðjarðir*; það hefur reyndar opt verið tekið fram, að það væru miklar framfarir fyrir landið, að sem flestar jarðir yrðu bændaeignir; en jeg held satt að segja, að þessi ástæða hafi eigi við gild rök að styðjast. Jeg get ekki mælt með eða mót neinum sjerstökum tölulið frumvarpsins, en skal aptur taka það fram, að mjer finnst það æskilegt fyrir landssjóð, að geta selt jarðirnar í Ísafjarðar og Skaptafells sýslum.

Júlíus Havsteen: Jeg get verið samdóma h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) í þessu máli yfir höfuð, því jeg er heldur fráhverfur því, að selja þjóðjarðir; en sú regla er þó eigi án undantekningar. Jeg álít það t. d. rjett, að þjóðjarðir sjeu seldar, bæði þegar landsjóður hefur hag af sölunni, og stendur sig bezt við, að losast við jarðirnar, og þegar sá ábúandi, sem lengi og vel hefur setið jörðina, óskar að fá hana til kaups. Ástæðurnar fyrir því, hvers vegna jeg er mótfallinn því yfir höfuð að selja þjóðjarðir, skal jeg ekki taka fram, því h. ldsh. hefur gjört það. Það hefur verið sagt, eins og hann tók fram, að sjálfseign ykist við þetta í landinu, en endirinn verður optast sá, að jarðirnar lenda hjá einstöku mönnum, sem leigja þær dýrt, svo leiguliðar á bændaeignum verða að búa við lakari kjör en leiguliðar á þjóðjörðum, svo salan verður ekki hagur fyrir

menn almennt. H. 4. kgk. (Á. Th.) áleit það skyldu landssjóðs, að hlynna að jörðunum, og það hefur haun gjört, reyndar ekki með peningum, heldur með því, að hafa eptirlit með, að ábúendur, að því er snertir jarðabætur, uppfylli þær skyldur, sem þeir hafa undirgengizt í byggingarbrjefunum. Jeg veit t. d. að í Húnavatnssýslu hafa leiguliðar unnið jafnvel meira að jarðabótum en þeir voru skyldugir til eptir byggingarbrjefum sínum. Enn fremur skal jeg geta þess, að af koti einu í Kræklingahlíð fjekkst fyrir 6 árum 1 kýrfóður, en nú fást þar 2 kýrfóður, og er auðsætt, að það hefur hækkað í verði. Jeg greiði samt atkvæði með þessu frumv., því það er eigi sagt, að jarðirnar *skuli* verða seldar, heldur að það *megi* selja þær. Þetta fer allt eptir álitum. Verðið held jeg að sje nokkurn veginn hæfilegt, þegar þess er gætt, að meiningin er sú, að þær verði ekki seldar fyrir minna verð. Jeg skal taka það fram, að 4 af þessum jörðum hafa verið teknar upp í lög um þjóðjarðasölu, og þá verið verðsettar hærra; þessar jarðir eru: Páfastaðir, þá metnir 3000 kr. en nú 2650 kr., Hafragil, Skíðastaðir, og Þórðarstaðir í Fnjóskadal. Jeg hygg þessar jarðir þá hafi ef til vill verið metnar nokkuð hátt, og hef því ekki á móti, að þær sjeu verðsettar eins og hjer er gjört.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.). Jeg held það sje sá meiningamunur milli hans og mín í þessu máli, að hann jafnist ekki í dag. Jeg leyfi mjer að vitna til orða hans á þingi 1889, þegar frumv. um jarðasölu, ef mig minnir rjett, ekki um einstakar jarðir, var til umræðu, og held jeg hann geti ekki hrakið þá tilvitnun. Ræða hæstv. landsh. gefur mjer og tilefni til lítillar athugasemdar. Þar sem jeg minntist á, að lítið hefði verið gjört af jarðabótum á landssjóðsjörðum, þá var það svoleiðis meint, að engu fje hefði í þessu skyni verið varið, eins og almennt er gjört til eflingar búnaði. Það hefur að eins verið tekið fram í byggingarbrjefum, að ábúandi skyldi gjöra vissar jarðabætur. Jeg skal eigi neita því, að lífstíðarábúð er mikil hvöt fyrir leiguliða til að fara vel með jarðirnar; en aptur á móti segi jeg, að jarðabætur hafa ekki sjerstaklega verið launaðar af jarðareigandanum, landssjóði. Það er heldur eigi víst, að allar þessar jarðir, sem frumv. telur upp, seljist. Áður hafa ekki orðið seldar þjóðjarðir fyrir meir en 35,700 kr., af 148,000 kr. upphæð, er selja mátti, og sýnist það að benda til þess, að mjög líklegt sje, að hinar beztu af þessum 63 jörðum, verði seldar, en að landssjóður sitji svo eptir með þær lökustu. Að því er snertir Ísafjarðarsýslu, er ef til vill æskilegt, að jarðirnar þar verði seldar, því það er lítið umboð, sem varla getur borgað sig að hafa sjerstakan umboðsmann fyrir. Í Skaptafellssýslu hafa hinar beztu jarðir verið seldar, en hinar lakari ekki; þessi sala gefur því ekki eins góðan afrakstur fyrir umboðið og menn skyldu halda. Það er auðsætt, að það er naumast mögulegt að rannsaka, hvort verðið á öllum þessum 63 jörðum sje hæfilegt ellegar ekki. Ástæðan til þess, hvers vegna jeg var í vafa um jarðirnar í Skagafirði, var sú, eins og h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) tók fram, að áður hefur verið heimilað að selja 3 þeirra fyrir hærra verð en nú; því nú hafa þær allar meira og minna verið felldar í verði, án þess til sje tekið, af hvaða ástæðum þær hafi svona verið felldar í verði, og virðist þetta vera nokkuð skrítið. Með lögum 8. nóv. 1883 var heimilað að selja Páfastaði fyrir 3000 kr., en nú má selja þá fyrir 2650 kr., og þetta mat er þó gjört af mönnum sjerstaklega kunnugum, í bæði skiptin, að minnsta kosti eins kunnugum og h. 2. þm. Skagf. (Fr. St.). Jeg er að vísu ókunnugur, en þar sem svo miklu munar, þá hef jeg leyfi

til að efast um, hvort rjett muni vera að fella þessa jörð svona mjög í verði. Hvað Hafragil snertir, þá var með lögum 8. jan. 1886 heimilað að selja Hafragil fyrir 2500 kr., en nú hefur það verið fært niður um 100 kr.; þá var og heimilað að selja Skíðastaði fyrir 5000 kr., en nú er það fært niður í 4800 kr., án þess maður viti ástæðu til þess, svo eptir sje hafandi. Mjer hefur skotizt yfir að nefna eina jörð: Þórðarstaði í Fnjóskadal; með lögum 4. nóv. 1887 var heimilað að selja þessa jörð fyrir 1650 kr., en nú er hún felld niður um 150 kr. eða niður í 1500 kr. Um jarðirnar í Skaptafellssýslu skal jeg ekki tala. Jeg skal að lokum geta þess, að mjer sýnast orð hæstv. landsh. bera það með sjer, að tilboð um kaup á sumum þessara jarða hefðu eigi komið til hans, heldur smátt og til þingsins; en mjer finnst það geta orðið hæpið að taka svo stórtækt frumv. og þetta til greina, þar eð landsstjórnin ætti að annast um, að láta umboðsmenn og sýslunefndir segja álit sitt um sölu og verðsetningu þessara landssjóðsjarða, áður en frumv. kemur á þing.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vildi minnast á þau orð h. 4. kgk. þm. (Á. Th.), þar sem hann sagði, að jeg hefði mælt þau orð á þingi 1887, að það væri jafnhægt að brúka verð hinna seldu landssjóðsjarða, þegar með þyrfti, til einhverra landsþarfa, eins og jarðirnar sjálfar. Þetta mun rjett hermt af honum, en hann vildi leggja þann skilning í þessi orð mín, að jeg hafi átt við veð það, er eptir þessu frumv. er ákveðið, að standi í hinum seldu jörðum fyrir því af kaupverðinu, sem ekki er borgað þegar kaupsamningur er fullgjör; á þennan hátt rangfærir h. sessunautur minn (Á. Th.) orð mín. Jeg skil heldur ekki í öðru, en að verð jarðarinnar, sett á vöxtu á tryggum stað, sje eins góð eign og beri eins mikinn arð, eins og jarðirnar sjálfar. Mjer virðist og reynslan hafa sýnt það, að það er ekki svo eptirsóknarvert fyrir landssjóð eða umboðsstjórn, að eiga jarðir undir misjafnlega hirðusömum leiguliðum og miður reglusömum umboðsmönnum. Það hefur komið í ljós, að vanskil vilja verða á afgjöldum frá umboðsmönnum, auk týndra kúgilda, sem vanta til landssjóðsjarðanna, og engin skil fást til af hendi hlutaðeigandi umboðsmanna eptir fleiri ár og mikla eptirgrennslun umboðsstjórnarinnar; enda mætti fleira telja þessu líkt, ef þörf gjörðist. Þetta fyrirkomulag er allt annað en æskilegt.

Þó að þetta nýja frumv. hafi langa töluröð, verð jeg samt að taka undir með hæstv. landsh. í því, að jarðir þessar eru ekki seldar með frumv. þessu, nema því að eins að landsstjórninni sýnist; þetta er að eins heimild, svo að engin hætta er á því, að ausið verði út þessu óviðjafnanlega fje landssjóðs, nefnil. landssjóðsjörðunum. Ekki get jeg heldur álitið, að það sjeu fremur kostajarðirnar, sem taldar eru í frumv. og falaðar eru til kaups, en hinar lakari; jeg ímynda mjer, að það sje svona upp og ofan, jafnt hinar lakari sem hinar betri, og að minnsta kosti mun svo vera með jarðir þessar í Skaptafellssýslu; í Landbroti og Meðallandi er ekki mikið um kostajarðir, og eru þó margar í þeim sveitum, sem nefndar eru í frumv. þessu.

Jeg hef alls ekki breytt neitt skoðun minni á þjóðjarðasölu frá því 1887, og vil því gefa h. sessunaut mínum (Á. Th.) tækifæri til að vísa aptur til orða minna á þessu þingi, sem koma fram í sömu mynd og áður, þar sem hann vitnaði til; það getur verið honum til hægri verka, ef hann þarf á að halda síðar á þingi.

Friðrik Stefánsson: Það er að eins stutt athugasemd, er jeg vildi gjöra út af orðum h. 4. kgk. þm. (Á. Th.) viðvíkjandi því, að kaupverð nokkurra jarða í Skagafjarðarsýslu er sett nokkru lægra nú, heldur en áður hefur verið gjört. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær, að fyrst og fremst voru jarðirnar allar of hátt metnar áður,

og svo hefur ein þeirra síðan orðið fyrir skemmdum; sú jörð, sem mjer er kunnugt að orðið hefur fyrir þeim, eru Skíðastaðir í Laxárdal, því árið 1887 bar á, sem fellur skammt frá túninu, grjót og leir upp á engið, og eyðilagði til fulls einn hluta þess, og svo hafði hún þá farið á túnið, ef ábúandinn hefði ekki með miklum dugnaði afstýrt því. En um Hafragil er það að segja, að við merkjadóm eða áreið tapaði sú jörð töluverðum landshluta, eptir að hún var metin í fyrra skiptið. Páfastaðir eru landlaus jörð til beitar, og hefur ekkert til síns ágætis nema engi. (*Landsh.*: Og nafnið). Einhver Hólabiskup hefur að líkindum verið í vandræðum með Pjeturspeninga og keypt jörðina fyrir þá, og skírt hana svo þessu einkennilega nafni, sem hún nú hefur. Um þær 2 jarðir, sem eru í Sæmundarhlíð, er hið sama að segja, að jeg álít að þær sjeu metnar til fyllsta verðs.

Jeg fæ eigi betur sjeð, en að það sje rjett, að leyfa öllum þeim umboðsjarðalandsetum, er vilja, að kaupa ábýlisjarðir sínar; það er brotaminna fyrir landssjóðinn að hafa fje sitt saman safnað, heldur en að láta umboðsmenn smala saman þessum jarðaafgjöldum. Ef allar umboðsjarðir seldust, yrðu umboðsmenn óþarfir, og við það spöruðust árlega næstum 6000 kr., sem til þeirra ganga nú fyrir innheimtuna.

Að því er byggingarskilmála fyrir þjóðjörðum snertir, mun það vera rjett hermt, að þeir sjeu góðir, og leiguliðar landssjóðs munu að jafnaði hafa betri kjör en leiguliðar annara jarða. En það er á valdi þings og stjórnar, að setja þau lög um byggingarskilmála á jörðum einstakra manna, að kjör ábúandanna batni, án þess þó að skerða um of rjettindi jarðareigenda.

ATKV.GR.: Frv.greinarnar allar 4 samþ. hver um sig með 8 atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Alþt. A 1891.

Frv. til laga um afnám embætta (C. 361); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal eigi fara mörgum orðum um frumv. þetta. Aðalefni þess hefur verið áður rætt svo ítarlega á þinginu, að það mun vera í fersku minni. Jeg vil að eins vekja athygli manna á einu atriði viðvíkjandi formi frv. Í 1. gr. frv. er sem sje sett inn ákvæði um skrifstofufje landshöfðingja, en eptir 25. gr. stjórnarskrárinnar eiga gjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar að heyra undir úrskurð konungs. Það getur því verið vafasamt, hvort þetta áhvæði í frv. getur staðizt, og hvort alþingi fer eigi með þessu út fyrir sinn verkahring. Jeg hef viljað vekja máls á þessu.

ATKV.GR.: Eptir ósk 3 þingmannna var viðhaft nafnakall og var 1. gr. frumv. felld með 8 : 3 atkv. Sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,	Árni Thorsteinsson,
Skúli Þorvarðarson.	Arnljótur Ólafsson,
	E. Th. Jónassen,
	Friðrik Stefánsson,
	Grímur Thomsen,
	Júlíus Havsteen,
	L. E. Sveinbjörnsson.

Frv. þar með fallið.

Frv. til laga um vegi (C. 394); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. felld með 7 : 2 atkv., 2. gr. frv. felld með 9 : 2 atkv.

Frv. þar með fallið.

Fertugasti fundur, þriðjudag 18. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um kennaramenntun (C. 417); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á að ræða mál þetta í einni umræðu og var það samþykkt í einu hljóði.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 369, 421, 432, 440, 441); 2. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Viðvíkjandi stefnu nefndarinnar um nokkrar breytingar, er hún hefur gjört á fjárlagafrv., skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum, sjer í lagi að því er snertir niðurfærslu á styrknum til gufubátsferða og styrknum til að koma ábyrgðarfjelagi á fót á Vestfjörðum. Nefndin hafði þá stefnu, að eigi væri rjett að styrkja alveg úr landssjóði eður af almannafje þau fyrirtæki, sem að eins snerta einstök hjeruð eða einstöku menn, heldur að eins þau fyrirtæki, sem snerta almennnings hag og því gætu orðið sem flestum landsmönnum að liði, það er, þau gagnsamlegu fyrirtæki, sem yfirgripsmiklar framfarir leiða af, svo sem eru póstmálin. Að því er snertir gufubátsferðir á Faxaflóa og Ísafjarðardjúpi, þá koma þær helzt eiginlega þeim í hag, sem búsettir eru við Flóann og Djúpið. Er þá rjett að taka eingöngu eður mestmegnis almannafje til þessara fyrirtækja, sem einungis eru til hagnaðar fyrir þessi hjeruð landsins? Nefndin áleit, að aldrei ætti landssjóður *einnsaman* að veita fje til slíkra fyrirtækja, heldur að eins til móts við hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög. Þess vegna hefur hún fært styrkinn niður og lagt til, að hlutaðeigandi fjelög borguðu $^1/_4$ kostnaðarins móts við landssjóð, bæði að því er snertir þilskipaábyrgðarfjelagið og gufubátana. Þetta bið jeg h. þingd. að athuga. Aptur á móti skal jeg geta þess, að styrkirnir í 13. gr. til Ásgeirs Blöndals, Guðm. Magnússonar, Sigurðar Thoroddsens geta að vísu í fyrsta bragði skoðazt sem styrkir til einstakra manna, en eru það þó ekki í raun og veru, heldur til almennings gagns, því það er styrkur til iðju og kunnáttu í almennings þarfir, hvort heldur það nú er tannlækningar, augnalækningar eða frami í læknislist, svo þar er jafnframt haft fyrir augum almennt gagn. Þó hefur nefndin leyft sjer að færa niður styrkinn til sumra þessara manna, t. a. m. styrkinn til Ásgeirs Blöndals; en það var eingöngu af því, að nefndinni var kunnugt, að til voru þeir, er styrk þessum voru með öllu móthverfir.

Því næst ætla jeg að snúa mjer að breytingum þeim, sem komið hafa fram frá þingmönnum, og vil jeg fyrst minnast á viðaukatill. á þingskj. 435 (C. 441), þar sem farið er fram á, að bæta við nýjum tölulið, „til að járnklæða Langholtskirkju í Vestur-Skaptafellssýslu“, 500 kr. fyrra árið. Þetta álítur nefndin nauðsynlegt og hefur ekkert við það að athuga. Á þingskjali 420 (C. 432) hefur komið fram breyt.till. við 12. gr. A. 3. a., um að færa skrifstofufje póstmeistarans úr 1300 kr. upp í 1500 kr. Áður var skrifstofufje hans 1000 kr., en neðri deild færði það upp í 1300 kr., en nú hefur breyt.till. fært það upp í 1500 kr. Nefndin álítur alla sanngirni mæla með þessuum viðauka, því það er kunnugt, að störf póstmeistarans bæði hafa mjög svo aukizt hin síðustu árin og munu við hinar fyrirhuguðu auknu póstgöngur vaxa um þriðjung. Póstmeistarinn verður hjer að lána hús og ljós, með því að hús hans er privateign, en ekki kostað af almannafje; þess vegna fellst nefndin á breyt.till. Þá er að minnast á viðaukatill. við 11. gr. 2. á þingskj. 433 (C. 440) um aukalækni á Eyrarbakka. Það er auðsjeð, að nefndin í neðri deild hefur mjög verið á móti að fjölga aukalæknum, því þeir voru allir felldir þar, nema alls einn, sá í Ólafsvík, svo mjer virðist áhætta að auka hjer nokkru aukalæknisumdæmi við í þessari deild. Þess ber og að gæta, að önnur hjeruð hafa meiri nauðsyn á aukalæknum en þetta, og og skal jeg nefna t. d. á Austfjörðum, aukalækisdæmið: Breiðdal, Stöðvarfjörð og Berunesshrepp, sem næstum er læknislaust, og enda væri meiri þörf á aukalækni í

Eyjahreppi á Breiðafirði, en á Eyrarbakka. Þótt nefndin taki sjer nærri að leggja á móti breyt.till. hins liðgóða samnefndarmanns vors, þá verður hún samt að gjöra það, af því neðri deild er á móti aukalæknum og þörfin á Eyrarbakka er minni en sumstaðar annarstaðar; en með tímanum kemur líklega aukalæknir þar og á fleirum stöðum. Jeg skal ekki tala um breyt.till. á þingskj. 430 (C. 440), því það er að eins leiðrjetting við 13. gr.; þar er farið fram á, að hlutaðeigendur skuldbindi sig til að staðfestast hjer. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) hefur komið fram með breyt.till. á þingskj. 431 (C. 440), um að skilyrðið falli burt. Það er margt, sem mælir með því, og einkum það, að þessir menn, sem í hlut eiga, eru áreiðanlegir menn, svo það er óhætt að trúa þeim; en nefndin hafði þá reglu fyrir augum, að eigi ætti að veita neinum styrk til utanlandsferða, nema vissa væri fyrir því, að hlutaðeigandi ljeti land sitt njóta árangursins af námi sínu, og þess vegna heldur nefndin fremur með breyt. sinni á þingskj. 430, en breyt. þm. Borgf. (Gr. Th.). Um breyt.till. þm. Húnv. (Þorl. J.) við 13. gr. C. 7. um registur við ísl. fornbrjefasafn hefur nefndin ekkert að athuga, og álítur það vel til fallið, að registur komi með hverju bindi jafnóðum og það kemur út.

Skúli Þorvarðarson: Jeg veit að þessari deild er kunnugt, að Eyrarbakkabúar sendu bænarskrá til þingsins 1889 um, að það veitti 1000 kr. til að stofna aukalæknisembætti á Eyrarbakka. Fjárlaganefndin í neðri deild lagði þá á móti þessari beiðni, svo henni varð ekki framgengt; færði hún það þá sem aðalástæðu, að fjárhagur landsins væri bágborinn; en nú, þegar fjárhagurinn hefur batnað, vöknuðu menn þar enn á ný og hafa sent aptur bænarskrá að þessu sinni til þingsins um sama efni; en það hefur farið á sömu leið; bænarskráin hefur ekki að þessu sinni heldur fengið áheyrn hjá neðri deild, og þegar fjárlaganefnd Ed. kom saman, gat hún heldur ekki orðið ásátt um að leggja með, að samþ. yrði af Ed. fjárveiting til aukalæknis á Eyrarbakka, eins og framsögum. nefndarinnar hefur þegar tekið fram, og þess vegna hef jeg komið fram með viðaukabreyt. till. á þingskjali 433, sem hina síðustu tilraun til að koma málinu áfram. Jeg er máli þessu nokkuð kunnugur og skal því leyfa mjer að koma með nokkrar ástæður fyrir þessari beiðni, og er þá fyrst að telja, að á Eyrarbakka er fólksfjöldinn orðinn mikill, um 700 manns, og þar er stórt fiskiver, og mannfjöldinn hefur óðum aukizt þar á skömmum tíma og mun fara sívaxandi; þessi fólksfjöldi er allur við kaupstaðinn eða að mestu leyti á einum litlum bletti, og þar eru margir fátæklingar, sem búa í ljelegum kofum við óholla fæðu, enda hefur reynslan sýnt, að þar er æði kranksamt, þó lítið beri á vanheilsu manna annarstaðar í hjeraðinu, einkum um vertíðartímann, þegar svo fjarska margir útróðrarmenn bætast við fólksfjöldann, sem fyrir er; mjer mun óhætt að fullyrða, að þegar allt vertíðarfólk er meðtalið, bæði karlar og konur, sje fólkstalan yfir höfuð ekki undir 1200 manns; þeir hafa því þurft að leita meir og optar en aðrir í kjördæminu læknishjálpar; það sem helzt mun verða mælt á móti þessu, er það, að læknirinn situr þar svo nærri Eyrarbakka, að þeim sje ekki um megn að sækja hann; þess ber þó að gæta, að þessi læknir hefur bæði stórt og mannmargt umdæmi, svo að hann má sjaldnast heima vera; Eyrarbakkamenn hitta því svo opt á, að hann er ekki heima, heldur einhverstaðar upp í sýslu, og kemur stundum ekki heim fyr en að 2 eða 3 dögum liðnum; þess utan eru í þessu bygðarlagi margir fátækir tómthúsmenn, sem eiga bágt með að borga dýrar læknisferðir, og hafa ekki hesta til

að sækja lækni; þótt jeg viti, að læknirinn, sem er mannúðlegur og skyldurækinn maður, leggi sjer til hesta, þegar á þarf að halda, kostar ferðin því meira. Mjer sýnist því, að þessi eina ástæða um nærveru læknisins mæli ekki svo kröptuglega móti viðaukatill., eins og margar ástæður mæla með henni. Jeg legg því til mín beztu tilmæli um, að tillagan verði samþykkt, og það sjerstaklega af því, að mjer af kjósöndum mínum var falið og treyst til þess að bera þetta málefni fram, og legg jeg það svo á deildarinnar vald, með þeim ummælum, að jeg vona, að hún taki vel í mál þetta, þegar til atkvæða kemur. Af því jeg er einn af nefndarmönnum fjárlaganna, vil jeg geta þess, að jeg hef líkt álit á þeim breytingum, sem fram eru komnar, og h. framsögum., og gef þeim atkv. mitt á sínum tíma. Jeg vil að eins geta þess, að jeg er ekki samþykkur niðurfærslu til búnaðarfjelaga. Mjer finnst ekki ástæða til að klípa úr þessum styrk, og greiði því fremur atkv. með hærra tillaginu.

Júlíus Havsteen: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir, hvað vel hún hefur tekið í breyt.till. á þingskj. 420 um hækkun á skrifstofufje póstmeistarans. H. framsögum. (A. Ó.) hefur annars útlistað það efni, svo jeg þarf þar litlu við að bæta. Í neðri deild var bætt við skrifstofufjeð 300 kr., og viðurkenndi deildin með því, að breytingin á póstgöngunum, sem nú er fyrirhuguð, hefði talsverðan kostnað í för með sjer fyrir póstmeistarann. Áður hefur skrifstofufjeð verið 1000 kr. frá því fyrsta, en þó hafa margar breytingar verið gjörðar á póstferðum og störfin við það aukizt, án þess að skrifstofufjeð hafi nokkuð verið hækkað. Þess vegna finnst mjer sanngjarnt, að hann fái 200 auk áðurnefndra 300 kr. í viðbót, eða alls 1500 kr. skrifstofufje á ári hverju.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að tala um allar þær breyt.till., sem komið hafa frá nefndinni og öðrum þingmönnum; jeg læt mjer nægja, að greiða atkv. mitt, til að sýna álit mitt á þeim, þegar til kemur. Jeg þarf ekki að mæla með breyt.till. þeirri, sem jeg á hlut að, því h. framsögum. (A. Ó.) hefur gjört það svo vel, enda hef jeg líka skoðun á henni og hann. Jeg verð þó sjerstaklega að leyfa mjer að vekja athygli h. deildarmanna á einni breyt. nefndarinnar, því að orð h. framsögum. (A. Ó.) hafa gefið mjer tilefni til þess. Hann sagði, að nefndin hefði haft það hugfast, að styrkja þau fyrirtæki, er horfðu til almennings heilla, en síður hin, sem væru sjerstaklegs efnis; þá hefur henni þó yfirsjezt í þessu efni á einum stað, þar, sem hún hefur sleppt úr styrk til gufubáts á Breiðafirði. Úr því þingið hefur tekið þá stefnu, að styrkja þess konar viðleitni, að brúka gufubáta, þá er óeðlilegt að höggva skarð í þetta á öllum Breiðafirði, en leggja fje til gufubáta í kringum allt land að öðru leyti; þetta er einnig gagnstætt áliti neðri deildar; en vitaskuld er, að ef enginn gufubátur kemst á fót á Breiðafirði, þá verður fjeð hvorki brúkað nje borgað út. Jeg felli mig því ekki við þessa till. nefndarinnar, enda er jeg viss um, að margir hjer í deildinni þekkja svo vel til á Breiðafirði, að þeir vita, að menn þarfnast þar engu síður slíkra gufubátsferða en á öðrum flóum. Að svo mæltu skal jeg ekki fjölyrða frekara um þetta.

Þorleifur Jónsson: Breytingar nefndarinnar ganga allflestar út á það að spara, og er jeg samþykkur því, einkum þar sem Nd. hefur verið með örlátasta móti, svo það veitir eigi af heldur að draga úr en að auka. Það er ávallt nauðsynlegt að spara, þegar efnin eru ekki svo mikil, að auðið sje að veita öllu úrlausn; þá verður að synja um það, sem eigi er beinlínis nauðsynlegt eða óhjákvæmilegt, og velja úr, það sem nauðsynlegt og þarflegast er að styrkja. Svo verður einnig að hafa

hliðsjón af því, hvort fyrirtækið getur komizt af án styrks eður ekki. Komist það af án styrks af almanna fje, þá er óþarft að styrkja það, en geti það ekki komizt af styrklaust, þá er rjett að styrkja það, svo framarlega sem fyrirtækið í sjálfu sjer er þarft og gagnlegt.

Jeg get greitt atkvæði með flestum tillögum nefndarinnar, en þó eru nokkrar breytingar, sem jeg ekki alveg fellst á. Það er þá fyrst við 10. gr. C. 4. b., fyrstu breyt.till. nefndarinnar undir staflið c, um að bæta við þeirri athugasemd, að landshöfðingi úthluti styrk til búnaðarfjelaga eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða. Þessi viðbót finnst mjer óþörf, af því að fyrir þinginu liggja tillögur um, að setja fastar reglur fyrir útbýtingu fjársins, sem landshöfðinginn fer eptir; auðvitað getur hann, ef hann vill, látið það ganga í gegnum sýslunefndir og amtsráð.

Svo er styrkurinn til stórstúku Íslands, er nefndin hefur tekið upp. Jeg er yfir höfuð á móti því, að fyrirtæki, sem víst er að geta haldið áfram styrklaust, fái styrk, og þess vegna er jeg einnig á móti þessari fjárveitingu, þótt jeg fullkomlega játi, að fjelagið hafi komið mörgu góðu til leiðar og verk þess sje lofsvert.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á 15. tl. í breyt.till. nefndarinnar, þar sem nefndin hefur stungið upp á að lækka styrkinn til kand. Boga Melsteðs lítið eitt; þar finnst mjer hún hafa orðið nokkuð naum. Vjer Íslendingar eigum enga sögu lands vors, nema lítið ágrip, og er sannarleg minnkun til þess að vita. Nú býðst vel hæfur maður til að leggja fram alla sína krapta til þessa starfs, ef hann fær 1000 kr., en ef dregið er úr þeim styrk, þá getur hann auðvitað ekki varið öllum kröptum sínum til þess, og verður að taka fyrir önnur störf meðfram, svo að þessi styrkur verður þá ef ef til vill til lítils gagns, eða að minnsta kosti til minna gagns en ella. Jeg efast ekki um, að hin heiðraða nefnd hafi kynnt sjer vottorð þau, sem fylgdu með bænarskránni frá prófessórum háskólans í sögu og fyrrverandi hæstarjettarassessor Vilhjálmi Finsen, sem öll gefa honum beztu meðmæli; þess verður og að gæta, að hann er sá eini kand. í söguvísindum, sem Ísland á. Jeg er því mótfallinn þessari niðurfærslu.

Þá er að minnast á styrkinn til tannlæknis Nickolíns; hann er víst maður vel að sjer í sinni grein, en eigi annmarkalaus, svo mjer finnst ísjárvert að veita honum styrk; hann kynni, ef til vill, að lenda hjá öðrum.

Að því er snertir aðrar breyt.till., þá vil jeg fyrst minnast á breyt.till. á þingskj. 430; það er sjálfsagt meiningin, að það eigi að vera breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar, þótt þar standi, að það sje breyt. till. við frv. sjálft; það er einhver misskilningur hjá nefndinni, að fyrri breyt. till. eigi við 10. tölul. í 13. gr. C., því að þar standa eigi þau orð, sem hún leggur til að fella burt. Nefndin hefur auðsjáanlega ætlað að fara að gera breytingu við niðurlagsorðin í 10. tölul. í sjálfu nefndarálitinu, en slíkt er lokleysa, eins og allir sjá; það væri því rjettast fyrir nefndina að taka þessa breyt.till. aptur; en hvað síðari breyt.till. á sama þingskjali snertir, þá er vafasamt, hvernig skilja eigi orðið: *staðfestist*, hvort þeim sje fyrir munað að vera erlendis um tíma. *(Arnlj. Ólafsson:* Já, að staðfesta ráð sitt). Já, en þetta orð má teygja á marga vegu, og ef þeir vildu, gætu þeir losað sig frá þessari skuldbindingu. Svo hef jeg heyrt, að annar þessara manna taki ekki styrkinn með þessu skilyrði. *(Arnlj. Ólafsson:* Hvor er það?) Það er kand. Guðm. Magnússon; hann ætlar auk þess að sækja um læknisumdæmi, sem nú er laust svo, að það þarf eigi að binda styrkinn til hans þessu skilyrði.

Þá skal jeg minnast með fáum orðum á breyt.till. h. þm. Árn. (Sk. Þ.) um auka-

lækni á Eyrarbakka. Jeg er samdóma h. framsögum. (A. Ó.), að ef þetta væri samþykkt, mundi verða settir í fjárlögin margir aukalæknar, sem meiri þörf er á, en á Eyrarbakka. Jeg skal geta þess, t. d. að mjer var falið á hendur að bera fram bænarskrá um aukalækni í austanverðri Húnavatnssýslu; í fjárlaganefndinni í Nd. var hann felldur, og þar var ekki til neins að bera hann upp; og hjer í deildinni verður það heldur ekki til neins; það mundi óðara verða fellt, og hef jeg því ekki komið fram með þetta málefni, og hefði þar þó verið eins mikil þörf á aukalækni og á Eyrarbakka.

Að síðustu skal jeg minnast á viðaukatill. mína á þingskj. 432. Jeg er framsögum. þakklátur fyrir undirtektir hans í því efni. Tillaga mín fer fram á, að registur sje látið koma með hverju bindi fornbrjefasafnsins um leið og það er út komið, eins og er við fyrsta bindið, og að þetta sje gjört að skilyrði fyrir fjárveitingunni. Nú eru komin út 2 bindi og nokkuð af hinu 3., en ekkert registur enn komið við 2. bindið, svo það verður eigi notað, nema menn búi sjer sjálfir til registur. Þetta er mjög óhagkvæmt, og menn hafa verið óánægðir með það, bæði hjer á landi og erlendis; það var kvartað um þetta við útgefanda á bókmenntafjelagsfundi í Hafnardeildinni, en hann svaraði því með undanbrögðum og ljet helzt í veðri vaka, að hann vildi draga það, þangað til komið væri nóg registur í eitt bindi. Þessi vöntun registurs gjörir það að verkum, að ómögulegt er að brúka það, sem út er komið af 2. bindinu, og ímynda jeg mjer því, að enginn hafi neitt á móti þessari viðaukatill.

Grímur Thomsen: Það er hvorttveggja, að þessi deild á við ramman reip að draga, við h. Nd., í fjármálum, enda hefur nefndin hjer verið varfær í breytingum sínum, en þó hefur hún gjört nokkrar breytingar, sem er spursmál, hvort eru eins nauðsynlegar og sumar aðrar breytingar, sem nefndin hefði átt að gjöra.

Þegar jeg sje, að það er t. d. ætluð viss upphæð handa bindindisfjelögum og handa tannlækni Nickolin, þá detta mjer í hug aðrar upphæðir, sem eru eins þarflegar og þessar. Það er þá fyrst bænarskrá landlæknis Schierbecks um styrk til að efla jarðyrkju. Stefna Nd. hefur verið sú, að verja miklu, já jafnvel of miklu fje til alls þess, er snertir landbúnað; en garðrækt heyrir einnig undir búnaðarframfarir. En sá maður, sem er fremstur í fylkingu til að efla garðrækt og sem þannig að sumu leyti hefur myndað nýjan atvinnuveg, sem kennir mönnum að nota fjársjóði þá, sem jörðin hefur að geyma, — þessum manni hefur Nd. eigi gefið neinn gaum. Mjer virðist það vera sómi fyrir þessa deild, ef hún vildi bæta úr því, sem Nd. hefur vanrækt, og vil jeg því skjóta því til h. nefndar, hvort hún eigi vill koma með breyt.till. í þessa átt við 3. umr.; jeg treysti því, að henni þyki þessi tillaga mín sanngjörn og þarfleg. Að öðru leyti virðast mjer tillögur nefndarinnar sanngjarnar, en þó er ein þeirra, sem eigi er í samræmi við ræðu h. flutningsm. (A. Ó.), þar sem hann sagði, að það væri eigi rjett, að styrkja þau fyrirtæki, er snertu sjerstaka landshluta; en fyrst nefndin eigi vill slá stryki yfir styrkinn til þilskipaábyrgðar á Vestfjörðum, en hefur haldið 3000 kr., þá álít jeg rjett að halda öllum styrknum, það er að segja 4000 kr., eins og hann var samþykktur í Nd.

Nefndinni er það kunnugt, að 20 menn hafa skuldbundið sig til að leggja til 200 kr. hver, samtals 4000 kr., þessu fyrirtæki til styrktar; vil jeg því mælast til, að nefndin vilji taka upp þenna styrk til 3. umr., að hann fái að halda sjer óbreyttur.

Líklega kemur á næsta þingi beiðni frá þilskipaeigöndum við Faxaflóa um styrk til hins sama. Nefndin verður að að minnast þess, að fiskiskip eru hvergi

tryggð nema innanlands; jeg álít því sanngjarnt að veita þetta, og það því heldur, sem jeg held, að á þessu þingi hafi eigi verið gjört neitt til eflingar fiskiveiðum, nema sú litla fjárveiting til O. V. Gíslasonar eigi að heita svo, en mokað peningum tíl búnaðarfjelaga. Jeg vil leyfa mjer að skjóta þessu til h. nefndar, og vona að hún íhugi þetta til næstu umr. og að hún verði þá á sama máli og jeg.

Jeg hef komið með breyt.till. á þingskjali 431, en hún er meira gerð til að benda á skilyrðin viðvíkjandi Guðmundi Magnússyni og Sigurði Thoroddsen. Jeg skal minnast á það, að þegar Íslendingum í Danmörku er veitt fje, annaðhvort af stjórninni eða stofnunum eða háskólanum, til að ferðast til útlanda, þá eru þeim aldrei sett nein skilyrði. Það er eitthvað annarlegt og ónauðsynlegt að gjöra það, eða finnst nefndinni rjett, að Danir reynist höfðinglyndari við Íslendinga, heldur en þeir sjálfir við landa sína? En nú set jeg svo, að þeir skuldbindi sig til að koma strax, sem þeir eru búnir að nota styrkinn; en það er eigi víst, að þeir geti komið strax, kannske eigi fyrr en eptir 5 ár eða 10 ár; mjer finnst það vera komið undir drengskap þeirra manna, sem styrkurinn er veittur, hvort þeir nota hann í þarfir föðurlandsins eða eigi.

Loks skal jeg geta þess, að nefndin, sem eigi vill styrkja fyrirtæki í sjerstökum hjeruðum, hefur þó veitt styrk til að koma á svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði; jeg álít tillöguna rjetta og góða, en meginreglunni er eigi fylgt; greiði jeg þó atkv. með henni. Kunnugir menn hafa sagt mjer, að erfitt væri að flytja fje yfir Hjeraðsvötnin, án þess að hafa ferjur. Hvort fjárupphæðin er rjett reiknuð, veit jeg eigi, en þá á sýslunefndin að bæta við því, sem vantar.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Þótt h. þingdm. þyki ýmislegt athugavert við breytingar nefndarinnar, þá er jeg þó ánægður með, að það eru, ef á allt er litið, eigi neinar sjerstakar aðfinningar, sem nefndin hefur fengið. Jeg skal þá víkja mjer að athugasemdum, sem hafa komið frá sjerstökum þingd.m.

Það er þá fyrst viðvíkjandi 10. gr. C. 4. b., að h. þm. Árn. (Sk. Þ.) vildi eigi færa niður styrkinn til búnaðarfjelaga. Nd. hafði veitt 13,000 kr., en nefndin setti það niður í 12,000 kr.

Það, sem rjeð nefndinni til þess, var það, að búnaðarfjelög hafa aldrei fengið meiri styrk en 12,000 kr.; þau hafa venjulega fengið 10 þús. og 8 þús., og nú í stjórnarfrv. var þeim ákveðinn 8 þús. kr. styrkur. Jeg vil nú spyrja: Er það til bóta, að bæta 1,000 kr. við þennan styrk? Jeg held það sje vafasamt; jeg álít, að styrkur til búnaðarfjelaga eigi að vera til að ljetta undir að koma þeim af stað; síðan á ábatinn af umbótum þeirra, heiðurinn af að hafa unnið og skemmtunin af því, að sjá þessar umbætur, að vera þeim nægileg hvöt til að halda áfram. Þess vegna áleit nefndin eigi vert að fara upp úr því hæsta, sem veitt hefur verið, 12,000 krónum.

Jeg skal geta þess í sambandi við það, er h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði, að landlæknir Schierbeck er hinn verðugasti til að fá þessar 200 kr.; en sá styrkur lýtur undir styrk til landbúnaðar. Nefndin er fús á að bæta úr þessu með því, að bæta aptan við skilyrðið viðvíkjandi Skaptafellssýslu því skilyrði, að 200 kr. verði veittar garðræktarfjelaginu, því að það er einhver hin mesta framför í landbúnaði, ef garðrækt gæti orðið að talsverðu gagni.

H. þm. Húnv. (Þorl. J.) hafði á móti því, að bæta við þeim skilyrðum, að landsh. úthluti fjenu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða. Jeg skil eigi, hvað er á móti því; landshöfðingi hefur allt af úthlutað og mun allt af úthluta því fje. Hafi maður þær reglur fyrir augum, sem settar eru um styrkveitingu til búnaðarfjelaga,

þá eru þær eigi nægar; það þarf kunnugleika sýslunefnda og amtsráða til að dæma um skýrslurnar sjálfar frá þeim, er semja þær, hvort þær sjeu áreiðanlegar eður eigi. Annað efni er eigi í málsgrein þessari.

H. þm. Borgf. (Gr. Th) og h. þm Rangv. (S. Á.) höfðu eigi alveg rjett eptir orð þau, er jeg talaði, þegar jeg minntist á styrk úr landssjóði til sjerstakra fyrirtækja; jeg sagði eigi, að alls ekki ætti að styrkja fyrirtæki, er að eins snertir sjerstök hjeruð, heldur, að það ætti að binda þenna styrk þeim skilyrðum, að hjeraðið eða hjeraðsmenn legðu til sinn skerf; jeg vil eigi styrkja sjerstök fyrirtæki nema hlutaðeigendur sje sjálfir með. Þannig er með styrkinn til búnaðarfjelaganna; það, sem landssjóður leggur til, nemur vanalega eigi nema $^1/_{10}$ af því, sem landsmenn leggja til, eður 20 til 30 aur. fyrir hvert dagsverk, en dagsverkið með fæði er 2—3 kr., svo að landsmenn verða að leggja miklu meira fram til búnaðarfjelaga gagnvart landssjóðsstyrknum, heldur en til gufubátsferða hjer í frv., því þar leggja þeir eigi til nema $^1/_4$ á móti $^3/_4$ úr landssjóði. Minna má það eigi vera, þegar styrkveitingin snertir einstaka menn eða einstök hjeröð. Þessir gufubátar, er hjer er farið fram á að styrkja, við koma heldur eigi póstgufuskipunum, og önnur skip eru það það eigi, er landssjóður hefur tekið alveg að sjer.

Viðvíkjandi því, er h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði um svifferjurnar, þá held jeg, að þessi 2,400 kr. upphæð, sem hjer er ætluð til þeirra, sje eigi meira en í mesta lagi $^2/_3$ af öllum kostnaðinum, og þær eru veittar með því skilyrði, að Skagfirðingar leggi til allt hitt sjálfir.

H. þm. Rangv. (S. Á.) kvaðst vera því mótfallinn, að styrkurinn til gufubátsferða á Breiðafirði fjelli burtu, því ef gufubátsferðir kæmust þar eigi á, þá yrði styrkurinn eigi notaður. Þetta er satt, og er jeg honum samdóma um það, að eigi sje líkur til, að gufubátsferðir komist þar á. Ef vjer berum saman fólksfjöldann við Faxaflóa, Breiðafjörð og Ísafjarðardjúp, þá sjáum vjer, að það er sitt hvað, að styðja búendur við Faxaflóa og Ísafjarðardjúp, eður ábúendur við Breiðafjörð. Því fleiri, sem íbúarnir eru, því meiri eru mannflutningar og vöruflutningar, og því meiri verður þörfin á gufubátum og um leið því meira gagn gjöra þeir. Við Breiðafjörð er fámennt, sjórinn er óhreinn af hólmum og skerjum og straumar stríðir milli eyjanna; þess vegna álít jeg lítið gagn að gufubát þar. Auk þess er allur Breiðifjörður óuppmældur; Breiðfirðingar hafa lagt meiri áherzlu á að fá Hvammsfjörð uppmældan, heldur en á gufubát, enda kemur þá gufubátur inn á Hvammsfjörðinn. Á Eyjafirði er enginn gufubátur og þó er hann uppmældur og margfalt betri til siglingar. Jeg held því, að nefndin hafi haft góða ástæðu til að afnema þenna styrk, af því hún sá sjer eigi fært að styrkja allt, sem hún eigi vissi, hvort mundi verða að notum eður eigi.

Nefndin hefur stungið upp á því, að orðin aptan við styrkinn til gufubátsferða: „eða meiri hluti þeirra, ef þær greinir á“, verði felld burtu; því ef þessi orð stæðu, gæti bæjarfjelög og sýslufjelög í meiri hlutanum þvingað önnur færri bæjar- og sýslufjelög til að leggja tiltölulega mikið til, hvort sem viðkomandi fjelög hefðu hið minnsta gagn af gufubátunum eður eigi, en það áleit nefndin harðræði. Þeir sem hafa gagn af þeim, eiga að leggja til; hinir eigi.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) hafði á móti því að veita styrk til stórstúkunnar, en viðurkenndi þó það gagn, sem hún beinlínis og óbeinlínis gjörir; en hann áleit hana eigi gustukaskepnu. Það er satt, það skal jeg játa; en fjárstyrkur er veittur þeim, er gjöra gagn, en eigi í guðsþakkar-skyni, því þá væri landssjóður orð-

inn hreppssjóður og ómagastyrkur. Jeg held það væri sómi fyrir þingið að veita þenna styrk.

Jeg mæli fastlega fram með tannlækninum og augnalækninum, af því að þeir eru þeir einu menn hjer á landi, er jeg til þekki, er geta orðið öllum landsmönnum, er koma til þeirra, að notum. Nefndin játar, að hún þekkir eigi þessa annmarka á tannlækninum, sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) talaði um.

Loks skal jeg geta þess, að h. þm. Húnv. (Þ. J.) var því mótfallinn að færa niður úr 1000 kr. í 600 kr. styrkinn til cand. mag. Boga Melsteðs. Jeg get þá sagt honum það, að það eru til margir þeir menn, er vilja taka styrk þenna alveg burtu, því rit þau, er til eru eptir þenna mann, sjeu eigi svo söguleg, nje svo grandgæfilega íhuguð eður svo „kritisk", sem menn svo kalla, að höfundinum sje ætlandi að geta gjört mikið gagn með söguritun. Nefndin vill þá fara meðalveginn og veita honum 600 kr., eigi til að rita, eður búa sig undir að rita sögu Íslands, heldur til að safna til hennar. Jeg er sannfærður um, að eigi muni þurfa að hugsa til að rita söguna fyrr en Fornbrjefasafnið o. fl. er komið út.

Hið fyrsta er að safna til sögunnar, en að rita hana er vandaverk. Vjer verðum að vera komnir lengra en nú, til þess að vera góðir sagnaritarar. Vjer höfum haft frelsið of stuttan tíma til þess, að vjer getum skrifað í heimspekilegum sögustíl.

Önnur mótmæli man jeg eigi til að hafi komið fram. Nefndinni er eigi kappsmál með skilyrði þau, er sett voru þessum tveim mönnum, að þeir staðfestist eigi erlendis, og jeg skal játa, að h. þm. Borgf. (Gr. Th.) með því að benda mjer á þá reglu, er Danir fylgja, gjörir mig enn þá veikari í því að halda skilyrðunum fram.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal eigi vera margorður; það var einungis lítil athugasemd um breytingarnar viðvíkjandi búnaðarstyrknum, sem jeg vildi tala um. Jeg var áður eigi samþykkur h. framsögum. um niðurfærslu á búnaðarstyrknum. Mjer fannst sú ástæða hjá honum, að úr því eigi hefði fyrr verið veitt svo há upphæð, þá væri eigi ástæða til þess nú, ekki neitt sláandi ástæða. Það getur verið, að þessi styrkur hafi eigi áður verið hærri, en mjer finnst jeg geta með fullum rjetti og sannfæringu litið öðruvísi á en h. framsögum. í þessu efni. Mjer sýnist svo þýðingarmiklar framfarir í búnaði fyrir velmegun landsins, að menn ættu að láta sjer annt um þær og hlynna að þeim með öllu móti. Ef það er rjett álitið, að framfarir í búnaðarlegu tilliti sjeu að vakna, sem jeg þykist viss um, þá sýnist það óverðugt að vilja eigi styrkja þær með verulegum styrk af almannafje. Jeg hef eigi breytt meiningu minni og mun greiða atkv. með hærri tölunni; það er satt, að það munar litlu meðal margra, 1000 kr., en fjelög, sem enn eru að myndast til að koma í verk jarðabótum, munar um lítið, og þau þiggja lítið fje með þökkum sjer til styrks til að afla sjer verkfæra, sem marga fátæka verður að vanta. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta; h. framsögum. og jeg getum eigi orðið á sama máli í þessu efni; það er þegar fullreynt.

Árni Thorsteinsson: Jeg vildi leyfa mjer að gjöra stuttar athugasemdir um hina almennu hlið þessa máls. Mjer geðjast eigi að þeirri stórkostlegu stefnu, er fjárveitingarnar hafa tekið á þessu þingi. Eptir frv. sjórnarinnar var tekjuafgangur fjárhagsársins 113,000 kr. Eptir frv. Nd. var gjört ráð fyrir tekjuafgang 14,500 kr., en sem ekki má telja nema 4,500 kr., þar sem Nd. hækkaði hinar áætluðu tekjur um 10,000 kr. Fyrir skömmu síðan var fjárhagur landsins svo, að tekjurnar nægðu

ekki fyrir útgjöldunum og fyrir því vóru nýir tollar lagðir á, er mjög þungt koma niður á landsmönnum, sem er kaffitollurinn og sykurtollurinn. Þessir nýju tollar eru áætlaðir 120 þús. kr. árlega og lenda að líkindum á landsbúum með nær 200,000 kr. En samt sem áður er ráðstöfun þingsins nú sú, að láta sama sem engan tekjuafgang verða, og ef þessari stefnu verður fylgt framvegis, mun innan skamms þurfa að halda á meiri tekjum heldur en þeim, sem inn koma með skattalögum þeim, er nú gilda. Eins og kunnugt er, hefur viðlagasjóðurinn rýrnað á síðari árum, og auk þess landssjóður komizt í skuld við ríkissjóð. Jeg hygg því, að hverjum sem íhugar teikn tímanna, sje það ljóst, að þessi fjárhagsstefna er næsta óskyggileg, jafnvel þótt eigi beri að skilja orð mín svo, sem mjer virðist neinn háski vera á ferðum á þessu fjárhagstímabili, þar sem ekki er gengið út fyrir tekjurnar með sjálfum fjárlögunum. En mjer virðist það glöggt, að sú afleiðing mun sýna sig af þessari fjármálastefnu, ef henni verður fylgt framvegis, að annaðhvort verðr tekjuhalli, eða þá verður að hækka skattana. Auðvitað kann ef til vill ekkert að vera á móti því, að auka gjöldin til almennra þarfa, en þá verður hver skattgreiðandi að mæla það á nákvæma vog, hvort það, sem hann fær fyrir það, er hann innir af hendi, samsvarar þeim hinum auknu gjöldum og skattmegni landsins. Þetta verða menn að gjöra sjer ljóst, ef menn ætla að fylgja hinum sömu sporum framvegis, sem nú eru farin, og þetta er jafnan athugavert og jafnvel óskyggilegt, þegar almennt er að ræða um útgjöld eins ríkis (Stat).

Jeg skal svo snúa máli mínu að nokkrum atriðum í frv., sem einkum hafa vakið eptirtekt mína. Það er mjög athugavert, hve víða í frv., eru tekin stór stökk frá því sem verið hefur; þannig er t. a. m. með styrkinn til eflingar búnaði. Eptir stj.frv. var hann ákveðinn 8 þús. kr. H. Nd. bætti við þetta 5000 kr., eða meira en helmingi; en nefndin hjer í þessari h. deild þykist þó geta komizt af með að auka við helmingnum, 4000 kr. Það getur verið að þessi mikla aukning sje nauðsynleg, en jeg verð þó að álíta að komast hefði mátt af með að hafa aukninguna minni, láta styrkinn heldur vaxa smátt og smátt, eptir því sem búnaðarfjelögin yrðu styrkari og framkvæmdarmeiri, en gjöra eigi svona mikið stökk allt í einu; þar af leiðir, að menn þá á eptir verða að vera smástígari. Viðvíkjandi styrknum, sem ætlaður er til ábyrgðar á fiskiskipum á Vestfjörðum, skal jeg geta þess, að úr því nefndin hefur álitið rjett að styðja þetta fyrirtæki, og sem jeg líka vil álíta að rjett sje, þá hygg jeg að ekki sje rjett að binda styrkinn þessu skilyrði, sem nefndin ræður til að setja. Jeg hygg að það skilyrði geti orðið þess valdandi, að styrkurinn komi ekki að tilætluðum notum. Skilyrðið er sem sje það, að hlutaðeigandi sýslufjelög leggi til $^1/_4$ í móti $^3/_4$ úr landssjóði. Jeg veit ekki, hvernig h. nefnd hugsar sjer, að sýslufjelög og bæjarfjelög geti lagt fram þennan styrk á móti styrknum úr landssjóði; þau hafa ekki að minni ætlan heimild til að leggja skatta á eða útsvör í þessum tilgangi. Jeg vil því beina því til h. nefndar, hvort hún vill ekki breyta þessu skilyrði — ef hún annars vill láta styrkveitinguna vera bundna nokkru skilyrði —, breyta því í þá átt, að ábyrgðarfélagið fái styrk annarstaðar frá, án þess að tiltaka, hvaðan það má vera; sama hvaðan gott kemur.

Það hefur einnig verið gjört stórt stökk annarstaðar. Það er með póstgöngurnar. Til þeirra mála var áætlað í frv. stj. 22 þús. kr. Þessa upphæð hækkaði h. Nd. um 12 þús. kr. eða upp í 34 þús. kr. hvort árið. Jeg álít það mjög ísjárvert, að gjöra þessa hækkun svona mikla allt

í einu. Jeg hygg að rjettara væri, að láta hækkunina koma smátt og smátt, t. a. m. hækka um 4000 kr. fyrra árið, en 6000 kr. síðara árið. Á þann hátt væri og hægra að íhuga rækilega, hvar helzt þyrfti að bæta við aukapóstum. Með því að auka svo gífurlega, má það og liggja í augum uppi, að þessi útgjaldaauki er þess eðlis, að úr því hann einu sinni er kominn á er erfiðara að draga saman seglin. Jeg álít einnig mjög vafasamt, hvort hinar auknu tekjur af póstferðum, 20,000 kr. á ári, eru ekki of hátt áætlaðar; jeg held, að þar sem vjer skrifum á ári 80 þús. brjef, muni aukningin helzt verða á kunningja- eða ættingjabrjefum, en minni á peningabrjefum og sendingum. Um hin önnur atriði skal jeg verða stuttorður.

Jeg er þakklátur h. framsögum. (A. Ól.) fyrir loforð hans um að hafa í huga garðyrkjufjelagið og veita því hlutdeild í styrkinum til eflingar búnaði.

Styrknum til gufubátaferða er jeg mjög hlynntur, — meira hlynntur heldur en hinum *stóru gufuskipaferðum*. Jeg er samdóma þeim h. þm., sem ætla að h. nefnd hafi gengið helzt til langt í því að vilja spara styrkinn til gufubátsferða á Breiðafirði; úr því að nefndin vildi spara á annað borð, álít jeg rjettara að nema burtu styrk til *gufubáts meðfram* suðurströnd landsins austanfjalls, því að það er mikið hæpið, að sá bátur geti gengið eptir fastri reglu og haldið nokkurri ferðaáætlun, eptir því sem þar hagar til með hafnir. En yfir höfuð álít jeg mjög nytsamlegt að styrkja þessa smáu gufubáta, og jeg álít það vera einna mest til framfara öllum samgöngum. Þá er þessir gufubátar eru komnir á mörgum stöðum, er mjög hægt að prjóna svo saman ferðir þeirra, að mikill ljettir mætti verða á því, að ferðast jafnvel til fjarlægra staða. En mig furðar á því, að Norðurlandi skuli eigi vera ætlað að komast að í þessu tilliti. Þar eru talsverð skilyrði fyrir gufubátaferðum öllu betri en með suðurströnd landsins. Aptur á móti er jeg ekki samdóma þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingunni bæði í frv. Nd. og eins eptir till. nefndarinnar, að binda hann því skilyrði, að veittur sje styrkur annarstaðar frá $^1/_4$ á móti $^3/_4$ úr landsjóði. Þetta hygg jeg að gjöra muni þessum fyrirtækjum tálma, og muni verða lítt framkvæmilegt í mörgum hjerðuðum, því að búast má við, að einstök sýslufjelög kunni að taka sig út úr, ef þau ekki þykjast geta jafnt sem önnur sýslufjelög notið góðs af gufubátunum og hnekkt þannig fyrirtækinu. Jeg er sem sagt mjög hlynntur því, að styrkja gufubátsferðir, og mun gefa þeim styrkveitingum atkvæði mitt, án þess að þetta síðara skilyrði sje sett, því að jeg álít það fremur gufubátunum til tálmunar.

Jeg skal svo eigi gera fleiri athugasemdir við frv. þetta nú sem stendur.

Friðrik Stefánsson: Þar sem h. framsögum. (A. Ó.) hefur skýrt svo vel breytingar þær, sem nefndin hefur gert við fjárlagafrv. Nd., hef jeg ekki neitt frekar þar við að bæta, en hann skaut því til mín sem Skagfirðings, að skýra frá, hver nauðsyn væri að hafa svifferjur á Hjeraðsvötnunum. Jeg skal þá fyrst geta þess, að það eru nokkrar sveitir austan Hjeraðsvatna, sem sækja verzlun vestur yfir til Sauðárkróks, og hljóta því margir þeirra að fara yfir vötnin á ósunum, og leggja þannig hesta sína í 2 sund vond, með litlu millibili, því hver ósinn er svo breiður sem stórár á öðrum stöðum, en á milli ósanna er ekki lengra en sem svarar 3 meðalbæjarleiðum; svo er önnur ástæðan, að allir hjeraðsfundir og sýslufundir eru haldnir á Sauðárkróki, og yrði hægra að sækja þá fyrir þá menn, sem búsettir eru austan hjeraðsvatna, ef svifferjur kæmist á ósana; svo er og farið með flest það fje, sem keypt er á mörkuðum

austan vatna, yfir í ósunum; því er skipað út á Sauðarkróki og er það bæði tafsamt og fyrirhafnarmikið á smáferjum að koma því yfir ósana, og getur verið hættu undirorpið, enda hefur mannskaði orðið við slíkt tækifæri. Ennfremur eru vatnaósarnir á leið aukapóstsins frá Sauðárkróki til Siglufjarðar. Hvað undirbúning málsins snertir, þá kom það til umr. á sýslufundi á næstl. vetri, en mönnum þótti þá ofmikið að leggja í þann kostnað, því þá stóð til að byggja brú á Hofsá, nálægt Hofsós, sem hefur kostað á annað þúsund krónur. Fyrst það er stefna þingsins að veita styrk til samgangna, þá er jeg viss um, að þótt tillagið, 2400 kr., verði veitt til þess að koma svifferjum á ósana, þá mun sýslufjelagið verða að leggja allmikið fje til þessa fyrirtækis; jeg verð ennfremur að taka fram, að Skagfirðingar eru alls ekki ómaklegir þessa fjár, því þeir hafa algjörlega á sinn kostnað lagt brýr fyrir 10,000 kr.; ár þær sem brúaðar hafa verið eru þessar: Gönguskarðsá, Valagilsá, Kolbeinsdalsá, Hjaltadalsá, Grafará og Hofsá, og lagt á sig sakir þess sjerstakt gjald, 6 aura á hvert lausafjárhundrað og 6 aura á hvert jarðarhundrað. Jeg tek þetta fram til þess að sýna verðung Skagfirðinga, enda er jeg viss um að þeir hafa gjört meira í þessu efni en íbúar annara hjeraða landsins. Jeg treysti því, að þingið veiti þessari fjárveitingu áheyrn í eitt skipti fyrir öll; en hvað það snertir, að mál þetta sje ekki nægilega undirbúið, þá hef jeg áður tekið fram, að það vantaði algjörlega fje til þessa fyrirtækis, og því var hætt við að gera nákvæma áætlun um það, en þá var tekið annað fyrir, sem var að brúa Hofsá. En á sýslufundi á næstk. vetri gæti sýslunefndin gjört glögga áætlun um þetta fyrirtæki, er hún sendi til landshöfðingju. Jeg tel mjer frjálst að bera upp fyrir kjósendur mína hver mál sem eru; það eru einnig borin upp mörg frumvörp til laga og tillögur af þingmönnum úr öllum kjördæmum landsins, án þess að þau sjeu undirbúin, og eru þó mörg þeirra sannarlega óþarfari en þessi tillaga.

ATKVÆÐAGR.: 2.—6. gr. frv. (347) samþ. í e. hlj. hver fyrir sig.

1. gr. þar næst samþ. í e. hlj.

8.—10. gr. C. 4. a. samþ. allt í e. hl.

1. br. n. (409) við 10. gr. C. 4. b. (a) samþ. með 8 : 1 atkv.

1. br. n. (409) við 10. gr. C. 4. b. (b) samþ. með 8 atkv.

1. br. n. (409) við 10 gr. C. 4. b. (c) samþ. með 9 atkv.

10 gr. C. 4. b. þannig breytt samþ. í e. hlj.

2. br. n. (409) við 10. gr. C. 4. c. samþ. með með 8 : 1 atkv.

10. gr. C. 4. d—g samþ. með 9 atkv.

3. br. n. (409) við 10. gr. C. 4. h. (a) samþ. með 9 atkv.

3. br. n. (409) við 10. gr. C. 4. h. (b) samþ. með 7 : 1. atkv.

10. gr. C. 5.—8. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. (435) samþ. með 9 atkv.

10. gr. þannig breytt. samþ í e. hlj.

Viðaukatill. (433) felld með 7 : 2 atkv.

11. gr. óbr. samþ. í e. hlj.

Br. (420) við 12. gr. A. 3. a. samþ. með 9 atkv.

12. gr. A. samþ. í e. hlj.

4. br. n. (409) við 12. gr. B. a. a. samþ. með 9 atkv.

5. br. n. (409) við 12. gr. B. (d) samþ. með 7 atkv.

12. gr. B. samþ. í e. hlj.

6. br. n. (409) við 12. gr. C. a. sþ. 10 atkv.

7. — (409) — — — - b. — 8 —

— — (409) — — — - c. — 7 —

— — (409) — — — - d. — 8 —

— — (409) — — — - e. — 8 —

— — (409) — — — - f. — 9 —

— — (409) — — — - c. (skilyrðið) samþ. með 8 atkv.

7. br. n. við 12. gr. C. d. (skilyrðið) samþ. með 8 atkv.

12. gr. C. þannig samþ. með 10 atkv.
— — — — — 10 —
8. br. n. við 13. gr. A. samþ. með 8 atkv.
13. gr. A. þannig samþ. í e. hlj.
— — B. I. — í e. hlj.
— — B. II. — í e. hlj.
9. br. n. (409) við 13. gr. B. III. 5. samþ. með 8 atkv.
13. gr. B. III. þannig samþ. með 10 atkv.
10. br. n. (409) við 13. gr. B. IV. sþ. með 10 atkv.
11. br. n. (409) við 13. gr. B. V. sþ. með 9 atkv.
13. gr. B. V. samþ. með 10 atkv.
12. br. n. (409) við 13. gr. B. VI. sþ. með 9 atkv.
13. gr. B. VI. samþ. með 10 atkv.
— — — VII. — — 9 —
— — C. 1.—6. samþ. með 10 atkv.
Br. (432) við 13. gr. C. 7. samþ. með 10 atkv.
13. gr. C. 7. samþ. í e. hlj.
— — — 8. — með 9 atkv.
— — — 9. — — 9 —
— — — 10. — — 9 —
13. br. n. (409) við 13. gr. C. felld með 6 : 4 atkv.
13. gr. C. 11 samþ með 10 arkv.
14. br. n. (409) við 13. gr. C. (1200 kr. í stað 1500 kr.) samþ. með 9 atkv.
13. gr. C. 13. samþ. með 9 atkv.
— — — 14. — — 8 —
Br. Gr. Th. (431) samþ. með 7 atkv.
13. gr. C. 15. samþ. með 7 atkv.
15. br. n. við 13. gr. C. 16. (a) samþ. með 9 atkv.
15. br. n. við 13. gr. C. 16. (b) samþ. með 9 atkv.
16. br. n. við 13. gr. C. 17. samþ. með 7 atkv.
16. br. n. við 13. gr. C. 18. samþ. í e. hlj.
17. br. n. við 13. gr. C. (a) samþ. með 8 atkv.
17. br. n. við 13. gr. C. (b) samþ. með 10 atkv.
13. gr. þannig samþ. í e. hlj.
14.—19. gr. samþ. í e. hlj. hver um sig.
Viðbætirinn samþ. með 9 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 402, 416); 2. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg stend upp að eins til þess að skora á h. flutningsmann breyt.till. þeirrar, sem fram er komin við frv. þetta, að taka hana aptur. Því að það er auðsætt, að frv. þetta nær ekki að ganga fram á þessu þingi, ef gjörðar verða breytingar við það nú í þessari h. deild. Það er þegar áður búið að sýna fram á það, að þetta er mjög nauðsynlegt, og þó að ákvæði 2. gr. um reglurnar fyrir matinu sjeu ekki vel góðar, má þó notast við þær, enda mætti og ýmislegt finna að þeirri aðferð, sem stungið var upp á að hafa í breyt.till. þeirri er liggur fyrir.

Jeg vona að h. uppástungum. breyt.-till. taki hana aptur, og standi ekki þeim mönnum, er hlut eiga að máli, í vegi fyrir því, að geta fengið þann rjett, sem þeim ber með sanngirni.

Sighvatur Árnason: Jeg er samdóma h. 2. kgk. (E. Th. J.) um það, að ef breyt. till. þessi verður samþ. hjer í þessari h. deild, muni það verða öllu málinu til falls, og jeg skal þó játa það, að mjer þykir frv. ekki vel úr garði gjört, en samt sem áður er jeg á þeirri skoðun, og sammála h. uppástungum. í því, að í breyt.till. sje sett hin eina rjetta regla eða grundvallarundirstaða fyrir mati á jörðum, og einmitt þetta sama vakti fyrir þeim mönnum, er matið gjörðu á hinum skemmdu jörðum í Rangárvallasýslu um árið, að á þenna hátt ætti að finna hið sanna hundraðatal hverrar jarðar, nefnil. að ákveða hundraðatal jarðar eptir því, sem hún framfleytti

mörgum lausafjárhundruðum í hverju meðalári: að hvert lausafjárhundrað væri sama sem eitt jarðarhundrað. En samt sem áður, af því að jeg álít að það væri ósanngjarnt, að frv. þetta gæti ekki fengið framgang á þessu þingi, álít jeg heppilegast, ef uppástungum. vildi eptir því sem nú á stendur taka breyt.till til baka, svo að hún yrði ekki frv. að fótakefli.

J. A. Hjaltalín: Jeg hef alls ekki komið fram með þessa breyt.till. í þeim tilgangi, að hún skyldi verða frv. þessu til falls. Og með því að jeg er ánægður, þar sem vakizt hefur eptirtekt á því, hvort það muni ekki vera hinn rjetti grundvöllur fyrir jarðamati, það sem hún bendir á, þá tek jeg till. aptur.

Friðrik Stefánsson: Úr því breyt.till, þessi er tekin aptur af flutningsm. (J. A. Hj.), þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg get ekki gefið frv. þessu atkv. mitt; því að það er óformlegt í mesta máta. Það skipar fyrir um að meta á ný til dýrleika allar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum 6 árum hafa orðið fyrir skemmdum af náttúrunnar völdum.

Hver á að segja til, hverjar þessar jarðir eru? Þetta er svo víðtækt og ótiltekið, að heimfæra má undir það allar jarðir í sýslunni. Þetta getur þó alls ekki átt að vera meiningin og auk þess er það ójöfnuður gagnvart öðrum hlutum landsins. Jeg þekki jarðir, sem eru að dýrleika 20 hundr., og eru samt allt eins góðar og aðrar jarðir, sem eru 30 hundr. metnar, en það kemur þá aptur fram í leigumálanum, svo að allt getur jafnað sig; á sama hátt hlýtur það að vera í Skaptafellssýslu. Ef sumar af þessum jörðum eru svo eyðilagðar, að ábúendur eru flúnir af þeim, eins og h. 2. kgk. (E. Th. J.) tók fram við 1. umr., þá munu menn engar skyldur gjalda af slíkum jörðum, og þá er allt nýtt mat ónauðsynlegt með öllu. Auk þess hefur þetta mat talsverðan kostnað í för með sjer.

Þótt breyt.till. þessi komist að, getur málinu samt sem áður verið vel borgið; það er eigi svo stutt eptir af þingtímanum. Jeg vil því leyfa mjer að taka upp breyt.till. þessa, þó flutningsmaður hennar hafi tekið hana aptur.

E. Th. Jónassen: Mig furðar á því, að h. þm. Skagf. (Fr. St.) skuli vera nú svo mikið á móti þessu frv. og láta sjer svo annt um að fella það, því að hann hefur áður hjer á þingi samþykkt frv., sem var einmitt svona orðað.

Það sem jeg sagði um daginn viðvíkjandi því, að sumir ábúendur væru flúnir af jörðunum, er öldungis satt; því að sumar jarðirnar mega heita gjörsamlega komnar í sand. En sumstaðar eru notuð dálítil engjastykki eða kornstöng, og þegsvo á stendur, verða þeir að borga eptir jarðirnar.

Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Skagf. (Fr. St.) um það, að frv. þetta sje svo illa úr garði gjört, og mig furðar á því, hve mikið kapp hann leggur á að eyðileggja þetta frv., því að önnur meining getur ekki verið í því, að taka upp breyt.till. aptur. Þetta frv. kemur þó ekki í minnsta máta í bága við hag kjósenda hans.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil enn þá eins og áður styðja þetta frv. með atkv. mínu og hjálpa því til að geta fengið framgang.

Að vísu skal jeg játa það, að jeg álít þann mælikvarða fyrir jarðamati, sem til er tekinn í breyt.till., sanngjarnari og rjettari en reglu þá, sem stendur í frv. En samt sem áður getur það þó átt sjer stað, ef ræða er um jarðir, sem hafa einhver sjerstök hlunnindi, svo sem sjáfargagn, sela- eða laxveiðar, dúntekju eða lunda- og fílatekju o. s. frv., að ekki dugi að miða eingöngu við það, hve mörg lausafjárhundruð jarðirnar geta framleitt.

Þótt jeg sje ekki vel ánægður með þá reglu, sem sett er fyrir matinu í frv.,

þá þykir mjer þó mest vert, að uppástungumaður hefur tekið aptur þessa breyt.till. til þess að hindra ekki framgang frv., þegar um svo nauman tíma er að ræða sem eptir er af þingtímanum, því að jeg býst við, að ef hún yrði samþ. hjer í þessari h. deild, mundi frv. sofna, er það kæmi aptur til h. Nd., því áður slapp málið þaðan meira af tilviljun en atkvæðakrapti.

Jeg get ekki sjeð, hvað h. þm. Skagf. (Fr. St.) getur gengið til að taka upp aptur þessa breyt.till., því að ekki ákveður hún neitt nákvæmara en frv. um, hve margar jarðir eigi að meta í Vestur-Skaptafellssýslu, sem h. þm. Skagf. (Fr. St.) þótti ríða svo mikið á, en jeg held, að þar sem endurmat er nauðsynlegt vegna skemmda á landi jarðanna, þar eigi mat fram að fara, hvort jarðirnar eru margar eða fáar. Það kemur bezt í ljós, þegar matsmenn hafa álitið hverja eina jörð út af fyrir sig.

Jeg mun því greiða atkv. mitt með frv. og vona að það fái fleiri hjer í deildinni, þó andmælendur sjeu nokkrir.

Friðrik Stefánsson: Það er alls eigi tilgangur minn að vilja spilla fyrir þessu frv., heldur þvert á móti stuðla til þess, að það verði betur úr garði gjört heldur en það er nú. Jeg fæ heldur ekki betur sjeð en að nægur tími sje enn til þess að frv. fái framgang á þessu þingi, þótt það þurfi aptur að koma til Nd., og meiri líkur til að h. þingdeild muni samþykkja frv., ef gjörðar eru við það skynsamlegar breytingar, sem eru frv. til bóta.

Jeg held að h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) muni það ekki rjett, að jeg hafi áður á þingi gefið atkv. mitt frv., sem hafi verið alveg eins orðað og þetta; jeg hef að sönnu gefið atkvæði frv. um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu, en eins og tekið hefur verið fram, var það frv. ekki eins orðað eins og þetta frumv.

Þetta frv. kemur að sönnu ekki í bága við hag míns kjördæmis, en sem þingmanni kemur mjer hvert frv. við, sem er til umr. í þessari þingd., og mjer þykir illa fara, að hjer á þingi skuli vera samþ. eins óákveðið og óformlegt frv. eins og þetta frv. er.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 10 atkv.; br. við 2. gr. felld með 6 : 4 atkv.; 2.—4. gr. samþ. 6 atkv. hver; 5. gr. samþ. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
J. A. Hjaltalín	Þorleifur Jónsson
E. Th. Jónassen	Árni Thorsteinsson
Grímur Thomsen	Friðrik. Stefánsson
Júlíus Havsteen	L. E. Sveinbjönsson.
Sighvatur Árnason	
Skúli Þorvarðarson.	

Arnljótur Ólafsson stýrði fundi í forseta stað. 6.—7. gr. samþ. með 6 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Fertugasti og fyrsti fundur, miðvikud. 19. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi, nema 1. kgk. þm. (Júl. H.), sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 398); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hl. umræðulaust. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hl.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 417); 1. umr.

Grímur Thomsen: Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá litlu athugasemd, að mig furðar á því, að þegar ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, skuli hafa kjörgengi og eru kjörgengar í hreppsnefnd og sýslunefnd og bæjarstjórn og á safnaðarfundum, þá finnst mjer það vera ófullkomleglleiki við frv., að þær skuli ekki einnig vera kjörgengar í amtsráð,

og þess vegna leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd til þess að íhuga málið.

ATKV.GR.: Nefnd samþykkt með 7 atkv. og kosnir:

Júlíus Havsteen með 7 atkv.
Grímur Thomsen — 6 —
Friðrik Stefánsson — 6 —

og eptir hlutkesti milli hans og Á. Thorsteinssonar. Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins, og um aðgang þeirra að embœttum (C. 417); 1. umr.

L. E. Sveinbjörnsson: Mjer finnst hið sama að því þetta frumvarp snertir og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) um næsta mál á undan, að nokkuð vanti í frv., að ýtarlegri ákvæði vanti í frv., t. a. m. þegar svo er komið, að landshöfðingi og biskup eru orðin hjón, stiptsyfirvöldin maður og kona, forseti er kvongaður 1. assessor landsyfirdómsins, og sýslumaður og hjeraðslæknir sömul. o. s. frv. Með því að þessi merkilegu hjónabönd geta komið fyrir, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett til að íhuga þetta afarþýðingarmikla mál.

ATKV.GR.: Nefnd var felld með 6 : 4 atkv. Samkv. uppást. 4. kgk. þm. (Á. Th.) var borið undir atkv., að vísa málinu til nefndarinnar, er sett var í málið næst á undan, og var það samþ. m. 6 atkv.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 386, 444); 3. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg hef leyft mjer, ásamt með 2 h. þm., að koma fram með viðaukatill. á þingskjali 445, um að nýrri grein sje bætt við frv., „að stjórninni veitist heimild til að selja spítalaeignina Kaldaðarnes í Árnessýslu með hjáleigum fyrir að minnsta kosti 10,000 kr., með sömu skilmálum, sem nefndir eru í 3. gr. frv. Við ætlumst til, að verðið verði eigi undir 10,000 kr., en sjálfsagt er að virða eignina áður en hún verður seld, og þá getur önnur upphæð komið fram. Þetta, sem við höfum stungið upp á, er hið lægsta verð, og talsvert minna en áður hefur verið leyft að selja hana fyrir hjer á þingi; en þetta gekk ekki fram, eins og kunnugt er.

Síðan hefur jörð þessi gengið allmjög af sjer; Ölvesá hefur einkum skemmt hana, borið sand og grjót á landareignina, og rifið víða upp haga jarðarinnar.

Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta að sinni, fyr en jeg heyri undirtektir deildarmanna.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg er yfir höfuð eigi hlynntur sölu þjóðjarða, einkum þegar um annan eins fjölda jarða er að ræða og í þessu frv.; en aptur getur staðið svo á, að jeg sje meðmæltur sölu einstakra jarða, og hvað snertir viðaukatill. á þingskj. 445, þá verð jeg að telja mjög svo æskilegt, að landssjóður gæti selt þessa eign sína, Kaldaðarnesið með hjáleigum. Jeg er þar nokkuð kunnugur og veit, að jörðin liggur undir skemmdum, einkum af Ölvesá, og að 20 árum liðnum verður hún, ef til vill, orðin að eins meðalkot. Þess vegna mæli jeg sem bezt jeg get með viðaukatill.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla ekki að tala um hverja jörð fyrir sig í frv., því bæði er málið komið of langt til þess, og svo vantar mig kunnugleika til að dæma um verð hverrar jarðar fyrir sig. En jeg vil sjer í lagi minnast á viðaukatillöguna í sambandi við það, að þessi jörð, Kaldaðarnes, var hjer á dagskrá fyrir nokkru síðan, og var verðið þá ákveðið 17000 kr., en maðurinn sem vildi kaupa hana hafði fastlega ásett sjer að bjóða eigi meira í hana en 16 þús. kr. En fyrir þetta eina þúsund fjell hann frá kaupunum; en þetta boð, 16 þúsund, var þó 4000 kr. hærra en hann ætlaði upphaflega að gefa fyrir

hana, og sagði hann mjer síðan persónulega, að hann þakkaði sínum sæla, að hann hefði ekki keypt hana, enda hafði hann boðið meira í hana fyrir kapps sakir. Svo er þess að gæta, að jörð þessi hefur að sögn gengið af sjer síðan þetta var. Jeg legg því til, eins og h. 3. kgk. (L. E. Svb.), að þingdeildin láti þessa jörð fylgja með hinum þjóðjörðunum í frv., með því að verðið er þannig ákveðið, að ef landsstjórninni virðist ástæða til að þoka því upp, þá er það á hennar valdi.

Skúli Þorvarðarson: Jeg tek undir með þeim h. þingd.m., sem hafa mælt með viðaukatill., enda skrifaði jeg og fúslega undir hana. Jeg er dálítið kunnugur, þótt ekki sje jeg fullkunnugur þessum jörðum, sem rætt er um, og veit því, að á síðustu 4 til 5 árum hafa orðið talsverð brögð að skemmdum á þeim, bæði af sandágangi og fleiru, og svo hefur Ölvesá hjálpað til, eins og h. 2. kgk. (E. Th. J.) minntist á. Þar eð eignin hefur rýrnað svona, þá álít jeg æskilegt fyrir landsjóð að losast við hana og varúðarvert að nota eigi tækifærið, ef kaupandi skyldi fást, sem byði viðunandi verð. Því jeg held jeg verði að segja eptir kunnugra manna sögn, að Kaldaðarnesjarðeignin hafi sumpart spillzt af Ölvesá, og sumpart fyrir miður heppilega stjórn af hendi núverandi umboðsmanns, og mun hægt að rökstyðja þá sögn, ef þess verður leitað. Hins er kannske ekki vert að geta til, að vanskil þurfi að óttast á kúgildagreiðslu og álagi, kirkjupertíón og öðru, en þó hefur því miður slíkt komið fyrir annarstaðar, þegar of seint hefur verið að gáð. Mjer þykir vænt um, að engin mótmæli hafa komið fram gegn þessari tillögu, og vona því að deildin samþykki hana.

Árni Thorsteinsson: Jeg hefi orðið þess vísari, að það sje mjög varasamt, enda syndsamlegt, að landsjóður skuli eiga nokkra fasteign, og gildir það hið sama, hvort jarðirnar eru góðar eða ágangi undirorpnar; en hvað viðaukatillöguna snertir, þá þykir mjer efasamt, hvort viðaukatillagan sje rjett eða geti átt við frv. Í 1. gr. er ráðgjafanum veitt heimild til að selja ábúendunum 63 jarðir, og þessi heimild á þá líklega einnig að ná til Kaldaðarness, ef viðaukatill. á að komast að, ef mjer skilst rjett. Jeg vil því spyrja um, hvort það sje ekki rjettur skilningur, að alþingi sje skuldbundið til að selja ábúandanum jörðina, eða að minnsta kosti með forkaupsrjetti, ef hann vill? Sje nú þessi skilningur ekki rjettur, að því þessa jörð snertir, þá gildir eigi sama um hana og aðrar jarðir; því þá má hver sem vill kaupa hana, og sje þessi skilningur rjettur, þá vil jeg láta bjóða jörðina til uppboðs, svo hver geti keypt sem vill.

E. Th. Jónassen: Jeg skal svara h. 4. kgk. (Á. Th.) því, að það eru ekki einsdæmi, þótt öðrum en ábúendum sjeu seldar jarðirnar, og er ekki langt síðan að þetta hefur verið gjört hjer nærlendis. Þessi maður, sem nú býr á jörðinni, er umboðsmaður yfir henni, og hann er líklega hvorki fær um að kaupa hana nje hefur hug á því. Það má eins gera undantekning með þessa jörð, eins og stundum hefur verið gjört með aðrar jarðir, að leyft sje að selja hana öðrum en ábúandanum, þegar maður veit, að ábúandinn ekki hefur hug á að kaupa hana.

Árni Thorsteinsson: H. 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefur misskilið mig. Jeg fór ekki fram á, að jörðin eingöngu skyldi seljast á uppboði, heldur stakk upp á því, hvort ekki mætti selja hana á þennan hátt eins og hvern annan. Stjórninni er gefin heimild til að haga því, eins og henni líkar bezt; en öll fasteignasölulög sem komið hafa frá þinginu ganga út frá því, að ábúendunum sje gefinn kostur á að kaupa en ekki öðrum. Það hefur að eins verið gjörð undantekning með eina

jörð, sem jeg veit til, en varla með fleiri; jeg spurði að eins um, hvort ekki væri meiningin, að ábúandinn nyti kaupa á þessari jörð, eins og gildir með aðrar þjóðjarðir. Satt að segja kann jeg betur við 3. gr. frv. í „principinu“, heldur en alla þá skilmála, sem áður hafa tíðkazt við sölu þjóðjarða, ef selja á jörðina þeim, er mest býður.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram út af orðum h. 4. kgk. (Á. Th.), að jeg skil svo viðaukatill., að stjórninni veitist heimild til að selja eign þessa hverjum, sem hún álítur hentast og sem vill kaupa hana, ef stjórnin einungis fær fyrir hana 10 þús. kr. Það hefur verið tekið fram, að þessi upphæð sje talsvert minni en sú, sem áður var ákveðið að selja eignina fyrir; en það er aptur talsvert meira en sem svarar tekjum þeim af jörðinni, sem landssjóður hefur, sem venjulega nema eigi meiru en 250 kr. á ári, og stundum minna, er Ölvesá hefur skemmt eignina og ábúendurnir hafa haft heimtingu á niðurfærslu á eptirgjaldiuu. Jeg álít því í hag fyrir landssjóð, ef hægt væri að selja eignina fyrir þetta verð, sem hjer er tiltekið, með því líka að það, eins og h. 3. kgk. (L. E. Svb.) tók fram, kann að vera, að hún verði minna arðsöm, ef Ölvesá heldur áfram að skemma hana. Jeg vil því mæla með því, að viðaukatillagan verði samþ.

ATKV.GR.: Viðaukatill. (445) samþ. með 9 atkv. Frv. með viðaukatill. samþ. með 8 atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um breytingu á lögum 19. febr. 1886 um friðun á hvali (C. 437); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Eptir því, sem jeg veit til, þá er eigi önnur breyting gjörð á lögum þessum en sú, að tímatakmarkið er fært aptur um einn mánuð. Eptir því, sem jeg hef fengið að vita af kunnugum mönnum, þá hafa hvalveiðamenn komið í aprílmánuði og eyðilagt veiðarfæri fyrir mönnum, bæði net og lóðir; þau hafa t. d. flækzt utanum skrúfuna á skipum hvalveiðamanna, þegar þeir hafa farið um á næturþeli, þar sem veiðarfæri hafa legið. Vestanmenn vilja því fá hvalinn friðaðan í aprílmánuði; því þá er vertíð hjá þeim; það er aðalástæðan, og mjer finnst að hún sje takandi til greina. Jeg vil eigi segja, að hvalveiðamenn eyðileggi viljandi veiðarfæri fyrir landsmönnum, en það er jafnslæmt fyrir þá hvort heldur er.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga (C. 358, 442); síðari umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg þarf eigi mikið að segja um breyt.till. á þingskjali 441, því styrkurinn til fjenaðarsýninga hefur verið tekinn burtu í fjárlögunum, og þá falla þessar tillögur um styrk til fjenaðarsýninga af sjálfu sjer, að því er þingið snertir. Úr því h. deild samþykkti að fella burt úr fjárlögunum styrkinn til fjenaðarsýninga, þá sýnist mjer sjálfsagt, að þingið felli burtu þessi ákvæði undir staflið B. Fjárlaganefndin var einhuga á því, að þessi styrkur væri eigi til neins gagns, en væri undirorpinn misbrúkun, sem miðaði eigi til að bæta fje að neinu leyti, eins og minnzt hefur verið á.

Sighvatur Árnason: Þótt svo sje að eigi sje að ræða um styrk úr landsjóði til fjenaðarsýninga virðist mjer þó, að það geti ekki gjört neinn skaða, þótt þessi ákvæði standi í þingsályktuninni. Það stendur sem sje ekkert um það í fyrirsögninni, að slíkur styrkur til fjenaðarsýninga þurfi að vera úr landssjóði, svo að mjer virðist ekkert vera á móti því að þessar reglur væru til, ef fjenaðarsýningar fengju styrk annarstaðar frá, og gætu þær reglur því verið til leiðbeiningar við

útbýting styrks í þessu skyni úr annari átt.

Arnljótur Ólafsson: Jeg hygg þó að þessi skilningur h. þm. Rangv. (S. Á.) sje eigi rjettur, vegna þess, að í upphafi ályktunarinnar stendur: „Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu *úr landsjóði til búnaðarfjelaga*“ o. s frv. Nú ber þess að gæta, að búnaðarfjelögin innibinda í sjer bæði jarðabætur og fjenaðarsýningar, svo að eiginlega hefði verið rjettara, að staðið hefði undir staflið A: Um styrk til jarðabóta, og undir staflið B: Um styrk til fjenaðarsýninga. Meiningin getur eigi verið önnur en sú að setja reglur fyrir styrkveitingu af landsjóði til búnaðarfjelaga, hvort búnaðarfjelögin svo verja styrknum eptir staflið A. til jarðabóta eður eptir staflið B. til fjenaðarsýninga. En alþingi kemur það alls eigi við, að setja reglur fyrir öðrum styrk en þeim, sem veittur er af landssjóði.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil láta þá skoðun mína í ljósi, að þeg skil þessi ákvæði þingsályktunarinnar á sama hátt sem h. 5. kgk. (A. Ó.); mjer virðist hjer vera að ræða um, að skipta styrknum á milli jarðabótavinnu og fjenaðarsýninga, enda hefur það sýnt sig fyrirfarandi, að búnaðarstyrk hefur verið útbýtt eins til þeirra fjelaga, sem hafa lagt stund á að bæta sauðfjárkyn sitt bæði með kynbótum og góðri meðferð, og skal jeg minnast á eitt dæmi til þess í Árnessýslu, að þar er til fjelag til að efla kynbætur á sauðfje, og það hefur einnig fengið hlutdeild í búnaðarfje því, sem landshöfðingi hefur haft ráð yfir; að öðru leyti er hverri sýslunefnd í sjálfsvald, að halda fjenaðarsýningar, ef það sýnist æskilegt eptir ástæðum, en meining mín er einungis sú, að jeg vil ekki verja af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, til fjenaðarsýninga, að svo stöddu, því jeg held að styrkurinn til jarðabóta renti sig betur, og þetta var og er meiningin í tillögu nefndarinnar.

Grímur Thomsen: Mjer virðist þessi breyt.till. í samræmi við það, hvernig atkvæðagr. varð hjer í þessari h. deild við 2. umr. fjárlagafrv. Það getur að sönnu hugsazt, að h. Nd. gjöri aptur breyting á fjárlagafrv. í þá átt, að setja inn aptur styrkinn til fjenaðarsýninga, en þá getur og sú þingdeild máske einnig á einhvern hátt sett inn aptur ákvæðið á staflið B., þótt hann verði nú felldur hjer úr, — þótt máske eigi mega gjöra ráð fyrir að þessi þingsál. verði aptur send Nd., úr því að henni hefur verið breytt í þessari háttv. deild.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (441) samþ. með 8 atkv.

Tillagan þannig samþ. í e. hlj. og afgreidd til landshöfðingja, eptir að landshöfðingi og ýmsir þingmenn ásamt forseta höfðu látið þá skoðun í ljósi, að eigi væri heimild fyrir eptir þingsköpunum að láta till. koma aptur til umr. í Nd.

Fertugasti og annar fundur, fimmtudag 20. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 447, 446, 459, 460); 3. umr.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Nefndin hefur, eins og h. þingdm. sjá, komið fram með 2 viðaukatill. við frv. á þingskj. 453, og eru þær báðar komnar fram eftir bónarbrjefum, er nefndinni hafa borizt utan að. Hin fyrri, um styrk til hins ísl. garðyrkjufjelags, að því verði veittar 200 kr. hvort árið til garðræktar; um þetta kom beiðni til Nd., sem var öðruvísi orðuð, með því að þar var farið fram á styrk til formanns garðyrkjufjelagsins, en hjer er það til fjelagsins sjálfs, sem styrkurinn á að ganga. Hin síðari tillagan, um skólaiðnaðarkennslu, er komin fram, samkv. beiðni frá skólastjóranum í Flensborg, þar sem hann bað um styrk til að

koma á þessari kennslu þar við skólann, 1100 kr. fyrra árið, en 500 seinna árið. Nefndinni þótti ástæða til að veita báðum þessum bænum áheyrn, og hvað skólaiðnaðinn sjerílagi snertir, þá er kunnugt, að í frv. frá stjórninni kom fram mikil tillaga, er gjörði ráð fyrir miklu fjárframlagi, og var það samkv. tillögum h. ldsh. Jeg verð að telja þetta málefni mjög áríðandi, af því að mikill ágreiningur er um mikla og litla gagnsemi þessa iðnaðar, sem kunnugt er, með því að um það hefur verið mikið ritað og rætt. Nú þegar bænarskrá kom um þetta til nefndarinnar, þótti henni ekki rjett að hafna henni, heldur áleit heppilegra að gjöra próf eða tilraun í litlum stýl, og þess vegna hefur hún gjört tillöguna svo netta eða litla, sem auðið var. Þessa aðferð áleit nefndin hina beztu, svo að eigi yrði sagt, að þingið alveg gengi á snið við þetta mál, heldur ljeti reynsluna skera úr, hver árangur yrði af þessu. Þá er að minnast á breyt.till. frá 3 h. þm. á þingskj. 452, um svifferjur yfir ósana á Hjeraðsvötnunum, þar sem farið er fram á að færa till. nefndarinnar niður um helming, þannig að í stað 2400 kr. komi 1200 kr., og svo að orða skilyrðið öðruvísi, þannig „að veitingin sje bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi jafnmikið fje til fyrirtækisins“, hvort svo sem fyrirtækinu nægir það fje eður sýslan hefur nokkuð gagn af því, eða ekki. Jeg sagði við 2. umr., að það væri galli, að engar greinilegar skýrslur hefðu komið fram hjer að lútandi; en síðan hef jeg útvegað mjer nokkrar upplýsingar, og þar á meðal hef jeg fengið skýrslu eður rjettara umsögn frá Einari Guðmundssyni á Hraunum, sem manna bezt hefur vit á þess konar efnum í Skagafirði. Hann segir að hver ferja fyrir sig geti ekki kostað minna en um 2000 kr. Breiddin á ósunum breytist nokkuð, því að það er laus sandur beggja vegna við eystri ósinn og öðru megin við hinn vestari. Breiddin milli stöplanna hlýtur því að verða um eður yfir 20 faðma, og svo verður að hafa undirstöðu-akkeri í miðjum ósnum til þess að svífa ferjurnar yfir; auk þessa þarf talsvert af cementi og grjóti í stöplana, og ennfremur útheimtist akkeri og mikið af köðlum, og hlýtur allt þetta að verða mikill kostnaður, og þar að auki þurfa ferjurnar að vera nokkuð stórar, svo nota megi þær til fjárflutninga. Það sem kom nefndinni til að sinna þessari beiðni er, að ósarnir eru á aukapóstleiðinni í Skagafirði, sem liggur frá Víðimýri um Sauðárkrók austur yfir vötnin og út á Siglufjörð, og verður þetta því þannig jafnframt hagnaður fyrir póststjórnina. Ennfremur ber þess að gæta, að Skagfirðingar hafa lagt brýr á 5 ár, og eru 4 þeirra brýrnar á Hjaltadalsá, Kolku, Grafará og Hofsá, allar á aukapóstleiðinni; þessar brýr hafa að minnsta kosti kostað um 8000 kr. Þegar litið er á formgalla bænarskrárinnar, og aptur á hitt, hvað Skagfirðingar hafa greitt fyrir póstgöngum og samgöngum, þá mega menn ekki vera sitingssamir. Breyt.till. h. þm. nær engri átt; þeir hafa ekki útvegað sjer neinar skýrslur og hafa ekki hugmynd um kostnaðinn. Skilyrði nefndarinnar var svo, að sýslunefndin skyldi kosta fyrirtækið svo, að það kæmist á. Að veita 1200 kr. til þessa fyrirtækis, vil jeg ekki kalla skammarboð, — af því mjer þykir orðið svo ljótt, en jeg held að boðið með rjettu megi kallast pervisalegt. Um breyt.till. á þingskj. 447 get jeg ekki sagt neitt; það er nokkuð komið undir því, hvort bókin verður lögskipuð skólabók; en nú vill svo vel til, að h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) er kunnugur þessu máli og getur gefið upplýsingar þaraðlútandi.

Þorleifur Jónsson: Á þingskj. 447 á jeg ásamt 2 h. þingdm., viðaukatill., sem fer fram á, að veita Halldóri kennara Briem 300 kr., fyrra árið, til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði. Eins og menn vita, þá er ekki til nein bók í þess-

ari grein á voru máli. Með því að viðurkennt er, að hinar fyrri bækur þessa höfundar eru vel af hendi leystar, má ganga að því vísu, að þessi bók verði það einnig. En það sem sjerstaklega mælir með þessari styrkveitingu er, að bókin er í sjálfu sjer nauðsynleg, en hætt við, að lítið muni seljast af henni, og þess konar bókaútgáfur á einmitt að styrkja, ef þær eru í sjálfu sjer nauðsynlegar; jeg skal taka til dæmis fornbrjefasafnið; það er nauðsynlegt, en það borgar sig ekki, því það selst svo lítið af því. Jeg vona því að deildin taki þessari viðaukatill. vel, enda heyrðist mjer að h. framsögum. (A. Ó.) hefði ekki neitt á móti henni.

Af því er snertir síðari viðaukatill. nefndarinnar um styrk til skólaiðnaðarkennslu, skal jeg geta þess, að mjer þykir það nokkuð undarlegt, að nefndin nú við 3. umr. skyldi koma með þessa till., eptir alla þá mótstöðu, sem mál þetta hefur mætt í Nd., og eptir að allur þessi styrkur til þessarar kennslu var felldur burtu við 2. umræðu hjer í deildinni einmitt eptir tillögu nefndarinnar. Það væri sök sjer, ef nauðsynlegt væri að koma þessari kennslu á, en jeg verð að álíta, að það sje ekki mjög nauðsynlegt fyrir oss Íslendinga, því að hjer stendur allt öðruvísi á en í útlöndum, þar sem skólarnir standa á 11. mánuð ár hvert; en hjer standa þeir lengst $^{8}/_{4}$ af árinu eða 9 mánuði, eins og latínuskólinn, og eru þó mörg frí á þeim tíma; aðrir skólar standa ei lengur en 7 mánuði, og gagnfræðaskólinn í Flensborg að eins 6 mánuði eða hálft árið; þess vegna finnst mjer lítil eða engin nauðsyn vera á að koma þessari kennslu hjer á og miklu ónauðsynlegra en margt annað, þar eð piltar hjer hafa svo mikinn tíma til að lypta sjer upp. Það hefur einnig verið viðurkennt, að leikfimiskennslan hjer væri ófullkomin, og lægi því miklu nær að koma henni í eitthvað betra horf. H. framsögum. (A. Ó.) kom ekki með neina ástæðu fyrir þessari till., aðra en þá, að stjórnin hefði lagt hana fyrir þingið, en það sannar lítið, enda var tillaga stjórnarinnar allt önnur; ennfremur er það hvergi nefnt í tillögunni, hvar þessi kennsla eigi fram að fara, hvort heldur við latínuskólann eða skólann í Flensborg. Framsögum. (Arnlj. Ólafsson) sagði reyndar, að beiðni um þetta hefði komið frá skólastjóranum í Flensborg, en jeg hef ekki átt kost á að sjá neina beiðni í þá átt. H. framsögum. (A. Ó.) þarf því að skýra, hvar kennslan eigi fram að fara; ef það á að vera við Flensborgarskólann, þá er það enn ein ástæða móti þessari tillögu, því að það er einna sízt þörf á þessari kennslu þar, með því skólinn stendur þar að eins hálft árið, og námssveinar þar geta víst haft nægan tíma til að lypta sjer upp frá bóknáminu. Mest þörf væri á að hafa þessa kennslu við latínuskólann, ef hún á annað borð yrði tekin upp. H. framsögum. (A. Ó.) sagði og, að þetta að eins ætti að vera tilraun eða próf, en jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að með þessari fjárveitingu sje smeygt inn byrjun til stórútgjalda fyrir landssjóð. Það yrði auðvitað sagt á næsta þingi, að það hefði reynzt dæmalaust vel og væri dæmalaust nauðsynlegt; það þyrfti því að auka fjárveitinguna, til þess að gagnið yrði sem mest, og þá yrði auðvitað farið fram á að stofna nýtt embætti, byggja nýtt hús o. s. frv. Jeg verð að biðja h. þingdm. að gæta vel að þessu atriði; svo ber einnig að gæta þess hjer, að verði þetta hjer samþykkt, þá er líklegt, að þetta verði ágreiningsefni milli deildanna, svo að fjárlögin þurfi þess vegna að komast í sameinað þing, sem ætti að reyna að sneiða hjá, eptir því sem nú á stendur.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil leyfa mjer að gjöra athugasemd við ræðu h. þm. Húnv. (Þorl. J.). Hann tók ekki rjett eptir því, sem jeg sagði. Jeg tók fram 2 ástæður fyrir skólaiðnað-

inum. Jeg minntist á að beiðnin hefði komið frá skólastjóranum í Flensborg, og auðvitað á kennslan þar fram að fara, því svona lítil tilraun er of lítilfjörleg fyrir höfuðstað landsins. Jeg gat þess og sem ástæðu, að stórkostleg tillaga um þetta hefði verið í frumv. stjórnarinnar, og svo um það, að mikið hefði verið ritað og rætt um málið, og það langtum lengra en hin góða ræða h. þm. Húnv. (Þorl. J.). Annað mál er það, hvort þetta er nauðsynlegt eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti get ekki skorið úr, hvort þetta er gagnlegt eða óþarft; jeg ætla eptirtímanum að sanna það. H. sami þm. (Þorl. J.) þarf ekki að óttast, að næsta þing hlaupi í spor þessa þings með að hækka styrkinn, ef iðnaðurinn reynist lítt þarfur; en aptur á móti er hætt við, að ef málinu er nú enginn gaumur gefinn, að þá rísi upp hinir sömu menn, er nú nú eru málinu sinnandi, aptur á næsta þingi, og geti þá komið alþingi til þess, að veita þessu fyrirtæki mjög mikinn styrk. Nefndin áleit skyldu sína, að gefa þessu málefni gaum gagnvart stjórnarfrumvarpinu og ritum manna og ræðum, en hefur þó á hinn bóginn haft tillögur sínar svo lágar, sem framast er unnt. Jeg skal einnig fullvissa h. þm. (Þorl. J.) um, að verði þetta mál fellt í neðri deild, þá mun það eigi verða hjer tekið upp aptur í deildinni.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að minnast fátt eitt á styrkinn, sem hjer er nefndur, til að koma á fót svifferjum á Hjeraðsvötnin, eða ósa vatnanna; þessi fjárveitingartill. hefur komið eins og skollinn úr sauðarleggnum frá fjárlaganefndinni, án þess nokkur skýrsla eða beiðni frá Skagfirðingum lægi fyrir. Jeg játa, að Skagfirðingar eiga manna mest skilið að fá styrk til slíks, af því þeir hafa unnið svo mikið að brúargjörðum; en hjer ber að athuga, að um nýmæli er að ræða, þar sem svifferjurnar eru, því að kunnugt er, að þess konar tilhögun á ferjum hefur ekki átt sjer stað hjer á landi fyr. Jeg er samdóma h. framsögum. (A. Ó.) eptir því, sem jeg hef spurt mig fyrir um svifferjur, að auðvelt sje að koma þeim á hvern ós fyrir sig fyrir 2000 kr. *(Arnlj. Ólafsson:* En breiddin?). Kostnaðurinn fer eptir því, hvort þær eru hafðar í smærri eða stærri stýl. Jeg hygg ráðlegra, að ekki sje byrjað í stórum stýl í því efni, því eptir því sem þessar ferjur eru stærri, eru þær því kostnaðarmeiri, bæði ferjan sjálf og líka það, að þá þarf meiri og sterkari útbúnað til að draga þær yfir ósinn, einkum á lygnu vatni, en þar sem straumur er, þar getur hann hjálpað eða ljett undir, ef rjett er að farið. Svo verður einnig að draga þær á land, þegar ísskrið er og frost er komið, svo þeim sje óhætt að vetrinum til, og þá hljóta slíkar ferjur að vera erfiðar viðfangs, ef þær eru mjög stórar. Gagnvart því, sem h. framsögum. (Á. Ó.) sagði, að þessar 1200 kr. væru pervisalegt boð, þá gæti jeg einnig sagt, að þessi fjárveiting frá nefndinni væri nokkuð glæfraleg; síðar gætu, ef til vill, komið upplýsingar, sem gætu verið þessu til sönnunar. Það er óvanalegt að koma með þessa fjárveitingu hjer á þingi til samgangna, sem ekki eru á aðalpóstleið. Væri jeg þm. Skaptfellinga, þá mundi jeg og biðja um svifferjur, því þar mætti á 2 eða 3 stöðum koma þeim við, t. d. Eldvatninu í Meðallandinu og jafnvel á Kúðafljóti og víðar, sem eru ill vötn yfirferðar og hafa orðið að slysi, en sem ekki verða brúuð, allra sízt Kúðafljót. Jeg skal enn fremur taka það fram um þessa fjárveitingu nefndarinnar, að þegar jeg skoða þessar 2400 kr. í samanburði við skilyrðin, þá álít jeg að fyrirtækið mætti hafa í þeim stýl, að sýslufjelagið ekki þyrfti að bæta við einum eyri til að fullgjöra það, og ef svo er, að sýslufjelagið alveg sleppur við það, þá hefur nefndin stigið heldur stórt spor með þessari fjárveitingu, án þess þó jeg álíti,

að slík fyrirtæki ættu ekki að njóta einhvers styrks við. Jeg býst við, að h. framsögum. (A. Ó.) álíti þessa meiningu mína ekki á rökum byggða; en það er óreynt, hvor okkar rjettara hefur að mæla, en jeg verð að halda því fast fram, að það eigi ekki að byrja á þessu fyrirtæki í stórum stýl og þess vegna sje full ástæða til að taka breyt.till. til greina. Jeg hef einnig komizt að því, að flutningsmagnið yfir Hjeraðsvatna-ósana sje ekki mikið, nema (ef vera skyldi) fjárflutningarnir á haustin. Jeg hef nú lýst minni meiningu, en hver einn ræður að öðru leyti sínu atkvæði.

Grímur Thomsen: Jeg vil fyrst og fremst lýsa gleði minni yfir nærgætni nefndarinnar við garðræktarfjelagið, að hún skyldi ætla því dálitinn styrk. Jeg er er einn af þeim, sem hef ritað nafn mitt undir breyt.till. á þingskj. 452; okkur gekk það til að koma með hana, að nefndin hafði eigi nægar skýringar um fyrirtæki þetta, og breyt.till. er því eigi til annars en að laða skýringar fram, því stundum verður að laða þær fram. Skýrslur þær, er h. framsögum. (A. Ó.) kom með, eru byggðar á áliti manns, sem er málinu kunnugur og vandaður maður; jeg tek þær trúanlegar og fer eptir þeim þegar jeg greiði atkvæði.

Þá er loks breyt. við 13. gr. VI. g. um skólaiðnaðarkennslu; enginn getur neitað því, að þessi viðaukatill. kemur eins og hnerri. Í fyrsta lagi strykar nefndin út 500 kr., sem ætlaðar voru til skólaiðnaðar, en nú allt í einu, án þess hægt sje að sjá nokkra ástæðu, kemur hún sjálf með þessa tillögu, sem sýnist að vera undirstöðustöðulítil. Tilgangur stjórnarinnar var að koma á skólaiðnaði í stærri stýl í höfuðstaðnum, í sambandi við lærða skólann hjer. Hjer í Reykjavík hefur tvö undanfarin ár farið fram kennsla í þessa átt, sem tveir ungir og efnilegir menn hafa haldið uppi, en því munu sumir aðrir þingmenn hjer í salnum vera kunnugri en jeg. Nú hefur nefndin ákveðið, að kennsla í þessari grein skuli vera á afviknum stað, í Flensborg. Jeg skal játa, að það getur verið fróðlegt og gagnlegt að læra þetta og mun reynslan sýna það. Jeg mun greiða atkæði með því, að fje sje veitt til reynslu, þó jeg hefði óskað að styrkurinn hefði verið veittur undir öðru formi og á öðrum stað en svo afviknum, því margir menn hjer eru útilokaðir frá því gagni, sem af kennslunni leiðir. En það mun frjettast, hvernig gengur, og það mun verða til þess, að málið fái betri afdrif á næsta þingi.

Friðrik Stefánsson: Sá fyrsti, sem hefur ritað nafn sitt undir breyt.till. á þingskj. 452, er h. þm. Rangv. (S. Á.), og þó tveir aðrir þingdm. hafi ritað nöfn sín með honum, þá get jeg ekki nú þegar vitað, hvort þeim er nokkurt áhugamál að breyt.till. gangi fram, en jeg held öllu fremur að þeir hafi gjört það af sárri meðaumkvun með h. þm. Rangv. (S. Á.), til þess að hann gæti látið í ljósi sína sanngjörnu skoðun á samsöngumálunum hjer á landi. Mig furðaði því, að h. þm. Rangv. (S. Á.) skyldi koma með breyt.till. „á þessu stigi málsins“, við 3. umr. Það gjöra þeir einir, sem annaðtveggja eru seinir að hugsa, eða þá hitt, að þeir vilja myrða málið. Hann sagði, að Skagfirðingar væru alls góðs maklegir, en þá er útdeila ætti fje til þeirra úr landssjóði til verklegra fyrirtækja, þá nægðu 1200 kr., en þetta er rangt reiknað hjá h. þm. Rangv. (S. Á.), því 2400 kr. eru hæfilegt tillag til að koma svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði. Mig minnir þó ekki betur, en að h. þm. (S. Á.) hafi farið fram á nokkra tugi þúsunda til brúargjörða, til að greiða fyrir samgöngum sveitunga sinna. Hann segir, að það sje lítill flutningur yfir Hjeraðsvötnin; það getur verið að hann segi það af ókunnugleik, eða þá öðrum miður sæmandi ástæðum, en jeg mótmæli því

alveg, því mjer er það kunnugt, að yfir Hjeraðsvötnin er fjölfarið og miklir flutningar færðir yfir þau. Getur h. þm. Rangv. (S. Á.) verið þekktur fyrir að koma með það, sem ástæðu á móti þessu máli, að það sje illa undirbúið? Var brúarmálið undirbúið, þá er hann ásamt fleirum kom fyrst með það inn á þing? Má ekki hver þingm. bera upp þær tillögur og frv. til laga, sem hann álítur heillavænlegar fyrir kjördæmi sitt eða landið í heild sinni? Ef deildin finnur þær skynsamlegar, þá veitir hún þeim áheyrn, annars ekki. Jeg get eigi skilið, að þingm. hafi þurft langa ræðu til að minna á það; allir þingm. hafa rjett til þess. Tillaga mín er mjög hófleg og þar er ekki farið fram á að ausa miklu fje úr landssjóði, þó h. þm. Rangv. (S. Á.) sjái ofsjónum yfir því. Hann vill ráða til að byrja í smáum stýl, máske til þess, að það verði að sem minnstum notum og eyðileggist sem fyrst, því ekki mun hann ætlazt til að landssjóður haldi þessu við. En Skagfirðingar vilja heldur kosta meiru til, og að það sje vandað og trútt. Enda hefur það sýnt sig, að þeir spara ekki fje til að bæta samgöngur innanhjeraðs. Jeg vil ráða h. þm. Rangv. (S. Á.) til að taka breyt.till. sína aptur, því annars spái jeg honum því, að hún falli með óvirðingu.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla eigi að eyða mörgum orðum til að svara h. þm. Skagf. (Er. St.) og allra sízt til að svara því, er hann vjek að mjer, að frammistaða mín hjer á þingi væri til að myrða mál.

Jeg held, að það muni eigi vera rjett, að engin áætlun hafi komið um brúargjörðirnar á Ölvesá og Þjórsá; hún kom frá Vinf.-Hansen. *(Fr. St.:* Ekki nú). Það er annað mál, því síðan hafa menn reynt að leita sjer hinna beztu upplýsinga. Það er von, þó h. þm. Skagf. (Fr. St.) taki sárt að till. fjekk andmæli frá mjer, þó andmælin hafi eigi verið önnur en að færa niður styrkinn, því hann hefur komizt upp á svo gott hjá nefndinni, að geta fengið allan þennan styrk svona skýrslulaust. Jeg ber eigi á móti því, að hann færi þetta mál eptir beztu sannfæringu, en það er engin venja hjer á þingi, að hlaupa þannig eptir beiðni eins þingm., án þess nokkrar skýrslur sjeu fyrir hendi.

Hann leggur eigi rjett út fyrir mjer, að jeg vilji brjóta beiðnina um styrkinn á bak aptur; maður þekkir svo mikið um bænarskrár á þingi, en það er óvanalegt, að þær sjeu eigi breyttar á þinginu, þó þær sjeu betur úr garði gjörðar en þessi. Jeg efast um að h. þm Skagf. (Fr. St.) sje eins praktiskur í skoðunum sínum á slíkum fyrirtækjum, sem hann er sögufróður.

Friðrik Stefánsson: Það svarar eigi kostnaði að standa upp, því ræða þm. Rangv. (S. Á.) var eintóm endileysa. Hann (S. Á.) talaði um, að málið ætti að vera betur úr garði gjört; en þegar um það er að gjöra að meta sandjarðir í Skaptafellssýslu, þá þykir honum málið ágætlega úr garði gjört, þá er þm. (S. Á.) ekki heimilda vandur; hann mælir með því að slíta jarðir þar úr öllu sambandi við mat á öðrum jörðum á landinu og láta landssjóð kosta miklu til að meta þær. Enn fremur vill h. þm. Rangv. (S. A.) fá skýrslu hjá mjer um mál þetta, en jeg er búinn að skýra fyrir honum um nauðsyn þessa fyrirtækis, og finn því enga ástæðu til að gjöra það frekar. H. þm. (S. Á.) ljet mikið yfir, hvað rækilega Ölvesárbrúin eða kostnaður til hennar hefði verið rjett áætlaður; þó eru nú fáir dagar síðan þingið veitti 2000 kr. til hennar fram yfir það sem áætlað hafði verið. Þvílíkur makalaus undirbúningur!! Þessar og þvílíkar ástæður h. þm. Rangv. (S. Á.) hafa ekki mikið að þýða, því hann má vita það, að þó hann gangi undan, að þá eru til menn, sem unna Skagfirðingum sannmælis og rjettlátrar viðurkenningar fyrir það, sem þeir hafa kostað öllum öðrum fremur miklu fje til brúargjörða. Jeg skal svo

eigi tala meira að sinni, en vona að málið hafi happasælar afleiðingar og fullan sigur hjer í þessari h. deild, þrátt fyrir alla útúrdúra h. þm. Rangv. (S. Á.).

Jón A. Hjaltalín: Viðvíkjandi viðaukatillögu á þingskj. 447 um styrk til Halldórs Briems til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði, skoraði h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) á mig að segja, hvort hún væri lögboðin kennslubók við Möðruvallaskólann. Þar er engin lögboðin kennslubók og eigi heldur til. tekið hvort skuli innleiða þær; hver kennari hefur sinn vilja í því efni. Í reglugjörðinni er einungis til tekið, að kennd skuli rúmfræði, reikningur og landfræði, en síðari veturinn hefur verið kennt dálítið í þykkvamálsfræði. En eins og h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) man, kom til umtals í nefndinni að veita styrk til að gefa út kennslubækur á íslenzku, en það var álitið varhugavert að veita fje í þessa stefnu einstökum mönnum, en nefndin áleit betra, að haga þessum styrk eins og annarstaðar, að stjórninni er veitt viss upphæð, til þess að gefa út vissar bækur í sambandi við bóksalana og kaupir þá handritið, ef henni þykir bókin hæfileg. Jeg hef sjálfur gefið út bækur, sem ætlaðar hafa verið til kennslu í skólum og ekki sótt um styrk til þess, því jeg hef álitið að það væri eigi rjett að styrkja menn í þá stefnu.

Þorleifur Jónsson: Jeg er eigi á sama máli og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) um það, að eigi sje rjett að veita sjerstökum mönnum styrk; hann sagði að það væri athugavert, en færði engin rök fyrir því, heldur áleit að það ætti betur við að veita stjórninni vissa upphæð, og hún svo að skera úr, hvort sú eða sú bók eigi að koma út eða ekki. Jeg get eigi sjeð, að það sje neitt hentugra. Jeg held að aðrar bækur, sem þessi maður hefur gefið út, sjeu næg trygging fyrir því, að þessi bók verði vel af hendi leyst.

Það er lögboðið að kenna rúmfræði (o: þykkvamálsfræði) í Möðruvallaskóla; fyrst engin bók er til á íslenzku í þeirri grein, verður að kenna hana eptir fyrirlestrum, en það álít jeg mjög óheppilegt, þar sem kennslutíminn er svo stuttur.

Viðvíkjandi því, sem h. 5. kgk. (A. Ól.) sagði um skólaiðnaðinn, að hann hefði eigi hugmynd um, hvort hann væri gagnlegur eða ógagnlegur, þá er í mesta máta undarlegt að leggja til að veita fje til þess, sem maður hefur eigi hugmynd um, hvort sje nauðsynlegt eða ónauðsynlegt.

Jón A. Hjaltalín: Viðvíkjandi því sem h. sessunautur minn (Þ. J.) sagði, að jeg hefði eigi fært neinar ástæður fyrir því, að jeg áliti rjettara að stjórnin hefði til umráða fje til að koma nauðsynlegum kennslubókum á prent, heldur en að þingið veitti slíkan styrk til einstakra manna, — þá skal jeg taka fram, að ein af ástæðunum fyrir þessu er sú, að vjer getum ætíð krafið stjórnina til reikningsskapar fyrir því, hvernig hún hefur varið þessum styrk. En sje hann veittur til einstakra manna, er þetta ekki hægt; enginn reikningsskapur verður af þeim krafinn. *(Þ. J.:* Og heldur ekki af stjórninni). Vjer getum þó ætíð látið í ljósi við stjórnina, hvort vjer erum ánægðir eða ekki með það, hvernig hún ver fjenu.

Jeg tala um þessar styrkveitingar almennt og jeg vil ekki að einstökum mönnum sje blandað inn í slíkar umræður. Jeg skal fúslega játa það, að bækur þær sem þessi maður hefur gefið út, muni víst vera mikið góðar. En jeg vil ekki að svona lagað mál sje skoðað frá því sjónarmiði, heldur frá almennu sjónarmiði.

Árni Thorsteinson: Jeg geng út frá því sem vísu, að ef samþykkt verður viðaukatillaga 447. um styrk til að gefa út þykkvamálsfræði eða rúmmálsfræði, sem vera mun algengara orð, þá muni stjórnin því að eins borga þennan styrk út, að

trygging sje fyrir því, að bók þessi verði viðunanlega góð. Í sjálfu sjer er jeg samdóma h. 6. kgk. um það, að rjettara sje, þegar um slíkar styrkveitingar er að ræða, að stjórninni sje heimiluð viss fjárupphæð í þeim tilgangi, því að svo getur þingið ætíð dæmt um það eptir á, hvernig þessu fje hefur verið varið. En þar sem jeg er honum samdóma um þessa aðalreglu, vona jeg þó að mjer verði virt á hægri veg, þótt jeg samt sem áður verði að viðurkenna, að vjer sjeum neyddir til einstöku sinnum að veita vísindalegan styrk til einstakra manna, þar sem það er nú orðið að reglu að veita engan styrk á fjárlögunum landstjórninni til umráða til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, eins og þó átti sjer stað framan af, eptir að þingið fjekk fjárforræði. Með því að þannig er eigi neitt fje á fjárlögunum er landsstjórnin hefur til umráða í þessu skyni, er eigi annað fyrir, en að þingið bæti úr þessu á þann hátt, að veita slíkan útgáfustyrk beint til einstakra manna, þegar ástæða virðist vera til. Jeg get því eigi frá þessu sjónarmiði skoðað, að neitt geti verið þessari viðaukatill. til fyrirstöðu.

Landshöfðingi: Jeg get ekki fyrir mitt leyti verið meðmæltur neinni af þeim breyt.- og viðaukatill., sem fram eru komnar nú við frv.

Að því er snertir viðaukatill. um að veita styrk til að gefa út þykkvamálsfræði, þá skal jeg játa það, að jeg er ekki svo vel að mjer, að jeg viti hvað meint er með þeirri fræðigrein; ef það á eigi að þýða það, sem á útl. máli er nefnist „Stereometrie", þá veit jeg eigi til, að sú vísindagrein sje kennd í neinum skóla hjer á landi. Hún var áður kennd hjer í lærða skólanum ásamt „Trigonometrie"; en báðar þær vísindagreinar eru nú felldar burtu eptir hinni nýju reglugjörð skólans. Jeg get því eigi trúað því, að „Stereometrie" sje kennd við Möðruvallaskólann, úr því að hún hefur þótt ofvaxin lærða skólanum, því að þótt í reglugjörð þessa (ɔ:Möðruvalla)skóla standi, að kenna skuli þar „rúmfræði", þá skil jeg við það orð sama sem „stærðfræði", og að „Stereometrie" hafi ekki átt að heyra þar undir. Jeg hygg þannig, að kennslubók í þykkvamálsfræði gjöri ekkert meira gagn fyrir landið heldur en hvor önnur bók í þeim vísindagreinum, sem ekki eru kenndar hjer í skólum.

Viðvíkjandi fyrri töluliðnum á þingskj. 453, um styrk til garðyrkjufjelagsins, skal jeg geta þess, að mjer skilst eigi betur en að það fjelag geti haft aðgang að styrk þeim, sem veittur er til búnaðarfjelaga, því að í reglum þeim fyrir styrk af slíku fje, er samþykktar hafa verið hjer í þessari h. deild, er sett ákvæði um, hvernig leggja skuli í dagsverk vinnu við matjurtagarða, og fyrir því getur þetta fjelag sótt jafnt sem önnur búnaðarfjelög um styrk fyrir matjurtagarða þá; er fjelagið lætur búa til eða sjer um að ræktaðir yrðu. Jeg skal þar að auki geta þess, að þetta fjelag eða formaður þess fjekk árið 1890 400 kr. styrk gegnum búnaðarfjelag suðuramtsins til þess að kenna garðyrkju fyrir, en mjer er ókunnugt um, hvern árangur þessi fjárveiting hefur borið og til hvers hún hefur verið höfð; það hefur engin skýrsla komið fram um það, enda er eigi líklegt, að sá maður sem er, burtu mestan hluta sumarsins, geti mikið eflt garðyrkju hjer á landi.

Hinn síðari liður á sama þingskjali er um það, að koma á skólaiðnaðarkennslu við Flensborgarskólann. Jeg get ekki álitið, að þessi till. standi í neinu sambandi við uppástunguna um skólaiðnaðarkennslu í stj.frv., því að þar var ráðgerð kennslan hjer í Reykjavík, einkum með tilliti til hinna opinberu skóla hjer, svo sem lærða skólans, prestaskólans, læknaskólans, stýrimannaskólans o. s. frv. En hitt var eigi meining stjórnarinnar að útvega kennslu í skólaiðnaði við prívatskóla, eins og Flensborgarskólinn er. Ef h. þingdeild því sam-

þykkir þessa till., þá gerir hún það upp á eigin ábyrgð, en ekki stjórnarinnar.

Viðvíkjandi svifferjum virðist mjer rjettast að halda sjer við þann styrk, sem samþ. var hjer við 2. umr., einkum vegna þess, að skilyrði það, sem sett er á þingskjali 453, þar sem stungið er upp á hinni lægri upphæð, er ekki í rjettu hlutfalli við fjárveitinguna. Því að ef ferjurnar kosta meira en 2400 kr., þá er ekki nóg að sýslafjelagið leggi jafnmikið fje til fyrirtækisins, eða 1200 kr.

Grímur Thomsen: Að svo miklu leyti sem jeg hef gefið tilefni til viðaukatill. um 200 kr. styrk til garðyrkjufjelagsins, skal jeg geta þess, að þegar lík bæn kom fyrir þingið 1889, þá var h. ldsh. henni meðmæltur; jeg segi samt ekki, að orð hans nú sjeu í ósamkvæmni við orð hans áður; aðvitað hefði formaður garðyrkjufjelagsins gjört rjettara í því, að gefa skýrslu um fje það, sem honum var veitt af búnaðarfjelagi Suður-amtsins, en í rauninni er ekki þörf á neinni skýrslu, því menn þurfa ekki annað en ganga fram hjá garði hans og inn að Rauðará; þá má fljótt sjá, að hann hefur gengið mjög svo á undan öðrum í því að efla garðyrkju; þess vegna trúi jeg því ekki, að ldsh. sje mótfallinn þessari viðaukatillögu, því búnaðarfjelag Suður-amtsins og önnur búnaðarfjelög hafa í mörg horn að líta og lítið fje til umráða, sjerstaklega til eflingar garðyrkju, enda eru skilyrðin fyrir styrkveitingu til garðyrkju ekki yfirgripsmikil, þó að veitt sje verðlaun eða þóknun fyrir 16 teningsfet. Jeg hef það traust til deildarinnar, að hún fallist á þessa tillögu.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Orð h. ldsh. gefa mjer tilefni til að fara nokkrum orðum um till. nefndarinnar á þingskj. 453, og vil jeg fyrst skýra fyrir deildinni, hvernig nefndin skoðaði fyrri tillöguna, styrkinn til garðyrkjufjelagsins. Þar er sagt, að styrkurinn eigi að vera til eflingar garðræktar, þ. e. einkum til að útvega fræ og úthluta því, koma á vermireitum o. s. frv., því að þetta er aðalstarf fjelagsins og sjerstaklegt fyrir það, en hitt, að búa til garða, o. s. frv., liggur fyrir utan verksvið fjelagsins, og nefndin ætlaði því ekki styrkinn þessu til eflingar, heldur hinu fyrnefnda. Hvað kennslu í skólaiðnaði snertir, þá er það rjett hjá h. ldsh., að till. nefndarinnar fer fram á miklu minna en frv. stjórnarinnar. Þessi fjárveiting, sem nefndin fer fram á, er gjörð til að slíta þeirri þrætu, hvort þessi kennsla sje gagnleg eða miður gagnleg, og með því þessu fjárveiting er lítil, þá verður að byrju í einhverju horni, t. d. í Flensborg, en ekki í Reykjavík. Ef skólar landsins ættu að hafa not af henni, þá þyrfti að byggja hús, og þá þyrfti meira fje. H. þm. Húnv. (Þ. J.) sagði, að jeg hefði játað, að jeg hefði ekki vit á að dæma um, hvort þessi kennsla væri nauðsynleg eða ekki. Það er rjett, jeg sagði það; jeg tel mig ekki færan að dæma um iðnað, sem jeg að eins hef sögur af, en ekki sjón af, og þótt h. þm. (Þ. J.) þykist hafa vit á því, sem hann ekki hefur sjón af, þá leyfi jeg mjer að efast mikillega um, að hann hafi slíka gáfu fram yfir aðra menn; en hann hefur það óneitanlega fram yfir mig, að hann *þykist* hafa vit á því, er jeg segist ekki *geta* haft vit á.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. nefnd. (453) við 10. gr. C. 4. b. felld með 6 : 5 atkvæðum.

Breyt.till. (452) við 12. gr. B. (a) felld með 9 : 2 atkv.

Breyt.till. (452) við 12. gr. B. (b) tekin aptur.

Viðaukatill. nefnd. (453) við 13. gr VI. samþ. með 8 : 2 atkv.

Viðaukatill. (447) við 13. gr. C. samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Árni Thorsteinsson,	E. Th. Jónassen,
Friðrik Stefánsson,	Grímur Thomsen,
Júlíus Havsteen,	L. E. Sveinbjörnsson.
Sighvatur Árnason,	
Skúli Þorvarðarson.	

Arnljótur Ólafsson, sem eigi greiddi atkv., var taldur með meiri hlutanum.

Frv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti (C. 432); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu orðalaust vísti 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 432); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Þetta frv. snertir mál, sem er mjög áríðandi og þarf því nákvæmrar íhugunar við, en enda þótt nú sje liðið svo langt á þingtímann, að ekki er líklegt að það verði útrætt, tel jeg þó nauðsynlegt, að efri deild athugi það vandlega, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 6 : 5 atkvæðum. Málinu vísað 2. umr. með 7 atkvæðum.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í Vestur-amtinu til varnarvarpsræktar (C. 436); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 436); 1. umr.

Arnljótur Ólafsson: Jeg get ekki neitað því að mig furðar á, að slíkt frv. sem þetta skuli hafa getað komið frá h. Nd. Mjer er óskiljanlegur tilgangur þess. Aðaltilgangurinn virðist vera sá, að svipta prest og kirkju þeim tekjum sem þeim heyra að lögum, og sem hver landsmaður er skyldur að greiða af eign sinni og ábýli, hverrar trúar og þjóðar sem hann svo er. Þótt sjálfur Hund-Tyrkinn tæki hjer jörð til ábýlis, yrði hann sem hver annar að greiða tíund til prests og kirkju. Þessi eini lausasöfnuður vor á Eskifirði hefur jafnan sagt, að hann hafi sömu trú, sem vjer aðrir, þ. e. trú þjóðkirkjunnar; helgisiðirnir einir eru frábrugðnir. Fyrir þessa menn skal nú gjörð sú undantekning, að þeir skuli eigi greiða neina tíund til prests eða kirkju. Jeg get allt eins skilið, að þeir skyldu losast við, að gjalda ábúðarskatt til landssjóðs, og kemur líklega síðar frv. um, að þessir utanþjóðkirkjumenn skuli fá þann einkarjett fram yfir alla landsmenn aðra, að vera undanþegnir öllum skyldum og sköttum af eignum sínum. Samkvæmt 45. gr. í stjórnarskránni er landsstjórninni lögð sú skylda á herðar, að styðja og vernda þjóðkirkjuna, og því að sjá um, að hún verði eigi svipt þeim rjetti, sem hún hefur. Nú stendur enn fremur í frv., að þegar einn og einn maður segist ekki lengur vera í þjóðkirkjunni eða neinu kirkjufjelagi, þá eigi hann að greiða hin lögboðnu presta- og kirkjugjöld til barnakennslu í þeim hreppi, sem hann er búsettur í. Jeg skil ekki annað, en að þetta sje hreint og beint að svipta prest og kirkju þeim rjetti, sem þau hafa eptir landslögum. Flutningsmenn frv. hafa líklega ekki þorað að fara fram á, að þessir frávillingar fengju sama rjett og þeir, sem eru í einhverju samþykktu lausa-kirkjufjelagi. Inntak þessa frv. er þá það eitt, að skapa einkarjettindi handa lausasöfnuðum og undanþágu frá almennum landslögum handa söknarleysingjum, hvorttveggja á kostnað þjóðkirkjunnar. Jeg skil því ekki annað en að h. deild muni líta líkt á þetta mál og jeg, og lýsi jeg því hjermeð yfir, að jeg er frv. þessu alveg mótfallinn.

ATKV.GR.: Frv. fellt frá 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um stofnun háskóla á Íslandi (C. 348, 441); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Jeg hef engu við nefndarálitið að bæta. Það sjest á því, að nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að háskólinn væri að eins nafnið eitt, og ekki annað; en aptur á móti var hún með því, að lagakennsla kæmist á, og af því að nú er orðið of áliðið þingtímans til þess að frv. gangi fram hvort sem er, þá tók hún það ráð, að skora á stjórnina með þingsályktt. till., að leggja fyrir næsta alþingi frv. til laga um lagaskóla á Íslandi í því formi og lagi, sem henni getur líkað.

ATKV.GR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Tillaga til þingsályktanar um kennaramenntun (C. 417); ein umr.

Grímur Thomsen: Af því að mjer er kunnugt um, að við Flensborgarskólann eru tveir og þó sjerstaklega *einn* kennari, sem hafa lagt sig eptir fræðigrein þeirri er heitir á útlendu máli „pædagogic“ eða kennslufræði, þá vil jeg mæla fram með þessari þingsályktun. Jeg hygg að mikið gagn geti leitt af því, ef þessir menn gætu lagt grundvöll til slíkrar kennslu hjer á landi.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 8 atkv. og afgr. til landsh. sem *þingsályktun*, samþ. af báðum deildum alþingis.

Tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (C. 438); ein umr.

Jón A. Hjaltalín: Meiri parturinn af þessum tillögum hefur áður verið samþ. hjer í þessari h. deild. Jeg get ekki heldur sem flutningsmaður tillaganna upphaflega haft neitt á móti, að þessari 3. till. sje bætt við. Jeg vonast eptir því að h. þingdeild samþ. einnig þessa 3. tillögu.

Grímur Thomsen: Jeg hygg þó að nægja muni sú takmörkun á kennslunni í öðru að hinum klassisku málum, sem farið er fram á í 2. till, þótt ekki sje nú farið að bæta því við að takmarka einnig kennsluna í hinum klassisku málinu, nefnil. grískunni. Mjer virðist þetta mál vera of lítið hugsað og of lítið um það rætt, til þess að hyggilegt sje að fara nú að samþykkja það. Jeg mun greiða atkv. móti þessum nýja 3. lið.

Landshöfðingi: Það sem mjer virðist mest athugavert við 3. lið þessarar þingsályktunar er það, að ef fara ætti að takmarka talsvert mikið kennsluna í latínu og grísku í lærða skólanum, þá gæti það orðið til þess, að stúdentarnir frá þeim skóla yrðu ekki álitnir hafa fengið þá menntun, sem útheimtist til þess að komast á háskólann í Kaupmannahöfn. Nú vitum vjer að mikill straumur hefur hingað til verið af stúdentum hjeðan frá skólanum til háskólans, og væru það mikil viðbrigði og mikil apturför, ef þeir fengju fyrir þessar sakir eigi aðgang þar lengur. Jeg hygg að þessi 3. tölul. sje vanhugsaður og að því leyti er jeg samdóma h. þm. Borgf. (Gr. Th.).

ATKV.GR.: 3. liður till. felldur með 9 : 2 atkv. Till. þannig breytt síðan afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun*.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun lagaskóla (C. 443); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta var samþ. að hafa um hana eina umr.

Fertugasti og þriðji fundur, föstudag 21. ág. kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á lögum 14. febr. 1886 um friðun hvala (C. 437); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. orðalaust með 6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv.

Frv. til laga um einkakun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík (C. 398); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Það er að eins lítil athugasemd sem jeg vildi benda til h. þingdeildar, sjerstaklega til þeirra þm., sem eiga heima hjer í Reykjavík, sem sje, hvort frv. þetta muni í minnsta máta geta komið í hága við eignir sjerstakra manna t. a. m. túnaeigenda eða lóðaeigenda hjer í bænum.

E. Th. Jónassen: Jeg verð að svara spurningu h. þm. Rangv. (S. Á.) neitandi. Ákvæði frv. geta alls eigi komið í bága við eign einstakra manna. Þeir sem tún bæjarins hafa á þessu hjer umrædda svæði með erfðafestuskilyrðum, eru eigi skyldir til að láta þau af hendi nema eptir ákvörðun byggingarnefndar og bæjarstjórnar og þá gegn fullu endurgjaldi eptir mati óvilhallra manna. En þau tún eða lóðir sem eru eign einstakra manna er eigi hægt að taka af þeim nema með þeirra eigin vilja og leyfi og ræður þá eigandinn sjálfur þeirri sölu á eign sinni.

Frv. þetta getur því alls eigi komið í minnsta máta í bága við eignarrjettindi einstakra manna.

Sighvatur Árnason: Jeg álít þetta svar h. 2. kgk. (E. Th. J.) fullnægjandi. Jeg hreyfði þessu máli, af því að jeg hef orðið þess var, að það hafa verið deildar skoðanir manna um þetta atriði utanþings, en fyrir mitt leyti er jeg á sömu skoðun og h. 2. kgk. þm. (E. Th. J.).

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu (C. 402); 3. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg vil stuttlega gjöra grein fyrir því, vegna hvers jeg greiði atkv. móti þessu frv.

Jeg hef í fyrsta lagi mjög mikinn vafa á því, hvort það sje rjettlátt, að breyta mati jarða á þessum eina stað á landinu, hvort það sje yfir höfuð að tala meiri ástæða til að lækka jarðamatið svo almennt í þessari einu sýslu landsins, heldur en á ýmsum öðrum stöðum á landinu, þar sem einstakar jarðir verða fyrir áföllum. En jeg hef einkarjett til þess að vera ókunnugur í þessari sýslu og þess vegna skal jeg ekki með neinni vissu dæma um nauðsyn þá, sem knýr þetta frv. áfram. En þegar jeg ber þetta frv. saman við lögin frá $^{8}/_{11}$ '83, þá finnst mjer koma í ljós eitthvað það sem líkist apturför í löggjafarhæfilegleikum vorum. Það sýndist þó eigi vera svo mikill vandi að smíða þessi lög eptir lögunum frá $^{8}/_{11}$ 1883.

Jeg skal stuttlega taka fram, í hverju þetta frv. mismunar frá þeim lögum.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. laganna ákveðið um, hvenær eða innan hvers tímatakmarks matið skuli fara fram, en sem ekkert er kveðið á um í þessu frv.

Í öðru lagi er ákveðið í lögunum $^{8}/_{11}$ 1883 að taka skuli eina jörð, er álitin sje hæfilega metin til dýrleika, til fyrirmyndar fyrir matinu, en í þessu frv. er kveðið svo á, að fylgt skuli þeirri reglu, að 100 kr. virði í jörðinni, eins og hún mundi ganga kaupum og sölum, sje látið gilda 1 hundr. að dýrl., og hjer í deildinni var árangurslaust gerð tilraun til að láta 1 hundr. jafngilda hverju lausafjárhundraði, er jörðin flytur fram.

Þessi ákvæði í lögunum eru án efa langtum rjettlátari en ákvæði þau og sú regla sem frv. setur, og jeg get því eigi skilið í því, hvers vegna ekki skuli fylgt vera þessum ákvæðum laganna í frv. þessu, en taka aptur á móti inn þá reglu, sem er langtum vafasamari.

En samt sem áður er þetta ekki það þýðingarmesta, sem jeg hef að athuga við frv. þetta, og þó að jeg geti gefið frv. atkv. þrátt fyrir þessa galla, er samt enn þá einn galli á því, sem veldur því, að jeg get eigi á nokkurn hátt gefið því atkv. mitt.

Eptir lögunum frá 8. nóv. 1883 átti ráðherrann að hlutast til um, að hið nýja mat yrði lagt fyrir alþing og staðfest með lagaboði. En hvernig er þessu fyrir komið í þessu frv.? Sýslunefndin á að leggja þetta mat undir úrskurð landshöfðingja og hann síðan sjá um prentun á matsgjörðinni á kostnað landssjóðs, og svo gildir þetta mat sem breyting á jarðabókinni frá 1861. Hvað þýðir nú þetta? Það þýðir það, að þegar þingið ákveður að lækka *megi* mat á ýmsum jörðum, og gjöri svo hjeraðsmenn það, þá öðlast það mat þeirra *lagagildi*, og breyting verður á gildandi lögum, gildandi jarðamati, *ef* landshöfðingi samþykkir. Það er svo sem ekki verið að spyrja þingið að því, hvort það vilji það, vilji að slíkt mat verði að lögum eða ekki. Nei, nú á slíkt að heyra undir umboðsvaldið eða landsstjórnina. Með öðrum orðum: Framkvæmdarvaldinu er í sjálfs vald sett, að hafa sem það vill áhrif á skattamál og lög landsins. Á þetta að vera forsmekkur á hinni nýju innlendu stjórn? Fleygja frá sjer löggjafarvaldinu í þessu efni og leggja það í vald matsnefnda og landshöfðingja?

Jeg get ekki neitað því, að jeg hefði kunnað betur við að þetta nýja jarðamat yrði lagt undir samþykki alþingis, eins og gjört var við jarðamatið eptir lögunum frá 8. nóv. 1883.

Jeg gjöri nú ráð fyrir, að mjer kunni að verða svarað: Því eru ekki þessi mótmæli framkomin fyrri en þetta? Þessum mótmælum svara jeg fyrirfram þannig: Jeg hef ekki þann kunnugleika í Vestur-Skaptafellssýslu, að jeg sje bær að dæma um nauðsyn þar á nýju mati, og jeg hef þar að auki ekki fundið neina hvöt hjá mjer að laga þetta frv., úr því að það í grundvallaratriðum sínum fer svona langt frá því, sem alþing að undanförnu hefur álitið hið rjetta.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 5 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 460, 470); ein umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins leyfa mjer að minnast á breyt.till. þá, sem fram er komin við frv. þetta frá h. Nd.

Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg felli mig vel við þann viðauka, sem frv. hefur fengið, því að jeg álít að það geti fremur verið siðspillandi, að öll veitingahús skuli hafa leyfi til að vera opin hvert sunnudagskvöld. Jeg álít að reglumennirnir missi einskis í, þótt það sje ekki, en aptur á móti getur það haft eigi svo litla óreglu í för með sjer fyrir þá eða af tilhlutun þeirra, sem mest iðka komur sínar á veitingahús, og yfir höfuð leitt til siðspillingar. Fyrir þessu er opnaður vegur, ef veitingahúsin eru þann tíma höfð opin; en það verð jeg frá mínu sjónarmiði að álíta mjög óþarft verk.

Júlíus Havsteen: Jeg get ekki neitað því, að það kom nokkuð flatt upp á mig sú breyting, sem h. Nd. hefur gjört á frv. þessu, því að það gekk eigi út á annað, eptir að hafa verið samþ. hjer í þessari h. deild, en að færa helgidagahaldið í það sama horf sem það var sett 1855 og það það var fram á árið 1860. Jeg veit eigi til þess, að nokkrar kvartanir hafi komið fram um það, að drykkjuskapur hafi verið meiri á timabilinu frá 1855 til 1860 en eptir síðarnefnt ár, og get eigi sjeð að nokkur nauðsyn sje á því, að koma með þennan viðauka við frv., sem h. Nd. hefur samþykkt. Hjer er eigi spursmál um, að búa til bindindisfjelög, heldur lög um helgidagahald, og þær takmarkanir á atvinnu og skemmtunum manna, sem eiga að leiða af helginni.

Vjer vitum annars vel, hvaðan þessi alda er runnin hún er komin; frá Good-Templurum. Good-Templarar eiga það lof skilið, að þeir hafa gjört mikið gagn, frelsað marga frá glötun, og reist þar upp aptur siðsamlegt og kristilegt heimilislíf, þar sem það var niðurdrepið sökum drykkju-

skapar og óreglu. En jeg get alls ekki fellt mig við það, að þeir hlutist til um löggjöf landsins; með því ganga þeir líka út fyrir sinn verkahring, og vil jeg nefna hjer nokkur dæmi.

Jeg man ekki betur en tollhækkunin á alþingi væri sett í samband við efling bindindis, en ekki veit jeg gjörla, hvort Good-Templari átti í hlut þar. Það var ágæt fjárhagspólitík. En það veit jeg, að það var af Good-Templara ástæðum, að lagafrv. — sem því miður var staðfest — var búið til á alþingi 1887 um sölu og veitingu áfengra drykkja og var í því meðal annars ákveðið að eigi mætti almennt selja minna í einu af víni en 3 pela. Þetta átti sem sje að vera svo ágætt meðal til að efla bindindi — að þurfa endilega að kaupa 3 pela í einu. Sama ár vóru fyrir þinginu ýms frv. um að löggilda nýja verzlunarstaði — en viti menn — það mátti ómöguleg alöggilda þá, *nema* þau ákvæði væru um leið sett inn, að eigi mætti þar selja áfenga drykki.

Þetta er nú hið makalausa frjálslyndi, sem menn opt tala um og þykjast sýna. Og nú vilja menn smeygja inn í þetta frv. sams konar ákvæði; og þó ræðir þetta frv. um ekkert annað en það að leyfa hverjum einum að stunda atvinnu sína á þeim tímum, sem enga sjerstaka helgi þarf að hafa.

Jeg skal enn einu sinni viðurkenna hjer það gagn, sem Good-Templarfjelagið gjörir, en þeir geta og eiga að efla sitt mark og mið með öðru en því, að blanda sjer í það, sem liggur utan við þeirra verksvið.

Jeg vil heldur að frv. þetta falli en að það verði samþykkt með þessari viðbót. Og jeg mundi iðrast eptir því að hafa verið styðjandi þetta frv. upphaflega, ef það skyldi hafa þessa bót á sjer, eptir að hafa farið hjeðan frá þinginu.

ATKV.GR.: Breyt.till. (C. 470) samþ. með 6 : 1 atkv. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 462); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín: Að vísu finnst mjer um þetta frv., svo sem höfundinum hafi farizt eins og þegar nízk móðir gefur barni sínu brauð. Jeg held að krafa sú, að rýmkað yrði um kosningarrjett manna, hafi verið svo sterk, að h. Nd. hafi þó fundizt, að eitthvað yrði að gjöra til þess, að rýmkað yrði um hann. Jeg er þeim þakklátur fyrir það, að þeir hafa viljað gjöra eitthvað, en það er eigi þar með sagt, að jeg fráfalli öllum síðari kröfum, er jeg kann að gjöra. Mjer finnast sum ákvæði hjer miður heppileg, en það er eigi tími til að fara nákvæmar út í þau við þessa umr., en allt fyrir það, þó ýmsir gallar sjeu á frv., þá mun jeg þó greiða atkv. með því til 2. umr. og þá minnast á þau atriði, sem mjer þykir þurfa.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun lagaskóla (C. 443); ein umr.

Jón A. Hjaltalín: Það hefur misprentazt hjer fyrirsögnin „þingsályktun“, átti að vera: „Tillaga til þingsályktunar“. Um till. hef jeg eigi mikið að segja, fyrr en jeg heyri mótmæli móti henni. Jeg tók það fram við umræðurnar um háskólamálið, hvað nefndinni hafði gengið til þess, að koma með þessa till., og finn jeg því eigi ástæðu til að taka það upp aptur.

Arnljótur Ólafsson: Það er eitt atriði, sem jeg vil fræðast um hjá h. nefnd, og það er, hvort hún sje sannfærð um að það sje gagnlegt fyrir landið, að hjer sje stofnaður lagaskóli. Jeg spyr að þessu af því, að jeg, þegar á allt er litið, er eigi

sannfærður um að það sje gagnlegt. Í fyrsta lagi eru lögfræðisleg embætti hjer á landi of fá til þess að kosta upp á að stofna hjer lagaskóla. Í öðru lagi eru eptir minni litlu þekkingu lög vor svo lík dönskum lögum, að það er eigi neinn aðalmunur á þeim, en að eins munur á dagsetningu lagaboðanna og aðrar efnissmábreytingar. Þegar maður ber saman það sem stendur prentað í bók, sem heitir „Nordisk Retsencyclopædi", þá sjer maður, hve lítill aðalmunur er á norskum og dönskum lögum, en miklu minni er hann á dönskum lögum og íslenzkum. Í þriðja lagi efast jeg um, að kennsla í lögum hjer geti orðið eins fullkomin eins og við háskólann, því kennslan er eigi fólgin í því, — jeg skal játa mína fáfræði í því, hvað á að kenna á þessum skóla, — að kenna að nefna hvert einstakt lagaboð, heldur að kenna aðalhugmyndir lögfræðinnar í hverjum sjerstökum bálki lagarjettarins, svo nemendurnir fái lögfræðislega þekkingu á öllu lagakerfinu, því þá eiga þeir æfinlega hægt með að fletta upp í lagasafninu og finna hvað sjerstakt kann að vera í hverjum bálki o. s. frv. Í fjórða lagi er sú ástæða á móti, að nú er einmitt nýlega farið að búa til íslenzk lög. Lagasafnið handa alþýðu sýnir einmitt bezt, hversu lítið er til af lögum vorum. Ef stofna ætti lagaskóla, þar sem eigi væri kennt annað en það, sem byggt væri á þessu lagasafni, þá yrði það mjög mögur lögfræði, sem kæmi út úr því. Með hverju ætti að útfylla, svo að kennslan yrði fullkomin? Með dönskum lögfræðiskenningum og jafnvel dönskum lögum. Mjer finnst eigi ennþá tími kominn til að stofna hjer lagaskóla; en það verður sjálfsagt gjört með tímanum, eptir því sem íslenzk lög verða frábrugðnari hinum dönsku. Mjer sýnist fjárhagurinn eigi leyfa það; nú eru eptir óeyddar af 113 þús. kr., er tekjuafgangurinn skyldi vera eptir stjórnarfrv., fáeinar þúsundir, og að lyktum að líkindum eigi neitt, því nú á að bæta við dýralæknum, skólakennaramenntun, svo lagakennslu og svo koll af kolli; þá verður að leggja á nýja skatta og tolla. Þá verður það mín einfalda spurning: Er svo mikil nauðsyn á þessari lagakennslu, að fyrir hennar skuld sje vert að þurfa að leggja á nýja skatta og tolla? Nei. Meðan jeg eigi heyri nokkra ástæðu frá nefndinni, vil jeg eigi gefa þessari till. atkv. mitt.

Jón A. Hjaltalín: H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) vildi leita fræðslu hjá mjer um, hvort nefndin hefði ætlað, að lagaskóli hjer á landi mundi gjöra nokkuð gagn, og verð jeg að svara þeirri spurningu játandi. Hann talaði einnig um fyrirkomulagið á skólanum, en hvernig það muni verða, get jeg ekki sagt neitt um, því jeg er eigi fær um það, enda eru hjer nokkrir þm. á bekkjunum, sem því máli eru kunnugri. Jeg skal að eins, af því hæstv. landsh. er hjer ekki viðstaddur í deildinni, geta þess, að jeg heyrði hann lýsa því yfir í neðri deild, að hann væri eigi mótfallinn innlendri lagakennslu, ef hún yrði í því formi, sem honum líkaði. Þessi tillaga fer að eins fram á að biðja stjórnina að koma fram með frv., á þann hátt sem henni þykir tiltækilegast, og treysti jeg henni til að gjöra það, svo að gagni verði. Jeg get ekki skilið, hví h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hefur á móti lagakennslu, fremur en presta- og læknakennslu; en að því er snertir athugasemd hans um fjárhaginn, þá ætti hún vel við, ef nú þegar lægi fyrir frv. um stofnun lagaskólans, og þegar það kemur fram, þá er tækifæri til að tala um það á næsta þingi, en óþarft að vera að ræða um það nú. Hjer er, sem sagt, ekki farið fram á annað en að biðja stjórnina um að leggja frv. fyrir næsta alþingi.

Árni Thorsteinson: Að mínu áliti er

aðalatriði tillögunnar, eins og h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) sagði, að eins að biðja stjórnina um, að leggja frv. um stofnun lagaskóla fyrir alþingi. Þetta virðist í fyrstu að vera mjög álitlegt, en hrein og bein afleiðing af því verður sú, að það, sem þannig er beðið um, er þá því nær sjálfsagt að samþykkja eptir á. Með tillögunni gengst þingið undir siðferðislega skuldbindiugu, að ganga að frv., þegar það kemur frá stjórniuni; því það er engin meining í því, að biðja um eitthvað, og hafna því á síðan, þegar til kemur. Þessvegna er nokkuð viðurhlutamikið að biðja stjórnina um þetta frv. Það hefði verið talsverður munur, ef tillagan hefði komið fram í byrjun kjörtíma, og þingmenn þeir, sem hana hefðu samþykkt, hefðu átt von á að sitja á 2 næstu þingum, því þá gætu þeir efnt loforð sitt. Jeg held yfirhöfuð að þessi tillaga sje ekki svo þýðingarmikil, að jeg að svo komnu geti gefið henni atkvæði mitt. Jeg ber enníremur það traust til h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.), að hann geti samið eins viðunanlegt frv. eins og stjórnin, enda yrði hægra að hafna því frv., sem frá honum kæmi, en frv. sem stjórnin eptir beiðni leggur fyrir þingið.

Jón A. Hjaltalín: Hvort jeg væri eins fær um að semja þetta frv. eins og stjórnin, skal jeg ekki segja neitt um, en hins vegar er jeg ekki viss um, hvort stjórnin vildi ganga að því. Jeg fyrir mitt leyti finn ekki svo mjög til þessarar siðferðislegu skuldbindingar, eins og h. 4. kgk. (Á. Th.), að jeg hljóti að ganga að öllu, sem stjórnin lætur af hendi rakna í þessu efni, hvernig svo sem það er úr garði gjört, þótt jeg hafi beðið um það. Mjer finnst að mjer sje jafn frjálst, að ganga að því og frá, eptir því sem mjer líkar það, þegar þar að kemur, alveg eins og ef jeg faladi grip af manni, þá þykist jeg ekki skyldur að kaupa hann, ef mjer líka ekki borgunarskilmálarnir.

Grímur Thomsen: Jeg skil ekki, að þessi þingsályktun sje annað en afsökun frá nefndinni fyrir það, að hún hefur lagt til að fella frumvarpið um stofnun háskóla á Íslandi.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti get ekki tekið til mín þessi orð h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Jeg skal bæta því við það, sem h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) sagði, og get vitnað til meðnefndarmanna minna um það, að aðalorsökin til þess, að nefndin kom fram með þingsályktun þessa, var sú, að nefndin yfir höfuð var hlynnt því, að fá innlenda lagakennslu, en sá sjer ekki fært vegna naumleika tímans, að búa til frv., sem auðsjáanlega hlyti að daga uppi og það strax í þessari h. deild, auk heldur að það gæti komizt lengra áleiðis í þinginu, þar sem þingtíminn er alveg á förum, og vildi nefndin heldur fara þessa leið, en að málið fjelli að öllu leyti niður. Það hafa áður verið færð rök að því, að það hlyti að hafa heppilegar afleiðingar fyrir landið, ef innlend lagakennsla kæmist á, með því, að það er viðurkennt, að kennslan við háskólann í Danmörku eigi ekkert við íslenzk lög eða íslenzkt rjettarfar eða rjettargangsmáta.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 7 atkv. og afgr. til landshöfðingja.

Kosning endurskoðunarmanns landsreikninganna.

Kosinn var *Kristján* yfirdómari *Jónsson* með 7 atkvæðum.

Fertugasti og fjórði fundur, laugardag 22. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti (C. 432); 2. umr.

Júlíus Havsteen: Jeg á bágt með að skilja þetta frumvarp. Í 1. gr. er sagt, að brýrnar skuli eptirleiðis vera eign lands-

sjóðs, en mjer finnst eigi þurfa að gjöra nein ákvæði um slíkt. Brúin á Skjálfandafljóti er, eins og vita má, byggð á kostnað amtssjóðsins, sýslusjóðs Suður-Þingeyinga og sýsluvegasjóðs beggja Þingeyjarsýslnanna, og svo er ákveðið samkvæmt vegalögunum 1887, að aðalpóstvegurinn liggi yfir brúna, og því er hún eign landssjóðs, ef menn vilja um eign tala, og þess vegna er tilgangslaust að gjöra ný ákvæði um slíkt. Í 2. gr. frv. er talað um viðhaldið, og það látið hvíla á sýsluvegasjóði Suður-Þingeyjarsýslu, að svo miklu leyti sem það ekki getur talizt aðalaðgjörð. En hver á að gjöra út um það, hvað sje aðalaðgjörð og hvað eigi? Því hjer eru engin takmörk sett fyrir því, hvað aðalaðgjörð sje. Það er eðlilegast, að brýrnar sje skoðaðar sem eign landssjóðs, eins og jeg þegar tók fram, og er því rjett, að hann eigi að halda þeim við, og byggi jeg það á vegalögunum, enda vil jeg í því tilliti skírskota til brjef landshöfðingja, 2. septbr. 1890, sem prentað er í Stjórnartíðindunum. Þess vegna get jeg ómögulega fellt mig við tvær fyrstu greinar frumvarpsins. Mig furðar nokkuð á 3. greininni, að því leyti sem þar er eigi farið fram á nema helming af landssjóðsláninu til Skjálfandafljótsbrúarinnar; jeg er í rauninni ekki mótfallinn því, að þeir sjóðir, sem í hlut eiga, fái þessa uppgjöf, en áður en jeg læt uppi endilegt álit mitt hjer að lútandi, vildi jeg gjarnan heyra álit h. landsh. um þetta.

Grímur Thomsen: Jeg er fullkomlega samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) um það, að frv. sje illa úr garði gjört, en af því líkt frv. kom fyrir Nd. 1889, og mönnum var þá mikið kappsmál, að fá þetta lán eptir gefið, þá skal jeg geta þess, að vegalögin frá 1887 hafa hjer að mínu áliti enga þýðingu, því að lánið var tekið, áður en lögin komu í gildi, en þau geta engan tilbakaverkandi krapt haft, svo endurborgunarskyldan verður að hvíla á sjóðunum, sem lánið hafa tekið, eins eptir sem áður. Um þetta frv. var rætt af miklu kappi 1889, og loksins fór svo, að það var fellt, og þannig viðurkennt með því, að endurborgunarskyldan hvíldi á þessum þremur sjóðum: jafnaðarsjóði N. og A. amtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyinga og sýsluvegasjóðum beggja Þingeyjarsýslna, enda hafa þeir síðan borgað afborgun af láninu, sem upprunalega var 20 þúsundir kr., en nú er komið niður í rúmar 19 þúsund kr. Nú vita allir þingdm., hvernig landsfje hefur verið ráðstafað á þessu þingi, svo að það er varla útlit fyrir, að viðlagasjóðurinn aukist, heldur miklu fremur hefur allt verið gjört til að skerða hann, og gangi allt fram, sem neðri deild vill, er síður en svo, að viðlagasjóður hafi efni á að gefa upp gamlar skuldir, og með því þess utan eru engar sterkar ástæður fyrir því, að veita eptirgjöf af láninu, er jeg mótfallinn þessu frumvarpi.

Landshöfðingi: Jeg er alveg samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), að því er snertir viðhald á þessum brúm. Eptir ákvæðum vegalaganna frá 1887, þá hefur landssjóður tekið að sjer kostnað við viðhald á brúm á aðalpóstleiðum, og viðhald þessara brúa verður því að lenda á landssjóði. Mjer finnst ekki nein ástæða til að skipta niður kostnaðinum við viðhaldið milli landssjóðs og hinna umgetnu sjóða, enda er sú skipting, eins og h. 1. kgk. (Júl. H.) tók fram, þannig löguð, samkvæmt 2. gr. frumv., að eigi verður ávallt gott að skera úr, hvað sje aðalaðgjörð, og hvað ekki. Landssjóður hefur þegar tekið að sjer viðhald þessara brúa, t. a. m. að mála þær o. s. frv. Mjer finnst 1. og 2. gr. óþarfar og ekki rjettar. Í 1. gr. er tekið fram, að brýrnar skuli afhentar landssjóði eptir úttektargjörð dómkvaddra manna. Jeg veit ekki, hvernig á að skilja þetta. Hver á að borga álagið eða kostnaðinn við afhendinguna?

Brúin á Laxá er víst mest stofnuð með „prívat"-samskotum, en um Skjálfandafljótsbrúna var ákveðið, að endurborga skyldi lánið til hennar, samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Hjer er því að ræða um fjárveiting úr landssjóði, um 19000 kr., sem farið er fram á að fá eptirgefna að helmingi; þetta er spurning, sem hver einstakur þm. verður að ráða úr með sjálfum sjer. Það er yfir höfuð hæpið, að veita þess konar eptirgjöf; því sje einum komið upp á þetta, er hætt við, að aðrir komi á eptir, sem hafa viljað sömu kjör. Það hefur verið lánað fje úr landssjóði til Elliðaárbrúnna, og hvers vegna mætti þá ekki sýslusjóður Gullbringu- og Kjósarsýslu fá eptirgjöf á því láni? Einnig hefur verið lánað fje til Ölevsárbrúnnar, og þá ætti og líka að veita sýslunefnd Árness- og Rangárvallasýslna sams konar uppgjöf. Jeg held það væri þá bezt, að landssjóður kostaði brýrnar að öllu leyti, því mjer finnst ekki ástæða til að veita einum fremur en öðrum þessa eptirgjöf; það má teygja þetta á marga vegu; þá mætti t. a. m. eins segja, að landssjóður ætti að veita uppgjöf á hallærislánum, láni til æðarvarpsræktar o. s. frv. Það getur orðið hættulegt „princip", þegar veitt er lán með afborgunarskilmálum, og svo er síðan sagt: nú getur það fallið niður; nú veiti jeg það sem gjöf. Það er komið undir tilfinningu hvers einstaks þingmanns, hvort hann vill fleygja burtu þessari upphæð, sem hjer er farið frám á í frv., eða ekki.

Arnljótur Ólafsson: Mjer finnst þó, ef þetta mál er skoðað vel, að allmiklar ástæður sjeu fyrir því, að gefa eptir helminginn af skuldinni til landssjóðs, og vil jeg því mæla með 3. gr. frv. Það er aðgætandi, að lánið er tekið áður en nokkuð var ákveðið um, hvort landssjóður ætti að kosta brýr á aðalpóstleiðum, og fyrir því eru Skjálfandafljótsbrýrnar eigi byggðar á landssjóðs kostnað að neinu leyti. En nú hefur stefna löggjafarinnar breytzt í þessu efni við lögin um byggingu Ölvesárbrúarinnar. Þar leggur landssjóður til $^2/_3$ mót $^1/_3$ gagnvart sýslufjelögum og Suðuramtinu, og af þessari ástæðu er sanngjarnt, að einn hluti landsins, Norður- og Austuramtið, verði ekki öllu harðara úti en aðrir, eptir þeirri stefnu, sem andi löggjafarinnar hefur nú tekið. Það má ganga að því vísu, að landssjóður muni greiða helming eða $^2/_3$ af kostnaðinum við hverja brú, er lögð verður yfir ár á aðalpóstleiðum landsins. Þess vegna er undarlegt að hanga í eldri löggjöf, hvað þetta mál snertir, með því að vilja ekkert slaka til, því að í raun rjettri ætti engin sýsla að gjalda meira en $^1/_3$ kostnaðarins, og þetta hlýtur sjálfsagt að verða ofan með Þjórsárbrúna, sem að líkindum verður byggð innan skamms. Sje allur jöfnuður góður, sem flestir munu játa, þá er rjett að líta á allar ástæður. Ef brýrnar á Skjálfandafljóti hefðu ekki verið lagðar, þá hefði efri deild ekki dottið í hug að segja, að landssjóður vildi ekki kosta þær brýr, en þar á móti aðrar. Það er í rauninni hógvært, sem farið er fram á í frv., að landssjóður gefi upp helming af skuldinni, þegar þetta er borið saman við anda og stefnu löggjafarinnar nú um stundir. Jeg er því meðmæltur 3. gr., en mótfallinn 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Júlíus Havsteen: Það álít jeg rjett, að greiða fje úr landssjóði til brúargjörða á Suðurlandi, sem lítil eða engin not hefir af gufuskipsferðunum, en hjer er spursmál um brú á Norðurlandi. Nú er aptur aðgætandi, að það lítur helzt út fyrir það, að strandferðir gufuskipanna, þær er standa í sambandi við önnur lönd, ætli að falla niður. Það er því bezt að láta þetta hvorttveggja fallast í faðma.

En hitt finnst mjer vera lítið að seilast eptir fyrir Norðlendinga og Austfirðinga, að biðja um 600 kr. uppgjöf á ári á teknu láni, sjer í lagi þegar vel árar,

og á jeg því hálfbágt með að vera hlynntur þessari fjárbeiðslu að svo stöddu.

Grímur Thomsen: Eptir því sem jeg betur les frv., eptir því sannfærist jeg betur og betur um, að hver grein þess sje á móti annari. Fyrst vill frv., að brýrnar sjeu eign landssjóðs, og svo að aðalaðgjörð þeirra hvíli á landssjóði, en smáaðgjörðir á hinum áðurnefndu 3 sjóðum; en í síðustu grein er ekki beðið um meira en eptirgjöf á helmingi lánsins, og skil jeg ekki, hvort það heldur á að vera helmingur af því, sem er óendurgoldið, eða þá helmingur af hinni árlegu afborgun með vöxtum. Frv. er yfir höfuð þannig úr garði gjört, að mjer virðist ómögulegt að það gangi fram, nema því verði umsteypt í annað frv. með breytingum.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. felld með 8 : 2 atkv., 2. gr. felld með 9 : 1 atkv; 3. gr. samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Árni Thorsteinsson,	E. Th. Jónassen,
Arnlj. Ólafsson,	Gr. Thomsen,
Friðr. Stefánsson,	Júl. Havsteen,
Sighv. Árnason,	L. E. Sveinbjörnson.
Skúli Þorvarðarson.	

Fyrri hluti fyrirsagnarinnar samþykktur með 6 atkv. Síðari hlutinn felldur með 8 atkv.

Frv. þannig breyttu vísað til 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Frv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 432); 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Hinir fyrstu, sem komu fram með þetta frv., eiga þakkir skilið; jeg hef heyrt marga segja, að ekki væri rjett, að nota útlend brunabótafjelög, en það væri bæði heiður og gagn að því, að hafa innlent brunabótafjelag. Úr því þetta frv. er komið fram, mun það þurfa nákvæmrar íhugunar við; því jeg hygg, að skaðlegt sje að stofna það, ef það getur ekki verið fyllilega samkvæmt tilgangi sínum. Jeg ætla því að skýra frá áliti mínu um, hvernig brunabótafjelag ætti að vera, og taka fram ýmsar athugasemdir við þetta frv. Þegar það er athugað, má sjá, að mönnum er gjört að skyldu að ganga í þetta fjelag, og finnst mjer þar í liggja talsverð þvingun. Allar vátryggðar húseignir hjer á landi eru metnar 3,863,000 kr., eða sem næst 4 miljónir kr., sem við getum kallað; þessi upphæð skiptist þannig, að Reykjavík hefur 45%, þeir 12 kaupstaðir, sem gjört er að skyldu að vera í því, 42%, og þeir verzlunarstaðir, sem fá að vera með, 13%. Það sem hjer þarf að yfirvega, er áhættan; það er ekki nóg að fara eptir allri áhættu sem heild, heldur verður að vita, hvernig áhættuan skiptist, því eptir því sem hún er fjölskiptari, gætir ábyrgðarinnar minna; en þegar heildin er stór, og áhættan skiptist eigi tiltölulega, þá getur það orðið fjelaginu til falls, eða að minnsta kosti til mikils hnekkis. Jeg skal að eins leyfa mjer að bera upp nokkrar spurningar, sem þurfa yfirvegunar við. Vilja nú húseigendur í Rvík, sem eiga 45%, ganga í þetta fjelag? Þeir hafa væg kjör hjá hinu danska brunabótafjelagi, og geta haft von um enn vægari kjör framvegis. Jeg ætla ekki að svara þessari spurningu, en bæjarstjórnin hefur komið fram með skjal, þar sem fyrirvari er tekinn á, að Rvík ekki að íbúum hennar fornspurðum muni vilja afsala sjer því fyrirkomulagi, sem nú er, og ganga í fjelagið. Önnur spurningin hljóðar svo: Vilja þessir 12 verzlunarstaðir, sem hafa 42% af öllu virðingarverði húsanna, ganga í fjelagið og taka þátt í áhættunni móti Rvík einni? Jeg ætla mjer heldur ekki að svara þessari spurningu, en skal einungis taka það fram sem yfirgnæfandi ástæðu, að þeim, sem hlut eiga að máli, sje gefinn kostur á að svara fyrir sig. Þá er þriðja spurningin: Er það rjett, að landssjóður sje látinu bera ábyrgð á 300,000

kr. fyrir brunabótafjelagið? Það er víst meiningin, að hvenær sem óhöpp vilja til eða fjelagið ekki getur risið undir, þá eigi landssjóður að svara út. Jeg skal ekki heldur svara þessari spurningu, en vil spyrja að einu: er líklegt, að skattgreiðendur, sem lifa í kvíða fyrir nýjum skattaálögum, verði fúsir að fallast á þetta? Þessu mikilvæga atriði finnst mjer þurfi að svara, og jeg vil láta hina einstöku þingdeildarmenn ekki eingöngu lýsa sínu áliti í þessu efni, heldur alla sem hlut eiga að máli.

Að svo mæltu sný jeg mjer að hinum einstöku greinum frumvarpsins, og skal jeg vera eins stuttorður, og mjer er unnt. Það er þá strax í öðrum kafla 12. grein, að því er snertir ferðakostnað fulltrúanna; jeg fæ ómögulega sjeð, hvers vegna landssjóður á að greiða þennan ferðakostnað.

Eitt finnst mjer skrítið og eins og byggt í lausu lopti, og það er um það, hvernig þetta fjelag eigi að myndast. Frv. liggur hjer að vísu fyrir, en það vantar margt og mikið í það; mjer er ómögulegt að átta mig á því. Fulltrúarnir eiga að gjöra allt; þeir eiga að koma á fund, búa til lög og segja fyrir stjórn fjelagsins, eða hversu margir í henni skuli vera. Eptir ákvæðum í 13. og 14. gr. eiga þeir að gjöra meira; þeir eiga að gjöra allt, sem gjöra þarf; þeir eiga t. a. m. að ákveða um ýmislegt, sem ekki er brunabótamál, heldur löggjafarmál, t. a. m. um, hve langt bil skuli vera milli húsa. Fjelagið getur heimtað, hvernig þessu á að vera háttað, til þess að það veiti tryggingu til brunabóta, meira ekki; ennfremur geta fulltrúarnir ákveðið, hve miklu fje skuli verja til framkvæmdar stjórnarinnar, en það er ótækt, eins og gefur að skilja, að slíkt standi í reglugjörðinni. Þó kastar fyrst tólfunum, þegar farið er að tala um það í 14. gr., hvað mikið brunabótagjald skuli gjalda af hverri húseign á hverjum stað, því samkvæmt því njóta fjelagsmenn engan veginn jafnrjettis. Í Rvík má það eigi vera meira en 3%, á hinum 12 verzlunarstöðum eigi meira en 4%, og annarstaðar á landinu eigi meira en 5%. Hjer finnst mjer heldur langt farið, og engin trygging sett fyrir því, að stjórnin gæti jafnrjettis og sanngirni, úr því fulltrúarnir eiga að skipa fyrir og ráða öllu. Ekki fær maður heldur að sjá af frv., hver eigi að útnefna framkvæmdarstjóra. Jeg skil heldur ekki, hvernig borga eigi samkvæmt gjaldkröfu 14. greinar, t. a. m. öll óhöpp þau, er fyrir kunna að koma, og laun til framkvæmdarstjórnarinnar, og hvernig yfirhöfuð fje, samkvæmt þeirri grein, geti safnazt í sjóð, þótt brunabótagjaldið sje hæst 5%. Í 24. gr. er sagt, að reyndist það, að þegar hagur fjelagsins er gjörður upp á 10 ára fresti, að sjóðurinn hafi aukizt að mun, þá skuli landsstjórnin leggja fyrir alþingi frv. til laga um uppbót (Bonus) til húseiganda. Þá verð jeg að segja, að bezta „Bonus“ fyrir hlutaðeigendur er, að fá niðurfærslu á gjaldinu, svo framarlega sem þeim er sett það of hátt. Jeg veit, að jeg hef reynt talsvert á þolinmæði þingdeildarmanna, og skal jeg stuttlega geta þess, að margar fleiri athugasemdir þyrfti að gjöra við frv., ef vel væri, en jeg sje ekki brýna þörf til þess, eptir því sem málið nú stendur, þar eð það varla verður útrætt hvort sem er, sakir tímaleysis.

Jeg skal því í fáum orðum gjöra grein fyrir, hvernig slíkt fjelag ætti að vera; það á að vera þannig, að húseigendur eru í fjelaginu, og bera sólidariskt ábyrgð hver með öðrum, á því sem er í brunabót; þá verður auðvitað að krefjast svo mikils brunabótagjalds, sem nægir til þess, að sjóðurinn geti staðið í skilum. Fyrst verður að myndast sú upphæð, sem vanaleg áhætta gjörir nauðsynlega, og svo verður fjelagið að hafa grundvallarsjóð, sem fje er safnað í, og mætti það ekki vera minna en 1 eða 2% af virðingarverði húsanna, því að í fjelögum í öðrum löndum, sem hafa marga

tugi miljóna og því standa betur að vígi, mun það minnst $^1/_2\%$. Þessi sjóður þarf að vera til, því að áhættan kann að vaxa stundum fram yfir það vanalega. Ef vjer hugsum okkur þannig lagað fjelag, yrði það að vísu nokkuð dýrt, því jeg gjöri ráð fyrir, að hið minnsta brunabótagjald, sem þyrfti, væri 3 eða 4 af þúsundi, og svo bætist við til stofnunarsjóðsins 1 eða 2% af ábyrgðarupphæðinni, og svo þyrfti þar að auki að vera til sjóður, að grípa til árlega, svo ekki þyrfti að skerða stofnunarsjóðinn. Jeg held þetta gjald yrði almennt meira en menn geta tryggt fyrir í brunabótafjelögum yfir höfuð; það er talið mjög verulegt atriði, að brunabótafjelagið sje innlent, og er það að vísu mjög æskilegt, en fyrsta skilyrðið til að geta þvingað menn með lögum í þetta fjelag er, að það verði ekki dýrara. Það er rangt, að peningar, sem greiðast til útlendra brunabótafjelaga, fari yfirhöfuð út úr landinu, því það er þó ekki nema að nokkru leyti, því með skaðabótunum koma peningarnir aptur inn í landið með litlum frádrætti, kostnaði við stjórn fjelagsins o. s. frv., og að þeir koma þegar mest liggur á geta menn hugsað sjer. Það er ekkert hneykslanlegra að láta þetta fje ganga út úr landinu en margt annað; þingmenn t. a. m. ganga í útlendum klæðum, sem þeir kaupa fyrir ærna peninga, og gætu þeir þó gengið í vaðmálsfötum, ef þeir vildu spara. Það eru yfirhöfuð góðir kostir, sem útlend brunabótafjelög gefa, betri en fjelag sem yrði stofnað hjer á landinu, og þegar menn vilja stofna eitthvað innlent fjelag, þá verður að gæta þess, að það komi að gagni og eigi sje beitt lagaþvingun, sem skerðir rjett hins einstaka til þess að ráða sjer og sínum efnum, eins og þetta frumvarp, að mínu áliti virðist að fara fram á, auk þess að fjelagið að minnsta kosti í byrjun mun ekki veita næga tryggingu, og það þó landssjóður greiði 300,000 kr. með lækkandi upphæð til 1960, en það er vist óþarft að ræða frekara um það nú, með því það er svo langt liðið á þing, að frumv. trauðla náir fram að ganga. Jeg vil samt sem áður minna sjerhvern þingmann á, að íhuga vandlega, hvernig jafnmikilsvarðandi málefni verði hrundið í gott horf, því jeg ímynda mjer, að þótt það dagi uppi nú, þá veitir ekki af löngum tíma til að undirbúa það. Jeg skal svo ljúka máli mínu með þeirri yfirlýsingu, að mjer finnst óhafandi og ótækt, að landssjóður takist á hendur 300,000 kr. ábyrgð fyrir þetta fyrirhugaða brunabótafjelag.

E. Th. Jónassen: Frv. þetta þarf að íhugast nákvæmlega, því að það er mikilsvarðandi mál. En jeg verð að láta þá skoðun mína í ljósi um þetta frv., að það hefur svo marga galla, að það er óhafandi eins og það er.

Eins og h. 4. kgk. (Á. Th.) tók fram, er það ákaflega undarleg ákvörðun í 2. gr. að gjöra kaupstöðunum að skyldu að að vera í þessu fyrirhugaða brunabótafjelagi, án þess að þetta mál sje borið undir álit hlutaðeigandi bæjarstjórnar, hvort hún vill ganga í fjelagið. Enda yrðu og þeir kostir lakari fyrir Reykjavík, sem fjelag þetta gæti boðið, heldur en þeir, sem Rvík hefur nú, og trygging eigi eins fyrir því að full brunabót yrði greidd, ef hjer brynni, svo að afleiðingin hlyti að verða af þessu, að húsin fjellu í verði, og af því getur aptur leitt, að menn fá uppsögn á lánum sínum. Jeg hygg að opinberir sjóðir myndu strax verða að segja upp lánum sínum með veði í húsum; að minnsta kosti mundi jeg ekki álíta vel tryggt á þann hátt fje þeirra sjóða, sem heyra undir amtið.

Það er líka undarleg aðferð að demba þessu lagafrv. svona inn, án þess að það hafi fengið hinn rjetta undirbúning og hlutaðeigandi bæjarfjelögum sje gefinn kostur á að segja sitt álit um það.

Það er því að minni hyggju hin fyllsta ástæða til að fella þetta frv. Jeg álít að

það sje rjettast, að hver geti ráðið því og það sje hverjum frjálst að ganga í slíkt fjelag eða ekki. En ef fara á að mynda innlent brunabótafjelag, þarf það meiri undirbúning en þetta hefur haft, og önnur ákvæði í mörgum greinum sínum, en hjer eru höfð í þessu frv.

Jeg skal svo ekki orðlengja um frv. það hefur svo mikla galla, að jeg býst ekki við að það fái framgang á þessu þingi.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld í e. hlj. Frv. allt þar með fallið.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði handa amtsráðinu í Vesturamtinu til æðarvarpsræktar (C. 436); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 6 : 1 atkv.; 2. gr. samþ. með 6 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Árni Thorsteinson,	Grímur Thomsen,
Arnljótur Ólafsson,	L. E. Sveinbjörnsson.
E. Th. Jónassen,	
Friðrik Stefánsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sighvatur Arnason,	
Skúli Þorvarðarson.	

Frv. til laga um br. á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags 10. sept. 1830 (C. 469); ein umræða.

Skúli Þorvarðarson: Það var talað svo mikið um þetta litla frv., þegar það var áður hjer fyrir þessari h. deild, að það er ekki mikil ástæða til að bæta við það.

Jeg skal geta þess, að frv. er nú komið svo breytt frá h. Nd., að enginn mun lengur verða til að segja, að það hafi í för með sjer mikinn tekjumissi fyrir landsjóðinn, enda virðist mjer nú, eptir að frumv. hefur fengið þessar breytingar, að það hafa í för með sjer mjög óverulegan ávinning. Jeg vona samt að h. þingd. taki því vel nú, og láti sjer eigi miður farast við það en h. Nd., sem samþykkti það með 17 atkvæðum.

Landshöfðingi: Eptir þær breytíngar, sem frv. þetta hefur fengið í h. Nd., finnst mjer það vera orðið mjög gagnslaust og ófullnægjandi þeim tilgangi, sem flutningsm þess (Sk. Þ.) hefur ætlað sjer að ná með því. Tilgangur flutningsm. hefur verið sá, að reyna að losa arfahluta ómyndugra við skiptagjaldið; en eptir því sem frv. er nú orðað, verður þessi losun í mjög fáum tilfellum og af skornum skammti, þar sem ákvæði frv. ná að eins til þeirra dánarbúa, sem eru að upphæð ekki minna en 1000 kr., og svo eiga allir erfingjar í slíkum búum að njóta góðs af lögum þessum, ef einn eða fleiri ómyndugir eru í búinu. En þó að mönnum kunni að virðast ástæða til að lækka skiptagjaldið til hagnaðar fyrir hina ómyndugu, sje jeg enga ástæðu til að láta aðra arftakendur búsins, svo sem það hjónanna, sem lengur lifir o. s. frv., einnig græða á þessari lækkun, og fái á þann hátt hærri rjett, heldur en þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu erft einir og enginn verið ómyndugur í búinu.

Svo er og það, að undir ákvæði frv. komast eins þau bú, þar sem skuldirnar gleypa allar eigur búsins, en þegar svo er ástatt, sje jeg enga ástæðu til að landsjóður gefi eptir sinn rjett.

Yfirhöfuð finnst mjer frv. þetta vera svo þýðingarlaust og smámunalegt, að mig furðar á, að h. þing skuli geta verið þekkt fyrir að samþykkja það. Jeg hygg að tíma þingsins sje betur varið til annars. Það má reyndar segja, að lagafrv. frá þinginu sjeu nú svo fá, að ástæðulaust sje að færa niður frv.töluna, en jeg held að þetta frv. bæti ekkí upp það, sem miður kann að hafa farið í lagasmíðinu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 6 : 5 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Arnljótur Ólafsson,	Árni Thorsteinsson,
Friðrik Stefánsson,	E. Th. Jónassen,
Grímur Thomsen,	Júlíus Havsteen,
Sighvatur Árnason,	L. E. Sveinbjörnsson.
Skúli Þorvarðarson.	

Síðan var frv. afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskólana (C. 470); hvernig ræða skuli.

Samþ. að ræða hana í einni umr.

Fertugasti og fimmti fundur, mánudaginn 24. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala (C. 437); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþykkt með 9 atkv., og afgr. til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 462); 2. umr.

Jón A. Hjaltalín: Eins og jeg gat þegar um við 1. umr. þessa máls, líkar mjer frv. eigi sem alls kostar bezt, en úr því það fer í sömu átt, og jeg vil hafa, og gallarnir eru eigi því stærri, þá vil jeg ekki vera því mótfallinn. Því svo annt er mjer um, að breyting sje gjörð á þessum lögum, að jeg vil ekki stuðla að því, að deildin samþykki eigi frumv., þó jeg aldrei nema vildi óska, að það væri ögn öðru vísi.

Það sem menn hafa haft sem aðalmótbáru móti því að hafa marga kjörstaði, var það, að þá yrðu þeir kosnir sem flest atkvæði hefðu án tillits til þess, hvort þeir hefðu fengið meir en helming allra greiddra atkvæða. En þetta er í sjálfu sjer engin ástæða, því þegar kosið er aptur, þá fer opt svo, að sá hlýtur kosningu sem fæstir vildu að upphafi kjósa, en ekki sá sem flestir vildu hafa, en í hinu tilfelli er þó allt af víst, að sá fær kosningu sem flestir vilja hafa. En jeg álít þetta ætti eigi að verða að kappsmál. Frv. eykur kjósendunum mjög hægindi og gefur fleirum kost á að taka þátt í kosningunni. Jeg get því ekki annað en verið frv. þessu meðmæltur og vona að h. þingd. taki því vel.

Sighvatur Árnason: Jeg vil leggja til að þetta frv. fái framgang, því mjer sýnist frv. fara svo hóglega í að fjölga kjörstöðunum, og jeg vil segja mátulega, þar sem það veitir sýslunefndunum heimild til að fjölga þeim um 1 til 2, þar sem þeim þykir þess þörf, og mjer virðist mjög líklegt, að sýslunefndirnar muni fara varlega í þær sakir, sem jeg álít líka heppilegast, því það er auðvitað, að þurfi að kjósa upp aptur, eins og búast má við eptir ákvæðum frv., þá hefur það kostnað og ómak í för með sjer, og því meiri sem kjörstaðirnir eru fleiri. Það eru hjer líka sett þau takmörk, að kjörstaðirnir megi ekki vera fleiri en 3, enda mun það víðast hvar nægja og vera nóg rjettarbót; reyndar ímynda jeg mjer að sýslunefndir kæri sig óvíða um að hafa þá fleiri en 2 í kjördæmi, til að baka ekki óþarfa kostnað. Frv. er óneitanlega í þá átt, að ljetta af kjósendunum þeim erfiðleikum sem þeir hafa víða átt undir að búa að verða að sækja langa leið til kjörstaðanna og eyða til þess 2 til 3 dögum, þar sem kjördæmi eru stór. Jeg álít að vel sje viðunandi, fái þetta frv. framgang, og með því sje að miklu bætt úr því, sem ábótavant er í þessu tilliti.

Grímur Thomsen: Jeg stend upp að eins til að fá skýringu á því, hvernig eitt ákvæði í frv. á að skiljast. Í 3. gr. stend-

ur: „Nú hefur þingmannsefni eigi fengið yfir helming atkvæða við fyrstu atkvæðagreiðslu; skulu þá fara fram bundnar kosningar“. Nú bið jeg h. þdm. að taka vel eptir, svo jeg geti fengið skýringu, *„þannig að kjósendur skulu kjósa um allt að helmingi fleiri þingmannsefni, en þingmenn eru fyrir kjördæmið“*. Þetta skil jeg ekki.

Nú er það kjördæmi sem á að kjósa 2 þingmenn, og 3 hafa boðið sig fram við aðra kosningu; þá á að kjósa milli helmingi fleiri en þingmenn eru fyrir kjördæmið. Hvernig verður það mögulegt? Mjer finnst þetta ekki vera vandlega hugsað nje glöggt orðað.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa að þetta er ekki vel orðað, en jeg ímynda mjer og vona að komast megi fram úr því, án þess lagabókstafurinn sje brotinn. Hjer stendur „allt að“. Ef á að kjósa 2 þingm., en 5 eða 6 bjóða sig fram, þá ganga 1 til 2 frá sem fæst hafa atkv., og verða að eins 4 eptir til endurkosningar. En ef í þessu sama kjördæmi bjóða sig fram að eins 2 eða 3, þá hlýtur að sitja við það til endurkosninga, því ekki verður kosið á milli fleiri en þeirra sem bjóða sig fram. Hjer er eingöngu átt við, að fleiri bjóði sig fram en helmingi fleiri en þeir eru, sem kjósa á. Annars játa jeg, að að þetta er ekki sem ákjósanlegast orðað.

Grímur Thomsen: Jeg þakka h. þm. Rangv. (S. Á.) fyrir þessa tilraun til að koma mjer í skilninginn um þetta ákvæði. En þetta „allt að“ sem hann benti á getur samt ekki náð til þess, ef nú bjóða sig fram ekki einusinni 3, heldur að eins 2, og þá skil jeg ekki hvernig að verður farið.

Þorleifur Jónsson: Jeg sje ekki betur en þetta sje tómur misskilningur hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th.). Ef að eins bjóða sig fram jafnmargir og kjósa skal, t. d. 2, ef tvo skal kjósa, þá auðvitað kemur ekki til endurkosningar, því þeir hljóta þá að fá nógu mörg atkvæði; bjóði sig fram 3 eða 4, þá verður að kjósa um þá alla við endurkosninguna, en þegar fleiri en fjórir hafa boðið sig fram, þá verður auðvitað að kjósa við endurkosninguna um þá 4, sem flest hafa fengið atkvæði við fyrri kosninguna.

Árni Thorsteinsson: Jeg ætlaði að leyfa mjer að feta lengra í spor h. þm. Borgf. (Gr. Th.), sem þegar hefur fengið þó nokkrar skýringar á sinni spurningu. Jeg vil spyrja: „Hvernig á að fara að, ef atkvæðin væru jöfn, t. d. 1 fær nægan atkvæðafjölda, en svo koma 2, sem hafa jöfn atkvæði? Hverjir eru þá í kjöri?“ Tveir eða þrír, en þó segir frv. að í þessu tilfelli skuli vera helmingi fleiri í kjöri en kjósa skal, tveir ef einn skal kjósa, 4 ef tvo skal kjósa. *(Sighvatur Árnason:* Þá verður að bera saman við eldri lög.). Það getur þó ekki verið, því þau eru víst upphafin í 4. gr þessa frumvarps. Það er leiðinlegt að hvorki jeg eða aðrir h. þdm. hafa fyr gætt að þessu, af því að fara að gjöra breyt. á því nú, yrði til þess að frv. gengi ekki í gegn á þessu þingi. Eina úrræðið er auðvitað hlutkesti, en bæði er það óviðkunnanlegt að láta hlutkesti ráða um endurkosninguna frá fyrstu byrjun, og svo er það óleyfilegt, þar eð engin lög eru til sem taka það fram.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 6 : 3 atkv., 2. gr. samþ. m. 6 : 4 atkv., 3—4. gr. felldar m. 6 : 5 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 443, 486); ein umr.

Framsögumaður (Jón A. Hjaltalín): Í nefndarálitinu á þingskjali 474 er tekið fram það, sem oss nefndarmönnum finnst athugavert við breytingar þær, sem h. Nd. hefur gjört á þessu frv. Einkum fannst nefndinni það athugavert, að breytingarnar stuðla til þess, að festa það á-

stand, sem helzt hefur verið fundið að, að þeir, sem eiga að halda uppi lögum og rjetti, yrðu enn meira hikandi í þessu, en hingað til. Það ætti miklu fremur að örfa þá til að vera ekki eins afskiptalausir um slík mál, eins og stundum hefur verið kvartað um að þeir væru. Nefndinni finnst því nauðsynlegt að taka upp í frv. aptur þær greinar, sem vóru í frv., er það fór hjeðan til h. Nd., og ræður hún þess vegna h. þingd. til að samþykkja breytingartillögurnar, sem teknar eru fram í nefndarálitinu.

Júlíus Havsteen: Jeg skal bæta því við það, sem h. framsögum. (J. A. H.) nú tók fram, að ef nú frv. fær framgang, eins og h. Nd. hefur skilið við það, þá verður varla hægt að halda uppi lögum og reglum hjer á landi, því frumv. hlýtur að hræða hvert yfirvald frá að eiga við nokkurn mann, sem grunaður er um glæp. Meira ætla jeg ekki að segja um þetta mál.

ATKV.GR.: Allar breyt.till. (474) samþ., hinar fyrri tvær með 9 atkv. og sú 3. með 8 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 10 atkv.

Frv. til laga um afnám vistarskyldunnar og heimilisfang verkmanna (C. 330, 491, 492, 493); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum um orðum um breyt.till. nefndarinnar að svo stöddu, með því líka nefndarálitið tekur fram ástæðurnar fyrir hinum helztu þeirra. Aðalbreytingin frá frv. h. Nd. er sú, að nefndin leggur til að halda þeim grundvelli, sem er í tilsk. 26. maí 1863, að þeir, sem ekki vilja vera háðir vistarskyldunni, kaupi lausamennskubrjef, en með svo vægum kjörum, að þau geti ekki staðið neinum í vegi, sem annars vill vera lausamaður. Því það er auðvitað, að hver sem girnist að vera lausamaður, er ekki því vaxinn, ef hann getur ekki borgað þetta gjald: karlmaðurinn 5 kr. og kvenmaðurinn 2 kr. En úr því nefndin vill halda þessum grundvelli tilskipunarinnar, þá leiðir það af sjálfu sjer, að þessir menn verða eins og hingað til að ganga undir nafninu lausamenn, en ekki verkmenn.

En að því er snertir hinar aðrar breyt. till., sem engar ástæður eru færðar fyrir í nefndarálitinu, þá kom nefndin fram með þær, til að fá glöggari ákvæði heldur en eru í frv. viðvíkjandi sveitfesti þessara manna, og koma í veg fyrir ný vandræði út af sveitfesti þeirra, sem er nóg af undir, þó ekki bættist á það fyrir ógreinileg ákvæði í þessu frv., ef það yrði að lögum.

Að því er snertir breyt.till. h. 5. kgk. þm. (A. Ó.), þá er þær að eins að skoða sem fylgiskjal með nefndarálitinu, því hann er yfir höfuð samdóma oss hinum nefndarmönnunum um aðalbreytingarnar. Þetta fylgiskjal er þannig komið frá þingi og þjóð til athugunar, því engin von er til, að mál þetta geti komizt frá þinginu að þessu sinni. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið að svo stöddu.

Arnljótur Ólafsson: Það er rjett hjá h. framsögum. (S. Á.), að jeg vildi ekki vekja ágreining í nefndinni, með því að koma með mitt frv., sem sjerstakt frv. eða sem breyting við frv. nefndarinnar, heldur ljet jeg það vera með sem fylgiskjal, einkum af því að breytingarnar eru ekki miklar frá frv. nefndarinnar, úr því málið heldur ekki getur orðið útrætt á þessu þingi. Aðalmunurinn á breytingum mínum og breytingum nefndarinnar er eiginlega fólginn í 1. gr. Í þeirri grein leggur nefndin til, að lausamaður kaupi leyfisbrjef, sem kostar helmingi minna en hjá mjer, en vel að merkja á hann að kaupa það, í hvert skipti þegar hann skiptir um hreppavist, svo að álagan eptir tillögum nefndarinnar verður í rauninni þyngri en hjá mjer. Lausamaðurinn þarf ekki að kaupa leyfisbrjefið nema tvisvar sinnum; þá er

gjaldið orðið jafnt. Jeg skal eigi fara mörgum orðum um hinar aðrar breytingar minar; það verður að vera komið undir áliti þingmanna, hvernig þeir taka þeim. Jeg verð að telja tillögum minum það til gildis, að þær eru bæði gleggri og einfaldari en till. nefndarinnar, og er það allmikill kostur. Jeg hef viljað halda fram þeirri reglu, að oddviti og ábyrgðarmaður viti, hvað lausamanninum líður, hvort sem hann er í hreppnum eða utan hrepps, en annars er hann frjáls að vera lausamaður hvar sem hann er, úr því hann hefur keypt leyfisbrjef. Að fara út í smærri orðamismun, álít jeg ekki til neins.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Jeg er ekki vel samdóma h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) um þetta atriði, sem sje, aðalmuninn á milli breytinga nefndarinnar á þingskj. 483 og breytinga hans á þingskj. 484. Jeg játa það vísu satt að vera, að gjaldið getur orðið þyngra eptir tillögum nefndarinnar, ef maður flæktist opt hreppa á milli; en það er enginn kostur fyrir þjóðfjelagið, heldur ókostur, að menn hagi sjer svo, en tillaga nefndarinnar gengur í þá átt, að sporna við slíku, með því að skylda lausamann til að kaupa leyfisbrjef á ný, ef hann flytur í annan hrepp og vill halda áfram að vera lausamaður. Svo getur þessi flutningur lausamanna hreppa í milli gefið tilefni til vafninga í því, að finna sveitfesti manna, og getur ef til vill orðið til þess, að hún verði hvergi ákveðin, svo að lausamaðurinn að lokum lendir á fæðingarhreppnum. Það sem vakti fyrir nefndinni, var að koma fyrir óþarfa slangur manna hreppa á milli. H. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sagði, að sínar tillögur væru gleggri en nefndarinnar; þetta get jeg ekki sjeð; því fari lausamaðurinn úr hreppnum og kaupi nýtt leyfisbrjef, þá er þetta brjef ný sönnun fyrir honum sem lausamanni. Það er ekki svo að skilja, að hjer sje um neitt þrætuefni að ræða, því nefndin var yfir höfuð alveg samdóma í öllum atriðum málsins, en skjal h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) kemur fram eingöngu til skoðunar, eins og jeg hef áður tekið fram, og sem hann sjálfur kannast við.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. nefnd. (483) samþ. með 6:4 atkv.; 1. gr frv. þar með fallin; 2. breyt. nefnd. (483) samþ. með 6 atkv.; 2. gr. frv. þar með fallin; 3. breyt. till. nefnd. felld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Thorsteinsson,	Jón A Hjaltalín,
Arnlj. Ólafsson,	Þorl. Jónsson,
Friðr. Stefánsson,	E. Th. Jónassen,
Júl. Havsteen,	Gr. Thomsen,
Sighv. Árnason,	L. E. Sveinbjörnsson,
	Skúli Þorvarðarson.

3. gr. frv. felld með 7:4 atkv.; 4.—6. breyt. till. nefnd. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 7. breyt. till. samþ. með 6 atkv.; 8. breyt.till. samþ. með 7 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 6:4 atkv.

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti (C. 432); 3. umr.

Grímur Thomsen: Jeg endurtek þá fyrirspurn, sem jeg gjörði við 2. umr. þessa máls, um það, hvernig skilja eigi frumvarpsgreinina; þar stendur: „endurborgun sú, af láni úr landssjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum o. s. frv., fellur niður um helming frá þeim tíma að lög þessi öðlast gildi“. Er nú meiningin að landssjóður gefi eptir helming alls lánsins, eða þannig, að hin árlega endurborgun með vöxtum minnki um helming á hverju ári? Og vildi jeg mælast til að einhver skilningsgóður þingmaður skýri þetta fyrir mjer.

Júlíus Havsteen: Jeg sje ekki að þetta verði skilið öðruvísi, en að það sje meint hjer hin hálfa árlega afborgun með vöxtum, þannig að hún fyrst verði 600 kr. í stað 1200 kr., o. s. frv., frá því lögin öðlast gildi.

Það er eitt óviðkunnanlegt við frv., þar sem talað er um þá endurborgun, er *hvíldi* á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins o. fl., því hún hvílir á þessum sjóðum enn. Þetta frv. ber það yfir höfuð með sjer, að það sje skrifað á götunni, eins og einusinni var sagt um eitt nefndarálit; í frv. voru ákvæði um það, hver ætti brýrnar, og um það, hver skyldi sjá um viðhald þeirra, og var hvorttveggja alveg óþarft; þetta er nú fallið burt, en nú er þá eptir ákvæðið um uppgjöfina. Jeg fyrir mitt leyti vil gjarnan hlynna að þeim sjóðum, sem eiga í hlut, en jeg get ekki álitið það rjett, að landssjóður gefi eptir lán, og heldur ekki kann jeg við það, að Norðlendingar sjeu að biðja um þessa uppgjöf; þeir fengu lánið rentufrítt í 4 ár, og það er sómi fyrir þá að hafa byggt þessar brýr, og þess vegna finnst mjer engin ástæða til, að þeir sjeu að biðja um þetta nú, án þess nokkur sjerleg nauðsyn krefji, eða þeir þarfnist verulega þessarar uppgjafar.

Sighvatur Árnason: Jeg tek gilt og gott svar h. 1. kgk. þm. (Júl. Havst.) upp á spurningu h. þm. Borgf. (Gr. Th.) og skal lýsa því yfir, að jeg greiði atkv. með frv. með þessum skilningi. En sje það skilið á þann hátt, að landssjóður eigi að borga helming skuldarinnar, eins og hún var í upphafi, þá greiði jeg atkv. móti því. Jeg er og samdóma h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) um, að þetta verði ekki skilið á annan hátt en hann tók fram, og vona það sýni sig í framkvæmdinni, að sá skilningur sje rjettur.

E. Th. Jónassen: Jeg kann ekki við að menn sjeu fyrst að taka lán, og síðan biðja um uppgjöf á því, og vil jeg alls ekki vera með til að innleiða þá „praxis“. Þá geta líka fleiri og fleiri komið, sem vilja fá sömu ívilnanir; auk þessa er frv. illa orðað, og ekki orðið nú nema dálítill partur af því upprunalega, sem mjer sýnist heldur ekki vera frambærilegur, svo jeg get varla skilið, hvernig h. Ed. geti sent frá sjer þessa ómynd. Það er heldur ekki víst, að sá skilningur verði almennt lagður í frv., sem hún ætlast til. Ákvæði laganna þurfa að vera skýr og ljós, svo að þeir, sem þeim eiga að beita, komist í engan vanda við framkvæmd þeirra. Þess ber og að gæta, að þeir, sem lán þetta hafa tekið, hafa um tíma haft það vaxtalaust, og verði þeim gefið það upp, dregur það að líkindum slæman dilk eptir sjer, því það má búast við að önnur sýslufjelög, sem hafa fengið eða hjer eptir fá lán af landssjóði, biðji síðar um sams konar uppgjöf. Þess vegna er jeg mótfallinn þessu frv.

Grímur Thomsen: Jeg hef nú fengið svar hjá h. 1. kgk. þm. (Júl. H.), sem mjer virðist á góðum rökum byggt, og þegar jeg skoða það í sambandi við greinar frv., sem felldar voru um daginn, þá lítur svo út, sem skilningurinn væri ekki sá, að gefa upp helminginn af hinni árlegu afborgun. Þar stóð í 1. gr., að brýrnar væru eign landssjóðs, og eptir því væri samkvæmara, að helmingur hins upphaflega fjár, sem varið hefur verið til að byggja brýrnar, fjelli niður. Mjer þykir enn fremur ólíklegt, að uppástungumenn þessa frv. í Nd. muni samþykkja það, eins og það nú er, og vegna þess er jeg móti því, af því jeg hygg, að þeim sje ekki þægð í að þetta frv. nái fram að ganga og verða að lögum.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 : 3 atkvæðum og endursent Nd.

Frv. til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í Vesturamtinu til æðarvarpsræktar (C. 436); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. orðalaust með 6 : 3 atkv. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskólana (C. 470); ein umr.

Júlíus Havsteen: Jeg fyrir mitt leyti er mótfallinn sameiningu búnaðarskólanna. Þegar loksins með mikilli baráttu er búið að koma þeim á stofn, þá mega þeir ekki standa óhreyfðir. Það er allt af verið að koma með þessar eilífu breytingar og vjer sjáum of opt „frumvarp til laga um breytingu á lögum“. Jeg vil spyrja, hvers vegna er alþingi að hlutast til um þetta? Hefur það rjett til þess að koma með áskorun til landsstjórnarinnar, sem virðist fara nokkuð í þá átt að breyta þessu fyrirkomulagi? Jeg fyrir mitt leyti get sagt það fyrir, að amtsráðið fyrir norðan og austan mun ekki ganga að þessu, og verð jeg að greiða atkv. móti tillögunni.

Jón A. Hjaltalín: Jeg er ekki á sama máli og h. 1. kgk. þm. (Júl H.). Jeg held það sjeu fleiri á þeirri skoðun, að það sje heldur til ógagns en gagns að hafa marga búnaðarskóla, og að það sje óheppilegt að sundra þannig kröptunum. Sje þetta almennt álit manna í raun og veru, sje jeg ekkert á móti því, að reyna til að breyta; það er ekki þar með sagt, að þessi breyting komist á, því það er engan veginn víst, að sýslunefndir og amtsráð fallist á hana, en jeg get ekki sjeð neitt háskalegt við, að leita álits þeirra um þetta. Það er betri aðferð, að kynna sjer álit manna út um land, heldur en alþing taki styrkinn af skólunum, án þess hlutaðeigendum sje gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt um það. Mjer finnst þetta mjög hógvær beiðni frá þingsins hálfu.

Sighvatur Árnason: Jeg get verið samdóma h. 6. kgk. þm. (J. A. Hj.) um það, að hjer er farið mjög hógværlega í sakirnar viðvíkjandi sameiningu búnaðarskólanna, því að hjer er ekki verið að setja nein lög um slíka sameiningu. En samt sem áður finnst mjer þetta ekki vera tímabær tillaga. Jeg verð að taka undir með h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) um það, að nýbúið er að stofna þessa búnaðarskóla og engin reynsla er enn fengin fyrir framtíð þeirra, allra sízt þeirra, sem síðast hafa komizt á fót. Mjer virðist það því nokkuð fljótráðið, að fara nú þegar að hreyfa þessu, og með því gefa tilefni til að menn fari að hugsa um að afnema suma þeirra, úr því þeir eru á annað borð komnir á fót.

Viðvíkjandi búnaðarskólunum hjer í Suður- og Vesturamtinu ber og þess að gæta, að annar þeirra, skólinn í Ólafsdal, er einstaks manns eign, en hinn ekki, og fyrir því er eigi við að búast að sú sameining nái framgangi, þar sem líka þessi einstaka manns skólastofnun er eldri og meira á legg komin, svo að því ólíklegra er að hann verði fús til að leggja niður sinn skóla og sameina hann Hvanneyrarstofnuninni.

Jón A. Hjaltalín: Þetta er að eins undirbúningur og leiðbeining fyrir alþingi framvegis, hvort og á hvern hátt það helzt ætti að styrkja búnaðarskólana; það er því nauðsynlegra að þingið fái slíkar leiðbeiningar, þar sem raddir hafa heyrzt um, að þessum búnaðarskólastyrk sje ekki svo vel varið sem skyldi. Hjer er ekki í till. þessari í minnsta máta farið fram á að afnema neinn skólanna, hvorki Ólafsdalsskólann eða nokkurn annan þeirra, heldur að afla þinginu þessarar leiðbeiningar, sem það vantar.

Jeg skildi orð h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) á þann hátt, að hann áliti, að þingið hefði ekki annað við þessa skóla að gjöra, heldur en að eins að veita þeim peningastyrk, — en svo varðaði þingið ekki um meira. En þetta get jeg ekki viðurkennt.

Það má vel vera að það sje fljótráðið, ef farið væri nú þegar að afnema einhvern af þessum búnaðarskólum, — en hjer er alls eigi um það mál að ræða. En úr því að það er margra manna skoðun, að búnaðarskólarnir sjeu of margir, er hóflegast að fara eptir þessari þingsálykt.till.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 7 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja.

Till. til þingsályktunar um Skúmstaðaós (C. 490); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Samþ. að ræða skuli till. í einni umr.

Frv. til laga um friðun á laxi (C. 447, 514, 515); ein umr.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): H. Nd. hefur gjört ýmsar breytingar við frv. þetta, frá því að það var samþ. hjer í þessari h. deild, og skal jeg stuttlega minnast á, í hverju breyt. þessar eru fólgnar.

Í fyrsta lagi er gjörð sú breyting á veiðitímanum, að hann sje að eins $2^1/_2$ mánuður, í staðinn fyrir 3 mánuði.

Önnur breyting er sú, að heimila ekki þvergirðingar, og fyrir því er sleppt úr 2. málslið 1. greinar ákvæði um vikufriðunina, sem stendur í sambandi við þetta.

Eins og h. þm. sjá, hefur nefndin klofnað; meiri hlutinn, þm. Borgf. (Gr. Th.), og 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), hafa þá skoðun, að breyt. þær, er Nd. hefur gjört á frv. sjeu eigi til baga, og er þessi skoðun í samræmi við það, sem þeir lýstu yfir áður hjer í deildinni, þegar frv. var hjer til meðferðar, og með því að þeir álíta, að frv. þetta sje í heild sinni talsvert betra en hin eldri lög, ráða þeir eindregið til þess að samþykkja frv.

Jeg skal svo snúa mjer að breyt.till. þeim, sem fram eru komnar, og tala þá fyrst um breyt.till. h. minni hluta nefndarinnar, 4. kgk. (Á. Th.).

Hin 1. breyt. hans er sú, að lengja aptur veiðitímann í 3 mánuði. Jeg hef eigi í sjálfu sjer á móti þessari till., því að jeg álít að það standi hjer um bil á sama, hvort hann er ákveðinn $2^1/_2$ eða 3 mánuðir. Meiri hlutinn vill ekki gjöra þessa breytingu vegna þess, að hann óskar að frv. fái framgang. Enda sjáum við það, ef vjer gætum að, að það er eigi meira en $2^1/_2$ mánuður, sem lax er veiddur, svo að nokkru nemi. Veiðin byrjar um miðjan júní og er úti í öllu verulegu í ágústmánaðarlok, nema máske lítið eitt allra efst í ánum. Þetta er líka mjög eðlilegt, því að sá lax er síðar veiðist er alveg ónýtur og varla til manneldis, því að þá er hann kominn að því að hrygna og er farinn að leggja mikið af.

Enn fremur vill h. 4. kgk. (Á. Th.) setja inn aptur ákvæðið um þvergirðingar. Við 2. umr. frv. þessa skýrði jeg frá ástæðunum fyrir því, hvers vegna jeg væri á móti þvergirðingunum. Jeg skal því ekki fara langt út í það atriði nú; að eins vil jeg benda á, að það er brot á friðunar-principinu, og þó að bæta eigi úr þessu með því, að veita laxinum frjálsa göngu 36 tíma í viku, þá er það í sjálfu sjer lítil bót, þar sem hægt er að ná laxinum samt, með því að hafa fleiri þvergirðingar hverja fyrir ofan aðra. Og þó hann þannig sleppi í gegn um neðstu veiðivjelarnar, næst hann í þær sem eru ofar í ánni; hann fer ekki svo langt á sprettinum.

Þetta spursmál er líka í sjálfu sjer ópraktiskt. Jeg hygg að á öllu landinu sje, ef til vill, að eins ein laxá, sem það getur átt við, sem sje hjer í Kjósarsýslu. Jeg hygg líka að það sjeu fá dæmi þess, að einn maður eigi veiði í kvísl, og mitt álit er það, að Thomsen eigi ekki einn neina heila kvísl Elliðaánna, þó það þar fyrir geti verið.

Í sambandi við þessa breytingu vill svo minni hlutinn bæta inn aptur í 1. gr. ákvæðinu um að friða laxinn 36 kl.tíma á hverri viku.

En svo eru það enn fremur 3 h. þm., sem vilja einnig leyfa þvergirðinguna, en án þess þó að sett sje inn í frv. ákvæði um þessa friðun á laxinum í hverri viku. Annaðhvort hefur þetta orðið af gáleysi, eða þá af því, að þessir þingmenn vilja eyðileggja frv. Jeg vil heldur geta þess til, að þetta hafi orðið af gáleysi.

En svo er eptir hin versta breyt.till.

þessara h. þingmanna. Hún er sú, að eigi megi raska þinglesinni friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí *til 1. ág.* Fyrst h. þm. vilja hafa þetta tímatakmark, verða þeir að sýna fram á það með ljósum rökum, að það sje nauðsynlegt. Jeg sýndi fram á það mótsetta við 2. umr. og þá var enginn svo djarfur að mæla á móti því. Það, er vel að gæta þess, að hjer er einungis að ræða um selaskot, og það mun óvíða haga svo til hjer á landi, að selur haldi sig mjög nærri eggverum. En til hvers er verið að leyfa að skjóta sel í ám og árósum, þegar allur lax er farinn úr ánum? *(E. Th. J.:* Hann er ekki farinn 1. ágúst) eða kominn upp úr öllu valdi? Jú, nær því allur lax er þá farinn, farinn upp úr eða jetinn af selnum, og þegar enginn lax er þar lengur til, hefur selurinn þar engan lax að jeta. Í þessu er því engin laxfriðun, engin útrýming selsins möguleg.

Jeg vil þess vegna mæla með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Árni Thorsteinsson: Frv. þetta sem nú er aptur komið hingað frá h. Nd. hefur tekið þar talsverðum breytingum bæði í þeim atriðum sem voru samkvæm eldri lögum og eins í öðru, er nýtt var búið til hjer í þessari h. deild.

Jeg hefði búizt við því að heyra af h. framsögum. (L. E. Svb.) færðar meiri og sterkari ástæður fyrir því, vegna hvers nú væri orðið svo æskilegt að breyta þeim ákvæðum þessa frv., er Ed. samþykkti nýlega.

Fyrir mitt leyti legg jeg, eins og jeg svo optlega áður hef tekið fram, sterka áherzlu á vikufriðunina og hrygningarfriðun, en aptur á móti vil jeg ekki setja svo strangar takmarkanir fyrir því, á hvern hátt laxveiðieigendurnir megi veiða. Vjer megum ekki gleyma því, að friðunin er gjörð vegna veiðarinnar.

Jeg get eigi skilið í því, vegna hvers Íslendingar eiga að taka sig út úr og hafa styttri veiðitíma hjá sjer heldur en aðrar þjóðir. Alstaðar þar sem jeg þekki til er veiðitíminn 3 mánuðir eða meira, og það virðist því beinlínis að brjóta rjett manna, og það einstakra fárra manna, er laxveiði eiga, að banna mönnum hjer veiði í hálfan mánuð, þar sem slíkt er ekki gjört erlendis, og engin ástæða til að gjöra það fremur hjer en annarsstaðar.

Jeg verð að leggja mjög mikla áherzlu á, að laxinn sje friðaður vissan tíma í hverri viku, og jeg hef eigi heyrt færðar gildar ástæður fyrir því gagnstæða.

Það er og eitt, sem mælir sterklega með 3 mánaða veiðitíma, sem sje það, að taka verður tillit til þeirra sem búa ofarlega við stórár; sje tíminn svona stuttur, munu þeir fara mjög varhluta af veiðinni, því jeg gjöri ráð fyrir, að það þætti kynlegt, ef fleiri misjöfn ákvæði væri gjörð í einni á um veiðitíma.

Þeir sem fylgjast með í skoðunum frv., eins og það nú er, halda því fast fram, að eigi megi þvergirða á eða kvísl, þótt einn eigi veiði í henni, og h. framsögum. (L. E. Svb.) sagði, að eigi mundi vera nema ein á á landinu, sem þannig stæði á með; það er jeg alls eigi viss um. Hann tók einnig til um Elliðaárnar, að sá sem þvergirti þar eina kvísl, mundi ekki eiga hana alla. Um þetta skal jeg ekki dæma, en ef hann ætti eigi kvíslina, mundu dómstólarnir fyrir löngu hafa frádæmt honum þvergirðingarrjettinn og geta það enn, ef það atriði væri lagt fyrir þá, en ef hann á hana alla, hefur hann fullan rjett til þvergirðinganna samkvæmt lögum þeim, er nú gilda.

Jeg hef eigi getað sjeð, að neinar ástæður hafi komið fram, sem rjettlætt geti það, að breyta í þessu efni gildandi lögum, og jeg verð að halda fast við vikufriðunina og 3 mánaða veiðitíma, og sem fæstar aukaákvarðanir, þær er svipta menn veiði um skör fram.

E. Th. Jónassen: H. 4. kgk. (Á. Th.)

hefur nú tekið fram ýmislegt af því, sem jeg ætlaði að segja, og jeg fellst að öllu leyti á það, sem hann hefur sagt.

Jeg skal þó bæta því við, að ef það verður að lögum, að hafa veiðitímann að eins $2^1/_2$ mánuð, þá þekki jeg á í Borgarfirði, þar sem svo stendur á, að veiðieigendur geta þá alls engan lax veitt. Sama er og að segja í Árnessýslu. Laxveiðin byrjar á sumum stöðum ekki fyrr en 20. ágúst og jeg held að veiðieigendur mundu þakka h. 3. kgk. (L. E. Svb.) kærlega fyrir, að kalla þann lax, sem þeir veiða samt, ónýtan. Jeg held því að þessi ákvæði um $2^1/_2$ mán. veiðitíma sjeu öldungis ófær *(L. E. Svb.:* Misskilningur), og jeg skil ekki af hvaða ástæðum þessi ákvörðun er komin inn í frv. hjá h. Nd.

Jeg skal lýsa því yfir, að við tökum aptur breyt.till. okkar undir staflið 2, því að hún er samhlj. breyt.till. minni hlutans undir staflið 3.

Viðvíkjandi breyt.till. okkar um það, að eigi megi raska friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí til 1. ág., þá skal jeg taka fram, að þessi ákvörðun er samkvæm núgildandi lögum. Það liggur í augum uppi, að í hörðum árum er það ekki gott að skjóta nærri eggverum 1. júlí. Það er allt of stutt friðunartakmark og jeg álít það vera beinlínis að skerða eignarrjett varpeigenda, enda er og þessi breyt. gjörð, án þess að leitað sje hinna minnstu upplýsinga hjá varpeigendunum sjálfum, sem þó hljóta að þekkja betur til þessa atriðis heldur en alveg ókunnugir menn. Jeg skil heldur ekki, vegna hvers vikufriðunin, sem allt af hefur staðið í lögunum, er nú allt í einu orðin ónauðsynleg. Það er eilíft hringl — liggur mjer við að segja — með þessi laxalög á hverju þingi; þau hafa verið á dagskrá þingsins síðan 1867. Jeg held það veitti ekki af að menn kynntu sjer betur, hvernig slíkum lögum er hagað í öðrum löndum, *(L. E. Svb.:* Þykist þingmaðurinn þekkja það?). Jeg segi mína „subjectívu“ skoðun, og jeg stend við það, að margir hefðu gott af því, að leita sjer upplýsingar hjá laxfróðum mönnum.

Jeg vil svo að endingu vísa til þeirra orða, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) sagði á þingi 1875 um laxalögin; það voru sönn orð.

Framsögumaður (L. E. Sveinbjörnsson): Jeg tók fram í ræðu h. 2. kgk. (E. Th. J.) um, að það væri misskilningur hjá honum viðvíkjandi veiðitímanum; því að það segir sig sjálft, að úr því að tekið er að eins til í frv. að veiðitíminn skuli vera $2^1/_2$ mánuður, er sýslunefndunum sett í sjálfsvald að ákveða, hvenær veiðitíminn skuli byrja og hvenær enda, eptir því sem sjerstaklega hagar til í hverjum stað.

Jeg veit ekki hvort h. 2. kgk. (E. Th. J.) er mjer sjerlega þakklátur fyrir þessar upplýsingar. En þeir sem veiði eiga ofarlega í ám, þeir hljóta að verða það.

E. Th. Jónassen: Jeg hef enga vissu fyrir því, hvort sýslunefndir munu vera svo fúsar á, að setja svoleiðis ákvarðanir fyrir laxveiði, að veiða megi ofar í ánni á þessum tíma, en neðar aptur á hinum. Jeg er viss um að sýslunefndin í Árnessýslu mundi ekki vera svo fús til þess. Það er og enda nokkuð hæpið, að fá sýslunefndum slíkt vald í hendur.

Jeg vil ekki gefa atkv. mitt svo út í loptið, að jeg greiði atkvæði með þessum ákvæðum.

Skúli Þorvarðarson: Viðvíkjandi því sem h. 2. kgk. (E. Th. J.) minntist á í ræðu sinni um Hvítá í Árnessýslu, að það mundi ófært takmark fyrir hana, að hafa veiðitímann að eins $2^1/_2$ mánuð, þá skal jeg geta þess, að jeg hef ekki orðið var við neinn ágreining um veiðina í þeirri á, og jeg hræðist ekki svo mjög, að veiðieigendur í þeirri á leggi mesta áherzlu á að hafa veiðitímann sem lengstan, heldur að sem bezt friðun fáist fyrir laxinn,

fyrir hinni mikla meinvætti, selnum, og svo að haganlega sje fyrirskipað með veiðitímann, að því leyti sem mögulegt er að sameina vilja manna í því efni bæði ofarlega og framarlega með ánni. Og það er auðvitað á valdi sýslunefndanna, að setja veiðireglurnar svo haganlega fyrir hverja á, sem hægt er að sjá að bezt fari, án þess að breyta grundvallarreglu laganna. Jeg skal játa það að sönnu, að jeg hefði kunnað betur við, að vikufriðuninni hefði verið haldið í þessu frv., en hjer er þó nokkuð öðru máli að gegna, þar sem millibil milli veiðivjela er ákveðið 100 faðmar í staðinn fyrir 30 faðma í núgildandi veiðilögum; við það hefur laxinn mikið frjálsari göngu í ánni, svo að síður er þörf á 36 stunda friðuninni. Það ákvæði var líka nokkuð óvinsælt hjá sumum veiðimönnum, bæði vegna þess, að þessi 36 stunda vikufriðun gerði hindrun á veiðinni um aðalveiðitímann, og auk þess væri mjög mikið haft fyrir að taka mörg net upp og koma þeim fyrir aptur, enda geti fyrir komið, að laxganga komi þegar á friðunartímanum stendur, og sje þá sárt að megi ekki reyna að ná honum. Mönnum hefur því að sjálfsögðu opt verið eptirsjá að því, að geta ekki náð í hann vegna þessarar 36 stunda friðunar.

Mjer finnst því ekki, að þótt sleppt sje þessari vikufriðun, sjeu svo miklir annmarkar á frv., að jeg geti ekki fellt mig við það.

Jeg get heldur ekki fellt mig við br.-till. á þingskj. 502 við 4. gr. Eins og h. þingd.m. er kunnugt, er komin til þingsins bænarskrá undirskrifuð af öllum veiðieigendum í Hvítá og Ölvesá um það, að gjöra selinn ófriðhelgan. Jeg hef ekki sjeð mjer fært að hreyfa þessu máli í sjerstöku frv., hversu gjarnan sem jeg hefði viljað, því jeg reyndi á síðasta þingi að koma fram frv. um það efni, og fjell það sem kunnugt er í Nd., en þegar þetta laxfriðunarfrv. kom fyrir þingið, sem tók til sama efnis, hef jeg verið að bíða eptir afdrifum þess, og fer fjarri, að jeg geti fallizt á breyt.till. við 4. gr. frv., til þess að heimila selnum að spilla laxveiðinni yfir allt sumarið.

Jeg hygg að það sje fullsannað af h. framsögumanni, að það sje ástæðulaust að koma með þessa breyt.till. um að lengja eggvera og selalátra friðunina til 1. ágúst, svo jeg þarf þar engu við að bæta.

Að öllu þessu yfirveguðu finn jeg eigi ástæðu til annars en að greiða atkv. með frv. óbreyttu.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. felldar, 3 með 6:4 atkv., ein (nr. 3 á þingskj. 499) með 7:4, og ein (nr. 3 á þingskj. 502) með 6:5 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 6:4 atkvæðum og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*

Fertugasti og sjötti fundur, þriðjudag 25. ágúst kl. e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 499, 523, 524); ein umr.

Forseti skoraði á minni hluta fjárlaganefndarinnar að skýra frá, hvers vegna álit hans eigi væri einnig lagt fram í deildinni.

Arnljótur Ólafsson kvaðst svara þessu svo fyrir hönd minni hlutans, að enginn ágreiningur hefði komið fram í nefndinni um þau atriði, sem prentuð væru á nefndarálitinu, og sá ágreiningur, sem hefði orðið, væri því með öllu óviðkomandi nefndarálitinu. Það hefði verið sökum tímaleysis að nöfn minna hlutans stæðu ekki undir nefndarálitinu, með því að hann hefði ekki getað setið heima í gærkveld sakir anna, og hefði því ekki getað skrifað undir það, enda hefði verið nógur tími til að prenta nefndarálitið í morgun. Hann

kvaðst svo vona að þessar athugasemdir nægðu.

Grímur Thomsen kvaðst ekki skoða nefndarálitið á þingskjali 512 (C. 523) sem reglulegt nefndarálit, því tveir nefndarmanna af 5 hefðu eigi skrifað undir það, og annar þeirra væri framsögum.; beindi hann þeirri spurningu að forseta, hvort hann hefði fengið tilkynningu um, að framsögumaður hefði sagt af sjer framsögunni.

E. Th. Jónassen kvað, það gleðja sig, að hinir 2 nefndarmenn væru nú samþykkir meiri hlutanum, en hann sagðist ekki geta gjört að því, að nöfn þeirra stæðu ekki undir nefndarálitinu. Orsökin til þess, að hann stæði undir hinu prentaða nefndaráliti sem framsögumaður væri sú, að hinn kosni framsögumaður nefndar þeirrar, sem sett hefði verið í mál þetta (h. 5, kgk. þm. A. Ól.) hefði afsagt nefndinni að hafa framsöguna lengur, og hefði mælandinn þá sem formaður nefndarinnar tekið að sjer framsöguna eptir ósk þeirra 2 h. þm., sem skrifað hefðu undir hið framlagða nefndarálit með honum, en mælandi kvaðst fús til þess að afhenda framsöguna í hendur hins 5. kgk. þm. (A. Ól.), ef hann vildi nú aptur taka hana að sjer.

Forseti skoraði þá á 5. kgk. þm. (A Ól.) að segja til, hvort hann væri ekki framsögumaður nefndarinnar eins og áður.

Arnljótur Ólafsson sagði, að 2. kgk. þm. (E. Th. J.) hefði lýst ánægju sinni yfir því, að minni hlutinn væri *nú* samdóma meiri hlutanum, en hann hefði ávallt verið það *(E. Th. J.* kvaðst neita því og kvaðst í því efni geta skýrskotað til hinna annara meðnefndarmanna). Nefndin hefði orðið ásátt um allar breytingarnar orðrjettar, nema hvað eigi hefði verið búið að orða 4. breytinguna um skilyrðin fyrir fjárveitingunni til strandferðanna, sem minni hlutinn væri samþykkur. Hinar breytingarnar voru þegar á fyrstu fundum nefndarinnar samdar af nefndinni allri og samþykktar. En þegar nefndin klofnaði, þótti eigi rjett, að framsögumaður málsins sæti í minni hlutanum.

Forseti kvað h. 5. kgk. þm. (A. Ól.) eigi hafa svarað spurningu sinni, og kvaðst því enn á ný vilja skora á hann, að gefa yfirlýsingu um, hvort hann ætlaði að afsala sjer framsögu málsins eða ekki.

Arnljótur Ólafsson kvaðst ekki geta afsalað sjer framsögunni þvert á móti vilja þingdeildarinnar, en hann vildi ógjarnan taka hana af hinum framsögumanninum.

Forseti bar því næst undir atkv., hvort nefndarálitið á þingskj. 512 og breyt.till. á þingskj. 514 (C. 524) skyldu koma til greina við umræðurnar, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, eptir að landshöfðingi fyrir sitt leyti hafði gefið leyfi til, að afbrigði í þessu efni yrðu gjörð frá þingsköpunum.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg hef í raun rjettri lítið að tala um þetta mál, af því að breytingar þær, sem nú eru gjörðar, eru hinar sömu sem nefndin áður hefur gjört við frumvarpið og sem h. deild hefur samþykkt. Jeg skal þó geta þess, að 1. tölul. er dálitið öðruvísi nú, af því að neðri deild hefur bætt við skilyrðinu: „landsh. úthlutar fje þessu samkvæmt þingsályktun þeirri, er neðri deild alþ. hefur samþykkt". Þetta skilyrði hlaut nefndin að taka sem árás á rjettindi efri deildar. Hinir 6 h. deildarmenn muna, að þegar þingsályktunin kom til efri deildar, var felld úr fjárveiting til fjenaðarsýninga, en það var ekki nefndinni að kenna, eða máske rjettara sagt, að þakka, að þingsályktunin með þessari úrfellingu fór ekki aptur til neðri deildar; það var forsetans verk, en hvorki deildarinnar nje nefndarinnar. Jeg held að neðri deild hafi tekið það að vísu óstinnt upp, að þingsályktunin skyldi ekki ganga aptur til Nd., og jeg hef jafnvel heyrt á sumum neðrideildarmönnum, að þessi regla væri gagn-

stæð því, sem áður hefði tíðkazt. Eptir því sem jeg framast veit, hefur meðferð á þingsályktunum jafnan legið undir úrskurð forseta. Nú hefur nefndin stungið upp á að þessi skilyrðisgrein falli burt, en til þess að gjöra sem minnstar breytingar frá frv. neðri deildar, hefur hún ekki sett aptur inn hina fyrri skilyrðisgrein sína við þennan staflið (10. gr. C. 4. b.). Sömuleiðis hefur nefndin lagt til að fella burtu fjárveitinguna til fjenaðarsýninga, af því hún var felld á þingsál.skjali efri deildar.

Þá er að minnast á 3. breyt. nefndarinnar við 10. gr. C. 4. h., um styrkinn til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum. Neðri deild hefur veitt henni 4000 kr. fyrra árið, og jafnframt fellt skilyrðið fyrir styrkveitingunni burtu úr frv. efri deildar, og fært styrkinn úr 3000 kr. upp í 4000 kr. Nú hefur nefndin hjer fært hann aptur niður í 3000 kr. og bætt við þeirri athugasemd, að styrkurinn sje bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjar-fjelög leggi til $^1/_4$ móti $^3/_4$ úr landssjóði. Ástæðan fyrir þessari viðbót er sú, að ef ekkert skilyrði væri, þá væri þessi fjárveiting fullkomin undantekning frá öllum fjárveitingum til sjerstakra fyrirtækja, hvort heldur litið er á styrkveitingar til gufubáta eða landbúnaðar. Til gufubáta eiga hlutaðeigandi sýslu- og bæjar- fjelög að leggja til $^1/_4$, en til landbúnaðar er styrkurinn úr landssjóði aldrei meiri en 10%. Styrkurinn hefur verið þetta frá um 20 til 30 aura fyrir hvert dagsverk og dagsverkið með fæði geta menn talið frá 2 til 3 kr., að minnsta kosti er það algengt í Norður- og Austuramtinu Nefndin var samhuga á því, að þegar landssjóður veitir fje til einstakra hjeraða eða einstaks fjelags, eins og hjer á sjer stað, þá ætti aldrei að veita það, nema því að eins, að hlutaðeigendur einnig taki þátt í kostnaðinum; en ef landssjóður á að brytjast niður handa hverjum sem vera skal eður handa „Kreti og Pleti", þá er hann orðinn hreppasjóður fyrir eintóma landsómaga og betlilúkur.

Svo vil jeg minnast á 4. breyt. nefndarinnar, við 12. gr. C. a., um strandferðirnar. Þar hefur nefndin látið standa orðin „allt að 21 þúsund kr." til þess að víkja sem minnst frá frv. neðri deildar, þótt hún áliti fullt svo rjett að hafa 18 þúsund; en þessu langa skilyrði á 7., 8. og 9. blaðsíðu, þessari halarófu eður halastjörnu, vill nefndin kippa burtu, með því að það er nýmæli, sem áður hefur aldrei staðið í fjárlögum. Áður hefur aldrei verið farið fram á annað, en að stjórnin taki sem mest tillit til áætluna alþingis um strandferðirnar, sem auðið væri, og í samkvæmni við það hefur nefndin nú bætt við að eins því skilyrði, að landsstjórnin hlutist til um, að strandferðunum verði hagað sem næst tillögum alþingis, að unnt er. Stundum, eins og á síðasta þingi, hefur ekkert skilyrði verið sett, og þó hafa strandferðirnar verið auknar. Þegar jeg nú sný mjer að efninu, þá held jeg að í þessum skilyrðum neðri deildar felist ýms atriði, sem ómögulegt er að fullnægja, og sem því hljóta að verða til þess að strandferðirnar falli alveg niður. Hver verður þá árangurinn af öllu saman, ef tillögur neðri deildar næðu fram að ganga? Einmitt sá, að eyða öllu fje landssjóðs og svipta landsmenn strandferðunum. Vjer vitum, að strandferðirnar eru lífsnauðsyn fyrir allflesta smákaupmenn, flesta borgara og næstum öll smákaupfjelög, því vjer vitum, að gufuskipin flytja einkum vörur til þeirra á öllum þeim höfnum, sem þau koma til. Eptir minni beztu þekkingu á stjórnmálum hygg jeg og, að hjer sje stigið stórt spor til þess, að löggjafarvaldið taki framkvæmdarvaldið sjer í fang, eður að löggjafarvaldið setur landsstjórnina af í þessu efni.

Um hina staflíðina í 12. gr. b. til f, þarf jeg ekki mikið að tala, því að styrk-

urinn til gufubátanna er af nefndinni færður, eins og áður, úr 3000 kr. niður í 2400 kr. Nefndin hefur hjer slakað til við neðri deild, með því að lofa styrknum til gufubáts á Breiðafirði að halda sjer, svo að Vestfirðingar geti verið jafnþungir á metunum sem Sunnlendingar, með því að nú sýnist það að vera virðingarmerki, að vera sem þyngstur á metunum fyrir landssjóð.

Hvað góðskáldið sjera Matthías Jochumsson snertir, þá hefur nefndin flutt hann fram í greinina, undir staflið A. b., þar sem talað er um útgjöld í þarfir andlegu stjettarinnar; sjálfsagt tapast nokkuð við það hinn skáldlegi blær, en andlegi blærinn vinnur aptur, þegar hann kemst undir andlegu stjettina. Nefndin hyggur einnig að skáldinu verði það haganlegra, þegar öllu er á botninn hvolft, að fá rúmar 400 kr. ár hvert, og það að öllum líkindum, meðan hann þjónar Akureyrarbrauði, heldur en 1000 kr. um eitt fjárhagstímabil, og þess vegna hygg jeg, að hann slái ekki hendinni á móti þessum styrk, eins og jeg líka vona svo góðs til neðri deildarinnar, að hún ekki felli hann á síðan, þar eð tölulíðurinu einnig er orðaður þannig: „bráðabyrgðaruppbót handa hinnm *núverandi presti* í Akureyrarprestakalli"; nefndin orðaði þetta þannig, til þess að veitingin væri bundin við hinn núverandi prest. Að nefndin hefur lagt til að fella skáldalaunin, kemur ekki af því, að vjer viljum eigi meta mikils hið þjóðkunna skáld, þótt engin skáld sjeu í nefndinni, heldur af því, að nefndin álítur sjera Matthíasi það hollara og drýgra að fá hinn styrkinn; enda getum við ekki launað öllum okkar góðu skáldum, og er því varúðarvert að byrja á því, að taka einn út úr og gjöra honum svo miklu hærra undir höfði en öllum öðrum, fyrst vjer erum svo fátækir, að vjer getum eigi launað hinum góðskáldum vorum.

Þá er eigi eptir annað en breyt. nefndarinnar við 13. gr. B. VI. b. 1., þar sem farið er fram á að fella burt „allt að 200 kr. til eptirlits við barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum, öðrum en kaupstöðum". Nefndin felldi þetta úr, af því hún hjelt, að þetta eptirlit gæti ekki orðið að nokkru eiginlegu liði, og að minnsta kosti eigi annarstaðar en þar sem barnaskólar eru komnir á fót; en í þessu efni láta menn sjer vanalega skýrslur nægja, en að öðru leyti eru þetta smámunir einir.

Auk breyt.till. nefndariunar hafa ekki komið aðrar breyt. fram, en breyt.till. á þingskj. 514 frá h. þm. Húnv. (Þ. J.), og felli jeg mig vel við hana, eins og jeg líka vona að deildin samþykki hana.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal ekki fara út í það, hvort breyt. nefnd. eru æskilegar eða ekki, en vil að eins minnast á, hvort nokkrar líkur sjeu til, að þær nái fram að ganga í sameinuðu þingi, ef þær verða samþykktar hjer í deildinni. Þeir, sem hafa veitt eptirtekt atkvæðagreiðslunni í neðri deild um fjárlagafrv. síðast, geta víst varla ímyndað sjer að þeim reiði vel af í sameinuðu þingi, að minnsta kosti ekki nema örfáum þeirra. 1. breyt. ímynda jeg mjer að verði samþykkt, því að athugasemdin stóð ekki í fjárlagafrv., þegar það kom fyrst frá neðri deild. 2. breyt., um fjenaðarsýningar, gengur að líkindum einnig fram í sameinuðu þingi, af því það var samþykkt með litlum atkvæðamun í neðri deild, að þessi fjárveiting skyldi standa, og sama er að segja um 7. breyt.-till. nefndarinnar. En öll hin atriðin, sem nefndin hjer hefur breytt, voru þar samþykkt með 17—18 atkvæðum, og skilyrðið fyrir styrknum til gufuskipsferða í einu hljóði, svo ekki er útlit fyrir, að breyt. um þau atriði fái framgang í sameinuðu þingi, þótt þær verði samþykktar hjer. Það er því tilgangslaust að greiða atkvæði með þeim. Jeg fyrir mitt leyti greiði því ekki atkvæði með breyt. nefnd., nema þeim, sem

jeg hef nefnt og hygg að samþykktar verði í sameinuðu þingi. Jeg get þessa til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg á hjer eina breyt.till. á þingskj. 514, um hækkun á styrknum til Þjóðvinafjelagsins; jeg er þakklátur h. framsögum. (A. Ó.) fyrir, hversu vel hann tók í hana. Það var haldinn fundur í fjelaginu í gær, og kom það fram, að efnahagur þess er svo bágborinn, að það skuldar á 3. þúsund krónur. Það heyrðust enda raddir um, að nauðsynlegt væri að auka styrkinn til þess, og mætti það engum mótmælum, og vona jeg því, að þessi breyt.till. mín mæti ekki mótspyrnu hjer, með því líka að fjelagið hefur lagt mikið í kostnað til þess að gefa út margar góðar og nytsamar bækur, og verðskuldar því, fremur mörgu öðru, að það sje styrkt með nokkru meira fje úr landssjóði.

Grímur Thomsen: Það eru einstöku breyt.till. hjá h. nefnd, sem jeg get ekki fallizt á. Fyrir það fyrsta finnst mjer ekki næg ástæða til að láta falla burtu styrkinn til fjenaðarsýninganna; jeg held að þær geti orðið til góðs, orðið til þess að efla og bæta fjárræktina hjá oss. Þá er hjer önnur breyt.till., sem jeg get ekki heldur fallizt á; hún fer fram á að færa niður styrkinn til gufubátanna; fyrir það fyrsta er ekki til neins að fara fram á þetta, því að jeg er viss að hærri upphæðin verður samþykkt í sameinuðu þingi, og í öðru lagi sýnist mjer sú upphæð, sem stendur í frumv. h. Nd., ekki of há. Sparnaðurinn er líka svo lítill, ekki nema 5 sinnum 600 kr. eða 3000 kr., að eigi er ástæða til að gjöra þetta að deiluefni milli deildanna. Þriðja breyt.till., sem jeg get ekki fellt mig við, er breyt.till. h. þm. Húnv. (Þ. J.). Mjer finnst það ekki eiga við fyrir oss, að veita fje handa fjelagi, sem er eins nátengt þingmönnum og Þjóðvinafjelagið er; mjer finnst eptir öllum atvikum ótilhlýðilegt að hækka styrkinn upp í 600 kr., og það því fremur, sem reikningar fjelagsins eru ekki eins reglulega færðir, eða hafa ekki verið það, eins og æskilegt væri. Það er h. þm. kunnugt. Jeg vil því að haldið sje við þá fjárveitingu, sem fjelagið hefur nú.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá athugasemd við ræður þeirra h. þm. Húnv. (Þ. J.) og Borgf. (Gr. Th.), að þar sem þeir vilja ekki fallast á sumar breyt.till. nefndarinnar fyrir þá sök, að þær muni ekki verða samþykktar í sameinuðu þingi, þá getur þetta verið rjett frá þeirra sjónarmiði; en mín skoðun er sú, er jeg vona sje eigi miður rjett, að efri deildinni beri að missa ekki einurð sína, hvað sem ofan á kann að verða í sameinuðu þingi. Jeg álít að lítilmagninn — og hjer er efri deild lítilmagni gagnvart neðri deild —, jeg álít að hann eigi að halda einurð sinni jafnt, þótt hann hafi ekki bolmagn til mótstöðu. Jeg stend hjer í Ed. sem efrideildarmaður og greiði atkvæði sem efrideildarmaður. Þó að jeg verði ofurliði borinn í sameinuðu þingi, þá ber jeg ekki ábyrgð á því, en jeg ber ábyrgð á atkvæði mínu hjer, og jeg tel það siðferðislega skyldu mína og annara, að halda jafnan einurðinni. Jeg gjöri þessa athugasemd, þótt jeg viti, að hennar þurfi raunar ekki við, því h. deildarmenn þekkja skyldu sína, en ræður h. þm. (Þ. J. og G. Th.) hafa gefið mjer tilefni til að gjöra hana.

Ef h. þm. Borgf. (G. Th.) lítur í 17. gr. fjárlaganna, þá mun hann sjá, að tekjuafgangur er áætlaður rúmar 12,000 kr., og þó hefur h. Nd. hækkað tekjurnar um 10,000 kr., svo að í rauninni er afgangurinn ekki nema 2000 kr. Einhvern tíma mundi h. þm. (G. Th.) hafa þótt þetta of lítill tekjuafgangur, enda held jeg að svo sje, þegar tekið er tillit til þess, að sjálfsagt má búast við einhverjum fjáraukalögum, og vel getur verið, að dýralæknar verða skipaðir hjer á fjárhagstímabilinu.

Hví skyldi þingið kasta út öllu fje sínu

í góðu árunum? Afleiðingin af því hlýtur að verða sú, að þegar harðnar í ári, þá verður annaðhvort að hætta áð styrkja framfarafyrirtæki þau, sem þotið hafa upp af landssjóðsstyrk í góðærinu, og að þau hljóta að velta um koll, eða leggja verður á nýja skatta og tolla, eður enn að landið verður að hleypa sjer í skuldir. Jeg held því að það sje rjettara, að reisa sjer ekki hurðarás um öxl, svo að ekki fari fyrir þjóð vorri eins og því, er veltur ofan af þúfu.

Jeg tek það enn upp, að það var samhuga álit nefndarinnar, að fara sem vægast að unnt var í allar breytingar. Hvernig sem neðri deild tekur í frv. í sameinuðu þingi, þá vona jeg að það orð liggi á efri deild, að hún hafi farið sáttfúslega og vægilega í sakirnar.

Grímur Thomsen: H. framsögumaður (A. Öl.) hefur rjett að mæla, að mjer þykir tekjuafgangurinn í raun og veru allt of lítill. En h. nefnd hefði átt að gjöra miklu stórkostlegri breytingar í sparnaðaráttina en hún hefur gjört, til þess að tekjuafgangurinn hefði getað orðið verulegur. En það munar litlu, hvort veittar eru 3000 kr. eða 2400 kr. til gufubátanna, því að eins og jeg veit að 12000 kr. tekjuafgangur er of lítill, eins veit jeg, að þegar tekjurnar eru ordnar minni en útgjöldin, þá munar minnstu, hvort þessar 3000 kr. vantar eða ekki. Jeg veit ekki heldur til að nokkrar skýrslur sýni, að 2400 kr. sjeu nægilegar til þess, að bátunum verði haldið út fyrir þær. Yfir höfuð álít jeg það betra að gjöra færri breytingar, en halda fast við þær breytingar, sem gjörðar eru.

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Tekjuafgangurinn var eptir fjárlagafrv., er það fór hjeðan úr deildinni, því nær 29,000 kr., og ef allt er sparað það er hjer er farið fram á, þá eru það á fjárhagstímabilinu 2000 kr. til fjenaðarsýninga, til ábyrgðarfjelags 1000 kr., til gufubáta 6000 kr. eða samtals 9000 kr. á fjárhagstímabilinu; það er þó ofurlítill skildingur, þótt lítið sje.

ATKVÆÐAGR.: Allar breyt.till. nefnd. (þingskj. 512) samþ., hin fyrsta í e. hlj., aðrar með 7 til 9 atkv. (þar á meðal 8. tl. með 9 atkv.), nema 7. tl. með 10. Breyt. till. á þingskj. 514 felld með 6 gegn 5 atkvæðum.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta í sameinuðu þingi.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 519); ein umr.

Frv. þetta var tekið út af dagskrá, með því að ekkert álit var komið frá nefnd þeirri, er áður hafði fjallað um það.

Frv. til laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. (C. 515); 1. umr.

E. Th. Jónassen: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að frv. þessu verði vísað til þeirrar nefndar sem kosin var fyrir nokkru hjer í deildinni til að segja álit sitt um tvö önnur sams konar mál.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 7 atkv. að vísa frv. til þeirrar nefndar.

Tillaga til þingsályktunar um Skúmstaðaós (C. 490); ein umr.

Landshöfðingi: Mjer þykir tillaga þessi nokkuð einkennileg: að vera að bera upp ályktun um, að sprengja burtu sker á landi einstaks manns. Það mun flestum h. þingdeildarmönnum kunnugt, að jörðin Skúmstaðir er bóndaeign, og sami maður á því að sjálfsögðu sker þau, sem þessi verkfræðingur á að skoða og gjöra áætlun um, hvað kosta muni að sprengja. Það væri gaman að fá að vita, hvort nokkur beiðni er komin frá eigandanum um þetta, því að hann er sá eini rjetti málsaðili og enginn getur vaðið inn á land hans, til að sprengja þar sker, nema með hans leyfi, — ekki einu sinni landsstjórnin.

Það getur vel skeð að ýmsir kynnu að hafa gaman af að vita, hvað kosta mundi að sprengja þessi sker, en það er svo margt sem menn hafa gaman af að fá að vita, og ef landssjóður á að fara að seðja þá forvitni manns, hygg jeg að hann mundi þá fljótt til þurrðar ganga.

Skúli Þorvarðarson: Það eru hinar sjerstaklegu og erfiðu kringumstæður með höfnina á Eyrarbakka, sem valda því, að tillaga þessi er komin fram í h. Nd. Það mun flestum kunnugt, að þar er bæði mjög þröng og ill höfn, svo að eigi er hægt að koma fleiri festum þar fyrir en þeim, er Lefolii stórkaupmaður þarf að brúka, eða lætur brúka, en nú eru á Eyrarbakka auk þessa kaupmanns aðrir tveir smákaupmenn, sem teljast mega nauðsynlegir þar, því að þrátt fyrir það, þótt Lefoliisverzlun sje mjög vinsæl, og það að maklegleikum, þá hefur samt reynslan orðið sú, að þrátt fyrir það, að þessir 2 smákaupmenn eru þar líka, hefur samt vistaskortur orðið þar á hverjum vetri. Smákaupmennirnir hafa orðið að sækja á hestum vörur til Reykjavíkur og má geta nærri, hve dýrar slíkar vörur hljóta að verða. Á þessu verður eigi ráðin bót, nema með því að höfnin verði svo bætt, að fleiri geti þar komizt að með skip sín.

H. ldsh. tók það rjettilega fram, að á þessu verður engin bót ráðin nema, eptir samkomulagi við eigandann; en till. þessi fer eigi svo langt, að taka neitt af eiganda hinna áminnztu skerja heldur að skoða skerin og segja, hvort svo kölluð austurhöfn, á Eyrarbakka mundi brúkanleg, ef skerið yrði tekið burt, og ekki heldur hvaðan taka eigi fje til að sprengja þessi sker eða þennan þröskuld, sem liggur fyrir austurhöfninni. Hún ræðir að eins um, að fá upplýsingar frá þar til hæfum manni um, hvort þetta mundi vera vinnandi verk, og segja til, hvort höfnin mundi vaxa og batna við þetta.

Skoðunargjörð þessari hugsa menn sjer hagað á þann hátt, að hún þyrfti ekki að hafa mjög tilfinnanlegan kostnað í för með sjer. Þetta mundi auðvitað kosta talsvert fje, ef fá þyrfti mann frá útlöndum hingað upp einungis til ess; en það er eigi tilgangur uppástungumanna, heldur að bíða þess að verkfróður maður væri til taks. Það má ætla að næsta ár muni verkfróður maður vera hjer á landi, sem ekki er ólíklegt að mundi vera fær um að álíta það, sem tillaga þessi tekur fram, og áætla kostnaðinn við að sprengja skerin, sem mest liggur á.

Það er almennings þörf, sem hjer kallar að, því að það er meiri hlutinn úr 3 sýslum, sem helzt sækja þangað að, Skaptafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu; þetta er fyrir mestan hluta þeirra langhentugastur staður til að reka verzlun sína á. Það er því eigi fyllilega rjett, að þetta sje að eins eins manns áhugamál, heldur mjög margra.

Það er eigi líklegt, að þessi verzlunarstaður muni geta tekið miklum framförum frá því sem nú er, ef engin breyting verður á með höfnina þar, nje heldur að þessi stórverzlun, sem þar er, og sem jeg þó segi að sje í góðu lagi, muni geta fullnægt þörfum manna, því að við það að fiskiver er á Eyrarbakka mjög stórt, vex um leið viðskiptaþörfin

Það er eigi einungis af því, að tillaga þessi er komin fram frá mínu kjördæmi, að jeg mæli með henni, heldur af því, að jeg veit af kunnugleika mínum, að full þörf er á, að á einhvern hátt verði bætt Eyrarbakkahöfn, svo hún geti verið fleiri kaupmönnum til afnota en einum, sem nú hefur öll skipsfesta not og er eigandi þeirra.

Arnljótur Ólafsson: Jeg álít þær ástæður, sem komið hafa frá h. ldsh., fullnægjandi til að fella þingsályktun þessa. En svo er mál þetta einnig illa eður alls ekki undirbúið; jeg veit ekki, hvaðan það hefur upptök sín; jeg hef heldur ekki

sjeð neinar bænarskrár frá hlutaðeigandi sýslum um að gjöra áætlun um, hvað mikið þessar sprengingar muni kosta. Nú er enginn verkfræðingur til og engir peningar til að kosta þetta. Það er þó víst ekki meiningin, að ganga milli bols og höfuðs á landssjóði, enda ekki víst að hann láni fje til þess, svo ekki gagn verður af skoðuninni, ef kostnaðurinn verður margfaldur við gagnið af sprengingunum. Það verður ennfremur að athuga, hve mikil höfn mundi vinnast við þessa sprengingu. Jeg hef heyrt af sumum fyrir utan þingsalinn, að það mundi vinnast rúm fyrir eitt skip, og að skipið muni hljóta að liggja á þurru, að heita má, um hverja fjöru, nema gjörð sje „dokka“ og lokað fyrir. Verði ekki hægt að leggja þar að minnsta kosti 3 — 4 skipum, þá sje jeg ekki, hvað er unnið við þetta. Það tjáir ekki, að hrapa að svona lagaðri tillögu; hlutaðeigendur verða fyrst að koma með skýrslur. Jeg er því eindregið á móti tillögunni, eins og hún nú er.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa, að þetta mál hefði átt að koma betur undirbúið hjer til þingsins. H. þingdeildarm. er víst ekki ljóst, hve mikil almenn þörf liggur hjer til grundvallar. Það er rjett, sem h. þm. Árn. (Sk. Þ.) tók fram, að það eru mörg og fjölmenn hjeruð, sem reka verzlun á Eyrarbakka, og nú er svo komið, að þessi Skúmstaðaós er lokaður öllum, nema eigandanum einum; jeg hefi heyrt að það sje álit kunnugra manna, að mikið mætti laga innsiglinguna, og gætu menn komizt inn á austurhöfnina, sem svo er kölluð, þá gætu þar legið 2 til 4 skip. Jeg ímynda mjer, að h. þingdm. hljóti að vera það ljóst, að þar sem um eina verzlun er að ræða, þá geti það haft slæmar afleiðingar, að hún sje einráð. Jeg skal gjarnan játa, að eins og h. landsh. tók fram, þá vantar málið nægan undirbúning, og að ekki sje heimilt að ráðast á skerin móti vilja eigandans; en þar sem um almenningsheill er að ræða, þá vitum vjer, að hinn einstaki verður að láta undan og sleppa eign sinni gegn sanngjörnu endurgjaldi. Þannig er það t. d. í vegalögunum, að ef menn missa af landsnytjum, verður að bæta eigandanum það að fullu; en sker þessi hafa engar nytjar og þarf því ekki að bæta fyrir þau. Jeg álít mjög nauðsynlegt, að skoðun sje gjörð á þessum stað af verkfróðum manni, og greiði jeg því atkvæði mitt með tillögunni, þótt jeg hins vegar játi, að málið sje ekki sem bezt undirbúið.

Skúli Þorvarðarson: Það getur verið að h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) hafi rjett fyrir sjer í því, að hjer hafi ekki komið til þingsins nein áskorun um þetta mál, eins og það liggur nú fyrir, en jeg veit þó til að það hafa komið fram áskoranir til okkar þingmanna Árnesinga um að bera þetta Eyrarbakkahafnarmál upp á annan hátt, en jeg skal ekki taka fram, hvernig þessi áskoran var löguð, af því við þingmennirnir álítum ótiltækilegt að bera hana fram. Vjer gátum ekki betur sjeð, en að hóflega væri máli þessu hreyft á þennan hátt, og skil ekki heldur, að hin áminnzta austurhöfn verði ekki stækkuð meira en getið hefur verið um. Hjer liggur fyrir uppdráttur yfir höfnina, en jeg hef ekki kynnt mjer hann svo vel, að jeg geti borið um, hvernig höfnin er löguð. Það hafa komið fram sterk mótmæli gegn þessari tillögu, einkum að því leyti, að sprengingin skerti rjett landeiganda, sem jafnframt er verzlunareigandi. Það er þó varla líklegt, að hann mundi setja sig á móti þessu, því að með því sýndi hann augljóslega, að hann ætlaði sjer einum að hafa töglin og hagldirnar á Eyrarbakka, og mundi hann þá sjá fram á, að vinsældir hans tækju að þverra, ef hann ekki leyfði að sprengja skerin fyrir hæfilegt verð.

Jeg skal geta þess, að eptir uppdrættinum, þá er álitið, að á höfninni geti legið 10 skip; þótt jeg ekki sje fær um að segja, hvort þetta sje rjett, þá veit jeg að miklu meira rúm mun vinnast við að sprengja skerin en fyrir eitt skip. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki betur en þessi þingsályktuu sje á góðum rökum byggð.

L. E. Sveinbjörnsson: Mjer heyrðist h. þm. Rangv. (S. Á.) segja, að skerin, sem hjer er spursmál um, væru einskis virði, en jeg, sem er þessu nokkuð kunnugur, get frætt hann um, að þar er einhver hin bezta sölvatekja, svo jeg get ekki skilið, hvernig h. þm. (S. Á.) getur borið aðra eins ástæðu á borð fyrir þingdeildina. Þess ber og að gæta, að því er snertir almenningsheillina, sem h. þm. Rangv. (S. Á.) var að klifa á, að þar er kaupstaður í næstu grennd, á Stokkseyri, hjer um bil $^3/_4$ úr mílu frá Eyrarbakkakaupstað, og hefur Guðm. kaupm. Ísleifsson fengið þar útmælda lóð til verzlunar. Hver er þá almenningsþörfin? Það er þó miklu hægra, að minnsta kosti fyrir Rangvellinga, að sækja þangað en út á Bakka. Að öðru leyti hygg jeg að ástæður hæstv. landsh. ættu að vera nógu sannfærandi fyrir deildina, til þess að menn ekki greiddu atkv. með þessari tillögu.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd við orð h. 3. kgk. þm. (L. E. Svb.), þar sem hann minntist á það gagn eða sölvatekju sem landeigandi hefði af skerjunum. Jeg skal gjarnan játa, að mjer var ókunnugt um að þar væri nokkur sölvatekja; en ef til þess kæmi að sprengja þyrfti skerin, þá yrði auðvitað að meta þau til verðs, eptir því gagni, sem sölvatekjan gefur af sjer.

ATKV.GR.: Tillagan felld með 6:4 atkv.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, 26 ág. kl. $11^1/_2$ f. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 526, 539—41); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg ímynda mjer að jeg þurfi ekki að vera langorður um breyt.till. þær, sem jeg ásamt 4 öðrum h. þm. hef komið fram með á þingskjali 517. Þessar tillögur eru alkunnar og margræddar í báðum deildum þingsins, svo h. þm. mun mun ekki aukast nein sjerleg andagipt, þó þeir komi nú saman til að skrafa um þær.

Að því er snertir breyt.till. við 10. gr. C 4. g., um styrkinn til ábyrgðarfjelags í Ísafjarðarsýslu, þá fer hún fram á að færa þennan lið aptur í sama horfið, sem samþ. var í h. Nd. Jeg hef hlýtt á umræður í h. Ed. um þennan styrk, og gat jeg ekki fundið, að ástæður manna þar fyrir að færa styrkinn niður og setja þau skilyrði, sem nú eru komin inn í frv., væru á rökum byggðar. Hjer er alls ekki að ræða um sýslufjelagsmál beinlínis, heldur um privatfjelag, sem tekizt hefur á hendur að tryggja þilskip. Því var haldið fram í h. Ed., að þegar ræða væri um einhverja staðlega fjárveitingu, þá ætti þingið að binda slíka fjárveitingu því skilyrði, að hlutaðeigandi sveitir legðu fram tiltölulegan styrk við landssjóðsstyrkinn. Þetta getur verið mikið góð regla í sjálfu sjer, en það á þó tæpast við að fylgja henni allstaðar.

Tillag þetta er byggt á því, að 20 útvegsbændur hafa tekið að sjer 4000 kr. ábyrgð til þess að koma þilskipatrygging á. Ef nú vill til tjón þegar á fyrsta ári fjelagsins, þá verða þeir, ef til vill, að borga út alla þessa upphæð. Hjer er því um allt annað að ræða, en styrk eins og til búnaðarfjelaganna. Þeir sem vilja fá ábyrgð á þilskipum, verða að leggja fram fje árlega, en ekkert þvílíkt á sjer stað með búnaðarfjelögin. Jeg álít, að sjávarútvegurinn eigi að njóta jafnrjettis við

landbúnaðinn, *og* jeg legg áherzlu á þá kröfu til alþingis, að það gæti þessa jafnrjettis.

Þá álít jeg líka athugavert, hvernig athugasemd h. Ed. við þennan styrk er orðuð. Hún er þannig: „Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til $^1/_4$ o. s. frv". Hver eru þessi hlutaðeigandi sýslufjelög? Er það Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Barðastrandarsýsla, Dalasýsla og Mýrasýsla? Allar þessar sýslur eru í Vesturamtinu. Þó nú Ísafjarðarsýsla vildi ganga í þetta ábyrgðarfjelag, þá efast jeg um, að hin sýslufjelögin vildu vera með. En ef þau vilja ekki vera með, þá efast jeg um, að heimild sje til að borga styrkinn út, og þannig gjöra skilyrðin ómöguleg að fá þennan styrk; þess ber líka að gæta, að ef Ísafjarðarsýsla ein á að leggja til fjelagsins 1000 kr., þá er það töluverður skattur á sýslubúa, og þar sem landbændur kæmu þá líka til að borga þetta gjald, sem þó beinlínis snertir hag sjávarútvegsins, þá virðist mjer það ekki sanngjarnt. Þegar því þetta gjald, sem hjer ræðir um, bætist við þær 1000 kr., sem Ísafjarðarsýsla verður að leggja til gufubátsferðanna samkvæmt skilyrðinu fyrir gufubátsstyrknum, þá fer sýslusjóðsgjaldið að hækka nokkuð tilfinnanlega.

Jeg álít það skyldu þingsins, að veita þetta fje, sem hjer er beðið um, nema þingið álíti sjávarútveginn svo lítils virði, að ekki sje neitt fyrir hann gjörandi; þá er ekki um neitt að tala. Þar sem hjer er að eins að ræða um 4000 kr. í eitt skipti fyrir öll, á móts við 20,000 á ári úr landssjóði til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla, þá verður sannarlega ekki sagt, að sjávarútvegurinn beri mikið úr býtum. Að minnsta kosti fór jeg til þings fullviss um, að ekki þyrfti að mæla nema fá orð með þessum styrk.

Að því er snertir breyt.till. við 12. gr. C. a, þá er hún alveg samkvæm því, sem Nd. hefur áður samþykkt.

Jeg skal ekki tala mikið um þessa tillögu; þó hún hafi fengið misjafna dóma hjá mörgum h. þm., þá hefur hæstv. landsh. þó aldrei álitið ómögulegt að fá því framgengt sem hún fer fram á, þó hann hins vegar hafi haft nokkuð út á hana að setja í einstökum atriðum. Nú hefur verið í ýmsu tekið tillit til athugasemda hæstv. landsh. í þessu efni, og er því vonandi að þessi breyt.till. komist nú fram á þinginu.

Um breyt.till. þær, sem gjörðar hafa verið við þessar breyt.till. okkar, skal jeg ekkert tala.

3. breyt.till. okkar er sömuleiðis samkvæm því, sem áður hefur verið samþ. í Nd. Vjer viljum að styrkurinn til gufubátsferðanna sje færður aptur upp í 3000 kr. Jeg sje ekki, hvers vegna h. Ed. vill vera að klípa 600 kr. af hverjum bát.

Það getur líka verið þessum herrum til hugfróunar, að þessi styrkur getur varla komið allur til útborgunar á fjárhagstímabilinu, en hins vegar álít jeg vel eiga við, að hann standi á fjárlögum, hlutaðeigendum til upphvatningar.

H. Ed. hefur tekið upp á því, að bæta upp Akureyrarprestakall og Grundarþingaprestakall, svo sem til að bæta sjera Matthíasi Jochumsyni nokkru fyrir, að hún hefur fellt burt þann 1000 kr. styrk, sem Nd. samþykkti sem skáldlaun handa honum. Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki sjeð neina ástæðu til að veita Matthíasi sem presti styrk úr landssjóði; ef hann verðskuldaði heiðurslaun sem þjóðkirkjuprestur, þá hygg jeg að margar geti orðið heiðurslaunabeiðslurnar frá klerkum framvegis. Vjer viljum eins og áður veita honum heiðurslaun sem skáldi, en ekki sem klerki, og höfum vjer því lagt til að þingið samþykki þessar 1000 kr. sem skáldlaun til sjera M. Jochumsonar.

Grímur Thomsen: Með því að jeg ásamt öðrum h. þm. á hjer nokkrar breyt. till. tek jeg til máls. Það eru þessar breyt.till. mínar á þingskj. 520 við breyt.

till. 6 h. þm. á þingskj. 517, sem jeg vil gjöra grein fyrir.

Yfirhöfuð álítum við það óvanalegt að setja svo föst, löng og hörð skilyrði í fjárlög, sem þessi eru á þingskj. 517. En af því jeg þykist vita að svo er um hnútana búið, að erfitt muni vera að kippa þessum skilyrðum burt, þá hef jeg leyft mjer að koma fram með breytingar, sem stytta rolluna dálítið og sumpart gjöra skilyrðin aðgengilegri.

Í breyt.till. h. 6 þm. eru tvenn skilyrði, annaðhvort það fyrra eða þá það síðara. Jeg hef lagt til að síðara skilyrðið falli burt, það er að segja, síðari staflíðirnir a. b. c. og svo orðin: „annaðhvort svo“ og orðin: „eða svo“, því mjer hefur skilizt, að í fyrra skilyrðinu væri fólgið flest það, sem mönnum er hugarhaldið um að fá fram, og þess vegna vil jeg að það haldist, en hinu sje bægt burt, sem mjer hefur skilizt að ætti að vera til vara.

Í öðru lagi þá stendur í breyt.till. 1. b. í enda greinarinnar: „en í sömu ferð frá Reykjavík komi það við á Flatey, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði, og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október“.

Þessi orð leggjum við til að falli burt, eigi að eins af því, að jeg álíti það þarflaust að skipið komi við á Fáskrúðsfirði og fari svo þaðan til Reykjavíkur, heldur sjerstaklega af því, að það er stórkostlegur krókur, sem hefur í för með sjer mikla tímatöf og aukning kostnaðar og vegalengdar að þarflausu.

Um 3. liðinn í breyt.till. minni þarf jeg ekki að tala; hann er bein afleiðing af því, sem á undan er komið.

Þá kem jeg að „matarskilyrðinu“, sem jeg vil leyfa mjer að nefna svo, það hljóðar svo: „Milli hafna hjer á landi mega farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegjarúmi hafa fæði með sjer, og farþegjar á óæðra farþegjarúmi þurfa eigi að borga annað fæði en það, sem þeir njóta“. Þennan lið legg jeg til að fella úr, því þó hann hljóði um matarræði, þá virðist mjer hann óbragðlegur og ekki viðeigandi að láta hann koma inn í lögin.

Það er þeirra sem semja hvort sem er að gjöra ákvæði um þetta, hvort heldur samið verður við hið sameinaða gufuskipafjelag eða eitthvert annað fjelag í Danmörku eða þá í Englandi. En að setja þetta svona í lögin, bindur alveg hendurnar á þeim sem, semur, svo hann má ekki víkja frá því.

Loks kem jeg að því ákvæði, að útgjörðarmenn skipanna taki á móti málssókn hjer í Reykjavík í öllum þeim málum, er rísa út af póstskipsferðunum og flutningum með þeim. Mjer þykir það ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að útgjörðarmennirnir taki á móti málssókn út af misferlum á flutningi með skipunum hjer á landi, en jeg fæ ekki betur sjeð en lögsókn út af póstferðunum eigi eðlilegast þar heima, sem báðir málsaðilar eru, eða að minnsta kosti þar sem semjandi er búsettur. Skyldi það koma fyrir, að sá sem heldur út ferðunum ljeti ferð falla niður eða gjörði önnur slík óvanaleg afglöp, þá virðist mjer rjettast, að lögsókn út af því sje þar háð, sem semjandinn er.

Fyrst jeg stóð upp, kann jeg ekki við að setjast svo niður aptur, að fara ekki fáeinum orðum um eina breyt.till., sem komið hefur við 13. gr. c. Það er um skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumsonar á þingskj. 517 og svo á þingskj. 522, sem gengur í sömu stefnu, en að eins kallar það ekki skáldlaun. Það er ekki nýtt hjer á þinginu, að komið sje með tillögur um skáldlaun. Árið 1879, þá var það borið upp af einum kgk. þm., sem þá var þjóðkjörinn, og þó þá væru betri ástæður landssjóðs, var það fellt. Þá var sú stefna hjá þinginu, sem nú virðist vera vikið frá sem væri hún orðin úrelt, að verja fje fyrst og fremst til þess, að styðja atvinnuvegina; þá voru teknar upp fjár-

veitingar til eflingar búnaði, til sjómennsku, til póstmála, til samgangna, og það allríflegar eptir því sem þá stóð á. Þá áleit bæði efri og neðri deild það vera sjálfsagt, að hafa einhvern afgang til þess að búa sig undir þann tíma, þegar aukatillagið frá Danmörku hyrfi, með því móti að hafa þá safnað fje sem komið gæti í þess stað, og svo jeg nefni tölur, þá var það takmarkið að efla viðlagasjóðinn svo, að hann yrði 1 miljón króna. Því með því móti hefði árstekjurnar ekki rýrnað, þegar aukatillagið fellur burt. Nú er öldin sú, að stinga sem dýpst í árinni í fjárveitingunum og hver þykist beztur, sem það gjörir mest. Jeg hef þó heyrt að sá sje ekki beztur ræðari, sem stingur árinu dýpst. Nú er búið að veita hjer um bil upp það sem áætlað er í tekjur á fjárhagstímabilinu, og mun það þó vera fullvel í lagt, og svo er þess að gæta, að aukafjárlög taka allt af nokkuð til sín; það mun því sýna sig að þegar lýkur þá verður *sjóðþurrð*. Það hefur áður orðið sjóðþurrð, og hvað gjörði þingið þá? Það lagði á nýja tolla, nýja skatta. En mjer er spurn: Er nú mikið eptir af skattþoli landsmanna? Jeg sje það ekki. Þeir hinir ungu, frísku, fjörmiklu tápmenn, sem verið hafa þings og þjóðar brytar á þessu þingi, þeir hafa ekki að eins hækkað að mun framlag til búnaðarfjelaga, búnaðarskóla, strandferða, gufubáta, og margs fleira, sem jeg skal ekki lasta, heldur hafa þeir aukið kostnaðinn til póstferða svo gífurlega, að hann er *29 þúsund krónum* hærri en hann var áður. Jeg veit vel, að í öðrum löndum er það áríðandi, að hafa góðar og tíðar póstgöngur, en þar er líka fjöldi af mjög áríðandi brjefum, sem gengur manna á milli; en hjer eru mestu flutningarnir kunningjabrjef og frjettablöð. Hverjir hafa svo sjerstaklega gott af þessu? Það eru blaðamennirnir, til þess að gjöra þeim hægra fyrir að koma blöðum sínum sem fljótast víðsvegar um land. Jeg held að það hefði verið betra, að veita blöðunum heldur dálitla upphæð til þess að þau yrðu efnisríkari og efnisbetri en þau eru.

Þetta verður í síðasta sinn, sem jeg tala á þingi, og jeg get ekki neitað því, að jeg skil ekki, hvernig hinir ungu, frísku, tápmiklu, fjörugu, góðu þingmenn hafa farið að því, að ætla sjer að við hafa þessar ríflegu fjárveitingar, og fyrst þeir vóru búnir að tæma sjóðinn með öðrum tillögum, þá hefði jeg getað búizt við, að þeir hefðu haldið heldur sparlega á þegar kom til þeirra veitinga, sem kallaðar eru „bitlingar“, en svo er ekki. Mjer finnst þeim farast eins og ungum syni ríkismanns; þegar þeir vóru búnir að veita stóru útgjöldin, þá áttu þeir svo sem 20 kr. eptir í buddunni, og hugsa nú: fyrst hitt sje farið, þá sje bezt að eyða þeim líka; þegar þm. sjá, að lítið er eptir, hugsast þeim að snara þessu litla út til Matthíasar Jochumsonar og Torfhildar Holm. Hefði ekki verið rjettara að spara þetta? Enda er það ekki þingsins að vera ritdómari. En þegar er um það að ræða að veita einum manni skáldlaun, er fleiri eru til, þá er það auðvitað, að hann verður að skara mikið fram úr. En jeg get ekki viðurkennt, að Matthíasi ólöstuðum, að hann hafi neitt sjerstakt fram yfir hina 2, sem hjer er farið fram á að veita skáldlaun. Annar þeirra, jeg þarf ekki að nefna hann, menn munu skilja hvern jeg meina, er lipurt og gott skáld og hefur það fram yfir Matthías, að hann vandar allt sjerlega vel, sem hann yrkir. En hvað því viðvíkur sem einnig er tilfært að fjárhagur Matthíasar sje mjög þröngur og hann sje ómagamaður, þá kann það að vera, en landssjóður er enginn fátækrasjóður og því verður ekki farið eptir því, heldur verðleikum, og það yfirgnæfandi verðleikum. Vér erum ekki fagurlistadómarar hjer á þingi, engin skáldskapar Areopagos, heldur erum vjer þingmenn, sem fyrir

hönd þjóðarinnar eigum að verja fjenu með greind, hyggju og sparsemi, en ekki útbýta því sem gjöfum til hinna og þessara.

Landshöfðingi: H. 1. þm. Ísf. (S. St.) gat þess viðvíkjandi 2. breyt. till. á þingskjali 517, að jeg hefði eigi eindregið lagt á móti henni, er hún kom fyrst fram í neðri deild. Jeg skal út af þessu taka það fram, að þegar skilyrðin fyrir útborg. un fjárveitingarinnar til strandferða vóru til umr. í neðri deild, þá litu þau eigi eins út og nú. Þá vóru þau eins löguð eða áþekk eins og fyrra skilyrðið 1 a—h og 2—6, og vjek jeg því orðum mínum að þeim, en þá lágu fyrir ýmsar breyt.till. og bjóst jeg eigi við, að sumar af þeim yrðu samþykktar. Hvað snertir niðurlagið á a. 1. b. í tölulið 2 á þingskj. 517, að póstskip fari um miðjan október frá Austurlandinu til Reykjavíkur, þá tók jeg fram við eina umr. í neðri deild, að jeg áliti þetta skilyrði mjög óaðgengilegt, og að það gæti orðið til þess, að ómögulegt væri að ná samningum um strandferðirnar. Þetta ákvæði var fellt úr, en er nú sett inn aptur. H. flutningsm. breytingartill. á þingskj. 517 (S. St.) tók það fram, að skilyrðin hefðu verið löguð eptir tillögum mínum, en það hefur að eins verið gjört í einu atriði og það er í tölul. 6. Viðvíkjandi þessum skilyrðum, sem komu fram í neðri deildinni, gat jeg þess þegar, að það gæti vel komið fyrir, að stjórnin gæti eigi náð þannig löguðum samningi um gufuskipsferðirnar hjer við land, þegar eigi mætti víkja frá einu einasta atriði í skilyrðunum. Jeg skal og geta þess, að mjer þykir skrítið, að hafa tvenn skilyrði alveg jafnhliða, eins og þinginu væri eigi ljóst, hvernig það vildi láta haga strandferðum, og jeg verð að líta svo á, að ef stjórnin getur fengið samning um annaðhvort „alternatívið“, þá þurfi hún alls ekki að reyna við hitt. En eins og jeg hef tekið fram, þá eru mörg af þessum skilyrðum svo óaðgengileg, einkum þegar fjárveitingin er ekki nema einar 21000 kr., að jeg er næsta vondaufur um, að stjórninni geti tekizt að ná samningi um hvort „alternatívið“ sem er, og þá er allt útlit fyrir, eins og jeg hef áður bent á í neðri deildinni, að ef þessi skilyrði verða samþykkt, komizt engar strandferðir á hjer við land næstu 2 ár. Þetta er það, sem mjer þykir athugavert við þessar breyt.till. í aðalefninu; en það er annað atriði, sem mjer finnst eigi síður athugavert, og það er formið. Jeg skal taka það fram, eins og h. þm. Borgf. (Gr. Th.) drap á, að það er nýstárleg aðferð, að setja heila ferðaáætlun eða heila reglugjörð inn í fjárlögin, og það á alls eigi við. Fjárlögin eru eigi annað, og eiga eigi að vera annað, en upptalning á þeim tekjum, sem ætlazt er til að renni í landssjóðinn á hlutaðeigandi fjárhagstímabili, og heimild eða leyfi til að ákveðnum upphæðum sje varið í því og því augnamiði. Framkvæmdarvaldinu er falið að verja þessum upphæðum eptir því, sem fjárveitingarvaldið ætlast til. Jeg álít að þessi fleygur, ef hann kemst inn í fjárlagafrv., sje slæmur galli á því og geti frá formlegri hlið orðið til þess, að fjárlögin nái eigi staðfestingu. En það er þó annað atriði, sem er verra. Sum skilyrðin í tölulið 1. eru eigi svo úr garði gjörð, að þau sjeu skiljanleg eins og þau standa þar. Þannig segir í 1. tölulið síðari kafla, sem byrjar með „eða svo“: í b, að póstferðirnar eigi að vera „sem mest samkvæmt áætlun á þingskjali 461“, og í c, að þær skuli vera „sem næst áætlun á þingskjali 462“. Jeg hef aldrei fyr sjeð í lögum, að sje vitnað til þingskjals, og þau þingskjöl, sem hjer er átt við, eru að eins fylgiskjöl með þingsályktun, sem aldrei hefur verið samþykkt. Þessi skjöl eru því hvorki „officiel“ skjöl nje „authentiskt“, og það er á móti öllum reglum og eigi formlegt, að þingið láti þetta frv. þannig frá sjer fara,

og getur vel orðið til þess að konungur eigi undirskrifi það. Það má að vísu nokkuð bæta úr þessu, með að samþykkja breyt. till. á þingskj. 520. Ef þær allar verða samþykktar, er þó eigi vonlaust um, að h. þing fái það, sem það æskir eptir samkvæmt fyrri skilyrðunum. Jeg skal að minnsta kosti gjöra mitt til að stjórnin setji þessi skilyrði upp, þegar hún semur um strandferðirnar. En ef skilyrðin verða sett hjer inn í fjárlögin óbreytt, þá fer líklega svo, að annaðhvort neyðist stjórnin til að neita staðfestingar á fjáriögunum sökum formleysis, eða engar strandferðir verða hjer við land næstu tvö ár.

Hvað snertir hinar aðrar breyt.till., sem hjer liggja fyrir, þá finn jeg mjer eigi skylt að tala frekar um þær. Jeg skal samt minnast á breyt.till. á þingskj. 518, sem fer fram á að 200 kr. af barnaskólastyrknum sje varið til barnaskólaeptirlits á Suðurlandi. Jeg ímynda mjer, að verði þetta samþykkt, þá sje það að eins til að rýra barnaskólastyrkinn. Til slíks eptirlits hlyti að ganga margfalt meir, ef það ætti að vera í nokkru lagi, og afleiðingin yrði sú, að þessar 200 kr. yrðu alls eigi notaðar eða að barnaskólastyrkurinn yrði færður niður um þessar 200 kr.

Breyt.till. á þingskj. 523 fer í sömu átt sem 4. liður á þingskj. 520, og kemur því í sama stað niður, hvor þessara breytinga er samþykkt. Hvort 3. tölul. stendur með þessari breyting eða fellur alveg í burtu, gjörir hvorki til nje frá, því það hefur ætíð viðgengizt hingað til, að minnsta kosti á síðari árum, að farþegjar á 2. farþegjarúmi hafa mátt hafa fæði með sjer.

Mig furðar á, að sjá breyt.till. á þingskjali 521; þar er farið fram á að fella burtu tölur, sem hafa verið samþykktar í báðum deildum, og jeg held, ef farið væri að strika þessa tölur út, þá mættu margar tölur í 13. gr. C. líka missa sig.

Lárus Halldórsson: Jeg ætlaði sjerstaklega að taka til máls út af breyt. till. á þingskj. 517, þótt jeg sje eigi flutningsmaður að þeim. Þær hafa sumar mætt hörðum dómi bæði hjá h. þm. Borgf. (Gr. Th) og h. ldsh., en jeg vil gjöra þá athugasemd við þennan harða dóm, að það þýðir ekkert að kveða upp harða dóma, ef eigi tekst að rökstyðja þá. Þeir tóku fram, að það væri óvanalegt að setja svona löng, föst og hörð skilyrði fyrir fjárveitingunni til strandferðanna, en jeg álít það varði minnstu, hvað er vanalegt og hvað óvanalegt, heldur er mest um vert, hvað er heppilegt. Neðri deild álítur nú einmitt svona ströng skilyrði heppileg, og það af eðlilegum orsökum. Aðalorsökin er sú, að neðri deild sjer eigi ástæðu til að fleygja þessu fje, þessum þúsundum, út lengur alveg skilyrðislaust. Þar sem um svo miklar fjárupphæðir er að ræða, þá er eigi undarlegt, þótt veitingin sje bundin einhverjum skilyrðum. Og það eru víða í þessum fjárlögum sett skilyrði, svo frá formlegri hlið er eigi fremur ástæða til að kvarta yfir þessu skilyrði en hinum; það skyldi þá vera af því, að þetta skilyrði kostaði meira pláss, kostaði meiri prentun, en slíkar ástæður verð jeg að kalla hjegómlegar ástæður.

H. þm. Borgf. líkti þinginu við bryta; já, ef það er bryti, þá er það eigi að eins rjett, heldur einnig skylda af þinginu, að binda fjárveitingu skilyrðum, sem eigi má víkja frá í neinu.

Í þessum skilyrðum, sem neðri deild vill setja viðvíkjandi tillögum á strandferðum póstgufuskipanna, eru 2 alternativ, sem hún lætur standa alveg jafnfætis; mjer þótti því undarlegt að heyra h. þm. Borgf. (Gr. Th.) koma með það, að skilyrðin a—g væri það sem flutningsmennirnir mundu sjerstaklega leggja áherzlu á; hitt mundi þeim vera ósárt um, því það stæði að eins til vara. Jeg veit h. þingm. er svo skarpskyggn, að hann skilur, hvað „annaðhvort — eða“ þýðir, að það sem er þannig samtengt stendur alveg jafnhliða,

þó að það standi eigi jafnhliða á pappírnum, þó að annað sje þar prentað ofar á blaði og hitt neðar, og jeg vona að h. flutningsm. haldi sjer að breyt.till. í heild sinni og fari eigi að taka þessa brey.till. h. þm. Borgf. (Gr. Th.) til nokkurra greina. Þetta var nú ein af aðalbreytingartillögum þingmannsins, en hann hefur einnig komið með breyt.till. við 1 a—g, þá að októberferð frá Austurlandinu til Reykjavíkur falli burtu, þessa breyt.till. get jeg alls eigi aðhyllzt; þessi ferð var sett hjer inn jafnhliða því að önnur ferð — janúarferð til Austurlandsins — var tekin út. Meining h. þm. Borgf. Gr. Th.) er auðsjáanlega sú, að láta allar strandferðirnar vera eins og þær hafa verið að undanförnu, og ef þessi till. hans um októberferðina er tekin til greina, þá verða sáralitlar breytingar á strandferðunum eptir þessum skilyrðum, að eins þær, að viðkomustöðum verður fjölgað lítið eitt. Jeg vil benda h. þm. Borgf. (Gr. Th.) á, þótt hann hljóti að vita það, þar sem hann er búsettur hjer á suðurlandi, að það er fjöldi af atvinnulitlum eða atvinnulausum fátæklingum, sem á hverju væri flytur til Austurlandsins, þegar enginn afli er hjer syðra, og jeg vona að h. þm. sjái, að nauðsyn ber til að þessir menn, sem fara austur í maí og júní, geti fengið skipsferð aptur suður að haustinu, það eru þessir mannflutningar, sem liggja til grundvallar fyrir að þessi októberferð hefur verið tekin upp.

H. þm. Borgf. (Gr. Th.) þótti matarskilyrðið ótilhlýðilegt; honum fannst þessi matur eigi bragðgóður; honum hefur sjálfsagt fundizt gómsætari fæðan á skipum gufuskipafjelagsins danska. Það hefur komið fram í ræðum andmælinga þessa máls, að það væri allt of þýðingarlítið til þess, að gjöra það að skilyrði, að menn væru ekki skyldaðir til að kaupa fæði á ferðum sínum kring um landið, að menn þyrfti eigi að borga annað en það, sem menn nytu, en jeg verð að álíta hið gagnstæða. Jeg álít það þvert á móti mjög þýðingarmikið spursmál, hvort við Íslendingar eigum að láta bjóða oss það, sem mjer vitanlega engri siðaðri eða menntaðri þjóð í heimi er boðið, að skylda menn — jeg vil segja neyða menn til, — að borga það, sem þeir aldrei hafa keypt; jeg álít það þýðingarmikið spursmál, hvort þingið eigi að „sanctionera“ þá aðferð, sem gengur út á það, að „trekkja“ menn þannig „upp“. H. þm. Borgf. (Gr. Th.) áleit það ekki viðeigandi, að þingið væri að setja þetta skilyrði; þetta yrði einungis að vera komið undir þeim samningi, er stjórnin gjörði við þá eða þann, er tæki að sjer ferðirnar; en hann verður að hafa það hugfast, að hjer eins og í öllu öðru er stjórnin ekki annað en umboðsvald þjóðarinnar, en það er landið eða landsmeun, sem hafa fullnaðarvald í þessu máli, og þingið hefur fullkomna heimild til að krefjast þeirra skilyrða, sem því líkar. Það er ekki af því, að þingið beri vantraust til stjórnarinnar, þó komið sje með þetta skilyrði, að hún muni ekki vilja gjöra það bezta í þessu atriði, heldur að eins til að sýna henni vilja þjóðarinnar.

Út af þeim ummælum h. þm. Ísf. (S. St.), að þessi breyt.till. væri að nokkru leyti sniðin eptir tillögum hæstv. landsh., minntist landsh. á, að októberferðin frá austurlandi hefði að vísu verið felld úr samkvæmt tillögum sínum, en nú væri búið að setja hana inn aptur. Það voru tvær ferðir, sem hæstv. landsh. hafði sjerstaklega á móti, janúarferðin og októberferðin, og þingdeildin felldi sem sagt niður októberferðina samkvæmt bendingu hans; en þegar menn fóru betur að hugsa sig um, sáu menn, að einmitt októberferðin að austan hefur miklu meiri þýðingu fyrir landsmenn, þó hún sje ef til vill óaðgengilegri fyrir gufuskipafjelagið, sem mjer finnst bæði hæstv. landsh. og ýmsir þingmenn, sjerstaklega í Ed., bera svo mjög fyrir brjósti, en mjer finnst ekki eiga svo mjög að ganga

út frá því, hvað sje aðgengilegra eða óaðgengilegra fyrir gufuskipafjelagið eða aðra þá, er ætla að halda uppi þessum ferðum, heldur beri þinginu einkum að hafa gagn þeirra fyrir augum, sem eiga að *nota ferðirnar*, nfl. hagsmuni Íslendinga sjálfra. Jeg get ekki sjeð, hvernig menn fara að halda því fram, að þetta sje yfir höfuð allsendis óaðgengilegt skilyrði, án þess að benda á nokkurt eitt einstakt atriði, sem sýni það, að skilyrðin sjeu óaðgengileg. Það klingir ávallt hjá andmælendum þessarar tillögu, að svona löguð skilyrði sjeu ómöguleg, og hæstv. landsh. sagði, að hann væri sannfærður um, að ómögulegt væri að fá samning um strandferðirnar, ef þær væru bundnar þessum skilyrðum, sem í engu einstöku atriði mætti víkja til, og jafnvel að stjórnin mundi ekki sjá sjer fært, að ráða hans hátign konunginum til að skrifa undir fjárlögin, ef í þeim væru þessi skilyrði fyrir fjárveitingunni til gufuskipafjelagsins. Jeg verð að játa það, að ef jeg ekki hefði heyrt það með mínum eigin eyrum, eins og þingmenn allir heyrðu talað af hæstv. landsh., þá hefði jeg álitið slík ummæli ómöguleg frá frá nokkrum þm., hvað þá heldur frá fulltrúa stjórnarinnar.

Það sem hæstv. landsh. hefur sjerstaklega þótt óheppilegt við þessi skilyrði, er, að gjört er ráð fyrir, að tilhögun strandferðanna geti verið með tvennu móti, og hann hefur jafnvel látið sjer um munn fara, að það geti orðið því til tálmunar, að konungur skrifi undir fjárlögin, þegar tekin væru fram 2 skilyrði fyrir því, að útborgun tillagsins mætti eiga sjer stað. *(Landsh.*: Ranghermt). Jeg skal játa, að þetta var sjerstaklega með tilliti til þess, að í síðara alternatívinu er vitnað í þingskjal 461 og 462, en hann sagði þó yfir höfuð að það væri mjög óheppilegt, að tvö „alternativ“ væru sett fram, og það sýndi, að hjer væri engin föst stefna hjá þinginu, og jafnvel ekki hægt að segja, hvað þingið sjálft vildi í þessu máli, en jeg verð að álíta, að þetta lýsi engu stefnuleysi hjá þinginu og að ekkert sje á móti því, þó þannig sje ákveðin tvö skilyrði; það er einmitt gjört til þess, að stjórnin hafi tvennt um að velja, en sje ekki við neitt bundin, og ef stjórnin álítur eigi liðina a—g heppilega fyrir landið, þá getur hún aðhyllzt a—c.

Jeg vil spyrja þá þingmenn, sem halda því fram, að vjer getum átt á hættu að verða alveg án strandferða, ef þessi skilyrði verða sett, hvað það er sjerstaklega, sem er svo óaðgengilegt, t. a. m. í síðari till.? Hvað er það, sem gjörir þessar 3 ferðir ómögulegar? Er það óaðgengilegt fyrir nokkra skipaútgjörðarmenn, þó að farið sje fram á þetta, þar sem gufuskipafjelagið danska fór þessar sömu ferðir kring um landið fyrir sömu fjárupphæð 9000 kr. árin 1888 og 1889? Og einmitt á þessum ferðum sínum hefur það grætt tiltölulega mest. Það sem ætti að gjöra þetta óaðgengilegra, yrði þá að vera það, að því er gjört að skyldu, að fara 6 ferðir austan og norðan um land frá Reykjavík til Borðeyrar, og 6 ferðir frá Reykjavík til Ísafjarðar, en ef maðar íhugar það, að hjer fyrir þinginu hefur legið tilboð frá manni, um að taka að sjer ferðirnar austan og norðan lands fyrir 10,000 kr., — þó að hann reyndar eigi hafi tiltekið að fara lengra en á Skagafjörð, þá má ganga út frá því sjálfsögðu, að hann mundi fara lengra, ef krafizt yrði, — þá get jeg ekki annað sjeð, en að sje þetta mögulegt fyrir þennan einstakling, þennan íslenzka borgara, að þá sje það alveg eins mögulegt fyrir hið ríka danska gufuskipafjelag. En að því er snertir ferðirnar frá Rvík til Ísafjarðar, þá fór hið danska gufuskipafjelag 3 ferðir þar á milli árin 1888 og 1889, og þó að því væri nú lagt á herðar, að fara einni ferðinni fleiri en þá,

þá sýnist mjer það svo sem engin frágangssök; mjer finnst ekki ástæða til að þjóð og þing fari með þetta gufuskipafjelag eins og hvítvoðung, en það finnst mjer vera gjört, ef það væri álitin frágangssök fyrir það, að skreppa einu sinni frá Rvík til Ísafj. fram yfir þær ferðir, sem það fór 1888 og 1889. *Orðið* ómögulegt í þessu sambandi sýnist mjer vera ómögulegt *orð;* að ekkert gufuskipafjelag geti gengið að svona löguðum samningi, það er það, sem mjer finnst ómögulega geta átt hjer við að segja; það eru ómöguleg ummæli hjer í þingsalnum, að það sje ómögulegt, að vegna þessa skilyrðis verði nokkrar strandferðir næsta ár.

Hæstv. landsh. gat þess, hvað formið snertir á þessari tillögu, að sjer þætti það óviðkunnanlegt, að hafa svona löng skilyrði fyrir fjárveitingunni í sjálfum fjárlögunum, sem ekki eigi að vera annað en upptalning þeirra fjárupphæða, sem þingið veiti, og sem stjórnin á að verja samkvæmt því sem sjeð verður að þingið hafi ætlazt til. En á hverju verður þetta betur sjeð en einmitt á því, að þingið setur einhver bein skilyrði fyrir fjárveitingum og tiltaki í þeim hvernig þeim skuli verja? En hvað lengdina snertir, þá er auðsætt, að úr því að skilyrði eru sett í fjárlög, og í þessum fjárlögum eru þau mörg, þá virðist erfitt að ákveða nákvæm takmörk fyrir lengd þeirra, og mjer virðist þar eins mega setja löng eins og stutt skilyrði, og munurinn á þessu skilyrði og öðrum í þessum sömu fjárlögum er ekki annar en sá, að þetta skilyrði er fáeinum línum lengra, kostar nokkuð meiri prentun og pappír. En hvar eru takmörkin fyrir því, hvað löng skilyrðin mega vera, til þess að það megi setja þau inn í fjárlögin? Jeg skal játa það, að jeg er enginn lögfræðingur, — sízt eins góður lögfræðingur og hæstv. landsh., sem alkunnur er að því að vera góður lagamaður, enda verð jeg að segja að geti hans hátign konungurinn ekki skrifað undir þessi fjárlög, þó í þeim sje vitnað í 2 þingskjöl í skilyrðunum fyrir strandferðatillaginu, að þá eigi jeg eptir að læra það, og sjálfsagt ýmislegt annað, sem hæstv. landsh. álítur ómögulegt fyrir hans hátign konunginn.

Hæstv. landsh. sagði, að þessi þingskjöl væru engin „officiel“ skjöl og hefðu aldrei verið samþykkt af þinginu; en jeg verð að svara því þar til, að þegar þingið samþykkir tilvitnun til þessara þingskjala, án nokkurra breytinga á þeim, þá samþykkir það *eo ipso* þingskjölin sjálf. — Ætli hæstv. landsh. hefði heldur viljað setja þessar ferðaáætlanir inn í fjárlögin í heilu líki? Þá held jeg nú að bæði honum og mörgum öðrum þm. hefði farið að þykja skilyrðið nokkuð langt.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál, með því það og hefur verið rætt svo ýtarlega áður hjer í þingsalnum. En áður en jeg sezt niður, verð jeg að taka það fram, að jeg skil ekki, hvað það er í þessu máli, sem veldur því, að h. þm. geta gjört það að svo miklu kappsmáli, án þess að benda á eitt einasta atriði, sem er ómögulegt í þessum skilyrðum fyrir strandferðatillaginu. Jeg get ekki skilið, hvað getur stuðlað til þess, að þetta er gjört að svona miklu kappsmáli, nema ef vera skyldi það, að þessi Norðmaður, Otto Wathne, sem þó er alíslenzkur borgari, eigi hjer hlut að máli, og að menn af þessari ástæðu vilji virða boð hans að vettugi. Það var tekið fram í þessu tilboði herra O. Wathne, sem jeg hygg að sje alveg rjett, að með því að hafa strandferðirnar sameinaðar við ferðirnar milli Íslands og útlanda, eða að sömu skipin færu bæði milli landa og kring um landið, gætu ferðirnar aldrei komið að fullkomnum notum, því með því getur skipið ekki komið við nema að eins á einstöku stöðum, og þannig verði ýmsir staðir sviptir þeim þægindum, sem

strandferðir hafa í för með sjer, og þeir menn, er þar búa, sviptir allri „communication“, sem þeir ekki gætu án verið, og sem þeir eiga rjett og heimting á að njóta. Það var þetta sama sem vakti fyrir fjárlaganefndinni, og þess vegna vildi hún upphaflega skilja í sundur ferðirnar milli útlanda og strandferðirnar. Henni fannst það hreinn og beinn óþarfi, að leggja mikið fje til þeirra ferða sem eru á milli útlanda og sem gjöra langt um meira en borga sig, en það eru strandferðirnar, sem eiga þeim mun erfiðara uppdráttar og því meiri uppbót þurfa, eins og það er samgönguleysið innanlands, sem sjerstaklega þarf að bæta og kippa í annað horf en verið hefur. Það er þetta, sem þessi síðari tilhögun á strandferðunum fer fram á, og jeg vona því að þingið lofi henni að standa. Jeg treysti því og vona, að í fyrsta sinni sem framboð kemur um þetta efni frá alinnlendum manni, gjöri þingið sig ekki sekt í því, að standa þar eins og Þrándur í Götu, standa í dyrunum og segja: „Gufuskipafjelagið danska höfum vjer haft og viljum hafa, oss þykir vænt um það, en með þig viljum við ekkert hafa“. — Jeg treysti því sem sagt, að þingið gangi ekki alveg fram hjá þessu tilboði, heldur lofi þessu „alternativi“ að standa. Sje stjórnin á sama máli og h. Ed. hefur verið í þessu, þá nær það ekki lengra, og hún tekur þá auðvitað fyrra „alternativið“, sem er sniðið eptir ferðum gufuskipafjelagsins yfirstandandi ár; og þá er auðsætt, að jafnvel frá því sjónarmiði er þetta „alternativ“ óskaðlegt. — Og að síðustu skal jeg taka fram, að ef O. Wathne treystir sjer til að halda uppi alinnlendum strandferðum, þá er undarlegt, ef gufuskipafjelagið danska getur það ekki einnig.

Páll Briem: Mestar umræður hjer á þingi í dag hafa orðið um skilyrðin fyrir útborgun peninga til gufuskipaferðanna, og það jafnvel komið fram, að vegna þeirra mundu engar strandferðir verða næsta fjárhagstímabil, og að vegna formsins, mundi konungur jafnvel ekki staðfesta fjárlögin. Einkum hefur þessu verið borið við gagnvart forminu á öðrum liðnum. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð neitt á móti forminu; hjer á þingi hafa áður verið sett skilyrði við ýmsar útborganir, og þó að þetta skilyrði sje hóti lengra, en fyrri skilyrði, þá sýnist mjer það ekki óaðgengilegt fyrir það. Þar sem er að ræða um seinni töluliðina a, b og c, þá þykir mjer undarlegt að menn skuli hafa á móti þeim. Það er þó ekki annað, en að með því eru opnaðir tveir vegir, og ef ekki gengur með þennan, þá er hinn fyrir. Hjer er farið fram á, eins og varð ofan á við 2. umr. í Nd., að veita 9000 kr. til strandferða frá útlöndum og frá Reykjavík vestur á Ísafjörð, og þetta getur þó ætíð fengizt, að jeg ímynda mjer, hvað svo sem verður um hitt, en svo eru þar að auki veittar 12000 kr. til strandferða kringum landið, sem er mikið nauðsynlegt að fá, til þess að bæta við hinar ferðirnar, sem eiga að fást fyrir 9000 kr. Eins er til ætlazt í þessum seinni liðum, svo að stjórninni eru að eins veittir fleiri vegir til að fara eptir, og jeg get eigi trúað því, að eigi fáist ferðir fyrir 21 þús., 9 þús., eða 9+12 þús. Það er auðvitað ekki liðlega orðað í seinni liðnum, en meiningin var, að hafa þar sömu meiningu með fjárveitingu til strandferðanna, eins og gekk fram við 2. umr. í Nd. Seinni liðurinn er heldur eigi heppilegur, þar sem miðað er við þingskjal, en þótt miðað sje við þingskjal, þá er það skjal prentað í alþingistíðindunum. Jeg sje því ekki að þessi tilvísun sje nein frágangssök; það er eins og á sjer stað í öðrum tilfellum, að vísað er í annað, t. a. m. lög. Alþingistíðindin eru bók, sem gefin er út á landsins kostnað, og aðgengileg fyrir alla, og því er ekki erfitt

að finna þingskjalið. Viðvíkjandi efni tillögunnar, held jeg að það hafi vaxið mótmælendunum of í augum, af því að þeir hafa ekki skoðað það nógu vandlega. Hjer er ekki miklu bætt við það, sem áður hefur verið, engu skipi þarf við að bæta, að eins er komustöðunum nokkuð fjölgað, og þó að októberferðinni austan um land til Reykjavíkur sje haldið, þá er þess að gæta, að janúarferðinni hefur verið sleppt. Þar sem þetta er að eins heimild, þá finnst mjer að h. þm., sem komið hafa með breyt.till. við þetta á þingskj. 520, ættu að taka hana aptur, því að þessi stafliður getur þó ekki skaðað. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því að jeg býst við, að umræðurnar verði nægilega langar.

Forseti óskaði, að þingmenn takmörkuðu sem mest ræður sínar, þar sem tíminn væri svo naumur.

Jens Pálsson: Jeg leyfi mjer að fara fám orðum um breyt.till. þá, sem hjer er frá mjer: þá tillögu, að varið sje allt að 200 kr. á ári til eptirlits með barnaskólum á Suðurlandi. Jeg bar svipaða breyt.-tillögu fram í h. Nd. og færði þar ástæður fyrir henni, og var hún þar samþykkt; en af því að jeg hef ekki átt kost á að færa þær fyrir h. Ed., skal jeg leyfa mjer að gjöra það stuttlega nú. Það er kunnugt, hvern áhuga þjóðin hefur á alþýðumenntuninni, en eitt aðalskilyrði fyrir að henni þoki drjúgum fram, er, að barnaskólarnir og sveitakennsla komist í sem bezt lag. Eitt mikilvægt skilyrði fyrir því, að barnaskólar komist í gott lag, er aptur það, að eptirlit sje haft með þeim af mönnum, sem hafa vit á skólamálum og áhuga á þeim. Jeg veit að víða er margt ófullkomið, sem að skólunum lýtur. Ef slíkur maður ferðaðist því um milli skólanna, þó ekki væri nema einu sinni á ári, og gæfi þeim bendingar um ýmislegt, sem betur mætti fara, þá er jeg viss um, að það gæti komið að miklu liði, og að þeim 200 kr., sem til þess gengju, mundi í sannleika engu ver varið en hverjum öðrum 200 kr., sem til skólanna eru lagðar. Vjer vitum, að eigi er samræmi milli skýrslnanna frá skólunum; að vísu veit jeg, að stiptsyfirvöldin rannsaka þær svo vel, sem þeim er auðið, og reyna að miða styrkveitingarnar til skólanna við þær, en það er ómögulegt fyrir þau, sem ekki eiga kost á að sjá skólana með eigin augum, að koma þar fullum jöfnuði á; öðru máli yrði að gegna, ef þau gætu haft umsjónarmanninn sjer til ráðaneytis. Jeg hef stungið upp á því, að eptirlitið með skólunum væri að eins á Suðurlandi, af því að þar eru skólar svo þjettir á nokkru svæði, að hægt er að koma þessu eptirliti við án mjög mikils kostnaðar. Mjer heyrðist hæstv. landsh. í sjálfu sjer ekki hafa á móti eptirlitinu, en að hann áliti að ekki mundi hægt að koma því við fyrir svo lítið fje, og að það yrði því í raun og veru ekki til annars en til að rýra tillagið til barnaskólanna. En jeg er ekki á sama máli; jeg held, að fyrir 200 kr. megi hafa töluvert eptirlit, að minnsta kosti í einni sýslu, og að þeim 200 kr. sje vel varið.

Mjer er þetta mikið áhugamál, því að jeg er sannfærður um, að eptirlitið hefur ákaflega mikla þýðing fyrir menntamálið, og að það mundi verða notadrýgra en sú „slöid"-kennsla við einn einstakan, afskekktan skóla, sem nú er verið að innleiða.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að koma með litla leiðrjettingu við ræðu h. þm. S.-Múl. (L. H.). Hann sagði, að bæði jeg og aðrir fleiri hefðu talað um, að ómögulegt væri að uppfylla skilyrði þau, sem sett væru fyrir strandferðunum; þetta er ekki rjett; það er sjálfsagt hægt með nógu mörgum skipum og nógu miklu fje, að fara allar þær póstferðir, sem nefndar eru í breytingartillögunum, en jeg hef einungis sagt, að ekki mundi vera hægt

að ná samningum, er uppfylltu skilyrðin, þegar að eins væri í boði 21,000 kr.

Jón A. Hjaltalín: H. þm. Ísf. (S. St.) var mjög annt um fyrsta tölul. í breyt.till. sínum, eins líka var von, því að jeg játa það, að ábyrgð á skipum er mjög áríðandi. En jeg hefði óskað, að málið hefði verið betur undirbúið, og jeg efast ekki um, að ef þeir Ísfirðingarnir hefðu leitað víðar fyrir sjer með að fá menn í ábyrgðarfjelagið, þá hefði málið mætt góðum undirtektum. En jeg veit ekki hvað vel það átti við, er h. þm. (S. St.) talaði um jafnrjetti milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins, því að jeg held h. þm. (S. St.) verði þó að játa, að aðalframleiðslumagn landsins er framleiðsla af landbúnaðinum, og ef h. þm. (S. St.) hefur lesið rækilega sögu síðustu alda, þá mun hann hafa sjeð, að allt annað en stórgagn hafi verið að sjávarútvegnum. Sjer ekki h. þm. (S. St.) og, að ef um jafnrjetti ætti að ræða, þá ættu Eyfirðingar, sem lengi hafa haldið uppi skipaábyrgð, eigi síður en Ísfirðingar að fá styrk handa sínu fjelagi eða heiðurslaun.

Að því er 4. tölul. snertir, sýnist mjer h. þm. (S. St.) taka það sárt, að prestur eða prestar fengju styrk; jeg skil þó ekki í því, að hann sje orðinn prestahatari. Öðru máli var að gegna fyrir h. þm. (S. St.), þegar um skáldalaun var að ræða. Við vitum, að þm. (S. St.) er sjálfur skáld, og höfum heyrt þess dýrðlegt dæmi hjer á þessu þingi, og ef jeg þekkti ekki h. þm. (S. St.) eins vel og jeg gjöri, og ef jeg væri ekki eins hjartanlega sannfærður og jeg er um, að hann sje óeigingjarn maður, þá hefði jeg haldið að hann væri að búa í haginn fyrir sig sem skáld. Að öðru leyti hafa tvö skáld gagn af þessari fjárveiting Ed., því að hinn presturinn er skáld líka. Auk þess veit jeg ekki til, að nein bæn hafi komið frá prestinum á Akureyri um skáldlaun, en hitt veit jeg, að á hjeraðsfundi Eyfirðinga kom bæn fram frá honum um sams konar styrk og Ed. vill veita honum. En það sem mjer einkum hefur gengið til að hafa á móti skáldlaununum, er, að mjer finnst við með því að veita þau komast út á hálan veg, því að ef einu skáldinu eru veitt þau, þá er ómögulegt að komast hjá að veita fleirum þau, þar á meðal þeim skáldum, sem jeg hef leyft mjer að bera upp. Bæði þau skáld hafa að áliti manna verið talin standa jafnfætis þessu skáldi. Og þegar um söng er að ræða, þá eru optar sungin kvæði eptir annað þeirra skálda, sem jeg hef borið fram. Hitt skáldið hefur auk þess, sem það hefur ort bæði gott og margt, ritað mikið í óbundnu máli, og lagt gjörva hönd á marga hluti. Jeg sje því ekki hvernig vjer getum staðið oss við að veita einu skáldinu skáldlaun, án þess að veita hinum það líka, enda hafa beinlínis komið bænir frá þeim til þingsins um þau. Þau hafa sjálfsagt ímyndað sjer, að nú væri runnin upp gullöld fyrir íslenzku skáldin.

Jeg vona, að ef breyt.till. á þingskj. 517 verður samþykkt, að þá verði viðaukatillaga mín það líka, eða að þær fari að öðrum kosti allar í sömu gröfina.

Grímur Thomsen: Jeg skal að eins minnast á það í ræðu h. þm. S.-Múl. (L. H.), að hann lagði áherzlu á, að hann vildi halda póstskipsferðinni frá Austfjörðum til Reykjavíkur í októbermánuði; færði hann þá ástæðu fyrir því, að það væri sú ferð, er kaupamenn af Suðurlandi, sem farið hefðu austur til að leita sjer atvinnu, notuðu til heimferðar. En við þetta er það aðgætandi, að einnig er gjört ráð fyrir, að skip fari frá Austfjörðum seint í september til Reykjavíkur og komi á leiðinni við fyrir innan Garðsskaga, ef veður leyfir, en ráðgjört er, að hin ferðin sje um miðjan október; það mun því á litlu standa fyrir hávaðann af kaupafólki, þó að það fari með septemberferðinni, þegar ekki

munar meiru á tímanum, og þó að h. þm. (L. H.) talaði um, að fleiri farmar af fólki hefðu flutzt austur, þá er ekki sagt, að ávallt færi jafnmargir og nú, og ekki svo hætt við, að ekki komist allir til baka með septemberferðinni, að fyrir þá sök sje nauðsynlegt að halda októberferðinni.

ATKV.GR.: Eptir skriflegri ósk 12 nafngreindra þm. var samþykkt að hætta umræðunum. Þá var gengið til atkvæða.

Breyt.till. við 10. gr. C. 4. g. (517) var samþ. með 22 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 15 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Benid. Kristjánsson.	Árni Jónsson,
Benid. Sveinsson,	Árni Thorsteinsson,
Grímur Thomsen,	Arnljótur Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	E. Th. Jónassen,
Indriði Einarsson,	Friðrik Stefánsson,
Jens Pálsson,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Jónsson þm. N.M.,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónsson þm. N.Þ.,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
J. Jónassen,	Ólafur Pálsson,
Lárus Halldórsson,	Páll Briem,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Þorvarðarson.
Páll Ólafsson,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Jensson,	
Skúli Thóroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þorlákur Guðmundsson,	
Þorvarður Kjerulf.	

Breyt.till. við 12. gr. C. a. 1. (520) felld með 22 : 8 atkv.

Breyt.till. við 12. gr. C. b. (520) felld með 22 : 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Árni Jónsson,	Arnljótur Ólafsson,
Árni Thorsteinsson,	E. Th. Jónassen,
Benid. Kristjánsson,	Friðrik Stefánsson,
Benidikt Sveinsson,	Indriði Einarsson,
Grímur Thomsen,	Jens Pálsson,
Gunnar Halldórsson,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónsson þm. N.M.,
J. Jónassen,	Jón Jónsson þm. N.Þ.,
Júlíus Havsteen,	Lárus Halldórsson,
L. E. Sveinbjörnsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Þórarinn Böðvarsson.	Páll Briem,
	Páll Ólafsson,
	Sighvatur Árnason,
	Sigurður Gunnarsson,
	Sigurður Jensson,
	Skúli Thoroddsen,
	Skúli Þorvarðarson,
	Sveinn Eiríksson,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorvarður Kjerulf.

Breyt.till. 3. við 12. gr. C. (520) felld með 21 : 4 atkv.

Breyt.till. 4. við 12. gr. C. (520) felld með 19 : 10 atkv.

Breyt.till. við 12. gr. C. a. 3. (523) samþ. með 22 : 11 atkv.

Breyt.till. við 12. gr. C. 6. felld með 22 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Árni Thorsteinsson,	Árni Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,	Benidikt Sveinsson,
Benid. Kristjánsson,	Gunnar Halldórsson,
E. Th. Jónassen,	Indriði Einarsson,
Friðrik Stefánsson,	Jens Pálsson,
Grímur Thomsen,	Jón A. Hjaltalín,
Jónas Jónassen,	Jón Jónsson þm. N.M.,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónsson þm. N.Þ.,
L. E. Sveinbjörnsson,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Pálsson,	Lárus Halldórsson,
Sigurður Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Þórarinn Böðvarsson.	Ólafur Ólafsson,
	Páll Briem,
	Páll Ólafsson,
	Sighvatur Árnason,
	Sigurður Jensson,

nei:
Skúli Thoroddsen,
Skúli Þorvarðarson,
Sveinn Eiríksson,
Þorl. Guðmundsson,
Þorvarður Kjerúlf.

Breyt.till. við 12. gr. C. a. (517) samþ. með 23 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm. sem áður, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Árni Thorsteinsson,
Þorleifur Jónsson,	Arnljótur Ólafsson,
Árni Jónsson,	E. Th. Jónassen,
Benid. Kristjánsson,	Friðrik Stefánsson,
Benidikt Sveinsson,	Grímur Thomsen,
Gunnar Halldórsson,	Jón A. Hjaltalín,
Indriði Einarsson,	Jónas Jónassen,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónsson, þm. N.M.	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Jónsson, þm. N.Þ.	Ólafur Pálsson,
Jón Þórarinnsson,	Skúli Þorvarðarson,
Lárus Halldórsson,	Þórarinn Böðvarsson.
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Páll Briem,	
Páll Ólafsson,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Jensson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Firíksson,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Breyt.till. við 12. gr. C. b.—f. (517) samþ. með 18 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm. sem áður, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Benid. Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Benidikt Sveinsson,	Árni Thorsteinsson,
Grímur Thomsen,	Arnljótur Ólafsson,
Gunnar Halldórsson,	E. Th. Jónassen,
Indriði Einarsson,	Friðrik Stefánsson,
Jens Pálsson,	J. A. Hjaltalín,
Jón Jónsson, N.M.	Jón Jónsson, þm. N.Þ.
Jón Þórarinnsson,	Júlíus Havsteen,
Jónas Jónassen,	L. E. Sveinbjörnsson,
Lárus Halldórsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Pálsson,
Sighvatur Árnason,	Páll Briem,
Sigurður Gunnarsson,	Páll Ólafsson,
Sigurður Jensson,	Skúli Þorvarðarson,
Skúli Thoroddsen,	Þórarinn Böðvarsson,
Sveinn Eiríksson,	Þorl. Guðmundsson.
Þorvarður Kjerúlf.	

Breyt.till. við 13. gr. A. b. 5. (517) samþ. með 24 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Árni Jónsson,	Arnljótur Ólafsson,
Árni Thorsteinsson,	Benid. Kristjánsson,
Benidikt Sveinsson,	E. Th. Jónassen,
Grímur Thomsen,	Friðrik Stefánsson,
Gunnar Halldórsson,	Jón A. Hjaltalín,
Indriði Einarsson,	Jónas Jónassen,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónsson, þm. N.M.	Sighvatur Árnason,
Jón Jónsson, þm. N.Þ.	Skúli Þorvarðarson,
Jón Þórarinsson,	Þórarinn Böðvarsson.
L. E. Sveinbjörnsson,	
Lárus Halldórsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Pálsson,	
Páll Briem,	
Páll Ólafsson,	
Sigurður Gunnarsson,	
Sigurður Jensson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Eiríksson,	
Þorl. Guðmundsson,	
Þorvarður Kjerúlf.	

Breyt.till. við 13. gr. B. VI. b. 1. (518) felld með 26 : 8 atkv.

1. breyt.till. við 13 .gr. C. 17 (521) felld með 22 : 9 atkv.

2. breyt.till. við 13. gr. C. 20 (520) felld með 18 : 17 atkv.

Breyt.till. við 13. gr. C. (517) felld með 19 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm. sem áður, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson,	Þorleifur Jónsson,
Arnljótur Ólafsson,	Árni Jónsson,
Benid. Kristjánsson,	Árni Thorsteinsson,
Benidikt Sveinsson,	E. Th. Jónassen,
Friðrik Stefánsson,	Grímur Thomsen,
Indriði Einarsson,	Gunnar Halldórsson,
Jens Pálsson,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Jónsson, þm. N.M.	Jón Jónsson, þm. N.Þ.
Jón Þórarinsson,	Júlíus Havsteen,
Jónas Jónassen,	L. E. Sveinbjörnsson,
Ólafur Briem,	Lárus Halldórsson,
Ólafur Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Sighvatur Árnason,	Páll Briem,
Sigurður Gunnarsson,	Páll Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Jensson,
Sveinn Eiríksson.	Skúli Þorvarðarson,
	Þórarinn Böðvarsson,
	Þorl. Guðmundsson,
	Þorvarður Kjerúlf.

Breyt.till. við 13. gr. C. (522) samþ. með 19 : 10 atkv.

1. viðaukatill. við 13. gr. C. (519) felld með 27 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín.	Sigurður Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Árni Jónsson,
	Árni Thorsteinsson,
	Arnljótur Ólafsson,
	Benid. Kristjánsson,
	Benidikt Sveinsson,
	E. Th. Jónassen,
	Friðrik Stefánsson,
	Grímur Thomsen,
	Gunnar Halldórsson,
	Indriði Einarsson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jónsson, þm. N.M.
	Jón Jónsson, þm. N.Þ.
	Jón Þórarinsson,
	Jónas Jónassen,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Páll Ólafsson,
	Sighvatur Árnason,
	Sigurður Jensson,
	Skúli Thoroddsen,
	Skúli Þorvarðarson.

Þessir greiddu eigi atkv., af ástæðum, er þingið tók gildar:

Lárus Halldórsson,	Þórarinn Böðvarsson,
Sigurður Gunnarsson,	Þorl. Guðmundsson,
Sveinn Eiríksson,	Þorvarður Kjerúlf.

Júlíus Havsteen var eigi viðstaddur.

2. viðaukatill. við 13. gr. C. (519) felld með 25 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk sömu 15 þm., og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Júlíus Havsteen.	Árni Jónsson,
	Árni Thorsteinsson,
	Arnljótur Ólafsson,
	Benid. Kristjánsson,
	Benidikt Sveinsson,
	E. Th. Jónassen,
	Friðrik Stefánsson,
	Grímur Thomsen,
	Gunnar Halldórsson,
	Indriði Einarsson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jónsson, þm. N.M.
	Jón Þórarinsson,
	Jónas Jónassen,
	L. E. Sveinbjörnsson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Pálsson,
	Páll Briem,
	Páll Ólafsson,
	Sighvatur Árnason,
	Sigurður Jensson,
	Skúli Thoroddsen,
	Skúli Þorvarðarson.

Þessir greiddu eigi atkv., af ástæðum, er þingið tók gildar:
Sigurður Stefánsson, Sveinn Eiríksson, Jón Jónsson, þm. N.Þ. Þórarinn Böðvarsson, Lárus Halldórsson, Þorl. Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson. Þorvarður Kjerúlf.

Frv. með áorðnum breytingum var síðan samþykkt með 33:1 atkv. og eptir það afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860 (C. 520, 523, 524); ein umr.

Júlíus Havsteen: Jeg skal með sem fæstum orðum gjöra grein fyrir breyt.till. minni á þingskj. 510. Hún miðar til þess, að færa frv. í samt lag, eptir því sem það var samþykkt í Ed., og gengur frv. það ekki út á annað, en nema úr gildi þetta opna brjef 26. sept. 1860, þannig að vjer hefðum nú sama ástand, eins og var hjer á landi frá 1855 og til 1860, þá er þetta opna brjef var útgefið. Þegar mál þetta kom fyrst frá efri deild til neðri deildar, gjörði hún viðauka við það, sem jeg get alls ekki fellt mig við, enda var hann felldur burtu, þegar málið kom aptur til efri deildar. Svo setti neðri deild aptur þennan viðauka inn, eins og sjest á þingskjali 505; hefur hann eflaust verið sprottinn af einhverjum bindindistilfinningum, enda virðist nafn þess manns, sem mest barðist fyrir honum, benda til þess. Jeg verð nú að segja, að mjer finnst alls ekki eiga við að setja bindindisreglur í lög, sem alþingi samþykkir, og þessi stefna hefur heldur ekki gjört neitt gagn að því er mjer er kunnugt. Jeg skal taka til dæmis lögin um vínsölu, þar sem mönnum er bannað að kaupa minna en 3 pela í einu, sem menn skyldu halda að mundi fremur verða til þess að efla drykkjuskap heldur en bindindi. Jeg er að vísu ekki svo kunnugur á Englandi, sem margir aðrir h. þm., en jeg veit þó, að þrátt fyrir hina ströngu helgi hvíldardaganna þar, er drykkjuskapurinn víst engu minni en hjer, heldur meiri. Jeg hygg því, að það væri ekki til mikilla bóta, þótt þessi viðauki frv. hjeldist. Jeg vil spyrja: Er þessi viðauki nauðsynlegur helginnar vegna? Það get jeg ekki sjeð. Þegar á annað borð er búið að gefa mönnum frelsi í öðrum greinum, t. d. leyfi til að vinna eptir miðaptan á helgidögum, þá er einnig eðlilegt og samkvæmt, að gefa frelsi í þessu. En sú eiginlega og verulega ástæða fyrir viðaukanum á víst að vera sú, að það geti leitt til slarks og óreglu, einkum á veitingahúsum í kaupstöðum, ef vínsala er leyfð á helgikvöldum, en sú ástæða finnst mjer ekki fullnægjandi, því að lögreglunni ber að skerast í leikinn, ef mikill skarkali er gjörður og óregla, hvort heldur á strætum úti eða á veitingastöðum. Reyndar veit jeg, að lögreglustjórar eiga opt erfitt með að stilla til friðar, en þeir geta þá kvatt menn sjer til fylgis. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona að breyt.till. mín verði samþykkt, og jeg skal lýsa því yfir, að jeg vil heldur að frv. sje fellt algjörlega og málefnið látið bíða næsta þings, en að það sje samþykkt í því formi, sem Nd. vill.

Indriði Einarsson: Jeg vil fyrst leyfa mjer að vekja athygli h. þm. á breyt.till. á þingskj. 513, sem fer fram á að fella burtu orðið „og“, er mest hneykslaði menn við umræðurnar í Nd. síðast. Þá vil jeg minnast lítið eitt á breyt.till. h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) á þingskj. 510, sem leggur til að fella burtu síðari málsgrein frv.: „Þó skal og bannað að selja áfenga drykki, hvort heldur á veitingastöðum eða í verzlunarbúðum, frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum“. H. 1. kgk. þm. (Júl. H.) sagði í ræðu sinni, að hann vildi innleiða ástandið, sem var hjer á landi frá því helgidagalöggjöfin 31. marz 1855 var gefin út, og þangað til þetta opna brjef 26.

sept. 1860 kom, en þetta ástand gátu landsmenn einmitt ekki þolað og kvörtuðu undan því. Hann minntist einnig á, að það ætti ekki við að setja bindindisreglur í lög, en jeg er ekki samdóma honum í því, þetta er ekki að eins venja í öðrum löndum, heldur eru beinlínis gefin út regluleg bindindislög. Í Ameríku hafa t. d. mörg ríki lagt með lögum algjört bann á innflutning, tilbúning og sölu áfengra drykkja og í Englandi hafa komið fram sterkar hreyfingar í þá átt, að innleiða lög um, að hver sveit geti bannað tilbúning áfengra drykkja og vínfangasölu, og þar hafa margir merkir menn verið því hlynntir, þar á meðal Gladstone sjálfur, sem er komiun á þessa skoðun síðari ár æfi sinnar. Jeg held, að það sje því ekkert óviðurkvæmilegt eða neitt lagahneyksli, þótt vjer viljum láta banna vínveitingar á helgum dögum. Hjer er heldur ekki farið fram á að innleiða neitt nýtt, því að þetta er gamalt bann, sem vjer viljum ekki afnema, af því að vjer erum sannfærðir um, að það miði til að auka reglusemi og hóf í nautn áfengra drykkja, þar sem hitt yrði vafalaust til að auka drykkjuskap til muna, ef það yrði fellt burtu og vínsala á sunnudögum þar með leyfð. Jeg get ekki trúað því, að nokkur þingmaður vilji styðja að því, er eflir drykkjuskap og óreglu, eins og sjerhver, sem hefur opin augun, getur sjeð, ef þessum viðauka um vínsölubann á helgum dögum verður sleppt aptan af frv. Þareð tíminn leyfir ekki langar umræður í þessu máli, skal jeg að eins láta mjer nægja, að lýsa því yfir, að verði breyt.till. h. 1. kgk. þm. (Júl. H.) samþykkt, mun jeg greiða atkv. móti frv., en annars með því.

Júlíus Havsteen: Það eru að eins tvær stuttar athugasemdir, sem jeg vil leyfa mjer að gjöra við ræðu h. þm. Vestm. (Indr. E.). Hann talaði um, að ástandið fyrir 1860 hefði verið svo illt, hvað drykkjuskap snerti, að landsmenn hefðu ekki getað þolað það. Jeg held, að hann sje þessu ekki vel kunnugur, eða að minnsta kosti ekki kunnugri en jeg, sem er eldri maður en hann, og man þó ekki eptir, að ástandið væri þá neitt ískyggilegt. *(Indriði Einarsson:* Það komu bænarskrár úr ýmsum sýslum um að herða á helgidagalöggjöfinni 1855 í þessu efni). Í öðru lagi skal jeg geta þess, að jeg hef ekki átt við bindindislög, eða lög um bindindi út af fyrir sig, sem mjer annars þykir lítið til koma, en jeg vil ekki láta setja þessa bindindisfleyga inn í lög, sem ekki eiga neitt skylt við bindindi.

Þórarinn Böðvarsson: Eins og menn vita, lagði stjórnin fyrir alþingi frv., sem fór fram á allmikla breytingu á helgidagalöggjöfinni 1855, en það var fellt í Nd., og svo hefur þetta frv. komið fram. Mjer þykir sannarlega illa farið, ef endirinn á þessu verður sá, að klippt sje af helgideginum frá miðaptni, og þá leyft að selja vínföng. Auðvitað þyrfti helgidagalöggjöfin frá 1855 umbóta við, og vona jeg að þingmenn beri giptu til að koma henni í betra horf síðar meir. Það sem mjer einkum þykir að helgidagalöggjöfinni, er það, hvað hún er óákveðin og óljós. Jeg væri ekki á móti því, að helgin væri stytt, ef þá væri strangt helgihald meiri hluta helgidagsins, eða ströng ákvæði um það. Mjer finnst þetta frv. um að stytta helgidaginn mjög óheppilegt í sambandi við þá helgidagalöggjöf sem nú er, og vil láta þau lög, sem nú gilda, haldast óbreytt, þar eð engin bót er ráðin á þeim með afnámi þessa opna brjefs 26. sept. 1860. Jeg vildi því helzt, að þetta væri látið bíða til næsta þings, svo að menn geti þangað til hugsað sig um, hvernig hentast væri að laga helgidagalöggjöf vora yfir höfuð. Það sem mjer þykir helzt athugavert í því að samþykkja þetta frv., er það, að samkvæmt lögunum nú er varla nokkur hluti sunnu-

dagsins helgur haldinn að öllum jafnaði, enda þótt lögin fyrirskipi, að hann skuli allur helgur haldinn. Jeg væri því fús á að samþykkja lög í þá átt að herða á eptirlitinu um helgihald sunnudagsins, því að á því væri meiri þörf, heldur en að skerða helgi hans enn meir, með því að klippa svona aptan af honum, eins og þetta frv. fer fram á, því að það getur aldrei orðið til bóta, heldur þvert á móti til þess, að jafnvel fyrri hluti dagsins verði einnig skoðaður sem rúmhelgur dagur, en svo langt hefur það þó aldrei gengið hingað til. Jeg er ekki mótfallinn því, að leyft sje með lögum að brúka síðari hluta helgidagsins til vinnu, þegar þörf ber til, en jeg vil alls ekki láta lögheimila vínsölu, og þess vegna gef jeg frv. ekki atkvæði mitt, ef breyt.till. 1. kgk. þm. (Júl. H.) á þingskj. 510 verður samþykkt.

ATKV.GR.: Breyt.till. 510 felld með 19:12 atkv.; breyt.till. 513 samþ. með 23 atkv. Frv. þannig breytt *fellt* með með 16:14 atkv.

Þá var frestað fundi til kl. $3^3/_4$.

Að þeim fresti liðnum var aptur skotið á fundi. Skýrði forseti þá frá störfum þingsins og úrslitum málanna.

Að því búnu stóð *landshöfðingi* upp, og mælti, að með því, að hinn lögboðni þingtími væri liðinn og enn fremur tími sá, er hann hefði lengt þingtímann um að þar til fenginni heimild, þá lýsti hann því yfir, að alþingi væri slitið

Stóð þá upp 2. þm. Eyf., *Ben. Sveinsson*, og mælti: „Lengi lifi konungur vor, Christian hinn níundi“, og tóku allir þm. undir það í einn hljóði.

Þá var gengið af þingi.